

JÓN M. ÍVARSSON



# VORMENN ÍSLANDS

SAGA UMFÍ Í 100 ÁR





**VORMENN ÍSLANDS**  
**SAGA UMFÍ Í 100 ÁR**





JÓN M. ÍVARSSON

**VORMENN ÍSLANDS  
SAGA UMFÍ Í 100 ÁR**

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2007

VORMENN ÍSLANDS  
SAGA UMFÍ Í 100 ÁR

© Jón M. Ívarsson 2007

Útgefandi: Ungmennafélag Íslands  
Ritnefnd: Björn B. Jónsson, Anna R. Möller og Sæmundur Runólfsson  
Prófarkalestur: Mörður Árnason og Jón M. Ívarsson  
Myndaval og myndatextar: Jón M. Ívarsson  
Heimildaskrá: Björk Þorleifsdóttir  
Nafnaskrá: Jón M. Ívarsson  
Umbrot og prentun: Prentmet ehf.

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	5
Formáli .....	7
Heiðursáskriftir.....	9
<b>1. HLUTI. SAGA UMFÍ Í 100 ÁR .....</b>	<b>19</b>
1. kafli 1907-1938 Upphafid.....	21
2. kafli 1938-1969 Í hægum byr .....	99
3. kafli 1969-1979 Vængjum þöndum .....	157
4. kafli 1979-1993 Nýbreytni í nútíma .....	221
5. kafli 1993-2007 Á framtíðarvegi .....	273
Fjöldi ungmennafélaga .....	313
Stjórnir UMFÍ 1907-2007.....	315
Framkvæmdastjórnir UMFÍ 1973-2007.....	323
Þing og þingstaðir UMFÍ 1907-2005.....	324
Sambandsráðsfundir UMFÍ 1944-2006 .....	325
Heiðursmenn UMFÍ .....	326
<b>2. HLUTI. LANDSMÓT UMFÍ .....</b>	<b>333</b>
1. landsmót UMFÍ á Akureyri 17. júní 1909 .....	335
2. landsmót UMFÍ í Reykjavík 17.-25. júní 1911.....	341
3. landsmót UMFÍ í Reykjavík 17.-24. júlí 1914 .....	350
4. landsmót UMFÍ í Haukadal 22.-23. júní 1940.....	358
5. landsmót UMFÍ á Hvanneyri 26.-27. júní 1943.....	368
6. landsmót UMFÍ á Laugum 6.-7. júlí 1946 .....	375
7. landsmót UMFÍ í Hveragerði 2.-3. júlí 1949 .....	383
8. landsmót UMFÍ á Eiðum 5.-6. júlí 1952 .....	390
9. landsmót UMFÍ á Akureyri 2.-3. júlí 1955 .....	397
10. landsmót UMFÍ á Þingvöllum 29.-30. júní 1957.....	406
11. landsmót UMFÍ á Laugum 1.-2. júlí 1961 .....	414
12. landsmót UMFÍ á Laugarvatni 3.-4. júlí 1965.....	423
13. landsmót UMFÍ á Eiðum 13.-14. júlí 1968 .....	435
14. landsmót UMFÍ á Sauðárkróki 10.-11. júlí 1971 .....	444
15. landsmót UMFÍ á Akranesi 11.-13. júlí 1975 .....	455
16. landsmót UMFÍ á Selfossi 21.-23. júlí 1978 .....	465

17. landsmót UMFÍ á Akureyri 10.-12. júlí 1981 .....	475
18. landsmót UMFÍ í Keflavík og Njarðvík 13.-15. júlí 1984.....	484
19. landsmót UMFÍ á Húsavík 10.-12. júlí 1987 .....	493
20. landsmót UMFÍ í Mosfellsbæ 12.-15. júlí 1990 .....	504
21. landsmót UMFÍ á Laugarvatni 14.-17. júlí 1994.....	518
22. landsmót UMFÍ í Borgarnesi 3.-6. júlí 1997 .....	530
23. landsmót UMFÍ á Egilsstöðum 12.-15. júlí 2001 .....	542
24. landsmót UMFÍ á Sauðárkróki 8.-11. júlí 2004.....	554
25. landsmót UMFÍ í Kópavogi 5.-8. júlí 2007 .....	567
Skammstafanir sambandsaðila UMFÍ.....	582
Landsmót UMFÍ í tölum .....	583
Landsmótsmet í frjálssíþróttum .....	583
Landsmótsmet í sundi .....	584
<b>3. HLUTI. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ .....</b>	<b>585</b>
1. unglíngalandsmót UMFÍ á Dalvík 10.-12. júlí 1992 .....	587
2. unglíngalandsmót UMFÍ á Blönduósi 14.-16. júlí 1995.....	592
3. unglíngalandsmót UMFÍ í Grafarvogi 3.-5. júlí 1998 .....	597
4. unglíngalandsmót UMFÍ í Vesturbyggð og á Tálknafirði 4.-6. ágúst 2000.....	601
5. unglíngalandsmót UMFÍ í Stykkishólmi 2.-4 ágúst 2002 .....	606
6. unglíngalandsmót UMFÍ á Ísafirði 1.-3. ágúst 2003.....	611
7. unglíngalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki 30. júlí-1. ágúst 2004 .....	616
8. unglíngalandsmót UMFÍ í Vík 29.-31. júlí 2005 .....	620
9. unglíngalandsmót UMFÍ á Laugum 4.-6. ágúst 2006.....	625
10. unglíngalandsmót UMFÍ á Höfn 3.-5. ágúst 2007.....	630
<b>4. HLUTI. ÞRÁSTASKÓGUR .....</b>	<b>637</b>
Tilvísanir .....	663
Heimildaskrá .....	685
Nafnaskrá .....	693

# Formáli



*Jón M. Ívarsson.*

Það var vorið 2006 að stjórn UMFÍ færði í tal við undirritaðan að rita aldarlanga sögu samtakanna. Skilyrði var að bókin kæmi út í tæka tíð fyrir ársþing UMFÍ í október 2007. Tíminn til stefnu var satt að segja býsna skammur til að segja þessa miklu sögu svo vel væri og hlýtur hún að bera þess merki. Hér var þó annaðhvort að hrökkva eða stökkva og þar sem efnið er mér hugleikið eftir mikla söfnun heimilda á þessum vettvangi varð það úr að ég lét slag standa. Þar sem ég var bundinn öðrum verkefnum þá stundina gat sögu-ritunin ekki hafist fyrr en í júlí 2006. Mér til aðstoðar var ritnefnd skipuð þeim Birni Jónssyni, Sæmundi Runólfssyni og Önnu R. Möller og eru þeim færðar þakkir fyrir gott samstarf.

Það er deginum ljósara að hér verður aðeins drepíð á örlítið brot af þeirri miklu sögu sem ungmennafélagin hafa skapað í 100 ár. Alltaf má deila um efnistöð og mörgum finnst áreiðanlega eitthvað vanta eða þá ofsagt. En saga Ungmennafélags Íslands er meira en saga samtakanna sjálfra og þeirrar starfsemi sem þau hafa staðið fyrir. Hér verður reynt að segja einnig brot af sögu hreyfingarinnar í heild sinni en sú frásögn takmarkast nokkuð af þeirri staðreynd að stór hluti hennar stóð utan landssamtakanna í fjóra áratugi. Það er þó víst að fáir þekkja til hlítar hina miklu félags sögu ungmennafélaganna. Þegar rýnt er í brota-kenndar skýrslur félaga og sambanda koma í ljós ótrúlega víðtækar og fjölbreyttar félagslegar áherslur.

Stundum hlýtur tilviljun að ráða hvaða heimildir verða fyrir valinu til úrvinnslu. Fyrir hverja litla sögu eða athugasemd sem birtist í bókinni

liggja hundruð eða þúsundir slíkra óbættar hjágarði. Mér er ljóst að í fórum félaganna og í skjalasöfnum víða um land eru miklar heimildir sem ég hef ekki átt þess kost að kynna mér en hefðu átt fullt erindi í bókina. Þá verður stundum að hafa það sem hendi er næst og hugsa ekki um það sem ekki fæst. Það hefur stundum verið fangaráð mitt að setja á blöðin tilvitnanir um bæði það algenga sem telja má dæmigert og það sértæka sem vekur athygli og vonast eftir að þessi blanda þyki hæfileg. Ég hef reynt að segja söguna eins hún kom fyrir og draga ekkert undan hvorki það sem miður tókst eða það sem betur fór. Lesendur verða svo að dæma hvernig til hefur tekist.

Ákveðið var að skipta sögunni í nokkra afmarkaða hluta. Meginhlutinn er saga UMFÍ með innskotsköflum um helstu forystumenn. Henni er skipt í nokkur tímabil og innan hvers þeirra er sögd saga þeirrar starfsemi sem hæst bar á hverjum tíma. Stundum teygir sagan sig út fyrir fyrirfram gefin ártöl tímabilanna sem eru fremur viðmiðun en óhagganleg tímamörk. Til að bregða frekara ljósi á starfsemi UMFÍ er lítillaga minnst á verkefni ungmennafélaganna og héraðssambandanna sem að því standa. Hið fjölbreytta efni er stundum nokkuð brotakennt og því var það ráð tekið að setja örstutt yfirlit um þróun ungmennafélagshreyfingarinnar í lok hvers tímabils til að greina betur þá meginstrauma sem leikið hafa um hana. Þá eru sérstakir kaflar um stærstu verkefni ungmennafélaganna, landsmótin, unglíngalandsmótin og Þrastaskóg.

Ákveðið var að fjalla ýtarlega um landsmótin óháð þeirri staðreynd að fyrir nokkrum árum kom



út bók um sögu þeirra fram til þess tíma. Sú bók var höfundur ágætur leiðarvísir en hér sem annars staðar var fyrst og fremst leitað til frumheimilda.

Við samningu bókarinnar hefur verið stuðst við skjalasafn UMFÍ. Mikið af bréfum og skjölum frá fyrri árum samtakanna er glatað, til dæmis flestar fundargerðir fyrstu 30 árin. Sömu sögu er að segja um skýrslur félaganna til UMFÍ, sáralítið af þeim er varðveitt fyrr en árið 1937 en allar eftir það. Tvær fyrri ævisögur UMFÍ, Minningarritið frá 1938 og Ræktun lýðs og lands frá 1983, hafa verið upplýsingabrunnur en merkasta heimildin um sögu UMFÍ er *Skinfaxi*. Þar er að finna heimildir um vöxt og viðgang hreyfingarinnar, upplýsingar um einstök atvik og framkvæmdir félaganna og þar fengust margar tilvitnanir til að líta frásögnina. Dagblöð og tímarit, skýrslur og söguágrip héraðssambanda og ungmennafélaga ásamt byggðasögum hafa veitt ýmsan fróðleik og þegar nær dró í tíma gerðu munnlegar frásagnir félagsmanna sitt til að þétta frásögnina. Framan af þeirri aldarsögu sem hér um ræðir var stundum úr litlu að móða en þegar líða tók á tímabilið var fremur um að ræða ofgnótt heimilda.

Myndir í ritið hef ég sjálfur valið og eru þær flestar úr myndasafni UMFÍ. Upplýsingar um myndasmiði voru sjaldan fyrir hendi og því var ákveðið að hafa ekki myndaskrá í ritinu. Að lokum þakka ég þeim sem sýndu velvild og veittu upplýsingar sem hjálpuðu til við ritun sögunnar. Ef nefna ætti alla sem vert væri yrði það langur listi sem verður ekki birtur en aðstoð og þekking Helga Gunnarssonar, féлага míns hjá UMFÍ, var þó ómetanleg. Hann las yfir alla kafla jafnóðum og sparaði hvergi gagnrýni og góðar ábendingar. Þeir sem létu í sér heyra og kváðust bíða eftir að lesa söguna þegar hún kæmi út hafa verið sú hvatning sem höfundur þurfti til að sitja við skjáinn langa vinnudaga vetrar- og sumarlangt.

Þessa bók vil ég að lokum tileinka ungmennafélögum allra tíma, hinum sönnu Vormönnum Íslands og bið þá að njóta vel.

Á haustmánuði 2007.

*Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli*

# Heiðursáskriftir



**Keflavík íþrótt- og ungmennafélag**  
Bókasafn Reykjanesbæjar  
Fjölbrautaskóli Suðurnesja  
Nesprýði ehf  
Reykjanesbær  
Sparisjóðurinn í Keflavík

Bjarney Sigríður Snævarsdóttir  
Einar Haraldsson  
Gunnar Valdimarsson  
Kári Gunnlaugsson  
Sigurbjörn Gunnarsson



**Ungmennafélag Njarðvíkur**  
Reykjanesbær  
Bókasafn Reykjanesbæjar  
Fjölbrautaskóli Suðurnesja



**Ungmennafélag Grindavíkur**  
Bókasafn Grindavíkur  
Gjögur hf  
Hjólbarðaverkstæði Grindavíkur  
Þorbjörn hf

Gunnlaugur Jón Hreinsson



**Ungmennafélagið Þróttur**



*Unf.*  
**Vesturhlíð**

**Ungmennafélagið Vesturhlíð**  
GAP sf, skrudgarðyrkja  
Suðurtún ehf

Atli Pálmason  
Ársæll Þórðarson  
Ásgeir Baldurs  
Eðvarð Hallgrímsson  
Egill Heiðar Gíslason  
Einar K. Jónsson  
Eiríkur S. Tryggvason  
Eyjólfur Árni Rafnsson  
Finnur Ingólfsson  
Gísli Pálmason  
Guðmundur Gíslason  
Hafsteinn Guðjónsson  
Halldór Ásgrímsson  
Halldór Svanbergsson  
Hrólfur Ölvisson  
Hörður S. Óskarsson  
Ingólfur A. Steindórsson  
Jón M. Ívarsson  
Kristján Sveinbjörnsson  
Leifur Aðalsteinsson  
Óskar Magnússon  
Óskar Áskell Sigurðsson

Páll Aðalsteinsson  
Pétur Björnsson  
Pétur Snæbjörnsson  
Runólfur Þór Runólfsson  
Sigurður Skarphéðinsson  
Skúli Oddsson  
Valdimar Sveinsson  
Þorsteinn Berg  
Þórólfur Þórlindsson



**Ungmennafélagið Víkverji**  
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf



**Ungmennafélagið Fjölirnir Grafarvogi**  
Mirage slf

Ingólfur Narfason  
Jón Þorbjörnsson  
Snorri Hjaltason



**Ungmennafélag Kjalnesinga**  
Gunnar Sveinsson



**Ungmennasamband Kjalarnesþings**

Dansfélagið Hvönn  
Dansíþróttafélag Kópavogs  
Golfklúbbur Álftaness  
Golfklúbbur Bakkakots  
Golfklúbburinn Kjölur  
Golfklúbburinn Nesklúbburinn  
Golfklúbburinn Oddur  
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Handknattleiksfélag Kópavogs  
Hestaíþróttafélagið Hörður  
Hestamannafélagið Andvari  
Hestamannafélagið Gustur  
Hestamannafélagið Sóti  
Hjólreiðafélagið Hjólamenn  
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi  
Íþróttafélagið Gáski  
Íþróttafélagið Gerpla  
Íþróttafélagið Glóð  
Íþróttafélagið Gróttá  
Keilufélagið Keila  
Knattspyrnufélagið Augnablik  
Knattspyrnufélagið Hvíti riddarinn  
Siglingafélagið Ýmir  
Skotfélag Kópavogs  
Skylmingafélag Seltjarnarness  
Tennisfélag Kópavogs  
Ungmennafélag Álftaness  
Ungmennafélagið Breiðablik  
Ungmennafélagið Stjarnan  
Ungmennafélagið Afturelding  
Vélhjólafélagið Motomos

Almenna lögfræðistofan sf  
Bókasafn Hafnarfjarðar  
Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf  
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ  
Glerborg hf  
J.B. Byggingafélag ehf  
Klæðning ehf  
Kópavogsbær  
Mosfellsbær  
Namo ehf  
Sendibílastöð Kópavogs ehf  
Teknís ehf

Albert H.N. Valdimarsson  
Anna R. Möller  
Arnþór Sigurðsson  
Ásgerður Halldórsdóttir  
Birgir Ari Hilmarsson  
Einar Jóhannsson  
Gunnar Snorrason  
Guðmundur Oddsson  
Hafsteinn Pálsson  
Hannes Jónsson  
Hraunar Danielsson  
Ingvi Guðmundsson  
Jón Ingi Ragnarsson  
Jón M. Guðmundsson

Júlíus Arnarson  
Kristján Sveinbjörnsson  
Lárus Blöndal  
Logi Kristjánsson  
Magnús Jakobsson  
Margrét Björnsdóttir  
Ólína Sveinsdóttir  
Páll Aðalsteinsson  
Ragnheiður Ester Jónsdóttir  
Sigurður Skarphéðinsson  
Snorri Olsen  
Svanur M. Gestsson  
Sævar Kristjánsson  
Valdimar Leó Friðriksson  
Þórður Steingrímur Guðmundsson



#### **Ungmennafélagið Skipaskagi**

Bókasafn Akraness  
Landsbanki Íslands, Akranesi  
Runólfur Hallfredsson ehf  
Sementverksmiðjan hf

Anna Bjarnadóttir  
Brimrún Vilbergsdóttir  
Magnús Þór Hafsteinsson  
Sturlaugur Sturlaugsson



#### **Ungmennasamband Borgarfjarðar**

Ungmennafélagið Dagrenning  
Ungmennafélagið Skallagrímur

Bókasafn Reykdæla  
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf  
Loftorka Borgarnesi ehf  
PJ byggingar ehf

Ásdís Helga Bjarnadóttir  
Guðmundur Arason  
Guðmundur Sigurðsson

Jón Björnsson  
Jón G. Guðbjörnsson  
Kristófer Þorgeirsson  
Ólafur Jóhannesson  
Rósa Marinósóttir  
Valgeir Ingólfsson  
Valgerður Björnsdóttir  
Þórvör Embla Guðmundsdóttir



#### **Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu**

Golfklúbburinn Jökull  
Golfklúbburinn Mostri  
Golfklúbbur Staðarsveitar  
Golfklúbburinn Vestarr  
Hestamannafélagið Snæfellingur  
Íþróttafélag Miklaholtshrepps  
Skotfélag Grundarfjarðar  
Ungmennafélagið Eldborg  
Ungmennafélag Grundarfjarðar  
Ungmennafélagið Reynir  
Ungmennafélagið Snæfell  
Ungmennafélag Staðarsveitar  
Ungmennafélagið Víkingur

Ferðaþjónustan Áningin Kverná  
Fjölbautaskóli Snæfellinga  
Grundarfjarðarbær  
Snæfellsbær  
Stykkishólmsbær  
Tindur ehf

Alda Pálsdóttir  
Garðar Svansson  
Gretar Daníel Pálsson  
Guðrún Gunnarsdóttir  
Hermundur Pálsson  
Kristín Halla Haraldsdóttir  
Kristján Þórðarson  
Magnús Alexandersdóttir  
Margrét Þórðardóttir  
María Alma Valdimarsdóttir  
Stefán Jóhann Sigurðsson  
Sturla Böðvarsson  
Vigfús Örn Gíslason



**Ungmennasamband Dalamanna og  
Norður-Breiðfirðinga**  
Héraðsbókasafn Dalasýslu

Einar Jón Geirsson  
Jóhann Eysteinn Pálmason



**Héraðssambandið Hrafna-Flóki**  
Golfklúbbur Bíldudals  
Golfklúbbur Patreksfjarðar  
Íþróttafélag Bíldalinga  
Íþróttafélagið Hörður  
Ungmennafélag Barðastrandar  
Ungmennafélag Tálknafjarðar

Miðvík ehf  
Oddi hf  
Söluturninn Albína  
Vesturbyggð  
Þórberg ehf

Björg Sæmundsdóttir  
Guðmundur Ingþór Guðjónsson  
Heiðar Ingi Jóhannsson  
Sveinn Jóhann Þórðarson



**Héraðssamband Bolungarvíkur**  
Golfklúbbur Bolungarvíkur  
Ungmennafélag Bolungarvíkur

Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf  
Sparisjóður Bolungarvíkur

Baldur Smári Einarsson



**Héraðssamband Vestfirðinga**  
Íþróttafélagið Höfrungur  
Íþróttafélagið Stefnir  
Ungmennafélagið Geisli

Bolungarvíkurkaupstaður  
Ferðaþjónustan í Heydal  
Grunnskólinn Suðureyri  
Löggiltir endurskoðendur Vestfjarða  
Súðavíkurhreppur  
Sytra ehf  
Vestfirskir verktakar ehf  
Ævintýradalurinn ehf

Egill Heiðar Gíslason  
Hermann Nielsson  
Sigmundur F. Þórðarson



**Héraðssamband Strandamanna**  
Golfklúbbur Hólmavíkur  
Skíðafélag Strandamanna  
Sundfélagið Grettir Hólmavík  
Ungmennafélagið Geislinn  
Ungmennafélagið Harpa  
Ungmennafélagið Hvöt  
Ungmennafélagið Leifur heppni  
Ungmennafélagið Neisti

Matthías Sævar Lýðsson  
Vignir Örn Pálsson



**Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga**  
Hestamannafélagið Þytur  
Sundfélagið Húnar  
Ungmennafélagið Dagsbrún  
Ungmennafélagið Grettir



Ungmennafélagið Kormákur  
Ungmennafélagið Víðir

Forsvar ehf  
Sparisjóður Húnaþings og Stranda  
Staðarskáli ehf



### Ungmennasamband Austur-Húnavetninga

Golfklúbburinn Ós  
Golfklúbbur Skagstrandar  
Hestamannafélagið Neisti  
Skotfélagið Markviss  
Ungmennafélag Bólstaðahlíðarhrepps  
Ungmennafélagið Fram  
Ungmennafélagið Geislar  
Ungmennafélagið Hvöt  
Ungmennafélagið Vorboðinn

Björgvin Jónsson  
Elfa ehf

Lárus Björgvin Jónsson  
Valdimar Jón Guðmannsson



### Ungmennasamband Skagafjarðar

Ungmennafélagið Tindastóll  
Akrahreppur  
Byggðastofnun  
Efnalaug Sauðárkróks  
Egilssíld ehf  
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra  
Hólaskóli, Háskólinn á Hólum  
Kaupfélag Skagfirðinga  
Sveitarfélagið Skagafjörður  
Tannlæknastofa Guðjóns S. Valgeirssonar ehf  
Tannlæknastofa Páls Ragnarssonar ehf  
Varmahlíðarskóli, bókasafn

Guðmundur Óli Pétursson  
Guðrún Kristín Kristófersdóttir  
Gunnar Sigurðsson

Haraldur Þ. Jóhannsson  
Hjalti Þórðarson  
Ómar Bragi Stefánsson  
Páll Ragnarsson  
Stefán Pedersen



### Ungmennafélagið Glói

Fjallabyggð  
Ásta Katrín Helgadóttir



### Ungmenna- og íþróttasamband Ólafsfjarðar

Fjallabyggð



### Ungmennasamband Eyjafjarðar

Golfklúbburinn Hamar  
Hestamannafélagið Funi  
Hestamannafélagið Hringur  
Hestamannafélagið Þráinn  
Skíðafélag Dalvíkur  
Sundfélagið Rán  
Ungmennafélagið Reynir  
Ungmennafélagið Smárinn  
Ungmennafélagið Samherjar  
Ungmennafélag Svarfdæla  
Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður  
Ungmennafélagið Æskan

Eyjafjarðarsveit  
Grófargil ehf  
Grunnskóli Dalvíkurbyggðar  
Hörgárbyggð  
Peka ehf  
Tréverk ehf, Dalvík  
Tikk Takk

Aðalsteinn Bernharðsson  
Árni Arnsteinsson  
Birgir Marinósson  
Gestur Hauksson  
Hildur Aðalsteinsdóttir  
Hringur Hreinsson  
Ingibjörg Jónsdóttir  
Jóhann Ólafsson  
Svanhildur Hauksdóttir  
Sveinn Jónsson  
Valgerður Sverrisdóttir  
Vilhjálmur Björnsson  
Þorsteinn Marinósson



**Ungmennafélag Akureyrar**  
Íþróttafélagið EIK

Allinn  
Gistiheimili Akureyrar ehf  
Glerárskóli  
Hótel Akureyri  
Líkamsræktin Bjarg ehf  
Kragi ehf  
Raftákn ehf  
Virgni ehf  
Verkfræðistofan Suðurnesja hf

Birgitta Guðjónsdóttir  
Gísli Arnór Pálsson  
Haukur Þorsteinsson  
Haukur F. Valtýsson  
Sigurður Magnússon



**Héraðssamband Suður-Þingeyinga**

Golfklúbbur Húsavíkur  
Golfklúbburinn Hvammur  
Golfklúbbur Mývatnssveitar  
Hestamannafélagið Grani  
Hestamannafélagið Þjálfí  
Íþróttafélag Laugaskóla  
Íþróttafélagið Magni  
Íþróttafélagið Völsungur

Mývetningur íþrótta- og ungmennafélag  
Skákfélagið Goðinn  
Skotfélag Húsavíkur  
Ungmennafélagið Bjarmi  
Ungmennafélagið Efling  
Ungmennafélagið Einingin  
Ungmennafélagið Gaman og Alvara  
Ungmennafélagið Geisli  
Ungmennafélagið Reykhverfingur  
Ungmennafélag Tjörnesinga

Bílaleiga Húsavíkur  
Bókasafnið á Húsavík  
Framhaldsskólinn á Húsavík  
Framhaldsskólinn á Laugum  
Knarrareyri ehf  
Lindi ehf  
Prentstofan Örk ehf  
Sparisjóður Suður-Þingeyinga  
Þingeyjarsveit

Arnaldur Mar Bjarnason  
Arnór Benónýsson  
Kristján Guðmundsson  
Kristján E. Yngvason  
Margrét Jónsdóttir  
Þormóður Ásvaldsson



**Ungmennasamband Norður Þingeyinga**  
Þingeyjarsveit

Ísmar - Radíómiðun hf  
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis

Steingrímur J. Sigfússon



**Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands**

Boltafélag Norðfjarðar  
Golfklúbbur Djúpavogs  
Golfklúbbur Eskifjarðar  
Golfklúbbur Fjarðabyggðar

Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs  
Golfklúbbur Norðfjarðar  
Golfklúbbur Seyðisfjarðar  
Hestamannafélagið Blær  
Hestamannafélagið Freyfaxi  
Íþróttadeild SKAUST  
Íþróttafélagið Huginn  
Íþróttafélagið Höttur  
Íþróttafélagið Viljinn  
Íþróttafélagið Þróttur  
Íþróttafélagið Örvar  
Íþróttafélag Menntaskólans Egilsstöðum  
Júðofélagið Kjarni  
Samvirkjafélag Eiðapinghár  
Siglingaklúbburinn Aldan  
Skotíþróttafélagið Dreki  
Ungmennafélagið Austri  
Ungmennafélagið Ásinn  
Ungmennafélag Borgarfjarðar  
Ungmennafélagið Egill rauði  
Ungmennafélag Eiðaskóla  
Ungmennafélagið Einherji  
Ungmennafélagið Fram  
Ungmennafélagið Hrafnkell Freysgoði  
Ungmennafélagið Huginn  
Ungmennafélagið Leiknir  
Ungmennafélagið Neisti  
Ungmennafélagið Súlan  
Ungmennafélagið Valur  
Ungmennafélagið Þristur  
Ungmenna- og íþróttafélag Bakkafjarðar  
Vélahjólaiþróttaklúbburinn í Fjarðabyggð

Bókasafn Breiðdalshrepps  
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Breiðdalsvíkurhöfn  
Egilsstaðaskóli  
Fjarðabyggð  
Fljótsdalshérað  
Grunnskóli Reyðarfjarðar  
Gullberg hf, útgerð  
Héraðs- og Austurlandsskógar  
Hraðbúð ESSO  
Kaupfélag Héraðsbúa  
Menntaskólinn á Egilsstöðum  
Sparisjóður Norðfjarðar  
Verkmenntaskóli Austurlands

Benedikt Jóhannsson  
Björg S. Blöndal  
Björn Ármann Ólafsson  
Guðmundur Hallgrímsson  
Helga Ruth Alfreðsdóttir  
Jóhann Tryggvason  
Magnús Stefánsson  
Sigurjón Bjarnason



**Ungmennasambandið Úlfjótur**  
Golfklúbbur Hornafjarðar  
Hestamannafélagið Hornfirðingur  
Skotfélag A-Skaftafellssýslu  
Ungmennafélagið Máni  
Ungmennafélagið Sindri  
Ungmennafélagið Valur  
Ungmennafélagið Vísir  
Ungmennafélagið Öreafa

Sveitarfélagið Hornafjörður

Ragnhildur Einarsdóttir



**Ungmennasamband Vestur Skaftafellssýslu**  
Búval ehf  
Ferðaþjónustan Efri-Vík ehf  
Mýrdalshreppur  
Spennubreytar

Finnur Ingólfsson  
Guðni Einarsson  
Guðný Sigurðardóttir  
Helgi Gunnarsson  
Páll Tómasson  
Sveinn Þorsteinsson  
Sæmundur Runólfsson



### Héraðssambandið Skarphéðinn

Golfklúbbur Ásatúns  
Golfklúbburinn Dalbúi  
Golfklúbburinn Flúðir  
Golfklúbburinn Geysir  
Golfklúbbur Hellu  
Golfklúbbur Hveragerðis  
Golfklúbbur Kiðjabergs  
Golfklúbbur Selfoss  
Golfklúbburinn Úthlíð  
Golfklúbbur Þorlákshafnar  
Golfklúbburinn Þverá  
Golfklúbbur Öndverðarness  
Hestamannafélagið Geysir  
Hestamannafélagið Háfeti  
Hestamannafélagið Ljúfur  
Hestamannafélagið Logi  
Hestamannafélagið Sleipnir  
Hestamannafélagið Smári  
Hestamannafélagið Trausti  
Hnefaleikafélag Suðurlands  
Íþróttafélagið Dímon  
Íþróttafélag FSU  
Íþróttafélagið Garpur  
Íþróttafélagið Gnýr  
Íþróttafélagið Hamar  
Íþróttafélagið Mímir  
Íþróttafélagið Suðri  
Knattspyrnufélag Árborgar  
Knattspyrnufélag Rangæinga  
Knattspyrnufélagið Ægir  
Skotíþróttafélag Suðurlands  
Skólafélag ÍKHÍ  
Ungmennafélag Ásahrepps  
Ungmennafélagið Baldur Hvolsvelli  
Ungmennafélag Biskupstungna  
Ungmennafélagið Dagsbrún  
Ungmennafélagið Eyfellingur  
Ungmennafélag Eyrarbakka  
Ungmennafélagið Framtíðin  
Ungmennafélag Gnúpverja  
Ungmennafélagið Hekla  
Ungmennafélagið Hvöt  
Ungmennafélagið Ingólfur

Ungmennafélag Laugdæla  
Ungmennafélagið Merkihvoll  
Ungmennafélagið Njáll  
Ungmennafélagið Samhygð  
Ungmennafélag Selfoss  
Ungmennafélag Skeiðamanna  
Ungmennafélag Stokkseyrar  
Ungmennafélagið Trausti  
Ungmennafélagið Vaka  
Ungmennafélagið Þór  
Ungmennafélagið Þórsmörk  
Ungmennafélag Hrunamanna

Aðalendurskoðun sf  
Aðalsalan - reikningsskil og ráðgjöf  
Björn Ó. Björgvinsson  
Búaðföng  
Búnaðarfélag Grafningshrepps  
Bæjarbókasafn Ölfuss  
Dvalarheimilið Ás  
Fjölbrautarskóli Suðurlands  
Framsóknarfélag Árnessýslu  
Grunnskólinn Þorlákshöfn  
Héraðsbókasafn Rangæinga  
Hótel Geysir ehf  
Hrunamannahreppur  
Jón Guðmundsson  
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps  
Kvenfélag Hrunamannahrepps  
Lífeyrissjóður Rangæinga  
Lína matvælavinnsla ehf, Línusamlökur  
Menntaskólinn að Laugarvatni  
Rangárþing eystra  
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða  
Set ehf, plaströverksmiðja  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Sport-Tæki ehf  
Suðurlandsskógar  
Sveitarfélagið Árborg  
Sveitarfélagið Ölfus  
Tölvutak ehf  
Uppúrtekt ehf

Albert Halldórsson  
Atli Ísaksson  
Ásmundur Ólafsson  
Ásta Kristinsdóttir  
Björn Ingi Gíslason  
Björn Harðarson  
Björn Bjarndal Jónsson  
Bolli Gunnarsson

Böðvar Pálsson  
Brynja Friða Garðarsdóttir  
Daniel Magnússon  
Drífa Hjartardóttir  
Eggert Haukdal  
Egill Hallgrímsson  
Einar Gestsson  
Einar G. Magnússon  
Einar Friðrik Sigurðsson  
Elín Sigríður Ragnarsdóttir  
Elsa Jónsdóttir  
Engilbert Olgeirsson  
Erna Marlin  
Ester Markúsdóttir  
Gísli Magnússon  
Gísli Grétar Magnússon  
Gísli Páll Pálsson  
Guðbjörg Þ. Gestsdóttir  
Guðjón Jónsson  
Guðjón Vigfússon  
Guðborg Aðalsteinsdóttir  
Guðmundur Sæmundsson  
Guðni Ágústsson  
Guðrún Tryggvadóttir  
Gunnar Þórðarson  
Halla Kjartansdóttir  
Halldór Sigurðsson  
Halldóra Kristín Gunnarsdóttir  
Haraldur Júlíusson  
Helga Guðrún Guðjónsdóttir  
Helga Gústavsdóttir  
Helga Jónsdóttir  
Herbert Gränz  
Herdís Jónsdóttir  
Hrafnhildur Guðmundsdóttir  
Hrafnhildur Sveinsdóttir  
Inga Jóna Einarsdóttir  
Ingibjörg Marmundsdóttir  
Ingibjörg Hrefna Guðmundsdóttir  
Ingrid Lovísa Schiöth Brandt  
Jóhann Haukur Björnsson  
Jóhann Norðfjörð  
Jóhanna Margrét Hjartardóttir  
Jóhanna Friða Róbertsdóttir  
Jóhannes Sigmundsson  
Jón Eiríksson  
Jón Jónsson  
Jón H. Sigurðsson  
Jóna Sigurlásdóttir  
Karl Gunnlaugsson  
Kári Jónsson

Kjartan Grétar Magnússon  
Kjartan Lárusson  
Kristinn Guðnason  
Kristján Mikkelsen  
Lóa Jónsdóttir  
Lísa Thomsen  
Lára Ólafsdóttir  
Ólafur Ólafsson  
Óskar Pálsson  
Páll Jónsson  
Páll Sigurjónsson  
Ragnheiður Jónsdóttir  
Sigurgeir Líndal Ingólfsson  
Sigríður Erlendsdóttir  
Sigrún Guðný Arndal  
Sigurbjörg Emilsdóttir  
Skúli Gunnlaugsson  
Svanhvít Kjartansdóttir  
Svanur Ingvarsson  
Sveinbjörn Guðlaugsson  
Sædís Jónsdóttir  
Trausti Hjálmarsson  
Unnur Stefánsdóttir  
Þorgeir Vigfússon  
Þorsteinn Magnússon  
Þorvaldur Snorrason  
Þór Ólafur H. Ólafsson  
Þórður Sigurðsson  
Þórir Haraldsson  
Þórunn Drífa Oddsdóttir  
Þráinn Hafsteinsson  
Örn Guðnason



**Ungmennafélagið Óðinn**  
Íþróttafélagið Framherjar

Sparisjóður Vestmannaeyja



**Aðrir velunnarar UMFÍ**  
Íþróttabandalag Akraness  
Arkþing ehf  
Árdegi hf




Bakkavör Group hf  
Bandalag háskólamanna  
Bílhúsið ehf  
Bókasafn Hafnarfjarðar  
Byggingarfélagið Baula ehf  
Edduhótelin  
Endurvinnslan hf  
Ferskvinnslan ehf  
Félag iðn- og tæknigreina  
Félag pípulagningameistara  
Fjölbrautaskólinn við Ármúla  
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti  
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ  
Flugleiðahótel hf  
Fulltingi ehf  
Gissur og Pálmi ehf, byggingarfélag  
Gæðabakstur ehf  
Hafnarfjarðarkaupstaður  
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð  
Hvellur - G. Tómasson ehf  
Höfði fasteignamiðlun ehf  
Iðntré ehf  
Innheimtustofnun sveitarfélaga  
Íslandspóstur hf  
Ís-spor ehf  
Kemis ehf  
Kennarasamband Íslands  
Kentucky Fried Chicken ehf  
Kjara ehf  
Knarrareyri ehf  
KPMG hf  
Landgræðsla ríkisins  
Landsbanki Íslands hf, höfuðstöðvar  
Lerki ehf  
Lýsing hf  
Löndun ehf  
Menntaskólinn við Sund  
nb.is - Sparisjóður hf  
Nýsir hf  
Orkuveita Reykjavíkur  
Ósal ehf

Pricewaterhouse Coopers hf  
Reynir bakari ehf  
Sjómannaþingsráð Reykjavíkur/Hafnarfjarðar  
Skólavefurinn ehf  
SORPA bs  
T.ark Teiknistofan ehf  
Tölvu- og tækniþjónustan ehf  
Verzlunarskóli Íslands  
Vífelfell hf  
Víkuros ehf, bílamálun og réttingar  
XCO ehf

Anna Margrét Jóhannesdóttir  
Ásgeir G. Jóhannesson  
Gunnar Páll Jóakimsson  
Ólafur Rafnsson  
Páll Lýðsson  
Reynir G. Karlsson  
Snorri Þorvaldsson



**Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands**  
Badmintonsamband Íslands  
Blaksamband Íslands  
Danssamband Íslands  
Frjálsíþróttasamband Íslands  
Glímusamband Íslands  
Handknattleikssamband Íslands  
Keilusamband Íslands  
Knattspyrnusamband Íslands  
Körfuknattleikssamband Íslands  
Landssamband hestamannafélaga  
Mótorhjóla- og snjósleðasamband Íslands  
Skíðasamband Íslands  
Skotíþróttasamband Íslands  
Sundsamband Íslands  
Taekwondósamband Íslands



# 1. HLUTI

*Saga UMFÍ í 100 ár*

*Konungsgliman á Þingvöllum 1907 vakti athygli alþjóðar.*

# 1. kafli

## 1907-1938

### Upphafið

#### Sumardagur á Þingvöllum 1907

Það var mikið um að vera á Þingvöllum við Öxará, hinum fornhelga samkomustað íslensku þjóðarinnar, föstudaginn 2. ágúst 1907. Mikill mannfjöldi var saman kominn til að halda þjóðhátíð, aðra í röðinni frá því þjóðhátíðin mikla fór þar fram árið 1874. Mörg stórmenni voru saman komin og hæst bar að þarna var mættur konungur Íslands og Danmerkur með friðu föruneysi til að heiðra þegna sína. Íslenskir ráðamenn fjölmenntu á staðinn og fréttablöð þess tíma sögðu vandlega frá hverju fótspori þeirra og konungsins og síðar voru gefnar út bækur til minja um þessa heimsókn. Á staðnum voru meira en sex þúsund manns komnir víða að af landinu og einnig frá útlöndum.

Þennan dag sýndu átta glímukappar konungi íþrótt sína á völlum og glímdu af frækleik. Glíman vakti mikla athygli enda hafði einn keppandinn, Jóhannes Jósefsson frá Akureyri, strengt þess heit að sigra í glímunni eða heita minni maður ella. Enginn landsleikur nútímans í knattspyrnu hefur vakið viðlíka athygli og konungsglíman 1907 og ekki var rætt um annað meira meðal þjóðarinnar mánuðum saman en hvort sunnlenskum glímuköppum tækist að lækka rostann í þessum loftmikla Norðlendingi. Jóhannesi tókst ekki að sigra, hann hlaut tvær byltur í keppninni og varð í þriðja sæti. Hann vann þó meira afrek síðar um daginn, þegar hann stóð ásamt fimm öðrum ungum mönnum að stofnun heildarsamtaka ungmennafélaga á Íslandi og var kjörinn formaður þeirra. Þessi samtök hlutu nafnið Ungmennafélag Íslands og hafa allar götur síðan verið merkisberi ungmennafélagshreyfingarinnar.

Á þennan atburð var lítið minnst í blöðunum enda snerist allt um þá fyrimenn sem þarna voru. Enginn vissi hvers var að vænta af þessum svo-

kölluðu ungmennafélögum. Nú, heilli öld síðar, eru gleymdar allar hátíðaræður, húrrahróp og hyllingar til hefðarmanna þessa tíma en allir þekkja félagasamtökin sem litu dagsins ljós á fámennum fundi þennan sumardag. Þau hafa eflst og dafnað og náð fótfestu hvarvetna um byggðir landsins. Stofnun UMFÍ reyndist vera merkasta framlag þessarar samkomu til þjóðarinnar þótt fæsta hafi grunað það í upphafi.

#### Félagslíf ungs fólks um aldamótin 1900

Félög unga fólksins fyrir daga ungmennafélags-hreyfingarinnar voru fábrotin ef þau voru þá fyrir hendi. Þau félög sem helst var að finna á landsbyggðinni voru búnaðarfélög og lestrarfélög sem voru allmörg. Lestrarfélögin voru til dæmis 112 talsins árið 1904 samkvæmt skýrslu sem Guðmundur Finnbogason, síðar landsbókavörður, tók saman fyrir stjórnvöld.<sup>1</sup> Þau voru þó fremur einskonar almenningsbókasöfn en eiginlegur vettvangur fyrir ungt fólk og búnaðarfélög voru eðlilega fyrst og fremst skipuð bændum. Þá var einnig í sveitunum að finna nokkur málfundafélög, kvenfélög og bindindisfélög en góðtemplarastúkur störfuðu einkum í bæjum og þorpum. Íþróttafélög voru fáséð og sérstök félög ungs fólks mátti telja á fingrum annarrar handar.

Í hinu fróðlega *Félagatali* sem Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi tók saman að beiðni UMFÍ á 90 ára afmæli samtakanna eru talin nokkur félög sem Þorsteinn kallar undanfara ungmennafélaganna. Flest eru stofnuð á fyrstu árum 20. aldar en þau elstu eiga rætur á miðri 19. öld. Þessi félög kenndu sig meðal annars við framfarir, bindindi, málfundi, glímu og fimleika og voru með einum



*Jóhannes Jósefsson hafði heitstrengt að sigra í konungsglímunni en varð í þriðja sæti. Jóhannes er lengst til vinstri, í miðrið Guðmundur Stefánsson sem varð annar og lengst til hægri sigurvegarinn, Hallgrímur Benediktsson, með birki-grein sem átti að tákna lárviðarsveig.*

eða öðrum hætti forverar ungmennafélaga að mati höfundar eða var hreinlega breytt í ungmennafélög þegar fram liðu stundir. Þar sem hvorki er að finna tilvísanir né heimildir í hinu ágæta riti Þorsteins er óhægt um vik að staðreyna þessar upplýsingar. Hitt er þó ljóst að um aldamótin 1900 voru til fjögur félög á landinu sem urðu undanfarar ungmennafélaga. Stærri var hópurinn ekki.<sup>2</sup>

Við upphaf 20. aldar var vakning í íslensku þjóðlífi. Sjálfstæðisbaráttan gegn dönskum yfirráðum var í algleymingi og ungt fólk var að vakna til vitundar um mátt sinn og megin. Hin fátæka íslenska þjóð hafði löngum talið möguleika sína litla en nú virtist vera að rofa til. Þjóðin fékk heimastjórn 1904 og þá voguðu margir sér að trúa því að Íslendingar gætu gert hlutina sjálfir en þyrftu ekki erlenda aðstoð við hvaðeina.

Fram að þessu hafði hlutskipti unga fólksins í

sveitum landsins verið það helst að vera vinnufólk foreldra sinna eða annarra langt fram á fullorðinsár og strita langan vinnudag í von um að komast svo í álnir að hægt væri að hefja búskap á einhverju kotinu. Nú var þessi framtíðarsýn að breytast. Ungu fólkið þráði félagsskap sem gat veitt því háleitari hugsjón en þá sem var bundin hinu daglega starfi. Þá komu ungmennafélögin til sögunnar eins og vorregn á skrælnaða jörð. Ungu fólkið tók þeim fagnandi og leiddi þau til öndvegis um landið allt.

## **Stofnun Ungmennafélags Akureyrar 1906**

Þá vikur sögunni norður á Akureyri. Sumarið 1905 hittust þar á förunum vegi tveir ungir menn, vinirnir Þórhallur Björnsson, síðar prentari, og Jóhannes Jósefsson glímukappi, síðar fjölleika-



## Garpurinn Jóhannes Jósefsson

Öllum ber saman um að fyrsti formaður UMFÍ, Jóhannes Jósefsson, hafi verið einn helsti frumkvöðull ungmennafélagshreyfingarinnar á Íslandi. En hver var þessi maður sem fór svo geyst fram að boðaföllin lægði ekki þó áratugir liðu?

Jóhannes Jósefsson (1883-1968) fæddist og ólst upp á Akureyri og varð snemma kappgjarn og hneigður til íþróttta. Hann var lágvaxinn, samanrekinn, fimur, snar og liðugur og hreint afrendur að afli. Skapharður og einbeittur með keppnissskap svo mikið að nægt hefði þremur vöskum mönnum. Með þetta veganesti hóf hann glímuefingar á Akureyri og varð fljótlega frægasti íþróttamaður landsins.

Jóhannes varð annar í fyrstu Íslandsglímuni árið 1906 en sigraði í tveimur þeim næstu og bar titilinn glímukóngur Íslands árið 1908 þegar hann tók þátt í Ólympíuleikunum í London, fyrstur Íslendinga, og gekk á hólum við heimsfræga kappi í grísk-rómversku fangi. Jóhannes stóð sig með afburðum og komst í fjögurra manna undanúrslit í fjölmönnum -73 kg flokki en varð þá að hætta vegna meiðsla. Lauk hann keppni ósigraður og varð í fjórða sæti sem var frábær árangur.

Eftir þetta fór Jóhannes utan og ferðaðist um Evrópu og Bandaríkin með sýningarflokk sinn í fjölleikahúsum um árabil. Sýningar sínar byggði hann á þjóðaríþrótt Íslendinga, glímuni, og gekk sjálfur á hólum við erlenda berserki og fangbragðamenn og hafði jafnan sigur. Frá þessu öllu segir Jóhannes í endurminningabók sinni, *Jóhannes á Borg*, sem Stefán Jónsson fréttamaður og alþingismaður skráði af list árið 1964. Jóhannes kom alkominn til Íslands eftir 19 ára útivist vorið 1927, allvel fjáður eftir að hafa verið einn launahæsti sirkusmaður heims, en frægð hans á þeim tíma jafnaðist á við kvikmyndastjörnur nútímans. Hann lagði fjármuni sína í byggingu Hótel Borgar sem lengi vel var eina gistihúsið sem talist gat á alþjóðamælikvarða hérlandis. Jóhannes rak það alla sína starfstíð með glæsibrag. Hann kvæntist Karólínu Guðlaugsdóttur frá Akureyri og eignuðust þau tvær dætur.

Hann starfaði ekki lengi innan ungmennafélagshreyfingarinnar, en af miklum þjóðlegum metnaði og var sá brautryðjandi sem markaði dýpstu sporin við upphaf hennar. Jóhannes var gerður að fyrsta heiðursfélaga UMFÍ árið 1927 ásamt félaga sínum Þórhalli Björnssyni og Helga Valtýssyni.<sup>9</sup>



*Jóhannes Jósefsson, fyrsti formaður Ungmennafélags Íslands.*

húsmaður og hóteltjóri. Báðir höfðu dvalist vetrarlangt erlendis og kynnst þar nýjum straumum í félagsskap æskumanna. Þórhallur hafði kynnst frelsishugsjónum norskra og danskra æskumanna á lýðháskólanum í Askov í Danmörku en Jóhannes hafði gerst liðsmaður norsku ungmennafélagshreyfingarinnar þegar hann dvaldist í verslunarskóla í Björgvin í Noregi veturinn 1904-1905. Þórhallur var einlægur þjóðernissinni í góðri merkingu þess orðs og Jóhannes var að eigin sögn einlægur og æstur þjóðernissinni sem vildi veg Íslands sem mestan.<sup>3</sup> Þeim félögum þótti ekki vanþörf á að koma á fót félagsskap sem myndi láta eitthvað að sér kveða í lokaráttunni fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og

endurvekja reisin þjóðveldistímabilsins, verða aflvaki allra dáða og skóli þjóðlegra mennta, andlegra og veraldlegra. ... Ungmennafélögin áttu að verða vermireitur hreinnar íslenzkrar tungu, og í túni þeirra

skyldu dafna hvers konar þjóðlegar íþróttir og dyggðir.<sup>4</sup>

Þeir félagar leituðu ráða hjá mönnum af eldri kynslóð sem þeir báru traust til. Undirtektir voru ekki meira en í meðallagi uppörvandi. Sumir töldu þetta góðra gjalda vert en ekki væri mikils að vænta af félagsþroska Íslendinga sem væru hinir mestu halanegrar í öllum samtökum. Tæpast væri hægt að finna þrjá menn sem ekki væru sinn á




*Þórhallur Björnsson vann með Jóhannesi að stofnun Ungmennafélags Akureyrar.*

hverri skoðun í öllum meginmálum. Síðast ræddu þeir við höfðingjann og þjóðskáldið séra Matthías Jochumsson. Hann hvatti þá eindregið til að

stofna ungmennafélag og bætti við frá eigin brjósti ýmsum atriðum sem gætu orðið félagsskapnum til framdráttar.<sup>5</sup> Innblásnir af hvatningu þjóðskáldsins kvöddu þeir til fundar tólfunga og áhugasama menn. Sá fundur fór fram í Góðtemplarahúsinu á nýársdag 1906 og þar var ákveðið að stofna ungmennafélag á Akureyri næsta sunnudag, 7. janúar 1906.<sup>6</sup>

Stofnfundurinn var haldinn á Lundargötu 15 á heimili foreldra Jóhannesar Jósefssonar. Þar mættu fjórtán ungir menn og teljast þeir stofnfélagar fyrsta ungmennafélags á Íslandi. Fyrst voru lesin upp lög félagsins sem þeir Jóhannes og Þórhallur höfðu samið í sameiningu. Í annarri grein var kveðið á um tilgang félagsins:



*Jóhannes Jósefsson, með Grettisbeltið og Grettisskjöldinn árið 1907.*

1. Að reyna af alefli að vekja löngun hjá ungdóminum til þess að starfa fyrir sjálfa sig, land sitt og þjóð.
2. Að temja sér að beita starfskröftum sínum í félagi og utan félags.
3. Að reyna af fremsta megni að styðja, viðhalda og efla allt það sem er þjóðlegt og rammíslenskt, er horfir til gagns og sóma fyrir hina íslensku þjóð.<sup>7</sup>

Um þetta voru allir sammála. Nokkrar deilur urðu hinsvegar um fjórðu grein sem kvað á um bindindisheit ungmennafélaga og yfirlýsingu um að þeir tryðu á guð. Töldu sumir þar of langt gengið og greiddu mótatkvæði en greinin var látin standa. Í stjórn félagsins voru kosnir: Jóhannes Jósefsson formaður, Þórhallur Björnsson ritari og Jónas Þórarinsson gjaldkeri.<sup>8</sup> Félagið hóf störf af miklum krafti með vikulegum fundum, fyrirlestrum, fimleika- og glímuæfingum ásamt keppni og sýningum í þessum íþróttum. Það hóf einnig baráttu fyrir ýmsum framfaramálum, svo sem sundlaug á Akureyri, þjóðfána og síðast en ekki síst útbreiðslu ungmennafélagsshreyfingarinnar um landið allt.

## Þyrnirós vaknar

Sem fyrr segir var Ungmennafélag Akureyrar stofnað í ársbyrjun 1906 og er fyrsta félag sem ber nafn ungmennafélags. Nokkur ungmennafélög eiga þó eldri rætur og er skýringin sú að við stofnun þeirra nefndust þau ýmist málfundafélög, íþróttafélög, skemmtifélög eða unglíngafélög en tóku síðar upp ungmennafélagsheitið. Þar má nefna þingeysku félögin Eininguna í Bárðardal sem var stofnað 1892, Eflingu í Reykjadal, stofnað 1904, og Gaman og alvöru í Kinn sem stofnað var 1905.<sup>10</sup> Þessi félög voru að mörgu leyti hliðstæð ungmennafélögunum en skorti nafnið og hin samræmdu lög þeirra. Sú þversögn að fyrsta ungmennafélagið er ekki það elsta stenst því á sinn hátt.

Næstir Akureyringum til að stofna ungmennafélag voru ungir menn í Reykjavík sem stofnuðu Ungmennafélag Reykjavíkur 3. október 1906. Félagslögin voru tekin svo til orðrétt eftir lögum Ungmennafélags Akureyrar. Þar stóð skýrum stöfum að kvenfólk hafi alls ekki aðgang að félaginu.<sup>11</sup> Þetta ákvæði var fellt niður hjá Ungmennafélagi Akureyrar snemma árs 1908 að frumkvæði Jóhannesar formanns og líklega hefur sú staðreynd valdið nokkru um það að hann kvæntist um það leyti Karólínu, dóttur Guðlaugs Guðmundssonar bæjarfógeta.<sup>12</sup> Ungmennafélag Reykjavíkur var áfram lokað konum höfuðstaðarins sem árið 1908 tóku sig til og stofnuðu Ungmennafélagið Íðunni sem eingöngu var fyrir konur.<sup>13</sup> Rétt er að geta þess að þessi félög áttu ágætt samstarf sín á milli. Þetta var þó undantekning því önnur ungmennafélög voru opin jafnt konum og körlum. Karlar voru þó yfirléitt fjölmennari framan af.

Á þessum árum var líkt og þjóðin rumskaði af



Jóhannes Jósefsson og eiginkona hans, Karólína Guðlaugsdóttir.

aldalöngum svefni doða og kyrrstöðu. Tæknin var að halda innreið sína á Íslandi. Fyrsti billinn var kominn til landsins. Togaraöldin var að hefjast. Sjómenn voru að leggja árabátunum og taka vélbáta í notkun og hvarvetna var framfarahugur í fólki. Breytingar í frjálsræðisátt á stjórnskipun landsins voru mikið ræddar og nú var þjóðmálaumræðan ekki lengur einkaeign þeirra eldri því unga fólkið tók þátt í henni af heilum hug. Meðal ungmennafélaga var samkomulag um að ræða ekki stjórnsmál á fundum en flestir voru þeir eldheitir baráttumenn sjálfstæðis og framsóknar landsins.

Forystumenn hins nýja félags á Akureyri með Jóhannes glímukappa í broddi fylkingar voru ötulir við að útbreiða hugsjónir ungmennafélaganna og stuðla að stofnun nýrra félaga.<sup>14</sup> Þetta leiddi til þess að strax árið 1907 voru stofnuð sex ungmennafélög í Eyjafirði og tíu önnur víðsvegar um landið. Tilkoma þeirra vakti áhuga og umræðu um land allt og ungt fólk fylltist forvitni um þessa nýju hreyfingu. Það er svo árin 1908 til 1910 að Þýrnirós vaknar. Þá voru stofnuð hvorki meira né minna en 82 ný ungmennafélög. Alls

voru því stofnuð 100 félög fyrstu fimm árin sem liðu frá stofnun Ungmennafélags Akureyrar.<sup>15</sup> Þá voru hreppar landsins 199 og kaupstaðir fimm að tölu<sup>16</sup> svo komin voru ungmennafélög í tæplega helming sveitarfélaganna. Þeim átti enn eftir að fjölga verulega eins og rakið verður síðar.

## Tvískipt samtök

Á stofnþingi UMFÍ sem stóð á Þingvöllum dagana 2.-4. ágúst 1907 voru samþykkt lög sambandsins sem þrjár félagar Ungmennafélags Akureyrar höfðu samið. Löggin voru eftir atvikum allmjög sniðin eftir lögum félagsins og inn í þau var felld svokölluð skuldbindingarskrá sem ungmennafélögum var gert að undirrita. Skráin var sett fram á hátíðlegu máli, nokkurskonar trúarjátning ungmennafélaga sem undirstrikaði hollustu þeirra við þjóðlegar dyggðir og var á þessa leið:

Vér undirritaðir lofum því og leggjum við drengskap vorn að meðan vér erum í félagi innan þessa sambands skulum vér eigi drekka neina áfenga drykki né heldur verða þess vísitandi valdandi að öðrum séu þeir veittir.

Vér skulum vinna með alhuga að heill þessa félagsskapar, framförum sjálfra vor andlega og líkamlega og að velferð og sóma þjóðar vorrar í öllu því sem þjóðlegt er, gott og gagnlegt. Lögum og fyrirskipunum sambandsins viljum vér í öllu hlýða og leggja fram krafta vora sérplægnislaust til allra þeirra starfa er oss kynni að verða falið að inna af hendi fyrir sambandið.<sup>17</sup>

Hugmyndin að stofnun UMFÍ kom reyndar fyrst fram 11. mars 1906 á fundi Ungmennafélags Akureyrar sem þá var eina ungmennafélag landsins. Svo kom Ungmennafélag Reykjavíkur til sögunnar um haustið og varð strax bæði fjölmennt og starfsamt félag. Í upphafi var talsvert samband og samstarf milli þessara félaga. Liðsmenn þeirra boðuðu til stofnþingsins og auglýstu það sameiginlega í fréttablöðum um miðjan júnimánuð.<sup>18</sup> Þá voru risin á legg 16 ungmennafélög á landinu og ekki kemur á óvart að sjö þeirra voru í Eyjafirði.<sup>19</sup> Mjór er mikils vísir því að aðeins sex menn frá þremur félögum stofnuðu UMFÍ á Þingvöllum. Þessi félög og fulltrúar þeirra voru:



*Jóhannes Jósefsson var fyrirliði ungmennafélaga í upphafi hreyfingarinnar. Hér fer hann fyrir skrudgöngu inn á íþróttavöllinn í Reykjavík 17. júní 1927. Honum fylgja 15 ungmennafélagar búnir litklæðum.*

Umf. Akureyrar Jóhannes Jósefsson,  
Guðmundur Guðlaugsson  
Umf. Skriðuhrepps Bernharð Stefánsson  
Umf. Reykjavíkur Guðbrandur Magnússon,  
Helgi Valtýsson,  
Jón Helgason<sup>20</sup>

Stofnfélög sem ekki sendu fulltrúa voru Ungmennafélag Öxndælinga, Reynir á Árskógsströnd, Dagsbrún í Höfðahverfi og Morgunstjarnan á Fljótsdal. Einnig sat Arngrímur Fr. Bjarnason þingið fyrir hönd tveggja ungmennafélaga, Ungmennafélags Ísafjarðar og Ungmennafélags Bolungarvíkur. Hann felldi sig ekki við bindindisákvæðið í lögum sambandsins og svo fór að þau gerðust ekki stofnendur. Þessir menn vöktu talsverða athygli þar sem þeir gengu um í litklæðum að hætti formanna sem þeir tóku mjög til fyrirmyndar um málfar og framgöngu. Í blaðinu *Unga Ísland* hefur varðveist frásögn þar sem sagt er frá þessum hópi ungra skartmenna á Þingvöllum:

Þar var margt gert mönnum til skemmtunar, ræður fluttar, lúðrar þeyttir, sungið og

margt fleira. Um hádegið gengu sjö menn yfir vellina, mjög ólíkir öðrum er þar voru fyrir og varð þingheimi allstarsýnt á þá. Var sem þar kæmu söguhetjurnar fornu í skrautklæðum sínum. Þetta voru fulltrúar sambandsþings ungmennafélaganna. Höfðu þeir látið gera sér fót úr bláu og rauðu klæði eins í sniði og klæði fornanna voru. Flest klæðin voru þannig: Yst blá skikkja með hvítri loðskinnsbryddingu. Undir henni rauður kyrtil með gull- og silfursaumaðri bryddingu í kringum hálsinn og að neðan. Bláar knébuxur, mislitir sokkar, rauðir, bláir eða hvítir og íslenskir skór með þvengjum sem vafið var upp um fótleggina og bundið fyrir neðan kné. Um mittið báru þeir gljáleðursbelti með silfurspöngum. Búningur þessi var mjög glæsilegur á að líta og mjög dýr.<sup>21</sup>

Vormenn Íslands sem þarna gengu fram til að stofna UMFÍ undir berum himni voru stoltustu og sjálfstæðustu menn í heimi. Við tjald þeirra blakti bláhvíti fáninn sem ungmennafélögin



## Eldhuginn Helgi Valtýsson


Helgi Valtýsson (1877-1971) var fæddur í Nesi í Loðmundarfirði og ólst þar upp til fermingaraldurs. Þá hélt hann til Noregs og dvaldist þar fram yfir tvítugt. Í Noregi tók hann kennarapróf og hóf að skrifa í blöð sem hann gerði síðan að staðaldri bæði héraendis og erlendis. Helgi var ágætt ljóðskáld og sendi frá sér ljóðabækur, bæði á norsku og íslensku. Í Noregi hreifst hann af hugsjónum ungmennafélaganna og kom til Íslands skömmu eftir aldamótin upptendraður af ungmennafélagsandanum.

Þegar hann fluttist til Reykjavíkur árið 1906 tók hann þátt í stofnun Ungmennafélags Reykjavíkur og varð fyrsti formaður þess. Hann var á stofnfundi UMFÍ árið 1907 og var formaður samtakanna 1908-1911. Fyrsti ritstjóri Skinfaða varð hann ásamt Guðmundi Hjaltasyni árið 1909 og stjórnðu þeir blaðinu fyrstu tvö árin. Helgi var þó aðalritstjórinn og töldu menn að framgangi hans í upphafi hefði skipt sköpum fyrir vöxt og viðgang blaðsins. Helgi eignaðist svo blaðið *Unga Ísland* árið 1911 og var ritstjóri þess í tvö ár. Þá lá leið Helga aftur til Noregs og var hann blaðamaður og fyrirlesari þar árin 1913-20. Þá kom hann heim aftur og var forstjóri líffryggingafélags um tíu ára skeið. Helgi starfaði við kennslu og ritstörf, lengst af á Akureyri, allt fram að áttæðu.

Eins og sjá má var Helgi fjölhæfur og hafði oft mörg járn í eldinum. Hann kenndi íþróttir, stofnaði fiðluhljómsveit, var ritstjóri margra blaða og það var léttur og hressandi blær yfir öllu sem hann skrifaði. Þannig var hann sjálfur fram til síðustu ára, léttur í hreyfingum, látbragði og meðferð tungunnar í tali og framsögn. Hann var stálminnugur og las upp efnismikil kvæði blaðalaust án þess að hika hið minnsta.

Helgi var eldhugi með óbilandi bjartsýni og átti mörg áhugamál innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Þrennt var það sem hann bar næst brjósti. Það var skíðamennska, skógrækt og endurreisn vikivakanna en um þá skrifaði hann kennslukver sem UMFÍ gaf út árið 1930. Þar vann hann þjóðþrifastarf við að safna þjóðdönsum og þjóðkvæðum sem ella hefðu glatast.

Helgi var sannkallaður vormaður Íslands. Hann vakti vorhug meðal ungmennafélaga og var ópreytandi að leita uppi og leiða fram allt það sem þeim gæti til liðs orðið við ræktun lýðs og lands. Helgi kvæntist árið 1902 norski konu, Severine Sörheim, og eignuðust þau fimm börn. Helgi varð fyrsti heiðursfélagi UMFÍ árið 1927.<sup>27</sup>



Helgi Valtýsson, formaður UMFÍ 1908 til 1911.

höfðu kjörið fyrir merki sitt. Hann skar sig talsvert úr hinu rauða hafi af dönskum fánum sem flæddi yfir Þingvöll þennan dag kóngi Íslands og Danmerkur til heiðurs. Hannes Hafstein ráðherra óttaðist að fáninn myndi trufla hátignina og sendi Hannes Þorsteinsson alþingismann til hinna hnarreistu ungmennafélaga með þau tilmæli að þessi dula yrði tafarlaust dregin niður. Jóhannes Jósefsson varð fyrir svörum og svaraði af miklu stærilæti að þessi fáni yrði ekki dreginn niður fyrr en að sér dauðum og þar við sat.<sup>22</sup> UMFÍ skipaði sér í sjálfstæðisbaráttu landsins á fyrsta degi. Svo var kosið í stjórn hinna nýju samtaka og embættum skipt jafnt milli Akureyrar og Reykjavíkur:

formaður Jóhannes Jósefsson, verslunarstjóri  
Umf. Akureyrar  
ritari Guðmundur Guðlaugsson, skólapiltur  
Umf. Akureyrar

gjaldkeri Árni Jóhannsson, biskupsritari  
Umf. Reykjavíkur  
varastjórn:  
formaður Helgi Valtýsson, kennari  
Umf. Reykjavíkur  
ritari Jakob Ó. Lárusson, skólapiltur  
Umf. Reykjavíkur  
gjaldkeri Þórhallur Björnsson, prentari  
Umf. Akureyrar

Þessi samsetning stjórnar og varastjórnar endurspeglar skýrt að þarna voru komnir tveir sterkir valdarpólar sem báðir vildu ráða ferðinni í mál-efnum UMFÍ.

Fjarlægðin milli Reykjavíkur og Akureyrar var umtalsverð og ferðalög og samskipti þar á milli árið 1907 gátu tekið daga og vikur. Þetta gerði samstarf félaganna bæði stíðlegt og seinvirkt. Það ráð var tekið þegar kom að fyrsta ársþingi

UMFÍ árið 1908 að halda þingið í tvennu lagi, fyrst á Akureyri og síðan í Reykjavík. Hugmyndin var að öll atkvæði fulltrúa á báðum þingum yrðu lögð saman sem eitt þing væri.<sup>23</sup> Þetta var náttúrulega ótækt fyrirkomulag og stafaði af togstreitu stóru félaganna tveggja. Hún var reyndar orðin svo mikil að klofningur blasti við.

Nú þurfti að huga að skipulagi hinna nýju samtaka. Metingur sunnan- og norðanmanna gerði það enn brýnna. Hér var vandi á höndum. Um var að ræða fyrstu landsamtök frjálsra félaga sem skyldu eiga grasrót sína í hverju sveitarfélagi eins og raunin varð þegar fram liðu stundir. Það var því ekki í lítið ráðist að finna hvernig mætti stjórna þessum víðfeðmu samtökum á skilvirkan hátt því samgöngur, sími og pósthjónusta voru ekki upp á marga fiska. Ungmennafélagar hugleiddu mjög hvernig að skyldi fara og niðurstaðan kom í ljós á þinginu tvískipta árið 1908.

## UMFÍ breytist í fjórðungssambönd

Fyrri hluti þingsins fór fram á Akureyri 5.-7. júní og mættu þar 13 fulltrúar norðlenskra og austfirskra ungmennafélaga. Þar komu fram og voru samþykktar róttækar tillögur um breytingar á fyrirkomulagi UMFÍ, frá Ungmennafélagi Akureyrar. Þær höfðu verið kynntar forsvarsmönnum Ungmennafélags Reykjavíkur og virðast hafa hlotið samþykki þeirra. Seinni hluti þingsins fór fram í Reykjavík 20.-25. júní og það sóttu 10 þingfulltrúar úr Reykjavík, Hafnarfirði og Árnesýslu.<sup>24</sup> Meðal þeirra ríkti takmörkuð ánægja með að standa frammi fyrir gerðum hlut norðanmanna



Þorkell Clementz, fyrsti formaður Fjórðungssambands Sunnlendingafjórðungs.

og vera í raun settir skör lægra en þeir. „Metnaður þessi laut þó í lægra haldi fyrir samheldninni, sem er ein aðal hugsjón og takmark sambands UMFÍ,“ sagði einn af forystumönnum síðar.<sup>25</sup>

Það sem gerði gæfumuninn voru tillögurnar sem samþykktar voru á Akureyri. Þær

gerðu ráð fyrir að skipta landinu í fjórðunga til að auðvelda samstarf félaganna. Þetta þýddi að fjögur sambönd, eitt í hverjum landsfjórðungi, með sérstakri stjórn yrðu tengiliður milli einstakra ungmennafélaga og stjórnar UMFÍ. Þing UMFÍ yrðu haldin á þriggja ára fresti. Þar með var búið að dreifa stjórn og ábyrgð og bein hætta á klofningi milli stórveldanna tveggja var úr sögunni. Tveimur árum síðar birtust sjónarmið fjórðungssambandanna í *Skinfaxa*, blaði UMFÍ, í grein Þorkels Clementz, sem var fyrsti formaður Fjórðungssambands Sunnlendingafjórðungs:

Þótt sambandslögunum sé ábótavant er hugmyndin um fjórðungsskiptinguna engu að síður hin besta sem fram hefur komið um fyrirkomulagið á sambandinu, og til eflingar samvinnu milli félaganna. Mér er óhætt að fullyrða, að frumvarpið um fjórðungsskiptinguna átti mikinn þátt í því, að þingfundurinn í Reykjavík fyrir hvern mun vildi stuðla að friðsömum úrslitum sambandsþingsins 1908.<sup>26</sup>

Þetta þýddi gerbyltingu á lögum UMFÍ sem breyttust mjög og urðu öllu fremur fjórðungslög en sambandslög eftir þetta. Á þinginu var skipt um alla stjórnarmenn UMFÍ, eða réttara sagt fengu þeir gömlu flestir nýjar stöður. Nýr formaður var kjörinn Helgi Valtýsson félagi í Ungmennafélagi Reykjavíkur. Ritari var Svava Þórhallsdóttir úr Ungmennafélaginu Iðunni og gjaldkeri Akureyringurinn Þórhallur Björnsson. Jóhannes glímukappi var farinn að hugsa til utanferðar og lét sér nægja að vera varaformaður. Eiginkona hans, Karólína Guðlaugsdóttir, var kjörin vararitari og fyrri gjaldkeri Árni Jóhannsson varð varagjaldkeri. Þarna kom enn og aftur fram tvískipting UMFÍ en bráðlega færðist þungamiðja valdsins til höfuðstadarins með auknum styrk Ungmennafélags Reykjavíkur og hins öflugra Fjórðungssambands Sunnlendingafjórðungs eins og það hét fullu nafni.

## Fjórðungssamböndin ráða ferðinni

Eftir lagabreytinguna 1908 varð niðurstaðan sú að fjórðungssamböndin réðu ferðinni. Hin nýja stjórn UMFÍ var næstum valdalaus en átti þó að sinna því verkefni að tengja saman starf ungmennafélaga hvarvetna á landinu. Það reyndist



Erlingur Friðjónsson, fyrsti formaður Fjórðungssambands Norðlendingafjórðungs.

henni ógerlegt undir þessum kringumstæðum. Þegar leið að þriðja þingi UMFÍ árið 1911 fjallaði Helgi Valtýsson formaður UMFÍ, eða sambandsstjóri eins og hann var oftast titlaður, um þetta í grein í *Skinfaxa*. Helgi var ómyrkur í máli og sagði meðal annars:

Ég hefi frá upphafi verið fjórðungaskipuninni andvígur eins og hún er nú. Hugmyndin er góð, – en óframkvæmanleg og á eigi að vera lögboðin. ... Ísland er of stórt og samgöngur allar of erfiðar til þess að fj. samb. geti komið að notum svo vel fari.<sup>28</sup>

Helgi sagðist vita um mörg ungmennafélög sem hefðu látið undir höfuð leggjast að ganga í UMFÍ vegna óánægju með fjórðungaskiptinguna sem þau teldu ófullnægjandi en auka hins vegar kostnað fátækra félaga. Hann taldi að sýslu- eða héraðssambönd yrðu miklu vænlegri sem félags-einingar milli hinna almennu ungmennafélaga og stjórnar UMFÍ. Þarna reyndist Helgi sannspár en heill áratugur leið áður en þetta varð að veruleika. Í millitíðinni réðu fjórðungssamböndin lögum og lofum í ungmennafélagshreyfingunni.

Sunnlendingar biðu ekki boðanna og komu sambandi sínu, Fjórðungssambandi Sunnlendingafjórðungs (FS) á laggirnar 30. júní 1908, tæpri viku eftir að þingi UMFÍ lauk.<sup>29</sup> Það gefur til kynna að þeir hafi verið hlynntir fjórðungaskiptunum enda fór svo að FS réð mestu í hreyfingunni næsta áratuginn og var talsvert valdameira en hin einangraða stjórn UMFÍ. Sambands-svæði FS var feikistórt, náði allt frá Skeiðarársandi að Vestfjörðum. Fyrsti formaður þess var Þorkell Þ. Clementz vélfræðingur. FS gaf út fjölritað blað mánaðarlega árin 1909-10 sem átti að verða mál gagn þess en þegar *Skinfaxi* kom til sögunnar var það fljótlega lagt niður. Stofnfélög Sunnlendingafjórðungs voru 13 að tölu en

aðildarfélögum fjölgaði smám saman og voru orðin 40 talsins árið 1915.<sup>30</sup> Sá fjöldi hélst nokkuð stöðugur til loka sambandsins árið 1922 en þess ber að gæta að mikið vantaði á að öll félög á svæðinu væru innan vébanda FS og UMFÍ.

Fjórðungssamband Norðlendingafjórðungs (FN) kom til sögunnar árið 1908, og tilnefndi stjórn UMFÍ fyrstu stjórn FN. Á fyrsta reglulega ársþingi í febrúar 1909 voru mættir fulltrúar frá sjö félögum á svæðinu. Félögum fjölgaði lítið eftir það, voru flest um ellefu talsins allt til loka. Flest voru þau úr Eyjafirði enda þróaðist starfsemin í þá átt að verða héraðssamband Eyfirðinga. Þó var þar að finna örfá félög úr nágrennasýslunum en svæði sambandsins var frá Vestfjörðum til Austurlands. Sambandið var ágætlega starfsamt frá byrjun, hélt fjórðungsþing árlega og beitti sér meðal annars fyrir íþróttahátíðum 17. júní árin 1909-1913 sem nefnd voru Fjórðungsmót Norðurlands. Fyrsti formaður þess var Erlingur Friðjónsson framkvæmdastjóri á Akureyri. FN var lagt niður árið 1922 og nafni þess breytt í Ungmennasamband Eyjafjarðar.

Austfirðingar komu á fót fjórðungssambandi haustið 1908, og skipaði stjórn UMFÍ fyrstu stjórn FA. Fyrsti formaður þess var Þorsteinn M. Jónsson kennari.<sup>31</sup> Fyrsta ársþingið var haldið á Seyðisfirði 23. mars 1909 en var ekki talið gilt þar sem meirihluta stjórnar vantaði.<sup>32</sup> Sambands-svæðið var Austurland, þar með talin Austur-Skaftafellssýsla. Samband Austfirðinga (FA) var alla tíð veikburða og náði ekki upp dampi. Félögin urðu aldrei mörg og voru til dæmis fjögur talsins árið 1916, öll úr Austur-Skaftafellssýslu.<sup>33</sup> Sambandið flosnaði

upp um þetta leyti og sama ár var stofnað nýtt samband sem lifði í áratug. Það hét ýmist Íþróttabandalag Austurlands eða Héraðssamband Austfjarða eftir því hvort ÍSÍ eða UMFÍ voru til frásagnar. Eftir 1917 fer engum sögum af Fjórðungssambandi Austfirðingafjórðungs



Þorsteinn M. Jónsson, fyrsti formaður Fjórðungssambands Austfirðingafjórðungs.





Björn Guðmundsson, fyrsti formaður Fjórðungssambands Vestfirðingafjórðungs.

og almennt gengu austfirsk ungmennafélög ekki í raðir UMFÍ fyrr en á fimmta áratug 20. aldar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga-fjórðungs (FV) var ekki stofnað fyrr en 1. apríl 1912.<sup>34</sup> Fyrsta ársþing þess var haldið á skólasetrinu á Núpi í Dýrafirði 21.-22. mars 1913. Stofnfélögin voru þrjú en fjölgaði brátt

og voru tólf árið 1917.<sup>35</sup> Fyrsti formaður FV var Björn Guðmundsson kennari á Núpi. Sambands-svæði FV voru Vestfirðir allir milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar en Vesturland var látið heyra undir FS vegna örðugra samgangna við Vestfirði. Fjórðungssamband Vestfirðinga var hið starfsamasta um sína daga, stóð fyrir íþróttamótum og beitti sér fyrir mörgum framfaramálum. Það hætti reyndar aldrei starfsemi heldur breytti hægt og rólega um nafn. Framan af nefndist það Fjórðungssamband UMF Vestfjarða. Það breyttist svo í Bandalag UMF Vestfjarða árið 1922 þegar fjórðungarnir voru aflagðir og loks árið 1924 var nafninu breytt í Héraðssamband UMF Vestfjarða.<sup>36</sup> Undir því nafni starfaði það um áratugaskeið.

Strax í upphafi urðu skiptar skoðanir um ágæti fjórðungssambandanna. Stjórnendur þeirra gerðu sitt besta en róðurinn var þungur. Það segir sína sögu að formannaskipti voru tíð og stjórnarmenn sátu flestir skamma stund. FS var langöflugast sambandanna og réði í raun því sem það vildi ráða innan hreyfingarinnar meðan þess naut við. Von bráðar hófust deilur í *Skinfaxa* innan UMFÍ um fjórðungssamböndin, kosti þeirra og ókosti. Gagnrýnendur fundu þeim margt til foráttu en verjendur töldu rétt að láta á það reyna hvort Eyjólfur myndi hressast. Margir lögðu orð í belg en líklega vógu þungt orð Jónasar Jónssonar ritstjóra þegar hann lagði fram tíu röksemdir fyrir skiptingu fjórðunganna í *Skinfaxa* nokkru fyrir ársþing UMFÍ árið 1914. Helstu rök Jónasar voru meðal annars þessi:

Fjórðungurinn er svo stór að félagsmenn ná til engra funda saman. ... [Í] Reykjavík ... drukna þingin í bænum, verða dauf og í molum. ... Kynningin og áhrifin innbyrðis sáralítill eins og nú er og ekki líkleg til að fara vaxandi. Allar fjórðungsstjórnir hafa þótt daufar og framkvæmdalittlar, og þó verið margskipt um menn. Það bendir til að annaðhvort sé lítil mannval í U.M.F.Í í Reykjavík eða að starfið sé forsending. ... Ráðið út úr vandræðunum er að hafa samböndin minni, héraðasambönd, sem annist heimamál héraðanna. En auka hinsvegar vald sambandsstjórnarinnar, að hún marki aðaldrættina í verkaskrá félaganna.<sup>37</sup>


Röksemdir Jónasar áttu fullan rétt á sér eins og síðar kom í ljós. Á þingi UMFÍ 1914 voru breytingasinnar í meirihluta og niðurstaðan varð sú að lögunum var breytt þannig að gefin var heimild fyrir stofnun héraðssambanda innan hvernar sýslu eða stærra svæðis, þó aðeins ef 3/5 féлага á viðkomandi sambands-svæði væru því fylgjandi. Svæðin voru við það miðuð að félagsmenn í héraðssambandinu gætu náð saman kostnaðarlítið á einhvern einn samkomustað innan héraðs en skortur á því hafði einmitt verið helsti ásteytingarsteinn fjórðungssambandanna.<sup>38</sup>

Fjórðungssamböndin réðu ríkjum innan UMFÍ í 14 ár. Þau voru notuð til að brúa bilið sem myndaðist milli Norður- og Suðurlands við stofnun UMFÍ. Þau voru einskonar ríki í ríkinu og stjórn UMFÍ, sem reyndar var aðeins einn maður árin 1911-1914, hafði lítið að segja einkum framan af. Eftir því sem árin liðu kom betur og betur í ljós að fjórðungssamböndin voru óhentugar einingar í hinu samgöngulausa Íslandi. Héraðssambönd með sýslumörk að landamærum spruttu upp von bráðar og gerðu hlutverk fjórðungssambandanna að engu. Að sama skapi styrktist staða UMFÍ.

Fjórðungssamböndin liðu endanlega undir lok árið 1922 þegar búið var að stofna 14 héraðssambönd í 20 sýslum landsins.

## Skinfaxi hefur sig til flugs

Stjórn UMFÍ átti þó einn leik í stöðunni meðan fjórðungssamböndin réðu ríkjum, mjög heilladrjúgan leik, sem allar götur síðan hefur verið því ómetanlegur styrkur í starfi sínu. UMFÍ tókst sem



Titilmýnd *Skinfaxa* sem Guðmundur Jónsson frá Mosdal gerði og birtist fyrst í blaðinu árið 1926.

sé að koma á fót málgagni. Tímaritið *Skinfaxi* hóf göngu sína í október 1909 og hefur síðan verið öflugasti málsvari hreyfingarinnar, vettvangur fyrir baráttumál hennar og ómetanleg heimild um starf UMFÍ á hverjum tíma. Fyrstu ritstjórar *Skinfaxa* voru Helgi Valtýsson, formaður UMFÍ, og hinn miðaldra alþýðufræðari Guðmundur Hjaltason. Ritstjórnin kom þó að mestu í hlut Helga því Guðmundur var mikið í burtu í fyrirlestraferðum fyrir hreyfinguna. Helsta framlag Guðmundar var greinaflokkur um ætlunarverk ungmennafélaganna. Þetta var einskonar stefnuskrá þeirra, alllangur bálkur sem kom út í öllum tölublöðum fyrsta árið. Þar voru þjóðrækni, ræktun, íþróttir, listir, bindindi, trúrækni, frelsi og skemmtanir efst á blaði.

*Skinfaxi* dró nafn af hinum fljúgandi hesti sem dró vagn goðsagnaverunnar Dags og sagt er frá í norrænum goðsögum. *Skinfaxi* var fagur álitum með skínandi fax sem lýsti upp allt himinhvolfið og jörðina með.<sup>39</sup> Helgi Valtýsson lýsir hlutverki hans fyrir ungmennafélögin í fyrsta tölublaðinu á þessa leið:

Nú vill „Skinfaxi“ lyfta undir bagga með ungm.félögunum og reyna af öllum mætti að bæta úr því sem mest er ábótavant í

starfi þeirra. Tengja saman félögin í sterka starfandi heild. Hvetja og stæla dug og afl til dáða. Vekja samúð og samhug og opna augun fyrir öllu því, sem gott er og fagurt. ... *Skinfaxi* heitir hann, og sól og sumaryll vill hann breiða yfir land allt. Bera kveðju milli ungm.félaganna. Og færa þeim fréttir af starfi voru víðsvegar um land. Hann vill flytja þeim hvatarorð og leiðbeiningar um starf þeirra. Aufúsugestur vill hann verða hverju ungm.félagi og hverju heimili þar sem efnileg æska er fyrir.<sup>40</sup>

*Skinfaxi* var trúr þessu hlutverki sínu. Hann flutti fræðandi greinar og sagði fréttir af stofnun og starfi ungmennafélaganna sem voru að spretta upp hvarvetna um landið. Þar birtust hvatningargreinar til ungmennafélaga og þótt áskrifendur væru ekki margir fyrstu árin varð blaðið sameiningartákn hreyfingarinnar og helsta málgagn hennar. Tíð voru hvatningarljóð ort ungmennafélögum til heiðurs. Skáldin stigu fram, misjafnlega hagnæmt, og hylltu þessa nýju hreyfingu. Stjórnendur UMFÍ lögðu mikið á sig til að halda *Skinfaxa* á lífi þegar á móti blés. Þetta næstum aldargamla tímarit hefur átt sín blómaskeið og lægðir eins og gengur en alltaf haldið velli. Þar

hefur verið fléttaður einn af þeim þáttum sem eru líftaug hreyfingarinnar.

## Jónas frá Hriflu ritstjóri *Skinfaxes*



Jónas Jónsson frá Hriflu. Ritstjóri *Skinfaxes* 1911 til 1918.

Jónas var þá ungur kennari við Kennaraskólann og hafði brennandi áhuga á þjóðmálum. Hann tók hugsjónir ungmennafélaganna upp á sína arma og var þeim jafnan haukur í horni. Jónas var skeleggur ritstjóri og ritaði margar frásagnir af framförum nágrannaþjóðanna sem hann þekkti vel eftir allmargar utanlandsferðir og skólavist í Þýskalandi, Danmörku og á Englandi. Von bráðar fór hann að skrifa um þjóðfélagsmál í *Skinfaxes* á þann hátt að eftir var tekið. Greinar hans vöktu athygli alþjóðar og um tíma var þetta litla mál gagn ungmennafélaganna eitt umtalaðasta blað landsins. Þar með jókst útbreiðslan. Þar réð ekki minnstu að Jónas var snjall penni og ádeila hans hvöss og óvæginn. Í febrúar 1914 birtist fyrsta grein hans af mörgum í *Skinfaxes* um Filistea, en svo nefndi hann braskara sem þá voru áberandi og gerðu sér hrekkleysi annarra að fepúfu, til dæmis með því að fá þá til að skrifa upp á víxla og skuldabréf. Oft voru áfengisveitingar með í spilinu. Lýsing Jónasar á aðferðum þeirra var eftirfarandi:

Þeir læðast ekki inn í hús manna um nætur né storma þau með ofbeldi til fefanga. Þeir koma um hábjarta daga, prúðir og vel búnir og hegða sér í öllu á vísu vel siðaðra manna. Þeir tefja, þiggja beina, kveðja, fara og enginn gætir að fyrr en þeir eru farnir að þeir hafa haft á brott með sér meira eða minna af eignum þess er þeir gistu, stundum aleiguna og mannorðið með. Engin leið er að veita þeim eftirför til að ná fengnum úr greipum þeirra. Allar gerðir þeirra eru löglegar. List þeirra er í því fólgin að hafa

fé af öðrum á löglegan en siðferðislega rangan hátt.<sup>41</sup>

Þetta sama hugtak gerði Vilmundur Gylfason alþingismaður frægt löngu síðar með orðalaginu *löglegt en siðlaust*. Af ritstjórn sinni varð Jónas þjóðfrægur maður og þótti mörgum hann líklegur til stórræða í landsmálunum eins og raun varð. Hann ritaði enda sleitulaust í blaðið um allt milli himins og jarðar sem til framfara horfði og gagnrýndi án miskunnar misferli og hræsni þeirra sem herra voru settir.

*Skinfaxes* var þó fyrst og fremst mál gagn hreyfingarinnar. Þar birtust jafnt og þétt pistlar um þau mál sem helst brunnu á henni eins og skipulag UMFÍ, íþróttir, skógrækt, fánann, þegnskylduvinnu, móðurmálið, heimilisiðnað og fyrirlestra, að ógleymdum fréttum af félögum og samkomum þeirra.

Til að örva áskrifendur var tekin sú stefna að prenta eitt fræðirit árlega á vegum UMFÍ og afhenda skilvísium kaupendum sem fylgirit blaðsins ókeypis. Fyrst kom út sérprentun úr *Skinfaxes* árið 1912 sem hét *Nýju skólarnir ensku* eftir ritstjórnann, Jónas Jónsson. Sama ár kom út bókin *Skógræktarrit* eftir Guðmund Davíðsson. Ritið *Um ungmennafélög Íslands* eftir sama höfund kom út árið 1915. Sama ár kom út *Íslensk þjóðfélagsfræði* eftir Einar Arnórsson, vandað rit sem grynkaði mjög á sjóðum blaðsins. Stórhækkun á pappír og prentkostnaði vegna stríðsins árið 1916 kom í veg fyrir áframhaldandi bókaútgáfu á vegum UMFÍ.

Fleira kom til sem gerði aðstandendum *Skinfaxes* erfitt um vik. Sum ungmennafélög lágu á því lúalagi að kaupa aðeins eitt eintak af blaðinu og lesa það upp á fundum. Þar með var borin von að fleiri félagar þess félags keyptu blaðið. Jónas ritstjóri var hvassyrstur í garð slíkra félaga sem vildu „hafa ungmennafélagsblað, njóta hagnaðar þess sem því fylgir en losna við byrðina.“ Jónas bætti við að ef allir hugsuðu svo yrðu dagar ungmennafélaganna brátt taldir. Sem betur fer væru slík félög fremur fá. „En undarlegt þykir útgefendum blaðsins að fá meiri stuðning frá mönnum utan U.M.F. en innan þeirra.“<sup>42</sup>

## Starfið blómgast

Á þriðja þingi UMFÍ árið 1911 var fjórðungaskipanin fest í sessi. Þar sem stjórn UMFÍ hafði





Dalamenn gróðursetja í Þrastaskógi á 4. áratugnum. Fyrir miðri mynd er ungmennafélaginn Jóhannes skáld úr Kötlum öllum kafinn.

nú litlu hlutverki að gegna þótti ekki ástæða til að hafa þriggja manna stjórn heldur var einn sambandsstjóri látinn nægja! Nú lét Helgi Valtýsson af formennsku sambandsins en við hinni eins manns stjórn tók Guðbrandur Magnússon, prentari í Reykjavík, einn af stofnendum UMFÍ.

Fráfarandi stjórn hafði áttað sig á því að til þess að hafa yfirsýn yfir hreyfinguna var nauðsynlegt að félögin sendu henni skýrslur um starf sitt og hagi. Haustið 1912 birti *Skinfaxi* údrátt úr skýrslum rúmlega 40 félaga, fyrir árið 1911 þeim fyrstu sem bárust UMFÍ. Þar kennir ýmissa grasa. Öll félögin stunduðu íþróttir. Flest þeirra iðkuðu glímur, þriðjungur sund og álíka hópur „aðrar líkamsæfingar“ eins og það var látið heita. Helmingur félaganna vann að skógrækt og mörg þeirra höfðu gróðursett allt frá 130 upp í 500 trjáplöntur. Ungmennafélagið Samhygd í Flóa var stórtækast, hafði girt 300 ferfaðma girðingu og gróðursett 1100 plöntur. Ungmennafélag Reykjavíkur og Seytjándi júní í Hafnarfirði gengust fyrir skógræktardegi. Margskonar annað framtak var tíundað svo sem: Ungmennafélag Biskupstungna hafði samkeppni í handavinnu og hélt hlutaveltu. Drífandi í Vestur-Eyjafjöllum hafði samskot um minnisvarða Jóns forseta. Hvöt í Grímsnesi gerði 200 ferfaðma leikvöll og Gnúpverjar unnu að íþróttavellinum á Þjórsártúni. Ároðinn í Eyjafirði gerði sundstæði og Svarfdælir byggðu við samkomuhúsið. Guðbrandur Magnússon lætur þess getið í

eftirmála að skýrslurnar séu fremur ósamstæðar og líklega sé til bóta að útbúa sérstakt eyðublað fyrir þær næsta ár.<sup>43</sup>

Það leynir sér ekki að Guðbrandur hefur látið verða af þessu því skýrslurnar frá 1912 sem birtust í *Skinfaxa* næsta ár voru talsvert ítarlegri. Hjá 44 félögum voru fluttir 123 fyrirlestrar, 33 þeirra gáfu út handrituð blöð og 18 félög áttu samtals 1793 bækur í söfnum sínum. Flest félögin keyptu *Skinfaxa*, þau héldu allmargar skemmtanir og mörg þeirra höfðu farið í skemmtiferðir. Þá voru taldar fram íþróttagreinar sem ungmennafélagar stunduðu og enn var glíman efst á blaði. Þá kom sund, leikfimi, hlaup, stökk, skíða- og skautahlaup, fangbrögð og knattleikar. Átta félög héldu uppi sundkennslu. Skógræktin var skilgreind nákvæmlega. Til dæmis gróðursetti Afturelding í Mosfellssveit 25 lævirkjatré og 100 fjallafurur en Baldur í Hraungerðishreppi setti niður 30 bláfurur, 10 fjallafurur, átta reynitré og 12 bjarkir. Ungmennafélag Biskupstungna gerði tilraunir með jarðeplarækt og Akureyringar unnu að leikvallargerð. Hjá Tindastól voru sýndir sjónleikir og fátækum sendur jólaglaðningur.<sup>44</sup>

Engar skýrslur birtust í *Skinfaxa* fyrir árið 1913 en 54 félög sendu skýrslur fyrir árið 1914. Þau segja frá margháttuðum verkefnum sem kynnu að virðast léttvæg tilsýndar en voru stórvirki í fámennum félögum. Þar voru skógrækt og íþróttir efst á blaði hjá öllum félögum. Einnig segir frá því að Þór á Eiðum lauk við að búa til íþróttavöll, Geisli í Aðaldal heyjaði 40 hesta, Vorblóm á Ingjaldssandi vann 22 dagsverk í vegavinnu og Örn á Bildudal æfði söng og sjónleiki. Haukur í Leirársveit vann að heyskap endurgjaldslaust hjá fátækri ekkju, Skeiðamenn byggðu sundlaug og Stokkseyringar lögðu stund á heimilisiðnað og sáu um söngkennslu.<sup>45</sup> Á þessum nótum voru störf ungmennafélaganna fyrstu árin. Fundastörf, íþróttir og skógrækt voru tryggar stöðir í starfi, en vinnugleðin og nýfundinn samtakamáttur gaf byr undir vængi. Starfið var farið að blómgastr.

Árið 1912 er hentugt til að gera úttekt á umfangi ungmennafélaganna. Þá voru liðin fimm ár frá stofnun UMFÍ, hreyfingin var orðin vel kunn í landinu, og ungmennafélög voru risin á legg í öllum héruðum. Starfandi félög innan UMFÍ voru orðin 44 talsins og félagar þeirra 2010.<sup>46</sup> Þetta svarar til þess að í hverju þeirra hafi verið um 46 félagsmenn. Því fór þó fjarri að öll ungmennafélög stæðu innan vébanda UMFÍ. Það



*Ungmennafélagar í Aftureldingu Mosfellssveit dansa vikivaka á Kollafjarðareyrum um 1930.*

var töluvert stærri hópur sem ekki hafði séð sér fært að skipa sér undir merki sambandsins eða heil 96 félög.<sup>47</sup> Þar með voru ungmennafélög landsins orðin 140 að tölu og raunhæft er að áætla að ungmennafélagar hafi þá verið nálægt 6400 talsins. Heilu héruðin voru enn utan UMFÍ og má nefna Dali, Strandasýslu og Norðurland að undanskildum Eyjafirði. Höfuðvígi UMFÍ voru fyrst og fremst á Suður- og Vesturlandi, Vestfjörðum og í Eyjafirði.

Helstu ástæður þess að ungmennafélög stóðu utan UMFÍ voru þrenns konar: Félögin og liðsmenn þeirra voru fátæk og hinn hófstíllti skattur, 15 aurar á hvern félagsmann til UMFÍ og 35 aurar til fjórðungssambandanna, óx þeim í augum.<sup>48</sup> Erfiðar samgöngur drógu úr þátttöku afskekkustu félaganna. Þar má sem dæmi nefna Ungmennafélag Flateyjar á Breiðafirði sem gerðist ekki félagi í UMFÍ því „engin ungmennafélög eru nálægt til að hafa samband við ...“<sup>49</sup> Talsverður hópur félaga og einnig héraðssambönd settu bindindisákvæðið fyrir sig og létu brjóta á því með aðild sína. Svo er ljóst að hildarleikur fyrri heimsstyrjaldar virkaði letjandi á allt félagsstarf og þá einnig ungmennafélögin. Sum höfðu beinlínis lagt upp laupana og þó heimildir þessara ára séu brotakenndar er svo að sjá að 54 ungmennafélög hafi hætt störfum frá 1906 fram til 1922.<sup>50</sup>

Önnur ungmennafélög undu glöð við sitt þó fámenn væru. Í *Skinfaxa* árið 1918 er að finna eftirfarandi frásögn af starfi vestasta ungmennafélags í Evrópu.

Ungmennafélagið Vestri í Kollsvík við Látrabjarg er nú um tveggja ára gamalt. Það er mjög einangrað og afskekkt frá náinni samvinnu við önnur sambandsfélög í Vestfirðingafjórðungi. Næsta félag er „Skjöldur“ í Dölum í Arnarfirði. Samt gæti þetta félag gefið ungmennum í mörgum sveitum landsins bendingu um hvernig þau ættu að nota tómstundirnar.

Félagið heldur fundi tvisvar í mánuði að vetrinum, og þá kemur alltaf út blað, heldur uppi söngkennslu og söng í sóknarkirkjunni. Íþróttaflokkur starfar innan félags sem iðkar skíða og skautuferðir, sund og glímur.<sup>51</sup>

## Slær í bakseglin

Árið 1918 lét Jónas frá Hriflu af ritstjórn *Skinfaxa* enda var hann þá orðinn skólastjóri Samvinnuskólans og lét æ meira til sín taka í landsmálunum. Þá tók Jón Kjartansson ritari UMFÍ við blaðinu og stýrði því um sinn. Jónas var um þær mundir

## Fjörmaðurinn Guðbrandur Magnússon

Guðbrandur Magnússon (1887-1974) var fæddur að Hömrum á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu en fluttist ungur á Seyðisfjörð og ólst þar upp. Hann lauk prentnámi á Seyðisfirði en fluttist til Akureyrar 1905 og ári síðar til Reykjavíkur. Hann var með fyrstu félagsmönnum Ungmennafélags Akureyrar og einn af helstu stofnendum Ungmennafélags Reykjavíkur árið 1906. Hann var einn af stofnendum UMFÍ og var kosinn formaður þess árið 1911. Svo vel var honum treyst að hann var einn í stjórn samtakanna, allt til 1914 að hann flutti frá Reykjavík og gerðist bóndi í Holti undir Eyjafjöllum. Þar bjó hann í þrjú ár en fluttist þá aftur til Reykjavíkur.

Guðbrandur var lágvaxinn maður en knálegur á velli, vel limaður og vöðvastæltur, og einn af bestu glímumönnum landsins um sína daga. Hann tók þátt í konungsglímunni 1907 og gekk næstur fremstu mönnum. Guðbrandur var tilfinningaríkur eldhugi, einstakur fjörmaður sem lét ekkert stöðva sig. Léttur í lund, hugmyndaíkur og starfsglaður hugsjónamaður. Fimmtugur að aldri gekk hann á brattann í fjöllum sem ungur væri og gerði höfuðstökk í leikfimi.

Hann var um skeið formaður Ungmennafélags Reykjavíkur á tímum hinnar miklu sjálfböðavinnu við Skíða-brautina í Öskjuhlíð. Til eru skýrslur sem sýna að Guðbrandur lagði þar fram helmingi meiri vinnu en nokkur annar félagsmaður. Hann var einnig fremstur í flokki þegar farið var af stað við húsakaup og húsbyggingar.

Alls staðar var hann í fararbroddi, bjartsýnn og framkvæmdasamur. Fyrsti ritstjóri dagblaðsins *Tímans* árið 1917 og síðar fyrsti forstjóri Áfengisverslunar ríkisins árin 1928-1957. Hann kvæntist Guðrúnu Kjartansdóttur frá Búðum í Staðarsveit og eignuðust þau fimm börn. Guðbrandur var kjörinn heiðursfélagi UMFÍ á 50 ára afmæli samtakanna árið 1957.<sup>58</sup>



Guðbrandur Magnússon, formaður UMFÍ 1911 til 1914.



Jón Kjartansson, ritstjóri *Skinfaxa* 1918 til 1919.

formaður UMFÍ og var blaðinu innan handar og skrifaði í það greinar við og við en þjóðfélagsádeilur hans færðust á annan vettvang. *Skinfaxi* fékk mýkri ásýnd en samtímis fækkaði áskrifendum. Jón Kjartansson lét af ritstjórn blaðsins haustið 1919 og hélt utan til náms

en við tók annar kennari, Ólafur Kjartansson. Hann hafði numið uppeldisfræði við háskólann í Chicago sem var aldeilis ekki algengt í þá daga.

Ekki var birtur úrdráttur úr skýrslum félaganna í *Skinfaxa* fyrir árið 1918 eins og tíðkast hafði í tíð Jónasar. Þar sem allar skýrslur ungmennafélaga til UMFÍ fyrir árið 1918 eru glataðar er óhægt um vik að sjá hvort áherslur í starfi hafa breyst en af tilkynningum í *Skinfaxa* má ráða að

54 félög hafi þá skilað skýrslum eða jafnmörg og árið 1914.

Nú fóru í hönd erfiðir tímar á Íslandi sem víðar. Mikil dýrtíð geisaði í kjölfar stríðsins og búsafurðir hriðfellu í verði. Útflutningsverðmæti landbúnaðarvara lækkaði úr tæplega tuttugu og fjórum milljónum króna árið 1919 niður í rúmar sjö milljónir árið 1921 svo dæmi sé tekið.<sup>52</sup> Frá upphafi hafði mánaðarblaðið *Skinfaxi* verið átta síður að stærð en haustið 1921 var það komið niður í fjórar síður. Um nýár 1922 náði það aftur sinni venjulegu stærð. Ólafur Kjartansson lét af störfum haustið 1921 og þá tók Helgi Valtýsson við blaðinu um stundarsakir fram til áramóta. Þá var svo komið að stjórn UMFÍ hafði ekki lengur efni á að hafa sérstakan ritstjóra við störf heldur tók hún að sér ritstjórnina í sjálfböðavinnu. Árgjald *Skinfaxa* hafði lengi verið heilar tvær krónur en var nú hækkað upp í heilar þrjár.

Þá er ekki úr vegi að gera aðra úttekt á umfangi ungmennafélaga árið 1922, 10 árum eftir fyrri úttekt. Árið 1922 voru félög innan UMFÍ nálægt því að vera 72 talsins með 3395 félagsmönnum. Aðeins 56 félög með 2286 félaga sáu sóma sinn í að skila skýrslum til UMFÍ það





Guðmundur Hjaltason ásamt Margræti dóttur sinni.

árið. Ungmennafélög landsins voru orðin 144 árið 1922 og áætlaður fjöldi félagsmanna er um 6500. Þetta þýðir að aðeins fjölgaði um 100 félagsmenn á árunum 1912-1922. Það gerðist þrátt fyrir að 56 ný félög væru stofnuð á tímabilinu en staðreyndin er sú að félögum fjölgaði aðeins um fjögur. Þetta þýðir aldurtila 52 ungmennafélaga á þessum tíma og gefur til kynna það bakslag sem varð í hreyfingunni á árum fyrri heimsstyrjaldar og skömmu eftir hana.<sup>53</sup>

Þannig stóðu leikar þegar fjórðungssamböndin voru lögð niður árið 1922 og stjórn UMFÍ fékk loks þau völd sem henni báru sem stjórn landsamtaka. Stjórnarmenn höfðu þó varla tómt til að leiða hugann mikið að þessu því allur tími þeirra og orka fór í *Skinfaxa* og stjórnarfundir UMFÍ voru fyrst og fremst ritstjórnarfundir blaðsins. Pappír og prentun voru munaðarvörur um þetta leyti og stjórnin treysti sér ekki einu sinni til að prenta eyðublöð undir skýrslur félaganna. Það var því þrekvirki að það tókst að halda *Skinfaxa* á lífi og segir meira en mörg orð um hugsjónir þeirra manna sem þar börðust í bökkum bók-

staflega sagt. Lítið ákall á baksíðu *Skinfaxa* frá þessum tíma segir allt sem segja þarf:

Ungmennafélagar! Skinfaxi er blaðið ykkar. Borgið hann og útvegið honum skilvísa kaupendur. Blaðið hefir engar auglýsingatekjur eins og mörg önnur blöð, tilvera þess er því bundin við skilvísa borgun áskrifendanna.<sup>54</sup>

Fjárhagur UMFÍ var ekki burðugur á þessum árum. Þjóðin var fátæk, félögin voru fátæk og UMFÍ var fátækt. Samtökin áttu nokkurri velvild að fagna á æðstu stöðum og styrkur úr landssjóði árið 1909 nam 1000 krónum, sem var heilmikið fé.<sup>56</sup> Fyrir þann styrk var hægt að fylgja *Skinfaxa* úr hlaði og styrkja félögin lítils háttar. Stjórnvöld kipptu að sér hendinni og lækkuðu styrkinn niður í 500 krónur næstu árin. Það var ekki fyrr en árið 1916 sem styrkurinn varð aftur 1000 krónur og árið 1921 hækkaði hann um helming í 2000 krónur, enda var verðbólga þá komin á fleygiferð. Styrkurinn var helsta tekjulind UMFÍ þessi árin og nam þremur fjórðu af öllu innkomnu fé en skattar af ungmennafélögum voru léttvægir og skiptu ekki miklu máli.<sup>56</sup>

Þá er rétt að gera þriðju úttekt á umfangi ungmennafélaganna árið 1938, rétt áður en fargi kreppunnar fór að linna. Þá töldust félög innan UMFÍ 68 og félagsmenn þeirra 3112. Þegar leitað er í félagatöl og skýrslur kemur í ljós að ungmennafélög landsins voru orðin 205 og félagsmenn þeirra 9320.<sup>57</sup> Það er því ekki nema þriðjungur liðsmanna hreyfingarinnar innan vébanda UMFÍ, sem er ótrúlega lítið hlutfall. En nú voru í vændum miklar breytingar sem áttu eftir að margfalda félagatölu UMFÍ. Frá því segir í næsta kafla.

## Fyrirlestraferðir

Eitt það fyrsta sem UMFÍ hugaði að á sínum ferli var hvað helst mætti gera til að útbreiða fagnaðarerindi ungmennafélagshreyfingarinnar til æsku landsins. Niðurstaðan var einföld: Senda góðan mann um landið til að halda vandaða fyrirlestra, helst í hverri sveit. Svo mikil áhersla var lögð á þetta að samþykkt var á stofnþinginu að verja meira en helmingi allra tekna sambandsins til fyrirlestrahalds!<sup>59</sup> Þetta er auðskilið þegar haft er í huga að fjölmiðlar þeirra tíma voru lítil fréttablöð sem komu sjaldan út og sinntu helst stjórn-



## Alþýðufræðarinn Guðmundur Hjaltason

Guðmundur Hjaltason (1853-1919) var fæddur á Ásbjarnarstöðum í Stafholtstungum. Hann fór utan rúmlega tvítugur og nam við bæði norska og danska lýðháskóla. Fáfræði frænda vorra um Íslendinga varð til þess að hann fór að flytja fyrirlestra um Ísland í báðum löndum og urðu þeir 150 á nokkrum árum.

Guðmundur kom til Íslands og fékkst við barnakennslu víðsvegar. Hann hugðist stofna lýðháskóla í Eyjafirði en varð frá að hverfa vegna andstöðu skólamanna við Möðruvallaskóla sem óttuðust samkeppnina. Eftir það var hann farkennari í Norður-Pingeyjar-sýslu í heilan áratug. Aftur sótti útþráin á hann og 1903 fór hann til Noregs og dvaldist þar í fimm ár. Þar varð hann hugfanginn af starfsemi norsku ungmennahreyfingarinnar og gerðist nafntogaður fyrirlesari hennar. Flutti á þessum fimm árum 550 fyrirlestra í 170 ungmennafélögum landsins. Þá var hann árlangt í Danmörku og flutti þar 120 fyrirlestra, flesta um Ísland, því honum virtist ekki veita af því að upplýsa Dani um það að hér byggju ekki eskimóar.

Árið 1909 fluttist Guðmundur til Íslands með fjölskyldu sína. Í farteskinu hafði hann loforð Helga Valtýssonar formanns UMFÍ um fyrirlestrahald á vegum hinnar ungu hreyfingar. Guðmundur tók nú til óspilltra málanna og næsta áratuginn flutti hann hvorki meira né minna en 1100 fyrirlestra víða um land. Skýrslur um ferðir sínar birti hann jafnóðum í *Skinfaxa*.

Guðmundur var þekkvaxinn maður, hægur í framgöngu, prýddur alskeggi eins og þá var alsíða. Hann var alþýðufræðari að upplagi og átti gott með að umgangast börn og unglunga. Hann var ljúfmenni í viðkyrningu, spekingur með barnshjarta, sem vann hug og hjörtu samferðarmanna með falsleysi sínu og einlægni. Hann þótti góður ræðumaður, skýrmæltur og skipulegur. Guðmundur skrifaði ógrynni af greinum í blöð og tímarit á Norðurlöndum og á Íslandi um skólamál, trúmál og skáldskap. Hann gaf einnig út þrjár bækur með ljóðum og smásögum. UMFÍ gaf út ævisögu hans að honum látnum ásamt nokkrum úrvalsfyrirlestrum. Guðmundur var kvæntur Sigríði Þorleifsdóttur frá Háeyri á Stokkseyri og eignuðust þau tvær dætur. Þjóðskáldið Matthías Jochumsson, vinur Guðmundar, orti ljóð til minningar um hann og kallaði það *Guðmundur Hjaltason*, farand-skáld. Því lýkur með þessu erindi:

Ef börnin smáu og blómstrin kynnu að tala  
þau blessa mundu lengi vegferð þína.  
Þú gerðir meira gott en margir ríkir  
því trú og von þér tókst svo vel að ala  
og tilgang guðs í barnamáli sýna.  
Ó, mildi guð! ef margir væri slíkir!<sup>62</sup>



Guðmundur Hjaltason, alþýðufræðari og fyrirlesari.

málaþvargi samtímans. Ungmennafélögin þurftu að koma málstað sínum á framfæri um breiðar byggðir landsins og góður fyrirlesari var gullvægur liðsmaður í þeirri baráttu.

Þegar Helgi Valtýsson var orðinn formaður UMFÍ árið 1908 sneri hann sér beint að því að útvega mann til fyrirlestrahalds. Í huga hans var enginn efi á því hver væri best til starfsins fallinn. Helgi leitaði hófanna við Guðmund Hjaltason kennara sem þá bjó í Noregi en hafði getið sér mikinn orðstír þar í landi fyrir fyrirlestrahald hjá norsku ungmennafélögunum. Guðmundur tók verkefnið að sér og fluttist heim. Hann var þá hálf-sextugur að aldri en ódeigur til ferðalaga og tók

þegar til starfa. Þá var ekki um önnur samgöngutæki en hestinn að ræða og venjan var sú að forsvarsmenn félaganna ferjuðu Guðmund á milli á hestum sínum.

Fyrsta ferð hans varð til ungmennafélaga á Suðurlandi þar sem hann sagði frá norskum ungmennafélögum og ræddi hlutverk íslensku félaganna. Eftir það var Guðmundur á stöðugum ferðalögum um landið fyrir ungmennafélögin og á eigin vegum allt til dauðadags 1919. Fólk þyrptist á fyrirlestra hans og oft voru samkomugestir á annað hundrad. Þá var þétt setinn bekkurinn því samkomuhús voru flest ákaflega lítil um sig þar sem þau voru þó til en það var ekki alls staðar.

Oft stóð þá fyrirlesarinn á baðstofugólfi stórbýlanna eða undir berum himni þegar veður leyfði á sumrin.

Guðmundur Hjaltason ritaði sjálfur ævisögu sína og gaf UMFÍ hana út árið 1923. Þar er að finna þrjá af fyrirlestrum hans. Þeir eru barmafullir af einlægri orðagnótt og viturlegum heilræðum sem voru einkenni hans. Við grípum niður í einn þeirra sem nefnist: *Til æskulýðsins*, en fyrir þann þjóðfélagshóp má segja að Guðmundur hafi fórnað starfskröftum sínum ævilangt:

Fegurðin. Sérhver óspillt og heilbrigð æska elskar fegurðina í einhverri mynd. Það er sönnum æskulýð eðlilegt að vilja vera vel til fara, vera vel búinn. Þessháttar fegurðarþrá er góð sé henni stjórnað vel. Annars verður hún að óþarfri og skaðlegri skrautgirmi. Það er sönnum æskulýð sæmandi að vilja hafa fallett í kringum sig utan húss og innan, hafa allt hreinlegt og reglulegt, prýða kringum sig með fallegum myndum eða blómum, heyra fagran söng eða hljóðfærslátt, eiga sér einhverja ofurlitla jarðneska paradís. Það sómir líka sönnum æskulýð að bera sig vel, hreyfa sig og ganga fallega og eru íþróttir ágætt meðal til þess að læra fallegan limaburð og lipurleik í öllum hreyfingum, já, lipurleik og lagni í líkamlegri vinnu.<sup>60</sup>

Að Guðmundi gengnum fluttu margir ágætir menn fyrirlestra bæði á vegum fjórðunganna og UMFÍ sem styrkti ferðir þeirra veglega. Sum árin fór stærstur hluti af útgjöldum samtakanna til fyrirlestrahalds. Á þingunum 1917 og 1921 var stjórn sambandsins falið að sjá svo um að hvert einasta félag innan þess fengi minnst einn fyrirlestur á ári.<sup>61</sup> Það rættist náttúrulega ekki fremur en svo margar aðrar góðar tillögur en sýnir vel áhersluna sem lögð var á fyrirlestrana. Þeir voru hið andlega eldsneyti sem hélt félögunum gangandi og gaf þeim orku til átaka.

## Hvítbláinn

Þegar ungmennafélögin komu til sögunnar var vorhugur í æskufólki á Íslandi. Unga fólkíð neitaði að lúta höfði í auðmýkt fyrir dönskum kóngi og dönskum fána og vildi eignast sitt eigið þjóðarmerki sem tákn fyrir vaknandi sjálfstæðis-



*Hvítbláinn, fáni UMFÍ. Forsíða bæklinga sem gefinn var út um sögu fánamálsins.*

hug þjóðarinnar. Eins og nærri má geta urðu Íslendingar ekki sammála um þetta frekar en nokkurt annað mál. Deilurnar um nýjan íslenskan fána tóku á sig ýmsar myndir áður en lauk. Um eitt voru menn þó sammála. Hið gamla innsigli Íslands með mynd af flöttum þorski og kórónu Danakóns yfir þar sem þorskhausinn skyldi vera var óhafandi og skyldi varpa í ystu myrkur. Fánamálið var nátengt sjálfstæðismálinu en um þetta leyti virtust vera sóknarfæri til að ná meira frelsi úr höndum Dana.

Frumkvöðull bláhvíta fánans var Einar Benediktsson skáld. Hinn 13. mars 1897 skrifaði hann í blað sitt *Dagskrána* grein sem nefndist „Íslenzki fáninn.“ Þar varpaði hann fyrstur manna fram hugmyndinni um sérstakan íslenskan fána sem skyldi vera hvítur kross á bláum feldi. „Þjóðlitir Íslands eru blátt og hvítt, er tákna himininn og snjóinn,“ bætti Einar við.<sup>63</sup> Föðursystir hans, Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir, sem var formaður Hins íslenska kvenfélags, hafði forgöngu um að sauma bláhvíta fánann þá um sumarið.

Hann var fyrst borinn í skruðgöngu við upphaf þjóðhátíðar sem Stúdentafélag Reykjavíkur gekkst fyrir 2. ágúst sama ár.<sup>64</sup> Talið var að um þrjú þúsund manns hafi sótt hátíðina sem var sú fyrsta í röð þjóðhátíða í höfuðstaðnum allt fram til 1909 að þær féllu niður fyrir fullt og allt.

Hvítblái fáninn í skruðgöngunni þótti nýstárlegur og vakti talsverða athygli. Benedikt Sveinsson alþingismaður, bróðir Þorbjargar og faðir Einars, hóf mikinn áróður fyrir fánanum í blaði sínu *Ingólfi* árið 1906 og von bráðar bættust forsvarsmenn Stúdentafélagsins í hópinn. Þar með blossuðu umræður um fánann upp í blöðum og á fundum. Stúdentafélagsmenn gáfu út bækling sem nefndist einfaldlega *Fáninn* og var með mynd af bláhvítum fána á forsiðu. Þar fylgdi ályktun til landsmanna dagsett 22. október 1906. Inntak hennar var að koma fánamálinu á dagskrá þingmálafunda um land allt og hvetja kjósendur til að skora á þingmenn sína að flytja málið inn á næsta alþingi.<sup>65</sup>

Í þessu riti Stúdentafélagsins birtist hið glæsilega kvæði Einars Benediktssonar „Til fánans“ sem varð í senn herhvöt og stefnuskrá þeirra þjóðræknu Íslendinga sem vildu bláhvíta fánann fyrir merki sitt en láta hinn rauðlitaða Dannebrog lönd og leið. Fyrsta og fimmta erindi kvæðisins höfðu mjög sterkt til ungmennafélaga landsins.

Rís þú, unga Íslands merki,  
upp með þúsund radda brag.  
Tengdu í oss að einu verki  
anda, kraft og hjartalag.  
Rís þú, Íslands stóri, sterki  
stofn, með nýjan frægðardag.

Skin þú fáni eygni yfir,  
eins og mjöll í fjallahlíð.  
Fangamarkið fast þú skrifir  
fólks í hjartað ár og síð.  
Munist hvar sem landinn lifir  
litir þínir alla tíð.<sup>66</sup>

Nokkru síðar var hinum nýja fána gefið nafn, sem var ekki síðra listaverk en hið snjalla kvæði Einars. Dr. Helgi Pjeturs skírði hann Hvítbláin og því nafni hefur hann haldið síðan.<sup>67</sup> Eins og nærri má geta sátu ungmennafélagar ekki með hendur í skauti þegar fánamálið kom til kasta þjóðarinnar. Forsvarsmenn Ungmennafélags Akureyrar voru þar í fararbroddi og höfðu valið sér fánagerð sem

var að öllu leyti eins og bláhvíti fáninn nema þeir vildu hafa bláan kross inni í hvíta krossinum. Á fundi félagsins þann 25. nóvember 1906 var sá fáni samþykktur.<sup>68</sup> Þeir fylgdu hugmynd sinni fram af miklum krafti og sendu út um landið, í hvern einasta hrepp, sýnishorn af fánagerð félagsins og einnig Stúdentafélagsins og báðu menn að velja á milli.<sup>69</sup>

Um veturinn voru haldnir fundir í tugatali, vítt og breitt um landið. Það er skemmst frá því að segja að fáni Stúdentafélagsins hlaut yfirgnæfandi fjöldafylgi á þessum fundum. Þá brugðust forsvarsmenn Ungmennafélags Akureyrar við af miklum drengskap og ákváðu að styðja þann fána jafn einarðlega og sína hugmynd fyrrum. Á almennum borgarafundi á Akureyri 20. maí 1907 var lesin upp yfirlýsing frá félaginu þessa efnis og var henni tekið með dynjandi lófaklappi fundarmanna.<sup>70</sup>

Ungmennafélagshreyfingin tók undir afstöðu Akureyringa og fylkti sér einhuga og ákveðið um Hvítbláin. Það var samt ekki einhugur um hann meðal þjóðarinnar. Stjórnmalin skiptu þjóðinni í tvær fylkingar, með og móti. Annars vegar voru hinir róttæku Landvarnarmenn sem vildu sjálfstæði landsins og íslenskan fána nú þegar og hins vegar hægfara Heima-stjórnarmenn sem töldu ekkert liggja á og varasamt að heimta of mikið af Dönum sem gætu móðgast. Foringi Heima-stjórnarmanna var Hannes Hafstein



*Einar Benediktsson skáld, frumkvöðull hvítbláa fánans.*



*Dr. Helgi Pjeturs gaf fánanum nafnið Hvítbláinn.*



*Einar Pétursson á báti sínum í höfninni í Reykjavík 12. júní 1913 með Hvítbláin í skut.*

ráðherra. „Menn tala hér um íslenzkan fána. Hvað er íslenzkur fáni? Er það ekki rauður feldur með hvítum krossi?“ hrópaði Hannes Hafstein af miklum móði á kosningafundi í Reykjavík 1908.<sup>71</sup> Þetta mátti til sanns vegar færa en hljómaði illa í eyrum ungmennafélaga. Ósigur Hannesar og félaga hans í alþingiskosningum þetta sumar styrkti stöðu Hvítbláins meðal þjóðarinnar en andstaða danskra stjórnvalda setti málið í pattstöðu.

Um tíma gerðist fátt í fánamálum en fimmtudaginn 12. júní 1913 dró til tíðinda. Þá reri ungur maður, Einar Pétursson, bróðir Sigurjóns glímukappa, sér til skemmtunar um Reykjavíkurböfn með bláhvítan fána við hún. Þessa óhæfu sá danskur varðskipsforingi og sendi heila sjóliða-sveit á vettvang að gera fánann upptækan. Fréttin um þetta barst með leifturhraða um Reykjavík og hleypti mikilli ólgu í blóð hinna gæflyndu bæjarbúa. Hópur ungmennafélaga gekk samstundis frá störfum sínum út um bæinn og skoraði á alla sem áttu bláhvíta fána að draga þá að hún. Þá varð á skammri stundu litabreyting í lofti. Eins og hendi væri veifað sáust bláhvítir fánar blakta á hverri

stöng og þeim var jafnvel stungið út um gluggana þar sem stengurnar skorti. Fljótlega seldust allir íslenskir fánar upp. Örfáir danskir fánar voru uppi en þeir voru fljótlega dregnir niður.<sup>72</sup> Um kvöldið mættu allt að fimm þúsund manns á borgarafund og samþykktu mótmæli gegn fánatökunni. Þarna vaknaði þjóðarmetnaður Íslendinga af værum blundi og eftir þetta var sjaldgæft að sjá danska fána á lofti hér á landi.

Árið 1915 eignuðust Íslendingar hinn þrílita þjóðfána sem var reyndar bláhvítur fáninn með þeirri viðbót að rauðum krossi var bætt inn í þann hvíta. Unnendur Hvítbláins höfðu lengi horn í síðu hins þrílita fána og töluðu um danskan fánalit en verjendur hans bentu á að hér væri tákni um roða jarðeldsins á ferð og einnig samsvörun við norska fánann sem gæfi til kynna sameiginlegan uppruna þjóðanna.

Ungmennafélagar tóku ástföstri við Hvítbláin, þennan fallega fána, og þegar svo fór að hann var ekki valinn þjóðfáni Íslands árið 1915, eins og vonir margra stóðu til, varð hann sjálfkrafa fáni UMFÍ og þar með allra ungmennafélaga. Hann



## Náttúruverndarmaðurinn Guðmundur Davíðsson

Guðmundur Davíðsson (1874-1953) fæddist í Kárdalstungu í Vatnsdal og ólst þar upp. Hann nam við Flensborgarskóla í Hafnarfirði og lauk kennaraprófi 1901. Við kennslu starfaði hann frá 1906-1931 við barnaskólann í Reykjavík. Hann gekk í Ungmennafélag Reykjavíkur 1909 og komst fljótlega í framvarðarsveit hreyfingarinnar. Hann var kosinn í stjórn UMFÍ árið 1914 og valinn sambandsstjóri sem þá var ólaunaður framkvæmdastjóri hreyfingarinnar. Því starfi gegndi hann til 1917 en var kosinn aftur í stjórn árið 1921 og sat þar til 1924. Hann samdi bækurnar Skógræktarritið og Um ungmennafélögin sem komu út á vegum UMFÍ árin 1912 og 1915.

Snemma varð Guðmundur eldheitur baráttumaður fyrir ræktun og friðun skóga og góðri meðferð dýra og allra lifandi vera. Hann skrifaði fjölda blaðagreina, bæklinga og bóka um þetta hugðarefni sitt. Náttúruvernd var næstum óþekkt hugtak hér á landi í byrjun 20. aldar þegar segja má að flestir Íslendingar hafi stundað óhefta rányrkju um láð og lög. Ritgerð Guðmundar Rán eða ræktun, sem kalla má stefnuskrá hans, kom út árið 1923. Nafnið er lýsandi og þar sýndi hann fram á að ræktun leiði af sér blessun og blómgun en ávextir rányrkju séu bölvun og tortfming.

Árið 1913 kom Guðmundur fyrstur manna fram með þá hugmynd að friðlýsa Þingvelli og stofna þar þjóðgarð. Þeir voru þá í algerri niðurníðslu og Guðmundur fór hörðum orðum um þau yfirvöld sem töluðu um „helgan völl“ og færðu þangað með konunga og mikils háttar gesti en létu svo þennan helgistað þjóðarinnar drabbast niður. Lengi vel talaði hann fyrir daufum eyrum en þegar stórvinur hans, Jónas frá Hriflu, var orðinn valdamesti maður þjóðarinnar árið 1927 ákvað hann að hrinta hugmyndum Guðmundar í framkvæmd.

Þingvellir voru gerðir að þjóðgarði árið 1930 og Guðmundur ráðinn fyrsti þjóðgarðsvörðurinn. Þar var réttur maður á réttum stað. Hann lét af starfinu 1940, þá rúmlega hálfstjúgur og gerðist starfsmaður Alþingis um átta ára skeið. Hann var kvæntur Málfríði Soffú Jónsdóttur frá Varmá í Mosfellssveit og eignuðust þau tvö börn.<sup>87</sup>

Guðmundur Davíðsson var einlægur áhugamaður um náttúruvernd og brautryðjandi á því sviði. Segja má að hann hafi fundið upp hugtakið hérlendis og verið fyrsti alhliða náttúruverndarmaður Íslands. Það fór vel saman við markmið UMFÍ: Ræktun lýðs og lands.<sup>91</sup>



Guðmundur Davíðsson, formaður UMFÍ 1914 til 1917.

var þó ekki staðfestur í lögum þess fyrr en árið 1949. En fánamálið var tákngerving sjálfstæðismálsins í augum ungmennafélaga og enn þann dag í dag er Hvítbláinn tákn um hreinleika landsins – „eins og mjöll í fjallahlíð.“

### Baráttan við brennivínið

Það var Jóhannes Jónsson sem réð mestu um að ákvæði um starf á kristilegum grundvelli og skuldbinding um bindindi voru sett inn í lög Ungmennafélags Akureyrar og síðan UMFÍ við stofnun þeirra. Þessi ákvæði urðu vægast sagt umdeild þegar í upphafi. Ýmist töldu menn það ríða á lífi hreyfingarinnar að halda þau í heiðri eða menn töldu þau standa henni fyrir þrifum. Fyrsta rimman varð á stofnfundi Ungmennafélags Akureyrar og þá greiddu tveir af fjórtán stofnfélögum atkvæði gegn bindindiskröfunni því þeir

töldu að hún myndi halda mörgum góðum liðsmanni utan félagsins. Jóhannes segir í ævisögu sinni frá því þegar hann lenti í orðasennu um þessi mál á stofnfundi ungmennafélags á Ásafirði árið 1907.

Meðal fundarmanna var Jónas skáld Guðlaugsson, þá skólapiltur og myndar strákur, hvorki óánægður með gáfur sínar né vitsmuni fremur en skólapiltar yfirleitt eru. ... Hann staðnæmdist uppi við ræðupúltið, hneigði sig hoffmannlega fyrir mér um leið og hann bað um orðið, dró síðan glófa af höndum sér með fyrirmannlegri ró og lagði þá ásamt stafnum fyrir framan sig á ræðupúltið. Gerði sér svo lítið fyrir og reif niður allt sem ég var búinn að þruma yfir fundarmönnum. Einkum voru það þó bindindisheitið og yfirlýsingin um guðstrúna sem

hann fann stefnuskrá ungmennafélaganna og lögum þeirra til foráttu.<sup>73</sup>



*Skáldið Jónas Guðlaugsson háði harða sennu við Jóhannes Jósefsson um bindindisheitið en lét sannfærast að lokum.*

Peir Jónas og Jóhannes töluðu til skiptis og deildu hart í eina tvo tíma en að lokum var það Jónas sem skrifaði fyrstur undir lög ungmennafélagsins með óbreyttum ákvæðum um bindindi og guðstrú.<sup>74</sup> Þótt Jóhannesi tækist að sannfæra ungskáldið þarna á Ísafirði voru ungmennafélagar mishrífir af þessum ákvæðum og margir töldu þau skerða einstaklingsfrelsið sem þá var nýtt og fremur óþekkt hugtak. Til dæmis sauð upp úr á aðalfundi Ungmennafélags Reykjavíkur í febrúar árið 1908. Hópur manna sem var andsnúinn guðstrúar- og bindindisákvæðum laganna sögðu sig úr félaginu og gengu af fundinum. Skömmu síðar stofnuðu þeir ungmennafélagið Einar Þveræing með frjálslegum lögum þar sem hvorki var minnst á alföður né áfengi.<sup>75</sup> Þrátt fyrir þetta sjálfstæði varð Einar karlinn skammlífur enda voru dyr UMFÍ honum lokaðar. Það voru fyrst og fremst bindindismálin sem urðu ásteytingarsteinninn. Margir ungmennafélagar voru heitir bindindismenn sem höfðu séð illar afleiðingar víndrykkjunnar á vegferð sinni. Þeir drykkjumenn sem komu óorði á brennivín voru líka bæði drjúgmargir og talsvert áberandi upp úr aldamótunum 1900.

Ungmennafélögin voru samherjar en einnig óbeint keppinautar góðtemplara sem höfðu náð nokkurri fótfestu í landinu á síðasta áratug 19. aldar. Stórstúka Íslands sem var stofnuð 1886 sendi erindreka sína vítt og breitt um landið í kringum aldamótin gagngert til að stofna nýjar stúkur og varð vel ágengt. Stúkurnar spruttu upp eins og gorkúlur en urðu margar skammlífar. Þær héldu sig fyrst og fremst í þéttbýli og voru sjö stúkur starfandi í Reykjavík árið 1906 en aðeins tvær í Rangárvallasýslu svo dæmi sé tekið. Í Ár-

nessýslu voru þá fimm stúkur, allar í sjávarþorpunum Eyrarbakka og Stokkseyri.<sup>76</sup>

Breyskleiki stúkumanna varð til þess að skipaðar voru dómnefndir sem dæmdu í meintum bindindisbrotum félagsmanna. Hinir seku voru ýmist dæmdir í sektir eða gerðir brottrækir. Ýmis ungmennafélög tóku upp þetta fyrirkomulag til að byrja með. Syndin er lævis og lipur og jafnvel forvígismenn áttu það til að falla í freistni. Þannig voru til dæmis tveir af stofnendum UMFÍ og félagsmenn Ungmennafélags Akureyrar, þeir Guðmundur Guðlaugsson og Bernharð Stefáns-son, sektaðir fyrir að hrasa á hálu svelli Bakkusar.<sup>77</sup> Bernharð gerði þó góða yfirlát og starfaði talsvert innan hreyfingarinnar á næstu árum.


Góðtemplarar og ungmennafélagar tóku höndum saman til að tryggja aðflutningsbann á áfengi sem samþykkt var í alþingiskosningum 1908. Þegar þetta helsta baráttumál templara var í höfn dvínaði eldmóður þeirra og stúkum fækkaði um helming á árunum 1908-1924 meðan ungmennafélögum fjölgaði hratt.<sup>78</sup> Svo virðist að viðfangsefni templara hafi verið of einhæf til að höfða til ungs fólks til jafns við ungmennafélögin. Ekki er ósennilegt að hinar „steinrunnu serimoníur fundahaldanna“ í stúkunum hafi fælt unga fólkið frá þeim eins og séra Gunnar Benediktsson, sem bæði hafði reynslu af stúkum og ungmennafélögum, tíundaði í ævisögu sinni síðar.<sup>79</sup> Svo mikið er víst að ungmennafélögin náðu þegar fram liðu stundir afgerandi sigri í þeirri samkeppni sem átti sér stað við góðtemplara um hylli unga fólksins.

Áfengisbannið dugði þó skammt í baráttunni við brennivínið.

Bruggarar og smygjarar sáu um að hafa það áfram á boðstólum og sífellt kvarnaðist úr viðnámi bannmanna með lækna-brennivíni og Spánarvínnum. Það er áráttu mannskepnunnar að sækja í vímu og tvífættir Íslendingar hafa aldrei verið undantekning frá þeirri



*Bernharð Stefánsson hrasaði á svelli brennivínsins en stóð upp aftur.*



*Jóhannes Jósefsson var heljarmenni að burðum en tókst að fá Jónas Guðlaugsson á sitt band með fortölum.*

reglu. Það var opinbert leyndarmál innan ungmennafélagshreyfingarinnar að margir gengu úr henni vegna bindindisákvæðisins sem ella hefðu verið góðir liðsmenn. Margir töldu aftur á móti að ákvæðið hefði tryggt tilveru margra ungmennafélaga og einmitt þessvegna hefðu margir góðir félagar gengið til liðs við hreyfinguna.

Ungmennafélag Skriðuhrepps var stofnað árið 1907 og hafði þá hvorki bindindi né kröfu um guðrækni í lögum sínum. Það varð eitt af stofnfélögum UMFÍ og varð þá að hlíta lögum þess

um hvort tveggja. Þá gengu allnokkrir úr félaginu sem ekki vildu láta setja sér nærgöngul skilyrði um einkalíf og hegðun eða kröfur um sérstakan átrúnað.<sup>80</sup> Félagið hvarf skömmu síðar úr UMFÍ og átti ekki afturkvæmt fyrr en eftir 1940.<sup>81</sup>

Ungmennafélagið Baldur í Hraungerðishreppi í Árnassýslu hætti störfum sökum mannfæðar árið 1917. Þessi mannfækkun var meðal annars talin stafa af andstöðu við bindindisheitið en ekki því að sveitungarnir væru drykkfelldari en gerðist annars staðar. Hreppsþúar stofnuðu um hæl Lestrafélag Hraungerðishrepps og þangað komu allir týndu sauðirnir sem ekki undu bindindisheitinu. Félagið sá um fræðslu og skemmtanir í sveitinni í heilan áratug og byggði að auki Þingborg, veglegasta samkomuhús austan Hellisheiðar, árið 1927. Þá höfðu mál skipast svo að ungmennafélagið var endurvakið með óbreyttu bindindisheiti og tók aftur við stöðu sinni sem helsta félag unga fólksins.<sup>82</sup>

Margir hinna hófsamari ungmennafélaga töldu rétt að afnema bindindisákvæðið en aðrir stóðu fast á móti og töldu það hrein svik við málstaðinn. Víst er að ákvæðið hindraði inngöngu fjölda félaga í UMFÍ. Þegar héraðssamböndin í Skagafirði og Suður-Þingeyjarsýslu voru stofnuð á öðrum áratug 20. aldar ákváðu þau að standa utan UMFÍ fyrst og fremst vegna hins stranga bindindisheitis.<sup>83</sup> Sama gildi um ungmennafélög hér og þar um landið sem ekki gengu í raðir sambandsins af þessum ástæðum. Það var að sjálf-sögðu hnekkir fyrir UMFÍ að fara á mis við starfskrafta þessara ágætu félaga. Það var þó ekki fyrr en á þingi UMFÍ árið 1933 sem skuldbindingarákvæðið var fellt úr lögum þess enda var þá löngu hætt að framfylgja því stranglega. Bindindi var áfram á stefnuskrá UMFÍ en það var ekki lengur gert að skilyrði fyrir þátttöku.<sup>84</sup> Þetta líkaði sumum vel en öðrum illa og forráðamenn Ungmennasambands Eyjafjarðar brugðust við með því að segja sig úr sambandinu árið 1934. Sjö árum seinna virðist þó gróið um heilt því þá gekk UMSE aftur í UMFÍ.<sup>86</sup>

## Þú en ekki þér

Eitt af nýmælum ungmennafélaganna var afnám þéringanna. Á öndverðri 20. öld þóttu þéringar sjálfsagðar milli ókunnugra og einkum voru menntamenn og embættismenn þeim hlyntir. Með þéringunum mátti draga skýra línu á milli



## Stjórnmalamaðurinn Jónas Jónsson frá Hriflu

Jónas Jónsson (1885-1968) fæddist á Hriflu í Bárðardal og ólst þar upp. Hann hóf skólanám sitt í Gagnfræðaskólanum á Akureyri og þar komu afburðagáfur hans í ljós. Um tvítugt fór þessi fátæki bóndasonur utan og stundaði nám um fimm ára skeið í dönskum, þýskum og enskum skólum þar sem hann kynnti sér einkum skólamál. Jónas var síðan kennari við Kennaraskólann í næstum áratug. Þá gerðist hann skólastjóri Samvinnuskólans árið 1918 og veitti honum forstöðu allt til 1955 nema þau ár sem hann gegndi ráðherrastöðu.

Jónas varð snemma einn af framámönnum Ungmennafélags Reykjavíkur og lét öll framfaramál til sín taka í ræðu og riti. Þegar hann gerðist ritstjóri Skinfaða árið 1911 færðist nýtt líf í blaðið og hinn ungi ritstjóri varð samstundis þjóðkunnur fyrir ádeilugreinar sínar. Jónas varð formaður UMFÍ árið 1917 á miklum erfiðleikatímum í sögu sambandsins. Óáran vegna stríðsins, vöruskortur, dýrtíð og erfiðar samgöngur settu mark sitt á mannlífið og félagsleg deyfð fór vaxandi.

Jónas lá hvergi á líði sínu og skrifaði margar hvatningargreinar í Skinfaða á þessum árum og einnig eftir að hann lét af ritstjórninni árið 1918. Hann var ólaunaður starfsmaður sambandsins eins og allir formenn hafa verið fyrir og síðar og mæddi mjög á honum því oft var hann einn að störfum. Jónas lét af formannsstörfum árið 1921 en var ævilangt stuðningsmaður ungmennafélaganna.

Jónas var hugsjónamaður og helstu draumsjónir hans voru fjölmennar íslenskar sveitir þar sem vel menntaðir bændur sætu á góðbýlum sínum. Fjölpætt menningar- og félagslíf í hverri sveit undir handarjaðri ungmennafélaganna, heimavistarskólar í hverju héraði og góð samvinna dreifbýlis og þéttbýlis um landið allt. Hin róttæka þjóðmálahugsjón samvinnustefunnar og efling kaupfélaganna var honum einnig hugstæð enda taldi hann þetta af einni rót runnið.

Jónas gerðist stjórnmalamaður til að vinna hugsjónum sínum brautargengi. Hann varð fljótlega einn af áhrifamönnum Framsóknarflokksins og formaður hans árin 1934-1944. Árið 1927 varð hann dóms- og kirkjumálaráðherra í ríkisstjórn flokksins og gegndi því starfi um fimm ára skeið. Undir það heyrðu heilbrigðis- og kennslumál. Þá gafst honum kjörið tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Jónas var jafnan fremstur í áhlaupi en síðastur á flóttu og tók svo rösklega til hendinni að áhrifa hans gætir enn í dag, áttatíu árum síðar. Uppbygging héraðsskólanna, samvinnuverslunar og landbúnaðar var meðal þess sem hann beitti sér fyrir og hann gekk óhræddur á hölm við hið gamla embættismannaveldi landsins og gerði því skrávefur. Hann var bæði áreitinn og stjórnsamur og varð umdeildasti stjórnmalamaður millistríðsáranna.

Jónas var afkastamaður svo af bar. Stóð í bréfaskriftum við fjölda manna á hverjum degi og símtölin voru í tugum talin. Minnið var frábært og hann gleymdi aldrei nöfnum þeirra sem hann hitti. Þá er ótalið að hann skrifaði manna mest í dagblaðið Tímann, Nýja dagblaðið og fjölda annarra blaða um áratugaskeið meðfram öllum öðrum störfum. Hann skrifaði hárbeyttan stíl og sveiflaði brandi sínum óvægilega gegn þeim sem hann vó að hverju sinni. Margan sveið undan þeim ádreppum og Jónas var ýmist elskaður eða hataður. Þar var enginn millivegur.

Íslandssaga Jónasar var kennd í barnaskólum landsins í meira en 60 ár og ritverk hans skipta hundruðum. Ævisaga Jónasar í þremur bindum eftir Guðjón Friðriksson kom út árin 1991-1993. Hann var kvæntur Guðrínu Stefánsdóttur frá Granastöðum í Köldukinn og eignust þau tvær dætur.<sup>91</sup>



Jónas Jónsson frá Hriflu, formaður UMFÍ 1917 til 1921.

höfðingjanna og sauðsvarts almúgans. Sagt er að bónda einum orðheppnum hafi óvart orðið það á að þúa prestinn sinn þegar hann ávarpaði hann eftir messu. Prestur, sem var hinn mesti stórbokki, brást ókvæða við og sagði: „Þúið þér virkilega prestinn yðar?“ „Nei, nei,“ svaraði bóndinn og vitnaði svo í faðirvorið: „Ég þúa guð minn en þéra andskotann og yður!“

Þéringar voru ávarpsmáti sem fólst í því að tala við næsta mann og um sjálfan sig í íðilhátíðlegri fleirtölu. Þér um yður hljómaði þá í viðræðum ókunnugra eða þar sem annar aðilinn taldi sig standa ofar í tröppu þjóðfélagsins. Jóhannes Jósefsson sagðist aðeins hafa heyrt um einn ungmennafélag í sveit sem varð svo gagntekinn af þessu málfari „að hann var farinn að þéra kýrnar



Tryggvi Þórhallsson var feiminn við að þúa stúlkurnar.

því að vera þúaðar á förnum vegi og þótti það helst til kumpánleg framganga þótt félagsbræður þeirra úr Ungmennafélagi Reykjavíkur ættu í hlut.

Tryggvi Þórhallsson, síðar forsætisráðherra, vakti máls á þessu í grein sem hann reit í handskrifað félagsblað Ungmennafélags Reykjavíkur í júlí 1908. Tryggvi taldi feimni valda þessu og sagðist sjálfur vera feiminn við að þúa stúlkurnar. Þessu svaraði Jón nokkur Þorvaldsson Sívertsen í háðslegri grein í sama blaði. Hann henti gaman að Tryggva fyrir hérhátt og kvaðst ekki trúa því að tepruskapur sá sem einkenndi kvenfólk margra landa ætti heima hjá íslenski kvenþjóð.<sup>88</sup> Jón talaði þarna fyrir munn ungmennafélaga sem gerðu þúanir að lið í sjálfstæðisbaráttunni og tákni um andóf gegn dönskum áhrifum en þaðan voru þéringarnar runnar.

Í fyrstu lögum UMFÍ árið 1907 voru tekin af öll tvímæli um þetta. Þar stóð skýrt og skorinort: „Allir reglulegir ungmennafélagar innan sambandsins skulu þúast.“<sup>89</sup> Með árunum var orðalagið einfaldað og í lögunum frá 1963 stóð einfaldlega: „Allir ungmennafélagar skulu þúast.“<sup>90</sup> Ákvæðið var talið óþarft og fellt út úr lögunum árið 1975. Það var um svipað leyti og síðustu leifar þéringanna gufuðu upp í þjóðfélaginu og fréttamenn sjónvarpsins hættu að þera ráðherra og fyrimenn í viðtölum. Fáum blandast hugur um að afstaða ungmennafélaganna skipti hér máli.

Stór þjóðfélagshópur tók sig saman um að afneita innfluttri siðvenju sem smám saman lét undan síga og hvarf. Líklega sakna hennar fáir.

og ossa sjálfan sig og fjóshauginn.<sup>87</sup>

Flestir ungmennafélagar voru andvígir þessum uppskafningshætti og töldu þéringar lítið erindi eiga inn í ungmennafélögin sem byggðust á jöfnuði milli félaganna. Undantekningin var að reykvískar ungrfrúr í Ungmennafélaginu Iðunni voru dálítið hvumpnar yfir

## Ó hve margur yrði sæll

Á Íslandi hefur aldrei verið herskylda svo sem í flestum öðrum löndum og hefur slík vöntun aldrei verið landsmönnum áhyggjuefni. Sú hugmynd hefur þó komið fram oftar en einu sinni að íslensk ungmenni hefðu tímabundna vinnuskyldu í þágu lands og þjóðar. Þessi hugmynd hlaut nafnið þegn-skylduvinna og var um tíma talsvert rædd meðal ungmennafélaga.

Hermann Jónasson alþingismaður frá Þingeyrum upphóf þetta mál með þingsályktunartillögu sem hann flutti á þingi árið 1903. Hugmyndin var að ungir piltar 18-22 ára ynnu kauplaust fyrir landið sjö vikur á ári við jarðyrkju, skógrækt og vegavinnu. Alþingismenn voru tómlátir og árið 1908 endurvakti Hermann málið með því að gefa út bókina *Þegnskylduvinna*. Þar hvatti hann ungmennafélögin til að styðja hugmyndina og taldi það í samræmi við kjörorð þeirra allt fyrir Ísland.<sup>92</sup> Skoðanir voru skiptar meðal ungmennafélaga. Í *Skinfaxa* árið 1911 birtust til dæmis ályktanir tveggja félaga sem stönguðust á. Ungmennafélag Akureyrar var mótfallið þegnskylduvinnunni og taldi hana verða þjóðfélaginu til ógagns en Ungmennafélag Skeiðamanna taldi hana stórt spor til framfara og menningar.<sup>93</sup> Helgi Valtýsson þáverandi formaður UMFÍ var málinu hlynntur og það var til umræðu á þingum sambandsins árin 1911 og 1914 án niðurstöðu.<sup>94</sup> Þegar pólitík var hlaupin í málið urðu æ fleiri því fráhverfir. G u ð m u n d u r Davíðsson, formaður UMFÍ 1914-17, var ekki hrifinn af því hvernig málinu var kastað inn á borð ungmennafélaga og varaði við afskiptum af því árið 1916:



Hermann Jónasson frá Þingeyrum vildi koma á þegnskylduvinnu.

En það erindi átti þegnskyldumálið inn til ungmennafélaga að verða þar þrætuepli, og koma af stað verulegum skoðanamis-



*Kveðjusamsæti sem Ungmennafélag Reykjavíkur og Ungmennafélagið Íðunn héldu Guðbrandi Magnússyni 1914.*

mun. Félagsmenn voru samt svo gætnir, að deila ekki um málið opinberlega, og væri full þörf á, að í því efni yrði framvegis gætt hinnar mestu varkárni, eftir að málið er orðið bitbein stjórnámálanna.<sup>95</sup>

Svo fór að málið var tekið til þjóðaratkvæðagreiðslu í alþingiskosningum árið 1916. Þar var þegnskylduvinnunni hafnað með 90 af hundraði atkvæða svo nú þurfti ekki framfar vitnanna við. Tilraun var gerð árið 1941 til að endurvekja hugmyndina og meira að segja voru gefin út heimildarlög sem aldrei hafa verið notuð.<sup>96</sup> Margir ráðamenn þjóðarinnar voru hlynntir málinu en almenningur, þar með taldir ungmennafélagar, lét sér fátt um finnast. Líklega hefur afstaða þjóðarinnar endurspeglast best í þessari meinlegu vísu eftir Pál J. Árdal sem sagt er að hafi kveðið þegnskylduvinnuna endanlega í kútinn:

Ó hve margur yrði sæll  
og elska myndi landið heitt.  
Mætti hann vera í mánuð þræll  
og moka skít fyrir ekki neitt.<sup>97</sup>

## **Ræktun lýðs; lestur, fundir, félagsblöð, söngur og málrækt**

Strax í upphafi létu ungmennafélögin sér annt um hið andlega fóður félagsmanna ekki síður en lík-

amsmenntina. Þar voru fundirnir efstir á blaði. Mörg félögin héldu fundi sína vikulega yfir veturinn til að byrja með en nokkru færri á sumrin. Fundir Ungmennafélags Akureyrar árið 1906 voru til dæmis 42 að tölu.<sup>98</sup> Með árunum dró úr fundahöldunum en lengi vel var ekki óalgengt að félögin héldu fundi mánaðarlega eins og skýrslur þeirra á árunum 1913-1916 bera með sér.<sup>99</sup> Fyrstu árin var stundum glímt í fundarlok en mörgum fundum lauk með dansi við undirleik harmoníku eða bara hárgreiðu þegar hljóðfærið vantaði.

Fundirnir voru málfundir og þar var sko talað. Mál voru brotin til mergjar og menn voru síður en svo alltaf sammála. Margir gerðu málfundina að íþrótt og sátu sig ekki úr færi við að andmæla frummælendum til að skapa umræður. Það gerðu þeir eins þótt þeir væru í hjarta sínu sammála þeim og rökræður langt fram á nótt voru ekki óalgengar á ungmennafélagsfundum. Margir stjórnámálamenn og framámenn þjóðfélagsins hafa bæði fyrr og síðar fengið fyrstu og bestu æfinguna í ræðumennsku á fundum ungmennafélaganna. Þannig mundi einn ungmennafélaginn eftir málfundunum í félagi sínu skömmu fyrir miðja síðustu öld:

Fundirnir í gamla daga voru oft langir og stóðu jafnvel til klukkan sex á morgnana, sérstaklega ef umræður voru harðar um einhver málefni. Ég man eftir að Hannes í



Meðalholtum, Steindór á Haugi, svo og bræðurnir frá Króki, Ólafur og Bjarni, voru oft seigir við að halda uppi málþófi og halda umræðum vakandi. Annars voru margir mælskumenn í félaginu á þeim tíma og fundirnir liflegir.<sup>100</sup>

Á fundunum var söngur í hávegum hafður og flestir fundir byrjuðu og enduðu með því að fundarmenn sungu ættjarðarkvæði eða jafnvel sálma. Þessi siður hélst víða fram undir miðja 20. öld en vék þá af sjónarsviðinu. Annar hlutur sem félögin tömdu sér var útgáfa svokallaðra félagsblaða. Hér var oftast um að ræða handskrifuð blöð í einu eintaki sem lesin voru upp á félagsfundum. Stundum var þó um að ræða blöð sem gengu um sveitina og fóru þá svokallaða boðleið, en það var sú leið sem fljótlegast var að rekja sig eftir milli bæja í sveitarfélaginu.

Blöð til upplestrar voru þó algengust og hétu fallegum nöfnum eins og *Viljinn*, *Baldur*, *Neisti*, *Röðull*, *Árgeisli* og þar fram eftir götunum. Í þau skrifuðu félagsmenn það sem þeim lá á hjarta, hugvekjur um félagsstarfið, smásögur, ljóð og jafnvel þýðingar úr erlendum málum. Þá voru frásagnir og ferðasögur vinsælar. Flestir pistlarnir voru skráðir undir dulnefni því feimnin hrjáði margan góðan ungmennafélaga fyrr og síðar og menn settu ljós sitt undir mæliker. Eitt vandaðasta félagsblaðið var *Skinfaxi*, blað Ungmennafélags Reykjavíkur sem kom til sögunnar þremur árum á undan nafna sínum hjá UMFÍ. Af *Skinfaxes* Ungmennafélags Reykjavíkur er nú að finna á Landsbókasafni fjórar þykkar, þéttskrifaðar bækur frá árunum 1906-1918. Margir ritsnillingar birtu afurðir sínar í *Skinfaxes*, ritgerðir, sögur og ljóð og stundum komu upp ritdeilur milli félaganna. Þórbergur Þórðarson var á meðal rithöfundanna og birti þar mörg af æskuljóðum sínum.<sup>101</sup>

Blómatími félagsblaðanna var á fyrri hluta 20. aldar og eftir því sem best verður séð gáfu bókstaflega öll ungmennafélög á þeim tíma út blað einhvern tíma á ferli sínum og sum nokkuð lengi.<sup>102</sup> Þegar kom fram á áttunda og níunda áratug aldarinnar voru slík blöð næstum alls staðar úr sögunni en útgáfa fréttabréfa færðist í aukana og hafa þau síðustu árin verið hinir raunverulegu fjölmiðlar ungmennafélaganna.

Það var þó ekki bara hopp og hí, söngur, ræður og dans, sem höfðu til ungmennafélaga á fyrstu árum 20. aldar. Margir voru lestrarfúsir en les-



Forsíða *Oddrunar*, blaðs ungmennafélaga á Vestfjörðum árið 1927.

efnið í boði var fremur fátæklegt. Mörg ungmennafélög komu sér upp bókasöfnum og þar sem fjárráðin voru lítil var sparað með því að selja gömlu bækurnar árlega og kaupa nýjar fyrir andvirðið með dálítilli viðbót úr félagssjóði. Önnur félög seldu enga bók og eignuðust væn söfn bóka sem voru lánaðar félagsmönnum. Þegar héraðsbókasöfnum fjölgaði hættu flest félögin að reka bókasöfn en sum eiga sitt safn enn þann dag í dag. Þar má nefna Ungmennafélagið *Dagrenningu* í *Lundarreykjadal* en safn þess var hátt í 4000 bindi árið 1992.<sup>103</sup>

Verndun og hreinsun móðurmálsins var ungmennafélögum hugleikin þegar í upphafi eins og tekið var fram í stefnuskrá UMFÍ.<sup>104</sup> Á þingi UMFÍ í Reykjavík 1908 var samþykkt áskorun á blaðamenn og rithöfunda landsins „að þeir láti sér sem annast um að vernda og hreinsa móðurmálið í öllum ritum sínum, bókum og blöðum.“<sup>105</sup> Menn vissu þá, ekki síður en nú, að fjölmiðlar hafa grundvallarhrif á þróun tungunnar. Sömu leiðis var fundið að því hversu mikið væri kennt í erlendum námsbókum í íslenskum skólum og skorað á ríkisstjórnina að ráða bót á því.<sup>106</sup>

Í mörgum ungmennafélögum var rætt um svokölluð mállýti, það er ambögur og erlendar slettur. Þá var ekki síst verið að hugsa um dönsku-



Glímukapparnir Hallgrímur Benediktsson og Sigurjón Pétursson fengu tiltal hjá mállýtanefnd Ungmennafélags Reykjavíkur.

sletturnar sem alls staðar var að finna í ræðu og riti og margir litu á sem óhræsis illgresi á málaakrinum. Mörg ungmennafélög stofnuðu mállýtanefndir sem börðust gegn óværunni með ýmsu móti. Í *Skinfaxa*, blaði Ungmennafélags Reykjavíkur var fyrstu árin að finna þátt sem nefndist „Mállýtasafn *Skinfaxa*.“ Þar safnaði ritnefndin saman málfarsvillum félaganna og birti undir nafni þeirra. Jafnframt birti nefndin leiðréttingar sínar á ambögunum hinum brotlegu til eftirbreytni. Hér koma örfá dæmi af nokkrum félögum frá árinu 1907.

Helgi Valtýsson átti þessar villur: *Snuða* = hafa af einhverjum, hafa að féþúfu. *Mest vanur* = vanastur. *Skemmir út* = skemmir. *Brúka* = nota, nýta. *Kvartími* = stundarfjórðungur. *Hafa það privat* = hafa það sér, útaf fyrir sig. *Virkilega* = í raun rétttri, í raun og veru. *Leigja* = taka á leigu. *Spurasmálið* = spurningin. Tryggvi Þórhallsson, síðar forsætisráðherra fékk líka orð í eyra hjá ritnefndinni: *Bravó* = gott, ágætt. *Vær sá artig* = (í þessu sambandi) gjörðu svo vel. Hallgrímur Benediktsson glímukappi og síðar stórkaupmaður fékk einnig á baukinn. Einkum þótti hann ofnota orðið *altso* því tekið var fram að hann segði það oft með eins orðs millibili. *Altso* = sem sé. *Að ske* = að verða. *Verða í klemmu* = verða í vanda. Sigurjón Pétursson glímukappi og síðar iðnrekandi á Álafossi var einnig slæmur með *altsoið* og sagði einnig *prís* í stað verðs.<sup>107</sup>

Snemma varð mönnum ljóst að þessi amböguleit skilaði litlu. Tryggvi Þórhallsson reit grein í *Skinfaxa* árið 1912 þar sem hann vék að þessu. Hann taldi þýðingarlítið að eltast við einstök orð þótt léleg væru. Hann taldi að öll bygging málsins, setningaskipunin, væri orðin lakari en fyrrum og líktist nú meira dönsku og þýsku en hinni fornu íslensku. Eina ráðið til að bæta úr þessu

væri að lesa gullaldarbókmenntir þjóðarinnar, – Íslendingasögurnar. Tryggvi kvaðst hafa reynt þetta á sjálfum sér og hefði hugsað skýrar, skipulegar og íslenskulegar á eftir.<sup>108</sup> Hugsanlega hafa þó aðfinnslurnar sem ungmennafélagar beittu víða haft sín áhrif. Svo mikið er víst að í söguágrípi Ungmennafélagsins Hvatar í Grímsnesi sem birtist árið 1938 stendur: „Mállýtanefnd hefir alltaf starfað í félaginu, hafði talsvert að gera fyrstu árin, en er nú að verða óþörf.“<sup>109</sup>

Ungmennafélagar hafa alltaf látið sér annat um móðurmálið, hina íslensku tungu, en málfarslögregla á félagsfundum er liðin tíð. Það hefur alltaf verið metnaður ungmennafélaga að tala og skrifa sem lýtalausast mál og það hefur mörgum tekist. Þessu bera vitni hinar mörgu greinar í *Skinfaxa*, og hin fjölmörgu félagsblöð og fréttabréf þar sem þúsundir höfunda hafa látið ljós sitt skína. Ungmennafélagsfundir hafa verið vettvangur þar sem aragrúi Íslendinga hefur fengið sína fyrstu þjálfun í að tala opinberlega. Fyrstu skrefin eru mörgum erfið, einnig þeim sem síðar hafa orðið kunnir félagsmálamenn. Nú eru málfundirnir víkjandi fyrirbæri en á hundrað árum hafa þeir verið ómetanleg lyftistöng þeim sem hafa viljað þjálfu tungu sína og sveifla orðsins brandi. Þannig hafa ungmennafélögin lagt sitt af mörkum til að vernda móðurmálið.

## Ræktun lands; heyskapur og garðrækt

Hin hugsjónaríku ungmennafélög ætluðu að gera marga góða hluti strax í upphafi.

En félögin skorti fé og hin fátæklegu félagsgjöld dugðu skammt þegar félögin fóru að huga að framkvæmdum, til dæmis að byggja sér sundlaug eða fundarhús, eins og mörg þeirra gerðu snemma á ferli sínum. Ungmennafélagar voru flestir búsettir í sveitum landsins og þegar þurfti að finna fjáröflunarleiðir lá beint við að huga að einhvers konar jarðargróða. Heyskapur var nokkuð vinsæl fjáröflun á fyrstu áratugum 20. aldar. Þá fengu félagsmenn leigt eða lánað engi hjá góðviljuðum bónda. Þar komu ungmennafélagar saman á sunnudegi og svo var slegið með orfi og rakað með hrífu og heyið þurrkað og sett upp í væna fúlgu. Hún var ýmist seld hæstþjóðanda og andvirðið lagt í félagssjóð eða falboðin þeim sem þurftu. Þetta gerðu mörg félögin ár eftir ár og heyfengur þeirra varð þá einskonar forðabúr



*Heyi snúid með gamla laginu.*

sveitarinnar. Í mörgum tilfellum greiddu þeir sem ekki komust til vinnunnar ákveðið gjald til félagsins svo allir legðu jafnmikið af mörkum. Hjá Ungmennafélaginu Reyni á Árskógsströnd gekk þannig eitt yfir alla. Þeir félagar sem heima voru unnu að heyskapnum á sunnudögum en þeir sem voru fjarverandi greiddu í félagssjóð.<sup>110</sup>

Það voru einkum norðlensku félögin sem stunduðu heyskapinn. Ungmennafélagið Æskan í Staðarhreppi í Skagafirði kom sér upp heyforðabúri árið 1914. Félagið tók engjablett á leigu, hlóð upp flóðgarða og heyjaði þar árlega um skeið. Heysalan veitti ágætan hagnað nema árið 1918, þá var ekkert heyjað sökum grasbrests.<sup>111</sup> Þá má nefna Ungmennafélag Möðruvallasóknar í Eyjafirði. Heyöflun þess var jafnframt hugsuð sem samtrygging bænda gegn heyleysi. Félagið tók jarðarpart á leigu árið 1915 og kom þar upp heyforðabúri. Það var rekið með samvinnusniði þannig að félagar heyjuðu og lögðu í forðabúrið, allir sem því gátu við komið. Þeir sem urðu heytæpir gátu sótt þangað tuggu gegn því að skila henni aftur þangað þegar betur áraði.<sup>112</sup> Þegar líða tók á öldina varð minni

þörf fyrir heyfeng ungmennafélaganna vegna tilkomu áveituengja og stækkandi túna. En heyforðabúrin sýna glögggt hversu nátengdir félagsmenn voru uppruna sínum og atvinnuvegi, landbúnaðinum.

Garðrækt var einnig stunduð á árdögum ungmennafélaganna. Þá var garðyrkja miklu fáséðari en nú og mörg félög sáu sér leik á borði til fjáröflunar. Skýrslur til UMFÍ segja frá allmörgum ungmennafélögum sem ræktuðu jarðepli, eða bara kartöflur, eins og nú mun algengast að nefna þau. Félögin komu sér upp dálitlum garðblettum, settu niður kartöflur og seldu uppskeruna. Stundum spratt vel, stundum illa. Ungmennafélag Akraness setti 225 kg af kartöflum í 600 fermetra skika árið 1915. Uppskeran varð ekki nema fjórföld eða 900 kg. Í þetta fóru 15 dagsverk félaganna. Hjá Garðarshólma í Mýrdal tókst betur til þetta ár. Félagsmenn settu 50 kg af kartöflum í 150 fermetra garðshorn og fengu upp 836 kg, sem er næstum sautjánföld uppskera. Tíu dagsverk þurfti til að ná þessum árangri.<sup>113</sup> Skýrsluform UMFÍ þetta ár var með ítarlegum dálkum fyrir öll þessi atriði en félögin sem ræktuðu garð-



inn sinn voru þó ekki nema þrjú af þrjátíu og sjö sem skýrslur hafa varðveist frá.

Árið eftir voru félögin helmingi fleiri og settu öll niður kartöflur. Ungmennafélagið Baldur í Hraungerðishreppi gróðursetti auk þess tíu grænmetistegundir. „En þar sem þessar tilraunir voru á byrjunarstigi og jarðvegur ekki nógu frjór og myldinn varð uppskeran lítil og verður þessvegna ekki talin í kg,“ segir í skýrslu Baldurs árið 1916.<sup>114</sup>



Hið kræklótta birki hefur lengst af einkennt íslenska skóga.

## Skógrækt ungmennafélaganna

Snemma fengu ungmennafélagar mikinn áhuga á því að klæða landið skógi. Þeir sem nú horfa yfir grundir og móa en einkum borg og bæi þar sem hvarvetna gróa tré og runnar og húsín eru sums staðar kirfilega horfin í laufskrúðið eiga bágð með að gera sér í hugarlund hina skóglausu ásynd landsins skömmu eftir aldamótin 1900. Hér var verk að vinna fyrir ungmennafélögin.

Guðmundur Guðmundsson skólaskáld hitti naglann á höfuðið þegar hann nefndi ungmennafélagana *Vormenn Íslands* í samnefndu kvæði sem hann tileinkaði ungmennafélagunum og birtist í *Skinfaxa* árið 1910. Þetta fallega ljóð sem varð á samri stundu nafnfesti ungmennafélaganna hefur lengi verið eitt af þeirra eftirlætisljóðum. Fyrsta erindið hljóðar svo:

Vormenn Íslands, yðar bíða  
eyðiflákar, heiðalönd.  
Komið grænum skógi að skrýða  
skriður berar, sendna strönd!  
Huldar landsins verndarvættir  
vonarglaðar stíga dans,  
eins og mjúkir hrynji hættir,  
heilsa börnum vorhugans.<sup>115</sup>

Ungmennafélagar voru fúsir að taka þessari áskorun í upphafi 20. aldar. Skógar landsins, eða öllu heldur skógarleifar, voru lágvaxið og kræklótt kjarr sem sauðkindur nögudu og fátækir bændur rifu upp til eldiviðar og kolagerðar. Á stórum svæðum landsins var tæplega hríslu að finna sem hægt var að kalla mannhæðarháa. Landið var þakið grasi en berangurslegt og nakið að öðru leyti.

Mörgum voru minnisstæð orð Ara fróða í *Íslendingabók* um gróðurfar landsins við landnám. „Landið var víði vaxið milli fjalls og fjöru“<sup>116</sup> sagði Ari og þeir hrifnæmstu sáu fyrir sér blómgaða skóga frá fjöruborði upp á fjalla-brúnir. Þetta rímar vel við frjósmælingar sem gerðar hafa verið á seinni árum. Þær sýna að birkið réði ríkjum í skógum landsins við landnám en lét fljótlega á sjá eftir það.<sup>117</sup>

Þeim sem höfðu dvalist erlendis og séð til dæmis hina víðáttumiklu barrskóga Noregs og Svíþjóðar að ógleymdum dönskum beykiskógum hlaut að renna til rifja hin nakta ásynd fóstur-jarðarinnar. Það er engin tilviljun að helstu skógræktarfrömuðir landsins og ungmennafélaganna voru menn sem ýmist höfðu dvalist erlendis og kynnst þar skógrækt eða lesið sér til um hana í erlendum fræðiritum. Þekkingin hlaut að koma að utan. Hér innanlands var hún jafn smávaxin og skógarnir.

Það var í fyllsta samræmi við hugsjónir ungmennafélagshreyfingarinnar að hún gerði skógrækt að einu helsta baráttumáli sínu. Næstum hvert einasta ungmennafélag landsins, en þau skipta





*Skógræktarreitir ungmennafélaganna skera sig úr umhverfinu.*

hundraðum, hefur staðið fyrir skógrækt í einhverjum mæli og mörg þeirra af miklum myndarskap. Víða um landið má sjá afgirta reiti, vaxna þéttum og háum skógi sem skera sig úr umhverfinu. Flestir þessir reitir eru handaverk ungmennafélaga. Handaverk brautryðjenda sem trúðu á mátt moldarinnar og það að hér gætu vaxið tré ekki síður en í útlöndum.

Stundum mistókust fyrstu tilraunirnar sökum vankunnáttu í meðferð plantna og óvissu um hvaða tegundir hentuðu best. Þá voru úrtöllumennirnir fljótir að kveða upp sinn dóm: Hér þýddi ekkert að reyna að rækta skóg. Það hefði sýnt sig í þúsund ár að hér þrifist ekkert nema smávaxið birki og gráviðir. Sumir lögðu árar í bát við þetta en til voru menn sem tvíefldust og sögðu sem svo: Hér er hægt að rækta skóg ekki síður en í útlöndum, bara ef við förum rétt að. Þessum mönnum varð að ósk sinni.

Fyrstu tilraunir ungmennafélaganna til skógræktar hófust fljótlega eftir stofnun þeirra. Á þingi UMFÍ 1908 var samþykkt að reyna að koma á sérstökum skógræktardegi um land allt innan vébanda UMFÍ og útvega einstökum ungmennafélögum leiðbeiningar um skógrækt.<sup>118</sup> Helgi Valtýsson, formaður UMFÍ, tók sig til og samdi *Litinn leiðarvísir í skógrækt* sem var sendur ungmennafélögunum. Þar var að finna greinargóðar leiðbeiningar um gróðursetningu og á baksíðu var þessi hvatning til ungmennafélaga: „Ísland skógi vaxið milli hafs og hlíða á þessari öld! Það á að vera heróp æskulýðsins.“<sup>119</sup> Haustið 1909 bætti Helgi um betur og beitti sér fyrir því að UMFÍ keypti tíu þúsund skógarplöntur sem voru settar niður í gróðrarstöð Ungmennafélagsins 17. júní í Hafnarfirði og geymdar til vors. Þangað

gátu ungmennafélögin sent pantanir sínar og plönturnar voru seldar vægu verði.<sup>120</sup>

Allmörg ungmennafélög notuðu tækifærið og gróðursettu sín fyrstu tré sumarið 1910. Fátt hefur varðveist af heimildum um skógrækt frumherjanna og margir hinna fornu skógræktarreitir hafa týnt tölunni í tímans rás. Helsta orsök mun vera óheppilegt plöntuval og misjöfn umhirða. UMFÍ hélt áfram að fræða um skógræktina og 1912 gaf það út *Skógræktarrit* sem Guðmundur Davíðsson hafði tekið saman. Var því dreift sem fylgiriti *Skinfaxa* og komst í hendur margra ungmennafélaga. Ritið er skrifað af mikilli hugsjón enda var Guðmundur langt á undan sinni samtíð í náttúruverndarmálum. Einkunnarorð hans á titilsíðu ritsins segja sína sögu: „Gróðursettu tvö tré þar sem þú upprættir eitt, og landið mun þekjast skógi.“<sup>121</sup>

Margir brugðust við þessari áskorun og litlar hríslur fóru að spretta upp í afgirtum reitum hér og þar á landinu, eigendum sínum til yndisauka og hlutlausum almenningi til nokkurrar furðu. Það var þá eftir allt saman hægt að rækta ýmsar trjáplöntur á Íslandi! UMFÍ styrkti félögin til að girða kringum trjáreitina og varðveist hafa styrkbeiðnir þriggja ungmennafélaga í Árnassýslu frá árinu 1910. Ungmennafélag Hrunamanna, Gnúpverja og Hvöt í Grímsnesi girtu hvert sinn blettinn vorin 1909 og 1910 og fengu styrk til þess hjá UMFÍ. Girðing Gnúpverja var 200 faðma löng og stóð „undir svo nefndum Skaftholtsmúla.“ Girðingin var þannig að hlaðið var undir tvo vírstrengi og var hún virt á 166 krónur.<sup>122</sup> Ekki tókst vel til með gróðursetninguna því þar er nú ekkert tré að finna en útlínur girðingarinnar sjást ágætlega enn í dag.

Þannig fór um margar tilraunir til skógræktar á fyrri helmingi aldarinnar. Ekki skorti áhugann en kunnáttan var stundum minni. Í skýrslum félaganna frá þessum árum segja mörg þeirra frá skógræktartilraunum sínum. Árið 1912 nefna 26 félög að þau hafi gróðursett allt frá 130 upp í 1100 plöntur.<sup>123</sup> Lauslegt yfirlit yfir skýrslur ungmennafélaga leiðir í ljós að ungmennafélög landsins hafa jafnt og þétt komið sér upp skógræktarreitum á síðustu öld. Hátt í 200 reitir eru nefndir í skýrslum félaganna en hafa vísast verið mun fleiri því skýrsluskil eru gloppótt og svo var stór hópur ungmennafélaga utan UMFÍ og sendi þar af leiðandi engar skýrslur.<sup>124</sup>

Trjá- og blómagarðar voru einnig meðal þess



*Stúlkur raka með hrifu en piltar slá með orfi og ljá snemma á 20. öld.*

sem ungmennafélögin fengust við að rækta á þessum árum. Stærsti hluti skógræktarreitanna kom til á öðrum áratug 20. aldar en fækkaði að mun á næstu áratugum. Í söguágripum félaganna frá þessum tíma er sums staðar glaðst yfir gróskumiklum trjágörðum en annars staðar er þess stundum getið að skógræktina hafi dagað uppi og hríslurnar drepist. Á fimmta áratug aldarinnar verður mikil fjölgun á skógarlundunum enda var þá þekkingin farin að aukast.

Þegar líða tók á öldina voru skógræktarfélög víða komin til sögunnar og sums staðar tóku þau við skógræktarreitunum úr höndum ungmennafélaganna. Annars staðar voru stofnaðar skógræktardeildir innan félaganna sem sáu um reitina. Nú voru þeir lundir sem nutu góðrar umhirðu orðnir gróskumiklir og lifandi sönnun þess að hægt var að rækta sannkallaðan skóg á hinu fyrrum svo skóglausa Íslandi. Það var þó ekki fyrr en á síðasta áratug síðustu aldar sem gerð var löngu tímabær úttekt á skógrækt ungmennafélaganna gegnum tíðina. Frá því segir síðar.

## Æskan réttir örvandi hönd

Ungmennafélögin voru víða eini félagsskapurinn sem náði til allrar sveitarinnar og öllum var frjáls aðgöngu. Þegar erfiðleikar sóttu að heimilum vegna veikinda eða dauðsfalla töldu félögin skylt að veita aðstoð. Seinna varð slíkt starf fremur hlutverk kvenfélaganna en snemma á 20. öld var

ekki á vísan að róa því mörg þeirra voru ekki stofnuð fyrr en líða tók á öldina. Það kom því af sjálfu sér að ungmennafélög beittu sér fyrir margvíslegri samhjálp við sveitunga sem stóðu höllum fæti.

Þessi aðstoð var af mörgum toga. Oftast var um að ræða hjálp við heyskapinn í sveitum landsins. Þá birtist ef til vill hópur ungmennafélaga á góðviðrisdegi vopnaður heyrinnuverkferum. Sumir slógu, aðrir rökuðu og rifjuðu. Þá var ekki skilist við fyrr en heyið var komið í garð, þurr og þokkalegt. Ungmennafélagið Eldborg í Kolbeinsstaðahreppi stofnaði heyforðabúr árið 1918 og rak það í nokkur ár, en eftir 1920 var þessu breytt þannig að félagarnir birtust sem sjálfbóðaliðar hjá fátækum og faliðuðum bændum og tóku til hendinni. Aðallega fór sú vinna fram á laugar-dagskvöldum og fram eftir nóttu því sunnudagar voru þá einu frídagar vikunnar.<sup>125</sup>

Geir Sigurðsson frá Skerðingsstöðum segir frá viðbrögðum félagsmanna Ungmennafélagsins Auðar djúpúðgu í Dölum þegar fyrsti formaður félagsins þurfti á hjálpi að halda vegna veikinda. Þá komu félagsmenn heim til hans einn sunnudag sumarið 1915 og heyjuðu hátt í tvö kýrfóður, sem var umtalsverður hluti heyforðans á þeim bæ. Geir bætir við:

Sunnudaginn í 15. viku sumars 1922 kom ungmennafélagshópur á annað heimili í sveitinni. Fátækur dugnaðarbóndi hafði

viðbeinsbrotnað í sláttarbyrjun. Ungmennafélagarnir heyjuðu mestallt tún bóndans og var heyið komið í heystæðu að þremur dögum liðnum. ... Þessir sjálfboðaliðadagar hjá ungmennafélögum öðrum til aðstoðar lifa oft í endurminningu sem gengnir gleðidagar. Unga fólkið var að skemmta sér um leið. Og sjaldan mun það hafa notið betur hins sanna málsháttar: „Margar hendur vinna létt verk.“<sup>126</sup>

Stundum fylktu ungmennafélagar liði til að hjálpa til við húsbyggingar hjá fátækum einyrkjum eða þeim sem stóðu illa að vígi. Í fundargerðabók Ungmennafélagsins Samhygðar í Gaulverjabæjarhreppi geymist frásögn af þeirri fyrirætlun félagsmanna að byggja upp aftur íbúðarhús Einars bónda í Klængseli sem hafði eyðilagst í eldsvoða skömmu áður. Fundargerðin er í ljóðum, eftir Guðmund Oddsson bónda í Tungu, og hér birtist brot úr henni þar sem sagt er frá tilvonandi hjálparstarfi:

Mál sem ræða þurfti þá  
þurrkaði burtu gaman.  
Brunnið hafði bónda hjá  
bær með öllu saman.

Félagsmanna hópur hér  
hugðist hjálp að veita.  
Aðra styrkja okkur ber  
öllum mætti beita.

Margir ætla lið að ljá  
léttu bónda skaða.  
Byggja aftur honum hjá  
hús með skyndi hraða.<sup>127</sup>

Skemmst er frá því að segja að húsið komst upp um vorið. Það var var hlaðið úr múrsteini og 20 manna hópur glaðbeittra ungmennafélaga gerði það fokhelt á tveimur dögum. Eitt af ótalmörgum dæmum um samhug og samtakamátt ungmennafélaganna.<sup>128</sup>

## Íþróttir ungmennafélaga

Fyrstu ungmennafélagarnir voru áhugamenn um íþróttir. Ungir menn á öllum tímum hafa fyllst löngun til að stæla líkamann og reyna á mátt sinn og megin. Hér var fyrst og fremst um karlmenn að ræða því þátttaka kvenna í íþróttum var lítið til



*Kepti í hástökki á Þjórsártúni 1924.*



*Glimumenn Eyfellinga á fyrsta íþróttamóti þeirra 1931. Fyrir miðju stendur skjaldarhafinn Ólafur Sveinsson í Stóru-Mörk.*

umræðu fyrir en líða tók á 20. öldina. Íþróttakeppni meðal kvenna þótti varla við hæfi en þær máttu vel sýna yndisþokka sinn í leikfimi.

Íþróttir voru fábreyttar árið 1906 og íþróttafélögin einnig. Þá höfðu verið stofnuð um það bil 36 félög á landinu sem höfðu íþróttir á stefnuskrá sinni. Flest voru þau gengin fyrir ætternisstapa en líklega voru til 11 félög sem kalla mátti íþróttafélög árið 1906. Þar á meðal voru þrjú almenn íþróttafélög, þrjú glímufélög, tvö boltafélög, tvö fimleikafélög og eitt skautafélag.<sup>129</sup> Hlutverk félaganna endurspeglar nokkuð stöðu íþróttanna um það leyti. Skautaiðkun var nokkuð almenn og fimleikar höfðu vakið athygli en óvíða náð fótfestu. Dálítið var um skíðafar en tilraunir Helga Valtýssonar til að auka það báru lítinn árangur.<sup>130</sup> Knattspyrna hafði nýverið bæst í flóru íþróttanna en glíman var þó útbreiddasta íþróttin á Íslandi. Hún hafði fallið í nokkra lægð fyrir aldamótin en



Guðmundur Sigurjónsson glímukappi var farandkennari UMFÍ um tíma.

með tilkomu ungmennafélaganna var endurreisnin hafin. Það var í samræmi við þann vakningaranda sem þá fór um landið að íþróttir væru hafðar til vegs. Þær íþróttir sem sést höfðu á þeim sjaldgæfu mannamótum sem haldin voru hér og þar um landið í kringum aldamótin voru fyrst og fremst glímur, hlaup og stökk. Kappreiðar voru líka vinsælar á mannamótum en voru yfirleitt ekki teknar með á héraðsmótum ungmennafélaganna sem létu hestamönnum þær eftir.

Íþróttir urðu fljótlega einn af burðarásum starfsins í ungmennafélagunum og það svo mjög að sumir töldu að íþróttir og skógrækt væru eina viðfangsefni þeirra.<sup>131</sup> Þetta var náttúrlega orðum aukið en strax á stofnþingi UMFÍ var rætt um íþróttir og hvatt til að haldið yrði íþróttamót fyrir allt landið. Norðlenskir ungmennafélagar riðu á vaðið með fjórðungsmótum ungmennafélaga sem haldin voru á Akureyri, Húsavík og Sauðárkróki á árunum 1909-1913. Draumurinn um íþróttamót fyrir allt landið rættist með fyrsta íþróttamóti UMFÍ í Reykjavík 1911 en það var sannkölluð íþróttahátíð sem stóð í viku. Það markar tímamót því samtímis var Melavöllurinn tekinn í notkun en hann var fyrsti löglegi íþróttavöllur landsins. Segja má að þá hafi íþróttakeppni nútímans hafist. UMFÍ hélt annað leikmót sitt í Reykjavík 1914 og var það ekki síður stórkostleg íþróttahátíð. Þar sem sérstakur kafli í þessari bók verður helgaður landsmótunum verður ekki sagt frá þeim frekar í bili.

Í kjölfar hins vel heppnaða íþróttamóts 1911 var fenginn sérstakur maður til að fara um haustið á vegum Fjórðungssambands Suðurlands og kenna íþróttir. Þessi frumkvöðull var Guðmundur Sigurjónsson glímukappi, einn af görþum þeim er sendir voru á Ólympíuleikana

árið 1908. Guðmundur var „áhugamaður um íþróttir og allra manna fimastur í íslenskri glímu“ eins og honum er lýst í *Skinfaxa*. Hann fór um þrjár sýslur Suðurlands og kenndi á tíu stöðum grísk-rómverskt fang, stangarstökk, kappgöngu, glímu og „mína aðferð“ sem var æfingakerfi í leikfimi, gefið út í bókarformi með þessu nafni. Allt að 150 menn nutu kennslu Guðmundar og áhuginn var svo mikill að jafnvel eldri menn köstuðu ellibelg og voru með í hópnum.<sup>132</sup>

Þetta gaf íþróttakennslunni byr undir vængi en mörgum þóttu takmarkaðir kennslukraftar ekki nýtast nógu vel með þessu fyrirkomulagi. Því kom upp sú hugmynd að halda námskeið í Reykjavík fyrir útvalda menn úr ungmennafélagunum sem síðan tækju að sér að leiðbeina um íþróttir hver í sinni heimabyggð. Fyrsta námskeiðið var í Reykjavík haustið 1913 en þátttakendur voru aðeins þrír, helmingi færri en kennarnir.<sup>133</sup> Menn létu þó ekki hugfallast heldur boðuðu nýtt námskeið haustið eftir og nú gekk allt eins og í sögu. Nítján fullhugar mættu á námskeið FS 10. október 1914 og stunduðu sund, frjálsíþróttir, glímu og „mína aðferð“ daglega í tvær vikur. Það eitt þótti á skorta að þeir hefðu ekki getað verið lengur. Sex valinkunnir íþróttamenn leiðbeindu á námskeiðinu sem fékk hina bestu dóma.<sup>134</sup>

Þá var námskeið haldið haustið 1915 og þar naut 21 ungmennafélagi kennslu í sömu íþróttum og fyrr, nema „mín aðferð“ var látin eiga sig. Sex þeirra komu nú í annað sinn.<sup>135</sup> Margir þessara nemenda urðu síðar þekktir íþróttamenn og leiðbeinendur sinna félaga. Þeir lögðu áherslu á líkamlega reisn og góða framgöngu andstætt hinum háðslegu ljóðlínunum Steins Steinars skálds um samræmt göngulag fornt: „Álútir skulu menn ganga og hoknir í hnjúnum, / og horfa með stilling og festu á íslenska jörð.“<sup>136</sup> Íslenskir ungmennafélagar skyldu bera höfuðið hátt og ganga rösklega fram. Þetta þriðja íþróttanámskeið FS varð þó um leið hið síðasta því hin lamandi hönd heimsstyrjaldarinnar fyrri kom í veg fyrir frekara námskeiðshald og var dýrtíð talin banamein námskeiðanna.<sup>137</sup>

Íþróttakennsla Fjórðungssambandsins varð endaslepp og íþróttanámskeið annarra sambanda voru fremur brotarkennd og ekki árviss. Hið nýstofnaða Samband þingeyskra ungmennafélaga stóð fyrir íþróttanámskeiði á Breiðumýri vorið 1915. Kennari var íþróttagarpurinn Guðmundur Kr. Guðmundsson, glímukappi og frjálsíþróttar-





Gísli Sigurðsson tók þátt í íþróttanámskeiði UMFÍ og ÍSÍ 1926 til 1927.

kveðjuveislu og fluttu honum drápu að höfðingja-sið.<sup>138</sup>

Ungmennafélag Akureyrar hélt námskeið um mánaðartíma í nóvember og desember 1916. Frjálsíþróttir voru æfðar utandyra hvernig sem viðraði. Þegar stangarstökk var æft voru mokaðar götur í snjóinn til tilhlaups og snjónum mokað í hrúgu þar sem komið var niður. Menn létu engan bilbug á sér finna þótt frostið færi niður undir 16 gráður. Leikfimi og glíma voru hafðar innandyra og námskeiðsmenn voru 20 talsins, úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.<sup>139</sup> Svo hélt Héraðssamband Fljótisdalshéraðs sitt fyrsta og eina íþróttanámskeið vorið 1918 á Valþjófsstað undir stjórn Ólafs Sveinssonar.<sup>140</sup> Ólafur var mikill áhuga-maður um frjálsíþróttir og birti fræðandi pistla um þær í *Skinfaxa* á árunum 1915-1919 undir fyrirsögninni Útíþróttir. Það er lýsandi fyrir þróun frjálsíþróttanna að Ólafur fjallaði einungis um hlaup en lét tæknigreinar eiga sig. Tækni í stökkum og köstum var frumstæð um þessar mundir, til dæmis var ætlast til að hástökkvarar hlypu beint yfir rána á leikfimisstökki og lentu standandi. Einnig birtust í blaðinu fróðlegar greinar um knattspyrnu eftir Benedikt G. Wåge, síðar forseta ÍSÍ, sem sjálfur var Íslandsmeistari í greininni árin 1912 og 1919.

Hið nýstofnaða Ungmennasamband Eyjafjarðar efndi til íþróttanámskeiðs haustið 1922 og þar voru kenndar allar greinar frjálsíþróttanna. Kennari var hinn kunnir fimleikamaður úr ÍR, Sigurliði Kristjánsson, betur þekktur síðar sem Silli í fyrir-

hetja, sem stóð fremstur allra keppenda á landsmóti UMFÍ árið 1914. Guðmundur fékk til sín hóp 37 þingeyskra drengja og kenndi þeim leikfimi, frjálsíþróttir og glímu. Svo ánægðir voru Þingeyingar með námskeiðið að þeir héldu Guðmundi veglega

tækinu Silla & Valda. Námskeiðið stóð í þrjár vikur og 16 piltar tóku þátt í því, flestir frá Akureyri en sumir úr ungmennafélögum sveitanna.<sup>141</sup>

Íþróttasamband Íslands efndi til íþróttanámskeiðs vetrarlangt 1924-1925 með góðum árangri og tveimur árum síðar talaðist svo til að UMFÍ og ÍSÍ tækju höndum saman um íþróttanámskeið heilan vetur. Þetta var fyrsta samvinnuverkefni þessara landssamtaka sem höfðu lítið skipt sér hvort af öðru um hríð. Námskeiðið var haldið í Reykjavík og tókst vel. Það stóð frá 1. október 1926 til 28. febrúar 1927 og nemendur voru 33 talsins. Ellefu valinkunnir íþróttamenn kenndu á námskeiðinu, flestir kauplaust, en stjórnandi var hinn þekkti íþróttakennari Jón Þorsteinsson.<sup>142</sup>

„Á eftir Gísla, Eiríki og Helga í þremur röðum áfram gakk.“ Hljómur hinnar björtu, mjúku raddar Jóns íþróttakennara Þorsteinssonar ómaði yfir okkur í fyrsta sinn í fimleikasal Menntaskólans í Reykjavík sem þá var beztu fimleikasalur höfuðborgarinnar. Þessir alnafnar Bakkabræðra lögðu þegar í stað upp í gönguna kringum salinn hlið við hlið með halaröfu ungra manna á eftir sér sem allir voru mættir með þann eina ásetning að lyfta merki íþróttanna til meiri vegs í landinu.<sup>143</sup>

Þannig lýsir Gísli Sigurðsson, lögregluþjónn í Hafnarfirði, upphafi námskeiðsins í *Skinfaxa* 40 árum síðar. Námsgreinar voru fimleikar, þjálfun og kennsluæfingar, glíma, frjálsíþróttir, knattspyrna, handknattleikur, Müllers-æfingar, viki-vakar, sund og leikreglur íþróttanna.

Eftir þetta fer ekki miklum sögum af íþróttanámskeiðum ungmennafélagshreyfingarinnar langa hríð. Íþróttir voru þó stundaðar af talsverðum áhuga en misjafnri kunnáttu víða um land. Árviss íþróttamót ungmennafélaga og héraðssambanda hófu göngu sína. Sum lögðust niður aftur og í heildina tekið dalaði íþróttáhugi á árum fyrri heimsstyrjaldar og náði ekki aftur byr undir vængi fyrr en á fjórða áratug 20. aldar. Það eitt er þó víst að með tilkomu ungmennafélaganna varð sannkölluð bylting í íþróttamálum landsmanna. Á árunum 1908 til 1915 náðu markvissar æfingar íþróttanna fótfestu víða um land og íþróttamót hófust í flestum héruðum. Hvorugt hafði áður sést hér-landis.



*Keppt í drengjaglímu á Þjorsártúni 1924.*

## Þá glímdi hver ungmennafélagi

Glíman var þjóðlegust allra íþróttar og ungmennafélögin þjóðlegust allra félaga. Þau tóku glímuna strax upp á arma sína. Íslandsglíman hóf göngu sína árið 1906 og titill sigurvegarans – glímukóngur – hafði strax í upphafi mikið aðdráttarafl fyrir hrausta drengi. Sigurlaunin, Grettisbeltið fagra, hefur nú í heila öld verið veglegasti verðlaunagripur á Íslandi og þó víðar væri leitað. Konungsglíman á Þingvöllum 1907 vakti athygli alþjóðar og þetta einvígi helstu glímukappa landsins var umræðuefni hennar mánuðum saman. Fyrsti formaður UMFÍ, Jóhannes Jósefsson, var fremsti glímumaður landsins og þegar hann hélt í víking út í hinn stóra heim með glímuna að vopni leið ekki svo mánuður að ekki kæmu fréttir í blöðunum af sigurgöngu hans meðal ofurmenna í erlendu fangi.

Þetta varð til að vekja athygli á glímunni sem þjóðariþrótt og áhuginn blossaði upp með stofnun nýrra ungmennafélaga. Líklega er óhætt að slá því föstu að öll ungmennafélög sem stofnuð voru fyrir miðja 20. öld hafi æft og stundað glímu að einhverju marki um tíma. Svo mikill var áhuginn að skagfirskur ungmennafélagi sagðist ekki muna eftir einum einasta félagsmanni sem ekki glímdi á fyrstu árum síns félags.<sup>144</sup> Í mörgum félögum var glíma æfð á fundum og til dæmis samþykktu félagsmenn Ungmennafélagsins Baldurs í Hraungerðishreppi árið 1908 að æfa glímur í hálfan til heilan klukkutíma eftir hvern félagsfund.<sup>145</sup> Sama gerðu ungmennafélagar í Biskupstungum sem eftir hvern fund iðkuðu glímur „og ýmiskonar hlaup, hástökk, langstökk og fleira. Mest áhersla var þó lögð á glímurnar.“<sup>146</sup>


Félög héldu glímumót, kepptu jafnvel sín á milli, og þegar farið var að halda íþróttamót var glíman jafnan með. Ungmennafélögin í uppsveitum Borgarfjarðar, Reykdæla og Brúin, efndu til kappglímu um verðlaunapening sem þau höfðu látið gera í sameiningu. Fyrsta mótið fór fram 24. september 1910 og þá kepptu átta menn, fjórir frá hvoru félagi. Þar sigraði Guðmundur Bjarnason frá Hæli í Flókadal.<sup>147</sup> Glímumótin voru haldin árlega allt til 1918.<sup>148</sup>

Þegar héraðssamböndin spruttu upp hvert af öðru á öðrum áratug 20. aldar voru héraðsmótin fyrstu stórverkefni þeirra. Íþróttasambandið Skarphéðinn í Árnes- og Rangárvallasýslum var stofnað 1910 og hélt sitt fyrsta héraðsmót í Þjorsártúni það ár. Sambandið hafði látið gera silfur-skjöld mikinn til heiðurs besta glímumanni Suðurlands og 18 ungir menn þreyttu fang í þrjá klukkutíma þar til úrslit voru fengin. Í glímunni sigraði hraustmennið Haraldur Einarsson frá Vík



*Glímukeppni á héraðsmóti snemma á 20. öld.*





*Glímukeppni á bökkum Norðurár snemma á 20. öld.*

í Mýrdal en Skafftellingar tóku þátt í fyrstu mótunum. Þetta var hin fyrsta Skjaldarglíma Skarphéðins sem allt fram til 1969 var háð á héraðsmótum sambandsins og á veglegan sess í glímusögunni til þessa dags. Knáir menn stigu glímudansinn og létu koma krók á móti bragði. Mönnum var svipt á loft með krækju og klofbragði milli þess að sótt var með sniðglímu og leggjarbragði.

Næstir að halda héraðsmót voru Skagfirðingar sem einnig stofnuðu samband sitt árið 1910. Mótið var haldið sumarið 1910 á suðurtá Glaumbæjar- og Geldingaholtseyja og þar var keppt í ýmsum íþróttum og að sjálfsögðu glímu.<sup>149</sup> Þá kom röðin að Borgfirðingum árið 1913. Fyrsta héraðsmótið var á Hvítárþakka. Þar var sýnd leikfimi og keppt í glímu, sundi og hlaupum. Glímukeppnin var með sérstöku sniði, einskonar flokkaglíma. Hvert félag sendi þrjá menn til keppni og voru þeir tölusettir eftir styrkleika, fyrsti, annar og

þriðji. Saman glímdu allir í fyrsta flokki og svo öðrum og þriðja. Fyrir hvern vinning fengu menn stig og það félag sem flest fékk stigin bar sigur úr býtum. Vandaðir verðlaunaskildir voru veittir fyrir glímur og sund.<sup>150</sup> Flokkaglíman hvarf úr sögunni eftir um það bil áratug en héraðsmót Borgfirðinga hefur verið haldið árlega síðan 1913.

Árið 1915 tóku bæði Suður-Þingeyingar og Austfirðingar að halda héraðsmót með svipuðu sniði. Á báðum stöðum var glíman höfuðiþróttin. Þingeyingar glímdu í tveimur þyngdarflokkum á Breiðumýri<sup>151</sup> en á móti Austfirðinga á Egilsstöðum var háð einvígi mikið. Þar þreyttu 10 menn kappglímu. Fremstir meðal keppenda voru Sveinn Jónsson bóndi á Egilsstöðum og Guðmundur Albertsson verslunarmaður frá Seyðisfirði. Felldu þeir alla mótherja sína og glímdu saman níu lotur án þess að til úrslita drægi. Í þeirri tíundu var Guðmundi dæmdur sigur af meiri hluta dómnefndar, gegn álitni minnihlutans og margra áhorfenda. Hins vegar voru Sveini dæmd fegurðarverðlaunin án ágreinings og við mikinn fögnuð viðstaddra.<sup>152</sup>

Hér kom skýrt fram eitt mesta sérkenni glímunnar – fegurðin. Í glímu er það sigurinn sem ræður úrslitum eins og í öðrum íþróttum. En það er ekki sama hvernig hann er fenginn. Níð – að leggja keppinautinn ódregilega, og bol – að glíma boginn, þykja mikill ljóður á ráði glímumanns en stundum hefur kappsömum mönnum orðið á að grípa til þessara ófögru vopna í hita leiksins. Þeir sem glíma af drengskap, snerpu og kunnáttu hafa hins vegar alltaf átt hylli fjöldans þótt þeir hafi ekki orðið eins sigursælir og sumir nafnkenndir kraftajötnar glímunnar.

Glíman er sögufræg íþrótt sem varð til á Íslandi og hefur fylgt þjóðinni um aldir. Hún til-



*Hreppamenn búast til glímukeppni á Álfaskeiði 1937. Glímustjóri er Emil Ásgeirsson í Gröf.*

heyrir þjóðlegu fangi og er talin ein hin fjölbreyttasta og þróaðasta af hundruðum slíkra fangbragða. Árið 1916 kom út bókin *Glíma*, sem var kennslubók í glímu á vegum hins nýstofnaða Íþróttasambands Íslands. Bókin varð vinsæl og seldist upp, en dagar glímunnar sem fjöldahreyfingar á Íslandi voru liðnir á árum fyrri heimsstyrjaldar. Alltaf voru samt nokkur ungmennafélög sem héldu tryggð við glímuna og enn í dag á hún sterkustu vígi sín á landsbyggðinni. Skáldin hafa ort hyllingarljóð til glímunnar og árið 1932 birtist í *Skinfaxa* ljóð Sigurðar Jónssonar frá Arnarvatni. Þar eru þessar hendingar:

Lifi list og snilli  
 löngu horfnra tíða  
 glíman haldi hylli  
 hugumstórra lýða.  
 Kappi og forsjá krappan leik vér heyjum,  
 knáum tökum, mjúkum liðasveigjum.  
 Komi jafnan krókur móti bragði,  
 karskur sveinn þá ber af hverju flagði.<sup>153</sup>

## Þjóðin lærir að synda

Allt frá því að fornkappinn Kjartan Ólafsson háði einvígi á sundi við Ólaf konung Tryggvason í Niðaósi hafa verið góðir sundmenn meðal Íslendinga. Þeim fór þó fækkandi á þrengingaskiði þjóðarinnar og um aldamótin 1900 höfðu fáir landsmenn þessa list á valdi sínu. Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi taldi að árið 1891 hafi um 350 manns eða hálf þúsund þjóðarinnar verið syndir.<sup>154</sup> Sundið var þó meira en skemmtileg íþrótt, það var blátt áfram lífsnauðsyn fyrir þjóð sem sótti fast sjóinn og þurfti á ferðalögum að fara yfir mörg óbrúuð vatnsföll. Talið var að héraendis drukknuðu hátt í hundrað manns árlega



Börn æfa lífgunaræfingar á sundnámskeiði.



Lárus J. Rist ferðbúinn til sunds yfir Eyjafjörð 6. ágúst 1907.

á fyrstu árum 20. aldar og flestir vegna van-kunnáttu í sundi.<sup>155</sup> Þrátt fyrir þetta héldu margir því fram að það væri ómannúðlegt að kenna mönnum sund, það lengdi aðeins dauðastríð þeirra ef þeir lentu í óstæðu vatni!

Jónas Jónsson ritstjóri *Skinfaxa* kom beint að kjarna málsins árið 1913 þegar hann sagði frá tveimur slysum við landsteinana sem höfðu ólíkar afleiðingar og spurði svo hvorir hefðu réttara fyrir sér, þeir sem hvettu til sundiðkunar eða hinir sem væru á móti henni:

Fyrir fáum dögum fóru nokkrir menn úr Rvík til Eldeyjar á súluveiðar. Einn maðurinn hrapaði í berginu, neðarlega, og datt í sjóinn. Brim var mikið. Enginn sá þegar hann hrapaði; skipið og báturinn voru langt frá. En maðurinn var prýðilega syndur; tókst honum að hafa sig úr brimgarðinum við hamrana og synda að bátum. Þá fyrst urðu félagarnir varir þessa atburðar og björguðu honum.



*Sundfólk við vígslu sundskálans í Skerjafirði 1. ágúst 1909. Þekking má Björn Jakobsson íþróttakennara annan frá vinstri í fremstu röð og Sigurjón Pétursson glímukappa í öftustu röð hægra megin.*

Um sama leyti brotnaði planki undan fótum manns sem vann á enda hafnargarðsins í Reykjavík. Hann féll í sjóinn. Hann var ósýndur, fór í kaf, kom upp úr aftur skammt frá. Félagarnir köstuðu borðum í áttina til hans. Þau komu nærri honum en ekki svo að hann næði í þau með hendinni. Bátur var þar örskammt frá. Honum var hrint fram en þegar á staðinn kom var maðurinn sokkinn og drukknadur. Hann skildi eftir konu og fimm ung börn. Hvorir hafa réttara?<sup>156</sup>

Um klukkan 11 að morgni hinn 6. ágúst 1907 í fögru veðri stóð ungur maður búinn skinnklæðum sjómanns á Oddeyrartanga á Akureyri. Í stað þess að róa til fiskjar varpaði hann sér til sunds og synti þvert yfir Eyjafjörð. Hann kastaði klæðum á sundinu og kom léttklæddur að landi 25 mínútum síðar.<sup>157</sup> Þessi sundkappi var Lárus J. Rist, einn af forystumönnum Ungmennafélags Akureyrar og íþróttakennari að mennt. Lárus efndi þannig heitstrengingu sína frá því á fundi

Ungmennafélags Akureyrar um veturinn. Hann vildi kveða niður þann hugsunarhátt að sjómenn hefðu ekkert gagn af sundkunnáttu og tókst það með þessum eftirminnilega hætti því sundafrek hans vakti þjóðarathygli. Það varð jafnframt hvatning fyrir ungmennafélag að feta í fótspor hans og verða syndir sem selir.

Hér var verk að vinna fyrir ungmennafélögin og eitt af fyrstu verkum margra þeirra var að búa sér til sundstað. Skýrslur ungmennafélaga framan af öldinni eru götóttar en fundist hafa frásagnir um rúmlega 130 sundstaði sem þau komu sér upp á árunum 1908-1940 og voru þeir þó trúlega töluvert fleiri.<sup>158</sup> Árið 1940 var sund gert að skyldunámsgrein meðal skólabarna og þá tók ríkisvaldið að sér sundkennsluna sem hafði að mestu verið í höndum ungmennafélaga og sveitarfélaga.

Skýrslur segja frá fjórum stöðum þar sem byggðir voru sundskálar við sjó. Í Reykjavík, Keflavík, Vestmannaeyjum og á Akranesi. Sá mesti þeirra var sundskálinn sem Ungmennafélag Reykjavíkur reisti í Skerjafirði og vígður var með mikilli viðhöfn 1. ágúst 1909. Hannes Hafstein





*Sundlaug Grettis á Flateyri.*

hélt hátíðarræðu og ort var vígsluljóð.<sup>159</sup> Ungmennafélagið hélt þar uppi sundkennslu af miklum krafti í nokkur ár og árið 1910 er skráður fjöldi sundæfinga hjá 58 félögum í Skínfaxa, blaði félagsins. Oftast karla fór Árni Helgason, 43 sinnum, en Sigurbjörg Ásbjarnardóttir, eigin kona Sigurjóns glímukappa, fór 25 sinnum á sundæfingu.<sup>160</sup> Nokkrum árum síðar syrti í álinn þegar reist var lýsisbræðsla rétt hjá skálanum. Þá fór þeim að fækka sem vildu baða sig í grútarbrákinni í fjöruborðinu. Sundið fluttist yfir í Laugarnar í Reykjavík en Ungmennafélag Reykjavíkur afhenti sundfélaginu Gretti skálann árið 1918.<sup>161</sup> Sundfélagið varð hins vegar skammlíft og skálinn grotnaði niður í höndum þess.

Ungmennafélag Reykjavíkur efndi til fyrstu sundkeppni kvenna hérlendis við sundskálann 31. júlí 1910. Þá syntu fjórar stúlkur úr Ungmennafélaginu Íðunni 50 metra kappsund í Skerjafirði. Fljótust þeirra varð Svava Þórleifsdóttir á tímnum 1:20,0 mínútum.<sup>162</sup> Skömmu síðar efndi félagið til sundkeppni við sundskálann 14. ágúst 1910 og nefndi Íslendingasund. Þar þreyttu sjö kappar kappsund mikið og svámu eina 500 metra. Þar sigraði Stefán Ólafsson frá Fúlutjörn á tímnum 9:54,4 mín. og var þar með útnefndur sundkonungur Íslands.<sup>163</sup> Þetta sund fór fram árlega allt til 1930 að nokkrum árum undanskildum en ekki var haldin nein hliðstæð keppni fyrir konur.

Þegar héraðssamböndin fóru að halda héraðsmót sín snemma á öldinni reyndu sum þeirra að

koma á sundkeppni við vægast sagt lélegar aðstæður. Þá syntu keppendur í ísköldum árfarvegum og tjörnum og aðeins var keppt í einni grein. Þannig gekk þetta til áratugum saman og það var ekki fyrr en á fimmta áratugnum sem sú breyting varð að sundkeppni færðist úr kuldásundinu yfir í heitar sundlaugar og sundkappar ungmennafélaganna hættu að skjálfa sér til hita á vatnsbakkanum.

Mjög voru sundstaðir ungmennafélaganna misjafnir að gæðum. Á meira en 50 stöðum fór sundnámið fram í köldu vatni þar sem heita vatnið skorti. Menn svömluðu í tjörnum og í upphlöðnum köldum laugum þegar best lét. Annars staðar var hlaðinn stíflugarður í vatnsfarvegi sem hækkaði vatnsborðið og myndaði sémilegt lón þar sem hægt var að æfa sund fyrir þá sem ekki voru alltof kulvísir. Stundum var meira að segja synt í sjónum. Sums staðar hagaði svo heppilega til að heitar lindir voru í jörðu og þá voru hlaðnar upp laugar úr torfi og grjóti og á einstaka stað voru steyptar upp sundlaugar af miklum myndarskap.

Í Önundarfirði var hvergi jarðhita að finna en ungmennafélagar létu það ekki stöðva sig. Ungmennafélag Önfirðinga, sem starfaði í fjórum deildum, hélt sundnámskeið árið 1913. Kennt var á fjórum stöðum sama daginn og kennarinn, Daníel Benediktsson, fór á milli. Á morgnana byrjaði hann að kenna í sjónum í Valþjófsdal, næst í polli hjá Þórustöðum, svo í árhólum Korpu og síðast í sjónum hjá Veðrará. Síðar byggði félagið sér sundtjörn í landi Hóls og hafði þar sundnámskeið á vorin um árabíl. „Sundnámskeið þessi hafa orðið að miklu gagni, og dæmi eru þess, að þau hafa bjargað nokkrum mannlífum frá drukknun, auk þess sem þau hafa styrkt heilsu þeirra, sem þeirra hafa notið.“<sup>164</sup>

Þegarstjórn Akureyrar hafði nálægt aldamótunum 1900 látið hlaða lóðréttan garð þvert yfir svokallað Grófargil og stíflað þar með lítinn læk

sem rann um gilið. Strax og þungi vatnsins lagðist á garðinn sópaðist hann í burtu og þar með var þeirri tilraun lokið. Undir forystu Erlings Friðjónssonar byggðu ungmennafélagar árið 1907 nýjan garð með hallanum 1:1 og stóð hann í áratugi. Hér var þá kominn sundstaður fyrir Akureyringa en ekki leist Lárusi J. Rist meira en svo á blikuna þegar hann kom þar til kennslu fyrstur manna.



Lárus J. Rist kennir sund í „litla, skítuga og kalda pollinum“ árið 1907.

Pollurinn var „lítill, skítugur og drepanði kaldur.“<sup>165</sup> Moldin úr torfveggjunum litaði vatnið og gaf því súkkulaði-brúnan lit. Þarna lærðu samt hundruð manna að synda. Ungmennafélagar þrýstu fast á bæjarstjórn að lagfæra sundstæðið en máttu lengi klappa steininn áður en það gerðist. Það var loks árið 1933 að bæjarstjórn lét steypa upp sundstæðið og leiða í það heitt vatn en þá var það líka talið eitt af þeim bestu á landinu. Þetta var síðasta afrek Ungmennafélags Akureyrar því litlu síðar lagði þetta fornfræga félag upp laupana.<sup>166</sup>

Fjöldmörg ungmennafélög notfærðu sér heitar laugar, hvergi og volgar uppsprettur, byggðu litlar sundlaugar úr torfi og grjóti og leiddu í þær heita vatnið. Vitað er um meira en 50 slíkar torflaugar víða um land. Í Borgarfirði var jarðhiti á annarri hverri þúfu og þar áttu ungmennafélögin að minnsta kosti átta slíkar laugar um 1920.<sup>167</sup> Ungmennafélagið Íslendingur byggði fyrstu steinsteypu laugina í héraðinu um 1930 við bæinn Efri-Hrepp í Andakíl – svokallaða Hreppslaug. Laugin var feikistór, 25 metra löng, og félagið varð á skammri stundu stórveldi í sundiþróttinni innan UMSB. Liðsmenn félagsins sáu um rekstur sundlaugarinnar á sumrin í sjálfböðavinnu og hann stóð undir sér lengi vel. Svo var þó komið að nauðsynlegt viðhald skorti og þessi laug „sem áður malaði félaginu gull, er orðin byrði sem tekur upp allt of mikið af tíma og kröftum stjórnarmanna án þess að það komi félaginu á nokkurn hátt til góða,“ var skrifað í ársskýrslu félagsins 2001.<sup>168</sup> Tveimur árum síðar var laugin tekin á

leigu af sjálfstæðum rekstraraðila sem selur kaffi og léttar veitingar á staðnum. Þetta hefur gjörbreytt rekstrinum til hins betra auk þess sem nú hafa fengist fjármunir til að viðhalda þessari elstu sundlaug héraðsins.<sup>169</sup>

Árið 1923 tóku nokkrir ungir og áhugasamir menn í Austur-Eyjafjöllum sig til og stofnuðu Ungmennafélagið Eyfelling. Fyrsta verkefni félagsins var að byggja steinsteypa laug við Seljavelli en þar voru heitar uppsprettur. Laugin komst upp sama ár og stendur í gljúfri Laugarár og myndar klettaveggur eina hlið hennar. Búningsklefar voru fljótlega reistir. Allt var þetta unnið í sjálfböðavinnu félagsmanna sem báru allt efni á sjálfum sér á staðinn því þangað komust engin tæki að.<sup>170</sup> Seljavallalaug var fyrsta 25 metra laug landsins og bæði börn og fullorðnir undir Eyjafjöllum lærðu þar sund um áratugaskeið. Bygging hennar var afreksverk þeirra harðduglegu hugsjónamanna sem meðal annars vildu hindra manntjón í sjóslysum en slíkt hafði verið hlutskipti Eyfellinga eins og annarra sjósóknara landsins. Þegar líða tók á síðasta áratug síðustu aldar var laugin farin að láta talsvert á sjá. Þá var hún lagfærð og endurnýjuð með samstilltu átaki félagsmanna og burtfluttra sveitunga. Þetta fallega mannvirki er enn í fullu gildi og þar hafa margir tekið sundtökin.<sup>171</sup>

Heimildir segja frá byggingu 25 steinsteyptra sundlauga fram til 1940. Alls staðar voru það ungmennafélögin sem lögðu mest af mörkum og mörg þeirra lyftu sannkölluðu grettistaki með





Seljavallalaug árið 2007.

samstilltu átaki allra félaga, sveitunga og velunnara. Sumar voru yfirbyggðar, réttnefndar sundhallir, eins og til dæmis sundskálar Svarfdæla í Eyjafirði og Reykhverfings í Suður-Þingeyjarsýslu. Þegar búið var að hleypa vatninu úr þrónni var þarna komið ágætis samkomuhús fyrir félagið. Eftir að sundskyldan kom til sögunnar árið 1940 áttu ungmennafélögin hlut að byggingu steinsteyptra sundlauga svo tugum skipti en á seinni árum hafa slíkar byggingar orðið verkefni sveitarfélaganna.

Í öllum þessum ungmennafélagslaugum lærðu menn að synda. Félögin héldu námskeið ár eftir ár og kenndu unglingum tókin. Margir þeirra eldri tóku þátt í námskeiðunum og lærðu að bjarga sér. Tilkoma lauganna olli byltingu í sundmálum landsmanna og flýtti því um áratugi að koma þeim öllum á flot. Það má því segja að ungmennafélögin hafi kennt stórum hluta þjóðarinnar að synda.

## Hlaupið, stokkið og kastað

Þriðja íþróttin sem ungmennafélagar létu til sín taka á fyrstu árum hreyfingarinnar voru hlaup, stökk og köst. Frjálsíþróttir nefndi ekki nokkur maður árið 1906 því orðið var ekki fundið upp fyrir en áratugum síðar. Allt frá því Gunnar á Hlíðarenda stökk hæð sína í loft upp og Skarphéðinn sveif tólf álnir yfir Markarfljót hafa Íslendingar verið fráir á fæti og stökkmenn miklir

en ekki fer beinum sögum af keppni í þeim greinum fyrr en nálgaast aldamótin 1900.

Árið 1874 voru haldnar þjóðhátíðarsamkomur í öllum héraðum landsins til að fagna stjórnarskránni. Þetta voru fyrstu almenningsamkomur síðari alda með nokkru nútímasniði og þar voru íþróttir. Á flestum stöðum voru ræðuhöld, glímur, söngur og dans til skemmtunar en ekki er kunnugt að menn hafi reynt með sér í kapphlaupi, hvað þá stokkið í kapp. Það

voru Eyfirðingar sem riðu á vaðið á sumardaginn fyrsta 1875. Þá var haldin fjölmenn hátið á Grund og þar „fóru fram ýmsar skemmtanir og fimleikaæfingar svo sem glímur, stökk, kapphlaup og kappreiðar.“<sup>172</sup>

Eftir þetta fer litlum sögum af fótfráum Íslendingum fyrr en á þjóðhátíðum svokölluðum sem hófust í Reykjavík 1897 og voru haldnar þar og víðsvegar á landinu næstu árin. Á þjóðhátíðinni í Reykjavík 1897 er þess getið að Pétur Þórðarson hreppstjóri frá Hjörsey hafi fengið seðlaveski í verðlaun fyrir hlaup í flokki 15 ára og eldri. Vilhjálmur Finsen skólapiltur hlaut einnig seðlaveski fyrir langstökk og úrfesti að auki og Jón Blöndal læknaskólastudent var verðlaunaður með seðlaveski og stundaklukkum fyrir hástökk.<sup>173</sup> Þarna höfðu þessar tvær síðastnefndu íþróttir öðlast sérstakt heiti en höfðu áður heitið einu nafni *stökk* í munni almennings.

Á fyrsta íþróttamóti Íþróttasambandsins Skarphéðins á Þjórsártúni 1910 var auk glímunnar keppt í hástökki, langstökki og bæði 100 m og 500 m hlaupum. Ágúst Eyjólfsson í Hvammi hljóp 100 metrana á 13,5 sekúndum, Sæmundur Runólfsson í Selsundi stökk 5,26 í langstökki og Jón Gunnlaugsson á Kiðjabergi henti sér yfir 1,33 í hástökki. Öll afrek verður að miða við sinn samtíma og þetta var ágætis byrjun.<sup>174</sup>

Þróun íþróttanna hélt áfram á Skarphéðinsmótunum. Fljótlega var lengra hlaupinu breytt í



*Hlauparar koma í mark á Melavelli snemma á 20. öld.*

800 metra hlaup og var það meðal keppnisgreina lengi vel. Stangarstökk var reynt í fyrsta skipti 1923 og þristökk ári síðar. Kringlukast og kúlurarp komu ekki til sögunnar fyrr en um 1940.<sup>175</sup> Svipaða sögu er að segja frá íþróttamótum ungmennafélaganna sem hófust víða um land á öndverðri 20. öldinni. Allsstaðar var keppt í hlaupum. Fljótlega bættust stökkin við og síðast köstin.

Það kom fljótlega í ljós að frjálsíþróttir hentuðu vel fámennum ungmennafélögum á landsbyggðinni. Mörgum þótti gaman að knattspyrnu en svo marga þurfti í leikinn ef hann átti að verða að keppni að sjálfgeft var að láta hann eiga sig. Í einstaklingsíþrótt eins og frjálsíþróttum var öðru máli að gegna. Hver einstaklingur fyrir sig gat náð árangri og fjöldinn skipti ekki máli. Frjálsíþróttir voru fjölbreyttar og hraustir drengir, og síðar meyjar, gátu auðveldlega fundið grein við sitt hæfi. Niðurstaðan varð sú að frjálsíþróttir urðu fljótlega aðalíþrótt ungmennafélaganna. Þær voru uppistaðan á íþróttamótunum sem félögin og samböndin efndu til og hafa alltaf verið þungamiðjan í landsmótum UMFÍ. Þegar talað var um keppnislið héraðssambanda var alltaf átt við frjálsíþróttahópinn. Þéttskipaður hópur afreksmanna í frjálsíþróttum sem á uppruna sinn í ungmennafélögunum talar sínu máli og nægir að benda á Ólympíuverðlaunahafana Vilhjálmi Einarsson og Völu Flosadóttur og stórafreksmanninn Jón Arnar Magnússon.


## Ferð UMFÍ á Ólympíuleikana 1908

Þegar Ungmennafélag Akureyrar fagnaði eins árs afmæli sínu í Templarahúsinu 6. janúar 1907 voru liðsmenn þess stórhuga og bjartsýnir og töldu sér flesta vegi færa. Þeir gengu fram, hver af öðrum, og hófu heitstrengingar að fornum sið. Voru menn fornýrtir til hins ítrasta eins og þeir töldu að þjóðlegum ungmennafélögum sæmdi. Tvær þessara heitstrenginga vöktu talsverða athygli. Önnur var sú að Jóhannes Jósefsson hét að halda velli í Konungsglímunnunni á Þingvöllum. Hin var heit Lárusar J. Rist um að synda yfir Eyjafjörð. Líklega átti Þórhallur Björnsson eina merkustu heitstrenginguna þegar hann steig fram á salar-gólf og mælti:

Stíg ég á stökk og strengi heit, bið mér heill hollvina, þá, er hver má veita og lið ljá, er lífs mér unna, að koma því til leiðar, að vér Íslendingar stöndum eigi verr að vígi til sæmdarvænlegrar þátttöku í hinum Ólympísku leikum innan fimm ára hér frá, en aðrar þjóðir að tiltölu; Tel ég mig ella minni heita mega.<sup>176</sup>

Þegar hinn hægláti Þórhallur hafði gefið þessa stórkostlegu yfirlýsingu gekk hann til Jóhannesar Jósefssonar þar sem hann sat og sagði: „Jæja, Jói. Nú er ég búinn að tala digurbarkalega. Nú tekur þú við framkvæmdunum.“<sup>177</sup> Ekki stóð á Jóhannesi. Hann var meira en tilbúinn til að leggja heiminn að fótum Íslendinga með því að standa fyrir utanför þeirra á Ólympíuleika. Nú var þrívægis búið að halda þessa alheimsleika íþróttamanna og næstu leikar skyldu haldnir í London sumarið 1908. Erindi Íslendinga á leikana var ótvírætt: Þar skyldu þeir sýna þjóðaríþrótt sína, glímuna, og kynna þessa glæsilegu íþrótt fyrir umheiminum.

Þrátt fyrir ágæti sitt hafði glíman einn galla: Hana kunnu engir nema Íslendingar og því var borin von að keppa í henni á Ólympíuleikum. Jóhannes hafði stundað æfingar í grísk-rómversku fangi í verslunarferð í Kaupmannahöfn sumarið áður og nú fékk hann þá hugmynd að fullnuma sig í þessari íþrótt og keppa í henni á Ólympíuleikum fyrstur Íslendinga. Félagar hans innan Ungmennafélags Akureyrar voru honum sam-mála um að ungmennafélagshreyfingin væri hinn



*Ólympíufarar 1908. Lengst til vinstri er fararstjórinn, Jóhannes Jósefsson, í litklæðum. Síðan koma Hallgrímur Benediktsson, Guðmundur Sigurjónsson, Sigurjón Pétursson, Páll Guttormsson, Jón Pálsson og Pétur Sigfússon.*


rétti aðili til að standa fyrir Ólympíuförinni en sumir þeirra töldu að Íslendingar yrðu að leita á náðir Dana til að fá keppnisleyfi fyrir Jóhannes og leyfi til að sýna glímuna. Jóhannesi var slíkt fjarri skapi. Hann sneri sér til Einars Benediktssonar skálds sem þá var búsettur í London og fékk hann til liðveislu en þeir Einar voru kunnugir frá fyrri tíð. Einar brást vel við og gekk tafarlaust á fund Sir Williams Henrys, formanns ensku framkvæmdanefndarinnar, og flutti mál Íslendinga. Það bar þann árangur að hann gat skrifað Jóhannesi vorið 1907 að Sir William teldi að Íslendingar ættu fullan rétt á því að taka þátt í leikunum sem sérstök þjóð. Jóhannes varð svo glaður við tíðindin að hann lét sem snöggvast af sínu háttbundna formannsgöngulagi en fór í heljarstökkum eftir götum Akureyrar.<sup>178</sup>

Sumarið 1907 dvaldist Jóhannes í Kaupmannahöfn við strangar æfingar í grísk-rómverska fanginu. Þar lagði hann Danmerkurmeistarann í sínum þyngdarflokk þvígis að velli í harðri keppni og þóttist nú fær í flestan sjó. Strax eftir áramótin 1908 birti Jóhannes grein í fréttablaðinu *Norðra* þar sem hann kvað upp úr um þá fyrirætlun UMFÍ að senda glímusýningarflokk á leikana.<sup>179</sup> Nú spratt fram mikill þjóðarmetnaður og linnu ekki blaðskrifum þar sem menn hvöttu

hver annan til að styðja þetta framtak ungmennafélaganna. Augljóst var að ferðin yrði dýr og myndi kosta þúsundir króna. Jóhannes og félagar hans héldu fjölda glímusýninga og seldu aðgang. Sama gerðu Ármenningar í Reykjavík. Þannig safnaðist nokkurt fé og einnig var efnt til samskota víða um land. Það sem á vantaði fékkst með 2000 króna styrk úr ríkissjóði sem Hannes Hafstein ráðherra útvegaði Jóhannesi.<sup>180</sup>

Jóhannes hafði sjálfur hönd í bagga við að velja þátttakendur og auk hans völdust í hópinn sex úrvalsmenn, þaulæfðir í glímu. Þrír komu úr Reykjavík, tveir af Norðurlandi og einn frá Seyðisfirði. Allir voru þeir ungmennafélagar en þrír þeirra voru einnig í stjórn Glímufélagsins Ármanns í Reykjavík. Þeir gerðu tilraun til að ná forystu ferðarinnar úr höndum Jóhannesar en allir geta ímyndað sér hvernig sú tilraun endaði. Jóhannes hvessti sig dálítið og hélt svo með flokk sinn rakleitt til London. Daginn fyrir leikana sýndu Íslendingar glímuna sem virtist koma öllum skemmtilega á óvart og uppskar lof bæði blaðamanna og áhorfenda. „Hér kom inn hópur liðlega vaxinna ungra manna sem glímdu á fótunum snarplega og létt án bolabragða og búkljóða.“ Glíman þótti fegurri álitum og ólík grísk-rómverska fanginu þar sem menn læstu sig í bak





*Jóhannesi Józefssyni var ekki fisjað saman og honum var spáð sigri í grísk-rómversku fangi á Ólympíuleikunum. Lævislegt bragð hjá sænskum andstæðingi gerði þær sigurvegir að engu.*

hvers annars og hnoðuðu hverjum öðrum upp úr svaðinu.<sup>181</sup>

Líklega þótti Dönum ráðsmennska íslensku kappanna fullmikil að vera komnir til leiks á Ólympíuleikum án fulltingis herraþjóðarinnar. Svo mikið er víst að þegar Íslendingar skyldu ganga inn á leikvanginn við setningarathöfnina kom danski íþróttaflokkurinn undir forystu Fritz Hansen, formanns Dansk Idrætsforbund, sem tilkynnti þeim að hér myndu þeir ekki ganga inn sem sjálfstæð þjóð því þeir væru danskir þegnar og annað ekki. Íslendingum svall móður en áður en til átaka kæmi var Sir William Henry mættur og tilkynnti hinum rembiláta Dana að íslensku íþróttamennirnir hefðu fullan rétt til að ganga saman inn á leikvanginn sem sérstök íþróttþjóð og skyldi enginn hefta för þeirra. Danir hundskudust til hliðar og Íslendingar gengu snarpt og snúðugt inn á leikvanginn. Jóhannes gekk í fararbroddi í litklæðum og hélt Hvítblánum hátt á lofti.

Nú var komið að keppni Jóhannesar í fanginu. Hann varð að sætta sig við að keppa undir

dönskum fána en þó merktur Íslandi eða ganga frá ella. Það var þessum „funa þjóðernissinna“ eins og hann kallaði sig, þung raun en hann lét sig hafa það.

Fyrir utan hann voru 20 hraustmenn í – 73 kg flokki og hann lagði fyrstan að velli ungverskan kappa, Miklos Orozs að nafni. Sá var atgervismaður en stóðst Jóhannesi ekki snúning. Næst mætti hann miklum kraftakappa sænskum, Axel Frank, og lagði hann á herðablöðin eftir tvær mínútur en lotan var 20 mínútur. Þá var Jóhannes kominn í fjögurra manna undanúrslit og hafði vakið allmikla athygli með frammistöðu sinni. Reyndar svo mikla að margir íþróttafréttamenn spáðu honum sigri í flokknum. Í undanúrslitum átti Jóhannes við Svíann Mauritz Andersson. Mátti ekki á milli sjá og eftir eina lotu voru þeir taldir jafnir og önnur lota fór í hönd. Þá beitti Andersson ólöglegu bragði þegar hann sveigði handlegg Jóhannesar aftur fyrir bak og beitti fæti til að keyra hann upp að herðablöðum. Viðbeinið brast og Jóhannes varð óvígur en dómari virðist ekki hafa áttað sig á atvikinu því þeir voru látnir halda áfram. Harðfylgi Jóhannesar var svo mikið að hann hélt sínum hlut út viðeignina og varðist Svíanum með annarri hendi í heilar 18 mínútur. Þar með var hann úr leik en náði fjórða sæti sem var frábær árangur.<sup>182</sup>

Hinn 25. júlí, síðasta dag leikanna, sýndu Íslendingar glímuna í annað sinn. Jóhannes var með hönd í fatla en stjórnaði sýningunni skörulega og þótti hún vel hafa tekist. Þessi frumraun á Ólympíuleika varð sigurför og var köppunum fagnað með veislum og ræðuhöldum þegar heim kom og þeim flutt hyllingarkvæði. Það hafði tekist sem að var stefnt. Þeir höfðu sýnt íþrótt sína á mesta íþróttamóti heims og orðið sér og þjóðinni til sóma.

## **Stofnað Íþróttasamband Íslands**

Eftir þessa frábæru frumraun á Ólympíuleikum var hugur í íþróttamönnum að endurtaka leikinn og fara með glímusýningarflokk á næstu leika sem halda skyldi í Stokkhólmi 1912. Á árunum 1909-1912 hafði íþróttafélögum fjölgað um rúmlega 20 og ungmennafélögum um rösklega 70.<sup>183</sup> Mörg ungmennafélög sem stunduðu íþróttir voru innan UMFÍ en íþróttafélög stóðu utan samtakanna. Áhugamönnum um íþróttir þótti nú tímaþætt að huga að því að stofna landssamtök félaga



*Guðmundur Sigurjónsson beitti sér á vegum ungmennafélaga fyrir stofnun Íþróttasambands Íslands árið 1911.*

þar sem íþróttir voru stundaðar – það er að segja Íþróttasamband Íslands.

Á þingi Fjórðungssambands Suðurlands í maí árið 1911 var skipuð millipinganefnd undir forystu Guðmundar Sigurjónssonar glímukappa og Ólympíufara til að íhuga stofnun í þróttasambands.<sup>184</sup> Guðmundur bar málið upp á þingi UMFÍ 15. júní 1911. Þar

fjallaði þingnefnd sem hann veitti forstöðu um þann möguleika að UMFÍ beitti sér fyrir stofnun íþróttasambands fyrir landið. Nefndin klofnaði en Guðmundur lagði fram eftirfarandi tillögu:

Sambandsþing ákveður að gangast fyrir stofnun allsherjar íþróttasambands fyrir Ísland á þann hátt að það kys þriggja manna nefnd til allra aðalframkvæmda. Nefnd sú skal fara þess á leit við Íþróttasamband Reykjavíkur að það með aðstoð hennar stofni íþróttasambandið með því fyrirkomulagi sem það og nefndin álitur best og svo fljótt sem unnt er. Samband UMFÍ greiði kostnað þann sem af stofnuninni leiðir.<sup>185</sup>

Um þessa tillögu urðu heilmiklar umræður. Sumum þingfulltrúum þótti stofnun íþróttasambands vera fyrir utan verksvið UMFÍ og ekki rétt að íþyngja léttum sjóðum sambandsins með kostnaði af slíku. Að lokum var borin fram frávísunartillaga og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum en nokkrir sátu hjá.<sup>186</sup> Þar með gekk hjá garði sá möguleiki að ungmennafélagshreyfingin stæði ein fyrir stofnun ÍSÍ en framganga hennar undirbjó jarðveginn og auðveldaði eftirleikinn.

Guðmundur Sigurjónsson, sem var ötull liðsmaður Ungmennafélags Reykjavíkur um árabíl,

var ekki af baki dottinn þó svona færi á þinginu. Hann vissi af reynslu sinni að þátttöku Íslands á Ólympíuleikum þurfti að undirbúa með góðum fyrirvara. Í september 1911 skrifaði hann fyrir hönd Ungmennafélags Reykjavíkur bréf til Bjarna Jónssonar frá Vogu sem um þær mundir starfaði sem viðskiptaráðunautur Íslands. Þar bað hann Bjarna meðal annars að grennslast fyrir um hvort Íslendingar gætu fengið að taka sjálfstæðan þátt íleikunum og sýna þar glímu. Bjarni sendi fyrirspurnina til sænsku Ólympíunefndarinnar og fékk svör í desember. Svíar höfðu góð orð um að Íslendingar gætu sýnt glímuna en þátttökumálið yrðu þeir að leysa í samráði við Dani. Með bréfi Svía fylgdi umsögn danska íþróttasambandsins sem taldi að Íslendingar heyrðu undir danska ríkið og yrðu að keppa sem danskir þegnar.<sup>187</sup>

Sigurjón Pétursson glímukappi var sérlegur áhugamaður um Ólympíuleikana því hann hafði ákveðið að feta í fótspor Jóhannesar Jósefssonar og keppa í grísk-rómversku fangi í Stokkhólmi. Hann beið spenntur eftir svörunum að utan og þegar þau voru fengin taldi hann ekki eftir neinu að bíða því með stofnun íþróttasambands myndu Íslendingar eignast bakhjarl í þessu máli. Sigurjóni lá talsvert á því hann var á förum til Kaupmannahafnar að æfa fang í febrúar 1912. Búið var að undirbúa jarðveginn og nú gengu hlutirnir fljótt fyrir sig. Í samráði við helstu íþrótt- og ungmennafélög boðaði Sigurjón til fundar um stofnun íþróttasambands 18. janúar 1912. Á þeim fundi var ákveðið að halda stofnfund 10 dögum seinna.

Hinn 28. janúar var svo Íþróttasamband Íslands stofnað og Axel Tulinius kjörinn fyrsti forseti þess. Stofnendur voru tólf íþrótt- og ungmennafélög í Reykjavík og á Akureyri. Þar á meðal voru Ungmennafélagið Iðunn og Reykjavíkur og Ungmennafélag Akureyrar.<sup>188</sup> Enginn ungmennafélagi var kjörinn í stjórn hinna nýju samtaka og sannast sagna var engan slíkan þar að finna fyrstu þrjátíu árin sem ÍSÍ starfaði. Guðmundur Björnsson landlæknir, varaforseti ÍSÍ fyrsta áratuginn, var þó ekki í vafa um hverjum bæri að þakka þann heita áhuga sem undanfarið hafði kviknað á íþróttum og allskonar líkamsmenningu. Þar var æska landsins undir forystu ungmennafélaganna fremst í flokki. „Ungmennafélögin eiga þakkirnar allar og óskiptar,“ sagði Guðmundur í blaðagrein þar sem hann kynnti stofnfund ÍSÍ.<sup>189</sup>





Bjarni Jónsson frá Vogu vann að þátttöku Íslands í Stokkhólmi fyrir hönd ungmennafélaganna.



Sigurjón Pétursson glímukappirak endahnútinn á stofnun Íþróttasambandsins í ársbyrjun 1912.

Sjö glímumenn og einn frjálsíþróttamaður fóru á Ólympíuleikana í Stokkhólmi á vegum hins nýstofnaða íþróttasambands og sýndu þar glímu. Helmingur þeirra voru ungmennafélagar. Jón Halldórsson keppti í 100 metra hlaupi og garpurinn Sigurjón Pétursson náði 5.-8. sæti í grísk-rómversku fangi sem var glæsilegur árangur. Glímusýning Íslendinga var um leið keppni um silfurbikar sem Íslendingar í Kaupmannahöfn gáfu. Þar sigraði Hallgrímur Benediktsson. Sænskir blaðamenn voru stórhreifnir af glímunni og líktu hinum fagurlímuðu og vel vöxnu Íslendingum við íþróttakappa frá Grikklandi hinu forna.<sup>190</sup>

Ekki gerðu Danir það endasleppt við Íslendinga þegar kom að inngöngu á leikvanginn við setningu leikanna. Íslendingar töldu sig hafa vilryði Dana fyrir því að þeir mættu ganga inn sem sérstök „íþróttabjóð“ og hafa fyrir sér skjöld með nafni Íslands. Á síðustu stundu kröfðust Danir þess að Íslendingar gengju inn á völlinn í miðjum danska hópnum. Það létu Íslendingar ekki bjóða sér og gengu brott en nafnaskjöldur Íslands lá eftir á vellinum.<sup>191</sup>

Íslensku íþróttaköppunum tókst þarna að minna á þjóðerni sitt svo eftir var tekið en eftir þetta var ekki um Ólympíuferðir að ræða næstu 24 árin. Íþróttasambandið var komið til að vera og milli þess og UMFÍ ríkti að mestu leyti vinsamlegt

afskiptaleysi næstu árin. Það var ekki fyrir en síðar, við setningu íþróttalaganna árið 1940, að hrikti nokkuð í hinum sameiginlegu undirstöðum þessara samtaka.

## Stormur á stjórnarheimilinu

Á þingi UMFÍ árið 1921 hætti Jónas frá Hriflu sem formaður samtakanna og Magnús Stefánsson settist í sæti hans. Stjórnarmenn voru auk Magnúsar Jón Kjartansson gjaldkeri, Guðrún Björnsdóttir ritari og meðstjórnendur þeir Guðmundur Davíðsson fyrrverandi formaður UMFÍ og Guðmundur Jónsson frá Brennu. Fjárhagur UMFÍ var harla bágborinn og öll starfsorka stjórnarmanna gekk til þess að tryggja útkomu *Skinfaxa*. Von bráðar fór að hvessa á stjórnarheimilinu. Guðrún Björnsdóttir í Grafarholti var skörungur mikill og henni þótti hægt ganga að koma ýmsum málum áleiðis. Hún vildi boða til aukapings haustið 1922 til að fá niðurstöðu í aðkallandi málum, svo sem lagabreytingum, útgáfu *Skinfaxa*, gerð sambandsmerkis, rekstri Þrastaskógar, bókaútgáfu og mörgu fleiru.<sup>192</sup> Tillögu um þetta lagði hún fram í júlí það ár. Þegar það fékkst ekki samþykkt sagði hún sig úr stjórninni samdægurs en hin opinbera skýring í *Skinfaxa* var að hún ætti erfitt með að komast á fundi í Reykjavík.<sup>193</sup> Aðrir stjórnarmenn héldu áfram störfum og næst gerðist það að formaðurinn, Magnús Stefánsson, sagði sig úr stjórninni vorið 1923. Þá hafði skorist í odda með honum og Jóni Kjartanssyni. Í stjórn voru eftir þrír eins og segir í kvæðinu um litlu negrastrákana tíu.<sup>194</sup>

Nú þótti mörgum ungmennafélögum í óefni komið og tóku til sinna ráða. Sex héraðssambönd skoruðu á hin burtgengnu að snúa aftur og sum þeirra vildu jafnframt boða til aukapings um haustið. Magnús og Guðrún tóku áskoruninni, mættu á stjórnarfund haustið 1923, og samþykktu aukaping ásamt Guðmundi Davíðssyni. Þegar til kom varð ekki af aukapinginunni sökum ónógrar þátttöku.<sup>195</sup> Ekki tók nú betra við því svo virtist sem tvær stjórnir réðu ríkjum samtímis innan UMFÍ. Þeir Jón Kjartansson og Guðmundur Jónsson sóttu ekki stjórnarfund en sáu um útgáfu *Skinfaxa* ásamt Guðmundi Davíðssyni og nýjum ritstjóra, Gunnlaugi Björnssyni. Einnig sendu tvímenningarnir menn til fyrirlestra um landið í nafni UMFÍ. Þetta var gert án samráðs við aðra stjórnarmenn. Jón var gjaldkeri sambandsins og



Guðrún Björnsdóttir sagði af sér ritarastörfum hjá UMFÍ sumarið 1922 þegar ekki var farið að óskum hennar um aukabing.



Magnús Stefánsson sagði af sér formennsku UMFÍ vorið 1923 vegna missættis við aðra stjórnarmenn.



Jón Kjartansson, gjaldkeri stjórnaði UMFÍ við þriðja mann sumarið 1923.



Guðmundur Jónsson frá Brennu var við stjórnvöl UMFÍ sumarið 1923 eftir brotthvarfformanns og ritara.

neitaði að sýna öðrum stjórnarmönnum reikninga þess eftir áramótin 1924 en ársþing stóð fyrir dyrum um sumarið.

Guðmundur Davíðsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, stóð þarna milli tveggja elda og reyndi án árangurs að bera klæði á vopnin. Persónuleg óvild ríkti milli Jóns Kjartanssonar og Magnúsar Stefánssonar sem höfðu eldað grátt silfur innan Ungmennafélags Reykjavíkur. Guðrún Björnsdóttir fylgdi Magnúsi að málum en Guðmundur Jónsson stóð með Jóni Kjartanssyni. Meðan á þessu stríði stóð vann Guðmundur Davíðsson það afrek fyrir UMFÍ að koma ævisögu Guðmundar Hjaltasonar í prentun og dreifa henni meðal ungmennafélaga.

Magnús Stefánsson fluttist burt úr Reykjavík vorið 1924 og mætti ekki á ársþing UMFÍ sem haldið var í Reykjavík 16.-19. júní það ár. Jón Kjartansson kom þar og lagði fram reikninga sambandsins en hvarf síðan af þinginu. Þingfulltrúum þóttu reikningarnir slælega færðir og kostnaður óhæfilega mikill af fyrirlestraferðum og einnig af *Skinfaxa*, sem stafaði af lélegri innheimtu. Hins vegar sá þingheimur ástæðu til að þakka Guðmundi Davíðssyni sérstaklega fyrir vel unnin störf að ævisögu Guðmundar Hjaltasonar og var honum falið að sjá um dreifingu hennar framvegis. Nú var kosin ný stjórn UMFÍ. Í henni voru:

- |          |  |
|----------|--|
| Formaður | Kristján Karlsson, bankaritari, Umf. Akureyrar.                |
| Ritari   | Guðmundur Jónsson frá Mosdal, tréskeri, Umf. Árvakri Ísafirði. |

Gjaldkeri Sigurður Greipsson, glímukappi, Umf. Biskupstungna.<sup>196</sup>

Þetta var í fyrsta sinn sem enginn stjórnarmanna UMFÍ var úr Ungmennafélagi Reykjavíkur. Þetta fyrrum öflugla félag var í upplausn og hætti störfum árið eftir.

Eftir þetta róstusama tímabil í stjórn UMFÍ þar sem skapmikið fólk lét gaminn geysa komst á góður friður og eftir þetta fer engum sögum af erjum stjórnarmanna.

## Klettafjallaskáldinu boðið heim

Í júlí 1916 birtist í *Skinfaxa* grein sem nefndist: „Heimboð vestan um haf.“ Höfundur var Jónas Þorbergsson, síðar útvarpsstjóri, og þar lagði hann til að ungmennafélögin tækju sig til og gengjust fyrir að bjóða vestur-íslenska skáldinu Stephani G. Stephanssyni heim til Íslands. Jónas taldi Stephan fremstan meðal margra góðra ættjarðarvina vestra og hefði hann með ljóðum sínum meira en verðskuldað slíka viðurkenningu.

Eldur föðurlandsástarinnar hefir þegar stundir liðu fram fallið hjá mörgum í fólkskva, en hjá honum brennur hann jafnt og stöðugt með sískærum loga. Þjóðernisstrengurinn hefur aldrei slaknað í brjósti hans; – tónninn alltaf sá sami, jafn hár, jafn hreimfagur og hljómsterkur.<sup>198</sup>

Stephan G. Stephansson (1853-1927) var fátækur bóndasonur sem fluttist úr Skagafirði til Vestur-

## Félagsmálamaðurinn Magnús Stefánsson

Magnús Stefánsson (1891-1982) var fæddur á Heiðarseli í Hróarstungu og ólst upp þar í sveit til fullorðinsára. Barn að aldri missti hann sjónina og var alveg blindur í 5-6 ár. Fulla sjón fékk hann aftur en þegar tók að rofa til fyrir augum hans varð hann fyrir öðru áfalli þegar hann missti móður sína 10 ára gamall. Þá var heimili hans leyst upp og eftir það var hann hjá vandalausum.

Sökum veikindanna var líkamlegur þroski hans lítil og þegar hann vann fyrir sér á unglingsárum sem smali og sá spegilmynd sína í lækjarhyl leist honum ekki á. Þá mynd vildi hann gera álitlegri og varð sér úti um bókina um leikfimi Müllers sem hann stundaði síðan til æviloka. Þá urðu umskipti, hann varð stæltur í vexti og góður íþróttamaður þegar fram liðu stundir. Áhugi á íþróttum entist honum alla ævi.

Magnús varð búfræðingur frá Eiðaskóla 1911. Hann tók mikinn þátt í starfi ungmennafélaga á Héraði og var í stjórn tveggja þeirra og ritari Héraðssambands Fljótsdalshéraðs um tíma. Á árum fyrri heimsstyrjaldar tók hann Eiðabúíð á leigu ásamt fleirum. Þá var heyprot og hart í ári og ekki urðu menn hökufeitir af þeim búskap. Með léttan mal hélt Magnús til Reykjavíkur og útskrifaðist þar úr Samvinnuskólanum 1920. Það ár tók hann þátt í fjölmennri Skjaldarglímu Ármanns, varð í fremstu röð og þótti glíma bæði vel og drengilega. Árið 1921 kvæntist hann Arnbjörgu Jónsdóttur frá Seljamýri í Loðmundarfirði og eignuðust þau fjögur börn.

Á þessum tíma var Magnús ekki einhamur í félagsmálum. Ungmennafélag Reykjavíkur lá í dvala en Magnús endurvakti félagið ásamt góðum mönnum og var driffjöður í öflugum starfi meðan hann var formaður þess árin 1920-1923. Þá starfaði hann í Glímufélaginu Ármanni og var formaður félagsins árin 1922-1924. Hann var síðasti formaður Fjórdungssambands Suðurlands tímabilið 1921-1922. Þá er ótalið að hann var formaður UMFÍ árin 1921-1924 og var því samtímis formaður allra þessara samtaka um skeið.

Magnús flutti til Loðmundarfjarðar 1924 og vann þar ýmis störf en kom aftur til Reykjavíkur tveimur árum síðar og bjó þar til æviloka. Árið 1928 var hann kjörinn í stjórn Íþróttasambands Íslands og sat þar til ársins 1934, síðast sem varaforseti. Hann var handgenginn fyrirrennara sínum hjá UMFÍ, Jónasi Jónssyni, og starfaði um tíma fyrir Framsóknarflokkinn. Hann var nokkrum sinnum í framboði fyrir flokkinn í bæjarstjórnar- og alþingiskosningum. Þá gerðist hann dyravörður í Stjórnarráðinu árið 1936 og sinnti því starfi til sjötugsaldurs um 25 ára skeið. Þar varð hann mörgum kunnur og góður leiðsögumaður þeirra er þangað komu sinna erinda.<sup>197</sup>



Magnús Stefánsson, formaður UMFÍ 1921 til 1924.

heims árið 1873. Þar kvæntist hann Helgu Sigríði Jónsdóttur og þau eignuðust átta börn. Hann var lengst af ævi sinnar einyrkjabóndi í Alberta-fylki í Kanada, þúsundir kílómetra frá Winnipeg sem var miðdepill hins vestur-íslenska samfélags. Viðurnefnið Klettafjallaskáld fékk hann vegna kvæðis sem hann orti um hin miklu Klettafjöll í vestri og hann þótti stundum hrjúfur, jafnvel tyrfinn, í skáldskap sínum. Hann vann hörðum höndum frá sólarupprás til sólarlags á hverjum degi en var létt um svefn og orti ljóð um nætur. Íslendingar fengu dálæti á ljóðum þessa veðurbitna bónda sem var andvígur trúarofstæki og einlægur friðarsinni. Ráðamenn vestra voru ekki eins hrifnir af Stephani þegar hann gagnrýndi hart heimsstyrjöldina fyrri sem rændi marga unga Vestur-Íslendinga lífinu.<sup>199</sup>

Ljóðasafn Stephans kom út árin 1909-1910 og nefndist *Andvökur* varð strax geysilega vinsælt

á Íslandi. Þjóðskáldið og presturinn Matthías Jochumsson var stórhreifinn og hrósaði höfundinum upp fyrir öll takmörk í ritdómi sínum þótt Stephan væri sjálfur alveg laus við að trúá á guð Matthíasar.<sup>200</sup> Einlægur ljóðlinur Stephans hreyfðu við þjóðarsálinni eins og þetta alþekktu kvæði:

Þó þú langförufull legðir  
Sérhvert land undir fót  
Bera hugur og hjarta  
Samt þíns heimalands mót.  
Frænka eldfjalls og íshafs,  
Sifji árfoss og hvers,  
Dóttir langholts og lyngmós  
Sonur landvers og skers.<sup>201</sup>

Hugmynd Jónasar Þorbergssonar fékk byr undir vængi og nú varð vakning á Íslandi. Margir aðilar tóku sig saman um að bjóða Stephani til landsins



*Stephan G. Stephansson skáld sumarið 1917.*

og stofnuðu heimboðsnefnd. Þar á meðal voru ungmennafélögin í Reykjavík, ýmis önnur félög þar, og síðast en ekki síst Ungmennafélag Íslands. Stephan þekktist boðið og var ákveðið að hann kæmi til landsins vorið 1917 og dveldist á landinu um sumarið. UMFÍ hratt af stað fjársöfnun meðal ungmennafélaga um land allt til að kosta heimboðið og voru undirtektir góðar. Í fjársöfnunarbréfi sem sent var í næstum hverja sveit var mönnum tjáð þetta meðal annars: „Stephan G. Stephansson er eitt af frumlegustu skáldum þjóðar vorrar, víðsýnn, djúphygginn og orðspakur. Sum kvæði hans eru snilldarverk.“<sup>202</sup>

Stephan kom til landsins 16. júní og var drifinn á hátíðahöld á Melavellinum daginn eftir, þjóðhátíðardaginn 17. júní, og þau snerust mest um hann. Skáldið hélt ræðu og honum var ekið um völlinn í vikingaskipi svo allir gætu séð hann. Búið var að skipuleggja mikla tveggja mánaða kynnisferð um landið. Fyrst var siglt suður fyrir land frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Svo var farið landveginn vestur Ísafjörð og þaðan siglt til Reykjavíkur. Þetta var óslitin sigurför. Ungmennafélögin í hverri sveit skipulögðu konunglegar viðtökur. Mývetniskir ungmennafélagar létu sig til dæmis ekki muna um að leggja frá sér amboðin á miðjum túnaslætti í brakandi heypurrki og fagna honum.<sup>203</sup> Viðhafnarveislur voru haldnar á ekki færri en 35 stöðum. Eftir hringferðina miklu fór Stephan austur fyrir fjall, kom við á Þingvöllum og Laugarvatni og skoðaði gersemarnar Gullfoss og Geysi.<sup>204</sup> Stephani var þessi ferð sem endurnýjun lífdaganna og hann orti mörg kvæði í ferðinni. Hann var hræður yfir vinsemd landa sinna og þegar hann hvarf aftur til Vesturheims gaf hann ungmennafélögunum handrit kvæðanna að skilnaði með þessari tileinkun:

og stofnuðu heimboðsnefnd. Þar á meðal voru ungmennafélögin í Reykjavík, ýmis önnur félög þar, og síðast en ekki síst Ungmennafélag Íslands.

Stephan þekktist boðið og var ákveðið að hann kæmi til landsins vorið 1917 og dveldist á landinu um sumarið. UMFÍ hratt af stað fjársöfnun meðal ungmennafélaga um land allt til að kosta heimboðið og voru undirtektir góðar.

Í fjársöfnunarbréfi sem sent var í næstum hverja sveit var mönnum tjáð þetta meðal annars: „Stephan G. Stephansson er eitt af frumlegustu skáldum þjóðar vorrar, víðsýnn, djúphygginn og orðspakur. Sum kvæði hans eru snilldarverk.“<sup>202</sup>

Stephan kom til landsins 16. júní og var drifinn á hátíðahöld á Melavellinum daginn eftir, þjóðhátíðardaginn 17. júní, og þau snerust mest um hann. Skáldið hélt ræðu og honum var ekið um völlinn í vikingaskipi svo allir gætu séð hann. Búið var að skipuleggja mikla tveggja mánaða kynnisferð um landið. Fyrst var siglt suður fyrir land frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Svo var farið landveginn vestur Ísafjörð og þaðan siglt til Reykjavíkur. Þetta var óslitin sigurför. Ungmennafélögin í hverri sveit skipulögðu konunglegar viðtökur. Mývetniskir ungmennafélagar létu sig til dæmis ekki muna um að leggja frá sér amboðin á miðjum túnaslætti í brakandi heypurrki og fagna honum.<sup>203</sup> Viðhafnarveislur voru haldnar á ekki færri en 35 stöðum. Eftir hringferðina miklu fór Stephan austur fyrir fjall, kom við á Þingvöllum og Laugarvatni og skoðaði gersemarnar Gullfoss og Geysi.<sup>204</sup> Stephani var þessi ferð sem endurnýjun lífdaganna og hann orti mörg kvæði í ferðinni. Hann var hræður yfir vinsemd landa sinna og þegar hann hvarf aftur til Vesturheims gaf hann ungmennafélögunum handrit kvæðanna að skilnaði með þessari tileinkun:

Ellin æsku býður  
ástarþakkir sínar!  
Ungi Íslands lýður  
eigðu stökur mínar.  
ef að er ungum rófum  
ómaksvert að sinna  
þessum eftirómum  
æskudaga minna.<sup>205</sup>

UMFÍ gaf kvæðin út þegar um haustið í ljóðakverinu *Heimleiðis* og þau rötudu víða til ungmennafélaga sem eftir þetta töldu Klettafjalla-skáldið Stephan G. Stephansson tilheyrta ungmennafélagshreyfingunni.

## Samkomuhús ungmennafélaganna



*Vigfús Guðmundsson minntist húsbyggingar Ungmennafélags Reykdæla með stolti í endurminningum sínum.*

Það sem mest brann á ungmennafélögunum fyrir utan almenna fátækt félagsmanna var hið algenga aðstöðuleysi til að halda samkomur og fundi. Samkomuhús voru ýmist lítil eða engin og fæst af þeim rúmuðu nokkurn mannfjölda. Þá varð að níðast á gestrisni bænda sem áttu sæmilega rúmgóðar stofur eða halda samkomur

og fundi utanhúss á sumrin. Þetta leiddi til þess að félögin hugleiddu fljótlega að byggja sér samkomuhús og mörg þeirra réðust í það snemma á ferli sínum þrátt fyrir lítil efni. Helsti auður þeirra var sjálfboðavinna félaganna sem dró þau býsna langt í þessu verkefni. Oft leið ótrúlega stuttur tími frá stofnun félags þar til húsbygging var orðin að veruleika.

Íbúum sveitarinnar hafði ekki tekist í þúsund ár að reisa sér sameiginlegt hús, þar sem þeir gætu komið saman á mannfundum. Við ungmennafélagarnir reistum okkur strax fundarhús. Unnum við frívinnu





*Samkoma við hús Ungmennafélagsins Hvatar í Gufudalssveit á 4. áratugnum. Húsið var 32 fermetra timburhús, byggt 1930. Það fauk í ofsaroki í janúar 1957.*

að húsbyggingunni um helgar, og þó að við værum flest fátæk, þá lögðum við samt hvert okkar fáeinar krónur fram í sameiginlegan húsbyggingarsjóð. Húsið reis brátt upp og varð sameiginlegt heimili félagsmanna, skapað af þeim sjálfum. Þar iðkuðum við ýmsar íþróttir, skemmtum okkur, héldum málfundi, komum upp bókasafni, byggðum sundlaug, höfðum starfsemi til málfegrunar, söngæfingar o.s.frv. Flest var þetta óþekkt í sveitinni áður.<sup>206</sup>

Þarna lýsir Vigfús Guðmundsson, síðar veitingamaður í Hreðavatnsskála, byggingu samkomuhúss Ungmennafélags Reykdæla í Borgarfirði árið 1909 en þá var félagið ársgamalt. Húsið var fyrsta samkomuhús sem ungmennafélagar reistu á Íslandi. Það var steinsteypt og engum þótti það lítið en það var þó ekki nema 44 fermetrar. Þessu líkar eru bókfestar minningar margra á fyrstu árum ungmennafélaganna.



*Hið reisulega hús Ungmennafélagsins Ófeigs í Skörðum er nú leikhús Húsvíkinga. Myndin er tekin árið 2005.*

Samtakamátturinn og eldmóðurinn sem einkenndi ungmennafélögin lengi vel, lyfti grettistöfum og samkomuhús risu vítt og breitt um landið.

Þessi fyrstu hús sem ungmennafélögin byggðu yfir starfsemi sína, ýmist ein síns liðs eða í samvinnu við önnur félög, oftast sveitarfélagið, mega fremur kallast fundarhús eða samkomuhús en félagsheimili. Þarna var oftast um að ræða lítil hús, byggð af vanefnum, þó dæmi séu

um hið gagnstæða. Þessi hús bættu úr brýnni þörf og voru notuð áratugum saman. Í mörgum tilfellum voru húsin stækkuð og byggt við þau þegar tímar liðu fram. Fyrirnefnt hús Ungmennafélags Reykdæla, sem síðar hlaut nafnið Logaland, hefur til dæmis verið stækkað fjórum sinnum, síðast kringum aldamótin 2000. Það er nú 600 fermetrar, þrettánfalt stærra en í upphafi, og kjarni þess, gamla húsið frá 1909, er inni í miðju húsi og ekki lengur sýnilegt að utanverðu.<sup>207</sup>



*Borgir, hús Ungmennafélagsins Hörpu í Bæjarhreppi, sem reist var 1926 hefur lokið hlutverki sínu og stendur nú uppi hrörlegt ásýndum.*

Mörg þeirra félaga sem reistu sér lítil fundarhús á öndverðri 20. öld eru ekki lengur í tölu lifenda og húsin eru horfin. Þar má til dæmis nefna ungmennafélagið Vorhvöt í Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði sem var stofnað árið 1917 og starfaði með blóma um skeið. Það byggði sér lítið samkomuhús á Ási í Þelamörk, sambyggt íbúðarhúsinu á bænum, þegar á öðru ári starfsemi sinnar. Húsið var aðeins 25 fermetrar og var lánað til barnafræðslu í sveitinni. Þrátt fyrir þetta framtak dró árlega af félaginu og það lagði upp laupana árið 1930. Ástæðan var sú að félagið átti sér keppinaut innan sveitar – ungmennafélagið Dagsbrún. Árið 1919 byggði Ungmennafélagið Dagsbrún 92 fermetra steinhús á Sólborgarhóli í félagi við hreppinn og virðist þar með hafa náð undirtökunum í samkeppni um hylli ungmenna í sveitinni.<sup>208</sup> Það skipti greinilega máli að eiga stærsta húsið. Á Sólborgarhóli stendur nú félagsheimilið Hlíðarbær og er það upphaflega húsið sem búið er að byggja við tvívegis.<sup>209</sup>

Til eru dæmi um félög sem byggðu myndarleg samkomuhús en hættu störfum skömmu síðar og virðast hafa ofreynt sig á átökunum. Ófeigur í Skörðum hét ungmennafélag á Húsavík sem starfaði þar af dugnaði á fyrsta aldarþriðjungi 20. aldar. Félagið tók höndum saman við Húsavíkurrepp og reisti í þorpinu tvílyft 180 fermetra steinhús árið 1928. Það var þá stærsta og veglegasta

samkomuhús landsins sem ungmennafélagar höfðu byggt. Húsið stendur enn og er notað sem leikhús. Allt frumkvæði að byggingunni kom frá forsvarsmönnum félagsins sem lögðu fram ómælda vinnu og fjármuni til að koma henni undir þak á einu sumri. Þeir urðu að ganga í ábyrgð fyrir lánum sem voru þeim þung í skauti. Svo fór að fjórum árum síðar afsalaði félagið sér húsinu til hreppsins gegn því að hann tæki að sér skuldarnar. Félagið hætti

störfum fljótlega eftir þetta. Síðan hefur ekki starfað ungmennafélag á Húsavík.<sup>210</sup>

Langoftast gekk þó húsbyggingin að óskum og varð bæði félaginu og sveitarfélaginu að góðu gagni. Um tíma var reynt að slá tvær flugur í einu höggi og byggja heimavistarskóla og samkomuhús undir einu þaki. Á Suðurlandi risu þannig á þriðja og fjórða áratug 20. aldar fjögur vegleg sambyggð hús. Það voru Þingborg í Hraungerðishreppi, byggð 1927-1932,<sup>211</sup> Flúðir í Hrunamannahreppi sem byggðust 1929,<sup>212</sup> Brautarholt á Skeiðum sem reis 1933<sup>213</sup> og Samkomuhús Djúpárhrepps í Þykkvabæ sem vígt var 1936.<sup>214</sup> Þegar fram liðu stundir þótti skólastjórum slíkra skóla samnýtingin óheppileg vegna ónæðis og var þá horfið frá henni að mestu. Staðreyndin er þó sú að flest samkomuhús í byggðum landsins voru notuð sem skólahús um lengri eða skemmri tíma framan af öldinni.

Eftir því sem næst verður komist hafa 156 ungmennafélög byggt hvorki meira né minna en 168 samkomuhús á árunum 1909-1945. Afdrif þessara húsa urðu með ýmsu móti. Um það bil helmingur er nú horfinn af yfirborði jarðar eða þau standa uppi hrörleg ásýndum. Þannig hefur farið um 90 hús. Fjögur hús eru enn í notkun sem samkomuhús óbreytt frá upphafi. Af þeim 74 húsum sem ótalin eru hafa 58 verið stækkuð og endurbætt og 28 þeirra gegna þannig sínu upphaflega hlutverki. Hin 46 hafa verið tekin til

annarra nota og hlutverkinn eru mörg. Þau nýtast nú meðal annars sem íbúðarhús, sumar- bústaðir, verkstæði, sölubúðir, bókasöfn, leikskólar, félagsmiðstöðvar, söfn, geymslur og veitingahús.<sup>215</sup> Aðeins 32 af þessum 168 húsum eru enn í eigu ungmennafélaganna.

Hið dæmigerða samkomuhús á fyrri helmingi 20. aldar var lítið einlyft hús, ýmist járnvarið timburhús eða steinsteypt. Það var óeinangrað en klætt að innan með panelklæðningu. Í því var tiltölulega stór salur með hvelfdu lofti og oftast var leiksvið. Á ýmsu valt hvort þar voru salerni og alloft virðist þau hafa vantað. Þá var vandinn leystur með því að leita til íbúa nágrennisins, með útikamri, eða guðsgrænni náttúrunni sem var náttúrulega ekki guðsgræn á veturna. Aðstaða til veitinga var fábrotin og stundum engin. Húsin voru ekki upphituð að staðaldri og lágu undir skemmdum sökum raka og slaga. Stundum var kolaofn til upphitunar og á örfáum stöðum var heitu vatni til að dreifa.<sup>216</sup>

Meðalstærð húss frá þessum tíma er 78 fermetrar og reyndar voru húsin mörg hver ótrúlega lítil. Minnsta húsið sem heimildir segja frá var hús Ungmennafélagsins Vísis í Múlasveit á Barðaströnd, 24 fermetra timburskúr sem var reistur á Vattarnesi,<sup>217</sup> en Samkomuhúsið í Hveragerði var stærsta húsið, 198 fermetra steinhús, byggt árið 1930 og stækkað 1945.<sup>218</sup> Í nokkrum tilfellum voru lítil hús byggð utan á íbúðarhús bænda og minnsta hús sem um getur af þeirri gerð var lítil stofa sem Ungmennafélag Tjörnesinga byggði árið 1913 við íbúðarhús á Hallbjarnarstöðum, 16 fermetrar.<sup>219</sup>

Þegar lítið er á eignarhald félaganna á samkomuhúsunum kemur í ljós að um helmingur, eða 76 af þessum 156 félögum, átti hús sín að öllu leyti við upphaf þeirra, 48 þeirra áttu helming eða meira í húsunum, 25 þeirra áttu þriðjung eða minna og nokkur félög höfðu afnotarétt af hús-



*Strympa, hús Ungmennafélagsins Gamans og alvöru í Ljósavatnshreppi hefur verið gert upp og er nú sumar- bústaður.*

unum án þess að vera skráð eigendur. Þetta sýnir svart á hvítu að bygging samkomuhúsanna kom til fyrst og fremst fyrir framtak ungmennafélaganna fremur en sveitarstjórna eða annarra aðila.<sup>220</sup>

Þegar höfundur þessarar bókar fór hringferð um landið sumarið 2005 til að skoða með eigin augum öll samkomuhús og félagsheimili ungmennafélaga sem enn standa á foldu hitti hann að máli marga hina eldri ungmennafélaga. Þeir upplýstu hann um það sem fram fór í þessum húsum sem sum hver voru þá minningin ein. Þá kom glampi í augu og svipurinn hýrnaði þegar farið var að rifja upp. Undantekningarlaust benti þetta heiðurfólk á gamla húsið eða rústir þess, hálftrar aldar gamlar, og sögðu: „Þarna voru sýnd leikrit þegar ég var yngri og þarna hef ég dansað alla nóttina. Þá var gaman.“

## Dansinn dunar

Skemmtanir ungmennafélaga voru ýmist úti- skemmtanir svo sem íþróttamót eða þá skemmtanir innandyra í hinum nýbyggðu samkomuhúsum. Þrennt þótti einkum ómissandi á skemmtunum fyrri tíðar – ræðuhöld, söngur og dans. Söngurinn var sjaldnast einsöngur listamanna eins og nú er heldur fjöldasöngur viðstaddra. Dagskrá fyrsta íþróttamótsins á Þjórsártúni 1910 hefur varðveist og af tólf skráðum atriðum er fjórum sinnum sungið. Þar voru einnig haldnar

þrjár ræður. Góðir ræðumenn voru eftirsóttir. Blaðamanni héraðsblaðsins *Suðurlands* þótti ræða formanns UMFÍ tilkomu mikil og lýsir henni þannig:

Þá flutti Helgi Valtysson, kennari, ræðu snjalla mjög, af því fádæma fjöri og eldmóð, sem enginn núlifandi Íslendingur á tungu til nema hann. Var það lögeggjan til æskulýðsins til framsóknar og sjálfstæðis, lögeggjan, sem hann aldrei þreytist á að hella yfir værðina og mókið.<sup>221</sup>



*Stundum var dansað úti í náttúrunni. Hér er dansað að loknu íþróttamóti á Loftsstaðaflötum í Flóa um miðja síðustu öld.*

Mót eins og þetta voru hátíðisdagar fólksins í sveitinni sem dvaldist þarna allan daginn við að horfa á íþróttir og hlýða á ræðuhöld og söng. Síðast kom rúsínan í pylsuendanum sem unga kynslóðin beið eftir. Það var hin nýja og dásamlega skemmtun dansinn. Það var dansað á glímupallinum í tvo tíma við tóna harmónikku áður en heim var haldið. Kannski var þessi dans á Þjórsár-túni 1910 sá eini sem einhverjum ungum stúlkum og piltum á Suðurlandi bauðst það árið. Þegar samkomuhús félaganna risu eitt af öðru fjölgaði tækifærunum til að skemmta sér og öðrum.

Ungmennafélagið Einingin í Bárðardal hélt nokkra aukafundi á hverju ári sem voru skemmtisamkomur um leið. Dagskrá aukafundar í mars 1917 hófst með dansi og milli þess sem félagsmenn ræddu málefni fundarins var alltaf tekið sporið. Að loknum ræðuhöldum og ýmiss konar upplestri endaði svo samkoman með dansi.<sup>223</sup> Áhugi Bárðdæla á dansmenntinni minnkaði ekki þó árin liðu. Á fundi félagsins í janúar 1940 voru mýmörg atriði á dagskrá og þar af var dansað sjö sinnum. Þá var ekki hætt fyrr en með birtingu til að fara heim. Dansinn var líka tilvalinn til að halda á sér hita í köldum húsum að vetrarlagi. Hjördís Kristjánsdóttir á Lundarbreykku í Bárðar-

dal lýsir seiðmagni dansins í kvæði sínu:

Dansinn þér hlýjar og hitar  
herðir á blóðrás um stund.  
Um dansgólfið hringa þú hnitir  
og hljóðfallið kætir svo lund  
að snertingin hiklausa hrífur  
frá hnjánum og guð veit hvert.  
Er á algleymis öldum þú svífur  
verður angur þitt lítilsvert.<sup>223</sup>

Keldhverfingar í Ungmennafélaginu Leifi heppna létu ekki sitt eftir liggja þegar fundarhúsið við Grásíðu var risið árið 1924. Eins og margir ungmennafélagar kunnu þeir ýmislegt fyrir sér í danslistinni. Svanhvít Ingvarsdóttir frá Grásíðu rifjar upp löngu síðar að grunndansinn var mars og honum fylgdu ótal tilbrigði: Nafnakall, Blóm, Pýramídi, Heimsálfurnar og Dömukeðja að ógleymdum Skiptimarsinum sem fólst í því að marserandi pörin mynduðu hring og voru herrarnir innar. Hver herra studdi hendi á öxl þess herra er framar honum stóð og hinni hendinni á öxl dömu sinnar. Þegar stjórnandinn stappaði niður fæti stönsuðu dömurnar en hver herra færði sig til næstu dömu framar í röðinni og dansaði við hana næst. Oftast var mikið fjör í þessu og gekk hratt.<sup>224</sup> Dansþyrstir sveitamenn gáfu ekkert eftir þegar þeir loksins komust í færi og dansað



var fram undir morgun á þessum árum. Þá var farið beint af ballinu í fjósið eða til morgungjafa í fjárhúsunum.

Ungmennafélag Sandvíkurhrepps eignaðist samkomuhúsið Haga skammt vestan við Selfoss snemma á sínum ferli og þar voru haldnar nafntogaðar skemmtanir, á öðrum og þriðja áratug 20. aldar, hin svokölluðu Hagaböll. Páll Lýðsson í Litlu-Sandvík hefur eftir gömlum félögum að ekki hafi þótt bjóðandi upp á dansleik öðruvísi en einhver flytti þar fyrirlestur. Skáld og menningarmenn voru eftirsóttir. „Þegar erindið var búið var farið að dansa. Svo var oftast nær drukkið kaffi inn á milli. ... Vín sást afar sjaldan á mönnum, enda bannöld.“<sup>225</sup>

Dansiböllin voru haldin til fjáröflunar fyrir félögin sem ekki veitti af þegar búið var að byggja húsin af litlum efnunum. Vinsæl fjáröflun voru líka bögglaupboð og hlutaveltur eða „tombólur“ eins og þær voru oftast kallaðar. Þá var safnað saman miklum fjölda smáhluta í vinninga og þeir númeraðir. Síðan voru seldir númeraðir miðar sem



Harmonikkann var helsta hljóðferið á dansiböllum. Skemmtun í Flóanum um miðja síðustu öld.



Oft var glatt á hjalla í fundarhúsinu við Grásiðu í Kelduhverfi á árunum 1924-1955. Nú stendur húsið autt. Myndin er frá árinu 2005

stemmdu við vinningana. Sá galli var við númeruðu miðana að talsvert af þeim voru núll. Stundum fölnaði brosið á vörum vinningshafa sem slapp við núllin en fékk í staðinn tvinnakefli eða skósvertudós. Allt var þetta þó gleymt og grafið þegar liða tók á kvöldið því þá var náttúrulega dansað. Karlar og konur á ýmsum aldri, piltar og stúlkur, féllust í faðma og svifu um gólfíð við tóna nikkunnar.

Í dansinum gátu flestir verið með ef þeir vildu. Ekki voru þó allir á einu máli um þessa skemmtun. Var bæði rætt og ritað um að dansinn ýtti til hliðar íþróttaiðkun og leikjum, hann væri óhollur og ósiðlegur og fleira í þeim dúr. ... En hér fékk engin vandlætning rönd við reist. Það var sterkt afl sem dró menn í dansinn.<sup>226</sup>

## Leiklistin gleður andann

Ein var sú skemmtun sem þótti öllum öðrum betri ef undan er skilinn dansinn. Það var leiklistin. Ungmennafélagar lögðu oft mikið á sig við erfiðar aðstæður, sem nú þættu raunar ómögulegar við æfingar fyrir þætti og leikrit til að sýna félagsmönnum sínum og fleirum ef svo bar undir. Saga leiklistar héraendis er samofin ungmennafélögunum og mörg þeirra fóru fljótlega að þjóna leiklistargyðjunni. Fæst þeirra áttu viðunandi húsnæði en létu það ekki aftra sér. Þá fóru



Guðmundur Kamban rithöfundur olli heilmiklu fjaðrafoki þegar hann samdi og setti upp heilt leikrit um nágranna sína í Arnarfirði.

leiksýningar fram á betri bæjum byggðarlagsins, í hlöðum, vöruskemmum og þvílíku húsnæði. Oftar en ekki var plássið í minnsta lagi og það rak á eftir félögunum að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Þannig var ástatt í Staðarsveit á fyrstu áratugum aldarinnar. Þórður Kárasón í Haga segir frá því að árlega voru sýnd leikrit í húsi ungmennafélagsins í

Ytri-Görðum. Húsið var aðeins 42 fermetrar og slegið var upp leiksviði í öðrum enda þess. Í hinum endanum urðu svo áhorfendur að vera. Félagið sýndi meðal annars einþáttunginn *Kaupmannsstríkið* á þriðja í jólum árið 1928. Þar fékk Þórður að fara með örfáar setningar en þannig hófu margir göngu sína á leiklistarbrautinni.<sup>227</sup>

Arnfirðingar komust snemma í kynni við leiklistina því fyrst voru sett upp leikrit á Bildudalveturinn 1895-96 og það var Þorsteinn Erlingsson skáld sem leiðbeindi leikendum. Guðmundur Kamban rithöfundur setti upp leikrit sitt *Svikamylluna* á Bakka í Ketildölum rétt eftir aldamótin og olli miklu fjaðrafoki því hann byggði það á ástarævintýri heimasætunnar á næsta bæ. Nú voru menn komnir á bragðið og árið 1913 sömdu tveir bændur í sveitinni, Ingvaldur í Selárdal og Gestur á Skeiði, leikrit upp úr skáldsögunni *Manni og konu* eftir Jón Thor-

oddsen. Það hét *Mátulega komið* og var sannkallað þrekvirki að koma því á fjalirnar því það tók fjóra tíma í flutningi og tíu sinnum var skipt um svið við hinar frumstæðustu aðstæður. Árið 1916 var búið að stofna ungmennafélagið Skjöld og þá var leikritið enn sýnt í Selárdal og Bakkadal í Ketildalahreppi. Menn létu ekki erfiðar aðstæður hindra sig í að njóta leiklistar enda „var ekki ónýtt að sjá sveitungana breytast í forkostulegustu persónur og leiksýningarnar mikil upplýfting í fásinninu.“<sup>228</sup>

Ungmennafélagið Afturelding í Mosfellssveit hóf feril sinn í leiklistinni árið 1912 með sýningu á leikritinu *Annarhvor verður að giftast*.<sup>229</sup> Eins og titillinn ber með sér var hér um gamanleik að ræða en oftast reyndu félögin að hafa leikverkin af léttara taginu. Alvarlegri verk voru fáséð á fjöluunum fyrr en líða tók á 20. öldina og þá helst hjá stærstu félögunum. Líklega var leitun að því ungmennafélagi sem ekki lagði einhvern tíma stund á leiklist þó ekki væri nema með litlum gamanþáttum í bland við annað efni á samkomum og jafnvel félagsfundum. Ótrúlega margir létu sig hafa það að vera til sýnis á sviðinu og ólíklegustu menn sýndu leikhæfileika þegar til þurfti að taka. Allt var þetta unnið í áhugamennsku og æfingarstundaðar að loknum löngum vinnudegi.

Ingibjörg Dagsdóttir í Gaulverjabæ segir frá því þegar félagar í Ungmennafélaginu Samhygð settu upp leikritið *Tengdamömmu* árið 1933. Þá



Ungmennafélagið Skallagrímur í Borgarnesi setti upp leikritið „Tengdamamma“ á 4. áratugnum. Þá var þessi mynd tekin af leikhópnum.



Ungmennafélagið Tindastóll sýndi Lénharð fógeta á Sauðárkróki árið 1931 og hér eru leikarar í hlutverkum sínum.

Aðeins þeir, sem staðið hafa að sýningum sem þessum vita hve mikið starf liggur að baki, ekki aðeins leikara, heldur ekki síður þeirra, sem bak við tjöldin vinna. Einu laun þessa fólks alls eru ánægjan, þegar vel tekst til. Þá finnst öllum að strit, svefnleysi og taugaóstyrkur hafi margborgað sig, þegar áhorfendur hlæja innilega og klappa.<sup>231</sup>

var ráðist í að fara með leikritið í næstu sveit að Þingborg í Hraungerðishreppi og hafa eina sýningu þar. Fenginn var boddibíll til að flytja leikendur og leikmuni en þar sem vegurinn náði aðeins niður í miðja sveit varð að koma öllu dóti þangað og ekkert mátti gleymast. Ingibjörg segir svo frá þegar komið var að Þingborg:

Mér er í minni hve uggandi við vorum með aðsókn á leikinn. Þetta var í skammdeginu. Kolsvarta myrkur og regnhret. Fórum við margar ferðir út, að gá hvort ekki sæjust lugtarljós, en það brást lengi vel, þar til einhver hrópar: „Nú sé ég margar lugtir koma.“ Við fengum góða aðsókn þegar til kom. Aðgangseyrir var eins og þá gekk, 1 króna eða 1,25. Svo mikið var víst, að þegar við höfðum greitt allan kostnað af för þessari var ágóði réttar og sléttar kr. 9,30.<sup>230</sup>

Það var því ekki alltaf fjárhagslegur gróði sem félagsmönnum hlotnaðist fyrir sína ómældu vinnu við að æfa og sýna allskonar leikrit. En þeim áskotnuðust önnur verðmæti sem mólur og ryð fengu ekki grandað. Það var ánægjan af samveru og samvinnu leikaranna. Arndís G. Jakobsdóttir lýsir fyrirhöfn fólksins í leikstarfsemi Ungmennafélagsins Aftureldingar:

Þrátt fyrir hina ómældu ánægju sem leikendurnir sjálfir höfðu af leiklistinni var ánægja áhorfenda ekki síðri þegar vel tókst til. Því tókst ungmennafélögunum stundum að hafa þokkalegar tekjur af leikstarfsemi. Hjá Ungmennafélaginu Trausta í Vestur-Eyjafjöllum hófst leikstarfsemi árið 1924 þegar nokkur ungmenni tóku sig saman um að leika *Skugga-Svein*. Leikendur voru bæði innan og utan félags og nú hófst ágreiningur um hvernig skyldi verja ágóðanum. Deilan magnaðist og svo fór að utanfélagar stofnuðu sitt eigið leikfélag sem starfaði í nokkur ár í samkeppni við ungmennafélagið og varð úr talsverð úlfúð. Þegar ungmennafélagar höfðu reist hús sitt, Heimaland, nokkrum árum síðar, dró mátt úr leikfélaginu og það lognaðist út af. Eftir það var ungmennafélagið eitt um leikstarfsemina og hafði af henni ágæt- ar tekjur fyrir utan hinn félagslega þátt.<sup>232</sup>

Ungmennafélagið Tindastóll var lengi helsta driffjöðrin í leiklistarmálum Sauðárkróks og setti fyrsta sjónleikinn á svið árið 1910.<sup>233</sup> Þá hafði Leikfélag Sauðárkróks sem stofnað var á 19. öld endað daga sína nokkru áður. „[Þ]etta voru mikið sömu leikritin, sem voru leikin aftur og aftur, t.d. *Skugga-Sveinn*, sem var leikinn svona annað og þriðja hvert ár, minnir mig!“ sagði einn af gömlu ungmennafélögunum í viðtali löngu síðar.<sup>234</sup> Um fjárhagslegan og félagslegan ágóða af leik-





Leikendur Ungmennafélags Keflavíkur í „Húrra krakka“ fyrir miðja síðustu öld.

starfsemi ungmennafélagsins segir svo í 30 ára sögu UMFÍ:

Árleg starfsemi U.M.F.T hefir jafnan krafist mikils fjár. Árgjöld félaga hafa hvergi nærri fullnægt þeirri þörf. Hefir félagið því orðið að hafa á ári hverju margar opinberar skemmtanir til fjárafla. Venjulegast hafa leiksýningar orðið drýgsta tekjulindin, enda hefir félagið oft sýnt góða og þjóðlega leiki, eins og t.d. *Lénharð fögeta*. Þótti sú sýning takast ágætlega, og eru slíkir leikir vel til þess fallnir, að auka listrænan smekk almennings. En slíkar sýningar krefjast mikillar fórnar af þeim félögum, sem hæfir eru til þessa starfs. Og hana hafa þeir fært, félaginu til gagns og sæmdar.<sup>235</sup>

Þau ungmennafélög sem hafa fengist við leiklistina skipta hundruðum og þá leikritin ekki síður. Fyrstu leikrit félaganna voru oftast erlendir gleðileikir sem ungmennafélagar sjálfir þýddu. Svo fóru að skjóta upp kollinum íslensk verk eftir alþýðuhöfunda sem hlutu vinsældir. Mörg þeirra urðu sígild og hafa verið sýnd í óteljandi skipti hvarvetna á landinu. Þar má nefna *Happið* eftir Pál J. Árdal, *Tengdamömmu* eftir Kristínu Stefáns-

dóttur, *Prestskosninguna* og *Útsvarið* eftir Þorstein Egilsson og *Almannaróm* og *Opinberun ráðskonunnar* eftir Stein Sigurðsson.

Ungmennafélag Reykdæla hóf fyrstu leiksýningar sínar um 1914. Hús félagsins var lítið og það eina sem hægt var að gera til að skapa leiksvið var að skipta salnum í tvennt með tjaldi sem kostaði 10-20 krónur. Leiksýningin gekk svo vel að næst þegar kom til tals að æfa leikrit höfðu sumir á orði að það væri ekki hægt að skemmta sér fyrir þrengslum ef aðsókn

yrði eins mikil og síðast. Hvort sem það var þess vegna eða af öðrum ástæðum þá gripu Reykdælir til þess ráðs að leika *Skugga-Svein* utandyra á 10 ára afmæli félagsins árið 1918. Veður var hið fegursta og í stað leiktjalda var klettapil haft að baksviði.<sup>236</sup> Þannig reyndu ungmennafélögin að sinna leiklistinni við þröngan kost en mikla gleði áhorfenda. Aðstæður fóru þó batnandi eftir því sem húsum félaganna fjölgaði. Framan af voru húsin lítt til leikja fallin en eftir 1938 var leiksvið orðinn sjálfsagður hluti af útbúnaði þeirra.

## Á skíðum skemmti ég mér

Allt sem horfði til líkamsræktar og útiveru var ofarlega á verkefnalista ungmennafélaganna strax í upphafi. Helgi Valtýsson, formaður UMFÍ 1908-1911, var mikill áhugamaður um íþróttir ekki síður en forveri hans. Sérstaklega var skíðaiþróttin honum hugleikin og á fyrstu árum *Skinfaxa* birti hann margar greinar um skíðamennsku. Hann var þá nýkominn frá dvöl í Noregi, því mikla skíðalandi, þar sem sagt var að menn fæddust með skíðin á fótunum! Helga þótti illa við bregða þegar hann komst að því að hér á landi ísa og snjóa hafði skautaleikni og skíðafar lagst niður á síðari árum og „jafnvel í norðlenskum snjóasveitum sumum hverjum eru skíði því nær ókunn.“<sup>237</sup>





Félagar í Ungmennafélagi Reykjavíkur rífa grjót upp úr skíðabrautinni í Öskjuhlíð árið 1909. Þar voru einnig gróðursett tré en fáir renndu sér á skíðum sökum snjóleysis.

Helgi dró ekki af þegar hann brýndi ungmennafélaga til dáða:

Skíðafar og skautfimi eiga að vera kærasta skemmtun þeirra á vetrum þar sem annarri hvorri eða báðum verður við komið. Engar vetraríþróttir eru fegurri, hollari og karlmannlegri en þessar tvær! Engar nauðsynlegri hér á landi! Og báðar norrænar í legg og lið að fornu og nýju.<sup>238</sup>

Helgi gerði tilraun til að koma á fót skíðaskóla við Kolviðarhól og hugðist taka til starfa í janúar 1911. Ekki varð af starfrækslu skólans vegna dræmra undirtekta.

Helgi birti leiðbeiningar um skíðasmíði í *Skinfaxa* og haustið 1911 gekkst Guðbrandur Magnússon fyrir því að flytja inn ódýr skíði frá Noregi. Tveimur árum seinna var mestur hluti þeirra óseldur svo ekki er hægt að segja að ungmennafélagar hafi flýtt sér mjög að setja skíði undir fót.<sup>239</sup> Skýringin er þó væntanlega sú að veturinn 1911-1912 var snjóléttur með afbrigðum. Hann var einnig frostlítill svo skautaunnendur fengu sjaldan ís til að renna sér á. Veðráttan á Íslandi hefur bæði fyrr og síðar leikið unnendur vetraríþróttta grátt.

Reyndar höfðu félagsmenn Ungmennafélags Reykjavíkur eignast 15 skíðapör strax eftir stofnun félagsins 1906 og sumarið 1908 hófust

félagarnir handa við mesta stórvirki í sögu þess. Þá tóku Ungmennafélag Reykjavíkur og Íðunn höndum saman og réðust á stórgrýtisurð í Öskjuhlíðinni norðanverðri. Markmiðið var að fullgera góða skíðabraut í brekkunni og þar átti einnig að setja upp pall fyrir skíðastökk.

Fríð fylking af körlum og konum vann þarna af kappi alla sunnudagsmorgna frá sumarmálum til veturnotta og oft þar fyrir utan. Grjót var klofið, sprengt og rífið upp, velt og borið burtu. Grjótgarðar voru hlaðnir, jarðvegurinn stunginn upp, kartöflur settar niður, tré gróðursett, tún ræktað, skurðir grafnir og margt fleira gert. Hver stund sem ungmennafélagar höfðu ráð á var notuð til að hrinda einhverju í lag, vinna þar eitthvað þarflegt og gagnlegt. Enda flaug verkið áfram hröðum fetum. Menn gerðu sér glæsilegar vonir um framtíð skíðabrautarinnar. Hún var í augum ungmennafélaga óskabarn félagsins og því til heiðurs og sóma.<sup>240</sup>

Að skíðabrautinni var unnið hörðum höndum í átta ár en verkið sóttist seint og sífellt fækkaði þeim sem komu til starfa. Þegar vonbrigði með trjáræktina bættust við þraut þolinmæðina og verkið lagðist niður. Árið 1922 samþykktu félagsmenn að selja skíðabrautina enda skorti þá nú fé



*Hópur skíðamanna á ferð við Akureyri fyrir miðja síðustu öld.*

til húsbýggingar.<sup>241</sup> Ekki fer sögum af því að skíðamenn hafi gert mikið að því að renna sér niður þessa braut sem kostaði svo mikla fyrirhöfn.

Það er þó engum vafa bundið að skíðaiðkun fór vaxandi eftir aldamótin. Fyrsta skíðamót á Íslandi var haldið árið 1905 á Barði í Fljótum og tveimur árum síðar var skíðamót á Akureyri. Fyrsta skíðakeppni sem vitað er um hjá ungmennafélögum var haldin í hlíðinni fram við Þóru- staðaháls í Öfundarfirði 13. febrúar 1910. Þar voru reistir tveir stökkpallar, annar um metri á hæð en hinn var um 1,70 m hár. Svo var keppt í stökki en stökklengd var ekki mæld því sigurinn fólst í að standa stökkið af sér. Þar sigraði Guðmundur Gilsson á Mosvöllum og stóð hann í fimm skipti. Guðmundur sigraði einnig í „hlaupum á skíðum á jafnsléttu“ og allir stóðu brekkuna þegar keppt var í „rennsli með sneiðingum.“ Guðmundur hlaut fagan silfurpening að verðlaunum og var sá peningur í umferð á skíðamótum Ungmennafélags Öfnirðinga næstu árin, allt fram til 1915 að minnsta kosti.<sup>242</sup>

Á fundi í Ungmennafélagi Akureyrar í mars 1912 talaði Þórhallur Björnsson um „að koma á fót skíðakapphaupum.“ Hér var ekki tvínónað við hlutina og þremur dögum síðar, 13. mars 1912, fór „skíðahlaupið“ fram en ekki er því lýst nánar. Keppendur voru hvorki fleiri né færri en

29 og keppt var í þremur flokkum eftir aldri. Þrenn verðlaun voru veitt í hverjum flokki og voru þau íslenski fáninn með áletrun.<sup>243</sup>

Ungmennafélagar í Suður-Þingeyjarsýslu héldu skíðamót 1. mars 1914. Þátttakendur voru 15 skíðamenn úr Aðaldal og Reykjavhverfi. Hér var um einskona tvíkeppni að ræða því fyrst renndu menn sér niður 800 m langa brekku og síðan í öðrum stað fram af 20 feta hárrí hengju. Hlutskeppastur varð hinn 17 ára gamli Árni Þorsteinsson á Reykjum.<sup>244</sup>

Skömmu síðar hélt

Ungmennafélag Akureyrar tvö skíðamót í Kotárbrekku ofan við bæinn 3. mars og 13. apríl 1914. Keppt var í þremur aldursflokkum í fyrri mótinu og keppnisgreinin var „brekkurennsli með loftstökki“ sem virðist hafa verið vinsælast á þessum árum. Þar sigraði Sigurður Gíslason í flokki 17 ára og eldri, Beinteinn Bjarnason varð hlutskeppastur í 14-17 ára flokki og yngsta flokkinn vann Magnús Bjarnason. Ekki fer miklum sögum af skíðamótum hérlandis eftir þetta fyrr en á þriðja áratugnum en þau dagaði uppi eins og svo margt annað á stríðsárunum. Merkasta mótið frá sjónarhóli ungmennafélaga hélt Ungmennafélag Siglufjarðar í aprílmánuði 1920. Þar kepptu meðal annars konur „í hindrunarlausri brekku“ og þar sigraði Rakel Pálsdóttir. Allt bendir til að þetta hafi verið fyrsta skíðakeppni kvenna hérlandis.<sup>245</sup>

Á því er enginn vafi að hvatning ungmennafélaganna til skíðaiðkunar hafði sín áhrif. Jónas Jónsson vitnar um þessa þróun hjá Þingeyingum, sýslungum sínum, í lítilli klausu í *Skinfaxa* árið 1914:

Skíðaskógur allstór og álitlegur þótti í kringum þinghúsið á Breiðumýri í Reykjadal síðustu daga bændanámskeiðs er þar var haldið um mánaðamótin mars og apríl;



*Skíðastökk var vinsælt á árum áður. Hér er stokkið á skíðamóti á Akureyri fyrir miðja síðustu öld.*

Þar var samankomið um 300 manns, flest á skíðum, og gerðu aðkomumenn sér að skyldu, að stinga skíðunum niður á hælana, er gengið var af þeim og voru talin þannig standandi í einu 250 þör. Mönnum kom saman um að fyrir 5-10 árum hefði vart hálfur þessi mannsöfnuður getað sótt fund þennan fyrir skíðaleysi og ungmennafélögunum væri það að þakka, hve íþróttahugur, einkum skíðahugur, væri vaknaður í sveitinni.<sup>246</sup>

## Leiksvæði félaganna

Þegar ungmennafélagar sneru sér að því að æfa og iðka hvers konar íþróttir á víðavangi ráku þeir sig fljótt á það að aðstaðan til æfinga og keppni var ekki upp á marga fiska. Túnin voru náttúrlega bestu íþróttasvæðin en þar var bannað að vera því auðvitað hafði grasið, lífgjafi húsdýranna, forgang fram yfir hoppandi og skoppandi íþróttamenn. Um það voru gömlu bændurnir sammála. Sums staðar voru ágætar aðstæður, sléttir melar eða valllendi en mönnum varð ljóst að víða þurfti að betrubæta náttúruna til að hægt væri að stunda þar íþróttir af einhverju viti. Eini fullkomni íþróttavöllur landsins um langt skeið, Mela-

völlurinn, var lagður í Reykjavík árið 1911 og vígður á fyrsta íþróttamóti UMFÍ. Ungmennafélög og héraðsambönd hér og þar á landinu fundu vel hvar skóinn kreppti og reyndu að búa sér aðstöðu sem fremur mátti kalla leiksvæði en íþróttavelli lengi vel.

Ein metnaðarfyllsta tilraunin til að útbúa sérstakan íþróttavöll fyrir heilt hérað var gerð í Þjórsártúni á vegum hins nýstofnaða Íþróttasambands Skarphéðins. Jón Jónatansson búfræðingur var fenginn til að teikna völlinn og sjá um gerð hans. Svo var leitað til

ungmennafélaganna í Árnes- og Rangárvallasýslum um sjálfböðavinnu og völlurinn, þetta mikla mannvirki, varð að veruleika á þremur vikum vorið 1911. Hann var fyrst notaður á héraðsmóti sem Skarphéðinn hélt 9. júlí það ár. Þarna unnu ungir Sunnlendingar af mikilli vinnugleði og lögðu fram 200 dagsverk þetta vor.

Völlurinn var stórvirki þótt langt væri í frá að hann stæðist þær kröfur sem gerðar eru til íþróttavalla. Hann stendur norðanvert í aflíðandi brekku sem hallar að Þjórsá austan við Þjórsártúnsbæinn. Sporöskjulöguð hringbrautin er aðeins 180 metra löng og hvergi alveg lárétt. Á 100 metra brautinni er meira en metra halli og þar gátu mest þrír hlaupið samhliða. En bogadregnar setbríkur fyrir áhorfendur voru hlaðnar, hver upp af annarri, og þar fengust sæti fyrir 1200 manns. Síðar var aukið við þær og þá gátu 2000 manns setið þar samtímis. Framan við áhorfendasvæðið var reistur stór glímupallur og við hlið hans byggður ræðustóll sem vakti mikla athygli. Hann var hlaðinn úr snydduhnausum og við hlið hans voru hlaðnir setbekkir ætlaðir íþróttamönnum, dómnefndum, ræðumönnum og starfsmönnum mótanna. Ekkert var til spar að við að skreyta ræðustólinn 1911. Sóttur var djámosi og festur á framhlið hans og einkunnarorðin „Íslandi allt“





*Gamli íþróttavöllurinn í Þjórsártúni. Glögg má sjá sporöskjulagaða hringbrautina, glímupallinn, áhorfendabekkina og 100 metra brautina.*

voru mynduð úr geldingahnöppum sem festir voru í mosann. Þarna var hlaupið, stokkið og glímt af miklum móði í næstum fjóra áratugi á héraðsmótum Skarphéðinsmanna.<sup>247</sup> Þrátt fyrir ýmsa annmarka var Þjórsártúnsvöllurinn lengi einn glæsilegasti völlum landsbyggðarinnar og réð þar ekki minnstu hinir upphlöðnu áhorfendapallar, ræðustóllinn og staðsetningin.

Lítið fer fyrir frásögnum af vallargerð hinna einstöku félaga. Líklega þótti íþróttamönnum ekki tiltökumál að fara þangað sem sléttast var og þurrast og sprikla þar. Í hinu brotakennda safni af skýrslum ungmennafélaga til UMFÍ hafa skýrslur félaga í FS árin 1915 og 1916 varðveist þótt flest annað hafi glatast frá þeim árum. Þar kemur fram að Ungmennafélag Hrunamanna átti sér 144 fermetra leikvöll, Hvöt í Grímsnesi og Baldur í Hraungerðishreppi áttu hvort um sig 400 fermetra velli og Ungmennafélag Stafholtstunga hafði komið sér upp 110 fermetra „glímuföt“ sem virt var á 17,80 krónur. Hér er líklega um að ræða kostnað við að skera ofan af og slétta blettinn. Leiksvæði hinna félaganna voru ekki verðmetin sem gæti bent til þess að ekki hafi verið lögð í þau mikil vinna.

Undantekningin var Ungmennafélag Akureyrar. Hið metnaðarfulla félag lagði þá hugmynd fyrir bæjarstjórn Akureyrar að koma upp fullburða íþróttavelli á staðnum. Bæjarstjórn tók vel í þetta og úthlutaði félaginu ókeypis landsvæði við Þórunnarstræti snemma árs 1911. Ungmennafélag Gagnfræðaskólans gekk í lið með félaginu

og hinn atorkusami Lárus J. Rist tók að sér forgöngu framkvæmdanna sem hófust sumarið 1912 en gengu hægt sökum fjárskorts. Þá var gripið til þess ráðs að taka lán gegn ábyrgð allra félagsmanna og þá gekk rófan. Um haustið var búið að girða, slétta og þekja hluta vallarins. Sumarið 1913 var sléttunin unnin „upp á akkorð“ og um haustið var henni lokið. Til öryggis var ákveðið að láta völlinn gróa vel til næsta vors áður en hann yrði tekinn til leika og sumarið 1914 var hann loks tilbúinn – fimm árum eftir að hugmyndin kom fram innan Ungmennafélags Akureyrar.<sup>248</sup> Þar með voru komnir ágætir íþróttavellir bæði í Reykjavík og á Akureyri en víðast hvar annars staðar fóru íþróttir fram á mismunandi sléttum blettum sem kölluð voru leiksvæði. Það var ekki fyrr en eftir setningu íþróttalaganna 1940 að skriður komst á gerð íþróttavalla.

## Allir á Alþingishátíð

Þess verður víða vart að bakslag kom í framsóknarhug Íslendinga að loknum „Norðurlfu-ófriðnum mikla“ eins og menn nefndu gjarnan heimsstyrjöldina fyrri meðan á henni stóð. Sú mikla bjartsýni og vongleði sem réð ríkjum í upphafi aldarinnar varð fyrir áfalli sem nýfengið fullveldi megnaði ekki að vega upp. Verðfall og verðbólga dró kjark úr mönnum og líka vormönnum Íslands. Samt var alltaf verið að stofna ný félög. Kunnugt er um 53 ungmennafélög sem stofnuð voru á þriðja áratugi 20. aldar. Þrettán félög



## Sáttasemjarinn Kristján Karlsson

Kristján Karlsson (1893-1981) var fæddur á Akureyri og bjó þar til fullorðinsára.

Föður sinn missti hann þegar hann var á fyrsta ári og var því alinn upp af móður sinni með dyggum stuðningi Jakobs bróður síns sem var átta árum eldri. Til að létta undir með fjölskyldunni reri Kristján iðulega eldsnemma á árabáti til fiskjar út á Poll áður en hann mætti til vinnu sinnar.

Hann naut ekki langrar skólagöngu en lærði vel í lífsins skóla og tók sér margt fyrir hendur. Árið 1907 gerðist hann starfsmaður í útibúi Íslandsbanka á Akureyri, aðeins 14 ára gamall, og starfaði þar í 21 ár, lengst af sem bókarari og aðalfulltrúi. Sex sumur, 1922-1928, var hann útibússtjóri bankans á Siglufirði og hlaut eldskírni í störfum í þeim athafnamikla kaupstað. Árið 1928 var hann kallaður til Reykjavíkur og gerðist þá einn af þremur bankastjórum Íslandsbanka hins eldra þar til bankinn varð gjaldþrota árið 1930. Eftir það vann hann ýmis viðskiptastörf, var meðal annars forstjóri stórfyrirtækisins Kol og salt, og rak sjálfur innflutningsverslun. Hann var vinnusamur og gekk til starfa fram á síðasta dag þó kominn væri á níræðisaldur.

Á yngri árum lék hann í nokkrum leikritum hjá Leikfélagi Akureyrar með þeim árangri að hann var hvattur til fara í leiklistarnám. Kristján gekk ungur í Ungmennafélag Akureyrar og var lengi ötull félagsmaður þess. Hann var fremstur í flokki þegar það byggði hið veglega hús sitt Skjaldborg við Drottningarbraut. Kristján var gjaldkeri félagsins um tíma en síðan formaður um árabíl. Hann þótti traustur og farsæll stjórnandi og var einróma valinn formaður UMFÍ á þingi 1924 þegar ósamhent stjórn lét þar af störfum. Kristján lék þá hlutverk sáttasemjarans og var sá maður sem bar klæði á vopnin og enginn hafði á móti. Þessari stöðu gegndi hann í sex ár og var fyrsti formaður UMFÍ sem sat lengur en eitt kjörtímabil. Þegar Kristján hætti sem formaður árið 1930 tók hann að sér að vera gjaldkeri samtakanna næstu þrjú árin. Hann var áhugamaður um bindindismál og beitti sér fyrir þeim á stjórnartíma sínum.

Kristján var fremur lágvaxinn, þéttur á velli en léttur í spori og beinn í baki. Hann var áhugamaður um íþróttir og æfði glímu um tíma. Kristján lærði ungur sund hjá Lárusi Rist og var alla tíð góður sundmaður. Árið 1926 kvæntist hann Vilhelminu Vilhelmsdóttur frá Siglufirði og eignuðust þau þrjú börn.



*Kristján Karlsson, formaður UMFÍ 1924 til 1930.*

sofnuðu svefninum langa og þar með hefðu 40 félög átt að bætast í raðir UMFÍ. Þeim fjölgaði þó aðeins um tíu á þessum áratug og voru 70 talsins árið 1929.<sup>249</sup> Bindindisheitíð og fjarlægðin hélt allmörgum félögum utan vébanda UMFÍ enn um sinn.

Löngu fyrir árið 1930 ákvað ríkisstjórn Íslands að þá skyldi halda mikla þjóðhátíð á Þingvöllum til að minnast 1000 ára afmælis Alþingis. Undirbúningur stóð árum saman og var ekkert til sparað enda var þá komið góðæri í landinu. Ungmennafélag Íslands var stofnað á slíkri þjóðhátíð árið 1907 og margir ungmennafélagar hugsuðu sér að hreyfingin ætti þar hlutverki að gegna. Allt frá árinu 1926 birtust í *Skinfaxa* mýmargar greinar um erindi hreyfingarinnar á hátíðina og það rigndi niður stórbrotnum hugmyndum. Ungmennafélagar vildu skunda á Þingvöll í þjóðbúningum og vera þar sýnilegir. Ganga skruðgöngu, halda bændaglímu, sýna vikivaka og hafa heimilisíðnaðarsýningu, svo eitthvað sé nefnt. Allt þetta




*Guðbjörn Guðmundsson, formaður UMSK, stjórnaði vinnu sjálfboðaliða sem undirbjuggu Alþingishátíðina á Þingvöllum 1930.*

hátíðina. Auglýst var eftir sjálfboðaliðum og ungir menn úr tugum ungmennafélaga lögðu

var samþykkt á þingi UMFÍ árið 1927 svo hér var nægur fyrirvari.<sup>250</sup> Þetta hreyfði við hinum almenna ungmennafélaga og menn fylltust metnaði að láta til sín taka.

Ungmennasamband Kjalarnesþings, undir stjórn formannsins Guðbjörns Guðmundssonar, tók að sér að stjórna vinnu ungmennafélaga á Þingvöllum fyrir



*Glímuflokkarnir sem kepptu í bændaglímu á Þingvöllum 1930. Vinstra megin eru Sunnlendingar og bóndi þeirra Georg Þorsteinsson. Hægra megin eru Vest- og Norðlendingar og bóndi þeirra Viggó Nathanaelsson.*

fram krafta sína á Þingvöllum sumrin 1927 og 1928. Þeir lögðu vegi og gangstíga og löguðu farveg Öxarár. Fyrri sumarið voru unnin 167 dagsverk og 256 dagsverk það síðara. Hugur ungmennafélaga stóð til þess að reisa þingbúð UMFÍ á staðnum en það fékkst ekki leyft hjá Þingvallanefnd. Vel var unnið en hefði getað verið meira og betra að álit Guðbjörns sem þótti hátíðarnefndin hafa undirbúið málið fremur laklega.<sup>251</sup>

Hátíðin fór fram á Þingvöllum dagana 26.-29. júní 1930. Þangað komu 30 þúsund manns sem var meira en íbúafjöldi Reykjavíkur. Mikið var um dýrðir og margt stórmenni samankomið innlent og erlent. Nú var hvorki farið á reiðhjólum né hestum frá Reykjavík, bíllinn var kominn til sögunnar, og nú var meira að segja búið að breikka veginn svo bílarnir gátu mætt hver öðrum án þess að stansa. Tjaldborgir miklar risu á Þingvöllum og þar bjuggu hátíðargestir í þessa fjóra daga. Dagskráin var þéttskipuð með ræðum, ávörpum og margs konar skemmtiatriðum.<sup>252</sup> Ungmennafélagar fjölmenntu og lögðu fram sinn skerf til hátíðarinnar.

Sigurður Greipsson glímukappi, þáverandi gjaldkeri UMFÍ, vildi sjá fjölmenna skrudgöngu ungmennafélaga í þjóðbúningum, en þá kom vandamálið, karlar áttu enga slíka. Sigurður hvatti karlmenn til dáða og skóf ekki utan af því:

Stúlkurnar eiga flestar til þjóðbúninga, peysuföt eða upphlut. Stúlkurnar hafa því ekkert sér til afsökunar, ef þær vildu komast hjá þátttökunni. Piltarnir eru aftur á móti verr settir, því að flestir þeirra verða að efna sér þetta að nýju. En ég treysti því, að enn búi það konungshjarta í íslensku karlbrjósti að menn skirrist ekki við því að verja nokkrum tugum króna, sem eflt gætu minningarhátíðina miklu 1930, þrátt fyrir það að af kotungsefnum sé að taka.<sup>253</sup>

Í *Skinfaxa* birtust snið og ítarlegar leiðbeiningar til að gera litklæði karla og þeir voru óspart hvattir til að koma þannig búnir á Þingvöll.<sup>254</sup> Það gerðu þó færri en vænst var en þeim mun meiri athygli vöktu hinir skrautklæddu.

Sigurður Greipsson fékk einnig það hlutverk að koma á bændaglímu ungmennafélaga og dró ekki af sér þar heldur. Glíman fór fram á Þingvöllum og gengu 22 vaskir menn til leiks. Bóndi Norð- og Vestlendinga var Viggó Nathanaelsson frá Þingeyri en Georg Þorsteinsson frá Laugarvatni fór fyrir Sunnlendingum. Báðir bændur voru búnir litklæðum en aðrir voru í hefðbundnum glímubúningi. Eftir harða rímmu sigruðu Sunnlendingar. Íslandsglíman fór einnig fram á Þingvöllum og vakti mikla athygli. Þar sigraði afar-



*Börnin sem sýndu vikivaka á Alþingishátíðinni.*

mennið Sigurður Thorarensen og hlaut að launum geysiveglegan grip, úrarhorn sem Ríkarður Jónsson skar út og hátíðarnefndin gaf til keppinnar.

Tvennt var það enn sem ungmennafélögin vildu sýna á Þingvöllum, heimilisiðnað og þjóðdansa. Heimilisiðnaður; tóskapur, hannyrðir, útskurður, vefnaður, bókband og þvíumlíkt var mjög á dagskrá ungmennafélaga þessi árin og þau áttu sinn hlut í mikilli sýningu sem var opin um mánaðarskeið í Menntaskólanum í Reykjavík. Sýningin var þó undir forystu Heimilisiðnaðarfélagsins en ekki ungmennafélaganna, en þau höfðu óskoraða forystu í þjóðdönsunum.

Helgi Valtýsson, fyrrum formaður UMFÍ, var sérstakur áhugamaður um vikivakana, hina fornu þjóðdansa Íslendinga sem nú voru útdauðir, og var hann fenginn til að vinna að endurlífgun þeirra. Vikivakarnir máttu kallast söngdansar því þar tvinnadist saman söngur og dans. Helgi gekk í verkið af eldmóði og snemma árs 1930 kom út bók hans *Vikivakar* en UMFÍ var útgefandi. Bókin var brautryðjendaverk, ítarlegur leiðarvísir um vikivakana.

Þrjár röggssamar konur í Ungmennafélaginu Velvakanda í Reykjavík sáu um að þjálfa hóp rúmlega 70 barna sem sýndu vikivaka á Þingvöllum. Öll voru klædd þjóðbúningum. Ragnheiður O. Björnsson, ein þeirra þriggja sem sáu um sýninguna, lét svo um mælt að þegar flokkurinn gekk

af pallinum hafi fagnaðarlátum aldrei ætlað að linna.<sup>255</sup> Sýningin vakti mikla hrifningu og framkallaði tár á vöngum margra áhorfenda. Var svo um mælt að hún hefði verið einn glæsilegasti atburður hátíðarinnar, UMFÍ til sæmdar og vikivökunum til vegsauka.<sup>256</sup>

## Skin og skúrir Skinfaxa

Þegar stjórn UMFÍ hafði með herkjum tekist að afstýra andláti *Skinfaxa* um 1920 fór árfærði heldur að batna og á þingi UMFÍ árið 1924 komu fram stórtækar hugmyndir um aukna útbreiðslu blaðsins. Þá var samþykkt að hverju félagi innan UMFÍ bæri skylda til að kaupa eitt eintak af *Skinfaxa* á hvern féлага. Ákveðið var að innheimta skatt af hverjum ungmennafélaga sem árgjald fyrir *Skinfaxa*. Þingfulltrúar voru sannfærðir um



*Gunnlaugur Björnsson, ritstjóri Skinfaxa 1923 til 1928.*





Aðalsteinn Sigmundsson, ritstjóri *Skinfaxes* 1930 til 1940.

að þá myndi þjóðin fræðast svo ýtarlega sem unnt væri um ungmennafélagsskapinn og að með þessum hætti yrði *Skinfaxes* svo ódýr að engum yrði ofvaxið að kaupa hann.<sup>257</sup> Félagar UMFÍ töldust nálægt 3000 um þetta leyti og þar með stækkaði upplagið upp í þá tölu. Þessari röt-tæku breytingu var ætlað að bæta fjárhag UMFÍ en fram til þessa hafði bróðurparturinn af tekjum þess gengið til að halda *Skinfaxes* á floti og stundum varla dugað til.

Fram að þessu hafði *Skinfaxes* verið mánaðarrit en nú fór hann að koma út ársfjórðungslega. Gunnlaugur Björnsson stýrði blaðinu á þessum árum og hann birti hugvekju til lesendanna í fyrsta tölublaði hins nýja *Skinfaxes* árið 1925. Gunnlaugur taldi hlutverk blaðsins vera að leggja stein í þjóðfélagsbyggingu hins væntanlega unga íslenska lýðveldis. Hann minnti á endalok Sturlungaaldarinnar þegar hið forna þjóðveldi Íslendinga hrundi til grunna vegna valdagræðgi og kotungslundar og sagði að þær systur nöguðu enn rætur íslenskrar menningar.

En hins ber líka að minnast að ennþá lifa hollvættir Íslendinga sem vaka yfir þjóðerni, tungu og manngildi þeirra. Þessi tvö meginöfl togast á um framtíð íslensku þjóðarinnar. Óheillavættirnar segja: „Mér allt,“ en heilladísirnar segja: „Íslandi allt.“<sup>258</sup>

*Skinfaxes* þessara ára var fremur menningarlega sinnað rit og þar birtust jöfnum höndum kvæði, framtíðaróskir ungmennafélaga og heimspekilegar vangaveltur. Blaðið var málsvari dreifbýlisins og vegsamaði dásemdir sveitanna. Hinn samviskusami ritari UMFÍ, Guðmundur Jónsson frá Mosdal, flutti boðskap sambandsstjórnar í blaðinu. Í september árið 1928 lét Gunnlaugur Björnsson af ritstjórninni og þá tók við henni Björn Guðmunds-

son kennari og síðar skólastjóri á Núpi í Dýrafirði. Þar með fluttu prentun og afgreiðsla blaðsins til Ísafjarðar en Guðmundur frá Mosdal hafði áfram hönd í bagga með útgáfunni. Í fréttatilkynningu af þessu tilefni kvaðst hann vona að „*Skinfaxes* megi jafnan verða góðum málefnum og þjóðþörfum til styrktar og verndunar en illum háttum og skemmilegum til útrýmingar.“<sup>259</sup>

Í desember 1929 slepptu Björn og Guðmundur hendinni af *Skinfaxes* og hann fluttist aftur til Reykjavíkur. Til ritstjóra valdist Aðalsteinn Sigmundsson skólastjóri á Eyrarbakka. „Hann er gamall og góðþekktur ungmennafélagi, ósérplæginn í störfum og ríkur að áhuga,“ sagði Guðmundur frá Mosdal þegar hann kynnti hinn nýja ritstjóra.<sup>260</sup> Þetta var varla ofsagt því Aðalsteinn lagði nótt við dag í þágu blaðsins og UMFÍ. Á næsta þingi samtakanna árið 1930 var hann kjörinn formaður, eða sambandsstjóri eins og það var oftast kallað á þeim árum, og gegndi því starfi í átta ár, lengst allra til þess tíma. Allan þann tíma stýrði hann blaðinu og var ritstjóri þess til 1940 eða í ellefu ár.

Sú hugmynd að innheimta skatt fyrir *Skinfaxes* af hverjum ungmennafélaga mæltist ekki vel fyrir og hann var fljótlega lækkaður. Þá sótti í sama horfið með fjárhagsvandræðin og árið 1936 var svo komið að mestallar tekjur UMFÍ fóru í að fjármagna blaðið. Þá var halli á rekstri samtakanna en hefði þó orðið meiri ef ekki hefði komið til einstakt framlag Aðalsteins Sigmundssonar. Fyrir starf sitt sem ritstjóri *Skinfaxes* ákvað þing UMFÍ 1933 að hann fengi 1200 krónur árlega í laun. Aðalsteinn tók af skarið þegar skattar innheimtust illa og lækkaði laun sín niður í 800 krónur og var hann þó ekki fjáður maður. Þrátt fyrir þetta skuldaði UMFÍ honum nærri 1600 krónur árið 1936 en Aðalsteinn innheimti aldrei þá skuld. Staðreyndin var sú að 31 félag af 58 höfðu þá ekki greitt krónu til UMFÍ í fjögur ár og aðeins sjö þeirra voru skuldlaus. Skuldir sambandsins námu 2400 krónum sem var svipuð upphæð og hin lágu árslaun Aðalsteins í þrjú ár. Í skýrslu Aðalsteins í *Skinfaxes* gætir nokkurrar kaldhæðni sem er skiljanleg miðað við það sem á undan er gengið. Hann segir frá skuldum sambandsins og bætir svo við.

Er það að vísu meira en nóg skuldabyrði. En vert er að athuga það vel, að sambandið mundi ekkert skulda, og það hefði ekki



þurft að starfa að nokkru leyti á kostnað eins fátæks einstaklings, ef sambandsfélögin hefðu gert skyldu sína við það og greitt því skilvíslega lögboðinn skatt. ... Sambandsstjóri sem jafnframt hefur verið starfsmaður sambandsins og borið að mestu hita þess og þunga er auðvitað hjartanlega þakklátur fyrir þá aðstöðu sem framanrituð reikningsskil sýna að U.M.F. hafa sett hann í og fyrir þá sérstöku gleði sem hann hefur haft af skilvísni og skyldurækni félaganna.<sup>261</sup>

Þetta var á kreppuárunum og lítið um peninga en líklega hefur þessi ádrepa haft áhrif og einhverjir hafa skammast sín og bætt ráð sinna félaga. Svo mikið er víst að skattaskilin fóru batnandi eftir þetta og endar náðu betur saman. *Skinfaxi* var þó sem fyrr hæstur á útgjaldalistanum og uppi voru hugmyndir á þingi 1940, að minnka upplag blaðsins. Ekki varð úr því en árið 1943 var samþykkt að hætta að senda hverjum félagsmanni blaðið heldur skyldi það vera í frjálsri áskrift. Þessi tilraun til að reyna þegnskap félaganna hafði ekki tekist.

## Burt með útlenda ruslið

Lengi stóð það í lögum UMFÍ að félögin hefðu á stefnuskrá sinni „að styðja, viðhalda og efla allt það sem þjóðlegt er og rammíslenskt og horfir til gagns og sóma fyrir hina íslensku þjóð.“ Þarna kom náttúrulega margt til greina og eitt af því var heimilisiðnaður. Hann hafði verið stundaður um aldir á Íslandi sjálfspurftarþúskaþarins en með breyttum búháttum virtist jafnvel hætta á að slíkt handverk týndist úr vörslu þjóðarinnar. Þar vildu grandvarir ungmennafélagar spyrna við fótum. Fyrst var á þetta minnst í *Skinfaxa* árið 1911 þegar Helgi Valtýsson hvatti ungmennafélög til að senda muni á iðnsýningu sem haldin var í Reykjavík í tilefni af aldarafmæli Jóns Sigurðssonar.<sup>262</sup> Sú hvatning var flutt fyrir daufum eyrum en næst skrifaði Guðmundur Jónsson frá Mosdal um þetta mál árið 1914 og ræddi einkum um gagnsemi þess að menn gerðu sína búshluti sjálfir.

Á ári hverju eru nú fluttir hingað til lands og keyptir firm mikil af allskonar útlendum smáhlutum sem sumir hverjir eru til lítilla nota, aðrir eingöngu til skrauts – og flestir

svikulir mjög nema dýrir séu. Marga af þessum hlutum mætti búa til jafnvel bæði betri og fallegri með litlum kostnaði, ef hagsýni væri með og menn kynnu réttu handtökin.<sup>263</sup>



*Guðmundur Jónsson frá Mosdal var óþreytandi áhugamaður um heimilisiðnað ungmennafélaga.*

Guðmundur taldi að þessa muni mætti skreyta með fögrum myndum og einföldum útskurði og á þennan hátt mætti útrýma miklu af því útlenda rusli sem nú væri borgað ærið fé fyrir. Á þingi UMFÍ 1914 voru samþykktar tillögur um heimilisiðnað og skorðað á félögin að vinna að honum hvert í sínu byggð-

arlagi. Þar með rann boltinn af stað og eftir þetta spratt fram áhugi og metnaður hjá ungmennafélögum að skapa heimilisiðnaði verðugan sess. Margir lögðu þessu máli lið en nafn Guðmundar frá Mosdal ber þó ofar öllum öðrum. Guðmundur var lærður myndskeri og bjó lengst af á Ísafirði þar sem hann stofnaði ungmennafélagið Árvakur árið 1916. Guðmundur hélt fjölda námskeiða fyrir félagsmenn sína og aðra ungmennafélaga þar sem hann kenndi tréskurð og aðra heimaíðju.

Guðmundur var ritari UMFÍ árin 1924-1933 og vann því allt sem hann mátti. Hann var mannvinnur og óþreytandi að hvetja félagana til góðra verka. Guðmundur skrifaði óteljandi hvatningargreinar í *Skinfaxa* og þá ekki síst um heimilisiðnaðinn. Hér og þar voru haldnar handavinnusamkeppnir og sýningar á heimaíðju einstakra félaga. Á sambandsþingi 1927 var skipuð sérstök heimilisiðnaðarnefnd UMFÍ en nokkra furðu vekur að Guðmundur var ekki meðal nefndarmanna. Nefndin sá um undirbúning ungmennafélaga að landssýningu í heimilisiðnaði sem haldin var í Reykjavík 1930 í tengslum við Alþingishátíðina.<sup>264</sup> Heimilisiðnaðarfélag Íslands stóð fyrir sýningunni. Ef til vill má líta á það sem táknræna þróun, að minnsta kosti færðist heimilisiðnaðurinn næstu árin æ meir frá ungmenna-



Guðmundur Jónsson frá Mosdal í vinnustofu sinni.

félögunum í hendur kvenfélaganna. Ungmennafélagar voru þó góðir liðsmenn í þessu máli að dómi Halldóru Bjarnadóttur, formanns Heimilisiðnaðarfélagsins, sem skrifaði ítarlega grein um sýninguna.<sup>265</sup>

En hvað var eiginlega heimilisiðnaður? Það voru hvers kyns eigulegir og nytsamir handverks-gripir bæði til hversdags- og hátíðarnota sem unnir voru á venjulegum heimilum en ekki fjölda-framleiddir. Þetta voru fyrst og fremst gripir úr ull. Tóskapur, vefnaður og hannyrðir ýmiskonar. Fatnaður, ábreiður, teppi, dúkar og tjöld. Einnig smíðisgripir úr tré og öðrum eignum. Útskurður, bókband, leðuriðnaður, hrosshársiðja og þar fram eftir götunum. Margt af þessu var arfur frá fyrri tímum þegar heimilin sjálf urðu að búa til þessa hluti en með breyttum tímum minnkaði þörfin og þetta var nú orðið meira sem tómstundavinna. Svo var innfluttur iðnvarningur orðinn ódýrari en heimagerðu hlutirnir. Baráttan fyrir eflingu

heimilisiðnaðar var raunar dæmd til að mistakast vegna fólksfækkunar í sveitum og líklega var forystumönnum það ljóst því lítið kveður að frásögnum af slíku þegar kemur fram yfir 1930. Hinn þjóðlegi andi ungmennafélaganna varð að finna sér aðrar leiðir.

En áfram hélt baráttan gegn „útlenda ruslinu“ sem Guðmundur frá Mosdal atyrta árið 1914 og átján árum síðar bundust félög og framleiðslufyrirtæki í Reykjavík samtökum um að hvetja Íslendinga til að kaupa innlenda framleiðslu og búa betur að sínu. Ákveðið var að efna til „íslenskrar viku“ 3.-10. apríl 1932 og ungmennafélögin létu ekki sitt eftir liggja í hvatningunni. Þetta var líklegast fyrsta markvissa innlenda herferðin fyrir nokkru málefni sem haldin var. Allir voru samtaka. Haldnar voru ræður í útvarp, – leiksýningar, hátíðahöld og merkjasala stóðu linnulaust alla vikuna og dagblöðin auglýstu aðeins íslenskar vörur.<sup>266</sup>

Allar götur síðan hefur UMFÍ, trútt sínu kjör-orði, stutt við bakið á innlendum iðnaði og slag-orðið „Eflum íslenskt“ hefur hljómað úr herbúðum ungmennafélaganna. UMFÍ hefur tekið þátt í herferðum þar að lútandi því þrátt fyrir alheimsvæðingu síðustu tíma mun hin þjóðlega fyrirhyggja íslenska bóndans, að vera birgur að sínu, alltaf eiga erindi til íslensku þjóðarinnar og íslenskra ungmennafélaga.

## Heimboð Jakobínu Johnson

Átján árum síðar en Jónas Þorbergsson sló fram hugmyndinni um heimboð Stephans G. Stephanssonar í *Skinfaxa* birtist þar önnur grein af sama meiði. Það var Þórhallur Björnsson, stofnandi Umf. Akureyrar, sem lagði til árið 1934 að vestur-íslensku skáldkonunni Jakobínu Johnson yrði boðið heim til Íslands. Í grein sinni vitnaði Þórhallur til þess þegar Stephani var boðið heim vestan um haf og sagði svo:

Stephan G. Stephansson var sjálfsagður sem konungur Vestur-íslenskra skálda á sinni tíð, að verða fyrstur fyrir valinu, en nú er sannarlega tími til kominn að við bjóðum drottningunni í heimsókn til okkar en það leikur alls ekki á tveim tungum hver það er; það er frú Jakobína Johnson.<sup>267</sup>



Jakobína Johnson skáldkona.

Jakobína Sigurbjörnsdóttir Johnson (1883-1977) fæddist á Hólma-vaði í Þingeyjarsýslu en fluttist barn að aldri til Vesturheims með foreldrum sínum. Hún ólst upp við lestur Íslendinga-sagna hjá skáldmæltum föður og varð snemma hugfangin af töfrum íslenskrar tungu.

Hún hlaut kennaramenntun vestra en giftist ung að árum Ísak Johnson byggingameistara og eignuðust þau sjö börn. Þau bjuggu lengst af í Seattle í Washington-fylki á norðvesturströnd Bandaríkjanna. Fljótlega komu skáldgáfur hennar í ljós. Fyrst kvað hún þulur af munni fram fyrir börn sín en smám saman fóru ljóð hennar að birtast í vestur-íslenskum blöðum og vöktu athygli. Hún var mikill Íslandsvinur og lét ekkert tækifæri ónotað til að kynna landið með ljóðapýðingum, blaðgreinum og fyrirlesturum. Hún var einskonar sjálfskipaður íslenskur sendiherra vestanhafs og það kunnu Austur-Íslendingar að meta og vildu endurgjalda. Þessu öllu kom hún í verk ásamt móðurskyldum og húsmóðurstörfum með því að minnka svefntímann og nota vel hverja litla stund sem gafst til næðis við lestur eða ljóðaskriftir. Á eldaveðlarbrikinni var alltaf tiltæk bók, blýantur og blað.<sup>268</sup>

Þórhallur Björnsson lagði til að ungmennafélögin og kvenfélögin í landinu, ásamt félagi Vestur-Íslendinga í Reykjavík tækju höndum saman um þetta heimboð. Skemmst er frá því að segja að þessi félög brugðust vel við, hófu fjársöfnun og skipuðu heimboðsnefnd. Jakobína kom svo til Íslands 22. júní 1935 og dvaldist til septemberloka. Hún ferðaðist víða um land og í fæðingarhéraði hennar, Þingeyjarsýslum og í Reykjavík voru henni haldnar veglegar veislur.

Þórhallur Björnsson sagði frá för hennar í *Skinfaxa* og kvað svo að orði: „Ást hennar og skilningur á hinum þjóðlegu verðmætum Íslands og Íslendinga, var svo djúptækur og einlægur, hrifning hennar og ástúð svo heit og heillandi, að allir hlutu ósjálfrátt að hrífast af kynningu hennar.“<sup>269</sup>

Hún var leyst út með gjöfum við brottförina og sendi af skipsfjöl þakkarbréf til stjórnar UMFÍ. Þar í var þetta litla kvæði tileinkað samtökunum.

Ann ég örnefnum,  
ann ég fornhetjum,  
ann ég söngvum og sögnum;  
– en heitast ann ég þér,  
unga Ísland!  
Verndi þig vorsins dís!

Frami og framtíð  
forna landsins  
er þér í lófa lagin.  
– Gríp með djörfum hug  
og dyggu hjarta  
stjórnvöl styrkri mund!<sup>270</sup>

Þegar nú var búið að heiðra bæði skáldkonung og -drottningu Vesturheims með heimboðum létu ungmennafélögin þar við sitja. En stjórn UMFÍ tók upp „aðrar aðferðir til að rétta sína hlýju hönd vestur yfir ákana.“<sup>271</sup> Haustið 1939 sendi stjórn UMFÍ vestur um haf 500 eintök af veglegri ljósmynd af Jóni Sigurðssyni forseta sem gjöf til Vestur-Íslendinga og voru síðan stofufyrýði á jafnmörgum vestur-íslenskum heimilum. Þannig hefur jafnan andað hlýju milli Austur- og Vestur-Íslendinga fyrir tilstuðlan ungmennafélaganna.

## Þróun í þinghaldi

Fyrstu þing UMFÍ voru ekki fjölmennar samkomur enda félögin ekki mörg sem stóðu að sambandinu. Sex menn stofnuðu UMFÍ í nafni þriggja ungmennafélaga en fjögur félög í viðbót töldust til stofnenda. Þingfulltrúar voru oft nálægt því að vera tuttugu talsins allt fram til 1938. Í samantekt um þingin sem birtist í þessari bók eru aðeins taldir atkvæðisbærir fulltrúar hverju sinni. Að auki mættu stjórnarmenn á þingin og oftast nær nokkrir gestir.

Það var heilmikið fyrirtæki fyrir ungmennafélaga utan af landi að taka þátt í fyrstu þingunum sökum tíma og peninga sem það kostaði. Af því fyrrnefnda áttu flestir að vísu nóg en lítið af því síðarnefnda. Stjórn UMFÍ sá sér því ekki annað fært en að greiða ferðir þingfulltrúa til að tryggja komu þeirra á þingin og það er athyglisvert að greiddur ferðakostnaður við þingið 1914 gleypti meira en helming af tekjum UMFÍ það árið.<sup>274</sup> Á

## Hugsjónamaðurinn Aðalsteinn Sigmundsson

Aðalsteinn Sigmundsson (1897-1943) fæddist í Árbót í Aðaldal í Þingeyjarsýslu. Hann stundaði prentnám á Akureyri 1911-1914 en fór svo til Reykjavíkur og lauk þar kennara-prófi fimm árum síðar. Strax í æsku varð hann handgenginn ungmennafélagshreyfingunni og starfaði í hverju félaginu af öðru. Ungmennafélagið Geisli í Aðaldal, Ungmennafélag Akureyrar og Kennaraskólans nutu góðs af starfsþrótti hins unga manns sem átti eftir að koma rækilega við sögu hreyfingarinnar. Strax að loknu kennaranámi gerðist hann skólastjóri við barnaskólann á Eyrarbakka. Þar hafði ungmennafélagið lognast út af og fyrsta verk hans var að vekja það úr dái. Hann fór varlega af stað, allan veturinn ræddi hann við lykilmenn og fékk þá til liðs, og vorið 1920 var félagið reist við aftur með þeim árangri að það varð öflugasta félag landsins um árabil. Aðalsteinn var formaður félagsins bróðurpartinn af þeim áratug sem hann var á Eyrarbakka og meðal nýmæla sem hann gekkst fyrir var yngri deild félagsins sem starfaði af miklum þrótti. Þá var hann ritari Héraðssambandsins Skarphéðins 1922-1927 og bryddaði þar upp á farsælum nýjungum í starfi.



*Aðalsteinn Sigmundsson, formaður UMFÍ 1930 til 1938.*

Árið 1924 gerðist Aðalsteinn umsjónarmaður Prastaskógar og var það öll sumur fram til 1938. Þá var skógurinn í vanhírðu en tók miklum stakkaskiptum til hins betra undir handleiðslu hans. Þórður J. Pálsson, fóstursonur Aðalsteins, kom fyrst til starfa með honum sex ára gamall en varð síðar skógarvörður í áratugi. Aðalsteinn var kennari við Austurbæjarskóla frá 1931-1942 en var þá ráðinn námsstjóri á Vesturlandi. Hann var ritfær maður og samdi og þýddi margar barna- og unglingabækur og gaf þær út. Nokkur kvæði birtust eftir hann.

Árið 1930 var hann valinn formaður UMFÍ, og stýrði samtökunum gegnum kreppuna miklu allt til 1938. Jafnframt var hann ritstjóri Skinfxa. Líklega er fáum mönnum meira að þakka en honum að UMFÍ hélt velli á þessum erfiðu tímum því fórnfýsi hans og ósérplægni var dæmalaus. Hann lagði alla sína krafta og fjármuni fram til þess að samtökin mættu dafna og hirti ekki um þó það bitnaði á honum sjálfum. „Enginn hefur unnið íslenskum ungmennafélögum af jafnmikilli óeigingirni og Aðalsteinn Sigmundsson,“ sagði eftirmaður hans, Eiríkur J. Eiríksson, að honum látnum og taldi enginn það ofsagt. Aðalsteinn var einn af höfundum nýrra íþróttalaga sem samþykkt voru á Alþingi 1940 og hélt þar vel fram hlut UMFÍ. Hann varð svo fyrsti fulltrúi samtakanna í Íþróttanefnd ríkisins sem þá tók til starfa og breytti mörgu til hins betra fyrir félögin. Aðalsteinn lést af slysförum árið 1943, aðeins 45 ára gamall.

Hann bar mikla umhyggju fyrir efnilegum nemendum sínum sem höfðu erfiða aðstöðu til náms og stuðlaði að framhaldsnámi þeirra með ýmsum hætti. Því var það að stjórn UMFÍ ákvað strax við andlát hans að stofna minningarsjóð um Aðalstein til að styrkja fátæka og efnilega æskumenn til náms.

Aðalsteinn var einarður, hreinn og beinn og sagði meiningu sína án undanbragða, var róttækari í skoðunum en mörgum þótti henta og tók á hverskonar óreglu án nokkurra silkihanska. Það gustaði um Aðalstein en menn virtu hugsjónamanninn sem alltaf tók hagsmuni heildarinnar fram yfir eigin hagsmuni. Hann kvæntist ekki en tók að sér fósturson og ól hann upp. Ungmennafélagar reistu Aðalsteini minnisvarða í Prastaskógi árið 1957.<sup>272</sup> Æskuvinnur Aðalsteins, Ríkarður Jónsson myndskeri, kvaddi hann með erfiljóði og þar eru þessar hendingar:

Í ógn og raun þú öðrum reyndist best,  
og afrek þitt ei hófst á léðum fjöðrum.  
Þú settir aldrei sjálfan þig á hest,  
í söðulinn þú lyftir jafnan öðrum.

Já, allt þitt líf var Íslands gæfuleit,  
með æskubrag í lund og mund og verki.  
Svo rís þú upp, þú æskumanna sveit,  
nú er þitt verk að hefja fallið merki.<sup>273</sup>



næsta þingi, 1917, var þingfararkostnaður sem sambandið greiddi fyrir átta fulltrúa utan af landi 1120 krónur en styrkur rikissjóðs 1500 krónur.<sup>275</sup> Þessi mikli kostnaður var án efa ein af ástæðum þess að þingin voru aðeins haldin á þriggja ára fresti. Framan af tóku þingin allt upp í fimm daga en urðu fljótlega tveggja daga samkomur.

Fyrstu tuttugu árin voru þingin haldin í Reykjavík ef undan er skilið stofnþingið á Þingvöllum og ársþingið á Akureyri 1908. Þegar Þrastalundur hinn fyrsti var risinn í Þrastaskógi voru þingin haldin þar um hríð allt til 1938. Þrastaskógur var mörgum ungmennafélögum allt að því helgur reitur og þeim þótti vel við hæfi að halda þing sín þar þó húsið væri í annarra eigu. Þegar Þrastalundur eyðilagðist í eldsvoða árið 1942 hafði sambandið ekki bolmagn til að reisa þar nýtt hús frá grunni og þingin færðust annað.

Það vekur athygli hversu formföst þingin voru frá upphafi, studd heilsteyptum og skýrmæltum lögum. Þetta var engin tilviljun. Höfundar fyrstu laga ungmennafélaganna, félagarnir Jóhannes Jósefsson og Þórhallur Björnsson, voru orðhagir menn og settu þau fram í hnitmiðuðum texta. Þeir höfðu báðir fengið skólun í félagsstarfi stúkumanna áður en þeir stofnuðu Ungmennafélag Akureyrar en báru gæfu til að sneiða fram hjá hinum alnarlöngu lagabálkum stúkumanna. Kristín trú, bindindi og umræðubann um stjórnsmál voru þó rauður þráður í lögum beggja hreyfinganna.

Fyrstu þingin voru fjörugir málfundir þar sem miklar hugmyndir litu dagsins ljós en hinn kaldí og bláfátæki veruleiki lækkaði risið á mörgum þeirra. Ungmennafélagar þjáðust þó ekki af neinni minnimáttarkennd og voru sannfærðir um að tilkoma ungmennafélaganna væri mannlífi landsins mikil unaðsbót. Í þá veru hljómar tillaga sem samþykkt var á þinginu í Reykjavík 1908 og sett fram í einni langri setningu eins og þá var tíðkað:

Með því að þinginu er það ljóst að öðrum mesta atvinnuvegi landsmanna, landbúnaðinum, stafar ómetanlegur hnekkir að því hversu landslýðurinn, einkum hin yngri kynslóð, sækir úr sveitum til kaupstaðanna vegna dauflegra vista í sveitum, þá skorar þingið á efnilega og ötula menn um land allt að gangast fyrir stofnun ungmennafélaga í sveitum þar sem þau eru ekki þegar komin á fót og jafnframt skorar það á ungmennafélög í sveitum að leitast við

svo sem frekast eru föng á að hafa örvandi og notasæl áhrif á sveitalífið, svo sem með fræðandi fyrirlestrum, íþróttaiðkunum og öðrum uppbyggilegum gagnlegum skemmtunum.<sup>276</sup>

Hér var komin stefnuyfirlýsing þar sem efling ungmennafélaganna var talin besta svarið við flutningum sveitafólks á mölina. Helstu mál þingsins fyrir utan samþykkt nýrra laga voru stuðningur við móðurmálið, skógrækt, kvenréttindi, lýðháskóla og íþróttamót sem halda skyldi árið 1911 eins og raunin varð.<sup>277</sup> Næstu árin voru bindindi, fyrirlestrar, heimilisiðnaður, skógrækt og íþróttir efst á baugi þingmála og tvö þau síðastnefndu hafa reyndar alla tíð verið efst á óskalista ungmennafélaganna.

Þótt stundum væri tekist á um einstök mál sveif andi félagslyndis og samheldni yfir þingunum. Út af þessu bar á þinginu 1924 en þá létu af störfum fimm stjórnarmenn sem höfðu átt í miklum erjum tímabilið 1921-1924. Aðeins tveir þeirra mættu á þingið, Jón Kjartansson gjaldkeri og Guðmundur Davíðsson meðstjórnandi, fyrrum formaður UMFÍ. Þegar Jón hafði flutt skýrslu stjórnar hélt Guðmundur langa tölu og lýsti sundurþykki því sem verið hafði í sambandsstjórn. Að lokum lagði hann fram kærú á hendur samstjórnarmönnum sínum, þeim Jóni Kjartanssyni og Guðmundi Jónssyni frá Brennu, fyrir framgöngu þeirra innan stjórnar. Kærúnni var vísað til fjárhagsnefndar sem skilaði um hana sérstöku álitu sem ekki var bókað í þinggerðinni. Greinilegt var að þingfulltrúar vildu ekki bera ágreining stjórnarmanna á torg en það leynir sér ekki að þeim hefur gramist viðskilnaður gjaldkerans því tilvonandi gjaldkeri var hvattur til að færa gleggri reikninga en hér var að finna. Þingið lagði til að héraðssamböndin greiddu sjálf ferðakostnað sinna fulltrúa og var það samþykkt því mikið tómahljóð var í kassanum.<sup>278</sup> Ekki verður betur séð en þar með hafi ferðakostnaði þinganna verið velt af herðum UMFÍ yfir á héraðssamböndin sem eftir þetta sáu um að kosta sína menn á þingin.

Fundargerðir tveggja fyrstu þinganna, á Þingvöllum 1907 og Akureyri 1908, eru glataðar en öll þing eftir það hafa varðveist í gjörðabókum UMFÍ. Sambandið sýndi þann myndarskap að láta fjölrita þinggerðir þinganna frá 1924-1938 en þá féll útgáfan niður og var ekki tekin upp aftur fyrir en árið 1967.



Árið 1929 var aukafing UMFÍ haldið í Prastalundi 18. til 20. júní. Hér hafa þingfulltrúar tyllt sér niður í skóginum í sumarblíðunni. Talið frá vinstri: Elías Halldórsson, Sigurjón Sigurðsson, Björn Guðmundsson, Kristján Karlsson, Þorsteinn Þórarinnsson, Þórhallur Björnsson, Jens Þorsteinsson, Jón Helgason, Johannes Velden, Þorsteinn Bjarnason, Sveinn Sæmundsson, Marinó Kolbeins, Ingimar Jóhannesson, Jóhannes úr Kötlum, Guðbjörn Guðmundsson, Þorsteinn Sigurðsson, Símun av Skarði, Guðmundur Pálsson, Guðmundur Jónsson frá Mosdal, Guðmundur Benediktsson, Svava Þórleifsdóttir, Aðalsteinn Sigmundsson og Tryggvi Magnússon.

Á þinginu 1927 bar mjög á málefnum Alþingishátíðarinnar á Þingvöllum 1930 en tilkoma hennar hleypti miklum þjóðernisanda í ungmennafélögin. Þjóðbúningar, vikivakar, glíma og íþróttasýningar voru mikið rædd á þinginu og þá voru kjörnir fyrstu heiðursfélagar sambandsins, þeir Jóhannes Jósefsson, Þórhallur Björnsson og Helgi Valtýsson.<sup>279</sup> Raddir heyrðust um það að óþénuget væri að stjórnarmenn UMFÍ sætu sinn í hverju landshorni. Þetta mátti til sanns vegar færa því formaðurinn, Kristján Karlsson, bjó á Akureyri, ritarinn, Guðmundur frá Mosdal, var Ísfirðingur og Sigurður Greipsson, gjaldkeri og glímukappi, sat í Haukadal. Þeir voru þó fleiri sem töldu mest um vert að dugandi menn skipuðu stjórnina en minna máli skipti hvar þeir ættu heima. Voru þeir endurkjörnir með öllum greiddum atkvæðum.<sup>280</sup>

Þingið 1929 var fyrsta og eina aukafing sem UMFÍ hefur haldið og var fyrst og fremst til þess hugsað að undirbúa Alþingishátíðina sem best. Það var haldið í hinum nýbyggða Prastalundi en

þinghaldið hófst og því lauk í skóginum sjálfum. Í þinggerð segir frá veru góðra gesta á þinginu. Þar var meðal annarra skáldið Símun av Skarði, lýðháskólastjóri frá Færeyjum, og flutti kveðjur færeyskra ungmennafélaga. Í þinglok hélt skáldið Jóhannes úr Kötlum ræðu til heiðurs Símoni og flutti honum runhenda drápu er hér fer á eftir:

Gakk heill frá garði,  
greppur sóknharði,  
signdur sól-arði,  
Símun av Skarði.  
Gakk heill til hildar  
heiðríkrar snilldar,  
Njóta Fróns fylgdar  
Færeyjar mildar.<sup>281</sup>

Þingið 1930 var „stutt og afkastalítið“ eins og segir í *Skinfaxa* frá þessum tíma. Það stafaði þó ekki af verkefnaskorti eða áhugaleysi heldur naumum tíma þingmanna. Þar tók Aðalsteinn Sigmundsson við formennsku UMFÍ af Kristjáni

Karlssyni sem gerðist í staðinn gjaldkeri.<sup>282</sup> Á þinginu 1933 var Þingvallavíman runnin af mönnum og kreppan tekin að sverfa að. Guðmundur frá Mosdal lét nú af ritarastörfum eftir 10 ára starf og var útnefndur fjórði heiðursfélagi UMFÍ. Þingið var haldið í Þrastalundi og þjóðernistilfinning ungmennafélaga hafði hvergi slævst. Um það vitnar tillaga sem samþykkt var á þinginu og undirrituð af öllum þingfulltrúum nema formanni, gjaldkera og einum óbreyttum:

Sambandsþing U.M.F.Í. 1933 vítir það mjög að erlent starfsfólk skuli notað í veitingahúsinu Þrastalundi á landi sambandsins. Einkum telur þingið erlendan þjón óviðeigandi og í fullu ósamræmi við ákvæði leigusamnings um lóð undir Þrastalund þar sem fram er tekið að rekstur gistihússins skuli vera svo þjóðlegur sem kostur er á.<sup>283</sup>

Á þinginu 1936 var samþykkt ný stefnuskrá UMFÍ og eitt af nýmælum hennar fólst í „að vinna að því að næg og lífvænleg atvinna bíði allra unglunga er vaxa upp í landinu, þegar þeir hafa náð starfsaldri eða lokið námi.“<sup>284</sup> Hér kvað við nýjan tón en atvinnuleysi kreppunnar var nú farið að segja til sín. Sveitir landsins voru yfirfullar af vinnufúsum ungmennum sem ekki höfðu mörg hver mikið við að vera. Þá var ákveðið að gefa út 30 ára sögu UMFÍ hið fyrsta og ungur sagnfræðingur, Geir Jónasson, ráðinn til starfa við söguritun.<sup>285</sup>

Á þinginu 1938 var ályktað um atvinnumál æskunnar við sjóinn því drjúgur hópur ungmennafélaga átti heima í sjávarþorpum. Hinn ungi guðfræðingur Eiríkur J. Eiríksson tók við formenskunni, og þá hófst nýtt tímabil hjá UMFÍ, tímabil Eiríks J. Eiríkssonar sem varði í þrjú áratugi. Merkasta tillagan á þinginu og sú sem dró mestan slóða var tillaga sem Sigurður Greipsson í Haukadal, formaður Skarphéðins, mælti fyrir og meðflutningsmenn voru Leifur Auðunsson frá Dalsseli og Sigmundur Guðmundsson frá Stöðvarfirði. Hún var á þá leið að efnt yrði til allsherjar íþróttamóts innan UMFÍ árið 1940.<sup>286</sup> Þessi tillaga var upphafið að endurvakningu landsmótanna og það var vel við hæfi að skólastjóri Íþróttaskólans í Haukadal bæri hana fram.

## Starfsmenn á stangli

Landsshreyfing á borð við UMFÍ hafði í mörg horn að líta til að byrja með. Verkefni voru óþrjótandi sama hvert lítið var. Fyrirlestrar, íþróttanámskeið, útgáfa *Skinfaxa*, sendingar og svörun bréfa og óteljandi önnur mál. Allt krafðist þetta mikillar vinnu sem stjórnarmenn, og þá einkum formenn UMFÍ hverju sinni, lögðu fram í sjálfbodaðavinnu. Margir þeirra voru jafnframt ritstjórar *Skinfaxa* og hlutu lítilsháttar umbun fyrir það. Þessir menn lögðu fram krafta sína skilyrðislaust og unnu hörðum höndum að framgangi hreyfingarinnar. Kannski var þetta vinnuálag ástæðan fyrir því að formenn UMFÍ entust skamma stund í starfi lengi vel. Fljótlega varð mönnum ljóst að UMFÍ þurfti nauðsynlega á launuðum starfsmanni að halda til að sambandið gæti vaxið og dafnað eins og efni stóðu til. Það strandaði á því að peningar lágu ekki á lausu og ríkisvaldið, helsti styrktaraðilinn, var ekki beint útausandi á fjármuni sína.

Fyrstu skráðu starfsmenn UMFÍ voru fyrstu ritstjórar *Skinfaxa*, þeir Helgi Valtýsson og Guðmundur Hjaltason. Guðmundur kom lítið að ritstjórninni en fór í fyrirlestraferðir á vegum UMFÍ um tíu ára skeið og þau ungmennafélög sem nutu góðs af báru hluta af kostnaðinum. Að þessu viku Guðmundur á lipurlegan hátt þegar hann segir frá fyrstu fyrirlestraferð sinni á vegum UMFÍ um Suðurland haustið 1909.

Vel leist mér á ungmennafélagsskapinn hvar sem ég kom. Er allmikill og góður áhugi hjá æskulýðnum í honum. Og eftir því sem ég komst næst munu flestallir betri menn ungmennafélagunum meira eða minna hlynntir. Mun það þó enn þá vera meira í orði en á borði. En góð orð megna mikið. Hafa þau oft opnað hjörtun og buddurnar.<sup>287</sup>

Guðmundur Sigurjónsson var sendur út af örkinni til að leiðbeina um íþróttir meðal ungmennafélaga á Suðurlandi haustið 1911.<sup>288</sup> Hann má því telja fyrsta íþróttakennara hreyfingarinnar. Síðar áttu margir eftir að feta í fótspor hans. Næsti starfsmaður UMFÍ var Jónas Jónsson frá Hriflu, sem ritstýrði *Skinfaxa* frá 1911 til ársloka 1917. Jónas vakti athygli á hreyfingunni með skeleggri ritstjórn sinni og tók við formenskunni UMFÍ





Stefán Hannesson kennari fór í fyrirlestraferð um Skaftafells-sýslur 1916.

þegar hann stóð upp úr ritstjóra-stólnum.

Haustið 1915 fór Jón Kjartansson, kennari frá Öndarfirði, í fyrirlestraferð um allt sambands-svæði FS á þess vegum. Auk þess kenndi hann íþróttir og gaf leiðbeiningar um starfsemi félaga-anna. Ferðalag Jóns þótti takast vel og gaf ritstjóra *Skinfaxes* tilefni til

að reifa þá hugmynd að UMFÍ þyrfti að eignast fastan starfsmann sem hefði „með höndum yfirstjórn sambandsmála og færi jafnframt yfir hálf tlandið á ári í fyrirlestra- og eftirlitsferð.“<sup>289</sup> Hugmyndin var ágæt en komst ekki í gagnið því peningana skorti rétt eina ferðina.

Stjórnin reyndi þó að halda í horfinu og vorið 1916 fór Stefán Hannesson kennari í Litla-Hvammi í fyrirlestraferð um Austur-Skaftafells-sýslu á vegum UMFÍ. Stefán gaf greinargóða skýrslu í *Skinfaxes* að henni lokinni. Þar lauk hann lofsorði á heimamenn sem stofnuðu héraðs-samband í júní þetta ár í framhaldi af heimsókn hans.<sup>290</sup> Sömu leiðis fór Jónas Þorbergsson, síðar útvarpsstjóri, í fyrirlestraferð um Norðurland um haustið á vegum sambandsins. Árið eftir endurtók Jónas áskoranir sínar um fastan starfsmann í blaðinu. Jónas gerði ráð fyrir að sá maður, sem hann kallaði framkvæmdastjóra, myndi bæði sinna ritstjórn blaðsins, fara í fyrirlestraferðir og hafa umsjón með íþróttakennslu. Há laun yrðu ekki í boði enda taldi Jónas þýðingarlaust að velja til starfsins mann sem tæki það að sér vegna laun-anna en ekki málefnsins.<sup>291</sup>

Þetta komst í verk árið 1918 þegar Jón Kjartansson, sem þá var ritari sambandsins, tók við ritstjórn *Skinfaxes* og skyldi jafnframt sinna samskiptum stjórnar við félögin, þar með talið fyrirlestraferðum. Jón var þar með orðinn fyrsti starfsmaður UMFÍ sem gerði meira en ritstýra blaðinu og langþráður draumur hafði ræst. En Adam var ekki lengi í Paradís. Tæpum tveimur árum seinna,

haustið 1919, hvarf Jón frá störfum vegna náms í verslunarfræðum í Englandi.<sup>292</sup> Þar með hafði sambandið misst starfsmann sinn og bágborinn fjárhagur þess kom í veg fyrir frekara starfsmannahald næstu árin.

Í desember 1921 sat stjórnin á fundi og velti vöngum yfir bréfi frá Helga Valtýssyni sem bauðst til að gerast starfsmaður sambandsins og taka að sér ritstjórn *Skinfaxes*, fyrirlestraferðir og fleira. Auk þess lagði Helgi til að UMFÍ kæmi sér upp skrifstofu í Reykjavík sem annaðist sambandsmál. Helgi var fyrrverandi formaður UMFÍ og ritstjóri *Skinfaxes* og hafði tekið að sér ritstjórn blaðsins undanfarna mánuði. Stjórninni leist mætavel á tillögur hans en tók sér hálfsmánaðar-frest til að svara. Þegar til átti að taka var fjárhagur *Skinfaxes* svo slæmur að engin tók voru á að halda honum úti öðruvísi en að stjórnarmenn gerðu það sjálfir í sjálfböðavinnu. Þar með var sjálfgeert að afþakka gott boð Helga um að starfa fyrir UMFÍ.<sup>293</sup>

Þannig fór um sjóferð þá en næstu árin sendi UMFÍ erindreka sína um Suður- og Vesturland til fyrirlestrahalds. Í maí 1923 hafði stjórnin fengið sig fullsadda á sjálfböðastarfinu við *Skinfaxes* enda hafði útgáfa blaðsins fallið niður frá áramótum. Þá var Gunnlaugur Björnsson kennari ráðinn starfsmaður UMFÍ og jafnframt ritstjóri blaðsins. Gunnlaugur starfaði fyrir UMFÍ til hausts 1928 og var jafnframt stundakennari við Samvinnuskólann.<sup>294</sup> Þar var Jónas frá Hriflu skólastjóri og hefur óefað haft hönd í bagga með ráðningu Gunnlaugs. Gunnlaugur stýrði blaðinu farsællega þessi árin en var ekki í fyrirlestraferðum sem féllu að mestu niður eftir þetta. Orsökina var hin sama og alltaf áður – féleysi sambandsins. Gunnlaugi rann þetta til rifja og í *Skinfaxes* árið 1925 lét hann í ljós gremju sína yfir fálæti fjárveitinganefndar Alþingis sem árum saman hafði úthlutað UMFÍ sömu upphæð þótt verðgildi krónunnar færi sífellt minnkandi. Gunnlaugur spurði hvassra spurninga og svaraði sér sjálfur:

Hvers áttu ungmennafélögin að gjalda er Alþingi hafði umsókn þeirra að engu? Áttu þau að gjalda þess að hafa unnið að heimafræðslu, ódýru sjálfsnámi í sveitum landsins. Áttu þau að gjalda þess að hafa hlaupið undir bagga með veikum mönnum og fátækum á erfiðum tímum? Áttu þau að gjalda þess að þau hafa unnið sjálfböða-



vinnu við vegagerð, húsbyggingar o.m.fl.? Eða var þeim gefið það að sök að þau hafa rutt gróðurlausa bletti og ræktað þá? Þótti stjórnmalahlutleysi félaganna illa sæma?

Síðasta Alþingi hefir lýst vanþóknun sinni á starfsemi ungmennafélaga með því að synja þeim um nauðsynlegan fjárstyrk. Fyrir því geta þau gert ráð fyrir að fjárveitingavald þjóðarinnar hugsi sem svo: Engin þjóðleg menning getur átt sér stað á komandi árum. Sveitirnar verða yfirgefinn auður. Allar götur Íslendinga liggja til Reykjavíkur eða annarra sjávarþorpa. Þar lifa flestir fáfróðir og snauðir við erlenda sníkjumenning. Þorskurinn verður átrúnað-argoð allra og það verður hann sem stjórnar landinu.<sup>295</sup>

Hér var kveðið fast að orði og hvort sem það var vegna ádrepu Gunnlaugs eða af öðrum ástæðum þá hækkaði styrkur landssjóðs myndarlega árið eftir. Haustið 1928 hætti Gunnlaugur störfum hjá UMFÍ og gerðist kennari við bændaskólann á Hólum. Þá var gripið til þess ráðs að senda *Skinfaxa* í eins konar föstur til Vestfjarða. Þar tóku tveir góðir og gegnir ungmennafélagar við honum um rúmlega eins árs skeið. Þeir Guðmundur Jónsson, tréskeri frá Mosdal, og Björn Guðmundsson, kennari á Núpi í Dýrafirði, sáu alfarið um útgáfu blaðsins til ársloka 1929 og voru ekki dýrir á föðrunum. Þá um haustið tók Björn við umsvifamiklu starfi skólastjóra á Núpi og hafði ekki lengur tök á að sinna ritstjórninni.

Í ársbyrjun 1930 gerðist Aðalsteinn Sigmundsson ritstjóri *Skinfaxa* og um leið starfsmaður UMFÍ. Aðalsteinn var kjörinn formaður UMFÍ á þingi 1930 og starfaði af mikilli alúð fyrir sambandið allt til 1938 þegar hann lét af stjórnarstörfum. *Skinfaxa* hafði hann með höndum til 1940. Áður hefur verið rakið að hann lét málefni sambandsins ganga fyrir launum sínum sem hann innheimti ekki árum saman en var jafnan í fullu kennarastarfi samtímis. Frá því Aðalsteinn kom til starfa 1930 hefur starfsmannahald sambandsins verið óslitið og frá 1938 hefur ritstjórn *Skinfaxa* á köflum verið skilin frá öðrum verkefnum sambandsins og stundum falin mönnum sem ekki hafa komið að starfsemi þess að öðru leyti.

## Þróun ungmennafélaga 1906-1938

Það hefur orðið niðurstaða höfundar að skipta 100 ára sögu UMFÍ niður í nokkur tímabil. Lok fyrsta tímabilsins afmarkast af endalokum kreppunnar. Það kemur heim við þau kaflaskil sem verða þegar Aðalsteinn Sigmundsson hættir formennsku UMFÍ og Eiríkur J. Eiríksson tekur við. Sömuleiðis má greina áfanga á vegferð samtakanna við hvern nýjan formann og verður þeim kaflaskilum fylgt að mestu. Erfiðast er að greina nútímann með nokkurri skerpu og því var það ráð tekið að skilja ekki á milli tveggja síðustu formanna UMFÍ. Í lok hvers kafla verður efni hans dregið saman í stuttu máli undir heitinu „Þróun ungmennafélaga.“ Það er tilraun höfundar til að átta sjálfan sig og lesendur á fjölbreyttri sögu UMFÍ og þeim margháttuðu breytingum sem hún hefur tekið.

Þegar Ungmennafélag Akureyrar var stofnað árið 1906 var félagslíf ungs fólks á Íslandi harla fáskrúðugt. Skemmtanir voru fáséðar, íþróttir varla til, og samtakamáttur yngri kynslóðarinnar var afl sem enginn hafði hirt um að virkja. En breytingar voru í vændum. Heimastjórnin 1904 fyllti þjóðina bjartsýni og andi sjálfstæðisbaráttunnar sveif yfir vötnunum. Byggðin breytti um svip næstu áratugi, reisuleg hús, ýmist úr steinsteypu eða timbri, komu í stað lágkúrulegra torfkofa. Vegakerfið kvíslaðist hringinn í kringum landið, brýr voru lagðar yfir stórflyótin, og síminn fylgdi í kjölfarið. Rafmagn kom til sögunnar á stöku stað en rafvæðingin beið betri tíma. Ríkisútvarpið hóf að flytja boðskap sinn út við nes og inn til dala og húslestrar lögðust niður.

Vaxtarbroddur þjóðlífsins fluttist úr sveitunum í þorpin og bæina við sjávarsíðuna þar sem fiskveiðar og iðnaður drógu til sín vinnuaflið. Fátækt sveitafólk flutti á mölina og gerðist þar fátækur verkalýður eða komst í álnir. Rætur þess við ungmennafélagsskapinn slitnuðu og þetta jók enn fremur á hina félagslegu tvískiptingu í ungmennafélög í sveitum og íþróttafélög í þéttbýli. Þótt flestir stofnendur UMFÍ kæmu frá hinum öflugum ungmennafélögum Akureyrar og Reykjavíkur var það tímanna tákn að bæði þessi félög voru úr sögunni við upphaf síðari heimsstyrjaldar. Í vaxandi togstreitu bæjanna og iðnaðarins annars vegar og sveitanna og landbúnaðarins hins vegar skipuðu ungmennafélögin sér við hlið sveitanna í varnarbaráttu þeirra.

Um aldamótin 1900 áttu 87 af hundraði Íslendinga heima í sveitum landsins en 13 af hundraði í þéttbýli. Árið 1940 hafði fjölgað mjög í þéttbýli en dreifbýlið hafði naumlega vinninginn með 52 af hundraði íbúafjöldans.<sup>296</sup> Þessi stríði stráumur úr sveitunum líktist meira fólksflóttu en fólksflutningum. Bændur voru samt ennþá ein fjölmennasta stétt landsins og áhrifaríkasti þjóðfélags hópurinn. Í þjóðfélaginu var almennt álitnið að sveitalífið væri kjölfesta þjóðlífsins og þar væri hollustu uppeldisskilyrðin að finna. Um þetta voru sveitafólk og þéttbýlisbúar, meirihluti þeirra uppalinn í sveit, sammála. Samstaða var um að slá skjaldborg um landbúnaðinn og hann var margvíslega styrktur af hálfu stjórnvalda. Gerðar voru miklar áveitur, fluttur inn tilbúinn áburður, tún voru stækkuð og kúm fjölgaði. Eftir þetta risu mjólkurbúin og kaupfélögin hringinn kringum landið og festu byggðina í sessi.

Vetrarharðindi erlendra yfirdrottunar virtust gengin yfir árið 1906 og nú var tekið að vora í þjóðlífinu. Þessi vorleysing skolaði burtu aldagömlum viðhorfum og skildi eftir rými fyrir nýjar hugmyndir og hugsjónir. Líklega hafa ungmennafélögin hitt á óskastund þegar þau komu til sögunnar. Svo mikið er víst að þau spruttu upp eins og blóm á engi og bárust líkt og með vorblænum hringinn í kringum landið. Víða voru þau hinn fyrsti og eini félagsskapur sem ungu fólki stóð til boða og það tók þeim öllum.

Frækornin féllu víða en þegar litið er yfir landið má greina nokkurn mun eftir héruðum hversu snemma ungmennafélögin komu almennt til sögunnar. Sum héruð voru feti framar en önnur. Það voru Borgarfjörður, Vestfirðir að undanteknum Ströndum, Skagafjörður, Norðurland eystra og Suðurland. Í Arnes- og Rangárvallasýslum mátti heita að stofnað væri nýtt ungmennafélag í hverri viku á útmánuðum og vordögum 1908. Á flestum þessum stöðum komu snemma til sögunnar starfsöm héraðssambönd sem héldu utan um starfsemi félaganna.

Í ágústbyrjun 1907 voru ungmennafélög landsins orðin 15 að tölu. Sjö af þeim tóku þátt í stofnun UMFÍ. Næstu árin fjölgaði ungmennafélögum hratt en því fór fjarri að þau gengju öll til liðs við heildarsamtökin. Fjárskortur, fjarlægðir og framtaksleysi virðast hafa ráðið mestu um það. Mörg félög sættu sig ekki við hið stranga bindindisheit í lögum UMFÍ. Einnig var óánægja með stjórnkerfi sambandsins og skiptingu þess í

landsfjórðunga. Fljótlega kom í ljós að fjórðungssamböndin voru óhentug sökum stærðar sinnar í hinu samgöngulausa Íslandi og árið 1922 voru þau lögð niður en héraðssamböndin tóku við.

Stjórn UMFÍ stóð ekki traustum fótum fyrstu árin en staða hennar styrktist mjög þegar *Skinfaxi* hóf göngu sína 1909. Blaðið varð sameiningartákn og samnefni UMFÍ. Það flutti fréttir af hreyfingunni, vexti hennar og viðgangi, sagði frá starfi einstakra félaga og var á köflum vettvangur opinnar umræðu. Stjórnarmenn reru oft og tíðum lífróður til að halda blaðinu á lífi og tókst það. Mikið óskaplega væri saga UMFÍ fátækleg ef *Skinfaxa* hefði ekki notið við!

Þegar fram liðu stundir voru stofnuð ungmennafélög í flestum sveitarfélögum landsins, stórum og smáum, en fljótlega fór þéttbýlið að skilja sig frá dreifbýlinu á þessu sviði. Ungmennafélög í þéttbýli lögðust niður en í staðinn komu sérhæfð íþróttafélög og félög af ýmsum öðrum toga. Í dreifbýlinu þrífust best hin fjölhæfu ungmennafélög sem voru samtímis bæði íþróttafélög, leikfélög, æskulýðsfélög, bindindisfélög og þjóðmenningarfélög. Í stuttu máli sagt félög sem létu sér engin þjóðþrifamál óviðkomandi nema stjórnsmál sem voru viljandi sniðgengin.

Ungmennafélögin voru þjóðleg fyrst og fremst og baráttumál þeirra voru á þjóðlegum nótum enda bjuggu menn í ríki erlends konungs en ekki lýðveldi. Af þeim toga var örnefnasöfnun ungmennafélaganna sem hófst á þriðja áratugnum og síðar verður greint frá. Hún fór hægt af stað en átti eftir að eflast. Alþingishátíðin 1930 lyfti ungmennafélagsandanum í hæðir um sinn og hægt er að greina uppsveiflu í fjölda félaganna og starfi þeirra. Sýningar ungmennafélaga á íþróttum og þjóðdönsum þóttu takast vel og gáfu þeim sjálfstraust. Tilraunir ungmennafélaga til að efla heimilisiðnaðinn voru hinsvegar andvana fæddar því sjálfsþurftarþúskaþurft var á hröðu undanhaldi og sveitafólki fór fækkandi.

Á þessu fyrsta tímabili UMFÍ voru þing þess yfirleitt haldin á þriggja ára fresti. Það einkenndi stjórn samtakanna að flestir formenn hættu eftir eitt kjörtímabil og hurfu á braut. Sex fyrstu formenn UMFÍ gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Það var ekki fyrr en árið 1924 þegar Kristján Karlsson settist í formannsstétið að meiri stöðugleika fór að gæta. Allar götur síðan hafa formenn UMFÍ setið umtalsverðan tíma, allt upp í þrjá áratugi.

Ungmennafélag Íslands stóð fyrir fyrstu utanferð íslenskra íþróttamanna á Ólympíuleikana í London 1908. Jóhannes Jósefsson, formaður samtakanna, keppti í erlendu fangi með frábærum árangri og glímumennirnir félagar hans sýndu íslensku þjóðariþróttina við góðan orðstír. Ferðin til London var sigurför og greiddi leiðina fyrir stofnun Íþróttasambands Íslands 1912.

Íþróttir áttu strax mikinn hljómgrunn meðal ungmennafélaga og fljótlega fór UMFÍ að standa fyrir íþróttanámskeiðum. Eftir nokkur þróttmikil námskeið á 2. áratug 20. aldar lögðust þau niður um tíma en samtímis hófust íþróttamót héraðsambandanna sem voru stórhátíðir almennings áratugum saman. Glíman var helsta íþrótt ungmennafélaga framan af en fljótlega urðu frjálsíþróttir vinsælastar. Félögin lyftu grettistaki við byggingu sundlauga alls staðar þar sem yl var að finna í jörðu og sundkennsla þeirra bjargaði örugglega fleiri mannlífum en hægt er að telja með góðu móti.

Skógræktin var frá fyrsta degi mikið áhugamál ungmennafélaga sem horfðu daglega á sviðna jörð þar sem áður höfðu vaxið skógar. Vormönnum Íslands var mikið kappsmál að klæða landið nýjum skógi og flest ungmennafélög komu sér upp litlum skógarreitum. Vankunnátta setti svip sinn á fyrstu tilraunirnar en smám saman náðu menn tókum á trjánum. Eftir frumbýlingsraunir fyrstu áranna fóru skógar að dafna en það var þó ekki fyrir en líða tók á öldina sem þeirra sá verulegan stað. Árið 1911 eignaðist UMFÍ náttúruperluna Þrastaskóg og hefur hlúð að honum síðan.

Árið 1911 gerðust einnig stórtíðindi þegar UMFÍ hélt fyrsta íþróttamót sitt á aldarafmæli frelsis- hetjunnar Jóns Sigurðssonar. Mótið var íþróttahátíð sem stóð í heila viku og vakti stórhug í brjósti ungmennafélaga. Þeir endurtóku leikinn árið 1914 og enn var UMFÍ í fararbroddi í íþróttalífi landsins. Hnignunarskeið fór í hönd á styrjaldrárunum og UMFÍ hafði ekki burði til að halda mótshaldinu áfram árið 1917. Landsmótin lögðust niður í heilan aldarfjórðung en voru endurvakin árið 1940 eins og verður rakið í sérstökum landsmótskafla.

UMFÍ byrjaði að innheimta ársskýrslur frá félögunum 1911 og þær hafa alla tíð verið mikil heimild um starfið innan hreyfingarinnar. Lengi vel tíðkaðist að birta útdrætti úr skýrslunum í *Skinfaxa* og þar kennir margra og fróðlegra grasa. Þar er sagt frá fundahaldi, íþróttum, skógrækt,

heimilisiðnaði, leikvallargerð, bindindi, blaðaútgáfu, samhjálp, byggingum samkomuhúsa og sundlauga, heyskap, vegavinnu, leiklist og ótal fleiri verkefnum við ræktun lýðs og lands.

Eitt fyrsta verkefni UMFÍ var að senda fyrirlesara á sínum vegum um landið og kynna hreyfinguna. Þar var Guðmundur Hjaltason afkastamestur og flutti árlega meira en 100 fyrirlestra um tíu ára skeið, 1909-1919. Fleiri góðir menn lögðu hönd á plóginn og þetta varð til þess ásamt útbreiðslu *Skinfaxa* og blaðagreinum að bráðlega kunnu allir landsmenn deili á hinni nýju hreyfingu. Fyrirlestrahaldið var einstaklega kraftmikið fyrsta áratuginn en varð heldur að láta undan síga sökum fjárhagsörðugleika um 1920 enda var þá Guðmundur Hjaltason fallinn frá.

Að frátöldum ritstjórum *Skinfaxa* hafði UMFÍ engum launuðum starfsmönnum á að skipa fyrir en 1918 þegar Jón Kjartansson tók til starfa við fyrirlestrahald og samskipti við félögin. Jón starfaði skamma stund og eftir erfiðleikatímabil varð Gunnlaugur Björnsson næsti starfsmaður um fimm ára skeið. Tveimur árum seinna, árið 1930, tók Aðalsteinn Sigmundsson til starfa og var starfsmaður UMFÍ til 1938. Allir þessir menn voru samtímis ritstjórar *Skinfaxa*.

Fljótlega hóf UMFÍ umtalsverða bókaútgáfu. Fyrsta ritið sem samtökin gáfu út var sérprentun úr *Skinfaxa* eftir ritstjóran, Jónas frá Hriflu, sem fjallaði um skóla í Englandi og kom út árið 1912. UMFÍ fylgdi þessu eftir með fræðsluriti um skógrækt og nokkru síðar fræðsluriti um ungmennafélögin. Þá gaf UMFÍ út vandað rit um þjóðfélagsfræði og að aflokinni heimsókn Stephans G. Stephanssonar árið 1917 kom sambandið á þrykk þeim ljóðum sem skáldið orti á ferðalaginu. Eftir það var talsvert hlé á útgáfumálum allt til 1938 þegar út kom saga UMFÍ fyrstu 30 árin; *UMFÍ 1907-1937*. Geir Jónasson sagnfræðingur tók bókina saman en í hana rituðu margir höfundar minningaþætti og söguágrip einstakra félaga. Bókin er gullvæg heimild um fyrstu árin í lífi ungmennafélagshreyfingarinnar og bjargaði frá glötun miklum fróðleik sem ekki er annars staðar að finna.

UMFÍ lét sér annt um menningu og listir og kvistur á þeim meiði var framtak þess að bjóða tveimur vestur-íslenskum skáldum heim til Íslands. Stephan G. Stephansson kom til landsins 1917 í boði UMFÍ og annarra samtaka og árið 1935 kom röðin að skáldkonunni Jakobínu

Johnson. *Skinfaxi* birti mikið af ljóðum og sögum og ritstjórar hans voru ritsnjallir menn. Ungmennafélögin hugsuðu sér að vera vermireitur tungunnar, þau stofnuðu bókasöfn, gáfu út blöð og félagarnir töluðu á fundum. Við þetta þjálfuðust menn í orðsins list og margir ungmennafélagar urðu síðar þjóðþekktir menn. Í þeirra hópi mátti finna bæði forseta landsins og ráðherra og allir voru þeir sammála um að ungmennafélögin hefðu verið þeim ómetanlegur skóli.

Í upphafi ríkti mikil hjartsýni meðal ungmennafélaga, ungir menn og konur horfðu til framtíðar vonglöðum augum. Ekki var annað að sjá en veröldin stefndi hraðfara til vaxtar og velferðar og þar ætluðu ungmennafélagar að vera í fararbroddi. Hildarleikur fyrri heimsstyrjaldar batt skjótan enda á þessar fögru vonir og misjafnt árferði í kjölfarið reyndist mörgum erfitt. Ungmennafélög týndu tölunni en sífellt var þó verið að stofna ný félög. Fátækt landsmanna setti mark sitt á ungmennafélögin eins og önnur samtök og margar góðar fyrirætlanir fóru fyrir lítið. Helsti auður þeirra var sjálfbodavinnan sem félagarnir inntu gladdir af hendi. Með fulltingi þeirra tókst mörgum félögum að vinna ótrúleg afrek við að koma upp samkomuhúsum og sundlaugum.

Baráttumálin voru á hverju strái. Ungmennafélagar tóku þátt í frelsisbaráttu þjóðarinnar og fögnuðu fullveldinu af hjarta. Hvítbláinn, hinn fagri fáni Einars Benediktssonar, varð merki UMFÍ eftir að útséð varð um hann sem þjóðfána. Sautjándi júní var ungmennafélögum hjartfólginn dagur sem þeir tóku upp á arma sína. Bindindisheitið olli harðvítugum deilum innan UMFÍ allt frá upphafi og hópur ungmennafélaga stóð utan hreyfingarinnar vegna andstöðu við það. Um þetta heit var deilt í aldarfjórðung en að lokum var það numið brott úr lögum UMFÍ árið 1933 án þess að slakað væri á bindindiskröfum.

Fjármál samtakanna voru oftast myllusteinn um háls þeirra. Lengst af voru tekjupóstar UMFÍ aðeins tveir: Skattur frá sambandsfélögum og styrkur frá landssjóði. Yfirleitt var styrkurinn lítill og hinir lágu skattar innheimtust illa þegar harðnaði í ári sem var ósjaldan. Helsti útgjaldaþósturinn var *Skinfaxi*, sem stundum gleypți allar tekjur sambandsins og meira til. Þetta setti starfsemi skorður og ekki var hægt að framkvæma eins mikið og metnaðarfullir forystumenn hefðu gjarnan viljað.

Kreppan mikla á fjórða áratugnum var ungmennafélögunum erfið á flestan hátt. Að einu leyti var hún jákvæð því nú höfðu margir ungmennafélagar yfrinn tíma til að sinna félagsmálum þegar lítið var um atvinnu en á hinn bóginn var fátæktin ríkjandi og lítið hægt að framkvæma. Um tíma var orðið fremur dauft yfir hreyfingunni en formanninum, Aðalsteini Sigmundssyni, tókst að hleypa í hana nýju lífi með hvatningargreinum sínum í *Skinfaxa* og með því að virkja nýtt fólk til stjórnarstarfa. Árið 1933 kom Rannveig Þorsteinsdóttir lögfræðingur og síðar alþingismaður inn í stjórnina og var gjaldkeri UMFÍ næstu sjö árin. Samtímis settist Daníel Ágústínusson, síðar bæjarstjóri á Akranesi, í stjórnina og var ritari sambandsins allt til 1957 eða í heil 24 ár. Þau voru bæði kraftmiklir einstaklingar og stjórnin var samhent og traust. Ungmennafélögum fækkaði í kreppunni og starfsemi þeirra hnignaði. Það var fyrst og fremst dugnaður og förnfýsi Aðalsteins sem kom í veg fyrir að UMFÍ hyrfi af sjónarsviðinu. Hann lagði fram alla krafta sína til að hindra það og tókst að skila lífvænlegum samtökum í hendur nemanda sínum frá Eyrarbakka, Eiríki J. Eiríkssyni. Hér voru komin kaflaskil.



## 2. kafli

1938-1969

# Í hægum byr

### Sautjándi júní sigrar

Hugtakið þjóðhátíðardagur var óþekkt á Íslandi þegar Jón Sigurðsson fæddist 17. júní árið 1811. Þegar hann lést 68 árum síðar var sú hugmynd ómótuð að helga honum slíkan dag. Fljótlega eftir það fóru þjóðræknir Íslendingar að minnast Jóns og strax árið 1907 var haldin samkoma 17. júní honum til heiðurs. Stúdentafélag Reykjavíkur stóð fyrir samkomunni en ungmennafélagar létu sig ekki vanta því þeir stóðu með fána sinn á stéttinni fyrir framan svalir Alþingishússins þar sem ræður voru fluttar. Þar voru allt að 5000 manns viðstaddir.<sup>1</sup> Árið eftir gengust ungmennafélögin í Reykjavík fyrir skruðgöngu suður í kirkjugarð á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar og lögðu blómsveig frá ungmennafélögum á leiði hans.<sup>2</sup>

Norðlenskir ungmennafélagar heiðruðu minningu Jóns Sigurðssonar með því að halda sérstaka hátíð á fæðingardegi hans árið 1909 á Akureyri. Þetta mót var að sögn forsvarsmanna í Fjórðungsambandi Norðlendingafjórðungs „fyrsta íþróttamót landsins.“ Fjórtiu árum síðar var tekið upp á því að bæta þessu móti framan við landsmót UMFÍ árið 1911 og gera það að fyrsta landsmótinu. Mótið var fjölbreytt og vel heppnað, íþróttakeppni var fjölbreytt og lúðrasveit lék fyrir skruðgöngu í upphafi.<sup>3</sup>

Austfirskir ungmennafélagar fylgdu í kjölfar þeirra norðlensku með Minningarhátíð Jóns Sigurðssonar sem haldin var í Egilsstaðaskógi 20. júní 1909. Þar voru flutt minni Jóns, Íslands og ungmennafélaganna. Að auki var til skemmtunar söngur, íþróttir og dans.<sup>4</sup> Þetta sýnir vel að ungmennafélögin fóru snemma að heiðra minningu Jóns Sigurðssonar enda voru þjóðlegur metnaður og sjálfstæði landsins ofarlega á stefnuskrá þeirra.


Þegar 100 ára ártíð Jóns Sigurðssonar árið 1911 nálgast leyndi sér ekki að landsmenn voru staðráðnir að minnast hennar rækilega. Auglýsingar um hátíðir víðsvegar tóku að birtast í blöðum skömmu eftir áramót og jafnt og þétt síðan. Háskóli Íslands var stofnaður hinn 17. júní 1911 í virðingarskyni við Jón



*Jón Sigurðsson forseti var ungmennafélögum sérstaklega hugleikinn þegar dró að stofnun lýðveldis á Íslandi.*

og kvæði voru ort honum til heiðurs. Ungmennafélögin ætluðu sér ekki lítinn hlut þennan dag og þar ber hæst íþróttamótið sem þá hófst á hinum nýgerða Melavelli í Reykjavík og var fyrsta landsmót UMFÍ. Mótið stóð í heila viku með áður óþekktum glæsibrag og vakti mikla athygli. Ekki verður fjölyrt um mótið hér því landsmótunum er helgaður sérstakur kafli í bókinni.

Fjölmargar samkomur voru haldnar víða um land 17. júní, flestar á vegum ungmennafélaganna sem höfðu nú tekið daginn upp á arma sína. Vitað er um samkomur ungmennafélaga á 16 stöðum á landinu en þær hafa víslega verið fleiri. Alls staðar voru ræðuhöld og íþróttir. Á Hrafnseyri var afhjúpaður minnisvarði um Jón og norðlensku ungmennafélögin héldu þriðja árlega íþróttamót sitt á fæðingardegi Jóns eða „Jóns Sigurðssonar deginum“ eins og hann var nefndur í *Vísi* í fréttáfrásögn. Gaf það í engu eftir tveimur fyrri mótum og var keppt í fjölmörgum íþróttum, svo sem



*Fyrsta landsmót UMFÍ hófst á 100 ára afmælisdegi Jóns Sigurðssonar 17. júní 1911. Myndin er frá setningu landsmótsins.*

glímum, sundi, veðreiðum, hlaupum, skotfimi og hjólreiðum.<sup>5</sup>

Eftir þessa miklu hátíðahrinu mátti sá Íslendingur vera bæði blindur og heyrnarlaus sem ekki vissi að 17. júní var fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og að nú var öld liðin frá fæðingu hans. Ungmennafélög landsins voru virkust við að breiða þennan boðskap út. Kannski var lítið ungmennafélag í Flóanum, Samhygð í Gaulverjabæjarhreppi, dæmigert fyrir þau félög sem ekki áttu heima nærri þeim stöðum sem hátíðir voru haldnar en vildu minnast frelsishetjunnar. Hinn 5. júní 1911 er bókað í fundargerð félagsins að samþykkt hafi verið „að hefja fána á loft á Aldar afmæli Jóns Sigurðssonar.“<sup>6</sup>

Þegar hér var komið sögu höfðu þjóðhátíðir svokallaðar verið haldnar í Reykjavík og víðar í meira en áratug. Þetta voru hátíðir með skrúðgöngu, ræðuhöldum, íþróttakeppni og dansi. Sá var munurinn á þeim og hátíðarhaldinu 17. júní að upphafið mátti rekja til þjóðhátíðarinnar á Þingvöllum þar sem konungur færði landsmönnum stjórnarskrá. Þjóðhátíðir í minningu þeirrar hátíðar voru haldnar í Reykjavík 2. ágúst 1897-1909 en lögðust þá niður. Hvergi verður vart við að minnst hafi verið á Jón Sigurðsson á þessum

samkomum en minni konungs var flutt á þeim öllum. Dálítið var togast á um hvor dagurinn ætti að vera þjóðhátíðardagur Íslands og landsmót UMFÍ, sem hófst 17. júní 1914, stimplaði daginn enn betur inn í vitund landsmanna en svo datt botninn úr landsmótahaldi UMFÍ næstu 26 árin.

Nú var ÍSÍ komið til sögunnar og það hóf upp merkið þar sem það féll úr hendi UMFÍ og hóf 17. júní til virðingar sem hátíðisdag í Reykjavík. Árið 1920 efndi ÍSÍ til leikmóts í Reykjavík dagana 17.-20. júní. Mótið var í raun arftaki landsmótanna enda var tekið fram í blöðum að nú væru sex ár liðin frá síðasta leikmóti. Nokkuð var um þátttöku íþróttamanna af landsbyggðinni og styrkti það stöðu mótsins auk þess sem Íslandsglíman var ein af keppnisgreinum. Svokallað leikmót var haldið með þessu sniði árið 1921 en ári síðar hlaut það nafnið Allsherjarmót ÍSÍ og hélt því nafni allt til lýðveldisstofnunar. Mótið var haldið annað hvert ár að nafninu til, hitt árið hét það einhverju öðru nafni, en var þó í raun sama mótið. Það hófst alltaf 17. júní og stóð frá þremur dögum upp í viku. Frjálsíþróttir voru hryggjarstykki mótanna en fimleikar, glíma og reiptog voru einnig meðal keppnisgreina.

Þetta var íþróttahátíð með landsmót UMFÍ sem

fyrirmynd og fastur liður var skrúðganga íþróttamanna út á Melavöll 17. júní. Þá var staðnæmst í kirkjugarðinum við Suðurgötu og forseti ÍSÍ lagði blómsveig frá íþróttahreyfingunni á leiði Jóns Sigurðssonar. Benedikt G. Wáge, forseti ÍSÍ 1926-1962, var mikill áhugamaður um 17. júní og hélt oft hátíðarræðu á íþróttavellinum. Þannig tókst íþróttahreyfingunni að festa 17. júní í sessi sem hátíðisdag Reykvíkinga meðan ungmennafélagshreyfingin vann markvisst að eflingu dagsins á landsbyggðinni. Talsvert var



Setning Allsherjarmóts ÍSÍ á Melavelli á 4. áratugnum.

um að einstök félög héldu upp á daginn með íþróttakeppni og ræðuhöldum og í heildina má fullyrða að 17. júní væri ungmennafélögum hjartfólginn dagur.

Á þingi UMFÍ árið 1936 var samþykkt einróma tillaga þess efnis að ungmennafélagar skyldu gera 17. júní ár hvert að sérstökum baráttudegi fyrir stefnumálum sínum.<sup>7</sup> UMFÍ fylgdi þessu eftir með útgáfu ritsins *17. júní* árið eftir. Ritið var þjóðrækið áróðursrit fyrir ungmennafélögin og þar var mælt með lýðveldisstofnun og sambandslitum við Dani sem fyrst. Ritinu var dreift um allt land og þar með höfðu ungmennafélögin tekið þá eindregna afstöðu að þjóðin ætti að losa sig við danskan kóng þótt hann væri hvergi nefndur á nafn.<sup>8</sup>

Að kvöldi 17. júní 1941 var dagskrá frá UMFÍ í útvarpinu. Þar var meðal annars flutt snjallt kvæði eftir Guðmund Inga Kristjánsson skáld á Kirkjubóli í Önundarfirði. Stjórn UMFÍ lét sérprenta kvæðið sem var ódeig hvöt til æsku landsins að halda vöku sinni á ófriðartímum og standa „vörð um auðlegð Íslands, yndisleika rits og tals.“<sup>9</sup>

Það má nærri geta að jafn þjóðleg hreyfing og UMFÍ lét ekki deigan síga þegar langþráð sjálfstæði var í sjónmáli. Aprílhefti *Skinfaxa* 1944 var að mestu helgað væntanlegri lýðveldisstofnun. Þar hvatti stjórn UMFÍ þjóðina til góðrar þátttöku í atkvæðagreiðslu um sambandslitin og að taka öflugan þátt í hátíðahöldum 17. júní. Þar birtust hugvekjur um sjálfstæðismálið frá formönnum allra héraðssambanda innan sambandsins, 14 að tölu.<sup>10</sup> Skorti þar ekki hástemmd ummæli og brýn-

ingu til dáða. Formaður UMFÍ, Eiríkur J. Eiríksson, sagði meðal annars að 17. júní 1944 væri dagur æskunnar, hins unga Íslands framtíðarinnar. Ungmennafélagar hefðu alltaf haft mætur á þeim degi. Hann gladdist yfir „að langflestir fulltrúa á síðasta sambandsþingi UMFÍ vildu að 17. júní yrði þjóðhátíðardagur okkar.“<sup>11</sup>

Vorið 1942 kaus Alþingi átta menn í nefnd til að ganga frá lýðveldisstofnun. Hver flokkur á Alþingi átti tvo menn í þessari nefnd og meðal þeirra var Jónas Jónsson frá Hriflu, fyrrverandi



Sveinn Björnsson ríkisstjóri flytur ávarp við leiði Jóns Sigurðssonar 17. júní 1941. Með blómakransa standa Haraldur Guðmundsson forseti Alþingis, til vinstri, og Benedikt G. Wáge forseti ÍSÍ.

## Sigurður Greipsson í Haukadal

Pegar ungmennafélögin voru búin að festa sig í sessi á öndverðri 20. öld fjölgaði röddum þeirra sem töldu að UMFÍ ætti að kappkosta að efla íþróttastarfið á landsbyggðinni. Íþróttanámskeiðin sem haldin voru öðru hvoru á öðrum og þriðja áratug aldarinnar gerðu sitt gagn en dugðu þó ekki til enda voru þau hvorki skipuleg né árviss. Jónas Jónsson rak áróður fyrir stofnun íþróttaskóla ungmennafélaganna og á þingi UMFÍ 1921 var stofnaður sérstakur „Íþróttaskólasjóður“ sem átti að safna samskotafé til skólans.<sup>12</sup> Í sjóðinn söfnuðust rúmlega þúsund krónur á næstu árum en þessi draumsýn virtist þó fjarri því að rætast. Bæði þá og síðar söknuðu menn íþróttasjóðs til að styrkja íþróttirnar.

Þá kom til sögunnar Sigurður Greipsson í Haukadal í Biskupstungum. Sigurður var hinn mesti garpur og fjölmenntaður á þeirrar tíðar mælikvarða. Hafði numið við Flensborgarskóla, Hólaskóla og einnig lýðháskóla í Vors í Noregi. Sigurður var gjaldkeri UMFÍ um sex ára skeið og stóð fyrir útbreiðsluferðum og íþróttanámskeiðum í nafni samtakanna. Íþróttáahugi hans var óþrjótandi og nú fór hann til Danmerkur og stundaði nám við íþróttaskólann í Ollerup veturinn 1926-1927. Haustið eftir stofnaði Sigurður eigin íþróttaskóla fyrir drengi að Haukadal. Slíkt þótti mörgum glapræði því skólastjórinn var févana og enginn vegur lá að skólastaðnum. En Sigurður var fágætlega einbeittur og byggði skólann upp með aðstoð góðra manna.<sup>13</sup> Ungmennafélögin kunnu að meta framtak Sigurðar og árið 1933 var samþykkt á þingi UMFÍ að afhenda honum Íþróttaskólasjóðinn í viðurkenningarskyni. Þingið var ennfremur svo rausnarlegt að bjóðast til þess fyrir hönd UMFÍ að greiða skólagjald fyrir fimm nemendur árlega og var það gert um tíma.<sup>14</sup>

Skóli Sigurðar átti eftir að standa í meira en fjóra áratugi og geta sér gott orð. Þar rétti margur stirður og klunnalegur pilturinn úr kútnum og varð að stæltum og spengilegum einstaklingi. Skólinn hófst á haustin í nóvember og stóð fram í marsmánuð. Það hentaði vel sveitadrenjum sem gátu lokið haustverkum fyrir skólatíð og skellt sér á vertíð með vorinu. Íþróttir voru náttúrliga uppistaðan í náminu – glíma, sund og frjálsíþróttir, því Sigurður gaf lítið fyrir boltaleiki. Svo voru bóklegar greinar, íslenska, danska, íþróttasaga, stærðfræði og þar fram eftir götunum. Sigurður kenndi íþróttirnar sjálfur og fleiri greinar en hafði alltaf kennara með sér.

Sigurður Greipsson (1897-1985) var að engu leyti venjulegur maður. Á sínum bestu árum var hann manna hæstur og gervilegastur, fríður sýnum og augljós foringi hvar sem hann kom.<sup>15</sup> Hann varð glímukóngur landsins sex sinnum og eitt sinn Íslandsmeistari í kúluvarpi. Rak hótél að Haukadal samhliða íþróttaskólanum og lét sig ekki muna um að stýra Héraðssambandinu Skarphéðni í heil 45 ár. Ræðuskörungur mikill en talaði stundum helmingi lengur en ráð var fyrir gert. Hann kvæntist Sigrúnu Bjarnadóttur frá Bóli 1932 og hún stóð að sínum hluta undir gistihúsrekstrinum og skólahaldinu ekki síður en hann. Þau eignuðust sex börn en tvö létust á unga aldri. Fjórir synir þeirra urðu glímukappar eins og faðirinn. Saga Sigurðar og skólans var gefin út á vegum HSK á hundrað ára ártíð hans 1997. Hann var gerður að heiðursfélaga UMFÍ árið 1969.

Höfundur þessarar bókar var einn af síðustu nemendum Sigurðar og stendur alltaf í þakkarskuldbind við hinn sérstæða hugsjónamann í Haukadal. Sigurður var geðríkur maður og hann gat gosið ekki síður en hverirnir á hverasvæðinu en nemendur fundu að hann hafði einlægan áhuga á velferð þeirra og vildi þeim hið besta. Ekkert líkaði Sigurði verr en linka og kveifarháttur en harðfengi var honum að skapi. Nemendur veturinn 1968-1969 fóru til dæmis út að synda hvernig sem viðraði og í allt að 20 gráða frosti. Þá veltu menn sér upp úr snjófönnum áður en þeir hentu sér í klakabrynjaða laugina.

Skólinn starfaði árin 1927-1970 og 763 nemendur sóttu hann á þessum 43 árum.<sup>16</sup> Það tíðkaðist nokkuð að ungmennafélög á landsbyggðinni styrktu unga menn á Haukadal gegn því að þeir kenndu íþróttir í félaginu á eftir. Það háði skólanum helst að hann veitti engin réttindi og hann var ekki ýkja fjölmennur, með 17 nemendur að meðaltali. Hitt er ljóst að framtak Sigurðar Greipssonar að stofna Haukadalsskólann var einstakt í sinni röð og hafði jákvæð áhrif á íþróttalíf landsins, ekki síst á landsbyggðinni.



*Sigurður Greipsson  
skólastjóri í Haukadal.*



formaður UMFÍ. Fullvíst er að hann studdi það mjög að 17. júní yrði valinn stofndagur lýðveldisins sem og varð. Margir létu ljós sitt skína þegar kom að því að velja þann dag og, þó ólíklegt kunní að þykja nú voru ekki allir sammála um þá dagsetningu. Sumir vildu halda fram 2. ágúst, hinum gamla þjóðhátíðardegi, og aðrir töldu 1. desember réttkjörinn til þessa hlutverks.

Eins og allir vita varð niðurstaðan sú að lýðveldið Ísland var stofnað á Þingvöllum 17. júní 1944 við mikinn fögnuð landsmanna sem lengi höfðu beðið eftir þessum degi, margir alla ævi. Það voru tvímælalaust fyrst og fremst aðgerðir ungmennafélagshreyfingarinnar og síðar einnig íþróttahreyfingarinnar sem vöktu athygli á deginum og gerðu hann að hátíðisdegi. Ekki verður séð að aðrar hreyfingar, háðar eða óháðar stjórnmalaflokkum, hafi reynt hvað þá tekist að helga sér 17. júní. Það ætti ekki að vefjast fyrir neinum að átta sig á því að ungmennafélagshreyfingin og íþróttahreyfingin áttu stærstan hlut að máli þegar kom að því að velja þjóðhátíðardaginn. Þær höfðu í sameiningu skapað 17. júní þá stöðu að fram hjá honum varð ekki gengið.

## Íþróttalögin 1940

Íþróttasamband Íslands sem var stofnað 1912 hafði framan af takmarkaða getu til að styðja við íþróttastarf í landinu. ÍSÍ voru lengi vel fámenn samtök, mun fámennari en UMFÍ. Hin virku félög sem skiluðu árlega skýrslum til ÍSÍ á þriðja og fjórða áratug 20. aldar voru nálægt 30 talsins hverju sinni – þar af um helmingur ungmennafélög.<sup>17</sup> Fjöldinn allur af íþrótt- og ungmennafélögum stóð utan bæði ÍSÍ og UMFÍ allt fram yfir 1940. Þegar liða tók á fjórða áratuginn fór mönnum að verða ljós nauðsyn þess að setja lög um málefni íþróttar. Bæði var íþróttakennslan komin inn í skólana og svo þurfti að skipuleggja stuðning ríkis og sveitarfélaga við íþrótt- og ungmennafélögin. Sá stuðningur var stundum harla tilviljunarkenndur og oft var það svo að þeir sem



*Íþróttaskólinn í Haukadal á 7. áratugnum.*

voru í bestum kunningsskap við ráðamenn fengu mest í sinn hlut.

Hermann Jónasson, sem varð forsætisráðherra 1934, var mikill áhugamaður um íþróttir og sjálfur glímukóngur Íslands 1921. Hann tók nú til sinna ráða og skipaði níu manna nefnd til að semja íþróttalög árið 1938. Athygli vakti að Benedikt G. Wåge, forseti ÍSÍ, var ekki meðal nefndarmanna. Forsaga þess máls var sú að árið 1921 kom Kristján kóngur X til Íslands og honum til heiðurs var haldin konungsglíma á Þingvöllum. Þar sigraði Hermann Jónasson en hlaut þó ekki heiðursverðlaunin því dómnefndin breytti reglunum meðan á glímunnunni stóð. Það mislíkaði Hermann stórlega og hætti að glíma í kjölfarið. Benedikt var meðal dómara sem dæmdu þessa glímu og talið var að Hermann hafi munað honum þetta þegar hann skipaði í nefndina.

Meðal nefndarmanna var Aðalsteinn Sigmundsson fyrir hönd UMFÍ og þar var hann betri en enginn að dómi ungmennafélaga. Þessi mannskipan í nefndinni réði líklega úrslitum um niðurstöðu hennar. Talsmenn ÍSÍ töldu að það ætti alfarið að sjá um stjórn íþróttamála en ungmennafélagar bentu á að UMFÍ væri eldri félagsskapur og reyndar sá eini sem sinnti íþróttum í dreifbýlinu. Þegar Alþingi sendi frumvarpið stjórnnum UMFÍ og ÍSÍ til umsagnar brá svo við að ÍSÍ krafðist róttækra breytinga. Um þetta sagði Aðalsteinn í blaðagrein:

Nú gerðist leiðinlegur atburður sem ekki er hægt annað en að harma að skyldi koma

fyrir. Hann er sá að stjórn ÍSÍ fer fram á það við Alþingi með bréfi til menntamálanefndar neðri deildar dagsett 2. apríl 1939 „að Íþróttasamband Íslands (ÍSÍ) verði ákveðinn eini viðurkenndi (lögverndaði) aðilinn fyrir hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu bæði innávið og útávið.“ Með öðrum orðum að allt það tillit sem íþróttalögin taka til íþróttastarfsemi UMFÍ sé niður fellt, að UMFÍ eigi engan hlut í skipun íþróttanefndar, að hvorki það né deildir þess komi til greina um styrkveitingar né önnur þau réttindi sem lögin veita.<sup>18</sup>

Aðalsteini leist illa á blikuna því þetta gat þýtt niðurdrep íþróttastarfs á landsbyggðinni sem UMFÍ hafði byggt upp á löngum tíma. Óvíst þótti honum að ÍSÍ bætti þar um betur. Hann var ósáttur við þessi afskipti ÍSÍ en skýrði þau annars vegar með ofurkappi og metnaði ÍSÍ manna og hins vegar ókunnugleika þeirra á íþróttastarfi ungmennafélaganna. Aðalsteinn gat þó varpað öndinni léttara þegar lögin voru afgreidd því niðurstaðan varð sú að ÍSÍ og UMFÍ voru lögð að jöfnu en ÍSÍ falið að sjá um erlend samskipti. Þetta var mikil viðurkenning á íþróttastarfi UMFÍ og nú var endurvakning landsmótanna á næsta leiti.


Kristján kóngur tíundi samþykkti lögin 12. febrúar 1940 og með þeim varð bylting til batnaðar í íþróttalífi landsins. Í þeim voru merkileg nýmæli. Stofnuð var þriggja manna Íþróttanefnd ríkisins og þar áttu bæði ÍSÍ og UMFÍ sína fulltrúa. Nefndin sá um úthlutanir úr nýstofnuðum Íþróttasjóði sem reynt var að dreifa jafnt meðal félaganna. Landinu var skipt í íþróttahéruð eftir tillögum Íþróttanefndar og yfirleitt fóru landamæri héraðanna eftir sýslumörkum og kaupstöðum. Í þéttbýli voru næstum eingöngu íþróttafélög og þar voru stofnuð íþróttabandalög. Í dreifbýlinu voru eingöngu héraðs- og ungmennasambönd. Sum þeirra höfðu verið utan UMFÍ og ÍSÍ áratugum saman en flýttu sér nú að sækja um aðild hjá þeim. Að nokkrum árum liðnum höfðu málin skipast þannig að íþróttabandalögin höfðu gengið til liðs við ÍSÍ og héraðs- og ungmennasamböndin voru orðin fullgild bæði innan ÍSÍ og UMFÍ. Þessi tvískipting hefur haldist til þessa dags.

Aðalsteinn Sigmundsson var fyrsti fulltrúi UMFÍ í hinni nýju Íþróttanefnd. Við fráfall hans árið 1943 tók Daníel Ágústínusson sæti í nefndinni og



*Hermann Jónasson forsætisráðherra var glímukóngur Íslands árið 1921. Hann beitti sér mjög fyrir setningu íþróttalaganna árið 1940.*

starfaði þar allt til 1974. Nú hófst nýtt skeið í íþróttamálum UMFÍ sem fólst í því að sambandið útvegaði íþróttakennara til farkennslu víða um land. UMFÍ greiddi þrjá fjórðu af launum kennaranna, stundum í félagi við ÍSÍ, en þeir sem nutu, félög og sambönd, greiddu fjórðung. Styrk til kennslunnar hlaut UMFÍ úr hinum langþráða Íþróttasjóði. Árið 1942 voru farkennararnir orðnir sjö talsins, allir útskrifaðir úr íþróttakennarskóla Björns Jakobssonar á Laugarvatni. Hinn ungi og áhugasami íþróttafulltrúi, Þorsteinn Einarsson, birti í *Skinfaxa* kennsluþætti um frjálsíþróttir með skýringamyndum. Áhugasamir ungmennafélagar skoðuðu myndirnar og stukku svo út á tún og reyndu að gera eins. Nú fóru konur líka að taka þátt í íþróttamótum og standa sig vel eldri forystumönnum til undrunar. Þeir höfðu fram að þessu aðeins talið koma til greina að þær tækju þátt í sýningargreinum eins og leikfimi þeim og öðrum til augnayndis. Heimurinn var að breytast.



*Fyrsta Íþróttanefnd ríkisins 1940 til 1943 ásamt íþróttafulltrúa. Frá vinstri: Benedikt G. Wåge fulltrúi ÍSÍ, Guðmundur Kr. Guðmundsson fulltrúi menntamálaráðherra og Aðalsteinn Sigmundsson fulltrúi UMFÍ. Sitjandi er Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins.*

## Til föðurhúsanna

Það hafði lengi verið forráðamönnum UMFÍ þyrnir í auga hversu mörg ungmennafélög stóðu utan samtakanna. Héraðssamböndum og einstökum ungmennafélögum utan þeirra var í raun í sjálfsvald sett hvort þau vildu standa innan eða utan UMFÍ. Lengi vel settu nokkur héraðssambönd bindindisheitið fyrir sig en þrátt fyrir niðurfellingu þess árið 1933 bólaði ekkert á inngöngu þeirra í sambandið. Líklega var ein ástæðan sú að þau sáu ekki fjárhagslegan ávinning við veru sína í UMFÍ en komu hinsvegar auga á lítilsháttar útgjöld í formi skatta og skylduáskriftar að *Skinfaxa* sem reyndar var felld niður 1943.

Undir lok krepputímabilsins blés ekki byrlega

fyrir UMFÍ. Félagsskapurinn virtist hvíla í deyfðarmóki og erfitt var að greina lífsmark í allmörgum ungmennafélögum. Aðalsteinn Sigmundsson formaður reifaði ástandið í grein sem hann birti í *Skinfaxa* árið 1936 og talaði tæpitungulaust eins og hans var von og vísa.

Ungmennafélögunum og landssambandi þeirra hefir stórhrað síðasta áratuginn. Félögin eru nú eins og máttlaus svipur eða skuggi hjá þeirri eldheitu æskulýðshreyfingu sem reis hér á landi fyrir 30 árum. Svo mikil er nú orðin deyfð þeirra, hugsjónafátækt, aðgerðaleysi, snerpuskortur að eigi verður við slíkt unað. Ungmennafélagskapurinn verður að gera sér þetta ljóst



tafarlaust og ráða annað hvort við sig að hrökkva eða stökkva; að duga eða drepast; að safna fjárlshuga og dáðríkri æsku landsins enn á ný til að vinna með skaphita og ósérlyndi að nauðsynjamálum og hugsjónafnum ungra kynslóða og framtíðarþjóðar landsins – eða gefast hreinlega upp og leggjast í kör sína eða gróf, ef hins er ekki kostur.<sup>19</sup>

Á þingi UMFÍ um sumarið tóku fulltrúar heilshugar undir baráttuhvöt Aðalsteins og samþykktu að sambandið sendi menn til fyrirlestra eins og ástæður leyfðu. Jafnframt var Aðalsteini falið að fá því framgengt að eitt útvarpskvöld á ári yrði helgað UMFÍ. Í þriðja lagi lagði þingið áherslu á að stjórnin beitti sér fyrir því að fá sambönd og félög sem stæðu utan samtakanna til að ganga í það. Í fjórða lagi skyldi vinna að stofnun ungmennafélaga þar sem þau væru ekki fyrir. Nú skyldi snúa vörn í sókn.<sup>20</sup>

Útvarpskvöldin þóttu takast vel og voru haldin árlega um skeið. Þar fluttu valinkunnir menn fróðleg erindi um ungmennafélögin og rómuðu þau á alla lund. Framkvæmd þeirra kostaði lítið en til fyrirlestrarferða þurfti fé og það takmarkaði umfangið. Hinn gamalkunni sundgarpur og ungmennafélagi, Lárus J. Rist, var sendur út af örkinni og ferðaðist um Norðurland frá Akureyri vestur á Strandir á fyrstu vikum ársins 1938. Hans fyrsta verk var að endurvekja Ungmennafélag Siglufjarðar sem hafði legið í dái en ekki létu norðlensku samböndin tilleiðast að ganga í UMFÍ. Áfram hélt þó UMFÍ að klappa steininn. Menn voru sendir norður og vestur, út og suður en hægt og seint gekk að fjölga sambandsaðilum. Eitt og eitt utangarðsfélag tándist inn í sambandið en héraðssamböndin höggudust ekki. Nú þurfti eitthvað að gerast og það gerðist þegar íþróttalögin voru lögfest 1940. Með tilkomu íþróttalaganna gerbreyttist viðhorfið. Nú var loks komið það sem þurfti til að smala týndu sauðunum til föðurhúsanna. Það stóð nefnilega í lögum Íþróttasjóðs að ekkert félag fengi styrk úr sjóðnum nema það væri annaðhvort innan UMFÍ eða ÍSÍ.<sup>21</sup> Fleira hékk á spýtnni. Nú fékk UMFÍ talsvert fé frá Íþróttasjóði til að senda íþróttakennara til félaganna vítt og breitt um landið og auðvitað rann það fé til sambandsfélaganna. Þyngjan er harður húsbóndi og nú þyrptust ungmennafélögin í raðir UMFÍ. Árið 1938 voru félög innan UMFÍ 68 talsins og félagsmenn þeirra 3112. Það

voru um það bil tveir og hálfur af hundraði landsmanna. Átta árum síðar voru félögin orðin 186 og ungmennafélagar þeirra 10.440 talsins. Sá fjöldi var nálægt því að vera átta af hundraði landsmanna. Þetta var ævintýri líkast.<sup>22</sup>

Hjá UMFÍ urðu gríðarleg umskipti þegar níu héraðssambönd bættust í hóp sambandsaðila

á stuttum tíma. Fyrst komu Norður-Þingeyingar árið 1940 og Suður-Þingeyingar 1941. Það ár skiluðu Eyfirðingar sér úr sjö ára útleið. Árið 1942 bættust Vestur-Húnavetningar og Austfirðingar í hópinn og Austur-Húnavetningar, Skagfirðingar og Norður-Breiðfirðingar fylgdu með árið eftir. Árið 1944 gekk hið nýstofnaða samband Vestur-Barðstrendinga til liðs við UMFÍ og loks árið 1945 gerðust Strandamenn aðilar að samtökunum. Þarna var að finna öll ungmennafélög á Norður- og Austurlandi og munaði um minna. Þetta var sannkölluð sprenging því allt í einu fjórfaldaðist fjöldi félagsmanna UMFÍ.<sup>23</sup> Árið 1949 bættust Austur- og Vestur-Skaftfellingar í hópinn og þá var keðja ungmennafélaga hringinn í kringum landið orðin heil og óslitin. Loksins eftir fjóra áratugi var Ungmennafélag Íslands orðið samtök allra íslenskra ungmennafélaga.<sup>24</sup>

## Íþróttir efla alla dáð

Árið 1937 birtist grein í *Skinfaxa* um þjálfun íþróttamanna eftir Gunnar Ólafsson. Höfundurinn hrósaði happi yfir að hérlendis væri ekki enn að finna slíka stjórnudýrkun íþróttamanna sem sjá mætti erlendis og taldi hana ekki eiga hingað erindi. Hinsvegar hefði gagnrýni á léleg íþróttamet íslenskra íþróttamanna aukist mjög eftir slaka frammistöðu þeirra á Ólympíuleikunum í Berlín 1936. Höfundur taldi...

fullkomlega tímabært, að fara að hafa augun opin og vera á verði gegn metastreitingi þeim og keppnisbrjálæði, sem sumstaðar



*Sundgarpurinn og íþróttakennarinn Lárus J. Rist fór í fyrirlestraferð á vegum UMFÍ um Norðurland árið 1938.*



erlendis virðist ganga nokkuð langt. Við eigum ekki að iðka íþróttir vegna afrekanna, metanna. Afrekin eru algert aukatriði, aðeins eðlileg afleiðing af góðri og skynsamlegri æfingu.<sup>25</sup>

Þessu voru örugglega margir sammála en hitt er jafnvíst að metin og afrekin hafa sífellt freistað ungra íþróttamanna, ungmennafélaga sem annarra. Takmark keppnisíþróttar er keppni og sigur og til að eiga meiri möguleika fóru menn að æfa sig betur og taka þátt í fleiri íþróttamótum.

Eitt af nýmælum íþróttalaganna var að nú tók til starfa sérstakur íþróttafulltrúi ríkisins sem skyldi hafa yfirumsjón með allri íþróttastarfsemi landsins fyrir hönd ríkisvaldsins. Fyrir valinu varð ungur maður, Þorsteinn Einarsson, sem hafði getið sér orðstír sem glímukappi og Íslandsmethafi í kúluvarpi svo eitthvað sé nefnt. Í *Skinfaxa* birtist eftirfarandi umsögn um hinn nýja íþróttafulltrúa:

Þorsteinn Einarsson er Reykvíkingur, stúdent að námi og þrautþjálfaður og glæsilegur íþróttamaður. Hann hefir aflað sér mjög mikillar þekkingar á íþróttamálum og kennt íþróttir árum saman í Vestmannaeyjum. Sjást þar mikil og góð merki íþróttaforystu hans. Hann er glæsímenni að vallarsýn, fullkominn reglumáður, áhugamikill, einbeittur og kappsamur, en lipurmenni um leið. Er hann manna líklegastur til að reynast bæði röggSAMur og vinsæll íþróttafulltrúi. Rétt er að geta þess hér að sambandsstjórn U.M.F.Í. mælti með Þ.E. til íþróttafulltrúastarfsins.<sup>26</sup>

Þorsteini var alltaf ljós þýðing ungmennafélaganna fyrir íþróttalíf á landsbyggðinni. Alla sína starfstíð sem spannaði heil 40 ár var hann mjög viðriðinn stjórn og framkvæmd allra landsmóta og skrifaði óteljandi fróðleikspistla um íþróttir í *Skinfaxa*. Hann hafði umsjón með byggingum félagsheimila, sundlauga, íþróttavalla og -húsa og ferðaðist um landið þvert og endilangt í þessum erindum. Þótt Þorsteinn væri aldrei félagi í ungmennafélagi er óhætt að fullyrða að hann var UMFÍ alla tíð haukur í horni.

Á fundi UMFÍ 8. febrúar 1941 varð gleðisprenging meðal stjórnarmanna. Þá barst bréf frá hinni nýskipuðu Íþróttanefnd og í framhaldi af því var eftirfarandi bókun gerð.

Lagt fram bréf frá Íþróttanefnd ríkisins dags. 8. janúar þar sem hún tilkynnir UMFÍ að hún veiti íþróttastarfsemi þess kr. 7500 árið 1941. Viðurkenningar- og þakkarbréf var samið og sent Íþróttanefndinni.<sup>27</sup>



Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins 1941 til 1981.

Nú þurfti að semja nýja fjárhagsáætlun því þessi rausnarlegi styrkur nefndarinnar hækkaði fjárlög UMFÍ um meira en helming og munaði um minna. Mönnum hló hugur í brjósti því nú var aldeilis hægt að efla íþróttastarfsemina.

Næstu árin sendi UMFÍ íþróttakennara vítt og breitt um landið til að halda námskeið og segja til hjá ungmennafélögum. Það gefur auga leið að aukin íþróttakennsla meðal félaganna skilaði sér í meiri iðkun íþróttar og betri afrekum. UMFÍ skar styrkféð ekki við nögl heldur greiddi þrjá fjórðu hluta af kaupi kennarans og ferðakostnað allan.<sup>28</sup> Frjálsíþróttir voru helsta íþrótt ungmennafélaga og þær voru fyrstar og fremstar á dagskrá námskeiðanna. Árið 1938 vitna heimildir um að fjórtán frjálsíþróttamót ungmennafélaga hafi verið haldin um sumarið. Sjö árum síðar, árið 1945, var skráð 21 slíkt mót í *Árbók íþróttamanna*. Þetta voru tólf héraðsmót og tvær keppnir milli héraðsambanda og að auki sjö keppnismót ungmennafélaga. Þetta var þriðjungsaukning.<sup>29</sup> Í *Skinfaxa* árið 1946 skrifar kennari utan af landi:

Það hefur hreinasta kraftaverk skeð, hvað snertir íþróttalíf í sveitum síðan íþróttalögin gengu í gildi, og ungmennafélögin juku starfsemi sína á þessu sviði. Ég þekki starf sendikennara UMFÍ hér um slóðir og kann vel að meta það. Er varla ofmælt að þeirra starf hafi umskapað unga fólkið og félagslífið í sveitunum. Margir hér um slóðir hafa lagt á sig nokkuð fjárhagslega til þess að komast yfir íþróttatæki og taka þau sér í hönd, þreyttir eftir unnið dagsverk. Það mun sannast, að þeir munu bera byrðar sínar á

borð við aðra í þjóðfélaginu og heldur betur þó.<sup>30</sup>

Næstu árin rann upp svokölluð gullöld frjálsíþróttá á Íslandi. Allir þekkja nöfn Clausenbræðra, Gunnars Husebys, Torfa Bryngeirssonar og fleiri kappá sem gerðu garðinn frægan um miðja öldina. Íþróttamenn ungmennafélaganna blönduðu sér ekki mikið í þann hóp en þó stóð einn og einn uppi í hárinu á görpum höfuðstaðarins. Þar má nefna hinn sprettharða Guttorm Þormar frá Geita-gerði í Fljótssdal og Tómas Árnason frá Hánefsstöðum á Seyðisfirði, síðar ráðherra, sem var góður spjótkastari. Flóamaðurinn Kolbeinn Kristinsson var annar besti stangarstökkvari landsins og liðtækur í hástökki. Eyfirðingurinn Kristján Jóhannsson úr Skíðadal var um tíma fremstur langhlaupara. Þá eru ótaldir Snæfellingarnir Sigfús Sigurðsson og Ágúst Ásgrímsson sem gengu næstir Gunnari Huseby í kúluvarpi. Þessir menn og margir fleiri voru sigursælir á héraðsmótum og landsmótum ungmennafélaganna um miðja öldina, hetjur og fyrirmyndir sveitadrengra vítt og breitt um landið.<sup>31</sup>

Um þetta leyti var konum fyrst hleypt inn á íþróttavellina til keppni, þó með semingi. Það var ekki fyrr en 1946 að fyrsta frjálsíþróttakeppni kvenna átti sér stað á landsmóti UMFÍ. Það skipti engum togum að óþekkt sveitastúlka úr Þingeyjar-sýslu, Þuríður Ingólfsdóttir, setti Íslandsmet í 80 metra hlaupi sem var eina keppnisgreinin. Ekki varð þetta til að ýta við körlunum sem réðu móta-haldinu og það var ekki fyrr en 1952 á Eiðum sem keppnisgreinum kvenna var fjölgað í fimm. Smám saman jókst hlutur kvenna en þó var þokkalegu jafnrétti fyrst náð þegar komið var undir síðustu aldamót.

Um þetta leyti rann upp blómaskeið héraðsmótanna. Sumarið 1945 voru haldin 15 héraðsmót ungmennafélaga um land allt. Hryggjarstykki mótanna var frjálsíþróttakeppni karla en konur fengu þó að spreyta sig í spretthlaupi hjá Snæfellingum, Vestfirðingum og Skarphéðinsmönnum. Þá var keppt í sundi á þremur mótum og þar af syntu konur á tveimur þeirra.<sup>32</sup> Mótin voru menningarsamkomur. Þar héldu fyrirmenn ræður, lúðrasveitir léku og karlakórar sungu. Víða hófust þau með guðsþjónustu. Vestfirski bóndinn, ungmennafélaginn og skáldið Guðmundur Ingi Kristjánsson frá Kirkjubóli setti héraðsmót Vestfjarða á Núpi árið 1946 með snjöllu kvæði þar



*Kolbeinn Kristinsson stangarstökkvari.*

sem hann fræddi mótsgesti meðal annars um þá hugsjón sem lá að baki mótshaldinu:

Tilgangur mótsins að mestu er sá,  
menningarstarfsemi fólksins að sjá,  
sjá hvernig æskunnar erfðismenn  
íþróttin styrkir og feugar í senn,  
sjá hvernig tómstundir hafa menn hér  
hagnýtt til þroska og velferðar sér,  
sjá hvernig æskan með alúð og dáð  
Íslandi spinnur sinn hamingjuþráð.<sup>33</sup>

Fjármagnið úr Íþróttasjóði hafði örvandi áhrif á gerð alls konar íþróttamannvirkja. Ungmennafélög komu sér upp íþróttavöllum af litlum eignum en margir þeirra voru vægast sagt ófullkomnir. Ef hringur hlaupabrautarinnar náði 300 metrum á lengd þótti það ágætt og sérstakur lúxus ef völlumur



Guðmundur Ingi Kristjánsson  
skáld á Kirkjubóli.

við velli þar sem stunda mátti frjálsíþróttir og knattspyrnu.<sup>34</sup> Þá voru gerðir örfáir handknattleiksvellir utanhúss og sérstaka athygli vakti framtak ungra stúlkna í Ungmennafélaginu Neista á Djúpvaggi. Þær tóku sig til árið 1944 og gerðu 40×25 metra völl og lögðu í það 35 dagsverk.<sup>35</sup>

Gerð íþróttavallanna tók oft langan tíma, stundum áratugi. Það var fyrst þegar stórvirkar vinnuvélar á borð við jarðýtur og dráttarvélar komu til skjalanna að þeir hættu að vera eilífðarverkefni félaganna. Allmörg héraðssambönd komu sér upp leikvöllum og þar fóru héraðsmótin fram áratugum saman. Nægir að nefna Núp í Dýrafirði, Lauga

í Reykjadal, Ásbyrgi, Eiða og Þjórsártún. Þegar kom fram á seinni hluta síðustu aldar færðust framkvæmdir við íþróttavelli og önnur slík mannvirki yfir á hendur sveitarfélaganna.

Það gefur nokkra vísbendingu um gengi einstakra íþróttagreina innan hreyfingarinnar hvenær hver grein var tekin í tölu landsmótsgreina. Boltaíþróttir voru aðallega stundaðar innan íþrótt- og ungmennafélaga í þéttbýli og það var ekki fyrir en 1961 sem knattspyrna komst á dagskrá landsmóta

inn var sæmilega láréttur og sléttur. Þetta var þó mikil framför frá leiksvæðum af náttúrunnar hendi sem menn höfðu notast við frá upphafi vega. Á árunum 1938-1969 greina skýrslur frá að minnsta kosti 86 íþróttavöllum sem til urðu á vegum ungmennafélaganna og þá er átt

UMFÍ. Þá hafði handknattleikur kvenna verið stundaður á landsmótunum allt frá 1949. Ekki var ofsögum sagt af hinni skýru verkaskiptingu kynjanna á landsmótum sem annars staðar. Sá sem hefði lagt til að karlar kepptu í handknattleik og konur í knattspyrnu hefði líklega verið lagður inn á Klepp til geðrannsókna. Það var heldur ekki fyrir en á landsmótinu á Laugarvatni 1965 sem körfuknattleikur hlaut náð fyrir augum landsmótsnefndar, þó aðeins sem sýningargrein.

Sundið átti aftur á móti góðu gengi að fagna hjá ungmennafélögum allt frá árdögum þeirra. Það var engin furða því hreint ótrúlega mörg ungmennafélög byggðu sér sundlaugar þar sem volgra var í jörð og það var víða. Þegar sundlaug var fengin hófust námskeið til að kenna mönnum sundlistina og svo var farið að æfa sund og loksins að keppa. Reyndar fóru margar sundkeppnir ungmennafélaga fram í köldu vatni áratugum saman.


Borgfirðingar voru einstaklega duglegir við



Frá héraðsmóti Borgfirðinga við Ferjukot árið 1919.

kuldasundið en bjuggu þó á einu mesta jarðhitasvæði landsins. Þar mun hafa ráðið mestu að við mótsstað héraðsmótsins á Hvítárbökkum var enga sundlaug að finna svo áin varð sjálfkrafa sundstaðurinn. Það var þó bót í máli að synt var undan straumi. Á fyrsta héraðsmótinu 1913 þreyttu 20 menn 200 metra sund í „blágráu, járnköldu jökulvatni“ Hvítár.<sup>36</sup> Borgfirskar konur létu ekki sitt eftir liggja og árið eftir syntu þrjár þeirra 100 metra kappsund í Hvítá og þá varð hlutskörpust





*Borgfirskir sundgarpar búast til kuldasunds á héraðsmóti UMSB snemma á síðustu öld.*

Sigríður Hjartardóttir frá Grjóteyri.<sup>37</sup> Árið 1919 var mótsstaðurinn færður að Ferjukoti og eftir það svömluðu menn og konur í Norðurá allt til 1944. Árið 1945 var fyrst farið að nota hina ágætu Hreppslaug í Andakíl undir héraðsmótin en hún var þá orðin 15 ára gömul.

Á fyrsta héraðsmóti Þingeyinga að Breiðumýri 1915 syntu sex ungir menn kappsund í Reykjadalssá. Vegalengdin var 55 metrar og fyrstur varð Jón Jónsson í Brekknakoti á 51,6 sekúndum. Ekki gekk sundið áfallalaust því Marteinn Sigurðsson á Ystafelli sem talinn var besti sundmaðurinn lenti uppi á grynningum og gat ekki lokið sundinu.<sup>38</sup>

Svipað var uppi á teningnum í fyrstu sundkeppni Skarphéðinsmanna í Krókslóni við Þjórsár-tún 1926. Lónið var grunnt og á miðri leið varð stórgrýti á leið keppendanna svo þeir urðu að hætta við svo búið.<sup>39</sup> Næsta ár var búið að fjarlægja grjótið og eftir þetta syntu menn í kapp nokkrum sinnum án þess að taka niðri. Árið 1945 var búið að koma upp veglegri sundlaug í Hveragerði og þá var farið að halda þar sérstakt héraðsmót í sundi í stað þess að það væri aukagrein á héraðsmóti í frjálsíþróttum.<sup>40</sup> Svipuð þessu var þróunin víða um land. Sundkeppni á héraðsmótum var yfirleitt í köldu vatni en færðist þegar fram í sótti yfir í sundlaugarnar og varð að sérstöku sundmóti. Þegar sundfólk átti ekki lengur ofkælingu yfir höfði sér tók sundið stórstígum framförum

og sundkappar landsbyggðarinnar fóru að vera áberandi á afrekslistum landsins. Þar bar hæst Sigurð Jónsson frá Ystafelli, hinn ókrýnda bringusundkonung fimmta áratugarins, og Áslaugu Stefánsdóttur frá Laugarvatni sem var drottningin á landsbyggðinni.<sup>41</sup>

Árið 1969 var hin forna baðlaug á Reykjum í Hjaltadal í Skagafirði ein eftir af torflaugum í landinu. Nú voru sundlaugar ýmist úr viði klæddum segldúk, málmí eða steinsteypu. Þá voru 23 löglegar keppnislaugar á landinu, 25 metrar á lengd eða stærri. Ungmennafélög áttu mikinn hlut að gerð þeirra en flestar voru þær frá því fyrir miðja öldina. Að auki voru til 55 minni sundlaugar og langflestar í eigu ungmennafélaganna.<sup>42</sup> Þetta hafði sitt að segja um velgengi sundíþróttarinnar út um landið og endurspegladist í þátttökunni á landsmótunum. Sundlaugar sem til urðu eftir 1969 voru undantekningarlaust gerðar á vegum sveitarfélaganna.

## **Brunað á ísum**

Ein var sú íþrótt sem margir ungmennafélagar stunduðu á síðustu öld en fæstir með keppni í huga. Það var skautaiþróttin. Margir áttu tréskauta með járnkili sem festir voru með böndum eða ólum og þeir sem best voru settir áttu stálskauta sem festir voru á sérsníðaða skó eða skrúfaðir





*Hópur fólks leikur sér á skautum á Reykjavíkurtjörn snemma á síðustu öld.*

undir stígvél. Tréskautarnir gömlu voru oft langir og svipaði til hraðhlaupaskauta nú á dögum. Á þeim var hægt að komast hratt yfir og sögur fóru af góðum skautamönnum. Flestir landsmenn virtust líta á skautaiðkun sem skemmtilega útivist og hreyfingu fremur en keppnisíþrótt en nokkur ungmennafélög efndu þó til skautamóta á sínum upphafsárum.

Sveitir landsins voru misvel til skautuferða fallnar frá náttúrunnar hendi. Sumstaðar var flatlent og hægt að ferðast langar leiðir á ísilögðum dælum, tjörnum og lækjum. Annars staðar var minna um slíka vetrarvegi. Ísinn, þessi rennslétti glampanði leikvöllur, var tilvalinn til að láta gamminn geisa, sýna sig og sjá aðra. Fyrst og síðast var það þó áhuginn á þessari íþrótt sem úrslitum réð um þátttökuna. Strax í öðru tölublaði *Skinfaxa* birtist áskorun frá Helga Valtýssyni ritstjóra til ungmennafélaga að setja á sig skautana. Helga þótti ekki vanþörf á að brýna menn til dáða.

Ísar liggja víða milli fjalls og fjöru sveitina á enda langan tíma vetrar. Og þó eru skautar alls eigi til í sumum þeim sveitum! Og óvíða mun skautfimi á því stigi hér á landi að íþrótt megi heita.<sup>43</sup>

Fyrsta skautamót sem sögur fara af meðal ungmennafélaga var mót sem Ungmennafélagið Hvöt

í Grímsnesi hélt á öskudaginn 1912 á svonefndu Hestvatni.<sup>44</sup> Nokkur félög fylgdu í kjölfarið en heimildir eru strjálar og segja ekki alla söguna fremur en endranær. Ungmennafélagið Geisli í Aðaldal lét gera verðlaunapeninga til keppni í fjölmörgum íþróttum og þar á meðal í skautahlaupi. Fyrsta skautamótið fór fram árið 1913 og hið síðasta 1933 en stundum féllu mótin niður vegna ísleysis eða óveðra.

Hinn 4. desember 1927 hélt félagið skautamót á Múlavatni og þar sigraði Jónas Guðmundsson, síðar bóndi í Fagranesi, í 500 metra hlaupi á tímanum 55 sekúndum. Jónas var einn besti skautamaður félagsins og vann skautapening þess til eignar um þetta leyti. Heiðrekur Guðmundsson frá Sandi náði þó betri tíma á mótum sem haldið var á Vestmannsvatni 15. janúar 1933. Hann hljóp þá 500 metrana á 47,5 sekúndum sem var afbragðstími. Þuríður Guðmundsdóttir hljóp 300 metrana á 55,1 sekúndu á Múlavatni 1927 svo ekki voru konurnar afskiptar hjá Ungmennafélaginu Geisla.<sup>45</sup> Um þá ánægju sem félagarnir höfðu af skautaiðkun má lesa í 70 ára afmælisblaði félagsins og geta líklega margir tekið undir þá frásögn.

Ungt fólk safnaðist saman í stórum hópum, oftast í ljósaskiptum seinni hluta dags eða á tunglskinsbjörtum kvöldum, og lék þá ýmsar listir á skautunum sínum og renndi



*Hér er brunað á skautum á Austurvelli á 4. áratug síðustu aldar.*

sér í kapp hvað við annað. Þetta var mjög holl og góð hreyfing í tæru vetrarloftinu og jók líkamshreysti og lífsgleði.<sup>46</sup>

Litlum sögum fer af skautakeppnum ungmennafélaga en nokkur félög geta þeirra í skýrslum og frásögnum, flest úr lágsveitum Árnessýslu. Þegar bændur á Skeiðum lögðu áveitur um þvera og endilanga sveitina um 1920 myndaðist þar mikið skautasvell á vetrum. Fyrst var keppt í skautahlaupi hjá Ungmennafélagi Skeiðamanna 1916 og þá sigraði Kristinn Ingvarsson. Félagið lét gera silfurskjöld sem keppt var um í skautahlaupum á þriðja og fjórða áratug 20. aldar. Þann 27. desember 1920 hélt félagið skautamót á Vorsabæjarvatni á Skeiðum. Guðmundur Jóhannesson í Útverkum sigraði í 800 metra skautahlaupi á beinni braut á hinum ágæta tíma 1:10,0 mínútum.<sup>47</sup> Litlu síðri var tími Gests Kristjánssonar í Forsæti á skautamóti Ungmennafélagsins Vöku á Villingaholtsvatni 3. febrúar 1941. Gestur hljóp 800 metra á 1:16,0 mínútum, ísinn var góður og brautin bein. Á fótum sér hafði hann hraðhlaupaskauta með löngum meidum sem hann hafði sjálfur smíðað og tókst að vera sjónarmun á undan hinum góðkunna glímukappa Guðmundi Ágústssyni frá Hróarsholti.<sup>48</sup>

Um miðbik 20. aldar voru skautamót ungmennafélaga yfirleitt úr sögunni en Ungmennafélagið Samhygð í Flóa hélt uppi merkinu. Í febrúar 1940 stóð það fyrir skautamóti á Bæjarvatni. Þar sigraði formaður félagsins, Stefán Jasonarson í Vorsabæ, í 800 metra skautahlaupi. Keppendur voru 10 talsins og hlupu allir samtímis á beinni braut. Árið 1952 var skautamót á vegum félagsins í Vorsabæjarhólsengjum. Þar kepptu bæði karlar og konur og margir komu til að fylgjast með. Höfundur þessarar bókar var þarna staddur, ungur að árum, og er minnisstæðast að þegar áhorfendur höfðu hnappast saman í hóp fór að braka ískeygglega undir fótum þeirra. Svellið seig niður og myndaði dæld undan hópnum. Ísinn brast og nokkrir sem ekki náðu að forða sér lentu í vatninu. Óhljóð kvenþjóðarinnar skera enn í eyrum eftir hálfu öld en hættan var engin því vatnið ofan við áveitugarðinn var aðeins mittishátt. Síðasta skautamót félagsins fór fram á Bæjarvatni 13. febrúar 1955. Þá sigraði Stefán enn, orðinn fertugur að aldri, og hljóp 1000 metrana á 1:32,0 mínútum. Hlaupið var á beinni braut en ekki skeiðað í hringi eins og gerist í alþjóðakeppnum.<sup>49</sup> Eftir þetta er hljótt um skautakeppni ungmennafélaga.

Vetrariþróttir hafa átt misjöfnu gengi að fagna

á Íslandi meðal annars vegna þess hvað íslenskum veðurguðum eru mislagðar hendur. Oft hafa skíða- og skautamenn undirbúið kappmót sem aldrei voru haldin því þegar mótsdagur rann upp var komin hláka og allur ís og snjór uppgufaður. Annars hafa skautamenn aldrei staðið skíðamönnum jafnfætis hér á landi. Nægir að benda á þann mikla fjölda skíðamanna sem keppt hafa á Ólympíuleikum en aldrei hefur sú hugmynd svo mikið sem verið orðuð að skautamaður færi á Ólympíuleika.

## Samstarf við ÍSÍ

Fljótlega eftir stofnun Íþróttasambands Íslands árið 1912 kom upp sú hugmynd innan UMFÍ að ungmennafélagshreyfingin gengi í heild sinni í sambandið. Á þingi UMFÍ árið 1921 var talsvert rætt um þetta en skoðanir voru skiptar. Um-ræðunum lauk með eftirfarandi dagskráartillögu sem samþykkt var með öllum atkvæðum gegn tveimur: „Fundurinn vill ekki að þessu sinni taka afstöðu til þess hvort skylda beri öll ungmennafélög til að ganga í ÍSÍ.“<sup>50</sup> Líklega þótti mönnum fulllangt gengið með því að skikka félögin til inngöngu í ÍSÍ. Veturinn 1926-1927 tókst samvinna um íþróttanámskeið milli ÍSÍ og UMFÍ eins og fyrr var getið og þótti vel takast.<sup>51</sup>

Þegar ÍSÍ varð 25 ára árið 1937 kom hlýleg kveðja til sambandsins í *Skinfaxa* frá ritstjóranum, Aðalsteini Sigmundssyni, og þess getið að samvinna ÍSÍ og UMFÍ hefði jafnan verið hin besta.<sup>52</sup> Þetta var hvergi nema satt, en hitt var þó réttara að milli sambandanna ríkti vinsamlegt afskiptaleysi. Þegjandi samkomulag var um það að ÍSÍ sinni einkum íþróttum í þéttbýlinu en UMFÍ á landsbyggðinni. Þessi helmingaskiptaregla var í samræmi við útbreiðslu þeirra. Styrkleiki ÍSÍ lá fyrst og fremst í höfuðstaðnum og á þéttbýlistöðum en félög þess á landsbyggðinni voru um það bil fjórðungur heildarinnar.<sup>53</sup> Aðildarfélög UMFÍ var hins vegar fyrst og fremst að finna á Suður- og Vesturlandi en ekkert þeirra var í Reykjavík. Hlutleysisviðhorf sambandanna hvors í annars garð byggðist því ekki síst á því að hagsmunir þeirra sköruðust hvergi að ráði.

Á þessu varð nokkur breyting við tilkomu íþróttalaganna 1940 og þá tókust samböndin á um stöðu sína innan laganna þegar frumvarpið var til umræðu á Alþingi.

Einn þingmanna Reykjavíkur flutti margar

breytingartillögur við það í samræmi við óskir ÍSÍ. Meðal þeirra var tillaga um að fella UMFÍ með öllu úr frumvarpinu. Marga þingmenn undruðu þessi olnbogaskot af hálfu ÍSÍ því þeir könnuðust ekki við árekstra eða átök milli þessara félagsmálahreyinga. Þeir sem best þekktu til vissu ekki betur en samvinna þeirra hefði verið nán og samkomulag trúðmannlegt.<sup>54</sup> Niðurstaðan varð sú að tekið var tillit til sérstöðu UMFÍ og það sett við hlið ÍSÍ í Íþróttanefnd ríkisins sem þá tók til starfa. Það helgaðist fyrst og fremst af því að UMFÍ hafði allt frá upphafi haft mestalla íþróttastarfsemi dreifbýlisins á sínum snærum, einmitt þar sem aðstaðan var erfiðust.

Ekki leið þó á löngu þar til upp risu menn sem vildu kanna hvort ekki væri athugandi að sameina ÍSÍ og UMFÍ úr því ekki tókst að strika UMFÍ út úr íþróttalögunum. Málið kom til umræðu á ársþingum ÍSÍ árin 1944-1945. Þar voru samþykktar tillögur um sameiningu sambandanna.<sup>55</sup> Formaður UMFÍ, Eiríkur J. Eiríksson, vék að þessu í greinarkorni í *Skinfaxa* árið 1945. Hjá Eiríki gætti dálítillar kaldhæðni þegar hann fjallaði um þessar hugmyndir ÍSÍ.

Nú hafa nokkrir velviljaðir menn komið fram með þá miklu nýjung að U.M.F.Í og Í.S.Í. sameinuðust í eitt samband. Mun jafnvel í ráði, að spyrja ungmennafélögin um það hvort þau séu fylgjandi slíkri sameiningu.<sup>56</sup>

Eiríkur taldi hæpið að ungmennafélögin sæju sér fært að hætta störfum undir sínu fyrra merki og ganga í samfylkingu sem enginn vissi hvert myndi stefna. Nokkru síðar fylgdi ÍSÍ hugmyndum sínum eftir með umburðarbréfi sem sent var öllum íþrótt- og ungmennafélögum á landinu og samböndum þeirra. Í því sagði meðal annars:

Stjórn ÍSÍ beinir því til yðar hvort þér teljið æskilegt að haldið sé áfram þeim samkomulagsumleitunum sem hafnar eru og vill undirstrika það að íþróttaforystan verði að vera ein í landinu. ... Vér leyfum oss því að óska þess að þér athugið vel þennan samkomulagsgrundvöll og vinnið að því að takast megi að sameina þessi tvö sambönd svo upp risi eitt völdugt og sterkt samband sem fyrst og fremst hefur íþróttamál á stefnuskrá sinni.<sup>57</sup>





*Stjórn Íþróttasambands Íslands árið 1945. Fremri röð: Þorgeir Sveinbjarnarson, Benedikt G. Wåge forseti og Erlingur Pálsson. Efri röð: Kristján L. Gestsson, Kjartan B. Guðjónsson framkvæmdastjóri og Frimann Helgason.*

Séra Eiríkur reyndist sannspár um niðurstöðuna. Á þingi UMFÍ sumarið 1946 kom málið til umræðu. Þar var skipuð millipinganefnd sem átti ásamt ÍSÍ og íþróttafulltrúa „að finna grundvöll fyrir framkvæmd og stjórn allrar íþróttamálastarfssemi í framtíðinni.“<sup>58</sup> Í raun og veru var hér verið að mæla fyrir viðræðunefnd um sameiningu sambandanna þó ekki væri það nefnt beinum orðum. Ekki fer neinum sögum af starfi þessarar nefndar enda lítill vafi á að innan stjórnar UMFÍ var minna en enginn áhugi fyrir slíkri sameiningu.

Þessi sameiningartilraun rann því út í sandinn og lengstum eftir þetta var allt með kyrrum kjörum milli sambandanna. Lítilsháttar núningur átti sér þó stað annað slagið eins og þegar ÍSÍ fór fram á það við UMFÍ að fresta fyrirhuguðu landsmóti sínu á Eiðum 1952 vegna afmælimóts sem ÍSÍ hugðist halda á Þingvöllum. Í svari stjórnar UMFÍ kom fram að hún sæi sér ekki fært að verða við þessari beiðni þar sem bæði legði hún mikla áherslu á að halda landsmótin reglulega á þriggja ára fresti og svo væri hér um þingsamþykkt að ræða.<sup>59</sup> Því má svo bæta við að stjórn ÍSÍ hætti við að halda mótið á Þingvöllum og hélt í staðinn

keppni Reykjavíkur og landsbyggðarinnar í frjálsíþróttum í júní 1952.<sup>60</sup>

Til að byrja með tókst ágæt samvinna með ÍSÍ og UMFÍ um að styrkja farkennara í íþróttum sem kenndu á námskeiðum hér og þar á landinu strax eftir gildistöku íþróttalaganna. Samböndin styrktu kennsluna um 75 af hundraði af launum kennarans sameiginlega eða hvort fyrir sig ef félagið var aðeins í öðru sambandinu. Þetta kom landsbyggðinni til góða því íþróttakennsla var þar hlutfallslega dýrari sökum færri nemenda. Allt gekk vel þar til árið 1954 að snurða hljóp á þráðinn. Formaður Íþróttanefndar, Hermann Guðmundsson, sem þá var orðinn framkvæmdastjóri ÍSÍ tók þá höndum saman við þriðja nefndarmanninn, Jóhann Bernharðsson úr Reykjavík, og lækkaði úthlutun Íþróttasjóðs til UMFÍ úr 56 þúsundum í 45 um leið og framlag til ÍSÍ hækkaði úr 94 þúsundum í 105. Þarna var beinlínis verið að hygla Reykjavíkurfélögum á kostnað landsbyggðarinnar því næstum allir unglingar í Reykjavík nutu íþróttakennslu til 17 ára aldurs en í sveitum aðeins þeir fáu sem gengu í héraðsskóla. Nefndarmaður UMFÍ, Daníel Ágústínusson,





*Hermann Guðmundsson, formaður Íþróttanefndar, beitti sér fyrir skerðingu á framlagi nefndarinnar til UMFÍ.*



*Daniel Ágústínusson, fulltrúi UMFÍ í Íþróttanefnd barðist gegn skerðingunni með góðum árangri.*

til dæmis mátti ekkert félag né samband halda íþróttamót án þess að biðja ÍSÍ formlega um leyfi. Stjórn ÍSÍ taldi einnig í sínum verkahring að samþykkja dómara í hverri einustu íþróttakeppni. Stjórnarmönnum þótti ÍSÍ missa spón úr aski sínum við stofnun sérsambanda og tóku dræmlega í fjölgun þeirra en urðu að láta sér lynda að stærstu íþróttagreinarnar mynduðu sambönd sín um miðja öldina. Af sama toga var afstaða þeirra til UMFÍ sem þeim þótti vera heldur til trafala við stjórn íþróttamálanna.

Árin 1926-1962 var Benedikt G. Wåge kaupmaður forseti ÍSÍ. Hann var frækinna íþróttamaður á yngri árum og synti meðal annars fyrstur manna úr Viðey til lands árið 1914. Þessi langa stjórnar-

reiddist mjög þessari breytingu og taldi líklegt að UMFÍ endurskoðaði afstöðu sína til ÍSÍ eftir slíkar trakteringar.<sup>61</sup> Síðar var þetta leiðrétt.

Árið 1942 þegar íþróttalög in voru nýlega komin til framkvæmda voru félög ÍSÍ 107 talsins.<sup>62</sup> Þá voru 30 íþróttafélög og 130 ungmennafélög utan vébanda ÍSÍ svo áhrif þess voru ekki mikil á landsbyggðinni.<sup>63</sup> Þótt flestöll þessi félög gengju ÍSÍ á hönd á næstu árum breyttistafstaðasambandsins til þeirra ekki mikið. ÍSÍ var lengi vel fyrst og fremst staðgengill íþróttasambands í Reykjavík og hélt þeirri stöðu sinni til 1944 þegar Íþróttabandalag Reykjavíkur var stofnað. Stjórn ÍSÍ hélt fast í hlutverk sitt sem yfirvald íþróttamála og



*Benedikt G. Wåge, forseti ÍSÍ 1926 til 1962, vildi sameina UMFÍ og ÍSÍ á fimmta áratugnum.*



*Gísli Halldórsson, forseti ÍSÍ 1962 til 1980, var mjög hlyntur starfsemi ungmennafélags-hreyfingarinnar.*

ast mikil verðmæti í formi sjálfboðavinnu ungmennafélaganna sem þá hyrfi af sjónarsviðinu.<sup>64</sup> Samskipti Gísla við stjórnarmenn UMFÍ voru ekki mikil meðan Eiríkur J. Eiríksson réð þar ríkjum. Þetta breyttist þegar Hafsteinn Þorvaldsson tók við stjórnartaumunum hjá UMFÍ en þá tókst ágæt samvinna með forystumönnum þessara hreyfinga.<sup>65</sup>

## Gegn her í landi

Yfirleitt var þegjandi samkomulag um það innan ungmennafélags-hreyfingarinnar að láta stjórn málliggja milli hluta og blanda sér ekki í flokkspólítískar deilur. Einstöku mál voru samt af þeim

seta Benedikts setti ó hj á k v æ m i l e g a mark sitt á starfsemi ÍSÍ. Þegar komið var fram undir miðja öldina var komin upp veruleg óánægja með forystu hans enda ríkti kyrrstaða á mörgum sviðum og samtökin voru fjárvana.

Þetta breyttist árið 1962 þegar Gísli Halldórsson arkitekt tók við embætti forseta ÍSÍ. Gísli var bjartsýnn og stórhuga og tókst á undraskjótum tíma að skjóta mörgum styrkum stöðum undir starfsemi Íþróttasambandsins. Gísli var andvígur sameiningu ÍSÍ og UMFÍ enda var hann sannfærður um að ungmennafélagshreyfingin hefði miklu hlutverki að gegna í landinu. Hann taldi að með sameiningu s a m b a n d a n n a tveggja myndu tap-



Halldór Kristjánsson á Kirkjubóli hleypti miklu fjöri í ársþing UMFÍ árið 1949 með viðaukatillögu um hersetumál.



Þórhallur Björnsson afsalaði sér heiðursfélaganafnbót UMFÍ á þinginu 1949.

kallaðra kommúnista og kapítalista hvorra við aðra skipti heiminum í tvær fylkingar og meira að segja friðsamir Íslendingar fóru ekki varhluta af þessari hysteríu. Árið 1946 var hernámshlið Breta á Íslandi horfið á braut en Bandaríkjamenn sátu sem fastast og höfðu sótt formlega um að hafa hér herstöðvar til langs tíma. Þetta mislíkaði mörgum þjóðhollum Íslendingum sem komu ekki auga á nauðsyn þess að hér væri her á friðartímum. Þetta varð til þess að UMFÍ, sem yfirleitt lét stjórnsmál ekki til sín taka, blandaði sér í umræðuna. Á þingi UMFÍ á Laugum 1946 kom Eiríkur J. Eiríksson fram með tillögu um dvöl hersins sem var samþykkt samhljóða. Kjarni hennar var þessi:

toga að UMFÍ taldi sig ekki geta setið hjá. Þar var fyrst og fremst um þjóðernismál að ræða, svo semfánamálið, sjálfstæðismálið, hersetuna, landhelgina og handritamálið. Þar talaði UMFÍ skýrum rómi fyrir hönd sinna félaga og gekk oftast en ekki fram fyrir skjöldu. Rauði þráðurinn í afstöðu UMFÍ til þessara mála var óskorað sjálfstæði landsins án íhlutunar eða afskipta annarra þjóða. Lengi geymdist arfurinn frá upphafsárum UMFÍ þegar sjálfstæðisbaráttan gegn Dönnum var mál mállanna.

Þegar lýðveldið Ísland var komið á legg og heimsstyrjöldinni lokið árið 1945 þótti mörgum birta yfir veröldinni. Það stóð þó ekki lengi því gagnkvæmur ótti svo-

Sambandsþingið krefst þess af ríkisstjórn Íslands að hún mótmæli dvöl erlends hers hér á landi og vaki trúlega yfir því að samningar séu haldnir um brottflutning herliðsins. Meðan á brottflutningnum stendur sé þess gætt að dvöl hersins þurfi sem minnst að særa þjóðernistilfinningu Íslendinga.<sup>66</sup>

Séra Eiríkur hafði eins og margir Íslendingar áhyggjur af menningarlegu sjálfstæði landsmanna í nábýli við herinn og lét þær skýrt í ljósi í greinum í *Skinfaxa* og með tillögugerð á þingum. Á Sambandsráðsfundum UMFÍ 1948 var ekki látið hjá líða að mótmæla svokölluðum Keflavíkursamningi sem gerður var við Bandaríkjamenn í október 1946.<sup>67</sup> Með honum fengu þeir umráð yfir Keflavíkurflugvelli og það gekk mörgum landsmönnum illa að sætta sig við. Á þingi UMFÍ í Hveragerði 1949 hóf Eiríkur formaður umræðu um sjálfstæðismál þjóðarinnar. Hann sagði að ungmennafélögin yrðu að marka sér ákveðna stefnu í þessum málum og lagði meðal annars fram tillögu þar sem lagt var til að Keflavíkursamningnum yrði sagt upp svo völlumurinn kæmist í hendur Íslendinga. Þessi tillaga var samþykkt en miklar og snarpar umræður urðu um viðaukatillögu Halldórs Kristjánssonar frá Kirkjubóli sem lagði til að þingið áteldi framkvæmd Keflavíkursamningsins og inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Sá atburður hafði vakið miklar illdeilur með þjóðinni – þær mestu frá því landið varð lýðveldi. Hér varð engin undantekning og brátt logaði þingið stafna á milli af tilfinningahita fulltrúanna. Heill tugur manna tók til máls og var langt frá því að vera sammála. Séra Eiríkur sá að hér stefndi í óefni og lagði fram dagskrártillögu um að leggja viðaukatillöguna til hliðar. Það var samþykkt með drjúgum meirihluta atkvæða.<sup>68</sup>

Þórhallur Björnsson, einn af frumkvöðlum hreyfingarinnar, var á þessu þingi og studdi eindregið viðaukatillögu Halldórs. Honum mislíkaði stórlega afgreiðsla þingsins og taldi að þar hefði UMFÍ brugðist hlutverki sínu við að varðveita sjálfstæði þjóðarinnar. Þar með afsalaði hann sér heiðursfélaganafnbót þeirri sem hann hlaut árið 1927.<sup>69</sup> Þarna töldu margir lifandi komna sönnun þess að réttast væri fyrir ungmennafélögin að umgangast hápólítísk mál af varúð.

Árið 1951 gerði ríkisstjórnin í kyrrþey svo kallaðan varnarsamning við Bandaríkjamenn sem

tryggði þeim herstöð í Keflavík um óákveðinn tíma. Mörg ungmennafélög voru andsnúin herstöðinni af þjóðernisástæðum og þar með talið Ungmennafélag Njarðvíkur sem var nú aftur komið í návígi við herinn. Á aðalfundi Samkomuhúss Njarðvíkur, Krossinum, kom þetta mál til umræðu. Krossinn var stærðar braggi sem Ungmennafélag Njarðvíkur og Kvenfélagsins Njarðvík keyptu árið 1947 og ráku sem danshús. Á fundinum var borin fram svohljóðandi tillaga og samþykkt með öllum atkvæðum nema einu.

Sameiginlegur fundur Ungmennafélags Njarðvíkur og Kvenfélagsins Njarðvík haldinn 27. maí samþykkir að á meðan erlendur her dvelur í landinu skuli engir menn með hernaðareinkennum fá að dvelja í húsakynnum félaganna á skemmtunum þess eða öðrum samkomum í húsinu.<sup>70</sup>

Næstu árin linnti ekki ályktunum gegn herstöðinni á þingum héraðssambanda og UMFÍ. Héraðssambandið Skarphédinn samþykkti á hverju ári skeleggar ályktanir gegn hersetunni. Árið 1955 þótti ungum þingfulltrúa ekki nógu fast að orði kveðið og flutti skorinorða tillögu um málið. Hér var kominn Jóhannes Sigmundsson sem áratug síðar tók við forystu sambandsins af Sigurði Greipssyni. Tillaga Jóhannesar hlaut ekki samþykki en hún var á þessa leið:

Héraðsþing Skarphédins haldið í Hveragerði 22. og 23. jan. 1955, telur að dvöl erlends herliðs í landinu á friðartímum, sé hættuleg menningu, tungu og sjálfstæði þjóðarinnar, og fordæmir allan hernað og vígbúnað í landinu sem andstæðan og fráhverfan hugarfari Íslendinga, jafnframt því sem slíkt stefnir sjálfri tilveru þjóðarinnar í voða.

Þar sem þingið telur augljóst að hið erlenda herlið sé ekki hingað komið í þeim tilgangi að vernda íslenzku þjóðina lýsir það yfir fullum stuðningi við söfnun undirskrifta um brottför alls herafra af íslenskri grund.<sup>71</sup>

Tveimur árum síðar ályktaði héraðsþing UMSK að dvöl erlends herliðs á Íslandi væri ósamrýmanleg hugsjónum ungmennafélaganna.<sup>72</sup> Um þetta leyti kom til sögunnar annað milliríkjamál sem



*Jóhannes Sigmundsson í Syðra-Langholti var andvígur herseu á friðartímum.*

gagntók hugi landsmanna og beindi athygli þeirra frá herstöðinni á Miðnesheiði. Hinn 1. september 1958 náðist sá langþráði áfangi að íslensk stjórnvöld færðu landhelgina út í 12 sjómílu. Bretar, sem höfðu skafið miðin við Ísland áratugum saman, svöruðu með innrás togaraflotans í nýju landhelgina í fylgd herskipa. Þetta var upphafið að svoköll-

uðu þorskastríði Íslendinga við gamla heimsveldið. Nú var enginn vafi um afstöðu landsmanna, þeir voru einhuga í málinu og andúð á Bretum varð mikil og almenn. Stjórn UMFÍ samþykkti án tafar ályktun þar sem hún fagnaði útfærslu landhelginnar en lýsti megnri andúð á ofbeldi og yfiringangi breskra herskipa.<sup>73</sup>

Ungmennafélögin létu ekki sitt eftir liggja hér heldur. Héraðsþing Skarphédins sem haldið var í janúar 1959 fordæmdi harðlega „það háttalag Breta að beita varnarlausu smáþjóð, sem stendur á ótvíræðum rétti sínum, vopnavaldi og fádæma ofbeldi. Þingið fagnar þeirri þjóðareiningu, er skapast hefur um þetta mál og treystir því, að í engu verði slakað til á réttmætum kröfum Íslendinga í þessu máli.“<sup>74</sup> Suður-Þingeyingar bættu um betur á sínu héraðsþingi skömmu síðar og skoruðu á ríkisstjórnina að slíta stjórnmalasambandi við Bretland.<sup>75</sup> Þegar samið var við Breta um aðlögunartíma þeim til handa árið 1961 fækkaði slíkum ályktunum en UMFÍ og ungmennafélögin lýstu mikilli samstöðu með þjóðinni í tveimur næstu þorskastríðum árin 1972 og 1976.

Á sjötta og sjöunda áratug aldarinnar beittu ungmennafélagar sér í enn einu þjóðmálinu. Það var handritamálið.

## Handritin heim

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Ísland hefur lengi verið þekkt sem sögueyjan í norðri. Hér sátu til forna spakvitirir menn og skráðu merkilegar



bækur á kálfskinn. Íslenskar fornsögur eru taldar merkur hluti af menningararfi heimsins og fræðimenn um víða veröld hafa lengi undrast það að því líkar bókmennta-perlur hafi litið dagsins ljós hjá fámennri eyþjóð við ysta haf.



*Árni Magnússon handritasafnari bjargað stórum hluta af íslenskum handritum frá glötun og flutti þau með sér til Kaupmannahafnar. Hann fékk síðar þessa mynd af sér á íslenskum hundraðkrónaseðli.*

Á síðari miðöldum vaknaði mikill áhugi nágrannaþjóðanna á sögu sinni og þá uppgötvuðu þær að drjúgur hluti hennar var varskráður á Íslandi. Þetta varð til þess að danskir, sænskir og enskir kóngar gerðu út sendimenn hingað til lands í handritaleit. Á 16. og 17. öld var landið svo gott sem rúið af skinnhandritum og flest fóru þau til Danmerkur. Afkastamestur í þessari handritasöfnun var Árni Magnússon prófessor við Kaupmannahafnaháskóla sem lést 1730. Hann arfleiddi háskólann að hinu mikla safni sínu og þá var svo komið að í landi sem hafði framleitt mestu dýrgripi á bókmenntasviði á Norðurlöndum var varla lengur eitt einasta handrit þeirra að finna.



*Bjarni M. Gíslason rithöfundur, heiðursgestur landsmótsins á Eißum 1968, flytur ávarp sitt.*

Þegar Íslendingar höfðu stofnað lýðveldi og brotið síðustu hlekkina sem tengdu þá við hina fornu herraþjóð var ýmislegt óuppert. Eitt af því voru handritin, þjóðargersemar Íslendinga, sem nú voru kirfilega lokuð inni á dönsku safni. Krafa Íslendinga var mjög einföld: Íslensku handritin heim til Íslands. Ungmennafélögum rann blóðið til skyldunnar að styðja endurheimt handritanna og á þingum UMFÍ og héraðssambandanna voru samþykktar margar ályktanir í þá veru. Ársþing HSP lagði fram mikla ályktun um málið 1956. Innihald hennar kristallaðist í tveimur síðustu orðunum: „Árnasafn heim.“<sup>76</sup> Sigurður Greipsson tók í sama streng á þingi Skarphéðins nokkru síðar. Hann taldi enga tilslökun koma til greina og full endurheimt væru einu endanlegu úrslitum sem við gætum unað við.<sup>77</sup>

Danskir safnamenn og hálærðir menntamenn brugðust margir ókvæða við afhendingarkröfu Íslendinga og lögðu sig alla fram gegn henni í ræðu og riti. Þeir gerðu meira að segja tilraun til að telja Dönum trú um að Íslendingar myndu gera tilkall til Grænlands ef þeir fengju handritin!<sup>78</sup> En Ísland átti líka góða bandamenn og þeirra helstir voru danskir ungmennafélagar og lýðháskólamenn. Þar fór Jens Marinus Jensen, formaður dönsku ungmennafélaganna, fremstur í flokki. Hann talaði fyrir munn danskra alþýðumanna sem töldu rétt og sanngjarnt að Íslendingar fengju dýrgripi sína til baka.<sup>79</sup>

Öflugasti talsmaður Íslands var þó Bjarni M. Gíslason rithöfundur sem áratugum saman hafði dvalist í Danmörku og þekkti danskan hugsunarhátt út í æsar. Árið 1954 gaf hann út bók um handritamálið þar sem hann hrakti röksemdir andstæðinganna lið fyrir lið af mikilli nákvæmni. Nú upphófst moldviðri áróðurs og upphrópana um handritamálið og tröllreið danskri þjóðfélags-umræðu árum saman. Ekki er ástæða til að rekja það allt hér og skal látið nægja að geta þess að dönskum lýðháskólamönnum og ungmennafélögum tókst að ná miklum samhljómi með dönsku þjóðinni um þá hugmynd að gefa Íslendingum handritin. Menntamannaklíkan hamaðist á móti en hófsamir stjórnálamenn tóku undir hugmyndina studdir rökum Bjarna M. Gíslasonar sem nú hafði gefið út aðra bók um handritin auk blaðagreina í tugatali. Danska þjóðþingið samþykkti lög um afhendingu handritanna en þau voru færð til hæstaréttar Danmerkur.

Úrskurður hæstiréttar var að lög um afhendingu



## Séra Eiríkur J. Eiríksson

Eiríkur Júlíus Eiríksson (1911-1987) fæddist í Vestmannaeyjum utan hjónabands og ólst upp á Eyrarbakka hjá móður sinni, Hildi Guðmundsdóttur, og foreldrum hennar. Faðir hans, Eiríkur Magnússon, fór til Ameríku um það leyti sem Eiríkur fæddist og kom ekki aftur til Íslands. Eiríkur gekk menntabrotina og snemma komu afburða námsgáfur hans í ljós. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1932 og lauk kennaraprófi tveimur árum síðar. Samtímis kennaranáminu las hann guðfræði við Háskóla Íslands og lauk þar prófi 1935. Hann kynnti sér skólamál í Basel í Sviss og á Norðurlöndum árin 1936-1937.

Þessi fjölmenntaði ungi maður hefur væntanlega getað valið úr störfum en ákvað að gerast kennari við héraðsskólann á Núpi í Dýrafirði. Þar kenndi hann til 1942 en gerðist þá skólastjóri, þegar hinn aldni ungmennafélagsfrömuður Björn Guðmundsson lét af störfum. Jafnframt skólastjórn og íslenskukennslu var hann sóknarprestur á staðnum. Séra Eiríkur var þróttmikill skólastjóri og veitti hundruðum ungmenna áhrifamikla leiðsögn. Árið 1960 söðlaði hann um, fluttist til Þingvalla og gerðist þar þjóðgarðsvörður, prestur og síðar prófastur. Þeim störfum gegndi hann til sjötugs en flutti þá á Selfoss og bjó þar til æviloka.

Eiríki var létt um að koma orðum sínum og hugsunum á blað og var sískrifandi alla ævi. Hann var einlægur trúmaður og ritaði mikið um kirkjuleg og trúarleg málefni. Þá blaðfesti hann dálítið af sögulegum fróðleik auk þess að þýða nokkrar bækur. Eiríkur var orðsnjall maður og gat undirbúningslaust flutt ræður af þekkingu og andagift. Þegar hann talaði blaðlaust stóð hann teinréttur með luktum augum og flutti mál sitt skörulega, snjöllum, djúpum rómi. Málsnilld hans var ekki aðeins fólgin í meitluðu orðavali heldur einnig raddbrigðum sem risu og hnigu á eftirminnilegan hátt.

Hann var í senn alvörumaður og mikill hómoristi, hrókur alls fagnaðar í góðra vina hópi. Við fyrstu sýn gat hann virst fáskiptinn en það fór fljótt af og sá mikli fjöldi sem hann eignaðist að vinum um ævina lagði fram þann einróma dóm að séra Eiríkur væri einn hlýlegasti og skemmtilegasti maður sem þeir hefðu kynnst. Minni hans var næstum óbrigðult, hann kunni mörg tungumál og hafði yndi af lestri góðra bóka. Séra Eiríkur var mikill aðdáandi danska kennimannsins og skáldsins Grundtvigs, sem var andlegur faðir dönsku lýðháskólanna en þeir voru einmitt fyrirmynd héraðsskólanna á Íslandi, til dæmis Núpsskóla.

Eiríkur J., eins og hann var oft kallaður, gekk ungur í hið gróskumikla Ungmennafélag Eyrarbakka sem dafnaði vel í höndum leiðtoganna Aðalsteins Sigmundssonar og Ingimars Jóhannessonar. Ein athyglisverðasta nýbreytni þeirra félaga var stofnun yngri deildar félagsins sem var einskonauppeldisstofnun ungra Eyrbekkinga. Snemma kom í ljós hvað í Eiríki bjó og 13 ára gamall var hann orðinn formaður yngri deildarinnar. Þegar eldri deild félagsins hafði verðlaunasamkeppni um ritgerðarefnið: „Hvað er unnið við það að vera Íslendingur?“ árið 1924 var það hinn kornungi Eiríkur sem hlaut verðlaunin fyrir ritgerð sína. Hún birtist nokkru síðar í Skinfxa og vakti athygli fyrir íhugun og vandaðan stíl. Aðalsteinn Sigmundsson studdi Eirík til náms fyrir gagnfræðapróf sem hann tók utanskóla. Eiríkur mat þetta drengskaparbragð Aðalsteins mikils og lét síðar elsta son sinn bera nafn hans.

Árið 1938 þegar Aðalsteinn Sigmundsson lét af formennsku UMFÍ var Eiríkur J. Eiríksson einróma kosinn í hans stað. Hann var síðan formaður UMFÍ allt til ársins 1969 eða í 31 ár, margfalt lengur en nokkur annar formaður. Eiríkur lagði líka fram krafta sína til Skinfxa og var ritstjóri hans oftár en einu sinni. Fyrst árin 1940-1945 og aftur árin 1961-1968. Þarna bættist við starfsdag prestsins, skólastjórans og þjóðgarðsvörðarins en séra Eiríkur var starfsamur maður og hugsjónaríkur sem ekki spurði um daglaun í krónum að kvöldi heldur hvort hann gæti orðið að liði. Eiríkur var kjörinn heiðursfélagi UMFÍ 1969 og norska Vestmanna- laget 1981.

Árið 1938 kvæntist Eiríkur Kristínu Jónsdóttur frá Gemlufalli í Dýrafirði. Hún var mannkostakona og við hennar hlið naut Eiríkur sín best þó hann væri mikið að heiman vegna ýmissa starfa. Kristín var gestrisin svo af bar og veitti ekki af því þau voru vinmörg og margir litu inn á Þingvöllum. Hún bar einnig hita og þunga af uppeldi barnanna. Þau Eiríkur eignuðust ellefu börn en einn sonur þeirra lést á unga aldri. Eiríkur var



*Eiríkur J. Eiríksson formaður UMFÍ 1938 til 1969.*

ástríðufullur bókasafnari og hann átti stærsta og vandaðasta bókasafn í einkaeign á Íslandi, þrjátíu þúsund bindi. Þessar bækur hafði hann flestar lesið og síðustu árum sínum varði hann til að skrásetja og flokka safnið. Þau Eiríkur og Kristín gáfu að lokum Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi þetta mikla bókasafn sitt og hefur ekki önnur bókaþjóf verið gefin stærrí á Íslandi.<sup>81</sup>

Sigurður Greipsson og Eiríkur J. Eiríksson voru afar samrýmdir enda báðir miklir ungmennafélagar. Sigurður setti saman þessar fallegu hendingar um góðvin sinn á þeirra efri árum.

Sterk er röddin,  
tungutakið töfrum bundið,  
varla betra verður fundið.  
Meistara þennan munum lengi,  
máls og anda,  
mikilla sæva, mikilla sanda.

handritanna stæðust bæði stjórnarskrá og lagaleg skilyrði. Þessi sigur var íslenskum ungmennafélögum mikið fagnaðarefni og í tilefni hans var Bjarna M. Gíslasyni boðið sem heiðursgesti á landsmót UMFÍ á Eiðum árið 1968. Þar hélt hann hátíðarræðu og rakti sögu handritamálsins. Í niðurlagi ræðunnar sagði Bjarni.

Ég ætla ekki að rekja þessa sögu lengra. En þegar ég hef rætt nokkuð mikið um það, hvernig handritamálið smám saman varð umræðuefni í allri Danmörku, í þingsölum, á þjóðbrautum, á heimilum, skólum og í hversdagsönn til að gera ykkur skiljanlegt að um verulega þjóðargjöf er að ræða – þegar handritin fara að flytjast heim. Það er enginn risavaxinn fugl hámennta eða stjórnkænsku bakvið þetta afrek, heldur danska þjóðin sjálf, uppalandinn í menningu hennar. Og tjáningarmiðill þeirra hugsjóna, sem hér voru að verki fyrir Íslands hönd, eru fyrst og fremst lýðháskólarnir dönsku. ... Okkur ber að þakka dönsku þjóðinni einlæglega fyrir réttan skilning, því í starfi þeirra manna, sem fyrir okkur börðust í meira en tvo áratugi, er fólgin mikil og sönn dönsk þjóðargjöf. Ég álit, að þegar handritin fara að berast heim, eigi meðal annars ungmennafélögin að senda dönsku þjóðinni þakkir sínar.<sup>80</sup>

Þannig fór að danskur þjóðarvilji sigraði og færði Íslendingum handrit sín að gjöf.

Handritamálinu lauk formlega síðasta vetrardag 1971 þegar danskt herskip lagðist að Reykjavíkurhöfn með dýrmætan farm. Síðar um daginn var hátíðleg athöfn í Háskólabíói þegar Helge Larsen menntamálaráðherra Danmerkur afhenti starfsbróður sínum, Gylfa Þ. Gíslasyni, fyrsta handritið með þessum orðum: „Værsågod – Flatøbogen!“

## Landslag yrði lítils virði

Örnefnamálið var eitt af þessum hljóðlátu og fyrirferðarlitlu málum sem komu fram innan UMFÍ og fáir veittu athygli í byrjun. Það seytladi út á meðal félaganna hægt og rólega áratugum saman. Upphafsmáðurinn var Þorsteinn Tómasson bóndi á Skarði í Lundarreykjadal sem á útmánuðum 1924 skrifaði hugvekju um örnefnasöfnun í Geisla, blað ungmennafélagsins Dagrenningar í sveit sinni. Hugmynd hans var lögð fram á þingi UMFÍ um vorið og hlaut góðar undirtektir. „Sambandsþingið lítur svo á að ungmennafélagar gætu og ættu að starfa að því að safna saman örnefnum í landinu og skrásetja þau.“<sup>83</sup> Þannig hljóðaði upphaf tillögu sem samþykkt var á þinginu og setti málið í farveg. Stjórn UMFÍ leitaði til þjóðminjavarðar og landsbókavardar með leiðbeiningar um hvernig hentast væri að safna örnefnum. Sá síðarnefndi, Guðmundur Finnbogason, mætti í eigin persónu á þing UMFÍ 1927 og flutti þar erindi um örnefnasöfnun. Þar gaf hann „rækilegar bendingar um hvernig henni yrði best hagað.“<sup>84</sup>

Undirtektir voru ekki miklar nema helst á Suðurlandi. Skarphéðismenn samþykktu á þingi



Fræðimaðurinn Kristján Eldjárn lagði ungmennafélögum lið við söfnun örnefna og samdi leiðbeiningar fyrir þau.

sínu 1928 að hefjast handa<sup>85</sup> og Ungmennafélag Eyrarbakka hóf þegar söfnun undir forystu Aðalsteins Sigmundssonar. Árið 1930 birti ungur sagnfræðingur, Þorkell Jóhannesson, merka ritgerð í *Samvinnunni* um rannsóknir sínar á íslenskri menningar- og hagsögu. Þar hvatti hann til skipulegrar söfnunar á öllum tiltækum heimildum um sögu landsins, þar með töldum örnefnum, og fylgdu með leiðbeiningar. Þorkell kvaðst vænta stuðnings frá Búnaðarfélagi og Fiskifélagi Íslands ásamt kennarastéttinni. Þó taldi hann að mestu myndi muna ef ungmennafélögin tækju málið að sér. Þá væri því borgið.<sup>86</sup> Þetta ber vott um þá tiltrú sem ungmennafélögin voru búin að ávinna sér. UMFÍ sérprentaði leiðbeiningar Þorkels árið 1930 og sendi félögunum.<sup>87</sup> Tíu árum síðar höfðu nokkur félög lokið söfnun. Nú varð hljótt um sinn en á þingi UMFÍ 1943 vakti Daníel Ágústínusson, ritari sambandsins, málið af löngum svefni og hratt því fram í sviðsljósið að nýju. Þar var samþykkt að stjórnin skyldi skrifa öllum ungmennafélögum og fá þau til að hefjast handa um söfnun örnefna.<sup>88</sup> Daníel bar málið undir ungan fræðimann, Kristján Eldjárn að nafni, og bað hann liðsinnis. Þessi ungi maður, sem síðar varð þjóðminjavörður og forseti landsins, brást vel við og skrifaði grein um örnefnaskráningu ungmennafélaga í *Skinfaxa* árið 1944. Þar gerði hann grein fyrir mikilvægi málsins:

Nú er svo komið að þetta mál fer ekki að þola neina bið lengur. Jarðir leggjast í eyði, plógur og herfi bylta landinu og afmá ýmis sýnileg merki manna verka. Fjölskyldur flytjast milli bæja og héraða. Allt stuðlar þetta að því að örnefni gleymist, ruglist og brjálíst. Það er mjög sennilegt að töluverður fjöldi örnefna fari í gröfina með hverjum gömlum manni sem í valinn hnígur. Það er því bersýnilegt að hafa verður hraðann á



Jón Eiríksson í Vorsabæ á Skeiðum hefur unnið vandaða örnefnaskrá fyrir Ungmennafélag Skeiðamanna.

ef bjarga á örnefnunum frá gleymsku.<sup>89</sup>

Kristján bætti um betur ári síðar með því að birta ítarlegar leiðbeiningar um örnefnasöfnun í *Skinfaxa*.<sup>90</sup> Eftir þetta fór hópur ungmennafélaga af stað að safna örnefnum. Oftast voru það áhugasamir félagar sem tóku verkið að sér í sjálfböðavinnu. Þessir menn voru að bjarga menningarverðmæt-

um og vissu það sjálfir.

Því fer þó fjarri að ungmennafélögin hafi verið ein um hituna. Fornleifafélagið hóf söfnun um 1918 og vann að henni næstu áratugi með aðstoð áhugamanna. Um miðja öldina færðist hún til Þjóðminjasafnsins og 1969 var Örnefnastofnun Íslands sett á fót og hefur starfað síðan. Þar má finna skrár um örnefni næstum allra bújarða á Íslandi, mismunandi vel unnar, og eiga margar þeirra rætur að rekja til ungmennafélaganna og söfnunarátaks þeirra.<sup>91</sup>

Örnefni eru nöfn á kennileitum eða mannaverkum í landslagi – hæð, hól, fjalli, læk, engi, tjörn, túni, kofa eða bújörð. Örnefni segja margvíslega sögu um byggð í landinu og eru þáttur í varðveislu menningararfsins. Oft fá örnefni heiti af einstökum atburðum – sviplegum jafnt og skoplegum. Þannig segir frá Gvendarpytti í landi Birnustaða á Skeiðum. Það er „stór pyttur og illilegur. Sú sögn fylgir pyttinum að fyrr meir hafi vinnumaður frá Birnustöðum hrokkið í pyttinn við það að reiptagl slitnaði er hann var að binda [hey] á pyttbakkanum og hafi maðurinn druknað.“<sup>92</sup> Tólfhundraðatjörn í Súluholtslandi í Flóa er talin bera nafn af því að þar hafi sendimaður Gaulverjabæjarprests fallið niður um ís og tapað sjóði með tólf hundruðum einhvers gjaldmiðils.<sup>93</sup> Í landi Vorsabæjarhóls í Flóa eru Hólsengjar milli Hólslækjar og Þorleifslækjar. Þar er mýrardragið Grínrimi sem sagan segir að hafi dregið nafn af galsa heyvinnufólks einn gleðidag á liðinni öld. „Ja, mikið var hlegið“ sagði Stefán í Vorsabæ hálfri öld síðar.<sup>94</sup>

Eitt fyrsta félagið sem lauk örnefnasöfnun í sinni sveit var Ungmennafélagið Egill rauði í Norðfjarðarhreppi. Þriggja manna nefnd frá félaginu tók verkið að sér og Eyþór Þórðarson lauk við að skrá örnefnin í bók á jóladaginn 1931.<sup>95</sup> Í skýrslum til UMFÍ er að finna nöfn allmargra ungmennafélaga sem ýmist hafa hafið örnefnasöfnun eða lokið verkinu um miðja 20. öld. Flest eru félögin úr Árnessýslu. Tvö þessara safna bera af. Ungmennafélag Skeiðamanna réð Jón Eiríksson bónda í Vorsabæ til starfa árið 1944 og tveimur árum síðar hafði Jón lokið við að safna örnefnum í sveitinni og teikna þau inn á landakort. Undanfarin ár hefur Jón sett örnefnin inn á loftmyndir og þannig munu þau koma út haustið 2007 í bók um Skeiðahrepp.<sup>96</sup> Svipaða leið fór Ungmennafélag Hrunamanna árið 1942. Þá gerði Ingimundur Einarsson veglega bók með örnefnum sveitarinnar. Hann teiknaði þau öll inn á landakort og teiknaði einnig alla bæi sveitarinnar eftir ljósmyndum. Afrit bókarinnar var ljósmyndað og sent til Örnefnastofnunar.<sup>97</sup>

Nú eru örnefni ekki lengur jafn lifandi hluti af daglegu lífi fólks og áður var og ná ekki eins að berast mann fram af manni. Þar getur örnefnaskrá bætt úr. Fyrst og fremst eru þó örnefnin okkur nauðsynleg til að átta okkur á umhverfinu eins og skáldið Tómas Guðmundsson úr Grímsnesi segir í sínu ódauðlega kvæði um fjallgönguna: Landslag yrði lítils virði, / ef það hétu ekki neitt.<sup>98</sup>

## Braggarnir brúa bilið

Þegar kreppunni 1931-1940 lauk var farið að gera meiri kröfur til samkomuhúsa, þau skyldu verða stærri og fullkomnari. Þegar Íþróttasjóður kom til sögunnar horfðu húsbyggjendur til hans vonglöðum augum. Þær miklu væntingar rættust ekki því þörfin var mikil en sjóðurinn léttur. Af heildarstyrkjum sjóðsins árið 1946 sem voru ein milljón króna gengu 75.500 til samkomuhúsa sem voru í byggingu svo augljóst var að meira þurfti til. Breytingar voru í vændum en áður en að þeim kom léku nokkur húsnaðislaus ungmennafélög nokkurskonar millileik. Þau útveguðu sér ódýra bragga sem voru til sölu þegar hernámsliðið hvarf af landi brott árið 1945 og notuðu þá sem samkomuhús. Braggarnir brúðu bilið um stundarsakir en voru óvandaðir og entust illa, um áratug margir hverjir. Aðeins einn þessara bragga var í notkun um lengri tíma, bragginn á Hólmavík. Einn

af bröggunum er þó ennþá íbúðarhús á Breiðdalsvík. Hann stóð áður skamma stund sem samkomuhús á strönd Berufjarðar á Austurlandi.<sup>99</sup> Félagsheimilið Kirkjuhvoll á Kirkjubæjarklaustri er braggabygging en er þó ekki talið með í þessum hópi því það var reist nýtt á staðnum og var aldrei herbraggi.

Braggarnir voru raunar aðeins þak úr íbjúgum bárujárnsplötum sem náði til jarðar á báðum hliðum.<sup>100</sup> Hjá ungmennafélögunum voru þeir hugsaðir sem bráðabirgðahúsnaði og til fjáröflunar. Í flestum þeirra voru haldin „braggaböll.“ Með braggaböllunum var safnað fé til að byggja varanlegri hús sem risu að þeim gengnum.

Á Grímsstöðum á Fjöllum reisti Ungmennafélag Fjöllunga 100 fermetra bragga af árið 1946. Þar voru haldin geysifjölmenn dansiböll og gestirnir komu aðvífandi af öllum Austfjörðum. Allt upp í 700 manns mættu á þessar skemmtanir og reyndar lögðust þær niður fljótlega því heimamenn réðu ekkert við þennan mannfjölda að sögn Braga Benediktssonar í Grímstungu 60 árum síðar.<sup>101</sup>

Ungmennafélag Laugdæla á Laugarvatni kom sér upp bragga árið 1947 sem var notaður í nokkur ár. Þar voru einnig haldin fræg braggaböll en það frægasta var ballið sem var stolið. Þá mættu óþrúttir náungar snemma kvölds og seldu inn í húsið. Þeir hirtu aðgangseyri 150 gesta en létu sig svo hverfa stuttu áður en von var á ballnefndinni á staðinn.<sup>102</sup>

Margir höfðu horn í síðu bragganna vegna ljótleika og vanbúnaðar. Þverárhreppur í Vestur-Húnavatnssýslu eignaðist bragga sem reistur var á Þorfinnsstöðum 1944. Ungmennafélagi sveitarinnar, Dagrenningu, var boðið að taka þátt í byggingu braggans en þáði ekki.<sup>103</sup> Presti byggðarlagsins, séra Sigurði Norland í Hindisvík var í nöp við braggann og birti um hann níðkvæði í ljóðabók sinni sem kom út árið 1965. Þar er þessi vísa:

Plötur flaka frá honum,  
flestu hrakar miður,  
yxna þak er á honum  
og ætti að takast niður.<sup>104</sup>

Klerki varð að ósk sinni því skömmu síðar var bragginn rifinn og seldur bónda í sveitinni til að nota sem fjárhús.<sup>105</sup>

Fundist hafa heimildir um 26 bragga sem ungmennafélögin reistu á sínum tíma. Þeir eru flestir horfnir af sjónarsviðinu en örfáir standa enn uppi,



ryðbrunnir og hrörlegir. Þarna var sannarlega tjaldað til einnar nætur en víða leystu braggarnir húsnæðisvandann um stund. Braggarnir voru ekki nein stórhýsi, 119 fermetrar að meðaltali. Stærstur var Krossinn í Njarðvík sem áður hafði verið sjúkrahús hersins í nágrenni Keflavíkur. Hann var 212 fermetrar að stærð og þar voru haldin landsfræg böll sem þóttu nokkuð sukksöm á köflum. Árið 1963 þegar félagsheimilið Stapi var tekið í notkun að hluta til var húsinu breytt í íþróttahús um tíma.<sup>106</sup> Um 1980 var Krossinn rifinn og seldur í Skagafjörð þar sem hann þjónar enn sem hlaða á bænum Tunguhlíð.<sup>107</sup> Þannig komu samkomuhúsbraggar að margvíslegum notum og margir enduðu sem útihús til sveita.

## Félagsheimilin rísa

Samkomuhúsin og braggarnir leystu á sínum tíma mikinn vanda en þegar líða tók að miðri 20. öld reis upp annar meiri. Þá voru kröfur til skemmtana og samkomna orðnar slíkar að lítil fundarhús þar sem nokkrir tugir manna gátu troðið sér inn



*Braggi Ungmennafélagsins Kára Sölmundarsonar var reistur um 1950 en hefur nú lokið hlutverki sínu þar sem hann stendur við Pétursey í Mýrdal.*



*Bragginn sem Ungmennafélag Fjölluma reisti á Grímsstöðum árið 1946. Þar voru haldin fjölmenn dansiböll um skeið.*

dugðu ekki lengur. Fólk vildi geta horft á leikrit, haldið dansskemmtanir og veislur þar sem að minnsta kosti hundrað manns og helst helmingi fleiri gætu skemmt sér saman án þess að vera eins og síld í tunnu. En þá kom vandamálið: Ungmennafélögin og sveitarfélögin höfðu ekki afl þeirra hluta sem gera skyldi – sem sé peninga. Fjárvana ungmennafélög og sveitarfélög höfðu mikinn vilja en litla getu og nú fóru þau að gera mjög ákveðnar kröfur til hins opinbera að styrkja byggingu samkomuhúsa.

Mikil umræða fór fram í þjóðfélaginu og þá fæddist hugtakið *félagsheimili* um þau hús sem sveitarfélög og félagasamtök stæðu að. Niðurstaðan varð sú að Eysteinn Jónsson menntamálaráðherra lagði fram stjórnarfrumvarp um málið á þingi 1947. Svo rann upp sú langþráða stund að Alþingi samþykkti stefnumarkandi lög um Félagshemilasjóð sem tóku gildi 1. janúar 1948. Hlutverk sjóðsins var að aðstoða sveitarfélög og ýmis félagasamtök innan þeirra við að reisa félagsheimili. Sjóðurinn var fjármagnaður af svo-



*Logaland í Reykholtssdal er upphaflega fyrsta samkomuhús ungmennafélaga á Íslandi byggt árið 1909. Það hefur verið stækkað fjórum sinnum, síðast um aldamótin og er nú 600 fermetra félagsheimili. Það er að öllu leyti í eigu Ungmennafélags Reykdæla.*

kölluðum skemmtanaskatti sem var innheimtur árlega til ríkisins. Ákveðið var að framlag hans til hvers félagsheimilis skyldi nema allt að 40 af hundraði af stofnverði þeirra. Þriggja manna íþróttanefnd ríkisins bætti því við sinn verkahring að úthluta úr sjóðnum.

Þetta var bylting en ekki breyting og allir sem hugsuðu til húsbyggingar stukku hæð sína í loft upp af fögnuði. Þessi fagnaðarvíma rann þó fljótlega af mönnum þegar þeim varð ljóst hve margir voru um boðið og lítið til skiptanna. Ekki leið á löngu þar til slík eftirspurn myndaðist eftir styrkjum úr Félagsheimilásjóði að til vandræða horfði. Strax árið 1948 sóttu 96 félög eða samtök um styrk úr sjóðnum.<sup>108</sup> Þörfin fyrir félagsheimili var greinilega mikil hvarvetna á landinu. Samkomuhús voru yfirleitt komin til ára sinna, allt of lítil, eða hreinlega ekki til. Nú vildu allir byggja félagsheimili og strax í upphafi varð fjárhæðin sem sjóðurinn hafði til umráða alltof lítil.<sup>109</sup>

Stjórn sjóðsins var í vanda og reyndi að skipta hinum litlu tekjum hans á milli fjölmargra byggingaraðila. Afleiðingin varð sú að allir fengu of lítið í sinn hlut. Algengt var að hvert hús fengi tíunda hluta þess sem því bar lögum samkvæmt og ekki bætti úr skák þegar verðbólga geisaði. Framlag sjóðsins gerði stundum ekki betur en greiða vexti af lánum sem húsbyggjendur urðu að taka nauðugir viljugir.

Þorsteinn Einarsson (1911-2001) íþróttafulltrúi var sá maður sem starfsemi Félagsheimilásjóðs

hvíldi mest á. Hann var framkvæmdastjóri íþróttanefndar og sá um öll samskipti við byggingaraðila. Hann aðstoðaði byggingarnefndirnar við skipulagið frá upphafi og tók oft að sér að útvega það sem vantaði þó það væri tæplega í hans verkahring. Talsvert mæddi á Þorsteini í þessu starfi og hann var ýmist elskaður eða hataður af húsbyggjendum vegna þessara verka sinna. Sífelld vonbrigði þeirra sem fengu of litla úthlutun hjá sjóðnum og þakklæti þeirra sem nutu fyrirgreiðslu togúðust á. Fjöldi þakklætis- og skammabréfa úr safni

Félagsheimilásjóðs segja sína sögu. Þorsteinn fór óteljandi ferðir út á land til að hitta forsvarsmenn félagsheimilanna. Oft var Gísli Halldórsson arkitekt í för með honum en hann var höfundur margra þeirra. Gísli segir svo frá ferð sem farin var á Blönduós árið 1958.

Á Blönduósi skoðuðum við staðhætti ásamt heimamönnum og komumst að niðurstöðu um heppilegt staðarval. Svo tók við langur fundur um fyrirkomulag í húsinu og ég skráði og skissaði. Klukkan átta um kvöldið taldi ég að erindinu væri lokið og vildi fara að komast heim en Þorsteinn gaf sér góðan tíma og hélt áfram að ræða ýmis málefni við fólkið. Svo vildi það fara að komast í kvöldmat og sagði þá í vandræðum sínum við okkur: „Þið verðið að fá kvöldmat.“ Svo var farið í kvöldmat og upp úr því hófst annar fundur ekki styttri en hinn. Við lögðum af stað heimleiðis um miðnætti og ég ók sem leið lá í bæinn. ... um sexleytið um morguninn ók ég Þorsteini heim til sín á Laugarásveginn. Þá höfðum við verið slétta 24 tíma í ferðinni. En þannig var Þorsteinn. Hann hirti ekki um tíma eða fyrirhöfn ef hann gat orðið hinu ágæta landsbyggðarfólki að liði.<sup>110</sup>

Þau félagsheimili sem byggð voru á vegum ungmennafélaga og fleiri aðila á árunum 1946-2002

reyndust vera 116 talsins. Þar við má bæta 35 samkomuhúsum sem byggð voru fyrir 1946 en stækkuð síðar og gerð að félagsheimilum. Þá verða félagsheimili sem ungmennafélagar byggðu 151 að tölu. Meðalstærð eldri húsanna er 275 fermetrar en þeirra yngri 416 fermetrar. Það bendir til þess að þeir sem réðust í að byggja hús sín frá grunni hafi verið loðnari um lófana en þeir sem byggðu við eldri hús.



*Félagsheimilið Rimar í Svarfaðardal er yngsta félagsheimili landsins byggt á árunum 1993 til 1997. Ungmennafélagin Atli og Þorsteinn Svörfuður eiga sinn hlut í húsinu sem var byggt eftir að Félagsheimilaskjöldur hætti störfum.*

Þegar íbúar sveitarfélags tóku þá ákvörðun að byggja félagsheimili þurfti margt að skoða. Byggingarsaga húsanna var á köflum langdregin baráttusaga. Þá var hafist handa af mikilli bjartsýni en litlum eignum. Stundum stöðvuðust framkvæmdir vegna féleysis. Á Þórshöfn var reist nýtt félagsheimili árin 1954-59 á grunni eldra samkomuhúss sem varð eldi að bráð. Tveimur árum síðar var ákveðið að bæta nýrri álmu við húsið. Grunnur var steiptur og þar við sat í tæpa tvo áratugi. Árið 1989 lauk sveitarfélagið loks við að byggja þessa álmu sem hýsti skrifstofur þess næstu árin.<sup>111</sup>

Í Haganeshreppi í Skagafirði hóf málfunda-

félag hreppsins húsbyggingu um 1940 en gafst upp og tóft hússins stóð auð í sex ár. Þá var félagið sameinað ungmennafélagi sveitarinnar og undir forystu þess var húsið klárað árin 1946-1951 og hlaut nafnið Sólheimar.<sup>112</sup>

Á Hólmavík tóku menn sig til árið 1944 og reistu hermannabragga í þorpínu til að nota sem samkomuhús. Hann átti að vera til bráðabirgða en þó var steipt upp forstofa við annan enda hans sem fyrsti áfangi nýs félagsheimilis. Árin liðu og aldrei kom það hús. Á meðan deildu menn um hvort heldur skyldi byggja við eða byggja nýtt frá grunni. Árið 1957 var farið af stað og steiptur grunnur undir nýtt hús á öðrum stað í þorpínu. Ekki varð framhald á þeim framkvæmdum og enn liðu árin. Í þriðja sinn fóru Hólmvíkingar af stað árið 1987 og nú var ekki hætt fyrr en risið var sambyggt íþróttahús og félagsheimili, hið veglegasta hús. Það tók því um það bil hálfu öld frá því fyrst var farið af stað að viðunandi samkomuhús risi í þorpínu.<sup>113</sup>

Þessi dæmi eru þó fremur



*Félagsheimilið á Blönduósi er 1148 fermetrar og eitt af stærstu félagsheimilum landsins. Það var byggt á árunum 1958 til 1965 meðal annars með stuðningi USAH.*





*Bragginn á Hólmavík þjónaði sem félagsheimili á staðnum í hálfri öld. Hann ásamt viðbyggingu er hið reisulegasta hús og sést hér með kirkjuna á Hólmavík í baksýn. Ungmennafélagið Geislinn átti fjórðung hússins.*

undantekningar. Oftast var svo að dugmikið ungmennafélag fór í fararbroddi fyrir framkvæmdum. Sjaldan áttu félögin digra sjóði til að fjármagna bygginguna en þau áttu mikla auðlind – félagsþroska félaganna sem lýsti sér í sjálfböðavinnu þeirra. Hvergi kom sjálfböðaliðastarfið betur fram en í húsbyggingum félagsheimilanna. Heilu sveitarfélögin fóru af stað, húsmæður, bændur, unglingar og börn. Allir lögðu sitt af mörkum og víst er um það að hefðu forsvarsmenn félaganna ekki getað reitt sig á sjálfböðaliðana hefðu margir þeirra hikað við að leggja í húsbyggingu sem í flestum tilfellum var risavaxið verkefni fyrir lítið ungmennafélag.

Ungmennafélagið Drengur í Kjós tók að reisa félagsheimili árið 1945 og ári síðar vígði það hús sitt, Félagsgarð, sem stendur nálægt ósum Laxár í Kjós.<sup>114</sup> Félagsgarður var fyrsta félagsheimilið sem hlaut styrk úr Félagsheimilaskjóði. Það létti mikið róðurinn en þótti samt afreksverk hjá litlu ungmennafélagi í sveit að reisa húsið á eigin vegum, raunar með nokkurri fjárhagsaðstoð frá hreppnum og kvenfélaginu.

Félagslundur í Gaulverjabæjarhreppi var næstur í röðinni. Félagslundur var 242 fermetra hús sem tekið var í notkun 1947. Ungmennafélagið Samhygð átti frumkvæðið og stóð að byggingu hússins til jafns við hreppinn en kvenfélag sveitarinnar lagði fram átta af hundruði kostnaðar. Samhygðarmönnum þótti salur hússins heldur mjór og sóttu

um til Félagsheimilaskjóðs að breikka hann um einn metra sjóðnum að kostnaðarlausu. Við það var ekki komandi, teikningunni skyldi ekki haggð. Samhygðarmenn samsinntu þessu en breikkuðu salinn í kyrrþey og fengu þannig notadrýgra hús. Húsið tók aðeins þrjú ár í byggingu og félagar í Samhygð lögðu fram mikla sjálfböðavinnu við framkvæmdina.<sup>115</sup> Hreppsúar voru ekki einhamir því þeir byggðu samtímis skólahús í sveitinni í hundruð metra fjarlægð.

Byggingarsaga Íðavalla á Austurlandi er að mörgu leyti dæmigerð fyrir lítið

félagshemili á landsbyggðinni. Forystumenn Ungmennafélagsins Viðars í Vallahreppi höfðu lengi haft hug á að koma sér upp þaki yfir höfuðið og 1952 gengust þeir fyrir skipun byggingarnefndar ásamt hreppi og kvenfélagi sveitarinnar. Þessir þrír aðilar voru reyndar algengasti eigendahópur félagsheimila. Bygging hússins hófst árið 1954 og þremur árum síðar varð það fohkelt. Þá hófst þrotlaus barátta við fjármögnun þess sem stóð næsta áratuginn og lengur þó. Sigurður Blöndal skógarvörður á Hallormsstað var gjaldkeri verksins á vegum ungmennafélagsins og niðurlag bréfs hans til Þorsteins Einarssonar um haustið lýsir vel því sem við var að eiga:

Eins og þú getur nærri, standa nú á okkur járn lánardrottanna hvaðanæva að. Allir sjóðir sem hugsanlegt var að ausa úr voru þurrausnir í fyrri svo að nú ert þú okkar von sem við treystum að bregðist ekki. Ég treysti því að við fáum ekki minna en 50 þús. kr. framlag úr Félagsheimilaskjóði við úthlutunina nú í desember, en auðvitað þyrfti það að vera enn meira. Í von um að heyra frá þér fljótlega og með bestu kveðju.<sup>116</sup>

Ekki varð Sigurði að ósk sinni um fullan styrk og tveimur árum síðar brýnir hann enn fyrir Þorsteini að veita sem ríflegastan styrk því þá var skuld



sjóðsins til hússins um 82 þúsund krónur. Þessi upphæð þykir kannski ekki há í augum nútímans en óhætt er að segja að þetta var mikið fé árið 1959 þegar vinnustund við húsið var reiknuð á 21 krónu. Ekki sá stjórn sjóðsins sér fært að greiða meira en fjórðung af þessari skuld og í næsta bréfi Sigurðar er augljóst að honum þykir lítið til koma.



*Félagsgarður í Kjós var fyrsta félagsheimili landsins sem hlaut styrk úr Félagsheimilaskjóði. Ungmennafélagið Drengur reisti húsið og var eini eigandi þess.*

Um leið og ég þakka fyrir bréf þitt frá 12. þ.m. ásamt ávísun og jóla-kveðju, sem ég fékk í gær, sendi ég þér meðfylgjandi kvittun fyrir styrknum og segi síðan eins og kerlingin í þjóðsögunni: „Þú nýtur þess guð að ég næ ekki til þín!“ Nú nýtur þú þess að ég get ekki lumbrað duglega á þér fyrir það hversu óheyrilega naumt þú skammtar okkur styrkinn í ár! ... ég [var] farinn að gera glæsilegar áætlanir um framkvæmdir nú í vetur en það verður víst lægra á okkur risið eftir þessi vonbrigði.<sup>117</sup>

Allt var þetta þó að baki þegar húsið að lokum var vígt við hátíðlega athöfn 25. apríl 1964. Þá

hélt Sigurður vígsluræðuna og hrósaði Þorsteini fyrir marga snúninga sem hann hefði leyst af hendi fyrir nefndina. Í máli Sigurðar kom fram að ungmennafélagar hefðu lagt fram geysilega sjálfbodaðavinnu við byggingu hússins, alls tvö ársværk eða 4781 klukkustund. Þar af hafði formaður félagsins unnið mest eða 500 stundir. Að auki skrifuðu flestir sveitungar sig fyrir sérstöku framlagi til kaupa á húsgögnum og keyptu í raun hver sinn stól í húsið. Það var því mikil ánægja þegar húsið var risið og það var að mestum hluta fyrir framtak Ungmennafélagsins Viðars sem taldist eiga 40 af hundraði í húsinu.<sup>118</sup>



*Félagsheimilið Iðavellir á Völlum var nú ár í byggingu en vígsla þess fór fram árið 1964. Lykillinn að byggingu þess sem og annarra félagsheimila var mikil sjálfbodaðavinna ungmennafélagsfólks.*

## Miðstöðvar menningar

Á síðari hluta síðustu aldar höfðu allmörg ungmennafélög og sveitarfélög komið sér upp félagsheimilum með ærinni fyrirhöfn. Rökin fyrir byggingu húsanna voru nauðsyn þeirra fyrir félagslíf fólksins í landinu.<sup>119</sup> Til að kanna nánar hvernig það félagslíf fór fram um miðja öldina er hentugt að líta nánar á skýrslur Ungmennafélagsins Samhygðar sem



*Á innansveitarsamkomum er ekkert kynslóðabil. Stefán Jasonarson og Guðfinna Guðmundsdóttir í Vorsabæ stíga dansinn á Hjónaballi í Félagslundu árið 1997.*

átti stóran hlut í Félagslundu. Samhygð var meðalstórt ungmennafélag í meðalstórri sveit – Gaulverjabæjarhreppi í Flóa.<sup>120</sup> Í skýrslu félagsins árið 1949 kemur fram að haldnar voru sjö almennar dansskemmtanir í húsinu það árið. Í eitt skiptið var sýndur leikþáttur á undan dansinum, í annað skiptið var einsöngur og í þriðja skiptið hlutavelta. Þessar samkomur voru haldnar fyrst og fremst til fjáröflunar og gáfu yfirleitt ágætar tekjur.<sup>121</sup>

Þá voru haldnar fjórar samkomur innansveitar. Það var svokallað Hjónaball sem oft er kallað þorrablót, samkoma með nágrannafélögum Baldri og Vöku og svo var boðið heim félögum í Ungmennafélagi Stokkseyrar, að ógleymdri vígsluhátíð hússins. Þessar skemmtanir voru með menningarsniði, leiknir leikþættir, upplestur, söngur og að lokum dans. Um veturinn var haldið bæði íþrótt- og enskunámskeið í húsinu. Þá hýsti félagsheimilið fundi félagsins, sex að tölu, jafnmarga stjórnarfundu og allmarga fundu nefnda. Einnig fór leikfimi skólabarna fram í húsinu og íþróttamenn félagsins æfðu þar um veturinn.<sup>122</sup>

Þorsteinn Einarsson tók saman skýrslu fyrir ráðstefnu Fjórðungssambands Norðurlands um félagsheimili árið 1977. Þar koma fram fróðlegar upplýsingar um notkun 25 norðlenskra félagsheimila árið 1976. Til að gefa hugmynd um það félagslíf sem fram fór í þeim á þessum árum verður hér tekið dæmi af þremur félagsheimilum sem hægt er að telja nokkuð dæmigerð.

Fyrst er að segja frá Melum í Skriðuhreppi sem er lítið félagsheimili í sveit. Árið 1976 voru

haldnir þar 12 fundir, 23 skemmtanir, þar af sjö dansleikir, sex leikæfingar, jafnmörg námskeið og þrjú einkasamkvæmi. Samtals 50 mannfundir. Húnaver er meðalstórt félagsheimili í sveit. Þar voru haldnir 25 fundir, 55 skemmtanir, þar af 11 dansleikir, 25 söngæfingar, tvö námskeið, ein skólaskemmtun og sex einkasamkvæmi. Samtals 114 mannfundir á árinu. Í þriðja lagi segir frá Félagsheimili Blönduóss sem er stórt félagsheimili í þéttbýli. Þar voru haldnir 106 fundir, 191 skemmtun, þar af 114 kvikmyndasýningar og 28 dans-

leikir. Haldnar voru 43 söngæfingar, 55 leikæfingar, 30 hljómsveitaræfingar, sjö námskeið, ein dansæfing, þrjár skólaskemmtanir og 18 einkasamkvæmi. Samtals 454 mannfundir.<sup>123</sup>

Þessu lík mun dagskrá margra félagsheimila hafa verið langt fram eftir 20. öldinni. Hún einkenndist af margþættu starfi ungmennafélaganna. Með tilkomu húsanna blómstraði menningarlífið og önnur félög byggðarlagsins áttu yfirleitt greiðan aðgang að þeim. Gróskumikið félagslíf fór fram í félagsheimilum og óhætt er að slá því föstu að þau voru menningarmiðstöðvar síns byggðarlags. Mörgum þótti menningin heldur láta undan síga þegar kom að sveitaböllunum sem voru áberandi þáttur í starfsemi félagsheimilanna og sá sem fjarlægastur var hlutverki þeirra en stóð þó undir fjárhagnum að mestu leyti.

## Sveitaböllin

Þegar félagsheimilin voru risin þurfti að reka þau og helst með ágóða. Þá voru dansleikirnir helsta tekjulindin. Framan af voru sveitaböllin fyrst og fremst sótt af innansveitarmönnum og nágrönnum þeirra en þegar fram í sótti og félagsheimilin stækkuðu var farið að gera út á skemmtanaþyrsta þéttbýlisbúa. Ef aðsókn var góð var þarna komin gullnáma sem gott var að ausa úr í léttu sjóði félagsheimilanna. Þá gafst tækifæri til að losna við háar byggingarskuldir og sumstaðar voru haldnir margir dansleikir á sumrin til fjáröflunar.

Nú væri auðvitað best að geta sagt frá því að

æska landsins hafi skemmt sér þrúðmannlega án áfengis á sveitaböllum ungmennafélaganna. Það gerðu auðvitað margir en þeir hurfu í skuggann fyrir berserkjum brennivínsins. Hluti íslenskra æskumanna hefur löngum verið djarfur til drykkjarins þegar þeir safnast saman til skemmtanahalds án nærveru eldri kynslóðarinnar. Um það vitna sukk-samar verslunarmannahelgar sem flestir fullorðnir þekkja og hafa kynnst af eigin raun. Sveitaböllin voru þar engin undantekning. Þeir sem sömdu reglugerðir fyrir félagsheimilin gerðu sér fulla grein fyrir þeirri sannfæringu margra landsmanna að áfengisneysla og skemmtun séu einn og sami hluturinn. Í flestum reglugerðum hljóðaði 14. greinin á þessa leið:

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá er gegn þessu brjóta aðgangi að félagsheimilinu í tiltekinn tíma.<sup>124</sup>

Líklega hefur ekkert ákvæði þessara reglugerða verið brotið jafn oft og rækilega og 14. greinin. Það er skemmst frá því að segja að mikil áfengisneysla setti svip sinn á dansleiki félagsheimilanna – og var umborin að vissu marki. Forráðamenn vissu sem var að ef harkalega væri tekið í taumana myndi unga fólkið fara annað.<sup>125</sup> Þeir reyndu því að fara meðalveginn, taka ofurölvi menn úr umferð, stía áflogaseggjum í sundur og taka áfengi í sína vörslu þegar menn veifuðu því ótæpilega. Víða var vösk sveit dyravarða að störfum og lögregluþjónar voru til staðar.

Sumarið 1959 var mikil aðsókn að Félagslundu í Flóa, sem þá var eitt af fáum félagsheimilum í grennd við höfuðborgina. Þar voru haldin sukk-sömu sveitaböll og vinsælasta hljómsveit landsins, KK sextettinn, lék fyrir dansi. Bláðamenn *Tímans* heim-sóttu einn dansleikinn og sögðu frá samkomunni:

Eftir mikið erfiði við að koma bílnum fyrir var síðan haldið sem leið liggur að dýrum



*Oft var líf í tuskunum á sveitaböllum.*

samkomuhússins, þar sem tveir lögregluþjónar áttu fullt í fangi með að hemja drykkjuóðan skrílinn. Þetta var skömmu fyrir klukkan ellefu um kvöldið og var þegar kominn mikill „menningarbragur“ á suma. ... Ekki tók betra við þegar inn var komið. Þar slógust hundruð sveittra búka um að stíga dansinn á gólfi sem vart getur talist stærra en sæmilegasta stofugólf. Hávaðinn, öskrin og lætin ætluðu allt að æra. Víða sáust 16 ára ungmenni veifa Svartadauðaflokkum, bjóða upp í slagsmál, og yfir þessu öllu trónaði hljómsveitin og lék hvínandi rokklög.<sup>126</sup>

Hér var ástandið málað sterkum litum og fært í stílinn en líklega kannast margir á miðjum aldri við þessa stemmingu frá sínum yngri árum. Sveitaböllin voru sannarlega engar jólatrésskemmtanir. Seinna þegar til komu stærri hús fyrir austan fjall, Flúðir, Hvoll, Aratunga, Borg og Njálshúsið, gátu þetta orðið býsna fjölmennar samkomur. Dæmi voru þess að húsið væri troðfullt og annar eins fjöldi úti á hlaði. Borg í Grímsnesi var mikið sveitaballahús og þar voru meðal annars haldnir fjölmennir dansleikir þegar hestamannamót voru á Þingvöllum. Húsið var þéttskipað með 500 manns innandyra en eitt sinn voru seldir 1060 aðgöngumiðar á hestamannaballi áður en forráðamenn gáfust upp og opnuðu húsið fyrir öllum.<sup>127</sup> Sveitaböllin voru hin myrkari hlið félagsheimilanna en





*Á sjöunda áratugnum voru hljómsveitirnar gjarnan í einkennisklæðum. Dúmbó og Steini syngja og spila á unglíngadansleik.*

menn reyndu að sporna við þessu og líklega hafa eigendur félagsheimilisins Hnitbjarga á Raufarhöfn gengið einna lengst. Þeir sendu tilögur um reglur hússins til menntamálaráðuneytisins árið 1967. Þar var meðal annars þessi klausa í 14. grein:

Á dansleikjum skulu karlmenn klæddir jakkafötum með hálstau og á hreinlegum skóm sem ekki valda skemmdum á gólfi. Konur klæddar síðbuxum fái ekki aðgang að dansleikjum og algert bann er á skóm með stálhælum.<sup>128</sup>

líklega hafa allir forráðamenn þeirra verið sammála um að þau væru ill nauðsyn til að fá peninga í kassann.

Starfsmenn húsanna höfðu stundum nóg að gera við að koma í veg fyrir skemmdarverk drukkinna samkomugesta sem stytta sér stundir við að brjóta innastokksmuni. Hér var yfirleitt um karlkyns gesti að ræða en skemmdarverk kvenfólksins voru af öðrum toga. Hinir svokölluðu pinnahælar sem voru mjög í tísku á sjöunda áratug 20. aldar voru viðargólfunum sérlega skeinuhættir. Forráða-

Reglurnar fengust ekki samþykktar en þetta sýnir að mönnum datt ýmislegt í hug til að stjórna aðgangi fólks að félagsheimilunum.

## Leiklistin vex með húsunum

Þegar félagsheimilin voru komin til sögunnar með sína stóru sali og leiksvið varð einskona bylting í leiklistarmálum víða um land. Nú opnuðust möguleikar til að setja upp stærri og metnaðarfullri verk og ungmennafélögin hikuðu hvergi



*Hljómur úr Keflavík voru helsta sveitaballahljómsveitin þegar leið á sjöunda áratuginn. Síðhærðir unglíngar dansa við tónlistina.*





Úr leikritinu „Músagildran“ sem Ungmennafélagið Íslendingur sýndi árið 1982.

heldur færðust öll í aukana. Nokkru áður fór stjórn UMFÍ að veita þessum þætti í starfi þeirra athygli og ákvað að leggja sitt af mörkum.

Árið 1938 var þáverandi gjaldkeri UMFÍ, Rannveig Þorsteinsdóttir, ráðin starfsmaður sambandsins um óákveðinn tíma. Þau ungmennafélög sem hugðust setja upp leikrit höfðu samband við Rannveigu og vandamálið var alltaf hið sama: Skortur á nothæfum leikritum. Á stjórnarfundum í júní 1940 skýrði Rannveig svo frá að hún hefði undanfarið rekið leikritamiðlun fyrir ungmennafélögin og að mestu á eigin reikning. Hafði hún úr þremur leikritum að móða og útbýtti þeim til félaganna til skiptis. Henni var falið að halda þessari starfsemi áfram en nú í nafni UMFÍ. Þetta var upphafið að svokölluðu „Leikritasafni UMFÍ“ sem var við lýði áratugum saman.<sup>129</sup>

Í *Skinfaxa* árið 1941 er sagt frá því að leikritasafnið hafi verið mikið notað að undanförunu en þó skín í gegn sú staðreynd að safnið var ennþá lítið og fábreytt. Höfundur greinarinnar, sem væntanlega er Rannveig, kann ráð við því:

Ættu nú ungmennafélagar, meyjar og menn, að taka sig til og semja leikrit úr daglegu lífi, þjóðsögum o.s.frv., og senda sambandsstjórn þau. Mun hún svo gefa út fjölrítuð þau, sem nothæf reynast.<sup>130</sup>

Ekki kunnum við frá að segja hvort íslenskir andans menn tóku þessari áskorun *Skinfaxa* og

sömdu beinlínis leikrit fyrir ungmennafélögin en svo mikið er víst að í bréfi sem Rannveig sendi félögunum í nafni UMFÍ árið 1948 voru talin upp tíu leikrit í safni UMFÍ og voru þau öll þýddir gamanleikir.<sup>131</sup>

Heldur fór að rætast úr um miðja öldina og þá sýndu mörg ungmennafélög vinsæl stykki eftir íslenska höfunda svo sem *Hreppstjórnann á Hraunhamri* og *Seðlaskipti og ástir* eftir Loft Guðmundsson, *Bilaða bekki* og *Hjónaband og buxnaleysi* eftir Þorstein Jósepsson að ógleymdum leikverkum eftir óþekkta höfunda eins og *Landa-brugg og ást*, *Leynimel 13*, *Kox og Box*, *Allt með hraði* og *Orrustuna á Hálogalandi* svo nokkur séu nefnd af handahófi. Þá voru til dæmis verk eftir erlendu háðfuglana Arnold og Bach geysivinsæl, verk eins og *Spanskflugan*, *Saklausí svallarinn* og *Húrra krakki*. Óteljandi leikhúsgestir hafa tárast af kæti yfir mörgum þessara verka og til þess var leikurinn gerður. Þegar fram liðu stundir var einnig farið að leika alvarlegri verk og farsarnir hvíldir.

Sem fyrr segir stóð Ungmennafélagið Tindastóll á Sauðárkróki fyrir leiklistinni á staðnum um 30 ára skeið þegar leikfélagið lagði upp laupana. Árið 1941 var aftur stofnað leikfélag á Sauðárkróki sem hefur síðan séð um hið andlega fóður leiklistarþyrstra Sauðkrækinga.<sup>132</sup> Reyndar hefur ungmennafélagið einstaka sinnum sett upp leiksýningar síðustu áratugina og þá yfirleitt í samráði við leikfélagið en ekki í samkeppni við



*Leikdeild Ungmennafélags Stafholtstungna setti upp gleðileikinn Nakin kona og önnur í pels árið 1977. Heimspékilegir götusóparar ásamt gleðimanni ræðast hér við á sviðinu.*

það. Oft rann leiklistin í þann farveg á þéttbýlli stöðum að stofnuð voru leikfélög sem tóku yfir leikstarfsemina. Annars staðar sáu ungmennafélögin um leiklistina og sumstaðar voru stofnaðar sérstakar leikdeildir við ungmennafélögin.

Rannveig Þorsteinsdóttir gekk úr stjórn UMFÍ árið 1940 en hélt áfram að sinna erindum ungmennafélaga um leikritasafnið allt til 1957. Þá var safnið orðið úr sér gengið svo ákveðið var að leggja starfsemina niður um sinn. Áhugasömum félögum var bent á Bandalag íslenskra leikfélaga (BÍL) sem stofnað var árið 1950. BÍL voru samtök áhugamannaleikfélaga víðs vegar um landið og UMFÍ beitti sér fyrir því að það lánaði ungmennafélögum leikrit með sömu kjörum og leikfélögunum.<sup>133</sup>

Árið 1960 bauðst Ólafur Gunnarsson sálfræðingur, mikill áhugamaður um leiklist, til að skrifa leikdóma í *Skinfaxa*. Ritstjórinn, Guðmundur G. Hagalín rithöfundur, tók þessu fegins hendi og leiddi fyrstu leikdómanna úr hlaði með þessum orðum:

Mörg ungmennafélög hafa spreytt sig á að æfa leiksýningar, og er það verkefni, sem

er mjög æskilegt, ef leikritin eru ekki mjög léleg. ... *Skinfaxi* hefur því ákveðið að flytja framvegis leikdóma – og þá eingöngu um þau leikrit, sem eru í senn vel gerð og alþýðleg, krefjast ekki dýrari eða meiri sviðsbúnaðar en aðstæður leyfa í félagsheimilum og öðrum meiri háttar samkomuhúsum utan Reykjavíkur og eru þess vegna líklegt verkefni handa leikflokkum ungmennafélaga.<sup>134</sup>

Leikdómar Ólafs um sýningar stóru leikhúsanna í höfuðstaðnum birtust næstu árin í *Skinfaxa* ásamt vinsamlegum ábendingum um að þau myndu henta vel til sýninga á landsbyggðinni.

Á þingum UMFÍ 1967 og 1969 er þess getið að lög um stuðning stjórnvalda við leikstarfsemi áhugamanna séu tímabær liðsauki og leikflokkar ungmennafélaganna séu farnir að ferðast um landið með leikverk sín.<sup>135</sup> Skömmu síðar var rykið dustað af leikritasafni UMFÍ og það aukið og endurbætt félögunum til afnota. Hér var fyrst og fremst um að ræða stutta gamanþætti til að nota á fundum og skemmtunum félaga og skóla. Þetta nýja leikritasafn var talsvert notað um árabíl



Árið 1972 settu Hrunamenn upp leikritið *Tannhvöss tengdamamma* og hér eru leikarar í hlutverkum sínum.

og í sögu UMFÍ frá 1982 eru skráðir 85 þættir sem búið var að vélrita og tímasetja félögunum til afnota.<sup>136</sup>

Fjöldmörg ungmennafélög eiga langa og mikla leiksögu að baki og í mörgum þeirra þótti sjálfsgat mál að koma því sem næst árlega upp leikriti til sýninga. Án nokkurs vafa er Ungmennafélag Hrunamanna eitt af þeim afkastamestu á sviði leiklistarinnar. Árið 2006 tóku tvær af helstu leikkonum félagsins, þær Sigurbjörg Hreiðarsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir, sig til og gáfu út ritið *Á fjölnunum* þar sem rakin er leiksaga félagsins og þar kennir ýmissa grasa. Á 92 árum félagsins á 20. öld hafa verið tekin til sýninga hvorki meira né minna en 105 leikrit. Sum þeirra hafa verið litlir þættir en önnur hafa verið metnaðarfull verk með fjölda leikara sem jafnast á við það sem stórleikhús höfuðborgarinnar hafa sett á svið.

Félagið hóf leiksýningar í Þinghúsinu í Hruna árið 1910 en salur þess var aðeins 32 fermetrar. Í öðrum enda hússins var raðað upp bekkjum og á þá voru lagðir flekar. Þá var komið leiksvið.

En vegna þess að áhorfendabekkirir höfðu fengið nýtt hlutverk urðu flestir leikhús-

gestir að standa upp á endann meðan á sýningu stóð en börnin sátu á gólfinu. ... Þegar til sýninga kom þurfti að lýsa upp sviðið og til þess voru notaðar luktir, lampar og kerti, því þetta var löngu áður en rafmagn kom til sögunnar. Af þessu stafaði mikil eldhætta á þröngu sviðinu, eins og nærri má geta, en alltaf var traustur maður til staðar sem fylgdist með ljósunum. Ljósamaður þeirra tíma! Sem betur fór kviknaði aldrei í á leiksýningu.<sup>137</sup>

Húsið var langtum of lítið nema fyrir smæstu leikþætti, en þó voru sett þar upp verk á borð við og *Mann og konu* árið 1912 í leikgerð Gísla Guðmundssonar kennara á staðnum. Árið 1929 vánk-

aðist hagur því þá var byggt nýtt samkomuhús við barnaskólann á Flúðum. Þar var 66 fermetra salur og 18 fermetra svið og þótti gott. Á þessu leiksviði börðust menn Torfa í Klofa við sveina *Lénharðs fógeta* í samnefndu leikriti Einars H. Kvarans árin 1934 og 1936. Heimamenn létu sig ekki muna um að semja leikritin sjálfir ef því var að skipta. Einn helsti forgöngumaður leiklistar í félaginu, Emil Ásgeirsson í Gröf, setti saman fjölda leikrita, þar á meðal *Hneykslið á Hótel Ölfusá* sem tvívegis var sett á svið við miklar vinsældir. Það var svo árið 1958 að rættust stærstu draumar þeirra sem tóku þátt í leikstarfi hjá Hrunamönnum þessi árin. Þá var flutt í nýtt félagsheimili með 90 fermetra leiksviði og 250 fermetra áhorfendasal.<sup>138</sup>

Á þeirri stundu fannst víst flestum sem höfðu gengið í gegn um fyrri stig á leiklistarbrautinni, að þeir hlytu að vera komnir á leiðarenda og nú yrði ekki komist öllu lengra í fullkomnun aðstöðunnar. En allt er hverfult í þessum heimi. Það er orðið þó nokkuð langt síðan að þarna þykir flestu ábótavant.<sup>139</sup>



Seinna var byggt við félagsheimilið og aðstaðan betrubætt svo hægt var að taka enn viðameiri verk til sýningar. Þessi vegferð Hrunamanna frá litlu timburhúsi yfir í stóra steinhöll er þróunar-saga aðstöðunnar í ungmennafélagshúsunum í hnotskurn. Leiklistin dró dóm af aðstöðum og leikritin fóru stækkandi með veglegri húsum. Nú hefur þeim ungmennafélögum fækkað mjög sem bera það við að setja upp leiksýningar. Sums staðar hafa fleiri en eitt félag sameinast í leiklistinni og enn í dag leggja furðu margir ungmennafélagar á sig það erfiða en þakkláta hlutskipti að æfa og leika leikrit fyrir sveitunga sína og nágranna.

## Sumarbúðir

Verkefni ungmennafélaganna taka stöðugum breytingum í árunna rás. Ný viðfangsefni skjóta upp kollinum og hugmyndaríkir forystumenn brydda upp á nýjungum sem hljóta brautargengi. Það mun hafa verið Héraðssamband Vestur-Ísafirðinga sem fyrst allra sambanda UMFÍ hóf skipulega sumarbúðastarfsemi fyrir börn og unglina. Frumkvöðullinn var Sigurður R. Guðmundsson sem þá var formaður HVÍ en jafnframt íþróttakennari við héraðsskólann á Núpi í Dýrafirði árin 1956-1965. Sumarbúðirnar þróuðust upp úr

sundnámskeiðum sem Sigurður hélt á sumrin á Núpi. Fljótlega varð aðsókn svo mikil að hann fékk annan kennara sér til aðstoðar sem kenndi einum hópnunum frjálsíþróttir og fimleika meðan annar hópur var í sundlauginni. Þá var ákveðið að stíga skrefið til fulls og gera námskeiðið að sumarbúðum.<sup>140</sup>

Fyrstu sumarbúðirnar voru vikulangt námskeið sem haldið var á Núpi 1-10. júlí 1959 og voru þátttakendur unglingar 13-16 ára gamlir. Í sumarbúðunum voru stundaðar frjálsíþróttir, fimleikar, knattleikar og sund. Kvöldvökur voru á hverju kvöldi og þá voru flutt erindi og gamanþættir, sungið og dansað og sýndar kvikmyndir. Lokaatriði sumarbúðanna var fimleikasýning þátttakenda sem fór fram á héraðsmóti HVÍ hverju sinni. Valdimar Örnólfsson íþróttakennari, starfsmaður námskeiðanna, hafði þetta um búðirnar að segja:



*Sigurður R. Guðmundsson var frumkvöðull að sumarbúðastarfi á vegum HVÍ árin 1956 til 1965.*



*Frá sumarbúðum UMSE að Laugalandi árið 1964. Fáninn dreginn að húni.*

Það var sannarlega ánægjulegt að sjá framfarir unglínganna í íþróttum, en undursamlegri var þó breytingin sem varð á sumum þeirra. Úr feimnum og óframfernum börnum í frjálsmannlega unglina.<sup>141</sup>

HVÍ hélt þessari starfsemi áfram árum saman og hún spurðist vel út innan hreyfingarinnar. Á þingi UMFÍ árið 1963 var samþykkt tillaga um að haldnar verði sumarbúðir hjá hverju héraðssambandi í júnímánuði og og þeim raðað þannig upp að sömu úrvalskennarar



starfi á sem flestum stöðum.<sup>142</sup> Strax í apríl árið eftir leituðu tvö héraðssambönd eftir aðstoð við sumarbúðahald sem samþykkt var að afgangi „á þann veg sem best er“ en ekki kom fram í fundargerð hver sá vegur var.<sup>143</sup> Það var hinsvegar Ungmennasamband Eyjafjarðar sem fyrst lét sér til hugar koma að biðja UMFÍ um að styrkja þessa

starfsemi. UMSE hélt sumarþingi á Laugalandi vorið 1964, sendi kostnaðarreikning til UMFÍ um haustið og óskaði eftir styrk. Þetta virtist koma flutt upp á stjórnina sem tók sér frest til að skoða málið.<sup>144</sup> Í febrúar árið eftir samþykktu síðan stjórnarmenn að greiða fjórum héraðssamböndum styrk upp í rekstrarhalla þeirra af sumarþingi

## Atorkumaðurinn Daníel Ágústínusson

Daníel Ágústínusson (1913-1996) var fæddur og uppalinn á Eyrarbakka. Hann lauk prófi frá Héraðsskólanum á Laugarvatni 1934, settist í 2. bekk Kennaraskólans um haustið og lauk þaðan kennaraprófi vorið 1936. Strax það haust gerðist hann kennari við skólann á Núpi í Dýrafirði um eins árs skeið og leysti þar af hólmi Eirík J. Eiríksson sem var að afla sér framhaldsmenntunar erlendis. Þeir Eiríkur höfðu báðir frá barnæsku starfað í Ungmennafélagi Eyrarbakka undir handleiðslu hins merka leiðtoga Aðalsteins Sigmundssonar og bundist vináttuböndum. Þaðan lá leið Daníels til Stykkishólms, þar sem hann var kennari 1937-1939, og síðan til Reykjavíkur þar sem hann söðlaði um og gerðist erindreki Framsóknarflokksins 1939-1947. Þá sneri hann sér aftur að kennslu og kenndi við Gagnfræðaskóla Austurbæjar árin 1947-1954. Aftur gekk hann á vit stjórnmalanna og nú ventu hann sínu kvæði í kross, fluttist til Akraness og gerðist þar bæjarstjóri. Hann var bæjarstjóri árin 1954-1960 en eftir það aðalbókari og gjaldkeri hjá bæjarfógeta á Akranesi til starfsloka 1984. Í bæjarstjórn Akraness sat hann í tvo áratugi frá 1962-1982.

Daníel var atorkumill dugnaðarforkur með sterkar hugsjónir og fylgdi þeim fram af mikilli ósérhlífni. Ungur varð hann formaður Sambands bindindisfélaga í skólum og snemma var hann kallaður til starfa á vegum ungmennafélaganna. Daníel var aðeins tvítugur að aldri þegar hann var kjörinn ritari UMFÍ árið 1933 og þeirri stöðu gegndi hann allt til 1957 eða í tæpan aldarfjórðung. Fyrst sat hann þar undir stjórn læriföður síns af Eyrarbakka, Aðalsteins Sigmundssonar, og síðar með æskuvini sínum, Eiríki J. Eiríkssyni. Eiríkur var talsvert bundinn yfir skólastjórn á Núpi og átti óhægt um vik að skreppa til Reykjavíkur. Reyndar svo mjög að oft liðu heilu árin milli þess að formaðurinn mætti á stjórnarfundum UMFÍ. Oftar en ekki söknuðu menn einnig gjaldkerans. Þetta leiddi til þess að Daníel varð um langa hríð burðarásinn í stjórn UMFÍ og stundum bæði formaður, gjaldkeri og ritari í senn.

Árið 1941 gerðist hann starfsmaður UMFÍ í hlutastarfi og tíu árum síðar var hann loks titlaður framkvæmdastjóri hreyfingarinnar. Í þeim stóli sat hann til 1954. Á þingum UMFÍ var Daníel yfirleitt sá sem flutti skýrslu stjórnarinnar og hann starfaði manna mest í stjórninni að undirbúningi landsmótanna. Reyndar var það Daníel sem tók af skarið ásamt Þorsteini Einarssyni þegar Austfirðingar heykust á að halda landsmót 1949 sökum ótíðar og undirbjó nýjan mótstaða í Hveragerði á metttíma. Þar komu eiginleikar Daníels vel í ljós. Hann var kraftmikill, skapandi og ráðrikur maður sem naut þess að takast á við erfið verkefni og sigrast á þeim.

Hann kvæntist árið 1942 Önnu Erlendsdóttur frá Odda á Rangárvöllum og þau eignuðust tvö börn. Þau bjuggu saman í meira en 50 ár og á heimili þeirra réð gestrisnin ríkjum. Daníel og Anna voru samrýmd hjón og höfðu mikið yndi af ferðalögum, jafnt um héruð landsins og til sólarstranda.

Daníel var að eðlisfari glaðlyndur maður og afar fróður um menn og málefni. Mikill ræðuskörungur, rökfastur og rökfimur. Hann átti það til að vera óvæginn og jafnvel illskeyttur þegar hann varði hugsjónir sínar og áhugamál. Hann stóð lengi í eldlínu stjórnmalanna og var varapeningamaður Framsóknarflokksins í 19 ár. Bæði andstæðinga og samherja sveið undan ádreppum hans þegar hann sagði þeim til syndanna. Líklega var það ástæðan fyrir því að hann náði ekki kjöri til Alþingis á sínum tíma. Hann sat í óteljandi pólitískum nefndum og ráðum, oft áratugum saman. Hann var fulltrúi UMFÍ í þriggja manna Íþróttanefnd ríkisins árin 1943-1975 og barðist af alefli fyrir eflingu bæði Félagsheimiliasjóds og Íþróttasjóds sem hún hafði með höndum. Allt var það ólaunað eins og flest hans störf fyrir hreyfinguna. Daníel var sæmdur gullmerki UMFÍ 1972.



*Daníel Ágústínusson ritari UMFÍ 1933 til 1957 og starfsmaður samtakanna 1941 til 1954.*

sumarið 1964. Þetta voru HVÍ, HSP, UMSE og HSS og USVH sameiginlega. Upphæðirnar voru frá 800 krónum upp í 5.500 krónur en síðarnefnda upphæðin nam næstum því mánaðarlaunum verkamanns á þeim tíma.<sup>145</sup>

Það var greinilega ekki fjárhagslegur gróðavegur að búa unglíngum skemmtilegan félagslegan vettvang og kenna þeim íþróttir. Það breytti engu um það að rekstur sumarþúða naut mikilla vinsælda innan héraðssambandanna á næstu árum. Í ársskýrslu UMFÍ árið 1969 er greinilegt að sumarþúðirnar eru komnar til að vera.

Starfræksla sumarþúða fyrir börn og unglínga er orðin fastur þáttur í starfsemi hjá mörgum hinna stærri héraðssambanda. Héraðssamböndin fá aðstöðu fyrir þessa starfrækslu í hinum myndarlegu heimavistarskólum héraðanna. ... Mest stund er lögð á íþróttir og hverskonar útilíf ásamt félagslegri uppfræðslu á ýmsum sviðum. ... Sumarþúðastarfið hefur verið styrkt fjárhagslega af Íþróttasjóði, ÍSÍ og UMFÍ.<sup>146</sup>

Þau héraðssambönd sem hlutu styrki árið 1969 voru Borgfirðingar, Eyfirðingar, Suður-Þingeyingar, Austfirðingar og Skarphéðinsmenn. Sjötti aðilinn sem sótti um styrk var Knattspyrnufélag Reykjavíkur „sem ekki kemur til greina varðandi styrk frá UMFÍ“ eins og segir í fundargerð sambandsins.<sup>147</sup> Þarna sem víðar kom fram tvískipting íþróttastarfsins milli ÍSÍ og UMFÍ. Væntanlega hefur ÍSÍ séð til þess að KR bæri ekki skarðan hlut frá borði. En sumarþúðastarf héraðssambandanna átti eftir að dafna vel um langa hríð.

## Sambandsráðsfundir

Þegar félögum tók að fjölga og UMFÍ að stækka á fimmta áratug síðustu aldar sáu stjórnarmenn í hendi sinni að þing á þriggja ára fresti dugðu



Frá sumarþúðum HVÍ árið 1979. Keppni í langstökki.

engan veginn til að hafa stjórn á hreyfingunni. Nú þurftu menn að hittast oftar og efla tengslin og þá kom fram hugmyndin um sambandsráð. Allt bendir til að Daníel Ágústínusson hafi átt hugmyndina en hann var maðurinn sem hélt starfsemi UMFÍ gangandi á þessum árum. Á þinginu á Hvanneyri 1943 var samþykkt lagabreyting á þá leið að að stjórn UMFÍ stýri málefnum sambandsins á milli þinga „í samráði við sambandsráð, sem skipað er formönnum héraðssambandanna og skal ráðið kallað saman svo oft sem þurfa þykir.“<sup>148</sup> Niðurstaðan varð sú að sambandsráðsfundir hafa verið haldnir öll þau ár sem þing hafa ekki verið haldin og reglulega annað hvert ár frá 1954. Frá þeim tíma var einnig farið að halda þing UMFÍ annað hvert ár og síðan hefur sú regla gilt að þing eru haldin á oddatölu árána en sambandsráðsfundir á jafnri tölu.

Fyrsti sambandsráðsfundurinn var haldinn í Alþingishúsinu í Reykjavík 24-25. júní árið 1944. Hann stóð fyllilega undir væntingum. Þar var mótuð sú framkvæmd sem síðan hefur verið á slíkum fundum: Stjórnin flutti skýrslu og menn ræddust við um málefni dagsins. Þá var samþykkt og ályktað um það sem var efst á baugi hverju sinni. Þarna hittust helstu forystumenn hreyfingarinnar og réðu ráðum sínum um hvað betur mætti fara. Fyrstu fundirnir voru ekki fjölmennar samkomur eins og sjá má í samantekt um fundina síðar í þessari bók. Lengi vel voru sambandsaðilar sem mættu á fundina sjö til níu talsins. Þá var einn fulltrúi frá hverjum aðila en stjórnarmenn og



Frá sambandsráðsfundi UMFÍ í Reykjavík haustið 1948. Fremri röð frá vinstri: Haukur Jörundsson UMSB, Grímur Norðdahl meðstjórnandi, Gísli Andrésson UMSK, Eiríkur J. Eiríksson formaður, Daniel Ágústínusson ritari, Sigurður Greipsson HSK. Aftari röð frá vinstri: Jón Sigurðsson HSB, Guðmundur Jónasson USAH, Kristján Benediktsson USD, Stefán Júlíusson ritstjóri, Steinþór Magnússon UÍA, Bjarni Andrésson HSH, Halldór Kristjánsson HSV og Stefán Runólfsson Umf.R.

gestir voru svipaður hópur að fjölda. Til fróðleiks hefur sá hópur einnig verið talinn fram í samantektinni undir liðnum „aðrir.“ Eðli málsins samkvæmt hafa sambandsráðsfundir aldrei verið sérstaklega fjölmennar samkomur en gegnt því nauðsynlega hlutverki að styrkja tengslin í hreyfingunni.

Það hefur komið í ljós að sambandsráðsfundir UMFÍ eru oftaldir um einn og fundurinn árið 2006 var því númer 34 en ekki 35 eins og talið hefur verið. Ritara sjöunda fundarins árið 1953 varð á í messunni og taldi hann vera áttunda fundinn. Hér var þó um talnaglöggan mann að ræða, Valdimar Óskarsson, síðar gjaldkera UMFÍ. Hér sem víðar kemur á daginn að menn gera lítið að því að grandskoða gamlar fundargerðir því annars hefði þetta vísast verið leiðrétt fyrir löngu.

## Þingin 1938-1969

Sem fyrr sagði var Eiríkur J. Eiríksson kjörinn formaður UMFÍ á þingi þess 1938. Þinggerðin var gefin út fjölrítuð eins og flestar þinggerðir allt frá 1927. Þinggerðir voru ekki sérprentaðar allan starfstíma séra Eiríks fram til 1969 en útdrættir þeirra voru birtir í *Skinfaxa*. Á öllum þessum þingum voru samþykktar merkar ályktanir og tillögur. Til að gefa nasasjón af því sem bar á góma er hér á eftir lítið á lítið brot þingmálanna.

Árið 1940 þegar landsmótin voru endurvakin með mótinu í Haukadal var tekinn upp sá siður að halda þingin á keppnisstöðum landsmótanna. Þá fór þingið fram dagana á undan landsmótinu og stundum voru keppendur skikkaðir til þingsetu sem fulltrúar þó þeir hefðu sjálfsagt fremur viljað

liðka sig úti á íþróttavellinum. Á Haukadalsþinginu var talsvert rætt um hvernig ungmennafélögin gætu hagnýtt sér hin nýju Íþróttalög. Þar var lýst yfir ánægju með þá ráðstöfun ungmennafélaganna að ráða sér farkennara í íþróttum og einnig var því slegið föstu að halda landsmót UMFÍ ekki sjaldnar en fjórða hvert ár.<sup>149</sup>

Á þinginu á Hvanneyri 1943 var mönnum sjálfstæðismálið ofarlega í huga og gerðu það að tillögu sinni að 17. júní yrði gerður að þjóðhátíðardegi Íslendinga. Það gekk eftir eins og kunnugt er. Þingfulltrúar glöddust yfir aukinni íþróttastarfsemi og sendu Hermanni Jónassyni ráðherra og millipinganevnd í íþróttamálum þakkir fyrir setningu Íþróttalaganna.<sup>150</sup>

Á þinginu á Laugum 1946 var samþykkt áskorun til héraðssambanda að þau stofni til héraðslögreglu sem haldi uppi reglu á skemmtisamkomum í sveitum og þorpum. Greinilega þótti mönnum þörf á að taka í lurginn á friðarspillum á sveitaböllunum. Þingið fagnaði lýðveldisstofnuninni en leit svo á að skilnaði þjóðanna væri ekki að fullu lokið fyrr en Danir hefðu skilað eignum Íslendinga úr dönskum söfnum. Hér var verið að vísa til handritanna og gripa í danska þjóðminjasafninu. Þingið stóð yfir fimmtudag og föstudag landsmótshelgina en síðasti fundur þess var haldinn á laugardagskvöldið undir berum himni. Dagskráratríði voru tvö. Í fyrsta lagi tillaga stjórnar um að kjósa Björn Jakobsson, skólastjóra á Laugarvatni, heiðursfélaga UMFÍ og í öðru lagi þingslit. Flestir fundir þingsins hófust og enduðu með söng.<sup>151</sup>

Þingið í Hveragerði 1949 lýsti yfir ánægju sinni með stofnun Félagsheimilásjóðs og taldi þau réttilega marka tímamót í húsbyggingarmálum ungmennafélaganna. Skorað var á ungmennafélögin að vanda sem best til dagskrár á samkomum sínum og var í því sambandi sérstaklega bent á leiklist, kvikmyndir, söng, vikivaka og fyrirlestra. Hér var lögð áhersla á menningargildið en hvergi var minnst á vinsælustu skemmtunina, dansinn.<sup>152</sup>

Á þinginu á Eiðum 1952 var talsvert rætt um starfsíþróttir sem þá höfðu vakið talsverða athygli og voru reyndar meðal keppnisgreina á mótinu þar í fyrsta sinn. Samþykkt var að þær yrðu hér eftir fastur liður á landsmótum UMFÍ. Bindindismál voru fastur liður á þingunum og fylgdu þeim fram miklir baráttumenn á borð við Halldór Krist-


jánsson á Kirkjubóli, bróðir Guðmundar Inga skálds. Vonir Halldórs um nýja þjóðaratkvæðagreiðslu um áfengisbann voru þá teknar að dvína en hann fékk samþykka tillögu um „að bindindismálin hljóti að vera eitt af meginatriðunum í stefnu og starfi ungmennafélaganna.“ Þá var fagnað hinu nývaknaða norræna samstarfi og heitið á íslenska ungmennafélaga að fjölmenna á fyrirhugaða norræna æskulýðsviku sem haldin yrði innan tveggja ára hérlendis.<sup>153</sup>

Þingið á Akureyri 1955 lét sig hverskonar menningarmál miklu skipta. Bent var á þann vanda sem hersetan skapaði fyrir atvinnuþróun „þar sem óarðbærar framkvæmdir soga til sín í æ vaxandi mæli vinnuafl hinna dreifðu byggða og koma um of í veg fyrir uppbyggingu heima fyrir.“ Skorað var á ungmennafélög í byggðarlögum þar sem enn voru farskólar að vinna ötullega að því að í stað þeirra komi heimavistaraskólar. Þá var bent á þá uppeldislegu og menningarlegu hættu sem stafaði af útgáfu sorprita og hvatt til samningar kennslubókar í Íslandssögu eftir 1874.<sup>154</sup>

Afmælisþingið 1957 var haldið á Þingvöllum samhliða landsmótinu. Þar var margt háttsettra gesta bæði innlendra og erlendra. Þar var samþykkt að stefna að stofnun félagsmálaskóla á vegum ungmennafélaganna. Sú hugmynd komst í framkvæmd árið 1970 með Félagsmálaskóla UMFÍ. Þá voru fimm af sex stofnendum UMFÍ gerðir að heiðursfélögum. Þetta voru Jóhannes Jósefsson, Bernharð Stefánsson, Guðbrandur Magnússon, Helgi Valtýsson og Jón Helgason. Sá sjötti, Guðmundur Guðlaugsson, var látinn. Einnig var Anders Skásheim, bankastjóri frá Sogni í Noregi, gerður að heiðursfélaga.<sup>155</sup>

Árið 1959 var þing UMFÍ í fyrsta sinn frá 1940 haldið án þess að landsmót færi fram samtímis. Það stafaði af þeirri nýju reglu að halda þingin á tveggja ára fresti. Þingið var haldið í Reykjavík og var fremur fámennt. Því ollu hinir miklu óþurrkar um sveitir landsins um sumarið en þingið var haldið að hausti. Gestir voru á hinn bóginn margir og tóku sumir þeirra virkan þátt í þinginu. Helsta umræðuefni þingsins voru hin fjölmörgu nýbyggðu félagsheimili ungmennafélaganna. Þingið beindi þeirri áskorun til Alþingis að efla Félagsheimilásjóð með tilliti til mikillar fjölgunar félagsheimila og einnig var óskað eftir stuðningi við menningarstarfsemi félagsheimilanna. Þetta rættist síðar með stofnun Menningarsjóðs félags-





*Fulltrúar og gestir á sambandsráðsfundi UMFÍ sem haldinn var í Reykjavík haustið 1958. Talið frá vinstri: Stefán Runólfsson Umf.R, Þóroddur Jóhannsson UMSE, Ármann Pétursson meðstjórnandi, Sigurður Greipsson HSK, Stefán Ólafur Jónsson gjaldkeri, Skúli Þorsteinsson ritari, Hákon Guðmundsson Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Gísli H. Kolbeins USVH, Eiríkur J. Eiríksson formaður, Gísli Andrússon varaformaður, Snorri Arnfinnsson USAH, Sigurður R. Guðmundsson HSV, Guðjón Ingimundarson UMSS, Óskar Ágústsson HSP og Þórður J. Pálsson skógarvörður Prastaskógar.*

heimilanna sem styrkti margskonar starfsemi þeirra. Þá var lýst yfir ánægju með starf héraðslögreglunnar víða um land og skorað á yfirvöld að ljúka við að koma henni á fót í öllum héruðum landsins.<sup>156</sup>

Þingið 1961 var einnig haldið í Reykjavík að haustlagi. Þar var meðal annars rætt um skógræktarmál. Skúli Þorsteinsson framkvæmdastjóri UMFÍ lagði áherslu á að hvert ungmennafélag og héraðssamband ætti sinn skógarreit. Þingið lýsti yfir ánægju sinni yfir fyrirhuguðum framkvæmdum í Prastaskógi, svo sem gerð leikvangs. Þessu mótmæltu Borgfirðingar og töldu að þar ætti fremur að vera hvíldar- og gríðastaður. Sigurður Greipsson í Haukadál minnti á hinn dýrmæta menningararf fornþekkingar og lagði til að þess yrði farið á leit við menntamálaráðherra að hann beitti sér fyrir kvikmyndun fornþekkingar. Þá var lagt til að ríkisstjórnin beitti sér fyrir vegabréfaskyldu allra 16 ára og eldri til að koma í veg fyrir svindl við áfengis kaup og dansleiki.<sup>157</sup> Þetta komst í framkvæmd nokkru síðar með svokölluðum nafnskírteinum sem unglíngum var úthlutað við misjafnar vinsældir.

Þingið 1963 var haldið á Hótel Sögu í Reykjavík. Eftir þingsetningu var þingfulltrúum og gestum boðið á landsleik í knattspyrnu milli Breta

og Íslendinga á Laugardalsvelli. Þingmenn horfðu upp á íslenska landsliðið bíða mesta ósigur sinn til þessa, 0-6, og sneru síðan aftur til þingstarfa.<sup>158</sup> Þar voru héraðssamböndin hvött til að gangast fyrir íþróttamótum yngri aldersflokka 12-15 ára. Skemmst er frá því að segja að unglíngamót héraðssambandanna hófu göngu sína um líkt leyti og urðu íþróttunum lyftistöng eins og nærri má geta. Að vanda voru keppnisgreinar næsta landsmóts valdar og farið vandlega yfir framkvæmd þeirra. Þá var hugað að fögru samlífi hjóna með því að hvetja kirkju og æskulýðssamtök til að gefa út rit fyrir ungt fólk sem hugsaði til hjúskapar. Einnig var áréttað að heimilið sé grundvöllur þjóðfélagsins og brýnt fyrir aðilum að leggja rækt við það.<sup>159</sup>

Þingið á Laugarvatni 1965 var síðasta ársþing UMFÍ sem haldið var samhliða landsmóti. Það hentaði ekki lengur að tengja þessa tvo stóratburði saman. Landsmótið voru að stækka og þau voru í brennipunkti atburðanna. Þingin áttu á hættu að lenda utangarðs og eina leiðin var að skilja þarna á milli. Mikil áhersla var á íþróttamál á þinginu sem vænta mátti og margar tillögur fluttar um eflingu Íþróttakennaraskólans á staðnum. Þá voru sjálfstæðismálin aldrei langt undan því þingið taldi „núverandi ástand í sjónvarpsmálum óvið-



*Merki UMFÍ hafa tekið breytingum í gegnum tíðina. Hér koma þau í aldursröð. Efst til vinstri er elsta merkið það næst elsta við hlið þess og síðan koll af kalli þar til komið er að núverandi merki lengst til hægri í neðri röð. Frumgerð þess fyrir miðju í neðri röð kom til sögunnar árið 1957.*

unandi og íslenskrri þjóðmenningu til mikils vansa.<sup>160</sup> Hér var skírskotað til þess að Íslendingar áttu enga sjónvarpsstöð og eina sjónvarpið sem þeim stóð til boða var sjónvarp ameríska hersins á Miðnesheiði. Þetta breyttist til batnaðar strax árið eftir þegar íslenska sjónvarpið tók til starfa.

Sextíu ára afmælisþing UMFÍ var haldið á Þingvöllum 1967. Helsta nýmæli þingsins var landgræðslustarfið sem Jóhannes Sigmundsson, formaður Skarphéðins, kynnti. Þetta var upphafið að öflugu landgræðsluátaki UMFÍ og ungmennafélaganna um land allt á næstu árum. Stefán Jasonarson, formaður Þrastaskógarnefndar, kynnti hugmyndir nefndarinnar um endurreisn skógarins. Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands sýndi UMFÍ þann heiður að heimsækja þingið ásamt fleiri gestum.<sup>161</sup>

Á þingi UMFÍ á Laugum í Reykjadal 1969 bar það langhelst til tíðinda að Eiríkur J. Eiríksson sté upp úr formannsstóli eftir 31 árs setu og ritari UMFÍ, Hafsteinn Þorvaldsson, tók við stjórnartaumunum. Við það tækifæri voru séra Eiríkur og

Sigurður Greipsson gerðir að heiðursfélögum. Á þinginu blésu ferskir vindar og auðfundið var að ungmennafélagar ætluðu sér að hefja sókn eftir kyrrstöðu síðustu ára. Þar voru lögð fram drög að reglum um heiðursviðurkenningar UMFÍ. Hér var rætt um starfsmerki, gullmerki og heiðursfélaga en engar sérstakar reglur höfðu gilt um það síðastnefnda og þau fyrrnefndu voru nýmæli. Þingið samþykkti ennfremur tillögur um að UMFÍ réði sér framkvæmdastjóra og hefði opna skrifstofu.<sup>162</sup> Þetta kom til framkvæmda þegar á næsta ári og var mikill vendipunktur í starfi UMFÍ.

## Skýrslur UMFÍ

Skýrslur teljast yfirleitt ekki til skemmtiefnis en í þeim er fölginn mikill fróðleikur. Stór hluti þeirra staðreynda sem dregnar eru fram í þessari bók er fenginn úr skýrslum UMFÍ. Handskrifaðar gjörðabækur funda og þinga eru auðvitað ekkert annað en skýrslur þótt flestir sjái fyrir sér prentuð rit þegar slíkir gripir eru annars vegar. Þá eru árs-



Hópur keppenda og gesta á landsmóti UMFÍ á Akureyri árið 1955 staddir við sundlauginu á Akureyri.

skýrslur héraðssambanda og einstakra ungmennafélaga mikil fróðleiksnáma allt frá því þær fóru að tíðkast á sjöunda áratugnum.

Fyrstu prentuðu skýrslur UMFÍ eru þinggerðir sem gefnar voru út árin 1924-1938 að undanskildu árinu 1930. Prentun þinggerða féll svo niður allt til 1967 að vélritað handrit leit dagsins ljós. Þinggerðir í innbundnu hefti hafa komið út allt frá 1971 og fundargerðir sambandsráðsfunda frá 1970. Þinggerðir og fundargerðir hafa verið skráðar samviskusamlega í þykkar gjörðabækur og útdrættir þeirra hafa jafnan birst í *Skinfaxa*.

Á þingunum flutti formaður UMFÍ skýrslu sambandsins sem var yfirlit um framkvæmdir og atburði liðsins tímabils. Þessar skýrslur er hvergi að finna fyrir fyrstu árin og þinggerðir þegja þunnu hljóði. En árið 1937 var farið að vélrita skýrslur um starfsemi UMFÍ og fjölríta þær í nokkrum eintökum. Þeim var þó ekki dreift á þingum eða meðal félaganna heldur var skýrslan ætluð „hinu háa atvinnumálaráðuneyti“ og var fylgiskjal með árlegri styrkbeiðni UMFÍ til ríkisvaldsins. Þar var sagt frá helstu áherslum sambandsins og í fyrstu skýrslunni er til dæmis fjallað um stjórn, starfsmenn, tímarit, íþróttir, skógrækt, bindindi, atvinnumál, fyrirlestra, flugmál, friðarmál og fjármál.<sup>163</sup>

Tíu árum seinna höfðu bæst við málefni eins og héraðsmót, leikstarfsemi, söngkennsla, örnefna-skráning, fræðslumál og útvarpserindi. Þá voru skráð í skýrsluna öll sambönd og formenn þeirra

og einnig formenn allra ungmennafélaga á þeim tíma.<sup>164</sup>

Þar sem þessar skýrslur bárust ekki út til hreyfingarinnar tók stjórnin það til bragðs að festa helstu atriði þeirra á blað og senda sem dreifibréf til félaganna. Fyrsta dreifibréfið var sent út haustið 1940. Þar stappaði nýkjörinn formaður, Eiríkur J. Eiríksson, stálinu í ungmennafélaga og sagði meðal annars.

Hreyfingin hefur aldrei hvílt á svokölluðum leiðtogum þjóðarinnar. Þeir fundu ekki til þarfarinnar fyrir fyrsta ungmennafélagið.

Félagsskapurinn hefur síðar komið mönnum í valdasessinn en gagnrýnt þá þar og viljað enn trúri þjónustu þeirra við málefni æskunnar. Okkar hreyfing er ekki „tilbúin.“ Af því leiðir að hún er ekki skipulögð fyrirfram og því fálmkennd og dálítið hrjúf eins og hagablaðin íslensku. En hún er um leið lifandi eins og þau og hefur af ungu eðli sínu skapað nýja öld á Íslandi. Kollvarpað þröngsýnu embættismannavaldi og fætt af sér hugarfar sem gætt hefur meir hagsmuna bóndans og verkamannsins. ... Smáfaxinn lautagróðurinn hefir dafnað í nýjum blæ, hlýjum og frjóþrungnum.<sup>165</sup>

Árin 1955 til 1969 varð föst venja að senda slík dreifibréf til ungmennafélaganna samtímis eyðublöðum fyrir ársskýrslur þeirra. Þar var sagt frá því helsta í starfinu og vakin athygli á baráttumálum dagsins. Þetta voru fréttabréf síns tíma og forverar fréttabréfa sem hófu göngu sína víða um land á áttunda og níunda áratugnum hjá ungmennafélögum.

Á fimmta áratugnum var farið að gefa út skýrslu og reikninga sambandsins sérprentaða og allt frá 1961 hafa ársskýrslan og reikningarnir verið í A4-broti sem hentar vel til innbindingar. Sú tillhneiging að gera minna úr sambandsráðsfundum en ársþingum UMFÍ endurspeglast í því að sérprentaðar ársskýrslur fyrir fundina hófust





*Félagar í Ungmennafélaginu Önundi í Önundarfirði á fundi árið 1937. Í öftustu röð eru bræðurnir frá Kirkjubóli Halldór og Guðmundur Ingi Kristjánssynir og við hlið þeirra Gils Guðmundsson rithöfundur.*

ekki fyrr en 1966. Eftir það hefur árlega komið út skýrsla um störf og stefnu UMFÍ og þar er kortlagt hvaðeina sem segja má að skipti máli og sé frásagnarvert af vettvanginum. Fyrst í stað voru þetta fjölrituð hefti, lítið fyrir augað, en fljótlega fóru myndasiður að fylgja með. Nú eru ársskýrslur UMFÍ líkastar myndablöðum og þar er starfið sett fram í stuttum hnitmiðuðum texta en það verður að segjast að gömlu skýrslurnar voru til muna ýtarlegri.

## Starfið er margt

Margt er starfað í ungmennafélögum og ekkert félag getur talið allar þær stundir sem félagar þess leggja fram í leik og starfi. Enda ekki til þess ætlast. Fljótlega varð mönnum þó ljóst að til að átta sig á hinu sívirka starfi og umfangi þess var nauðsynlegt að skrásetja það og koma skýrslunum í hendur UMFÍ. Ekki hafa varðveist nema slittrur einar af skýrslum ungmennafélaga frá fyrstu áratugunum. Það stafar væntanlega af því að UMFÍ var þá á faraldsfæti og skorti fast aðsetur fyrir gögn sín og muni.

Nokkurn veginn heillegt skýrslusafn hefst ekki fyrr en með árinu 1937. Það ár skiluðu skýrslur 42 ungmennafélaga sér í hús en félögin innan

sambandsins voru þá um 70 talsins eða næstum helmingi fleiri. Ungmennafélög utan UMFÍ voru þá um 130 og félög alls um 200 svo að skýrslur eru varla til nema frá um fimmtugi félaganna allra. Skýringin á lélegum skilum er sú að sum félögin höfðu lagst í tímabundinn dvala og svo réð náttúrulega trassaskapur einhverju hér um. Það voru yfirleitt starfsömustu félögin sem vildu segja frá sínu góða starfi í skýrslu til UMFÍ.

Allt frá árinu 1912 höfðu félögin fengið sérstök prentuð eyðublöð frá UMFÍ til að skrásetja starfið og árið 1937 hafði eyðublaðið þróast í langan renning sem var haganlega brotinn saman í áttblöðung í brotinu A5. Þar var að finna reiti fyrir upplýsingar um félagið, fundi, skemmtanir, námskeið, íþróttir, ræktun, mannvirki og fjárhag. Athyglisvert þætti ef til vill núna að þá var meðal annars spurt um umræðuefni á fundum félagsins, ástand og horfur í bindindismálum og hvað félagið gerði fyrir yngstu félagana. Allt voru þetta og eru hin sigildu viðfangsefni ungmennafélaganna en hafa horfið úr skýrslunum með breyttum áherslum.

Til að gefa lítið sýnishorn af vettvangi dagsins árið 1937, við upphaf þess tímabils sem hér um ræðir má segja frá því að Þróttur á Vatnsleysuströnd hélt úti kvöldskóla fyrir unglinga í átta vikur og



þar var 17 nemendum kennd íslenska, skrift, reikningur og danska. Þá hafði orðið mikil framför í bindindismálum síðustu þrjú árin hjá félaginu. Afturelding í Mosfellssveit hafði kortlagt ástandið í bindindismálum af mikilli nákvæmni: 65 af hundraði félaganna voru fullkomnir bindindismenn. 20 af hundraði vantaði lítið á fulla einurð í þessu máli en 15 af hundraði var vogunarpeningur að mati formannsins. Hjá Unglingi í Geiraldshreppi var ástandið til fyrirmyndar því þar var „algert vínbindindi á félagssvæðinu.“



*Skáksveit unglunga í Ungmennafélagi Bessastaðahrepps sem sigraði í skákkeppni UMSK í Hlégarði árið 1956.*

Ungmennafélag Stafholtstungna var nokkuð dæmigert í samkomumálum. Félagið hélt fimm skemmtanir á árinu. Á einni var sýnt leikrit, á annarri var hlutavelta en á þremur samkomum var aðeins dans. Helsta samkoman þetta sumar á vegum Bifrastar í Önundarfirði var útiskemmtun við Þverá í Bjarnardal til að afla fjár fyrir væntanlegan heimavistaraskóla. Til skemmtunar var ræða, söngur, upplestur, íþróttir og dans. Samkomuna sóttu 300 manns. Hjá nágrönnunum í Mýrahreppi í Dýrafirði vann tóbaksbindindisflokkur félagsins 12 daga að vegagerð og lagði 70 metra langa bílfæra akbraut.

Hjá Von á Rauðasandi voru fundirnir líflegir og umræðuefni þeirra var meðal annars: Kreppa og sparsemi – Mismunur sveita- og kaupstaðalífs. – Hvers virði er gullið? – Hvað er sterkasta afl mannsins? – Ferðalög, skemmtanir og góðgerðastarfsemi. Geisli í Súðavík ákvað að koma til móts við æskuna með því að lækka aldurstakmarkið niður í 12 ára aldur en ekki var búið að ákveða hvað gera skyldi fyrir hina ungu féлага. Stjarnan í Saurbæjarhreppi keypti spunavél á móti kvenfélaginu til afnota fyrir hreppsúta og félagsmenn unnu í heyskap hjá fátækri ekkju í 18 daga. Félagar Árvakurs í Dyrhólahreppi iðkuðu box og fótbolta kennaralaust. Meira var haft við sunnið því það var kennt í viku og til þess fenginn sérstakur kennari.

Dagsbrúnarmenn í Landeyjum fengust við margt og héldu meðal annars fjölmennt íþróttamót

með nágrönnum sínum úr Fljótshlíð. Lokaorð skýrslunnar voru þó sérlega hógvær: „Við fátt fengist og lítið afrekað.“ Félagar í Samhygd í Gaulverjabæjarhreppi byggðu sundlaug í Irpholti ásamt nágrönnum í Vöku í Villingaholtshreppi, höfðu samskot handa félögum sem lágu á spítala og söfnuðu áskrifendum að minningarriti UMFÍ. Skeiðamenn voru íþróttalega sinnaðir. Þeir héldu innanfélagsmót í skautahlaupum og glímu og sigruðu í stigakeppni héraðsmótsins á Þjórsártúni. Liðsmenn Trausta í Vestur-Eyjafjöllum voru ekki síðri og héldu þrjú íþróttanámskeið á árinu. Fljótshlíðingar í Umf. Þórsmörk voru leikglaðir og sýndu tvö leikrit, skopleikina „101 dans“ og „Saklausa svallarann.“<sup>166</sup>

Þessi upptalning er lítið brot af leik og starfi nokkurra félaga innan UMFÍ árið 1937. Hún er fábreyttari en ella vegna þess mikla fjölda félaga sem engar skýrslur sendi frá sér. Skýrslum fór þó fjölgandi ár frá ári eftir því sem félögum fjölgaði innan UMFÍ. Fróðlegt er að líta á starfið tuttugu árum síðar þegar UMFÍ fagnaði hálftrar aldar afmæli sínu. Þá sendu 105 félög skýrslur sínar til UMFÍ. Félögin innan sambandsins voru 170 talsins svo nokkuð vantaði upp á fullar heimtur. Eyðublaðið var næstum óbreytt frá 1937 og hér koma sýnishorn af leik og starfi ungmennafélaga og héraðssambanda árið 1957:

Flest stunduðu félögin íþróttir, aðallega frjáls-íþróttir og knattspyrnu. Langflest skunduðu með sína menn á landsmótið á Þingvöllum, ýmist sem

gesti eða keppendur. Þá tóku mörg þeirra þátt í landsgöngu á skíðum og í samnorrænu sundkeppninni.

Kjalnesingar stunduðu hugarleikfimi af mikilli drift og héldu héraðsmót bæði í skák og bridds. Afturelding í Mosfellssveit og Drengur í Kjós héldu sitt árlega íþróttamót en ritari Baulu í Norðurárdal tók sérstaklega fram að félagsmenn stunduðu hvorki íþróttir né þjóddansa. Nágrannafélögin vestur á Mýrum, Björn Hítðælakappi og Egill Skallagrímsson kepptu sín á milli í frjálsíþróttum og reiptogi. Fornkappinn frá Borg varð hlutskarpari að þessu sinni. Brúin í Hvítársíðu og Hálsasveit hélt hinsvegar uppi samgöngum innanfélags með því að reka ferjubát á Hvítá.

Reykðælir stóðu sig vel í íþróttum og sigruðu bæði á héraðsmóti og á drengjamóti Borgfirðinga. Skallagrímur í Borgarnesi færðist mikið í fang og var samtímis að koma upp sundlaug og íþróttavelli. Héraðssamband Snæfellinga hafði samið löggæslureglugerð fyrir héraðið með þeim árangri að óregla stórminnkaði en félagar í Dögun í Fellsstrandarhreppi gróðursettu ekki minna en 4000 trjáplöntur í gróðurreit sínum við Staðarfell.

Stjarnan í Saurbæjarhreppi hélt alls átta skemmtisamkomur til fjáröflunar og fagnaði 40 ára afmæli sínu í desember. Hvatarmenn í Kirkjubólshreppi á Ströndum tóku félagsheimili sitt, Sævang, í notkun á árinu og tóku samstundis að byggja íþróttavöll við húsið. Ungmennasamband Austur-Húnavetninga stóð fyrir stanslausri skemmtun á Húnavökunni á Blönduósi og þar var dansað á hverju kvöldi alla vikuna. Ekki fer sögum af hófsemi samkomugesta en í frásögn Glóðafeykis í Akrahreppi um ástand og horfur í bindindismálum félagsmanna kom fram að: „Margir drekka, fleiri reykja en flestir gera hvoru-veggja.“ Nágrannar þeirra í Hegra í Rípurhreppi unnu í sátt og samlyndi að heyskap, kartöflurækt og skógrækt.

Ungmennasamband Eyjafjarðar hélt úti öflugu félagsstarfi og stóð fyrir námskeiðum í þjóddönsum, leikfimi, frjálsíþróttum, knattspyrnu og sundi. Árróðinn í Öngulsstaðahreppi stóð fyrir 18 samkomum á árinu með sjónleikum, félagsvist og dansi fyrir utan að halda upp á hálfra aldar afmæli sitt. Ungmennafélag Möðruvallasóknar stofnaði skátadeild með 48 félagsmönnum, þá einu sem sögum fer af innan ungmennafélags, og deildin fór í fjórar útilegur. Félagsmenn Reynis í Árskógshreppi fóru í hópferðir í nálægar sund-

laugar til að synda 200 metrana í Norrænu sundkeppninni. Þá sá félagið um landsgöngu á skíðum í sinni sveit og gengu þar 130 manns. Svarfdælir höfðu 116 kvikmyndasýningar á árinu og gáfu stórgjöf í byggingarsjóð Dalvíkurkirkju.

Félagar í Eflingu í Reykjadal fóru í skemmtiferð í Herðubreiðarlindir og hjá Ljóti í Laxárdal skilaði hver maður dagsverki í heyskap til ágóða fyrir félagssjóðinn. Fram í Hjaltastaðapinghá taldi fram nokkrar ær sem félagar fódruðu félaginu að kostnaðarlausu og Ungmennafélag Örfæfa gaf út Félagsvininn, handskrifað blað, sem hafði komið út reglulega í 20 ár og var lesið upp á félagsfundum til fróðleiks og skemmtunar. Gnúpverjar æfðu og sýndu leikritin „Á glapstígum“ og „Karlinn í kassanum.“ Samhygðarmenn í Flóa létu kvikmynda merkisatburði í sveitinni, svo sem íþróttamót, nautgripasýningar og fermingarmessu, og nágrannar þeirra Vökumenn æfðu frjálsíþróttir, vikivaka, handbolta og knattspyrnu. Félögin þreyttu frjálsíþrótt- og glímukeppni sín á milli 19. árið í röð og Eyrbekkingar héldu félagsvist tvisvar í mánuði yfir vetrartímann.<sup>167</sup>

Það sem hér er talið er aðeins örlítið brot af hinu þróttmikla starfi ungmennafélaganna því að sum þau atorkumestu hefðu getað talið fram lungann af því sem hér er að finna. Hinu er ekki heldur að neita að nokkur félög höfðu lítinn lífsanda í nösum en þannig hefur það alltaf gengið til í frjálsu félagastarfi.

## Til Færeyja og Noregs

Rætur sínar átti íslenska ungmennafélags-hreyfingin á Norðurlöndum, fyrst og fremst í Noregi og Danmörku. Frumkvöðlarnir, Jóhannes Jósefsson og Þórhallur Björnsson, sóttu þangað hugmyndir sínar eins og fram kom í upphafi þessarar bókar. Fyrsta utanferð íslenskra ungmennafélaga var að þeirra frumkvæði en það var ferðin á Ólympiuleikana í London 1908. Eftir þá sigurför voru samskipti UMFÍ við umheiminn lítil þrátt fyrir löngun til að kynnast systurfélögum sínum á Norðurlöndum. Það stafaði þó fremur af vanmætti hreyfingarinnar en áhugaleysi forystumanna. Þeir voru svo uppteknir við að byggja upp hreyfinguna að þeim gafst hvorki tóm né næði til að beina sjónum sínum yfir Atlantsála. Auk þess voru hinir rýru sjóðir UMFÍ lítt til þess fallnir að kosta ferðir manna austur um haf og enn síður til að bjóða frændþjóðum heim.



*Glimukappar UMFÍ sem sýndu sína rammíslensku íþrótt í Noregi árið 1925. Frá vinstri: Jón Þorsteinsson fararstjóri, Jón Pálsson, Þorsteinn Kristjánsson, Jóhann Þorláksson, Pétur Bergsson, Sigurður Greipsson, Þorgeir Jónsson, Ágúst Jónsson, Viggó Nathanaelsson og Jörgen Þorbergsson.*

Frændur vorir í Færeyjum riðu á vaðið. Sumarið 1911 barst UMFÍ boði frá Ungmennafélagi Færeyja um að senda fulltrúa þangað á samnorrænan ungmennafélagsfund. Þing UMFÍ kaus nefnd í málið og niðurstaðan varð að senda Halldór Jónsson úr Ungmennafélagi Seyðisfjarðar á fundinn því þaðan voru hentugri skipaferðir en úr Reykjavík. Í ferðasögu Halldórs í *Skinfaxa* um haustið kom fram að hér var um að ræða kynnisferð norskra ungmennafélaga til Færeyja að viðbættum einum Íslendingi – honum sjálfum. Norsku gestirnir voru 70 talsins og í för með þeim var skáldið Matthías Jochumsson svo þá voru fulltrúar landsins tveir. Halldór og Matthías höfðu nóg að starfa við að þakka fyrir hönd fósturjarðarinnar allt það hól sem á hana var borið. Meira að segja flutti skáldið Hans Mo kvæði til

heiðurs Íslandi á nýnorsku en hana töluðu flestir norskir ungmennafélagar í þann tíð.<sup>168</sup> Uppi voru ráðagerðir um að UMFÍ byði til norræns ungmennafundar innan þriggja ára en þær dagaði uppi í ófriðarbliku heimsstyrjaldarinnar fyrri.

Af sömu ástæðu var lítið rætt um erlend samskipti næstu árin og það var ekki fyrr en árið 1924 sem norrænir ungmennafélagar áttu fagnaðarfundi. Þá bauð stjórn hins nýstofnaða Ungmennasambands Kjalarnesþings fimm norskum ungmennafélögum hingað til kynnisfarar. Þeir komu 17. júní og settust beint á þing UMFÍ sem gestir hreyfingarinnar. Þeir komu færandi hendi með gnægðir af norsku trjáfræi sem útbýtt var meðal ungmennafélaga og gróðursett í grænum lautum. Þeir sóttu ýmis ungmennafélagsmót og viðfrægðu Íslandsferð sína í norskum blöðum.<sup>169</sup>

Nú þótti mörgum tími til kominn fyrir íslenska ungmennafélaga að hleypa heimdraganum. Árið 1925 var Sigurður Greipsson í Haukadal í Biskups-tungum búinn að vera glímukóngur landsins í þrjú ár og gegndi þá stöðu gjaldkera UMFÍ. Sigurður tók þátt í íþróttanámskeiði í Reykjavík á vegum ÍSÍ veturinn 1924-1925 og kynntist þar vel aðalkennara námskeiðsins, Jóni Þorsteinssyni. Sigurður hafði lengi átt þann draum að fara til Noregs með glímuflokk og það nú Jón um liðveislu. Þeir tóku höndum saman og fengu átta vaska menn í lið með sér og svo var æft af kappi. Þau skilyrði setti Sigurður að allir væru þeir ungmennafélagar og reyndist vandalítið að uppfylla það skilyrði. Förin var farin í nafni UMFÍ í boði Norges ungdomslag.



*Noregsfarar UMFÍ 1930. Frá vinstri: Jón Þorsteinsson, Þorsteinn Bjarnason, Guðbjörn Guðmundsson og Jakobína Jakobsdóttir.*





Finnski þjóðdansaflokkurinn sem dvaldist á Íslandi 5. til 13. júlí 1951 í boði UMFÍ og Ungmennafélags Reykjavíkur.

Félagarnir tíu sigldu með *Mercur* 21. maí 1925 til Björgvinjar í Noregi. Á leiðinni komu þeir óvænt við í Færeyjum og höfðu þar glímusýningu sem var stórvel tekið. Svo var haldið rakleiðis til Noregs og næstu fimm vikurnar var nóg að gera við að kynna frændum vorum þjóðariþrótt Íslendinga. Norskir ungmennafélagar báru glímukappana á höndum sér. Glímusýningar, íþróttamót og hátíðarsamsæti ráku hvert annað. Sigurður birti ferðasöguna í *Skinfaxa* og var harðánægður með útkomuna. „Íslenskir menn undir íslenskum fána sýndu ramíslenska íþrótt. ... Ferðin kostaði oss mikið, bæði að fé og áreynslu, en endurminningarnar eru svo margar og góðar, að förina teljum vér fremur tekjur en tjón,“ sagði Sigurður um þessa eftirminnilegu ferð – fyrstu utanferð UMFÍ frá 1908.<sup>170</sup>

Ekki linnti heimboðum Norðmanna til íslenskra ungmennafélaga en treglega gekk að fá fólk til utanferða og var ástæðan einkum féleysi félagaanna. Loks árið 1930 tókst að lokka fjóra ungmennafélaga til Noregs. Fararstjóri var Guðbjörn Guðmundsson formaður UMSK. Hann birti ferðasögu sína í *Skinfaxa* og dugðu ekki minna en fimm tölublöð til að koma henni allri til skila enda var hópurinn á ferð í fimm vikur. Íslensku ungmenna-

félagarnir voru viðstaddir hátíð Ólafs helga Haraldssonar á Stiklastöðum og skoðuðu marga merkustu staði Noregs sem þeim þótti mikið til koma. Einn var sá staður í Noregi sem Guðbiri gast ekki að. Það var stóriðjubærinn Oddi.

Þótti honum átakanlegt að sjá þau áhrif sem stóriðjan hefur á sálarlíf og mannsbrag þess fólks „sem um ekkert æðra hefir að hugsa, en að vera hluti af þeim vélum, sem það vinnur við.“<sup>171</sup> Guðbjörn bar norskum ungmennafélögum afar vel söguna enda gerðu þeir vel til Íslendinganna og skipulögðu móttökur þeirra út í æsar. Árið eftir barst einnig heimboð frá norskum ungmennafélögum en enginn stallbróðir þeirra hérlendis sá sér fært að þiggja boðið.

Líklega hafa norskir leiðtogar þreyst á að bjóða svo ófúsum gestum því ekki heyrist af heimboðum næstu 15 árin. Þá bauð Norges Ungdomslag til 50 ára afmælishátíðar sinnar á Stiklastöðum árið 1946. Þangað fóru tveir fulltrúar UMFÍ, Skúli Norðdahl og Haukur Jörundsson. Þetta var að nýlokinni heimsstyrjöld og hernámi Noregs og í frásögn Hauks í *Skinfaxa* kom fram að þjóðerniskennd Norðmanna hafði vaxið um allan helming á þessum árum. Kjarninn í ræðum heimamanna var sá að fyrir stríð hefði ríkt mikil samkeppni



milli pólitísku félaganna og ungmennafélaganna og pólitísku félögin haft betur. Þá þótti gamaldags að vera ungmennafélagi og þjóðbúningar hallærislegir. Á stríðsárunum breyttist viðhorfið snarlega og pólitísku félögin tóku upp hin þjóðlegu mál efni ungmennafélaganna. Eftirspurn eftir þjóðbúningum varð slík að langan tíma tók að uppfylla hana. Norges ungdomslag var bannað á stríðsárunum og þá fækkaði félögunum úr 70 þúsund niður í 500. Nú var endurreisnin hafin en líkt og á Íslandi var norsk ungmennafélög helst að finna í sveitunum.<sup>172</sup>

Næst gerðist það að hið nýstofnaða Ungmennafélag Reykjavíkur II bauðst til að senda hóp glímumanna í sýningarferð til Noregs með því skilyrði að UMFÍ styrkti ferðina að verulegu leyti. Þetta var samþykkt á þingi UMFÍ á Laugum 1946 og ferðin ákveðin í nafni þess. Það var svo 2. júní 1947 að tólf glímumenn og sjö meðreiðarsveinar héldu til Noregs. Fararstjóri var formaður UMFÍ, Eiríkur J. Eiríksson. Hann kynnti sér starfsemi norsku ungmennafélaganna og komst að því að Akkillesarhæll þeirra var lítil íþróttaiðkun. Þar voru ungmennafélögin og íþróttafélögin hvergi í sömu samtökum og gengu sinn veg hvor. Leist Norðmönnum þannig á að íslenska skipulagið væri betra. Farið var til Björgvinjar og var glímuflokkurinn í fararbroddi 2000 manna skruðgöngu á íþróttahátíð borgarbúa og sýndi glímu á íþróttavellinum við frábærar undirtektir. Heimleiðis var haldið eftir 10 daga velheppnaða ferð um nágrennið og fimm glímusýningar.<sup>173</sup>

Stjórn UMFÍ var nú einnig komin í samband við Ungmennasamband Finnlands en félagar þess voru einkum frægir fyrir glæsilega þjóðdansa. Nú kviknaði sú hugmynd að fá finnskan þjóðdansaflokk í heimsókn til að glæða áhuga íslenskra ungmennafélaga fyrir vikivökum og þjóðdönsum. Í október 1950 skipaði stjórn UMFÍ þriggja manna nefnd til að undirbúa slíka heimsókn. Stefán Runólfsson rafverktaki var formaður nefndarinnar og með honum störfuðu Stefán Ólafur Jónsson kennari og Guðrún Nielsen fimleikakennari. Hinn 5. júlí 1951 lagðist Gullfoss að hafnarbakkannum í Reykjavík með 16 manna flokk finnskra þjóðdansara innanborðs. Hópurinn dvaldist hér í átta daga og sýndi í Tívoli í Reykjavík, á Þjórsártúni og í Hlégarði í Mosfellssveit. Fararstjórinn lét þess getið í kveðjuhófi að mikil eftirspurn hefði verið eftir að komast í ferðina enda var hér um úrvalshóp að ræða.

Finnarnir voru í sjöunda himni með ferðina og kvöddu með því að syngja íslenska þjóðsönginn þegar skipið lagðist frá landi við brottför hópsins.<sup>174</sup>

## Norrænar ungmennavíkur og NSU

Eftir hinar ágætu ferðir til Noregs kom í ljós að til voru fleiri ungmennahreyfingar á Norðurlöndum en sú norska. Nú barst UMFÍ gott boð frá Den danske ungdomsforening (DDU). Í nóvember 1947 er fjallað um heimboð Danska ungmennasambandsins í stjórn UMFÍ. Þar var Íslendingum boðin þátttaka í norrænni ungmennavíku í Krogerup sumarið eftir. Stjórnin ákvað án tafar að taka boðinu.<sup>175</sup>

Það var Jens Marinus Jensen, formaður DDU, sem hafði fengið hugmyndina að norrænum ungmennavíkum snemma á fjórða áratugnum. Hann fékk norsku og sænsku ungmennasamtökin í lið með sér og sameiginlega héldu þau fjórar slíkar samkomur áður en stríðið skall á 1939. Strax eftir stríð árið 1946 var þráðurinn tekinn upp og þá stofnuðu þessar þrjár þjóðir samtök norrænna ungmennafélaga sem heita upp á skandinavísku – Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde (NSU).<sup>176</sup> Norrænar ungmennavíkur urðu eitt af verkefnum hinna nýju samtaka og efndu þau til einnar slíkrar í Vors í Noregi 1947. „Útkjálkalönd“ eins og Finnland, Færeyjar og Ísland höfðu hingað til ekki hlotið náð fyrir augum „kjarnaþjóðanna“ en nú var ákveðið að bjóða þeim með í leikinn næst. Öll svöruðu þau játandi og á ungmennavíkunni í Krogerup 1948 mættu til leiks glaðbeitt ungmenni frá sex þjóðlöndum. Jensen jataði síðar dálítið skömmustulegur að það hefði ekki verið vonum fyrr sem menn mundu eftir fjarlægari frændum en þeim mun meiri var ánægjan þegar þeir létu sjá sig.<sup>177</sup>



*Jens Marinus Jensen, formaður DDU, var upphafsmaður að norrænu ungmennavíkunum á fjórða áratugnum.*



*Þátttakendur norrænu ungmennavikunnar á Íslandi árið 1954 á ferð við Írafoss.*

Til Krogerup fór Ásdís Ríkhardsdóttir frá Ungmennafélagi Reykjavíkur og þrír stjórnarmenn UMFÍ, þeir Eiríkur J. Eiríksson formaður, Daníel Einarsson gjaldkeri og Daníel Ágústínusson ritari. Sá síðastnefndi segir í *Skinfaxa* frá dvölinni í Krogerup en hún leið hratt við erindaflutning, skoðunarferðir og kvöldvökur. Þarna hittust forvígismennirnir og stofnuðu til góðra kynna sem komu sér vel síðar meir. Fulltrúar allra landa sögðu frá sögu og störfum sinna ungmennafélaga og Daníel fannst athyglisverðast hvað sagan var svipuð frá landi til lands. Alls staðar var landsbyggðin helsta aðsetur félaganna og fólksflutningar þaðan helsta vandamál þeirra.<sup>178</sup>

Íslandsvinurinn Jens Marinus Jensen var heiðursgestur á landsmóti UMFÍ í Hveragerði 1949 og honum var einnig boðið á ársþingið sem haldið var samtímis. Þar var gerð fyrsta þingsamþykktin um norræna samvinnu. Var lýst yfir ánægju með hana og einstök héraðssambönd og ungmennafélög hvött til að auka hana með gagnkvæmum heim söknum.<sup>179</sup>

Norræna ungmennavikan 1949 var haldin í Pargas í Finnlandi og þangað fóru þrír íslenskir ungmennafélagar, Ásdís Ríkhardsdóttir, Reykjavík, Vilhjálmur Sigurbjörnsson, síðar forstjóri

Brúnáss, og Grímur Norðdahl síðar bóndi á Úlfarsfelli og stjórnarmaður UMFÍ. Á einni kvöldvökunni voru Íslendingarnir beðnir að koma með eitthvert skemmtiatriði en gleymst hafði að láta þá vita fyrirfram svo þeir voru óundirbúinir. Þeir Grímur og Vilhjálmur höfðu snör handtök, tóku ólarnar utan af ferðatöskunum, spenntu á sig sem glímubelti og höfðu óvænta glímusýningu sem þótti besta atriði kvöldsins. „Sérstaklega voru stúlkurnar hrifnar,“ sagði Grímur, „og ég er alltaf að styrkjast í þeirri trú að kvenfólk ætti að vera glímudómarar.“<sup>180</sup>

Árið 1950 sendi UMFÍ fjóra fulltrúa á ungmennaviku í Arvika í Svíþjóð og næsta ár voru fóru tveir ungmennafélagar til Elverum í Noregi í sömu erindum. Ungmennavikan 1952 fór fram í Vrå á Norður-Jótlendi. Fulltrúar UMFÍ voru fjórir og var Stefán Ólafur Jónsson fyrirliði þeirra. Hann dvaldist þetta sumar um tíma í Noregi til að kynna sér starfsíþróttir. Stefán sló fram þeirri hugmynd í *Skinfaxa* haustið 1952 hvort ekki sé tímabært að UMFÍ bjóði til norrænnar ungmennaviku.<sup>181</sup> Það var náttúrulega löngu tímabært og á stjórnarfundi 3. október 1952 tók stjórn UMFÍ á sig rögg og ákvað að halda ungmennaviku á Íslandi sumarið 1954.<sup>182</sup> Á næstu ungmennaviku

í Vierumäki í Finnlandi tilkynnti Ingólfur Guðmundsson fulltrúa Íslands þetta við fögnuð norræna ungmennafélaga.

Norræna ungmennavíkan 1954 var haldin á Laugarvatni dagana 30. júní til 6. júlí. Þangað komu 30 norrænir frændur og svipaður fjöldi heimamanna. Allir undu þarna í sátt og samlyndi sjö fallega sumardaga sem hófust með sólmyrkva og enduðu með kynnisferðum til Gullfoss, Geysis, á Þingvelli og í Borgarfjörð. Mótsgestir voru á öllum aldri, frá níu mánaða til 75 ára, og fóru ríkari af fróðleik, reynslu og þá ekki síst að gleði. Ekki linnti fyrirlestrum og erindum alla vikuna.

Maður undrast þolinmæði ungu stúlkanna sem láta sig aldrei vanta. Hver skyldi trúa þessari kynslóð til þess að sitja dag eftir dag undir fyrirlestrum um misjafnlega hugþekk efni, meðan júlísól skín í heiði á glampanði blátt Laugarvatn og grænan skóginn.<sup>183</sup>

Á kvöldin voru skemmtiatriði, þjóðdansar, sjónleikir og samkvæmisleikir sem allir tóku þátt í af mikilli kæti að sögn Guðjóns Jónssonar sem segir frá mótinu í *Skinfaxa*, hvar annars staðar.<sup>184</sup> Ungmennavíkan þótti takast frábærlega og næstu árin allt fram til 1962 sóttu íslenskir ungmennafélagar reglulega slíkar samkomur til ýmissa norræna landa.

Þótt undarlegt megi virðast hafði UMFÍ staðið utan NSU allan þennan tíma og aldrei gengið formlega í samtökin þrátt fyrir að hafa meðal annars staðið fyrir ungmennavíku og tekið þátt í að minnsta kosti tíu slíkum. Á stjórnarfundum UMFÍ 1. apríl 1959 var samþykkt að sambandið gerðist aðili að „Nordisk Samorganisation for jordbrugsfagligt og kulturellt Ungdomsarbejde“ en þessu litla og laglega nafni hétu samtökin um þær mundir. Þetta var staðfest á aðalfundi NSU um haustið og þá var Stefán Ólafur Jónsson kosinn í stjórnina.<sup>185</sup>

Ungmennavíkunar væru hápunktur norræna vínafunda meðal ungmennafélaga en þær voru þó ekki eini vettvangurinn þegar hér var komið sögu. Fyrr var sagt frá heimsókn finnska þjóðdansa-flokksins og 1953 bárust UMFÍ tilmæli frá Ungmennafélagi Reykdæla um að hafa forgöngu um hópferð til norrænu ríkjanna. Helsti Norðurlandasérfræðingur UMFÍ, Stefán Ólafur Jónsson, var settur í málið og hann skipulagði þriggja

vikna ferð sem hófst 11. júní 1953. Ferðafélagarnir voru 27 talsins og var Ingólfur Guðmundsson stúdent frá Laugarvatni fararstjóri. Flogið var til Stafangurs með íslensku flugvélinni Heklu og siglt þaðan til Björgvinjar. Þá var farið í 700 ára afmælisveislu Stokkhólms og að síðustu dvalið í Kaupmannahöfn. Alls staðar voru merkir staðir í tugatali skoðaðir. Heim var siglt með Gullfossi og í einu orði sagt þótti þessi fyrsta utanferð UMFÍ sem ekki var sýningarferð eða félagamót takast afburðavel.<sup>186</sup>

Á sjöunda áratug síðustu aldar virtist minnkandi áhugi fyrir norrænu samstarfi ungmennafélaga hérlendis. Að vísu tóku íþróttamenn UMFÍ þátt í dönsku landsmóti í Vejle 1961 en eftir það fjaraði hressilega undan samstarfinu. Sama var uppi á teningnum hjá NSU. Hippakynslóðin sem kennd er við '68 virtist ekki átta sig á hinum þjóðlegu verðmætum ungmennafélaganna og bæði ungmennavíkan 1968 og ársþing NSU 1969 féllu niður.<sup>187</sup> Á Íslandi var sömu sögu að segja. UMFÍ hætti að taka þátt í ungmennavíkunum og í ársskýrslu UMFÍ 1969 er ekki minnst á norræna samvinnu. Þar við sat um sinn og það varð hlutverk nýrrar stjórnar sem tók við á því herrans ári að blása að glóðum norrænnar samvinnu að nýju.

## Framkvæmda- og ritstjórar á faraldsfæti

Þegar umsvif UMFÍ fóru vaxandi á fjórða áratugnum og hagur þess batnaði varð stjórnarmönnum ljóst að sambandið átti vöxt sinn og viðgang undir því að hægt væri að ráða starfsmann til að sinna hinu daglega starfi fyrir utan ritstjórn *Skinfaxa*. Allt fram til þessa höfðu ritstjórar blaðsins um leið verið starfsmenn samtakanna, oft á litlum launum en með ómælda vinnuskyldu. Þeir voru oft og tíðum stjórnarmenn og erfitt var að setja mörkin hvar félagsskyldan endaði og launavinnan byrjaði. Þannig var háttað störfum Aðalsteins Sigmundssonar sem var starfsmaður sambandsins samhliða formennsku árin 1930-1938.

Þegar Aðalsteinn lét af ritstjórn *Skinfaxa* árið 1940 var ekki hlaupið að því að fá mann í ritstjórastólinn. Það varð úr að formaðurinn sjálfur, Eiríkur J. Eiríksson, axlaði byrðina þó hann hefði um nóg að sýsla í skólastjórnastarfinu á Núpi. Séra Eiríkur hélt *Skinfaxa* á flugi til nýjárs 1945 en þá tók rithöfundurinn Stefán Júlíusson við stjórnar-





*Aðalsteinn Sigmundsson ritstjóri Skinfxa 1930 til 1940.*



*Eiríkur J. Eiríksson ritstjóri Skinfxa 1940 til 1944.*



*Stefán Júlíusson ritstjóri Skinfxa 1945 til 1956.*



*Rannveig Þorsteinsdóttir starfsmaður UMFÍ 1938 til 1940.*



*Daniel Ágústínusson starfsmaður og framkvæmdastjóri UMFÍ 1941 til 1954.*



*Guðjón Jónsson framkvæmdastjóri UMFÍ 1954 til 1956.*

taumunum. Stefán kunnir vel við sig í ritstjóra-stólnum og sat þar allar götur til ársloka 1956. En víkjum aftur að stöðu mála árið 1938 þegar ráða skyldi starfsmann til að sinna almennum verkefnum UMFÍ.

Stjórnarmenn fóru ekki yfir lækinn að sækja vatn og réðu Rannveigu Þorsteinsdóttur, gjaldkera sambandsins, til hlutastarfa á stjórnarfundum 15. júní 1938 fyrir 50 krónur á mánuði.<sup>188</sup> Rannveig var hinn mesti skörungur. Hún tók lögfræðipróf á fimmtugsaldri árið 1949 og rak eftir það eigin lögfræðistofu í 26 ár. Hún varð um svipað leyti fyrsta konan sem settist á alþingi fyrir Framsóknarflokkinn og sat í mörgum nefndum og ráðum fyrir flokkinn. Henni voru félagsmál hugleikin og hún var gjaldkeri UMFÍ árin 1933-1940. Rannveig var starfsmaður UMFÍ í hlutastarfi til ársloka 1940 en var lengi síðan viðloðandi starfsemi ungmennafélaganna.

Um þetta leyti var Daniel Ágústínusson, ritari sambandsins, orðinn allt í öllu innan stjórnar

UMFÍ – mest vegna fjarveru formannsins á öðru landshorni og lítillar viðveru hans í Reykjavík. Það kom því af sjálfu sér að Daniel varð starfsmaður UMFÍ næstu árin í hlutastarfi. Starfssvið hans var það sama og allra framkvæmdastjóra er síðar komu: Annast daglegan rekstur, fjármál, og sinna þeim erindum sem komu inn á borð sambandsins, undirbúa fundi og þing og leggja mál fyrir stjórnarfundum. Það var því bitamunur en ekki fjár þegar Daniel var formlega gerður að fyrsta framkvæmdastjóra UMFÍ 1. október 1951 fyrir 400 króna mánaðarlaun.<sup>189</sup> Viðvera hans á skrifstofunni var tvo daga í viku og þessu starfi gegndi hann til 1. maí 1954 þegar hann tók við starfi bæjarstjóra á Akranesi.

Það gefur þó auga leið að maður sem var jafn drifandi og áhugasamur um málefni UMFÍ og Daniel eyddi drjúgum meiri tíma á skrifstofunni en þessum tveimur dögum vikulega. Hann var þarna vakinn og sofinn og fundargerðir bera með sér að hjá UMFÍ var engum ráðum ráðið nema Daniel legði þau fram. Þegar hann lét af starfi framkvæmdastjóra árið 1954 og hætti sem ritari 1957 hafði hann mótað starf UMFÍ meira en nokkur annar í tvo áratugi. Hann var sterkur leiðtogi og hélt vel á spilunum fyrir hreyfinguna. Það kann að vera tilviljun en staðreyndin er sú að hreyfingin dalaði þegar Daniel hvarf af vettvangi. Félagsmönnum fækkaði og starfsemin dróst saman. Skömmu síðar fluttist formaðurinn, Eiríkur J. Eiríksson, á Þingvelli og gerðist þar þjóðgarðsvörður. Þar með átti hann hægara um vik að sinna stjórnarstörfum en á móti kom að mannaskipti urðu tíð á framkvæmdastjórnastólnum næstu árin.

Næsti framkvæmdastjóri var Guðjón Jónsson kennari frá Fagurhólsmýri. Guðjón var í hluta-





*Stefán M. Gunnarsson ritstjóri *Skinfaxes* og framkvæmdastjóri UMFÍ árið 1957.*



*Guðmundur G. Hagalín ritstjóri *Skinfaxes* 1958 til 1960.*



*Skúli Þorsteinsson framkvæmdastjóri UMFÍ 1957 til 1965.*



*Eysteinn Þorvaldsson ritstjóri *Skinfaxes* 1964 til 1976 og framkvæmdastjóri UMFÍ 1968.*

starfi tvo daga í viku og fékk fyrir það 500 krónur á mánuði. Samtímis sinni hann kennarastarfi í Reykjavík. Guðjón var ágætlega ritfær og vakti á sér athygli með fjörlegri grein í *Skinfaxes* um norrænu ungmennavikuna á Laugarvatni sumarið 1954. Strax um haustið var hann ráðinn framkvæmdastjóri UMFÍ og var það fram í mars árið 1956.<sup>190</sup>

Þá var í fyrsta sinni ákveðið að auglýsa opinberlega eftir framkvæmdastjóra fyrir sambandið. Sex umsóknir bárust og allt voru þetta valinkunnir menn. Þeir voru Axel Jónsson, stjórnarmaður UMFÍ, séra Emil Björnsson, Kristján Ingólfsson kennari, Kristján Þorsteinsson, Sigurður Guðmundsson og Stefán M. Gunnarsson bókarari. Stjórnin var í mestu vandræðum með að velja úr hópnunum og frestaði ákvörðun tvívegis. Loks var Stefán M. Gunnarsson ráðinn framkvæmdastjóri til eins árs frá og með komandi hausti. Stefán hætti störfum eftir þetta eina ár en var ritstjóri *Skinfaxes* allt árið 1957. Stefán breytti broti blaðsins við misjafnar undirtektir og hélst það svo í nokkur ár. Nýmæli var að nú voru í fyrsta sinn myndir á forsíðu *Skinfaxes*.

Nú var leitað til rithöfundarins Guðmundar Hagalíns og hann gerðist ritstjóri blaðsins næstu þrjú árin til ársloka 1960. Þá varð aftur ritstjóra-kreppa og enn var það formaðurinn, Eiríkur J. Eiríksson, sem tók að sér að leysa hana enda var hann nú kominn nær höfuðstöðvunum. Tilraunir til að fá nýja menn í ritstjórastólinn báru ekki árangur og árin 1961-1964 var risið lágt á útgáfu blaðsins. Ýmist komu út eitt eða tvö lítil hefti árlega, sem var engan veginn ásættanlegt fyrir hreyfinguna. Reyndar kom ekkert blað út árið 1964 og útgáfa þess virtist vera að lognast út af í

höndum formannsins. Þetta þótti Hafsteini Þorvaldssyni sem þá var ritari UMFÍ illa farið og leitaði til bróður síns, Eysteins Þorvaldssonar, um að taka að sér ritstjórnina í ársbyrjun 1965. Eysteinn lét til leiðast og byrjaði á að snara út einu hefti fyrir árið 1964 og fyrsta hefti ársins 1965. Þannig tókst að koma í veg fyrir að útgáfa blaðsins félli niður eitt einasta ár frá upphafi.

Þeir Eysteinn og Eiríkur voru báðir titlaðir ritstjórar til ársloka 1968 en starfið var í höndum Eysteins því Eiríkur lét blaðið afskiptalaust. Frá og með árinu 1969 var Eysteinn skrifafur fyrir ritstjórninni.<sup>191</sup> Allan tímann frá 1961-1968, að báðum árum meðtöldum, var sama mynd á forsíðu blaðsins, óhlutbundin mynd sem minnti helst á rimla fyrir gluggum Litla-Hrauns – fremur óaðlaðandi listaverk. Það var ekki fyrr en Eysteinn varð einn um hituna að *Skinfaxi* tók aftur upp forsíðumyndir. Eysteinn hafði ritstjórnina með höndum í tólf ár, allt til 1976. Með tilkomu hans breytti blaðið um svip, varð líflegra í útliti og uppsetningu og heftunum fjölgaði í sex á ári. Hann ritaði margar snjallar hugvekjur í blaðið og sinni vel íþróttapættinum og fréttum af félögunum víðs vegar af landinu. Störf hans voru nánast ólaunuð og unnin við erfið skilyrði þar sem fé til útgáfunnar var jafnan af skornum skammti.

Þegar Stefán M. Gunnarsson hætti haustið 1957 vantaði framkvæmdastjóra enn og aftur og nú var ekki auglýst heldur var ritari UMFÍ, Skúli Þorsteinsson skólastjóri, beðinn að taka að sér starfið. Skúli sló til eftir nokkra umhugsun og gegndi starfinu næstu átta árin og kom þar með á stöðugleika hjá sambandinu. Samtímis starfaði hann sem kennari í Melaskólanum í Reykjavík.



*Ármann Pétursson framkvæmdastjóri UMFÍ 1965 til 1967.*



*Stefán Magnússon framkvæmdastjóri UMFÍ 1967.*



*Valdimar Óskarsson starfsmaður UMFÍ 1967 til 1968.*



*Sólveig Antonsdóttir starfsmaður UMFÍ 1968 til 1969.*



*Jón Eiríksson framkvæmdastjóri UMFÍ 1969.*



*Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri UMFÍ 1969 til 1970.*

Reyndar var talið að Skúli væri í hálfu starfi en rétt eins og fyrri daginn urðu dagsverkin drýgri en sú lýsing sagði til um. Skúli var vel þekktur innan UMFÍ og hafði áður verið formaður þriggja ungmennafélaga á Austurlandi og í Reykjavík. Hann var um tíma formaður UMSK, gekkst fyrir stofnun UÍA árið 1941 og var fyrsti formaður þess til 1957. Hann var því reynslumikill forystumaður innan hreyfingarinnar, sem kom sér vel í umfangsmiklu starfi. Skúli var fjölmenntaður kennari og haustið 1964 var hann ráðinn sem námsstjóri á Austurlandi en hélt þó áfram um stjórnartaumana fram á mitt sumar 1965. Skúli gerði nokkuð að því að heimsækja héraðssamböndin að sumarlagi. Slíkar heimsóknir féllu niður þegar Skúli hætti og þar með sambandið við grasrótina.

Þegar Skúli hvarf af vettvangi var farin sama leið og áður og einn af stjórnarmönnum beðinn að taka að sér framkvæmdastjórnina. Ármann Pétursson, þáverandi gjaldkeri UMFÍ, tók þá að sér starfið um stundarsakir. Skyldi hann meðal annars starfa á skrifstofunni milli kl. 17 og 19

daglega.<sup>192</sup> Svo fór að Ármann ílentist í þessu bráðabirgðastarfi í tvö ár en þá var ákveðið að auglýsa eftir nýjum manni frá og með 1. júní 1967. Nokkrir sóttu um og vildu ýmist taka þetta að sér sem aðal- eða aukastarf. Niðurstaðan varð sú að Stefán Magnússon íþróttakennari á Selfossi var ráðinn framkvæmdastjóri í fullt starf um sumarið. Stefán hvarf til annarra starfa um haustið en þá var nýkjörinn gjaldkeri, Valdimar Óskarsson endurskoðandi, fenginn til að hafa lítilsháttar viðveru á skrifstofunni um sinn.<sup>193</sup>

Störfum Valdimars lauk í febrúar 1968 þegar Sólveig Antonsdóttir kom til starfa sem skrifstofustúlka.<sup>194</sup> Sólveig starfaði fram á mitt sumar, meðal annars við auglýsingasöfnun fyrir *Skinfaxa*, en hætti störfum þegar nýr framkvæmdastjóri kom til starfa. Nú var aftur farin sú leið að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf yfir sumarið og auglýst eftir lysthafendum. Sjö einstaklingar sóttu um, en stjórnarmönnum UMFÍ leist ekki á neinn þeirra og höfnuðu öllum. Í staðinn leituðu þeir til Eysteins Þorvaldssonar, ritstjóra *Skinfaxa*, og réðu hann sem framkvæmdastjóra. Hann var að störfum frá júníbyrjun til ársloka 1968. Þá tók hann að sér ritstjórn *Skinfaxa* einsamall eins og fyrr var rakið og sinnti ýmsum verkefnum fyrir UMFÍ.<sup>195</sup>

Starfsmannamál UMFÍ þessi árin bera svip af skammtímaráðningum framkvæmdastjóranna. Fjárhagurinn leyfði ekki framkvæmdastjóra í fullu starfi eins og þó var full þörf á. Nú var enn reynt að fá mann til að sinna starfinu á árinu 1969. Ekki var auglýst en í febrúar var Jón Eiríksson, háskólanemi í jarðfræði, ráðinn framkvæmdastjóri í hálfu starfi fram að sambandsþingi sem háð var á Laugum í Þingeyjarþingi þetta sumar.<sup>196</sup>

Jón var reyndar sonur formannsins, Eiríks J., svo hæg voru heimatökin.

Á þinginu á Laugum 1969 kom skýrt í ljós að langlundargeð félagsmanna með það fyrirkomulag sem þá ríkti var þrotið. Fram komu ákveðnar tillögur í þessa veru:

- 1) Ungmennafélag Íslands starfrækir skrifstofu sem sé opin á venjulegum skrifstofutíma allt árið.
- 2) Ungmennafélag Íslands hafi fastráðinn framkvæmdastjóra sem starfi eingöngu að málefnum Ungmennafélags Íslands. Einnig verði ráðin skrifstofustúlka til að annast venjuleg skrifstofustörf.<sup>197</sup>

Ný stjórn UMFÍ undir forystu Hafsteins Þorvaldssonar hafði fullan hug á að framkvæma þessar tillögur en nokkur tími leið þar til þær urðu að veruleika. Fyrst um sinn var Eysteinn Þorvaldsson fenginn til að sinna ýmsum sérverkefnum og einnig starfaði Sólveig Antonsdóttir á skrifstofunni. Um haustið hvarf Eysteinn af vettvangi og þá kom í staðinn Guðmundur Guðmundsson kennaraskólanemi frá Vorsabæjarhjáleigu. Guðmundur átti eftir að koma talsvert við sögu UMFÍ síðar sem skólastjóri Félagsmálaskólans en nú varð hann hinn síðasti í langri röð þeirra sem sinntu starfi framkvæmdastjóra skamma hríð í hlutastarfi.<sup>198</sup> Það sem breyttist til batnaðar var að um þetta leyti fluttist sambandið í rúmgott hús næði og þar með skapaðist betri starfsaðstaða. Eftirmaður Guðmundar var Sigurður Geirdal, en frá honum segir í næsta kafla bókarinnar.

## Þróun ungmennafélaga 1938-1969

Þjóðlíf Íslendinga og lífsskilyrði tóku gerbreytingum við lok fjórða áratugar síðustu aldar. Margir hafa sagt fullum fetum að árið 1940 þegar Ísland var hernumið hafi þjóðin stokkið í einu veffangi inn í 20. öldina úr þeirri 19. Þar er kveðið fullfast að orði þótt umskiptin yrðu mikil. Nú leystist úr læðingi hið dulda atvinnuleysi sveitanna sem hafði varað allan fjórða áratuginn og ungir menn og konur með verkfúsar hendur þyrptust í bæina, þorpinn og síðast en ekki síst í borgina. Umsvif hersins ollu uppsveiflu í lífskjörum Íslendinga. Þó voru margir sem létu ekki haggast af dansinum kringum gullkálfinn í þétt-

býlinu og undu glaðir við sitt í sveitinni. Þeirra hagar batnaði reyndar líka því landbúnaðarvörur hækkuðu í verði eins og flest sem Íslendingar höfðu til að selja á þessum árum.

Allt hafði þetta sín áhrif á ungmennafélögin. Árin 1938-1950, þegar stríður straumur ungmennafélaga lá til UMFÍ, hættu 23 félög störfum meðan 23 ný félög hófu göngu sína. Hreyfingin var því í jafnvægi hvað fjölda félaga snerti en athyglisvert er að drjúgur hluti félaganna sem lagði upp laupana var úr þéttbýli og engin önnur komu í staðinn.<sup>199</sup>

Eitt af hinum þjóðlegu verkefnum ungmennafélaganna var söfnun örnefna. Þau áttu frumkvæði og drjúgan hlut í því að bjarga frá glötun örnefnum um landið allt sem annars hefðu týnst og verið tröllum gefin. Hvert ungmennafélag safnaði örnefnum í sinni sveit og stundum voru þau teiknuð inn á landakort með vönduðum hætti. Þessi vinna stóð í áratugi en var langt komin um miðja öldina.

Þegar líða tók á heimsstyrjöldina fangaði eitt mál hugi landsmanna öðru fremur. Það var stofnun Lýðveldis sem ákveðin var 17. júní 1944. Allt frá upphafi höfðu ungmennafélögin tekið þátt í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga af lífi og sál og þau færðust nú öll í aukana. Sautjándi júní var þeirra hátíðisdagur og nú gerðu þau hann að baráttudegi sínum. Þetta var undirstrikað með útgáfu ritsins *Sautjándi júní* árið 1937 en þar og í *Skinfaxa* var rekinn harður áróður fyrir Lýðveldisstofnun og skjótum skilnaði við Danmörku. Lýðveldisdagurinn var sigurdagur fyrir ungmennafélaga sem höfðu lagt sitt af mörkum sérstaklega með hátíðahöldum 17. júní áratugum saman en þau festu hann í sessi sem þjóðhátíðardag.

Þjóðernismál eins og endurheimt handritanna og brotthvarf erlends hers úr landinu voru ungmennafélögum hugleikin og ályktanir og samþykktir þar að lútandi á þingum UMFÍ og aðila þess skiptu tugum á fimmta áratugnum. Séra Eiríkur J. Eiríksson formaður UMFÍ var mikill friðarinn maður og gekk fremstur í flokki við að marka stefnuna og semja ályktanir um þessi mál. Þá var landhelgismálið eitt þeirra mála sem sameinaði þjóðina og UMFÍ lét til sín taka þegar þorskastríðið geisaði árin 1958-1961.

Þegar fjárhagur almennings fór að rýmkast á fimmta áratugnum vildu ungmennafélögin fara að byggja stærri samkomuhús en skorti fjármagn. Úr þessu rættist með stofnun Félagsheimilásjóðs

árið 1948 en hátt í 30 ungmennafélög höfðu ekki þolinmæði til að bíða svo lengi og reistu ódýra bragga sem dugðu í nokkur ár sem danshús og samkomustaðir. Nú vildu allir byggja félagsheimili og ásóknin varð slík að sjóðurinn kom ekki að því gagni sem til stóð. Með tímanum risu félagsheimili í tugatali og fóru stækkandi eftir því sem leið á öldina. Mörg ungmennafélög lyftu grettistaki við byggingu veglegra félagsheimila í samvinnu við sveitarfélögin og kvenfélögin. Óhætt er að fullyrða að án hinnar gífurlegu sjálfböðavinnu sem ungmennafélagar inntu af hendi við að byggja félagsheimilin þá hefðu mörg þeirra aldrei orðið að veruleika. Tilkoma þeirra olli straumhvörfum í félags- og skemmtanalífi dreifbýlisins. Sukksöm sveitaböll til fjáröflunar urðu fræg að endemum en menningarleg starfsemi félaganna jókst hröðum skrefum, leiklist, innan sveitarskemmtanir og allskyns mannfundir.

UMFÍ tengdist systurfélögum sínum á Norðurlöndum gegnum samband norrænna ungmennafélaga, NSU, og tók þátt í mörgum ungmennavikum samtakanna. Árið 1954 bauð UMFÍ til slíkrar viku á Laugarvatni sem þótti takast vel. Undir lok sjöunda áratugarins lenti norræna samstarfið í öldudal og lagðist niður um tíma. Eftir velheppnaða ferð UMFÍ á landsmót danskra ungmennafélaga í Vejle 1961 varð hlé á slíkum samskiptum en þau áttu eftir að blómstra síðar.

Íþróttalífi ungmennafélaga hnignaði talsvert á árum fyrri heimsstyrjaldar. Það er til marks um deyfðina að eftir landsmótin tvö, 1911 og 1914, féllu þau niður og einu stórmót landsins um langa hríð voru Allsherjarmót ÍSÍ. Þetta þótti mörgum ungmennafélögum súrt í broti og hörmuðu forna frægð. Það var fyrst þegar íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar hafði starfað um hríð og þegar hillti undir íþróttalögin 1940 að menn fóru að hugsa hærra. Á þingum UMFÍ á fjórða áratugnum var ekki mikið um tímamótatillögur en á þinginu 1938 mælti Sigurður Greipsson fyrir ýtarlegum tillögum um íþróttamál. Stórtíðindin voru að Sigurður lagði til að halda skyldi landsmót UMFÍ árið 1940. Tillagan var samþykkt í einu hljóði og þar með hófst endurreisnarstarf landsmótanna sem margir telja að hafi allar götur síðan verið einn traustasti stólpinn sem UMFÍ hvílir á. Landsmót voru síðan haldin á þriggja til fjögurra ára fresti og festu sig í sessi sem íþróttahátíðir sem vöktu mikla og jákvæða athygli á hreyfingunni. Hápunktur landsmótanna á þessum tíma

var hið glæsilega landsmót á Laugarvatni 1965 sem sló öll met í áhorfendafjölda, þátttöku, umgjörð og veðurbliðu.

UMFÍ átti drjúgan hlut að samningu íþróttalaga árið 1940 og lenti þá í nokkurri rimmu við ÍSÍ um tilverurétt sinn í íþróttamálum landsins. Í krafti íþróttastarfs á landsbyggðinni tókst UMFÍ að tryggja stöðu sína og í framhaldi af því hefur sambandið átt einn af þremur fulltrúum Íþróttanefndarríkisins sem hefur verið ungmennafélögum mikil lyftistöng í íþróttastarfinu. Hjá flestum ungmennafélögum voru stundaðar íþróttir og hjá mörgum voru þær sterkasti þátturinn í félagsstarfinu. Ungmennafélög kepptu sín á milli, héraðsmót hófu göngu sína og landsmótin voru haldin á ýmsum stöðum á landinu.

Nú jukust fjárveitingar til íþróttamála og UMFÍ gat sent íþróttakennara víðs vegar um landið til að leiðbeina sínu fólki. Nú stóðu líka til boða styrkir úr Íþróttasjóði, en vel á minnst – aðeins þeim félögum sem voru innan ÍSÍ eða UMFÍ. Þetta gerði það að verkum að sá mikli fjöldi héraðssambanda og ungmennafélaga sem hingað til hafði staðið á lengdar, og utan UMFÍ, sáu sitt óvænna og báðu um vistráðningu. Innan skamms voru þau öll orðin kirfilega skráðir sambandsaðilar. Þetta olli því að í félagsmannatala UMFÍ rauk upp úr öllu valdi. Á nokkrum árum fjórfaldaðist félagatalan og var um miðja öldina orðin rúmlega tólf þúsund.

Svolítill vaxtarbroddur í íþróttunum leit dagsins ljós á sjötta áratug síðustu aldar og festi sig í sessi á þeim sjöunda. Það voru sumarbúðir barna og unglinga sem hófust að frumkvæði Sigurðar R. Guðmundssonar á Núpi í Dýrafirði. Sumarbúðirnar voru íþróttanámskeið í heimavist með félagslegu ívafi. Þær breiddust fljótlega út um landið meðal héraðssambandanna sem fengu lítilsháttar styrk til starfseminnar hjá UMFÍ.

Árið 1940 voru íbúar dreifbýlisins rúmlega helmingur landsmanna eða tæplega 52 af hundræði. Árið 1970 höfðu hlutföllin breyst dreifbýlinu í óhag þannig að nú bjuggu ekki nema um 32 af hundræði á landsbyggðinni.<sup>200</sup> Þetta hafði auðvitað sín áhrif á ungmennafélögin sem alla tíð hafa sótt styrk sinn þangað. Sú þróun að íþróttafélög væri einkum að finna í þéttbýlinu en ungmennafélög í dreifbýlinu hélt áfram, þó með vissum undantekningum, svo sem ungmennafélögum Keflavíkur og Njarðvíkur, Breiðabliki í Kópavogi og Tindastóli á Sauðárkróki svo dæmi séu tekin.



Einnig fór það vaxandi að íþróttafélög bættust í hóp ungmennafélaga innan héraðssambanda en hafði áður verið mjög fátítt. Um miðja öldina voru ungmennafélög rúmlega 200 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Eftir það fór þeim fækkandi og árið 1969 skiluðu aðeins 123 starfandi félög skýrslum til UMFÍ. Tala félagsmanna stóð í stað þrátt fyrir stöðuga fjölgun Íslendinga og þetta tvennt gaf vísbendingu um hnignun hreyfingarinnar því skýrsluskil hafa löngum verið sæmilegur mælikvarði á lífsmörk félaganna.

Eitt enn má nefna sem hafði sín áhrif á starfsemi ungmennafélaganna eftir miðja öldina. Atvinnuástand var dágott lengst af og margir af yngri kynslóð ungmennafélaga höfðu nóg að starfa bæði í sinni heimabyggð og fjarri henni. Þar með lenti félagslífið utangarðs. Rammast kvað að þessu á Austurlandi þar sem vinnan í síldinni var slík um miðjan sjöunda áratuginn að forystumönnum ungmennafélaganna fannst þeir bókstaflega vera að missa unga fólkið ofan í síldartunnurnar. Vinna og peningar kæmu á kostnað félagslegs starfs og fristunda.

Þegar þjóðfélagið reis úr roti kreppunnar fór heldur að rætast úr fjármálum hreyfingarinnar. Árið 1941 var sambandið skuldlaust en það hafði ekki borið við árum saman. Sem fyrr var *Skinfaxi* stærsti gjaldaliðurinn ásamt íþróttamálum en á móti komu ríflegir styrkir úr Íþróttasjóði. Oftast var þetta þó barningur við að koma út á sléttu á reikningunum. Þegar fram í sótti fór launakostnaður og rekstur Þrastaskógar að vega þyngra en útgáfa málgagnsins og alltaf þótti mönnum ástæða til að biðja um hærri ríkisstyrk. Yfirleitt gerði hann ekki meira en að halda í við verðbólguna og gjaldkerum UMFÍ var sá vandi á höndum að láta litla fjármuni duga vel. Það tókst þeim yfirleitt ágætlega.

Allan þennan tíma var UMFÍ undir stjórn Eiríks J. Eiríkssonar. Eiríkur kom lítið að daglegri stjórn sambandsins. Hann var löngum fjarri, upptekinn við skólastjórn í fremur afskekktu héraði. Daníel Ágústínusson var hinn raunverulegi stjórnandi UMFÍ á stjórnarárum sínum. Hann mætti á alla stjórnarfundum og stjórnaði ferðinni, stundum aðeins með varamönnum. Séra Eiríkur var sjaldgæfur gestur á stjórnarfundum. Reyndar svo mjög að á árunum 1938-1957, á samstarfstíma þeirra Daníels, mætti Eiríkur aðeins á 38 fundum af 106 eða á rétt rúmlega þriðjung fundanna.

Þegar Daníel lét af störfum framkvæmdastjóra árið 1954 urðu framkvæmdastjóraskipti fremur tíð. UMFÍ hafði ekki bolmagn til að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf og sumir stöldruðu stutt við. Undantekningin var Skúli Þorsteinsson sem sat heil átta ár í stóli framkvæmdastjórans. Að Skúla frátöldum störfuðu sjö menn sem framkvæmdastjórar UMFÍ á árunum 1954-1970, ýmist í heilu eða hálfu starfi, flestir skamma hríð, allt niður í nokkra mánuði.

Þessi lausatök veiktu náttúrlega starfsemi UMFÍ og sköpuðu ekki festu við stefnumótun. Það réð líka miklu að enginn af þeim mönnum sem settust í stól framkvæmdastjóra hafði hug á því að dveljast þar lengi. Margir voru námsmenn eða sinntu kennslustörfum. Alltaf tekur tíma fyrir nýjan mann að kynnast hreyfingunni og fyrir hana að kynnast honum. Þegar sá tími var liðinn var framkvæmdastjórinn farinn. Afleiðingin var sú að samband stjórnar við grasrótina dofnaði og hreyfingunni hnignaði. Úr þessu rættist ekki fyrr en með ráðningu Sigurðar Geirdals árið 1970.

Með fullri virðingu fyrir Eiríki J. Eiríkssyni og störfum hans má fullyrða að þegar sami maður hefur forystu í landssamtökum í þrjá áratugi fer að gæta stöðnunar. Sú var raunin með Ungmennafélag Íslands þegar komið var fram á sjöunda áratuginn. UMFÍ hafði dregist aftur úr. Það var orðið gamaldags að vera ungmennafélagi. Mörg ungmennafélög störfuðu vel, en þeim fór fækkandi þótt landsmönnum fjölgaði sífellt. Þó keyrði um þverbak árið 1969. Þá hafði starfandi ungmennafélögum fækkað um nærri 60 á fjórum árum. Eiríkur formaður unni ungmennafélagunum heils hugar en virtist orðinn værukær og átti ekki andsvar við þessari þróun. Nú þurfti nýja menn og nýjar hugmyndir. Nýtt afl sem leitaði hreyfinguna uppí, tók í hönd hennar og leiddi á framfarabraut. Slíkur maður var Hafsteinn Þorvaldsson. Hann var kjörinn ritari UMFÍ árið 1965 og tók svo við formennskunni á þingi sambandsins á Laugum 22. júní 1969. Þá var kosið milli hans og gjaldkerans, Valdimars Óskarssonar. Valdimar hlaut þriðjung atkvæða og brá ekki meira en svo við úrslitin að hann hélt áfram störfum sem meðstjórnandi. Þar með var Hafsteinn Þorvaldsson orðinn formaður UMFÍ með góðan stuðning hreyfingarinnar í veganesti. Nýir tímar breytinga og framfara voru í vændum.



## 3. kafli

1969-1979

# Vængjum þöndum

### Fyrirliðinn Hafsteinn Porvaldsson

Hafsteinn Porvaldsson (f.1931) er fæddur í Hafnarfirði og ólst þar upp til fermingaráldurs. Þá fluttist hann með foreldrum sínum að Lambhúskoti í Biskupstungum og átti þar heima næstu þrjú árin. Árið 1950 flutti hann ásamt foreldrum sínum að Syðri-Gróf og Villingaholtshreppi. Fljótlega tók Hafsteinn við búskapnum í Syðri-Gróf og bjó þar til 1961. Þá fluttist hann að Selfossi þar sem hann hefur búið síðan og stundað ýmis störf. Hann var starfsmaður áhaldahússins í plássinu, lögreglumaður í nokkur ár og tryggingasölumaður um skeið til 1967. Þá gerðist hann framkvæmdastjóri sjúkrahússins á Selfossi og starfaði við það til starfsloka árið 1995.

Hafsteinn gerðist ungur handgenginn Sigurði Greipssyni skólastjóra í Haukadal og var fyrst meðal nemenda ípróttaskólans á útmánuðum 1946, þá 14 ára gamall. Veturinn eftir voru bræðurnir Eysteinn og Hafsteinn báðir meðal nemenda en þriðja veturinn 1947-1948 var Hafsteinn vetrarmaður hjá Sigurði, sá um búskapinn, og tók þátt í leikfimi og glímu með nemendum skólans. Vistin hjá Sigurði var Hafsteini mikill skóli og hann lærði fljótt að bjarga sér því Sigurður gerði strangar kröfur um afrakstur búsins en lét Hafstein alfarið um að finna út hvernig hann færi að hlutunum.

Snemma kom í ljós að Hafsteinn var til forystu fallinn og árið 1950 var hann orðinn formaður Ungmennafélagsins Vöku í Villingaholtshreppi, þá 18 ára gamall og nýfluttur í sveitina. Fyrirliði Vökumanna var hann í 11 ár og fór fyrir sigursælum flokki ípróttamanna félagsins. Þá var hann driffjöldur við byggingu félagsheimilisins Þjórsvævers sem vígt var 1959. Árið 1961 var hann kjörinn í stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins og var ritari þess til 1970. Hafsteinn tók þátt í að innleiða margar nýjungar í starfi Skarphéðins: Útgáfu fjölritaðra ársskýrslna, landgræðsluferðir, félagsmálakynningar og starfrækslu sumarþúða svo eitthvað sé nefnt. Hann tók að sér að vera framkvæmdastjóri hins fjölmenna og velheppnaða landsmóts UMFÍ á Laugarvatni 1965. Þrátt fyrir miklar annir gaf hann sér tíma til að þjálfa 120 manna sýningarhóp sem sýndi þjóðdansa á mótinu. Sýningin var hin fjölmennasta sem haldin hafði verið á landinu og þótti tilkomumikil.

Hafsteinn er minnisstæður sem fararstjóri úr mörgum ferðalögum HSK frá þessum árum. Hann hafði einstakt lag á því að skapa samheldni og góðan liðsanda innan hópsins. Þegar stundir gáfust var farið í leiki og slegið á léttu strengi. Á kvöldin tók hann upp gítarinn og þá hljómuðu skemmtilegir söngvar úr bækistöðvum Skarphéðinsmanna. Unglingavandamál og agaleysi voru víðs fjarri, allir hlýddu boðum fararstjórans því þetta var svo gaman.

Árið 1963 var Hafsteinn kjörinn í varastjórn UMFÍ og strax eftir áramótin 1964 fór hann að mæta á stjórnarfundum og var talsvert virkur í stjórninni eftir það. Á næsta þingi, 1965, tók Hafsteinn við ritarastöðunni og gegndi henni til þingsins á Laugum 1969 þegar hann var kjörinn formaður UMFÍ eftir kosningu á móti vini sínum, Valdimar Óskarssyni. Það undarlega gerðist að félagar Hafsteins, Skarphéðinsmenn, studdu hann ekki í formannskjöri og ekki heldur félagarnir Eiríkur J. Eiríksson og Sigurður Greipsson. Viðbára þeirra var að þeir vildu fá mann sem hefði meiri menntun til að bera. Þingheimur tók ekkert mark á þessari hugmyndafræði og kaus Hafstein með yfirburðum. Þeir Valdimar höfðu bundist fastmælum að gefa kost á sér í stjórnina hvor sem yrði formaður og Valdimar sat í stjórn með honum næstu fjögur árin.



*Hafsteinn Porvaldsson  
formaður UMFÍ 1969 til  
1979.*

Eitt fyrsta verk Hafsteins á formannsstóli var að ráða Sigurð Geirdal til starfa sem framkvæmdastjóra UMFÍ. Það reyndist gæfuspor því Sigurður var ötull starfsmaður og þeir Hafsteinn mynduðu tvíeyki sem hratt af stað mikilli sóknarbylgju ungmennafélagshreyfingarinnar. Hún tók stakkaskiptum, félagsmönnum fjölgaði stórlega og mikill fjöldi félaga og sambanda sem hafði sofið vært vaknaði nú af blundi og tók til starfa. Hafsteinn lagði áherslu á að mæta á þing héraðssambanda og var vakinn og sofinn í ferðalögum til að heimsækja liðsmenn hreyfingarinnar um allt land á stjórnartíma sínum fyrir UMFÍ.

Hafsteinn naut óskoraðs trausts í störfum fyrir ungmennafélagshreyfinguna en árið 1979 ákvað hann að standa upp úr formannssætinu, þá maður á besta aldri, og snúa sér að öðrum verkefnum. Hann sat í sveitarstjórn á Selfossi í 14 ár, þar af formaður bæjarráðs um tíma. Þá sat hann í ótölulegum fjölda stjórna, nefnda og ráða á vegum UMFÍ, ríkis, sveitarfélaga og Framsóknarflokksins og var meðal annars varaþingmaður eitt kjörtímabil.

Hafsteinn er hávaxinn, stæltur og íþróttamannslega vaxinn, hvatlegur í framgöngu og sópar að honum. Hann var liðtækur frjálsíþróttamaður og glímumaður á yngri árum og kenndi íþróttir, leikfimi og dans víðsvegar um Suðurland á vegum HSK. Hann er rómaður ræðumaður og hefur oft tekist að hrífa áheyrendur með eldheitum hvatningarræðum svo menn máttu vart sætum halda. Sannfæringarkraftur hans er mikill og hann átti auðvelt með að laða fólk til samstarfs enda alla tíð baráttumaður góðra málefna.

Hafsteinn kvæntist ungur Ragnhildi Ingvarsdóttur frá Hvítárþakka í Biskupstungum. Þau eignuðust fimm börn sem öll hafa verið meðal keppenda á landsmótum og mörg þeirra afreksfólk í íþróttum. Hafsteinn og Hildur voru oft nefnd í sömu andrá því þau voru einstaklega samrýmd hjón og fylgdust að hvort sem var í ferðalögum fyrir ungmennafélagshreyfinguna innan lands og utan eða í skauti fjölskyldunnar. Hildur var sérlega handlagin og listfeng kona og ung naut hún slíks álits að henni var boðið að gerast húsmæðrakennari en valdi að verða húsfreyja í sveit við hlið Hafsteins.

Hún starfaði í mörg ár hjá Sjúkrahúsi Suðurlands og síðast á skrifstofu þess við hlið Hafsteins. Þegar fór að hægjast um í félagsmálum hjá Hafsteini var það Hildur sem lét að sér kveða á þeim vettvangi. Eftir að hafa tekið þátt í kröftugu félagsmálanámskeiði hjá Margréti Frímannsdóttur gerðist hún meðal annars formaður Kvenfélags Selfoss og sat um skeið í stjórn Sambands sunnlenskra kvenna. Þegar þau Hafsteinn hættu störfum fyrir áratug létu bæði til sín taka í Hörpukórnum, kór eldri borgara á Selfossi. Hildur hafði fallega og mikla söngródd og söng oft einsöng með kórnum. Síðustu tvö æviárin kenndi hún vanheilsu og lést eftir stutta sjúkrahúslegu í desember 2006.

Hafsteinn hefur tekið að sér ýmis verkefni fyrir ungmennafélagshreyfinguna á síðari árum og er alltaf reiðu-búinn að bregðast við þegar á þarf að halda. Hann var sæmdur nafnbót heiðursfélaga hjá Ungmennafélaginu Vöku 1962, hjá Skarphéðni 1970 og UMFÍ 1979.<sup>2</sup>

## Sigurður Geirdal kemur til sögunnar

Hinn 6. mars 1970 var Sigurður Geirdal ráðinn til fullra starfa hjá UMFÍ sem „félagsfulltrúi UMFÍ“ þó auðvitað væri hann framkvæmdastjóri og ekkert annað.<sup>3</sup> Með tilkomu hans lauk fimm ára tímabili sem einkenndist af tíðum manna-breytingum í starfsmannahaldi og tilsvarandi lausa-tökum á verkefnum hreyfingarinnar, sem gerðu erfitt fyrir um alla stefnumótun. Nú var líka kominn til sögunnar nýr formaður, Hafsteinn Þorvalds-son. Saman áttu þeir eftir að leiða UMFÍ til móts við nýja tíma. Eftir kyrrstöðutímabil komst hreyfing á hlutina og nýtt líf færðist í hreyfinguna með nýjum verkefnum. Fróðlegt er að heyra frásögn Hafsteins Þorvaldssonar af því hvernig ráðningu Sigurðar bar að. Hafsteinn segir svo frá:

Þegar búið var að kjósa mig sem formann og ég kominn með nýja stjórn þá var ég alveg ákveðinn í að ráða starfsmann. Þá hafði ég nýverið lesið grein í *Skinfaxa* eftir einhvern mann sem hét Sigurður Geirdal. Mér líkaði hún svo vel að ég fór að spyrjast fyrir um þennan mann. Mér var sagt meðal annars að hann væri hörkuduglegur en síðast þegar menn vissu vann hann hjá Vestfirsku harðfisksölunni við að pakka harðfiski. Ég fór þangað og hitti þennan mann og fannst hann nú ekkert mikill fyrir mann að sjá. Ég bað hann að tala við mig og sagði honum hreint út að ég sé nú bara kominn til að falast eftir honum sem framkvæmdastjóra UMFÍ. Það datt af honum andlitið og hann spurði mig hvernig í ósköpunum mér hefði dottið þetta í hug. Þá vitnaði ég í





Sigurður Geirdal vakti athygli Hafsteins Þorvaldssonar með grein í *Skinfaxa*.

Þessa grein í *Skinfaxa* og sagði honum að sú hugsun sem þarna kæmi fram væri mér að skapi og við hlytum að ná vel saman í málefnum UMFÍ.<sup>4</sup>

Það varð úr að Sigurður sló til og kom til UMFÍ. Þá var nýbúið að fá rúmþetra húsnæði fyrir sambandið á Klapparstíg 16 hjá fyrirtækinu Lúðvíg Storr. Svo var skrifstofustúlka ráðin því nú voru stjórnarmenn ákveðnir í því að skrifstofan skyldi alltaf vera opin og ungmennafélögum til þjónustu reiðubúin á skrifstofutíma. Þetta var upphaf þess að hægt var að aðstoða héraðssamböndin við ýmis verkefni, skýrslur og skjöl. Þetta kom sér vel því mörg þeirra höfðu engan starfsmann sjálf, aðeins stjórnarmenn sem unnu verkin í sjálfböðavinnu misjafnlega vanir skrifstofustörfum.

Þeir Sigurður og Hafsteinn spöruðu hvorki tíma, fé né fyrirhöfn ungmennafélagshreyfingunni til handa. Hafsteinn Þorvaldsson sagði síðar að góður framkvæmdastjóri þyrfti að vera mörgum hæfileikum búinn en tvennt væri þó mikilvægast, hæfni í mannlegum samskiptum og kunnátta í meðferð fjármuna. Þetta hafði Sigurður hvort tveggja til að bera að viðbætti ómældri vinnugleði og þori til að takast á við ný og áhugaverð verkefni. Hafsteinn bætti við:

Í 40 ára félagsmálastarfi mínu hjá ungmennafélagunum hef ég eignast marga góða vini og samstarfsmenn, en Sigurður Geirdal hefur þar nokkra sérstöðu, og hann er sá eini sem oftast hugsaði hlutina eins og ég, – eða kannske var það öfugt. Hvað sem því líður reyndist okkur sameiginlega, nokkuð auðvelt að fá féлага okkar til að starfa með okkur, endurskipuleggja og sækja fram. Allt sem til þurfti var tími, fé og fyrirhöfn, sem því miður allt of fáir eiga, eða mega sjá af.<sup>5</sup>

## Haldið vökunni, ungmennafélagar

Á ritstjórnartíð sinni ritaði Eysteinn Þorvaldsson margar gagnmerkar leiðaragreinar í *Skinfaxa* undir samheitinu Samtíð og framtíð. Stundum skrifuðu félagar úr hreyfingunni stuttar greinar undir þessum lið og í desemberhefti blaðsins árið 1969 birtist slík grein eftir Sigurð Geirdal með sömu fyrirsögn og hér að ofan. Það var þessi grein sem vakti athygli Hafsteins Þorvaldssonar og varð til þess að Sigurður var ráðinn til starfa sem framkvæmdastjóri UMFÍ. Hér kemur greinin:

Þegar ungmennafélögin voru stofnuð af mikilli bjartsýni og miklum dugnaði var megin markmið þeirra túlkað með orðunum „Ræktun lýðs og lands,“ en ædsta boðorðið ef svo má að orði komast var „Íslandi allt.“ Þá voru ungmennafélögin vettvangur mikillar þjóðmálabaráttu og mikillar vakningar meðal vormanna Íslands. Þá spönnuðu þau yfir flestalla þætti í félagsmálastarfi ungs fólks.

Nú hin seinni ár hefur starfsemi ungmennafélaganna aðallega beinst að einum þætti, það er íþróttunum. Ber eflaust margt til, félög ungs fólks um hin ýmsu áhugamál þess eru til dæmis allmiklu fleiri nú en áður og einnig það að starfssvið ungmennafélaganna mótast að sjálfsögðu eftir áhugamálum fólks á hverjum tíma.

Nú er það ekki svo að ég telji íþróttirnar á nokkurn hátt óverðugt verkefni fyrir ungmennafélögin, síður en svo. Við þurfum ekki annað en að kynna okkur íþróttastarfsemina í dreifbýlinu og minnast landsmótanna til þess að sjá hversu ómetanlegt starf ungmennafélagin hafa unnið fyrir íþróttæsku Íslands. Þó skulum við staldra hér við. Með orðunum „Ræktun lýðs“ er ekki eingöngu átt við líkamsrækt heldur miklu meira.

Hugarkuldinn og spennan sem stórborgarlíf og hraði atómaldar færir okkur kallar vissulega á þjóðleg hugsjónafélög og vandamál íslensku þjóðarinnar í dag kalla vissulega á ungmennafélögin til starfa. Það er þörf á nýrri vakningu þegar umræður manna á milli eru farnar að snúast um landflotta, unglíngavandamál, náttúruspjöll af



*Sigurfinnur Sigurðsson við kennslustörf í Félagsmálaskóla UMFÍ.*

mannavöldum eða hvort selja eigi eða leigja erlendu hervaldi hluta af Íslandi. Þetta eru allt málefni sem ungmennafélögin eiga svör við. Þessi mál og ótal mörg önnur kalla á breiðfylkingu ungra manna og kvenna sóma Íslands til varnar. Þá breiðfylkingu geta ungmennafélögin skapað.

Menn hafa oft sagt við mig þegar þessi mál ber á góma: „Þú veður villu og reykt, ungmennafélögin skipta sér ekki lengur af þjóðmálum. Þeirri baráttu er lokið og neistinn er kulnaður.“ Þessu vil ég svara hér. Neistinn er ekki kulnaður, hann er ennþá til. Það hefur árangursríkt og mannbætandi starf ungmennafélaganna um land allt sýnt okkur á undanförunum árum. Þjóðmálabaráttu ungmennafélaganna á heldur ekki að vera lokið. Henni getur aldrei lokið hjá félagasamtökum sem völdu sér boðorðið „Íslandi allt.“<sup>6</sup>

## Félagsmálaskólinn

Þegar Hafsteinn Þorvaldsson varð formaður UMFÍ árið 1969 hafði lengi verið umræða um að mikil þörf væri á félagslegu átaki innan ungmenna-

félaganna. Hjá mörgum þeirra ríkti deyfð og doði og sum virtust liggja í dauðadái. Stjórnarmönnum UMFÍ var fullljóst að það er ekki sjálfgefið að leiðtogar félaganna stökkvi fullskapaðir inn á vettvang félagslífsins og taki þar til starfa. Hægt var að leiðbeina þeim með margvíslegum hætti og stjórnarmenn voru staðráðnir í að láta nú rætast hinn gamla draum um félagsmálaskóla UMFÍ. Liðin voru 12 ár síðan samþykkt var á þingi UMFÍ að stofna félagsmálaskóla ungmennafélaganna en síðan hafði ekkert gerst.<sup>7</sup>

Á sambandsþingi UMFÍ sem haldið var á Laugum í Þingeyjarsýslu í júní 1969 hófust verulegar umræður um félagsmálakennslu innan ungmennafélaganna. Höskuldur Goði Karlsson kennari sagði frá starfrækslu leiðbeinendaeildar við héraðsskólann í Reykholti síðastliðinn vetur sem var valgrein nemenda. Helsta vandamál deildarinnar var skortur á góðu námsefni á íslensku. Þingið samþykkti að

UMFÍ hefjist þegar handa með athugun á stofnun og starfrækslu félagsmálaskóla sem hafi það að markmiði að þjálfa unga menn og konur til þess að taka að sér félagslega uppbyggingu meðal æskulýðs í landinu.<sup>8</sup>

Nýkjörin stjórn lét það ekki lengi dragast að koma hinum fyrirhugaða félagsmálaskóla UMFÍ á fót. Strax um haustið var Hafsteinn farinn að skipuleggja starfsemi skólans og las upp drög að reglugerð hans á stjórnarfundum 6. mars 1970. Kjarni hennar var að skólinn var starfræktur í námskeiðsformi og námsgreinar hans voru: Fundarstjórn og fundarreglur, framsögn og mælska, uppbygging félaga og félagasamtaka og annað sem að gagni mátti koma í frjálsu félagsstarfi. Sérstaklega skyldi fjalla um starf og skipulag UMFÍ og viðfangsefni ungmennafélaganna.<sup>9</sup> Stjórn UMFÍ var um leið skólanefnd skólans og formaðurinn samdi í snatri nokkra kennsluþætti til að nota á námskeiðum hans. Sigurfinnur Sigurðsson frá Selfossi var til að byrja með yfirkennari skólans.

Hér var unnið hratt og það merkilega var að þegar Hafsteinn kynnti reglugerð skólans var þegar búið að halda fyrsta námskeiðið. Það fór fram helgina 21.-22. febrúar 1970 og var haldið í húsnæði íþróttaskólans í Haukadál. Þátttakendur voru nemendur skólans. Staðarvalið var engin tilviljun heldur var frumraun skólans haldin í Hauka-



*Nemendur Haukadalskóla voru þátttakendur í fyrsta námskeiði Félagsmálaskóla UMFÍ í febrúar 1970. Hér eru Sigurfinnur Sigurðsson og Hafsteinn Þorvaldsson ásamt Sigurði Greipssyni og nemendum hans að loknu námskeiðinu.*

dalsskóla í virðingar- og þakklætisskyni við skólastjóran, Sigurð Greipsson, „sem um áratugi hefur þjónað hugsjónum íslensku ungmennafélagshreyfingarinnar af einstakri alúð og orku,“ eins og Hafsteinn Þorvaldsson orðaði það við setningu námskeiðsins en hann var reyndar annar af tveimur kennurum skólans í upphafi ásamt Sigurfinni Sigurðssyni.<sup>10</sup>

Næsta námskeið skólans var haldið í Njarðvík í félagsheimilinu Stapa á útmánuðum 1970. Það var með nokkuð öðru sniði því kennt var eitt kvöld í viku í fimm vikur samfleytt. Nemendur voru 24 frá öllum fjórum ungmennafélögum á Suðurnesjum; Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur og Þrótti á Vatnsleysuströnd.<sup>11</sup> Fleiri urðu námskeiðin ekki fyrsta veturinn en upphafið lofaði góðu.

Á sambandsráðsfundi haustið 1970 hélt Hafsteinn Þorvaldsson framsöguræðu um Félagsmálaskólann og kynnti þessa nýjung fyrir liðsmönnum hreyfingarinnar. Í lok ræðu sinnar sagði Hafsteinn:

Góðir félagar það er sannfæring mín að hér sé hleypt af stokkunum einu gagnmerkasta

máli sem ungmennafélags-hreyfingin hefur tekið sér fyrir hendur að framkvæma. Það er því mikils um vert að vel takist til um framkvæmd alla.

Þörfin er mjög brýn og eins og áður getur ein-skorðast hún ekki við okkar félagsskap þótt mál-efni ungmennafélags-hreyfingarinnar verði þar jafnan í öndvegi.<sup>12</sup>

Veturinn 1970-1971 voru haldin þrjú námskeið sam-tímis í skólanum; í Kennarskólanum, í Gnúpverjahreppi og í Íþróttakennaraskóla Íslands. Svokölluð félagsmála-kynning var haldin í Skóga-skóla, hjá Kiwanisklúbbi Sel-foss og hjá Kvenfélagi Hruna-manna. Sigurfinni Sigurðs-syni til aðstoðar voru stjórnar-menn UMFÍ, Hafsteinn

Þorvaldsson og Sigurður R. Guðmundsson, og Sigurður Geirdal framkvæmdastjóri.<sup>13</sup> Sem fyrr segir myndaði stjórn UMFÍ til að byrja með stjórn Félagsmálaskólans sem fljótlega var breytt í fræðslunefnd skólans. Í henni sátu upphaflega Hafsteinn Þorvaldsson og Valdimar Óskarsson ásamt Sigurfinni Sigurðssyni en undir vor 1972 var Sigurður R. Guðmundsson kominn í stað Sigurfinns.

Fljótlega varð eftirspurn eftir félagsmála-námskeiðum skólans meiri en svo að takmarkaðir kennslukraftar og fjármunir UMFÍ dygðu til. En það var víðar en innan UMFÍ sem menn voru að vakna til vitundar um mikilvægi félagsmálanna. Hinn 27. maí 1970 voru sett lög frá Alþingi um æskulýðsmál. Samkvæmt lögnum var stofnað svonefnt Æskulýðsráð ríkisins (ÆRR). Það skyldi meðal annars gera tillögur um fjárveitingar ríkisvaldsins til æskulýðsmála og vera stjórnþeki til að virkja og samræma sjálfbodastarf æskulýðs-félaga. Hafsteinn Þorvaldsson var kjörinn í fyrstu stjórn samtakanna sem var náttúrlega ekki ónýtt fyrir UMFÍ. Samkvæmt fyrrnefndum lögum var gert ráð fyrir að ÆRR héldi leiðtoganámskeið á kostnað ríkissjóðs og styrkti sumarbúðastarf.<sup>14</sup>





*Þátttakendur á öðru félagsmálanámskeiði Félagsmálaskólans í Njarðvík 1970. Fyrir miðju sitja kennarar skólans Hafsteinn Þorvaldsson og Sigurfinnur Sigurðsson og annar frá hægri í efri röð er Sigurður Geirdal.*

Margt fleira var í þeim að finna sem gaf góð fyrirheit um framtíðina í þessum málum.

Nú fékk Félagsmálaskólinn byr undir báða vængi og farið var að huga að gerð námsefnis fyrir leiðtoga sem síðan gætu orðið kennarar á félagsmálanámskeiðum. Ákveðið var að skipta námsefninu í tvennt. Í fyrsta lagi menntun félagsleiðtoga og í öðru lagi menntun íþróttaleiðtoga. Fljótlega hóf fræðslunefnd UMFÍ í samstarfi við ÆRR að búa til námsefni um menntun félagsleiðtoga sem það síðarnefnda gaf síðan út undir heitinu Félagsmálanámskeið I og II. Á sama hátt vann ÍSÍ námsefni um menntun íþróttaleiðtoga ásamt ÆRR.

Það var síðan dagana 26.-29. október 1972 sem haldið var námskeið fyrir væntanlega félagsleiðtoga í Leirárskóla í Borgarfirði, hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Námskeiðið var haldið í samvinnu ÆRR, UMFÍ og ÍSÍ og framkvæmdastjóri þess var Reynir G. Karlsson, nýráðinn æskulýðsfulltrúi ríkisins, sem var stöðuheiti framkvæmdastjóra ÆRR. Þátttakendur voru 42 talsins, þar af 22 frá UMFÍ og 20 frá öðrum æskulýðssamtökum. Þátttakendur UMFÍ voru þungavigtarmenn en enginn þeirra taldi sig of hátt settan til að vera með, meira að segja formaður

UMFÍ og framkvæmdastjóri voru á meðal nemenda. Þetta var hópur eldri og yngri félagsmálanna hvaðanæva að af landinu. Margir voru bæði þá og síðar landskunnir og til fróðleiks kemur hér nafnalistinn:

- |     |                          |       |
|-----|--------------------------|-------|
| 1.  | Hólmbert V. Friðjónsson  | Umf.K |
| 2.  | Guðmundur Gíslason       | UMSK  |
| 3.  | Klemenz Halldórsson      | UMSB  |
| 4.  | Guðmundur Sigurmonsson   | HSH   |
| 5.  | Unnar Þór Böðvarsson     | HHF   |
| 6.  | Magnús Ólafsson          | USAH  |
| 7.  | Ingimundur Ingimundarson | UMSS  |
| 8.  | Valdimar Bragason        | UMSE  |
| 9.  | Þóroddur Jóhannsson      | UMSE  |
| 10. | Arnaldur Bjarnason       | HSP   |
| 11. | Niels Árni Lund          | UNP   |
| 12. | Helgi Jóhann Þórðarson   | UÍA   |
| 13. | Sigvaldi Ingimundarson   | USÚ   |
| 14. | Karl Eysteinn Rafnsson   | USÚ   |
| 15. | Helgi Gunnarsson         | USVS  |
| 16. | Jóhannes Sigmundsson     | HSK   |
| 17. | Guðmundur Guðmundsson    | HSK   |
| 18. | Hafsteinn Þorvaldsson    | UMFÍ  |
| 19. | Sigurfinnur Sigurðsson   | UMFÍ  |
| 20. | Pétur Einarsson          | UMFÍ  |



21. Sigurður Geirdal UMFÍ  
 22. Sigurður R. Guðmundsson UMFÍ<sup>15</sup>

Margir úr þessum væna hópi leiðbeindu á námskeiðum út um landið næstu árin. Það næsta sem gerðist var að ÆRR lét boð út ganga um að það myndi styrkja hvert félagsmálanámskeið ef það stæði lengur en 15 tíma, kennarinn væri viðurkenndur, og þátttakendur ekki færri en átta talsins. Á þessu fjórða starfsári Félagsmálaskóla UMFÍ hljóp nú mikill fjörkippur í starfsemi og haldin voru 16 námskeið með ekki færri en 300 nemendum.<sup>16</sup> Afleiðingin var aukin starfsemi félaga og héraðssambanda og nú fór í vöxt að þau færu að ráða til sín launaða starfsmenn. Oftast voru þetta framkvæmdastjórar sem störfuðu yfir sumartímann meðan umsvifin voru mest.

Sumarið 1974 var svo komið að átta framkvæmdastjórar voru að störfum innan hreyfingarinnar en voru sárafaðir nokkrum árum áður. UMFÍ ákvað því að efna til þriggja daga námskeiðs fyrir þessa menn í upphafi sumars. Það var haldið í Leirárskóla 4.-6. júní og sóttu það sjö starfandi framkvæmdastjórar. Þetta var þeim góður bakstuðningur því sumir voru nýliðar þótt aðrir væru reynsluboltar. Mikil ánægja og samheldni ríkti meðal þátttakenda með námskeiðið og áður en við var litið höfðu þeir stofnað FFU, Félag framkvæmdastjóra ungmennafélaganna. Formaður var kosinn Guðmundur Gíslason UMSK, ritari Guðmundur Guðmundsson HSK og gjaldkeri Ingimundur Ingimundarson HSH. FFU var fremur óformlegt félag en starfaði vel til að byrja með. Ekki þótti nýliðunum verra að fá góð ráð hjá reynslumeiri mönnum innan félagsins og þá var verið að hlera hvað menn hefðu í laun og hvernig þeir leystu málin. Félagið hætti störfum hægt og hljótt eftir nokkur ár enda var þá reynslan farin að dreifast á margar hendur og þörfin á því kannski ekki eins mikil og í byrjun.<sup>17</sup>

Öll þessi leiðbeindanámskeið gerðu það að verkum að félagsmálakennurum fjölgaði dag frá

degi ef svo mátti segja. Í ársbyrjun 1975 birti Félagsmálaskólinn lista þar sem taldir voru upp heilir 68 kennarar innan 16 héraðssambanda. Aðeins þrjú sambönd og fimm félög með beina aðild stáðu ekki af neinum slíkum félagsmálagarpi en það stóð þó allt til bóta.<sup>18</sup> Stundum gætti miskilnings í upphafi um eðli námskeiðanna. Sumir álitu að þetta væru fyrst og fremst námskeið í ræðumennsku þar sem mönnum væri kennt að rífa kjaft!<sup>19</sup>

Margir þjóðkunnir einstaklingar hófu félagsmálaferil sinn innan ungmennafélaganna. Þar má nefna Margréti Frímansdóttur alþingismann sem um tvítugsaldur fór á námskeið í ræðumennsku og fundarsköpum sem haldið var á vegum Ungmennafélags Stokkseyrar. Henni líkaði þetta svo vel að hún ákvað að sækja einnig leiðbeindanámskeið hjá Félagsmálaskólanum í sömu grein. Í kjölfarið tók hún að sér að leiðbeina hjá skólanum á nokkrum námskeiðum, ekki síst hjá sveitarstjórnnum. Margrét ferðaðist um Suðurland ásamt nokkrum hópi leiðbeinenda og taldi sig hafa lært mikið af því að vinna með fjölbreytilegum hópum og síðast en ekki síst var þetta bráðgaman.<sup>20</sup>

Frá upphafi var stjórn UMFÍ skólanefnd skólans en í nóvember 1978 var sett sérstök fimm manna skólanefnd undir forystu Guðmundar Guðmundssonar frá Vorsabæjarhjáleigu sem hafði starfað lengi að félagsmálum hreyfingarinnar og staðið fyrir mörgum námskeiðum. Guðmundur var þá jafnframt skólastjórinn en aðrir nefndar-



Hluti þátttakenda á fyrsta leiðbeindanámskeiði ÆRR, UMFÍ og ÍSÍ í Leirárskóla í október 1972.



*Frá leiðbeinendanámskeiði ÆRR og UMFÍ í Reykjavík 1980. Stjórnendur voru Guðmundur Guðmundsson skólustjóri Félagsmálaskóla UMFÍ og Reynir Karlsson æskulýðsfulltrúi ríkisins.*

menn voru Arnaldur Bjarnason á Fosshóli, Diðrik Haraldsson á Selfossi, Hafsteinn Þorvaldsson á Selfossi og Ólafur Oddsson í Kópavogi. Frá stofnun og fram til þess tíma hafði skólinn staðið fyrir alls 179 félagsmálanámskeiðum með samtals 2.900 þátttakendum. Lokaorð hins nýja skólustjóra í skýrslu sambandsins sem gefin var út á ársþingi þess árið 1979 voru eftirfarandi:

Ungmennafélögin hafa með réttu verið kölluð félagsmálaskóli þjóðarinnar. Þegar UMFÍ stofnaði formlegan félagsmálaskóla fyrir tæpum áratug var því í raun ekki um nýtt starfssvið að ræða, heldur var verið að aðlaga gamlan starfsþátt breyttum aðstæðum. Fræðslustarf Félagsmálaskóla UMFÍ hefur skilað góðum árangri bæði innan ungmennafélaganna og utan. Ungmennafélögin þurfa að kosta kapps um að gera skólann sinn ætíð sem best í stakk búinn til að starfa í samræmi við sett markmið.<sup>21</sup>

## Útbreiðsluherferðir

Nokkru eftir að séra Eiríkur J. Eiríksson hafði látið af formannsstörfum fyrir UMFÍ mætti hann á samkomu hjá sambandinu. Tónninn í máli sumra

ræðumanna var sá hversu lágt risið hefði verið á UMFÍ undir lokin á formannstíma hans. Séra Eiríkur var ágætur húmoristi og nú stóð hann upp og hóf ræðu sína með þessum orðum: „Kæru félagar. Mikið hefur þessi hreyfing verið sterk að mér skyldi ekki takast að drepa hana!“<sup>22</sup> En öllu gamni fylgir nokkur alvara og vissulega var þörf á átaki til að endurvekja hreyfinguna um þetta leyti.

Þing UMFÍ sem haldið var á Laugum í Reykjadal 21.-22. júní 1969 var sannkallað tímamótþing. Ekki einasta urðu formannskipti, heldur voru ungmennafélagar staðráðnir í að hefja stórsókn í útbreiðslumálum hreyfingarinnar sem ekki veitti af. Hinn nýi formaður, Hafsteinn Þorvaldsson, var ólgandi af starfsgleði og nýjum hugmyndum og strax á fyrsta stjórnarfundum eftir þingið lýsti hann því yfir að hann hefði „allgóðan tíma til erindreksturs.“<sup>23</sup> Bæði hann og varaformaðurinn, Guðjón Ingimundarson, höfðu fyrr á árinu farið útbreiðsluferðir um landið með góðum árangri. Guðjón ferðaðist um Norður- og Vesturland og skilaði skriflegri skýrslu um fundi sína með forystumönnum félaganna á þessum svæðum. Guðjón taldi sig hitta þarna fyrir vakandi og trausta menn sem vildu starfa dyggilega og bætti við:

Sömuleiðis er mér ljóst að á sumum stöðum varð koma mín til að örva forystu héraðssambandanna til aukins félagslegs starfs. Hitt er mér einnig ljóst að það er ekki nóg. Til þess að varanleg hreyfing komist á þessi mál, og starf sumra sambandanna, þarf þrotlaust aðhald og aðstoð við stjórnir sambandanna.<sup>24</sup>

Hafsteinn Þorvaldsson, þáverandi ritari UMFÍ, fór um Suðurnes og Vestur-Skaftafellssýslu. Á síðarnefnda svæðinu hafði héraðssambandið dagað uppi og lítið fór fyrir starfsemi þess og margra félaganna síðustu árin. Á ferð sinni ræddi Hafsteinn við tvær tylftir ungmennafélaga og áhugamanna og lagði grunninn að þeirri endurreisn sem varð í sýslunni skömmu síðar.<sup>25</sup>

Seinna um sumarið heimsótti Hafsteinn Eyfirðinga, þá nýorðinn formaður UMFÍ, og sagði starfsemi þeirra með miklum blóma. Einnig flutti hann hátíðarræðuna á Sumarhátíð UÍA í Atlavík um verslunarmannahelgina.<sup>26</sup> Á stjórnarfundum 10. janúar 1970 sem haldinn var á Sauðárkróki var



*Hluti þátttakenda á framkvæmdastjóranámskeiði Félagsmálaskólans vorið 1980. Frá vinstri: Einar Magnússon HSK, Sæmundur Runólfsson USVS, Guðni Einarsson USVS, Þórir Snorrason UMSE, Ingimundur Ingimundarson UMSB, Dóra Gunnarsdóttir UÍA og Jón Guðjónsson HVÍ.*

skráð í fundargerð eftirfarandi klausa sem réttilega má kalla leiðarljós stjórnarinnar í útbreiðslumálum:

Mikið var rætt um að reyna að auka tengsl við ungmennafélögin og vinna að endurvakningu félaga sem af ýmsum ástæðum eru lítt eða ekki starfandi. Var stjórnin sammála um að stuðla að bótum á þessu með því að styrkja og styðja allt starf heima fyrir í þessa átt bæði með fjármagni og upplýsingum, svo og persónulegu sambandi.<sup>27</sup>

Eftir þessu var trúlega farið og nú brettu stjórnarmenn upp ermarnar og tóku til starfa.

Fyrsta skrefið var að útvega betra húsnæði fyrir skrifstofu UMFÍ. Aðsetur þess í Lindarbæ var ekki upp á marga fiska en nú var tekið á leigu ágætt húsnæði á Klapparstíg 16. Þegar við bættist að kominn var til starfa framkvæmdastjóri í fullu starfi ásamt skrifstofustúlku sem vann hálfan daginn var hægt að taka viðfangsefnið fastari tökum.<sup>28</sup> Veturinn 1969-1970 varð til sú vinnuregla að fulltrúar UMFÍ skyldu mæta á hvert einasta ársþing héraðssambanda innan sambandsins. Oftast voru það formaður og framkvæmdastjóri

en stundum þeir stjórnarmenn sem bjuggu næst heimaslóðum viðkomandi sambands.

Hinn 20. júní 1970 voru stjórnarmenn viðstaddir stofnun nýs ungmennafélags í Vík í Mýrdal og daginn eftir var Ungmennasamband Vestur-



*Hafsteinn Þorvaldsson og Guðjón Ingimundarson lögðu sig alla fram í útbreiðsluferðum fyrir UMFÍ um 1970.*





*Það sópar að Hafsteini Þorvaldssyni í ræðustóli þegar hann heldur sínar hvatningarræður.*

Skaftafellssýslu endurvakið á fundi á Kirkjubæjar-klaustri en það hafði legið í dái um árabíl.<sup>29</sup> Þetta var bara byrjunin. Um haustið fóru fjórir filefldir í útbreiðsluherferð um Vesturland og Vestfirði. Það voru stjórnarmennirnir Hafsteinn Þorvaldsson, Gunnar Sveinsson og Sigurður R. Guðmundsson ásamt Sigurði Geirdal framkvæmdastjóra. Þeim varð allvel ágengt. Fyrst var fundað með ungmennafélögum á félagssvæði Ungmenna- og íþróttasambands Vestur-Barðastrandarsýslu sem ekki hafði starfað árum saman. Heimamenn höfðu fullan hug á því að endurreisa samband sitt og það var gert í febrúar árið eftir undir nafninu Hrafna-Flóki.<sup>30</sup> Þá var haldið að Núpi og fundað með stjórn Héraðssambands Vestur-Ísfirðinga sem hafði verið í lægð að undanförunu og ekki haldið héraðsmót í nokkur ár. Þar voru þó mörg félög starfandi og hétu nú bót og betrun. Aðeins voru nú tvö félög eftir af þeim fimm sem 20 árum fyrr mynduðu Ungmennasamband Norður-Breiðfirðinga. Næst voru Dalamenn heimsóttir og tóku þeir vel í að sameinast nágrönnum sínum norðan Breiðafjarðar. Af þeirri sameiningu varð nokkru síðar. Að lokum var litið inn til Strandamanna. Samband þeirra hafði jafnan starfað vel og var því fremur um kurteisheimsókn að ræða.<sup>31</sup> Ungmennafélag Bolungarvíkur bættist í hóp ungmennafélaga með beina aðild en Ungmennafélag Örnefa sem hafði verið með beina aðild gekk nú í Ungmennasambandið Úlfjót.<sup>32</sup>

Næsta stóráttak var árangursrík útbreiðsluferð sem farin var um hið víð-

lenda svæði UÍA sumarið 1973. Eftir hið glæsilega landsmót sem Austfirðingar héldu á Eiðum 1968 hafði hallað undan fæti innan sambandsins og þótti orðið tíðindum sæta ef UÍA átti mann í keppni eða fulltrúa á þingum hreyfingarinnar.<sup>33</sup> Forystumenn UÍA til margra ára, þeir Hermann Nielsson og Sigurjón Bjarnason, fengu formann og framkvæmdastjóra UMFÍ í lið með sér í viking um Austurland. Þeir fóru sveit úr sveit og urðu margs vísari um félögin og aðstöðu þeirra. Þessari einnar viku yfirreið lauk með ráðstefnu á Hallormsstað í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á Austurlandi, Kennarasamtök Austurlands og Ungmennasambandið Úlfjót í Austur-Skaftafellssýslu. Þar var kynnt sú vitneskja sem aflað hafði verið um félögin og stuðningur sveitarfélaganna ákveðinn í framhaldi af því. Það sem úrslitum réð var þó hversu vel heimamenn héldu á spöðunum í framhaldinu og festu starfseminu í sessi.<sup>34</sup>

Þá er ótalið að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri heimsóttu þessi árin héraðsþing allra sambandsaðila og lögðu sig fram um að skapa persónuleg tengsl og kynni við sem flesta forystumenn ungmennafélaga og héraðssambanda hvarvetna á landinu.<sup>35</sup>

Sigurður Geirdal og Hafsteinn Þorvaldsson áttu óteljandi ferðir á héraðsþingin. „Við Sigurður höfðum það oft þannig á þingunum að ég var með megnið af prógramminu, gaf svona rapport um stöðuna en oftast var það Sigurður sem átti lokaorðin. Og þá var það ósjaldan að hann kom með vísu í lokin.“ Þann 1. maí 1970 voru þeir félagar á þingi Þingeyinga á Stóruvöllum í Bárðardal. Þar var allt á kafi í snjó en vorhugur í heimamönnum.



*Forystumenn UÍA, Sigurjón Bjarnason og Hermann Nielsson skipulögðu mikla útbreiðsluferð um Austurland árið 1973.*



Þá orti Sigurður í kveðjuskyni við fundarlök:

Þakin snæ er þingeyisk grund  
þróttur vors er falinn.  
Kært við þökkum kynni og fund  
og kveðjum Bárðardalinn.<sup>36</sup>

Þeir félagar komu fyrstir, fóru síðastir og tóku fullan þátt í þingstörfum á hverjum stað. Það var dauður maður sem ekki hreifst með þegar eld-hugarnir Hafsteinn og Sigurður mættu á þingin með hvatningarræður sínar. Heimamenn fylltust nýjum þrótti til átaka og allt varð léttara. Það er því óhætt að segja að erindrekstur og útbreiðsla hreyfingarinnar hafi verið unnið með áhlaupi enda var það í góðu samræmi við hugarfar forkólfanna Sigurðar og Hafsteins sem oft sögðu einum rómi: „Það er bjart fyrir stafni og byr í seglum.“<sup>37</sup>

## Landgræðsla ungmennafélaga

Fróðir menn telja að meirihluti Íslands hafi verið gróinn við landnám. Helmingur af því gróurlendi voru skógar.<sup>39</sup> Nú er svo komið að gróin svæði ná aðeins yfir fjórðung landsins þannig að auðnin hefur stækkað um helming síðan á landnámsöld. Náttúruöflin, veðurfar, eldgos og jökulhlaup hafa átt sinn þátt í eyðingunni en íbúar landsins, menn og búfé, hafa þó átt mestan hlut að máli. Menn hjuggu skóginn til bygginga og eldiviðar og með honum hvarf það skjól sem hlífði lágvaxnari gróðri. Þá var landið berskjaldað fyrir ágangi búfjárins. Allar aldir frá landnámi hefur landið verið að renna undan fótum Íslendinga og fjúka á haf út. Þessi mikla gróðureyðing á sér fáar hliðstæður á norðurhveli jarðar. Nú standa víða naktar klappir þar sem áður voru graslendi og skógar.

Árið 1938 skrifaði Aðalsteinn Sigmundsson athyglisverða grein í *Skinfaxa* sem hann nefndi „Landvörn.“ Þar ritaði hann um hina átakanlegu gróðureyðingu landsins og benti á að hægt sé að snúa vörn í sókn gegn henni eins og gert hafi verið í Gunnarsholti á Rangárvöllum með landgræðslu á vegum ríkisins. Aðalsteinn lagði til að landsmenn sjálfir leggi þessu máli lið með sjálfböðavinnu því þetta séu þær landvarnir sem þeir eigi að sinna í bókstaflegum skilningi:

Þær landvarnir sem hér er á minnst eru aðkallandi þjóðarnauðsyn. ... Því skal freistað,

að vekja athygli ungmennafélaganna á þessu máli. Þau geta, ef þau vilja taka málinu verulegt tak, vakið þá áhugaöldu sem leiði til framkvæmda. Leiði til algerðrar stöðvunar ... þeirra sára, sem komin eru. Slíkt mundu óbornar kynslóðir áreiðanlega þakka vel.<sup>40</sup>

Hvatning Aðalsteins var rödd hrópandans í eyðimörkinni. Sá tími var enn ekki kominn að ungmennafélagar sinntu landgræðslustörfum. En í grein Aðalsteins var fólgin spádómur sem rættist þremur áratugum síðar.

Í *Skinfaxa* árið 1966 birtist viðtal Eysteins ritstjóra við Ingva Þorsteinsson magister sem þá stjórnaði gróðurrannsóknnum hjá Landgræðslu ríkisins. Viðtalið fjallaði um gróðurvernd og landgræðslu og vakti nokkra athygli. Ingvi taldi víst að allir landsmenn vildu snúa þróuninni við þannig að gróðurlendi Íslands tæki að stækka en héldi ekki áfram að minnka og sagði meðal annars:

Það sem Landgræðslunni kæmi bezt væri almennur stuðningur fólksins í sveitum landsins og ég þykist vita, að einmitt í dreifbýlinu beri fólk sérstaklega góðan hug til þessa máls eins og reynzla mín af kynnum við bændur hefur sýnt. Á sviði landgræðslu hefur verið unnið mikið starf á undanförnum árum. En æskilegast væri að unga fólkið gerði gróðurverndina og landgræðsluna að sínu áhugamáli. ... Uppi á öræfum landsins bíða eyðiflákarnir eftir vinnandi höndum.<sup>41</sup>

Þessi áskorun féll í góðan jarðveg hjá ungmennafélögum sem margir voru úr sveit og lifðu í nánú sambýli við náttúruna. Þeim rann blóðið til skyldunnar að skakka þennan ójafna leik gróðursins við eyðingaröflin. Fyrstir til að taka við sér voru liðsmenn Héraðssambandsins Skarphéðins. Þeir höfðu samband við Ingva Þorsteinsson og í nánú samstarfi við hann var síðan ákveðin landgræðsluferð félaga úr HSK inn á Biskupstungnafrétt 9.-10. júlí 1967. Þangað fór 30 manna hópur sem gekk rösklega til verks við að sá í jaðar rofsvæðis sem var eins og opið sár á margra kílómetra svæði. Allt gekk eins og í sögu og það var ausið rösklega úr áburðar- og fræfötum. Alls var sáð einni lest af grasfræi og dreift átta lestum af áburði.<sup>42</sup> Glatt var á hjalla eins og

## Áhlaupamaðurinn Sigurður Geirdal

Sigurður Ásgrímur Geirdal Gíslason (1939-2004) var fæddur í Grímsey og átti þar heima til sex ára aldurs. Þá fluttust foreldrar hans til Siglufjarðar og á þeim athafnasama stað dvaldist Sigurður fram eftir æskuárum. Hann fór í Héraðsskólann í Reykholti í Borgarfirði og lauk þaðan gagnfræðaprófi 1956. Premur árum síðar hafði hann lokið námi við Samvinnuskólann á Bifröst og fór þá í starfsnám í Hamborg og í Kaupmannahöfn 1961. Þar kynnti hann sér kjörbúðarekstur og gerðist svo verslunarstjóri hjá Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga á Hvammstanga 1960. Þá var hann verslunarstjóri hjá KRON í Kópavogi árin 1962-1968 og sölumaður hjá Vestfirsku harðfisksölunni árið 1969.



*Sigurður Geirdal framkvæmdastjóri UMFÍ 1970 til 1986.*

Árið 1970 fór Sigurður inn á nýjar brautir þegar hann réðst til starfa hjá UMFÍ fyrir áeggjan formannsins, Hafsteins Porvaldssonar. Skemmst er frá því að segja að Sigurður reyndist vera réttur maður á réttum stað og hann var framkvæmdastjóri UMFÍ allt til 1986, fyrst með Hafsteini sem formanni og síðar með æskuvini sínum Pálma Gíslasyni.

Sigurður og Hafsteinn náðu vel saman og undir þeirra stjórn varð ungmennafélags-hreyfingin á ný það sóknarafi sem sameinaði æsku landsins til góðra verka. Þeir fóru saman á þing og viðburði hreyfingarinnar um allt land og vöktu bjartsýnisbylgju hjá ungmennafélögum með hressilegri framkomu og hvatningarorðum. Endurreisnarstarf þeirra með tilkomu Félagsmálaskólans, markvissum erindrekstri og stórkvæmum erlendum samskiptum skilaði sér í meira en helmingsfjölgun félagsmanna á þeim áratug sem þeir störfuðu saman. Sú alda sem reis með tilkomu þeirra félaga er enn að hækka. Ekki var síðra samstarf þeirra Pálma Gíslasonar sem tók við formennsku UMFÍ 1979. Sigurður og Pálmi voru einstaklega samrýmdir og fylgdust að á mörgum sviðum í starfi og félagsmálum. Þá sem fyrr var bryddað upp á mörgum nýmælum og UMFÍ sigldi blásandi byr.

Sigurður kynntist miklum fjölda ungmennafélaga á óteljandi ferðum sínum um landið og hann er þeim öllum minnisstæður. Hann var á margan hátt einstakur maður í framgöngu. Tággrannur, næstum tálgaður. Leifrandi af lífsgleði, orðheppinn og hagamæltur, kvikur í hreyfingum og frá á fæti. Svo talaði hann líka mikið og hratt og fór ekki með veggjum. Hann var hinn brosmildi síglaði félagi sem alltaf átti góða sögu eða kastaði fram léttri vísu til að gleðja viðstadda. Sigurður var fljótur að skilja himnið frá kjarnanum og skýra flókin mál á einfaldan hátt þannig að allir skildu. Á vinnufundum hafði hann fyrir reglu að vera á móti öllum málum í byrjun til að skapa umræður. Hann var bjartsýnn og stórhuga og honum lét vel að starfa með fólki, var ætíð til viðtals og leitaðist við að leysa vanda hvers manns sem til hans leitaði.

Stundum henti það Sigurð að hrasa við altari vinguðsins en hann tókst á við það vandamál og losaði sig við samfylgd Bakkusar. Sigurður átti sér margar hliðar og mörg áhugamál, fleiri en hér verða talin. Á yngri árum var hann góður keppnismaður í frjálsíþróttum, glímu, sundi og júdó. Snarpur og fimur og ekki skorti keppnisskapið. Hann var maður ráðsnyll og ráðríkur og starfaði í 16 ár hjá UMFÍ. Þá þótti honum tímabært að flytja sig um set og hvarf til annarra starfa.

Sigurður settist í öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð og lauk þaðan stúdentsprófi árið 1980. Hann tók þá að nema við Háskóla Íslands og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur árið 1985 en var samtímis í fullu starfi hjá UMFÍ. Til að kóróna þetta allt saman byggði hann sér einbýlishús í Kópavogi meðan á námi stóð og vann þar manna mest sjálfur. Hvernig hann sinnti þessu öllu samtímis skildu fæstir en Sigurður var hamhleypa til vinnu, áhlaupamaður sem kom hlutunum í verk. Sjaldan kom það fyrir að námið né húsbyggingin kæmi niður á starfi hans hjá UMFÍ en skiljanlega var svefntíminn oft stuttur og sneyddist um samverustundir með fjölskyldunni. Eiginkona Sigurðar var Ólafía Ragnarsdóttir verslunarmaður og þau eignuðust fimm börn saman en áttu fyrir sitt hvort barnið. Ólafía var Sigurði mikill styrkur í því sem hann tók sér fyrir hendur og óvenjulega skilningsrík á þau krefjandi störf sem hann gegndi. Þau hjónin ferðuðust mikið saman í frítíma sínum bæði innanlands og utan. Ólafía studdi Sigurð og hvatti hann og átti sinn þátt í að hann náði eins langt og raun bar vitni.

Árið 1986 söðlaði Sigurður um og gerðist framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins og heltti sér þá á fullu út í stjórn málin. Árið 1990 var hann kjörinn í bæjarstjórn Kópavogs og tók þá að sér starf bæjarstjórans í þeim unga og uppvaxandi bæ. Í stóli bæjarstjórans sat Sigurður til dánardægurs en hann lést skyndilega vegna hjarta-

áfalls árið 2004 aðeins 65 ára gamall. Uppbygging Kópavogs á bæjarstjóraferli Sigurðar var ævintýri líkust. Bygð voru heilu íbúðahverfin og bæjarbúum fjölgaði um hátt í helming á þeim 14 árum sem hans naut við. Sigurður lét sér annað um uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum og það var ekki síst hans verk að ákveðið var að halda landsmót UMFÍ í Kópavogi á aldarafmæli hreyfingarinnar.

Sigurður var gerður að heiðursfélaga UMFÍ árið 1993. Hann var alla tíð mikill unnanndi lista og átti sjálfur listrænan streng í brjósti sínu. Góður teiknari og orti ljóð sem vöktu athygli. Hér kemur lítið sýnishorn af ljóðlist hans „Hríslan og skáldið.“

Upphaf jafnan  
og endir að lokum  
ævistunda  
er öllum hjá.  
„Hrörnar þöll“  
þótt ei standi  
þyrstum rótum  
þorpi á.<sup>38</sup>

gerist hjá ungmennafélögum og til að létta lund var komið á svokölluðu „Sleifarmóti Skarphéðins“ sem er óhefðbundið íþróttamót héraðsambandsins. Höfundur þessarar bókar var með í hópnum og tókst vel upp í atrennulausu langstökki af mosapúfu en laut í lægra haldi fyrir filflidum görþum þegar kom að því að varpa hnöttóttum steini sem lengst. Ingvi Þorsteinsson var að sjálfsgöðu með í förinni og tók þátt í mótinu. Kvöldvaka í Kerlingarfjöllum er minnisstæð en þar héldu skíðakennararnir Valdimar Örnólfsson og Sigurður R. Guðmundsson, stjórnarmaður UMFÍ, uppi fjörinu með gítarspili og söng sem allir viðstaddir tóku undir.



Þátttakendur í landgræðsluferð Skarphéðins inn á Biskupstungnafrétt sumarið 1967. Myndin er tekin við sæluhúsið í Hvítárnosi.

Þessi fyrsta landgræðsluferð Skarphéðinsmanna þótti vel takast og vakti athygli landsmanna enda mikið um hana fjallað í fjölmiðlum. Í kjölfarið varð vakning meðal ungmennafélaga. Þeir fjölmenntu í landgræðsluferðir til að græða sár fósturjarðarinnar og um leið voru þetta skemmtilegar ferðir þar sem þátttakendur skemmtu sér við leiki og söng á kvöldin. Árið 1968 fóru ungmennafélagar í níu slíkar ferðir. Í þeim tóku þátt á þriðja hundrað félaga frá átta samböndum og félögum. Samtals var sáð um fimm lestum af grasfræi og bornar á 67 lestir af áburði. Sáningin heppnaðist mjög vel og sem fyrr var hún undir handleiðslu Ingva Þorsteinssonar og Ólafs Ás-

geirssonarsamstarfsmannshans hjá Landgræðslunni.<sup>43</sup> Landgræðslan lagði til áburð og grasfræ og stóð að mestu undir ferðakostnaði enda voru ungmennafélögin ekki aflögufær með peninga en áttu hins vegar mikinn mannaud sem nýttist vel í þessu verkefni.

Í fróðlegri grein Guðjóns Ingimundarsonar, varaformanns UMFÍ, í *Skinfaxa* árið eftir bendir hann



*Jóhannes Sigmundsson formaður Skarphéðins sáir í rofa-  
barð á Biskupstungnaafrétti í landgræðsluferð Skarphéðins sumarið 1967.*

á að starfsmenn Landgræðslunnar hafi metið þetta sjálfboðastarf til fjármuna á svipaða upphæð og nam öllum ríkisstyrk UMFÍ til félagsmálastarfs árið 1968. Um þetta segir Guðjón:

Þannig skila ungmennafélagar í einum þætti starfsins landinu aftur þeim styrk, er þeir hafa frá því fengið. Á þetta bendi ég eingöngu til þess að auðvelda matið á því, hve allt starf ungmennafélaganna er mikilvægt og mikils virði, ef það væri allt til verðs reiknað.<sup>44</sup>

Árið 1969 hafði sprottið upp þvílíkur áhugi á landgræðslu í landinu að stofnuð voru náttúruverndarsamtökin Landvernd. Samtökin létu strax í upphafi til sín taka heildarskipulagningu allra landgræðslustarfa, allt frá uppgæðslu örfoka lands til aukinnar skógræktar og almennrar náttúruverndar. Nafn UMFÍ mátti finna meðal margra stofnaðila enda stefnu-



*Ungmennafélagar í Austur-Húnavatnssýslu við landgræðslustörf sumarið 1971.*

mál beggja samtakanna mjög samhljóma. Þá kom ekki á óvart að Jóhannes Sigmundsson, formaður HSK, var kjörinn í fyrstu stjórn Landverndar en hann var meðal forystumanna í fyrstu landgræðsluferðinni.<sup>45</sup> Á árinu dreifðu 400 ungmennafélagar nærri 100 lestum af áburði og fráði á 320 hektara örfoka lands í meira en 20 landgræðsluferðum.<sup>46</sup>

Ungmennafélagar færðust enn í aukana næstu árin og landgræðsluferðunum fjölgaði. Nú var árangur fyrstu ferðanna orðinn gleðigjafi. Grænar spildur sáust þar sem áður var lítill sem enginn gróður. Árið 1970 fóru ungmennafélagar í 35 ferðir einir sér og allmargar með öðrum aðilum í umsjón Landverndar. Árið eftir samdi Vegagerð ríkisins við UMFÍ um að félögin önnuðust sáningu í vegköntum. Verkið var unnið í sjálfboðavinnu og það fé sem sparaðist í vinnulaun var notað til að kaupa meira fræ og áburð.<sup>47</sup> Suður-Þingeyingar sköruðu fram úr þetta árið og græddu land á átta stöðum í sýslunni. Austur-Húnavetningar voru einnig drjúgir og fóru fjórar ferðir á heiðar og afrétti.<sup>48</sup>

Melgrasskúfurinn harði er öflugasta landgræðslujurtin og vex best á eyðisöndum þar sem nær enginn annar gróður fær þrifist. Skarphéðinsmenn hópuðust niður á Landeyjasand haustið 1969 og söfnuðu melfræi í 14 stóra sekki.<sup>49</sup> Næstu árin tóku ungmennafélagar þátt í að safna víða um land melfræi sem notað var til að sá í svarta sanda og breyta þeim í grænar lendur. Þannig lögðu þeir hönd á plóg við ræktun lýðs og lands. Nokkrum árum síðar leystu vélar mannshöndina af hólmi í melskurðinum og þá





*Borgfirskir ungmennafélagar blanda fræi og áburði í dreifarann í landgræðsluferð sumarið 1971.*

var ekki lengur þörf fyrir framlag ungmennafélaganna.

Þetta myndarlega framtak ungmennafélaga og annarra sjálfboðaliða í landgræðslustarfinu vakti almenna athygli. Þjóðin öll vaknaði til vitundar um hvað hægt væri að gera ef allir legðu saman krafta sína við að bæta og fegra landið og endurheimta tapaðar gróðurlendur. Flugfélag Íslands sýndi þá einstöku rausn að gefa heila flugvél til að dreifa fræi og áburði yfir eyðilöndin. Landgræðsluflugvélin Páll Sveinsson hóf sig til flugs í maí 1973 og eftir það varð minni eftirspurn eftir störfum sjálfboðaliða við sáningu og áburðar-



*Ungmennafélagar úr Hveragerði og Ölfusi við söfnun melfræs á Hafnarsandi skammt frá Þorlákshöfn.*

dreifingu.<sup>50</sup> Það kom því af sjálfu sér að þegar stórvirkar vélar voru komnar til starfa lögðust landgræðsluferðir ungmennafélaganna niður að mestu. Áhugi þeirra á verndun landsins var þó óskertur og hefur í seinni tíð beinst meira að einstökum umhverfisverkefnum.

Eitt er þó ótalið. Á þjóðhátíðarárinu 1974 hélt Alþingi hátíðarfund á Þingvöllum. Á dagskrá var eitt mál: Landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu í landinu. Þingheimur samþykkti hana einróma og samkvæmt henni var einum milljarði króna varið til gróðurverndar á næstu árum. Þetta hefur verið nefnt „Þjóðargjöfin.“ Í bók um sögu Landgræðslunnar á Íslandi sagði Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri fullum fetum að landgræðslustörf áhugafólks hafi verið einn meginhvatin að „Þjóðargjöfinni“ 1974.<sup>51</sup> Ungmennafélagar mega vel þeim dómi una.

## Vasasöngbókin

Það var um kvöld eitt að Kötú ég mætti,  
hún var að koma af engjunum heim,  
það var í ágúst að áliðnum slætti  
og nærri aldimmt á kvöldunum þeim. ...<sup>52</sup>

Hversu margir hafa ekki sungið Kötukvæði og aðra hugljúfa söngva á góðri stund? Sagt er að ekkert tengi fólk betur saman en sameiginlegur söngur, í kjölfar hans fylgir gleði og öll tjáning einstaklingsins verður opnari og auðveldari.<sup>53</sup>

Söngur var í hávegum hafður meðal ungmennafélaga og strax á fyrsta þingi UMFÍ á Akureyri 1908 var skipuð nefnd um útgáfu söngbókar á vegum sambandsins.<sup>54</sup> Þar var meiningin að safna saman ættjarðarljóðum og léttum söngvum handa ungmennafélögum til að syngja eftir. Nefndarmenn voru sinn á hverju landshorni og áttu óhægt um samskipti enda



*Hafsteinn Þorvaldsson beitti sér fyrir útgáfu söngbókar UMFÍ. Hér stendur hann með gítarinn og leiðir fjöldasöng Skarphéðinsmanna í tjaldi þeirra á landsmótinu á Eiðum 1968.*

var aldrei haldinn fundur í þeirri nefnd. Næst gerðist það á Eyrarbakka árið 1910 að Karl H. Bjarnarson og Jón Helgason, síðar biskup, tóku sig til og gáfu út lítið kver sem nefndist *Söngvar handa ungmennafélögum Íslands*. Það innihélt 30 ættjarðarljóð og átti að verða fyrsta heftið af mörgum en ekki varð framhald á þeirri útgáfu.<sup>55</sup> Þegar stjórn UMFÍ fór að huga að þessum málum kom í ljós að bræður tveir frá Eiðum, Benedikt og Halldór Jónassynir, höfðu gefið út söngbók með þessu sniði árið 1911 sem var þegar uppseld. Stjórnin samdi við þá bræður um að ungmennafélagar gætu eignast næstu útgáfu með nokkrum afslætti. Um þetta tókst samkomulag og söngbókin var endurútgefin tvívegis næstu árin.<sup>56</sup>

Lengi vel byrjuðu og enduðu flestir fundir og samkomur ungmennafélaga á söng og tæplega þótti nokkur samkoma þeirra standa undir nafni ef þar var ekki sungið. Árið 1916 skrifaði Páll Zóphaniásson, formaður UMSB, hugvekju til sveitunga sinna í tilefni af væntanlegu héraðsmóti og birti í *Skinfaxa*. Þar biður hann góða söngmenn að gefa sig fram til að æfa með söngflokki sambandsins. „Og það ætti að vera metnaður okkar ungmennafélaga, að geta látið sem

stærstan og bestan samæfðan söngflokk syngja á mótinu,“ bætti Páll við í lokin.<sup>57</sup> Á þingi UMSB sama ár var samþykkt að byggja sérstakan pall undir söngflokkinn á mótsstað héraðsmótsins svo það er auðséð að söngnum var gert hátt undir höfði, að minnsta kosti í Borgarfirði.<sup>58</sup>

Árið 1940 gaf Þórhallur Björnsson, fyrrum gjaldkeri UMFÍ, út *Vasasöngbókina* – lítið kver með 200 söngtextum sem seldist upp á augabragði. Bókin varð vinsæl og eftirsótt, ekki síst meðal ungmennafélaga og var endurútgefin fjórum sinnum, síðast árið 1946, og hafði textunum þá fjölgað í 325.<sup>59</sup> Við fráfall Þórhalls árið 1961 kom í ljós að hann hafði arfleitt UMFÍ að útgáfurétti *Vasasöngbókarinnar*. Stjórnarmenn UMFÍ létu nú ekki happ úr hendi sleppa og beitti sér fyrir því að sambandið tæki upp þráðinn og gæfi bókina út á nýjan leik. Hafsteinn Þorvaldsson hafði forystu um að var farið að safna efni í bókina og svo fékk hann Jónas Ingimundarson, þáverandi skólastjóra Tónlistarskóla Árnæssýslu, til liðs við málefnið. Jónas var ráðinn söngbókarstjóri og lauk því verkefni með sóma. Hann valdi um 200 texta og handskrifaði sjálfur nótur við þá alla. Ágústa Hauksdóttir eiginkona



Jónas Ingimundarson skrifaði nótur í Söngbók UMFÍ sem út kom 1974.

hans vélritaði texta við nóturnar og Ólafur Th. Ólafsson teiknari á Sel-fossi myndskreytti bókina. Bókin var lítil, 10×14 cm og fór vel í vasa, sannkölluð vasasöngbók. Í henni var mikil textaflóra, allt frá „Að lífið sé skjálfaði lítið gras,“ til „Öxar við ána.“ *Vasasöngbókin* kom út árið 1974 og var afmælisgjöf UMFÍ til þjóðarinnar á þjóðhátíðarárinu.<sup>60</sup>

## Skák og mát

Skáklistin hefur lengi átt ítök meðal Íslendinga og margir hafa stýtt sér stundir á vetrarkvöldum með skæruhernaði og mannvígum á hvítum reitum og svörtum. Áhuginn fyrir þessari hugaríþrótt blossaði upp hérlendis á sjötta áratug síðustu aldar þegar Friðrik Ólafsson fór að vinna sína glæstu sigra erlendis og varð stórmeistari í skák fyrstur Íslendinga.

Ungmennafélagar fóru ekki varhluta af þessari vakningu enda víða mikill áhugi innan félaganna og skákiðkanir sumstaðar með blóma. Þegar Stefán M. Gunnarsson varð ritstjóri *Skinfaxa* árið 1957 hóf hann að birta þar skákþætti sem komu reglulega í blaðinu næstu átta árin. Þar voru birtar skákir margra helstu stórmeistara heims og einnig sagðar íslenskar skákfréttir. Þættirnir vöktu áhuga lesenda og á þingi UMFÍ á Laugarvatni árið 1965 kom skákin til umræðu. Þar var formálalaust samþykkt til-laga þar sem stjórninni var falið að „freista þess að

koma á skipulegri keppni í skák milli héraðssambandanna og fari úrslitakeppni fram í sambandi við sambandsþing eða landsmót.“<sup>61</sup> Stjórnin brást vel við og samþykkti á stjórnarfundum í desember 1966 að koma á landsmóti í skák á næsta ári.<sup>62</sup>

Fyrsta landskeppni UMFÍ í skák var haldin í Leirárskóla í Borgarfirði 6.-7. maí 1967. Fimm héraðssambönd höfðu boðað þátttöku en tvö gengu úr skaftinu. Keppt var í fimm manna sveitum og úrslitin urðu þau að Snæfellingar sigruðu með átta vinninga af 15 mögulegum. Næstir urðu Skarphéðinsmenn með sex og hálfan vinning og lestina ráku Kjalnesingar með hálfan vinning.<sup>63</sup>

Árið eftir var hafist handa um nýja keppni með það í huga að úrslitin færu fram á landsmótinu á Eiðum. Skákin var sýningargrein og ekki reiknuð til stiga en það var algengt þegar nýjar greinar komu til sögunnar á landsmótum. Níu sambönd skráðu sig til leiks og forkeppni fór fram í þrem riðlum um vorið. Í einum riðlinum áttust við keppinautarnir frá árinu áður og nú snerist taflíð við: Kjalnesingar sigruðu örugglega, Skarphéðinsmenn voru í öðru sæti en Snæfellingar síðastir. Í hinum riðlunum sigruðu Dalamenn og Eyfirðingar og kepptu því til úrslita ásamt Kjalnesingum. Hart var barist en Kjalnesingar sigruðu og á hæla þeim komu Eyfirðingar. Dalamenn ráku lestina en voru þó skammt undan.<sup>64</sup>



Sigursveit HSK í Ólafsvík árið 1969 með *Skinfaxa*styttuna. Frá vinstri: Jónas Gestsson liðsstjóri, Vilhjálmur Pálsson, Þorvaldur Ágústsson, Jón Einarsson, Magnús Sólmundarson og Hafsteinn Þorvaldsson formaður UMFÍ.





*Hinir þekktu skákmenn Freysteinn Þorbergsson UMSS og Magnús Sólmundarson HSK háðu harða baráttu á 1. borði í Ólafsvík 1969 en skildu jafnir.*

Þessi keppni þótti takast svo vel að stjórnin ákvað að beita sér fyrir árlegu skákþingi UMFÍ. Skáksamband Íslands gaf góð ráð og á sambandsráðsfundi í október 1968 var samþykkt reglugerð um mótið. Ennfremur var samþykkt að UMFÍ útvegaði verðlaunagrip til keppinnar. Skyldi hann vera farandgripur og afhendast sigursveit til varðveislu eitt ár í senn.<sup>65</sup> Hér voru málin aldeilis komin á skrið og á þinginu 1969 var samþykkt reglugerð um Skinfaxastyttuna. Það var skákriddari sem Jóhann Björnsson myndskerri hafði skorið í tré af miklum hagleik. Hæð stytunnar var 33 sentimetrar og höfuð hennar var íslenska hestsins.<sup>66</sup>

Fyrsta keppnin um Skinfaxastyttuna fór fram í Ólafsvík í júní 1969. Þá höfðu átta sveitir keppt í undanrás um en þrjár þær hlutskörpustu reyndu með sér í Ólafsvík. Úrslitin urðu þau að Skarphédsmenn urðu fyrstu

handhafar stytunnar eftir hörkukeppni við Skagfirðinga. HSK hlaut 5,5 vinninga, UMSS 4,5 vinninga og HSH 2 vinninga.<sup>67</sup> Skákþing UMFÍ fóru síðan fram árlega allt til 1979. Sveit Kjalnesinga bar höfuð og herðar yfir aðra keppinauta og sigraði níu sinnum á þessum þrettán árum. Snæfellingar, Skarphédsmenn, Austfirðingar og Bolvíkingar sigruðu einu sinni hverjir. Keppnin var líflæg og fjöldi keppnissveita var frá átta upp í þrettán. En árið 1979 brá svo við að aðeins tvö lið af þeim sex sem áttu að keppa til úrslita létu sjá sig.<sup>68</sup> Eftir

þessa fámennu úrslitakeppni var ljóst að ekki mátti við svo búið standa. Á þingi UMFÍ 1979 var samþykkt að skákþing sambandsins yrðu hér eftir aðeins haldin á þriggja ára fresti á „landsmótsárum.“<sup>69</sup> Hin árlegu skákþing lögðust niður en skærur og skylmingar hróka og biskupa, þeða,



*Kjalnesingar hafa verið sigursælir á skákþingum UMFÍ í gegnum tíðina. Hér eru sigurvegarar UMSK á Akureyri 1970 með Skinfaxastyttuna undir merki UMFÍ. Frá vinstri: Jónas Þorvaldsson, Lárus Johnsen, Júlíus Friðjónsson og Ari Guðmundsson.*





Norræn ungbændaráðstefna að störfum í Leirárskóla árið 1974.

riddara og drottninga hafa síðan verið hluti landsmóta UMFÍ.

## Norræn samvinna endurvakin


Í öðrum kafla þessarar bókar var sagt frá þátttöku UMFÍ í norrænum ungmennavikum um miðja síðustu öld. Árið 1959 gerðist UMFÍ loks aðili að Norræna sambandinu um ungmennastarf (NSU) og eignaðist mann í stjórn. Skömmu síðar gufaði hin norræna samvinna hreinlega upp. UMFÍ átti einn þátttakanda á ungmennaviku í Valla í Svíþjóð árið 1962 en í Hallingdal í Noregi 1964 var engan Íslending að finna. Ástæðurnar fyrir þessum skyndilega aldauða norrænnar samvinnu hjá UMFÍ voru „sennilega annir og mikill ferðakostnaður“<sup>70</sup> segir í skýrslu stjórnar árið 1965.

Nú leið hvert árið af öðru og það var ekki fyrr en árið 1971 þegar nýir húsbændur höfðu tekið við búi hjá UMFÍ að norræn samskipti hófust að nýju. Þeir Hafsteinn Þorvaldsson og Sigurður Geirdal lögðu mikla áherslu á að endurnýja samskiptin við systurhreyfingar UMFÍ á Norðurlöndum og fyrsta skrefið var að gera úttekt á NSU. Þá kom í ljós að þótt UMFÍ væri eitt um hituna af hálfu Íslands voru ekki færri en tólf norræn ung-

mennasamtök innan NSU. Öll sendu þau UMFÍ tímarit sín og fengu *Skinfaxa* í staðinn. Í tímaritunum mátti lesa um gróskumikla starfsemi og ekki minnkaði áhuginn hjá stjórn UMFÍ við það.<sup>71</sup> Þetta sumar hófust einnig gagnkvæm íþróttaleg samskipti við Dani sem sagt er frá í næsta kafla.

Sem dæmi um starfið árin 1974-1975 þá fóru hátt á fjórða hundrað íslenskir ungmennafélagar í tíu heimsóknir til félaga sinna á Norðurlöndum. Oft voru þetta íþróttaflokkar við æfingar eða keppni. Á sama tíma komu hingað tæplega 500 norrænir ungmennafélagar í ellefu ferðum en þar bar hæst komu 300 manna þjóðdansahóps sem dreifði sér meðal sex héraðssambanda og sýndi listir sínar.<sup>72</sup> Sú mikla alda sem þarna reis hefur ekki hnigið síðan og erlend samskipti hafa til þessa dags verið umtalsverður hluti af starfi UMFÍ. Þau hafa alla tíð verið fyrst og fremst við ungmennafélaga á Norðurlöndum. Skýrslur UMFÍ segja frá gagnkvæmum heimsóknum og samskiptum í tugatali ár hvert. Þær hafa víkkað sjóndeildarhringinn og það er ekkert leyndarmál að margar hugmyndir um nýbreytni í starfi UMFÍ eiga rætur að rekja til ferða okkar manna til Norðurlanda, einkum Danmerkur.

Nú var UMFÍ komið á bólakaf í erlend sam-



*Glatt á hjalla í náttúruskoðunarferð þátttakenda í ungmennavíkunni á Flúðum 1976.*

skipti og allt kostaði þetta peninga. Reglan var sú að gestirnir kostuðu ferðalag sitt sjálfir en gestgjafinn sá um allan kostnað í heimsóknarlandinu. Fróðlegt er að heyra frásögn Hafsteins Þorvaldssonar af því hvernig UMFÍ tókst að fjármagna þessa auknu starfsemi. Það tókst að hluta til með stuðningi aðildarfélaganna víða um land sem nutu góðs af heimsóknunum og svo var Sigurður Geirdal lunkinn fjáraflamaður. Hafsteinn segir svo frá:

Svo fórum við í erlendu samskiptin. Þau voru búin að liggja niðri í mörg ár. Sigurður var náttúrlega tungumálamaður og eldklár í Norðurlandamálunum og ensku. Svo þegar við fórum að flytja inn erlenda gesti til samstarfs við okkur þá gerði hann það sem ég vissi ekki. Þá keypti hann allan gjaldeyrinn af þessu fólki þegar það kom til landsins og lagði hann inn á gjaldeyrisreikninga í bönkunum. Svo tók hann þetta fram þegar við þurftum að fara til útlanda. Ég var alveg dolfallinn yfir þessum upphæðum og fór að spyrja hann: „Hvaðan koma allir þessir peningar?“ Þá vorum við farin að stórgræða á þessum viðskiptum því gengisfallið á krónunni gerði þessa gjaldeyrisreikninga mjög hagstæða.<sup>73</sup>

Nú var aftur farið að taka þátt í norrænum ungmennavikum af hálfu UMFÍ. Í heilan áratug sást enginn Íslendingur á slíkum samkomum en árið 1973 birtist Sigurður R. Guðmundsson, ritari UMFÍ, í Hangö í Finnlandi sem hýsti ungmennaviku NSU í það sinnið. Fram að þessu höfðu norrænar ungmennavikur verið haldnar annað hvert ár en nú var ákveðið að hafa þær árlega eftirleidis. Strax árið 1974 fóru 20 íslensk ungmenni á ungmennaviku í Rauland í Noregi og svipaður hópur fór til Haubro í Danmörku árið eftir.<sup>74</sup>

Þá var röðin komin að Íslandi í annað sinn. Norræna ungmennavikan 1976 var haldin í boði UMFÍ á Flúðum í Árnassýslu 26. júlí til 1. ágúst. Þátttakendur voru 92 á aldrinum 17-35 ára, þar af voru 80 erlendir gestir. Dvölin var í senn skemmtun og skóli og þátttakendum var skipt í starfshópa. Viðfangsefnin voru til dæmis þjóðdansar, leiklist og þjóðlagasöngur, og verkefni eins hópsins hét einfaldlega „Kynnist Íslandi.“ Þá voru íþróttir stundaðar ósleitilega, knatt-

spyrna, sund og blak, og landskeppnir daglegur viðburður. Flúðir eru einstaklega vel í sveit settar því Þingvellir, Gullfoss, Geysir og Þjórsárdalur eru í seilingarfjarlægð og þangað var farið í skoðunarferðir. Þá var hestaleigan á staðnum ákaflega vinsæl. Á kvöldin voru fjölbreyttar kvöldvökur og svo var fundið upp á mörgu sem ekki tilheyrði dagskránni eins og nærri má geta þar sem annar eins hópur af ungu og lífsglöðu fólki var saman kominn. Þessir blíðu sumardagar á Flúðum voru þátttakendum ógleymanlegir og rós í hnappagat stjórnenda UMFÍ. Þakkarbréfi eins af dönsku þátttakendunum lýkur með þessum orðum: „Ísland var óviðjafnanlegt – okkur langar öll til að koma aftur.“<sup>75</sup>

Næstu árin voru ungmennavikur haldnar í Suður-Slésvík, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörk. Þangað fóru 9-18 ungmenni frá Íslandi hvert sinn og áttu þar góðar stundir. Þessar ungmennavikur voru þó aðeins hluti af samstarfi norrænna ungmennafélaga sem fór vaxandi ár frá ári. Nú voru farnar að renna tvær grímur á forystumenn UMFÍ og í skýrslu ársins 1979 segir Sigurður Geirdal í eftirmála um erlendu samskiptin:

Að lokum vil ég taka fram að ég tel þessi samskipti okkar á tímamótum nú og þörf að líta yfir farinn veg og taka ákvarðanir um stefnu. Við þurfum greinilega að gæta okkar svo þessi starfsemi taki hvorki meiri tíma né fjármuni en við sjálfir ákveðum, því ásóknin í samskipti við Ísland er mikil og stöðugt vaxandi.<sup>76</sup>

Þetta var hvergi ofsagt því sífellt urðu norrænu samskiptin viðameiri. Þegar þau hófust að nýju árið 1972 gerðist Sigurður R. Guðmundsson, ritari UMFÍ, einn af stjórnarmönnum NSU og var til 1976. Þá tók Jóhannes Sigmundsson bóndi í Syðra-Langholti við og var fulltrúi UMFÍ 1976-1980. Þeir fóru á fjölmarga fundi og ráðstefnur á vegum NSU hér heima og vítt og breitt um Norðurlönd. Íþróttamenn, ungbændur og aðrir ungmennafélagar skiptust á heimsóknum. Á örfáum árum hafði norræn samvinna vaxið frá því að vera engin upp í það að vera einn af umfangsmeiri þáttum starfseminnar. UMFÍ var ekki lengur eyland meðal Norðurlanda.





*Karlalið UMFÍ í Vejle 1961. Fremri röð frá vinstri: Ingólfur Bárðarson HSK, Brynjar Jensson HSH, Ágúst Ásgrímsson HSH, Haukur Engilbertsson UMSB, Guðmundur Hallgrímsson Umf.K, Þóroddur Jóhannsson UMSE og Hörður Jóhannesson UMSE. Aftari röð frá vinstri: Þorsteinn Alfreðsson UMSK, Birgir Marinósson UMSE, Valdimar Steingrímsson USAH, Ólafur Unnsteinsson HSK, Þórður Indriðason HSH, Guðmundur Hallgrímsson HSP og Ragnar Guðmundsson UMSS.*

## Íþróttakeppnir við Dani

Fyrir utan tvær sýningarferðir glímumanna til Norðurlanda á árum áður höfðu íþróttaleg samskipti þangað engin verið, en þau komu til umræðu á þingi UMFÍ í Reykjavík árið 1959. Þar var samþykkt tillaga þar sem stjórninni var falið að beita sér fyrir „íþróttasamvinnu við hliðstæð félög á Norðurlöndum.“<sup>77</sup>

Hér kvað við nýjan tón og nú sáu tveir áhugasamir íþróttamenn á Snæfellsnesi sér leik á borði. Síðla árs 1960 sendu þeir Sigurður Helgason og Brynjar Jensson tillögu til stjórnar UMFÍ sem tekin var fyrir á fundi í desember. Hún var á þá leið að efnt yrði til utanfarar þeirra íþróttamanna sem fremstir yrðu á landsmótinu sem halda skyldi næsta sumar á Laugum í Reykjadal. Stjórninni þótti þetta áhugavert og skrifaði bréf til norskra og danskra ungmennasambanda og óskaði upplýsinga um íþróttamót þeirra.<sup>78</sup>

Í mars árið eftir barst svar frá danska ung-

mennasambandinu DDGU þar sem íslenskum ungmennafélögum var boðið á landsmót þeirra í Vejle um sumarið. Nú var skipað framkvæmdanefnd og í henni voru Þorsteinn Einarsson íþróttfulltrúi, Stefán Ólafur Jónsson stjórnarmaður UMFÍ og Sigurður Helgason íþróttakennari í Stykkishólmi, annar tvímenninganna sem áttu hugmyndina.<sup>79</sup> Til Danmerkur fóru svo flestir þeir sem höfðu orðið í tveimur fyrstu sætum í frjálssíþróttakeppni landsmótsins á Laugum. Í hópnum voru 40 manns, þar af 30 keppendur í íþróttum. Ferðin var hin mesta ævintýraferð fyrir hópinn en margir höfðu aldrei komið fyrr út fyrir landsteinana. Utanlandsferðir voru ekki eins algengar þá og síðar gerðist.

Þessi vaski hópur Íslendinga tók þátt í hinu fjölmenna landsmóti dönsku ungmennafélaganna í Vejle 20.-23. júlí og var sigursæll. Þarna kepptu rúmlega 20 héraðssambönd dönsku ungmennafélaganna auk flokka frá Suður-Slésvík, Finnlandi og Íslandi. Í hverri grein kepptu 54 ein-





*Sveit UMFÍ sem setti Íslandsmet í 5×80 metra boðhlaupi á landsmóti dönsku ungmennafélaganna í Vejle 1961. Frá vinstri: Ásta Karlsdóttir, Margrét Hafsteinsdóttir, Margrét Sveinbergsdóttir, Helga Ívarsdóttir og Guðlaug Steingrímsdóttir. Allar stúlkurnar voru frá USAH nema Helga sem tilheyrði HSK.*

staklingar, tveir keppendur frá hverju liði. Karlaflokkur UMFÍ sigraði með yfirburðum í stiga-keppni sambandanna og kvennaflokkurinn varð í öðru sæti. Samtals varð því UMFÍ sigurvegari mótsins en okkar fólk keppti sem gestir. Glímu-

kappar sýndu íþrótt sína á kvöldvöku einn mótsdaginn við almenna hrifningu áhorfenda. Hópurinn gisti hjá dönskum fjölskyldum og kynntist því allvel hinni rómuðu dönsku gestrisni. Íþróttafólkið keppti á tveimur öðrum mótum með frábærum árangri. Sett voru þrjú Íslandsmet og ferðin þótti í alla staði hafa tekist vel.<sup>80</sup>

Nú hefði mátt ætla að þessi velheppnaða íþróttiferð til Danmerkur hefði leitt af sér fleiri slíkar á næstu árum en því var ekki að heilsa. Á sambandsráðsfundi UMFÍ 1964 var stjórninni falið að athuga möguleika á utanferð að loknu landsmótinu 1965.<sup>81</sup> Stjórnin fór sér hægt og í skýrslu til þingsins á Laugarvatni 1965 taldi hún rétt að fresta utanför til næsta sumars og bætti svo við:

Að athuguðu máli virðist heppilegra að stofna ekki til utanfara sama ár og landsmót er haldið. Utanför krefst mikils undirbúnings og fyrirhafnar og hefur auk þess verulegan kostnað í för með sér fyrir samtökin og þátttakendur. Einnig er mjög líklegt að utanför til keppni milli landsmóta myndi stuðla verulega að því að halda íþróttastarfinu vakandi. Mál þetta verður lagt fyrir sambandsþingið til ákvörðunar.<sup>82</sup>

Tillaga þar sem væntanlegri stjórn var falið að vinna að utanferð eftir landsmótið var samþykkt með 18 atkvæðum en 9 voru á móti sem sýnir



*Íslenski hópurinn í sól og sumaryl í Holsterbro árið 1971.*



Sveit UMFÍ sem sigraði í 1000 metra boðhlaupi í Holsterbro árið 1971. Frá vinstri: Sigurður Jónsson, Valmundur Gíslason, Sævar Larsen og Jón Benónýsson. Jón er frá HSP en hinir Skarphéðingsmenn.

ekki voru allir hlyntir utanferðum.<sup>83</sup> Á slíka ferð var heldur ekki minnst framfar. Ársþingið á Þingvöllum 1967 lagði til „að það verði fastur liður í starfsemi UMFÍ að efna til utanfarar að afloknu landsmóti hverju sinni,“<sup>84</sup> En þetta voru innantóm orð því ekkert varð úr framkvæmdum eftir landsmótið á Eiðum 1968. Það var ekki fyrr en Hafsteinn Þorvaldsson og Sigurður Geirdal höfðu tekið við stjórnartaumunum að þetta fór að breytast. Á sambandsráðsfundi í Stapa 1970 var stefnan mörkuð. Sigurður Geirdal hélt framsögu um málið og skýrði frá því að stjórnin hefði ákveðið að vinna að utanför eftir næsta landsmót. Þá benti hann á að sambandið gæti ekki haldið áfram á þeirri braut að vera aðeins þiggjandi í samskiptum sínum við erlend æskulýðsfélög og bætti við:

Fari U.M.F.Í. þess á leit við erlend félög að þau taki á móti íþróttafólki eða unglíngum og veiti þeim fyrirgreiðslu á erlendri grund, þá verður U.M.F.Í. að geta veitt samskonar fyrirgreiðslu hér sé þess óskað. Á þeim grundvelli einum sæmir U.M.F.Í. að hafa samskipti við nágrannalöndin.<sup>85</sup>

Ákveðið var að stefna á utanför að loknu landsmóti á Sauðárkróki 1971 og fljótlega kom í ljós

að landsmót dönsku ungmennafélaganna sem halda skyldi í Holsterbro hentaði ágætlega. Samningar tókust við danska forráðamenn um þátttöku í mótinu og öðru móti í Óðinsvéum og þá var bara eftir að ákveða ferðaáætlun og afla fjár. UMFÍ efndi til skyndihappdrættis til að fjármagna ferðina og tókst það vel. Ákveðið var að ferðakostnaði yrði skipt í fjóra jafna hluta milli UMFÍ, héraðssambands, ungmennafélags og þátttakenda og var sú aðferð notuð æ síðan í þessum ferðalögum.

Við val íþróttafólksins var hafður sami háttur á og tíu árum fyrr. Tveimur fyrstu í hverri grein á landsmótinu var gefinn kostur á að fara og að auki tóku þátt í ferðinni 10 íþróttauglíngar sem dvöldust í sumarþúðum meðan á ferðinni stóð. Þegar við bættust fararstjórar og ungmennafélagar sem fóru á eigin vegum var hópurinn orðinn nálægt 100 manns. Til Danmerkur var farið 21. júlí 1971 og komið aftur viku seinna. Þátttakendur í mótinu voru 15 þúsund talsins og annað eins mót höfðu íslensku keppendurnir aldrei augum litið. Þeir kepptu eingöngu í frjálsíþróttum og náðu frábærum árangri. Bæði karlar og konur unnu sína stigakeppni og þar með mótið. Sigurður Geirdal, sagði frá mótinu í *Skinfaxa* og þakkaði hinn góða árangur mest „hinu góða skapi og glöðværð sem ríkti í hópnum, það leikur sér enginn að því að sigra lið, sem þannig gengur til leiks.“<sup>86</sup>

Sumarið eftir, 1972, kom til landsins fjölmennur fimleikahópur karla og kvenna frá Holsterbro og sýndi listir sínar víðsvegar við góðar undirtektir. Danirnir sýndu á sjö stöðum, meðal annars tvívegis á sumarhátíðinni á Húsafelli. Fylgisveinar hópsins um landið voru þeir Hafsteinn Þorvaldsson og Sigurður Geirdal og sýndu nú í verki þá stefnu UMFÍ að vera gefandi ekki síður en þiggjandi í erlendum samskiptum. Þeir rómuðu þá gleði og kátínu sem ríkti í hópnum og smitaðist til áhorfenda og allra sem kynntust þessum samstillta hópi.<sup>87</sup> Þetta var hin fyrsta af fjölmörgum heimsóknum danskra íþróttaflokka til Íslands á vegum UMFÍ en upphafið lofaði góðu.

Í febrúar 1973 sátu þeir Hafsteinn og Sigurður landbúnaðarráðstefnu í Árósum á vegum NSU. Þar gengu þeir frá heimsókn danskra frjálsíþróttamanna frá Fimleikasambandi Árósa eða Aarhus Amts Gymnastikforening (AAG) eins og það heitir upp á dönsku. Þegar UMFÍ sigraði á landsmóti dönsku ungmennafélaganna í Holster-



*Jón H. Sigurðsson leiðir 5000 metra hlaup í Árósum sumarið 1971. Jón sigraði í hlaupinu. Þriðji í röðinni er Einar Óskarsson sem náði fjórða sæti.*

bro 1971 var AAG í öðru sæti svo hér var um öflugt íþróttalið að ræða. Danirnir bjuggu á Laugarvatni meðan á dvöl þeirra stóð en heim-sóttu ungmennafélög í nágrenninu bæði til keppni og skemmtunar. Þeir kepptu á frjálsíþróttamóti á Selfossi og sem gestir á Meistaramóti Íslands. Dönsku gestirnir féllu í stafi yfir náttúruvegurð landsins og voru í sjöunda himni með ferðina. Um það vitnuðu fjölmörg bréf þeirra til UMFÍ eftir að heim var komið og frásagnir þeirra í dönskum ungmennafélagsblöðum.<sup>88</sup>

Nú voru menn komnir á bragðið og þingið í Haukadal 1973 hikaði hvergi heldur fól stjórninni að hefja þegar undirbúning að utanför íþróttafólks eftir næsta landsmót.<sup>89</sup> Eftir hina ánægjulegu heimsókn Árósamanna 1973 lá beint við að endurgjalda hana eftir landsmótið á Akranesi 1975. Annað sem studdi þetta var sú staðreynd að landsmót UMFÍ voru haldin á þriggja ára fresti en dönsku landsmótin voru yfirleitt á fimm ára fresti svo þetta gekk ekki alveg upp. Þetta vandamál var leyst með íþróttakeppni milli UMFÍ og AAG til skiptis í löndunum tveimur. Hún fékk heitið Bikarkeppni AAG og UMFÍ og var ýmist haldin árlega eða annað hvert ár því alltaf var farið til Danmerkur á landsmótsárum. Tölfræði mótanna er á þessa leið:

1973	Selfossi. Stórt opið mót, ekki stigakeppni.
1975	Árósum. UMFÍ 118 stig, AAG 102 stig.
1977	Kópavogi. UMFÍ 126 stig, AAG 108 stig.
1978	Fuglsö. UMFÍ 114 stig, AAG 131 stig.
1979	Kópavogi. UMFÍ 122 stig, AAG 93 stig.
1981	Árósum. UMFÍ 129 stig, AAG 94 stig.
1982	Kópavogi. UMFÍ 129 stig, AAG 80 stig. <sup>90</sup>

Eins og stigatölur síðasta mótsins bera með sér voru yfirburðir Íslendinga miklir. Í frásögn *Skinfaxa* af mótinu kemur fram að hópurinn frá Árósum hafi jafnan verið blanda af leiðtogum, þjálfurum og ungum íþróttamönnum en nú hafi þjálfararnir verið helsta uppistaðan í keppnisliðinu. Þó því sé haldið á lofti í blaðinu að þessar heimsóknir hafi ekki eingöngu verið keppnisferðir heldur einnig skoðunar- og kynnisferðir skína í gegn vonbrigði yfir hinu slaka keppnisliði Árósamanna.<sup>91</sup> Þegar munurinn á tveimur keppinautum fer að verða verulegur missa báðir áhugann og þetta varð síðasta Bikarkeppni UMFÍ og AAG. Þeim kafla í norrænum samskiptum var lokið en fimm árum síðar var þó farin keppnisferð til Árósa á vegum UMFÍ. Þá fór 30 manna hópur sigurvegara af landsmótinu í Húsavík 1987 utan og reyndi sig við Danina með góðum árangri.<sup>92</sup> Þetta varð síðasta Árósaferðin en keppnisferðir á dönsku landsmótin héldu áfram enn um sinn.

Sumarið 1976 héldu íslenskir ungmennafélagar í þriðju ferð sína á landsmót dönsku ungmennafélaganna sem haldið var í Esbjerg. Þangað fór sem fyrr vaskur hópur frjálsíþróttamanna og einnig fimleikaflokkur frá Gerplu í Kópavogi og þjóðdansaflakkur frá Ungmennafélaginu Íslendingi í Borgarfirði. UMFÍ sendi fjóra flokka til leiks í frjálsíþróttakeppninni, tvo af hvoru kyni. Þrátt fyrir mikla hitabylgju sem dró mátt úr keppnisfólkinu sigraði UMFÍ enn einu sinni. A-lið karla varð í fyrsta sæti og A-lið kvenna í öðru sæti. Uppistaðan í B-liðunum voru ungir Skarp-héðismenn sem höfðu dvalist í æfingabúðum í Fuglsö og stóðu sig einnig vel. Fimleikaflokkurinn vann hug og hjörtu áhorfenda og virtist koma fimleikafjóðinni miklu á óvart með getu sinni. Þjóðdansaflakkurinn sýndi vikivaka undir stjórn Sigurðar R. Guðmundssonar skólalæris Leirárskóla í Borgarfirði.<sup>93</sup>

Það skemmtilega við þessar ferðir var að nú voru keppinautarnir frá landsmótunum orðnir samherjar og stefndu að sameiginlegu marki – sigri á Dönum. Þau góðu kynni sem hófust á





Íslenskir ungmennafélagar sleikja sólina á danskri strönd í keppnisferð til Árósa árið 1981.

landsmótunum blómstruðu og vináttubönd voru hnýtt landshluta á milli. Þannig gengu hlutirnir reyndar fyrir sig á landsmótunum og þá ekki síður í utanferðunum.

Árið 1985 var enn farið á danskt landsmót, að þessu sinni í Óðinsvéum. Landsmót Dananna eru stórbrotnar íþróttahátíðir sem eiga fáa sína líka. Þátttakendur í mótinu voru hátt í 30 þúsund og langflestir stunduðu fimleika, sem er höfuðiðíþrótt danskra ungmennafélaga öfugt við þá íslensku sem leggja mesta áherslu á frjálsíþróttir. Hinir 22 íslensku íþróttamenn sem tóku þátt í mótinu léku við hvern sinn fingur og náðu margir sínum besta árangri.<sup>94</sup> Þeim þótti frjálsíþróttum ekki mikill sómi sýndur með því að keppa í þeim á gömlum malarvelli í stað þess að nota hinn frábæra völl sem stendur við háskólann í Óðinsvéum. Keppninni lauk með 10×200 metra boðhlaupi. Hið óopinbera takmark Íslendinga var að hringa Danina. Það tókst nú ekki alveg en margir brostu í kampinn þegar forskot okkar manna var orðið 300 metrar.<sup>95</sup>

Enn voru Danir heimsóttir að loknu landsmótinu í Mosfellsbæ sumarið 1990. Nú fór danska landsmótið fram í Horsens og keppendur UMFÍ voru 24 talsins. Lélegur völlur olli Íslendingum vonbrigðum og einnig voru dönsku keppendurnir nokkuð við aldur og höfðu lifað sitt fegursta á frjálsíþróttavellinum. Þetta endurspegladi síminkandi áhuga á frjálsíþróttum innan dönsku ungmennafélaganna sem virtust ekki leggja mikla

áherslu á eiginlega keppni heldur miklu fremur að „vera með.“ Íslenski hópurinn stóð sig afburða vel og átti sigurvegara í sjö greinum. Hann hlaut flest stig í keppninni en var talinn til gesta mótsins eins og áður og hafði ekki áhrif á stöðu dönsku liðanna.<sup>96</sup> Þetta mót var jafnframt svanasöngur Íslendinga því eftir þetta hafa ekki verið farnar keppnisferðir á landsmótin dönsku. Norræn samvinna var eftir sem áður umfangsmikil en þokaðist nú meira af sviði íþróttanna á margan annan vettvang.

## Framkvæmdastjórn til starfa

Með vaxandi umsvifum stjórnar jókst þörfin á tíðari stjórnarfundum til að taka afstöðu til hinna fjölbreytilegu málefna sem bárust inn á borð UMFÍ. Mörg þeirra þoldu ekki langa bið því nú voru hlutirnir farnir að gerast hraðar en áður. Nú var svo komið að mánaðarlegir fundir dugðu ekki til og þá kom upp sú hugmynd að skipa sérstaka framkvæmdastjórn innan stjórnar sem héldi fundi oftar og sinnti jafnskjótt hinum daglegu verkefnum. Tillaga stjórnar um þetta var samþykkt á þingi UMFÍ í Haukadal árið 1973 og kom þegar til framkvæmda. Samtímis var fjölgað í stjórn og varastjórn UMFÍ þannig að stjórnarmenn urðu nú sjö en voru áður fimm og varastjórnarmenn urðu fjórir en höfðu áður verið þrír. Þar við bættist að tveir fulltrúar minnst skyldu vera í kjöri frá hverju kjördæmi landsins með það í huga að jafnan yrði maður úr hverjum landsfjórðungi í stjórninni.<sup>97</sup>

Tillagan var á þá leið að stjórnin kysi úr sínum hópi tvo menn til að skipa framkvæmdastjórn ásamt framkvæmdastjóra. Eins og nærri má geta hafa formenn UMFÍ hverju sinni hlotið sæti í framkvæmdastjórn og í raun og veru völdu formaður og framkvæmdastjóri með sér þriðja manninn hverju sinni. Það gaf auga leið að hann varð að eiga heima í Reykjavík eða nágrenni til að eiga hægt með að mæta á fundi. Framkvæmdastjórnin starfaði fyrst og fremst sem vinnunefnd en fundir aðalstjórnar urðu nú stefnumarkandi fundir sem



afgreiddu endanlega öll meiriháttar mál. Strax í upphafi var stefnt að því að dreifa þeim sem mest um landið og þeir hafa ósjaldan verið haldnir á heimaslóðum einhvers stjórnarmanns. Eftir tilkomu framkvæmdastjórnar voru stjórnarfundir haldnir um það bil ársfjórðungslega en þeim hefur heldur fjölgað í seinni tíð.

Fyrsta framkvæmdastjórn UMFÍ var kjörin á stjórnarfundum 24. júní 1973. Hún var skipuð Hafsteini Þorvaldssyni formanni og Guðmundi Gíslasyni meðstjórnanda ásamt Sigurði Geirdal.<sup>98</sup> Framkvæmdastjórnin fór strax að funda vikulega og ráða ráðum sínum. Þetta fyrirkomulag reyndist vel og hefur haldist óbreytt til þessa dags. Fyrstu árin voru framkvæmdastjórnarmenn þrír en árið 1985 var þeim fjölgað í fjóra. Með þessari skipulagsbreytingu voru formaður og framkvæmdastjóri enn fremur en fyrr orðnir burðarásar starfsins hjá UMFÍ.



Fyrsta framkvæmdastjórn UMFÍ 1973 til 1975. Frá vinstri: Guðmundur Gíslason, Hafsteinn Þorvaldsson og Sigurður Geirdal.

## Bréfaskólinn

Í febrúar 1976 barst stjórn UMFÍ tilboð frá Bréfasbólunum um eignaraðild og það þótti áhugavert. Svo fór að árið 1976 eignaðist UMFÍ einn tíunda hlut í Bréfaskóla SÍS og ASÍ eins og hann var nefndur þá. Skólinn var stofnaður af Sambandi

Íslenskra samvinnufélaga árið 1940 og hét þá Bréfasbólunum SÍS. Hann var einkum hugsaður sem valkostur fyrir ungmenni í hinum dreifðu byggðum sem ekki áttu gott með að komast að heiman til náms. Rekstur skólans hafði dalað undanfarið og nú skyldi blása í hann nýju lífi með nýjum eigendum. Fyrir utan þrjá fyrrnefnda aðila voru Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda, Farmanna- og fiskimannasambandið og Kvenfélagasamband Íslands eigendur skólans.<sup>99</sup>

Þær vonir sem gerðar voru um endurnýjun skólans brugðust að mestu. Aðsókn var ekki nægileg og halli var á rekstrinum sem



Stjórn Bréfaskólans árið 1990. Frá vinstri: Harald Holsvik FFSÍ, Hörður S. Óskarsson UMFÍ, Ingibjörg Guðmundsdóttir MFA, Jóhanna Margrét Guðmundsdóttir SÍS, Helgi Skúli Kjartansson SÍS, Ásgerður Ingimarsdóttir ÖBÍ, Sveinn Rögnvaldsson SÍS, Stefania M. Pétursdóttir KÍ og Guðrún Friðgeirsdóttir skólastjóri.

hluthafar urðu að borga. UMFÍ sagði því upp eignaraðild sinni frá og með áramótum 1982-1983 og þar með virtist sagan öll.<sup>100</sup> Stjórnarmönnum UMFÍ þótti leitt að svona skyldi fara því skólinn var á sinni tíð merkilegt framlag til alþýðumenntunar sem gerði mörgum kleift að ná sér í menntun sem annars hefði ekki orðið, með þeirri aðferð sem nú er kölluð fjarnám.

Leið nú og beið en fregnir af andláti skólans létu á sér standa. Árið 1988 var honum breytt í sjálfseignarstofnun og þá ákváðu stjórnarmenn UMFÍ að gerast á ný bakhjarlar skólans. Sú bjartsýni reyndist þó ekki eiga rétt á sér því nú voru margir nýir skólar komnir til sögunnar sem kenndu það námsefni sem bréfaskólinn var einn um áður.<sup>101</sup> Sérstaða skólans var að hann var leiðandi í kennslu á íslensku fyrir útlandinga og tungumálakennsla var langsamlega vinsælasta námsgreinin. Þá er ótalið að margir sjómenn tóku í skólanum stóran hluta af svokölluðu pungaprófi, það er prófi til skipstjórnarréttinda á báta undir 30 tonnum. Margir nemendur skólans voru vaktavinnufólk eða höfðu dottið út úr hefðbundnu námi og sáu þarna góðan valkost til að ná sér aftur á strik.<sup>102</sup>

Nú var internetið að halda innreið sína og skólinn hafði ekki tók á að aðlaga námsefnið þessu nýja umhverfi fyrst og fremst vegna kostnaðar. Einn af öðrum sögðu bakhjarlarnir sig frá honum. Þegar stofnandinn, SÍS, hafði gefist upp sáu aðstandendur skólans sitt óvænna og seldu hann til einkaaðila 31. desember 1996. Kaupandinn var ekki ókunnur skólanum því hann var Sigurður Þorsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri UMFÍ. Skólinn fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu eins og aðrir framhaldsskólar en sá styrkur minnkaði með hverju ári og hann þraut með öllu þegar eigendaskiptin urðu. Þar með lauk sögu þessa



*Íslendingarnir sem voru við nám í Askov veturinn 1904 til 1905. Frá vinstri: Hannes Jónsson dýralæknir, Oddur Rafnar framkvæmdastjóri, Páll Jónsson kennari, Jónas Rafnar læknir, Halldór Vilhjálmsson skólastjóri, Tómas Tómasson slátrareistari, Lárus J. Rist íþróttakennari og Þórhallur Björnsson prentari.*

merkilega skóla eftir meira en hálfra aldar viðveru hans í íslenska menntakerfinu.<sup>103</sup>

## Lýðháskólinn í Skálholti

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ein af rötum ungmennafélagshreyfingarinnar á Íslandi er runnin frá lýðháskólunum dönsku sem margir Íslendingar sóttu skömmu eftir aldamótin 1900. Í þessum skólum stóð fjölbreytt menntun til boða en minna var hirt um prófgráður og titla. Skólarnir voru byggðir á hugmyndum Nikolajs Grundtvigs (1783-1872), hins fræga danska lýðmenntafrömuðar. Starf þeirra byggðist á samræðum fræðara og nemenda en ekki utanbókarlærdómi. Lögð var mikil áhersla á að þeir skyldu opnir allri alþýðu en ekki bara fámennri yfirstétt eins og raunin var með flesta skóla á Íslandi langt fram á 20. öld.

Frægastur allra lýðháskóla var skólinn í Askov á Jótlandi – flaggskip lýðháskóla á Norðurlöndum.<sup>104</sup> Veturinn 1904-1905 voru átta Íslend-



Skólastjórarahjónin í Skálholti Heimir Steinsson og Dóra Þórhallsdóttir.

ingar nemendur í Askov, þar á meðal Þórhallur Björnsson prentari, Lárus J. Rist íþróttakennari og Halldór Vilhjálmsson síðar skólastjóri á Hvanneyri. Tveimur vetrum síðar var Jónas Jónsson frá Hriflu þar við nám.<sup>105</sup> Þessir menn og margir fleiri drukku í sig hina fjölbættu menntun sem lýðháskólarnir veittu og sáu í þeim fyrirmynd til handa Íslandi. Í endurminningum sínum lýsir Lárus J. Rist þeim sterku hughrifum sem Íslendingarnir urðu fyrir á Askov. Þeir ræddu mikið saman og framtíð íslensku þjóðarinnar var þeim hugleikin. Þeir töldu að Íslendinga vantaði ekki hæfni, hvorki andlega né líkamlega, en þá skorti andlegan þroska, framtak og félagshyggju. Þeir töldu að fólkið þyrfti að öðlast:

trú á sjálf sig, landið og þjóðina, skilning á lögmálum í ríki náttúrunnar, svo að það leitaði að þeirri dásamlegu fegurð, sem í lífinu er að finna. Þetta var rauði þráðurinn í öllum ræðuhöldum okkar og átti að vera uppistaðan í voðinni, sem við ætluðum að vefa.<sup>106</sup>

Þessir ungu menn voru sannfærðir um að eitt af því sem vantaði heima á Fróni væru lýðháskólar. Þetta leiddi til vakningar um að koma slíkum skólum á fót héraðs og reyndar tókst það um tíma. Skólarnir á Núpi og Hvítárbakka voru titlaðir lýðháskólar þar til þeim var breytt í héraðsskóla árið 1929 og þar með innlimaðir í skólakerfi landsins. Bændaskólinn á Hvanneyri í

tíð Halldórs Vilhjálmssonar (1907-1936) bar sterk ein-kenni lýðháskóla enda hafði skólastjórinn numið á Askov. Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar í Haukadal (1927-1970) komst líklega næst því að starfa í anda ungmennafélaganna og lýðháskólanna en hreinræktaðir skólar með slíku sniði létu á sér standa.

Draumurinn um lýðháskóla hreyfingarinnar hélst þó alltaf lifandi meðal ungmennafélaga. Um tíma voru uppi hugmyndir um rekstur lýðháskóla UMFÍ yfir sumarmánuðina á Leirá í Borgarfirði og nefnd var kosin í

málið á þingi UMFÍ í Haukadal 1973. Í nefndina voru kosnir Þorsteinn Einarsson, Valdimar Óskarsson og Arnór Karlsson. Hún skilaði álit á þingi sambandsins á Varmalandi 1975 og þar kom skýrt í ljós að UMFÍ hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa að slíku skólahlaldi.<sup>107</sup> Þá sneru menn sér fyrir alvöru að hugmyndum kirkjunnar manna um lýðháskóla.

Snemma fengu menn augastað á Skálholti, hinu forna skólasetri landsins, sem aðsetri fyrir lýðháskóla. Tillögur til stuðnings lýðháskóla í Skálholti voru samþykktar á flestum þingum UMFÍ á sjöunda áratug síðustu aldar. Þá var hafin sú uppbygging á staðnum sem náði hámarki með byggingu hinnar nýju dómkirkju. Árið 1972 hóf kirkju-



Nemendur Skálholtsskóla í matsal skólans árið 1979.



ráð þjóðkirkjunnar síðan rekstur lýðháskóla í Skálholti. Stjórn UMFÍ lýsti þá yfir áhuga á að koma að starfsemi skólans og hafði samband við stjórnendur hans. Rektor skólans fyrstu tíu árin var séra Heimir Steinsson, síðar þjóðgarðsvörður og útvarpsstjóri. Til að byrja með var kirkjan ein um hituna en í ársbyrjun 1978 tóku gildi lög um Skálholtsskóla sem var sjálfseignarstofnun í umsjá kirkjuráðs. Fyrir utan kirkjuráð áttu Samband íslenskra sveitarfélaga, Kvenfélagasambandið, Skálholtsskólafélagið og UMFÍ fulltrúa í stjórn skólans.<sup>108</sup> Sigurbjörn Einarsson biskup var lengi vel formaður skólanefndar en fulltrúi UMFÍ var alla tíð Jón G. Guðbjörnsson, bóndi á Lindarhvoli í Þverárhlíð í Borgarfirði. Stjórn UMFÍ fagnaði mjög þessari lagasetningu á sínum tíma og í skýrslu UMFÍ 1979 segir meðal annars:

Ungmennafélagar höfðu í upphafi mikinn áhuga á lýðháskólamállum og meira og minna fram á þennan dag. Því er það ánægjulegt fyrir okkur að fá tækifæri til að leggja hönd á plóginn í Skálholti og stefna þarfr að stofnun lýðháskóla víðar ef fært þykir. Reynslan í Skálholti hefur sýnt að það er þörf fyrir slíka skóla.<sup>109</sup>

Skólinn hentaði sérstaklega vel þeim nemendum sem voru á krossgötum og ekki búnir að ákveða sér stefnu í lífinu. Í skólanum var mikið valfrælsi um námsgreinar og próf voru þar engin. Hugmyndin var að reka þarna skóla fyrir 50 nemendur og kennslurýmið miðaðist við það en heimavistin tók hins vegar ekki nema um 20 nemendur og þar við sat því aldrei bætti ríkisvaldið úr þessari vöntun.<sup>110</sup>

Þrátt fyrir þröngan fjárhag og of lítið og á margan hátt óhentugt húsnæði gekk starf skólans vel meðan séra Sigurbjörn og séra Heimir höfðu forsjá hans með höndum. Þar skipti sköpum myndugleiki þeirra, víðtæk þekking á lýðháskólastarfi og grundvallarhugsjón þess og áhugi á að hefja slíkt starf til vega hér á landi. Séra Heimir líkti skólanum við kögunarhól, sjónarhæð, þar sem fólki gæfist tækifæri til að ná áttum. Eigin kona Heimis, Dóra Þórhallsdóttir, átti sinn góða þátt í þessu blómaskeiði skólans en þau voru nokkurs konar „yfirforeldrar“ nemendanna. Þegar þeirra Sigurbjörns og Heimis naut ekki lengur við fór að halla undan fæti hjá skólanum.<sup>111</sup> Hann



*Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri fræðir nemendur Skálholtsskóla um málefni Hjálparstofnunar þjóðkirkjunnar.*

starfaði í tvo áratugi sem lýðháskóli en var þá lagður niður sem slíkur. Síðan 1993 hefur Skálholtsskóli verið kirkjuleg menntastofnun sem sinnir aðallega guðfræði og kirkjutónlist.<sup>112</sup>

Marga hefur undrað hversu lítið hefur orðið ágengt hérlendis með stofnun lýðháskóla meðan slíkir skólar blómstra víða á Norðurlöndum. Kunnugir menn telja að málið hafi tapast hérlendis í þrígang: Fyrir 100 árum var þetta ekki raunhæfur möguleiki því þjóðin átti nóg með að sinna lágmarks barnafræðslu. Næsta lota tapaðist með tilkomu héraðsskólanna og sú þriðja þegar fjölbrautaskólarnir hófu göngu sína.<sup>113</sup> Kannski er skýringin að einhverju leyti sú að ungir Íslendingar hafa sótt í lýðháskólanám erlendis en sýnt minni áhuga á slíku námi hérlendis. Til að mæta þessari þörf hefur hefur UMFÍ á undanförunum árum styrkt fjölda ungmenna til náms í lýðháskólum í Danmörku. Fyrir valinu urðu sex skólar sem sérhæfa sig í íþróttum, þar á meðal hinir fornfrægu skólar í Sønderborg og Ollerup. Vinsældir námsins eru slíkar að aðeins er hægt að sinna helmingi þeirra styrkumsókna sem berast. Enn á ný eru ungir Íslendingar við nám í dönskum lýðháskólum og tileinka sér frjálssa framhaldsmenntun. Sagan hefur því gengið í hring á hundrað árum.



## Slagurinn um peningana



*Halldór E. Sigurðsson var ungmennafélögum haukur í horni meðan hann var fjármálaráðherra á 8. áratugnum.*

Hugsjónir ungmennafélaganna eru margar og fagrar og fleiri en upp verði talið. Þær kristallast í orðunum „Ræktun lýðs og lands.“ Ungmennafélagar hafa látið sér annt um framgang þeirra og fórnað þeim miklum tíma, vinnu og fjármunum. Þeirra laun hafa verið að sjá framfarir í starfi hreyfingarinnar. En peningar eru hreyfi-

afl hlutanna og margar háfleygar hugsjónir hafa fallið andvana til jarðar því fjármagnið til þeirra skorti. Fjárafilanir, styrkbeiðnir, ferðir til bankastjóra og jafnvel framlög úr eigin vasa hafa frá fyrstu tíð verið hlutskipti forystumanna ungmennafélags-hreyfingarinnar.

Það sem reyndi mest á fjárhag UMFÍ lengi vel var sú ákvörðun að halda *Skinfaxa* gangandi hvað sem það kostaði. Stjórnarmenn voru sannfærðir um að hreyfingunni væri lífsspursmál að hafa sitt eigið málgagn. Sú hugsun er áleitin hvernig farið hefði fyrir UMFÍ hefði blaðið verið lagt niður. Það hefði náttúrulega verið skynsamlegt frá sjónarhóli peningamanna því *Skinfaxi* hefur sjaldnast borið sig fjárhagslega. Útgáfa hans hefur hinsvegar byggst á hugsjón sem hefur félagslegan gróða en ekki fjárhagslegan í fyrirrúmi.

Allt frá árinu 1909 hefur UMFÍ fengið árlegan styrk frá Alþingi, það er að segja úr ríkissjóði. Fyrsti styrkurinn var 1000 krónur en þá voru árs-laun verkamanns í Reykjavík nálægt því að vera 600 krónur. Þrátt fyrir verðbólgu gekk hægt að fá styrkinn hækkaðan og árið 1925 var hann aðeins 1800 krónur. Þá var hinsvegar verkamannakaupið komið upp í 2800 krónur á ári svo í raun hafði styrkurinn lækkað verulega. Árið eftir var þó styrkurinn hækkaður upp í 5000 krónur sem var svipað hlutfall og 1909. Upphæð styrksins breyttist lítið næstu árin og 1943 var hann til dæmis 6000 krónur en verkamannakaupið var þá helm-

ingi hærra svo því fór fjarri að stuðningur ríkisins héldist í hendur við þróun verðlags.<sup>114</sup>

Nærri má geta að UMFÍ átti erfitt um vik að styðja aðildarfélögin þegar það barðist sjálft í bökkum. Með Íþróttalögnum 1940 komu til sögunnar langþráðar styrkveitingar Íþróttanefndar ríkisins sem voru látnar ganga beint til félaganna í formi styrkja til íþróttanámskeiða og -kennslu. Styrkur Íþróttanefndar var fljótlega orðinn fjórfalt hærri en ríkisstyrkurinn og nam helmingi af tekjum UMFÍ. Aðrir tekjuliðir stóðu í stað svo nú þurfti sem fyrr að taka fram betlistafinn. Á hverju hausti hófust árlegar herferðir stjórnarmanna á hendur fjárveitinganefnd Alþingis. Haustið 1943 segir ritari UMFÍ frá því á stjórnarfundum að í bréfi sendu Alþingi hafi verið óskað eftir því að styrkur ríkisins hækkaði um 15.000 krónur sem hefði verið meira en þreföld hækkan.<sup>115</sup> Sú djarfa áætlun gekk ekki eftir en styrkurinn hækkaði þó um helming upp í 12.000 krónur árið 1944. Þingkostnaður UMFÍ nam 3.400 krónum árið 1946 og það gefur til kynna hversu lítið var í raun og veru hægt að starfa fyrir þennan styrk.<sup>116</sup>

Næstu árin hækkaði styrkurinn dálítið á nokkurra ára fresti en lækkaði þó alltaf að verðgildi sökum landlægrar verðbólgu. Árið 1949 var styrkurinn 15.000 krónur og náði ekki árslaunum verkamanns. Tíu árum seinna hafði orðið viðsnúningur því 1959 var styrkurinn 115.000 krónur og nam tæplega þremur verkamannalaunum. Árið 1969 var styrkurinn 515.000 krónur og svaraði þá rúmlega til árslauna þriggja verkamanna. Árið 1979 höfðu augljós umskipti hins vegar orðið. Þá voru miklir verðbólgutímar og upphæðir fóru síhækkandi en óþarfi er að láta það villa sýn. Þá var styrkurinn orðinn 27.175.000 krónur en árs-laun verkamanns það ár voru 2.538.580 krónur.<sup>117</sup> Styrkurinn var sem sagt orðinn rúmlega tíuföld verkamannslaun og farið að muna verulega um hann. Starfsemi skrifstofu UMFÍ hafði líka margfaldast síðasta áratuginn frá einu stöðugildi starfsmanns upp í fjögur stöðugildi árið 1979.<sup>118</sup>

Hafsteinn Þorvaldsson segir að það hafi skipt sköpum þegar Halldór E. Sigurðsson varð fjármálaráðherra árið 1971. Hann var á sínum tíma gjaldkeri UMFÍ og skildi öllum mönnum betur hvers þurfti með. Þegar Hafsteinn og Sigurður heimsóttu hann í ráðuneytið í Arnarhvoli til að biðja um aukinn fjárstyrk tók Halldór þeim vel og sagði: „Strákar. Ég var nú aldrei góður í langstökki en ég skal lofa ykkur því að í fjár-



*Happdrætti UMFÍ var ágætis fjáröflun lengi vel. Hér er áncægður vinningshafi við happdrættisbíl sinn árið 1978.*

veitingum til UMFÍ núna þá kem ég ekki aftur niður á plankann.“ Halldór stóð við orð sín og hækkinin til UMFÍ varð umtalsverð. Það veldur hver á heldur og það var ekki ónýtt fyrir samtökin að hafa gamlan og góðan ungmennafélaga á stóli fjármálaráðherrans.<sup>119</sup>

Sú ákvörðun að ráða Sigurð Geirdal í fullt starf árið 1970 var tímamótaákvörðun. Það kostaði auðvitað sitt í peningum til að byrja með en gaf einnig mörg sóknarfæri. Fyrri stjórn UMFÍ hafði farið varlega í fjármálum og í skýrslu hennar frá 1969 segir meðal annars: „Sérstakar fjáröflunarleiðir á vegum UMFÍ hafa ekki verið reyndar, enda vafasamar.“<sup>120</sup> Nú var hinsvegar hvergi hikað og þegar peninga vantaði til utanlandsferðar 1971 var umsvifalaust efnt til ferðahappdrættis. Héraðssamböndunum voru sendir miðar til sölu og treyst á þegnskap þeirra til skjótra viðbragða. Salan gekk allvel og dágóð upphæð kom í ferðasjóðinn.<sup>121</sup> Þarna var komin til sögunnar álitleg fjáröflunarleið.

Árin 1973-1983 efndi UMFÍ árlega til happdrættis sem fór þannig fram að samböndin seldu happdrættismiða gegn því að fá helming af söluverði. Þetta var sem vítamínsprauta inn í hreyfinguna til að byrja með. Stundum var UMFÍ svo heppið að vinningar gengu ekki út og gróðinn jókst að sama skapi. Eitt sinn óskaði HSP eftir því að fá andvirði happdrættisvinnings sem kom á miða sem seldur var á svæði þess en fannst ekki þegar til átti að taka. Stjórn UMFÍ hafnaði beiðninni umsvifalaust.<sup>122</sup>

Mörg árin seldust nálægt tólf þúsund miðar í happdrættinu og bæði UMFÍ og einstök sambönd undu glöð við gróðann. Þetta byggðist á ötulum sölumönnum um land allt en samkeppnin varð sífellt harðari og brátt varð ekki þverfótað fyrir happdrættum af ýmsu tagi. Salan varð dræmari og happdrættið féll niður árið 1984. Aftur var farið af stað árið 1985 og hinir 50 vinningar voru mjög í anda UMFÍ. Það voru bæði íslensk húsgögn, málverk, bókin *Landið þitt* og rokkur að hætti ömmu gömlu. Svo voru bæði hljómflutningstæki, heimilistölvur og myndbandstæki í boði en samt seldust aðeins um sjö þúsund miðar og ljóst var að þessi fjáröflun hafði gengið sér til húðar.<sup>123</sup> Árið eftir kom Lottó til sögunnar og eftir það hefur ekki hvarflað að neinum að leggja á sig það erfiði sem fylgir árangursríku happdrætti.

Árið 1970 vænkaðist hagur UMFÍ þegar sambandið varð einn eiganda Getrauna sem hafa síðan verið einn af tekjupóstum hreyfingarinnar. Félögin fá sölulaun af seldum miðum og UMFÍ fimmtung ágóðans þegar búið er að draga kostnaðinn frá. Þetta gerðist meðal annars fyrir atbeina Gísla Halldórssonar, forseta ÍSÍ, sem var hlynntur UMFÍ og lagði sig fram um góða samvinnu milli samtakanna.<sup>124</sup>

Þessar nýju tekjulindir skutu styrkari stöðum undir starfsemi UMFÍ en verið hafði enda var sem fyrr nóg við peningana að gera. Alltaf var náttúrlega verið að reyna að fá ríkisstyrkinn hækkaðan og það tókst árlega, bæði vegna verðbólgu en ekki síður vegna þess að UMFÍ gat bent á fjölbreytt og aukið starf. Þetta gerðist auðvitað ekki fyrirhafnarlaust. Gjörðabækur UMFÍ geyma mörg andvörp stjórnarmanna yfir erfiðum fjármálum. Boginn var spenntur til hins ýtrasta því menn voru staðráðnir í að efla starfið sem mest. Haustið 1976 var ákveðið á framkvæmdastjórnarfundi að „gerð verði hríð að þingmönnum og ráðherrum vegna fjárlaga 1977.“ Ekki var vanþörf á því skömmu síðar barst UMFÍ bréf frá Gjaldheimtunni í Reykjavík þar sem boðuð voru gjaldþrotaskipti hjá sambandinu vegna ógreiddra gjalda. Til þess kom þó ekki því litlu síðar upplýsti framkvæmdastjóri á fundi framkvæmdastjórnar að búið væri að gera upp við Gjaldheimtuna. Á sama fundi gerði hann grein fyrir ferð sinni á fund fjárveitinganefndar Alþingis. Væntanlega hefur hann sannfært nefndarmenn um nauðsyn þess að leggja hreyfingunni lið, því ríkisframlagið hækkaði um helming og munaði um minna.<sup>125</sup>

## Saga UMFÍ



Geir Jónasson sagnfræðingur höfundur *Minningarrits UMFÍ* sem gefið var út 1938.

og það var kallað. Þá var efnistöfum og umfangi slegið föstu:

Ritið sé um 15 arkir – 240 bls. að stærð. Það skiftist í fjóra kafla.

1. Saga Sambands UMFÍ.
2. Sögur fjórðungssambanda.
3. Sögur héraðssambanda.
4. Sögur einstakra félaga.<sup>127</sup>

Gert var ráð fyrir að hvert félag og héraðssamband sendi sína sögu sjálft og sendi hana til UMFÍ. Þessu átti að vera lokið fyrir árslok 1928. Sú ósk rættist ekki og næstu árin fréttist lítið af söguritun. Það var fyrst og fremst ritari UMFÍ, Guðmundur Jónsson frá Mosdal, sem hélt málinu vakandi og á þingi sambandsins árið 1933 las hann upp nöfn þeirra ungmennafélaga sem höfðu sent söguágríp sitt til UMFÍ. Guðmundur sagði þá töf sem orðið hefði á útgáfunni stafa mest af tómlæti félaganna sjálfra.<sup>128</sup>

Á þingi UMFÍ í Þrastaskógi 1936 var ákveðið að gefa minningarritið út á 30 ára afmæli sambandsins. Skorað var á þau ungmennafélög sem ekki hefðu þegar sent sögu sína til sambandsins að gera nú bragarbót og síðast en ekki síst var höfundur ráðinn til starfa. Það var ungur sagnfræðingur sem þá hafði nýlengi meistaraprófi við háskólann í Ósló, Geir Jónasson að nafni, félagi í hinu deyjandi Ungmennafélagi Akureyrar.<sup>129</sup>

Í ársbyrjun 1938 kom út bókin *Ungmennafélög Íslands 1907-1937. Minningarrit*. Hún var 445

blaðsíður í meðalstóru broti og skiptist í nokkra kafla. Fjórðungur ritsins var helgaður minningum ýmissa forystumanna um ungmennafélagskapinn. Annar eins hluti var bein endursögn úr þinggerðabókum sambandsins og skýrslum sambandsfélaga. Söguágríp einstakra félaga voru þriðjungur ritsins og hvað merkastur hlutinn. Sextíu og átta félög birtu þarna sögu sína í stuttu máli. Bókin er merk heimild um starf ungmennafélaga fyrstu þrjátíu árin í sögu hreyfingarinnar. Það sem á skorti var að fleiri félög kæmu sögu sinni á framfæri en það stafar mest af því hversu mikill hluti þeirra var utan vébanda UMFÍ.

Nú leið tíminn og alltaf voru að bætast við kaflar í hina óskráðu sögu ungmennafélaganna. Á afmælisþingi sambandsins á Þingvöllum 1957 kom Kjartan Bergmann Guðjónsson, síðar formaður Glímusambandsins, fram með tillögu um að ný saga kæmi út ekki síðar en 1960.<sup>130</sup> Tillagan var samþykkt og stjórnin skipaði ritnefnd til að annast verkið. Í henni voru Eiríkur J. Eiríksson, Skúli Þorsteinsson og Guðjón Jónsson.<sup>131</sup> Eftir nokkrar þreifingar var samþykkt í febrúar 1959 að ráða Andrés Kristjánsson blaðamann til að skrifa sögu UMFÍ.<sup>132</sup> Ritnefndin fundaði einu sinni og þar var ákveðið að fá ritstjórn til að kynna efni sögunnar á þingi UMFÍ um haustið. Ekki varð af því en Skúli Þorsteinsson tjáði þingheimi nöfn nefndarmanna og ritstjórnans. Var málið síðan tekið af dagskrá án nokkurrar umræðu.<sup>133</sup>

Nú liðu árin eitt af öðru og lítið fréttist af sögunni. Sem fyrr var óskað eftir að héraðssambönd og ungmennafélög skráðu sögu sína og sendu hana til

UMFÍ. Undirtektir voru dræmar og sjálfskipaðir rithöfundar létu á sér standa. Næstu árin gerðist fátt enda starfaði höfundurinn í hjáverkum og tímamörk voru engin. Tíu árum eftir þingið 1957 var skýrt frá því í *Skinfaxa* að von væri á útkomu bókarinnar árið 1968. Þar kom fram að væntanleg



Andrés Kristjánsson blaðamaður tók að sér að rita sögu UMFÍ en sú bók kom aldrei út.





Gunnar Kristjánsson kennari, höfundur bókarinnar *Ræktun lýðs og lands sem kom út í tilefni af 75 ára afmæli UMFÍ*:

ritstjóri hugleiddi þetta í *Skinfaxa* í árslok 1974 og sagði þá meðal annars:

Frumherjarnir frá fyrstu dögum hreyfingarinnar eru nú flestir fallnir í valinn og stöðugt hverfa menn með mikla starfssögu að baki úr röðum okkar. Sögulegar heimildir eru í lífi og sál margra þessara manna og hverfa að eilífu með þeim. Það er ekki seinna vænna að fara að festa á bók sögu þeirra ungmennafélaga sem voru í eld-línunni þegar 30 ára minningarritið kom út. Ef mig misminnir ekki, var einhvern tíma frá því greint á vettvangi UMFÍ að sérstök nefnd ynni að þessu máli. Vonandi er hún að sinna þessu verkefni þó að hljótt fari.<sup>135</sup>

Á miðju sumri 1976 tók framkvæmdastjórn á sig rögg og ræddi við höfundinn. Þá kom í ljós að verkið var ekki hafið og skemmst er frá því að segja að aldrei hefur sú saga litið dagsins ljós.<sup>136</sup>

Stjórn UMFÍ gafst ekki upp við svo búið og ákvað skömmu síðar að leggja til við ársþing sambandsins að láta rita nýja sögu UMFÍ. Nú hafði Menningarsjóður SÍS sýnt það örlæti að styrkja starfsemi UMFÍ um 500 þúsund krónur og leist mönnum svo á að því fé væri vel varið til söguritunar. Tillaga um þetta var samþykkt á ársþingi UMFÍ sem haldið var á Þingvöllum 1977.<sup>137</sup> Reyndar dróst fram í ársbyrjun 1981 að útvega söguritara en þá var Gunnar Kristjánsson kennari ráðinn til verksins í hlutastarfi. Gunnar hafði rit-

saga myndi fyrst og fremst fjalla um síðustu 30 árin þar sem þegar væri búið að skrá söguna fram að því.<sup>134</sup> Ekki virtist innistæða fyrir þessum orðum því engin kom bókin og enn liðu árin. Mörgum ungmennafélaga þótti seint ganga að koma sögu sambandsins þangað sem hún átti heima – til lesenda. Ey-

steinn Þorvaldsson

stýrt *Skinfaxa* um þriggja ára skeið og var því enginn nýgræðingur hjá UMFÍ.

Nú var ekki fallið í þá gryfju að ætlast til þess að ungmennafélagar skrifuðu söguna fyrir samtökin í sjálfbodaðavinnu heldur var gengið út frá því að höfundurinn væri einn að verki. Eins og oft vill verða var tíminn til verksins heldur naumlega skammtaður og gagnasöfnun reyndist miklu viðameiri en menn höfðu gert sér grein fyrir. Aðstandendur bókarinnar höfðu gert ráð fyrir að hún kæmi út haustið 1982 á 75 ára afmæli UMFÍ en það reyndist óvinnandi vegur. Gunnar tók sér nú frí frá öðrum störfum heilt ár og vann að bókinni fram á haust 1983 þegar hún kom út.

Bókin *Ræktun lýðs og lands. Ungmennafélag Íslands 75 ára 1907-1982* er 359 blaðsíðna bók, ríkulega myndskreytt. Þar er farið ytarlega yfir sögu UMFÍ, lýst baráttu- og stefnumálum, skipulagi, útbreiðslu, fjármálum, fjölmörgum verkefnum og erlendum samskiptum. Þá eru sérstakir kaflar um landsmótin, *Skinfaxa*, Þrastaskóg og Félagsmálaskólann. Frásagnir af helstu forystumönnum og viðtöl við þá prýða bókina. Höfundur virti sem betur fer að vettugi það sjónarmið að skrifa einungis sögu síðustu 35 ára því fyrri saga væri þegar komin út. Bókin er stórfróðleg heim-



Bókin *Ræktun lýðs og lands, 75 ára saga UMFÍ* kom út árið 1983.



ild um starfsemi UMFÍ í þrjá aldarfjórðunga og hefur orðið höfundi þessarar bókar að miklu gagni.

En sagan endurtekur sig. Nú þegar 100 ára saga UMFÍ er í vinnslu er enn sem fyrr of lítill tími ætlaður fyrir mikið verk. Við því er aðeins hægt að bregðast við á einn veg og skera niður eitthvað af því efni sem til stóð að færa í letur. Það efni sem fyrst lenti undir hnífnum var líf og starf héraðssambanda og ungmennafélaga. Það verður vonandi til umfjöllunar í afmælisritum þeirra á komandi árum. Það er glæsilegt framtak hjá Ungmennafélagi Íslands að gefa út þrjú afmælisrit á einni öld, – en þó alveg hæfilegt því sagan á að vera í sífelldri endurskoðun.

## Vor í dal

Hvítasunnan og verslunarmannahelgin hafa löngum haft það orð á sér að þá safnist æskulýður landsins saman í stórum hópum til útivistar og áfengisdrykkju. Skipulagðar útiskemmtanir um verslunarmannahelgar hafa tíðkast um áratugaskeið en minna hefur farið fyrir slíku um hvítasunnuhelgina. Eins og menn vita hefur hvítasunnan ekki fastan stað í almanakinu og getur verið allt frá miðjum maí til miðs júní. Það hefur gerst um hvítasunnu að unglingar hafa skyndilega hópast á einhvern útivistarstað í nágrenni Reykjavíkur og haldið þar einkaskemmtun án tilstyrks opinberra aðila. Það voru fyrst og fremst hinar síðbúnu hvítasunnur sem þóttu kjörnar til slíkra ferðalaga. Oftar en ekki hafa slíkar skemmtanir farið úr böndunum með tilheyrandi dýrkun Bakkusar. Þetta fór fyrst að vera áberandi hirlendis á sjöunda áratug síðustu aldar og eftir hvítasunnuna 1963 mátti lesa þetta í einu dagblaðanna:

Nokkur hundruð unglingar komu saman í Þjórsárdal yfir Hvítasunnuhelgina og héldu þar eina ljótustu útisamkomu sem haldin hefur verið hér á landi. Unglingarnir ýmist veltust um ofurölvi og ósjálfbjarga eða slógust og rifu fötin hver utan af öðrum. Sumir gengu um alls naktir, aðrir hentu sér í Sandá og böðuðu sig fullklæddir. Mikil spellvirki voru unnin á sjálfum þjóðgarðinum í Þjórsárdal og einnig á farartækjum sem nálæg voru. Mest voru unglíngarnir í skóglendinu fyrir sunnan Skriðufell. ... Talið er að þarna hafi verið um 600 ungl-



Þessar glaðbeittu stúlkur skemmtu sér án áfengis í Þjórsárdal um hvítasunnuna 1973.

ingar og hafi meðalaldur verið um sautján ára eða frá 14 til 21 árs.<sup>138</sup>

Sveit vaskra lögreglumanna var send á staðinn og þeir reyndustu sögðust aldrei hafa séð neitt þessu líkt. Þessi ólæti endurtóku sig næstum árlega á nýjum og nýjum stað. Oft var afleiðing þessara „skemmtana“ sú að unnið var óbæt看legt tjón á líkama og sálu fólks eða fösturjörðinni sjálfri.

Hið nýstofnaða Æskulýðsráð ríkisins fann sig knúið til að gera eitthvað í málinu vorið 1973 en þá bar hvítasunnuna upp á 10. júní. Seint í apríl sneri ráðið sér til formanns UMFÍ og óskaði eftir því að sambandið tæki forystu um samkomuhald um hvítasunnuna. Stjórn UMFÍ brást hvatlega við enda var nú aðeins rúmlega mánuður til stefnu. Ákveðið var að halda útihátíð í Þjórsárdal með aðstoð þeirra héraðssambanda sem voru hendi næst, það er UMSK og HSK. Nú voru liðin 10 ár frá Þjórsárdalsævintýrinu fræga sem hneykslaði alla þjóðina og þótti vel til fallið að gera þessa tilraun á þeim sama stað. Framkvæmdanefnd skipuð Sigurði Geirdal UMFÍ, Jóhannesi Sigmundssyni HSK og Guðmundi Gíslasyni UMSK var skipuð í snatri. Hafsteinn Þorvaldsson tók að sér að vera framkvæmdastjóri hátíðarinnar sem nefndist *Vor í dal* og starfsmaður nefndarinnar var Pétur Einarsson síðar flugmálastjóri.

Nú voru hafðar hraðar hendur og á undraskömmum tíma tókst að byggja upp aðstöðu frá grunni á stað sem ekki hafði áður verið notaður til samkomuhalds. Svæðið var girt á þrjá vegu en Sandá sá um landamærin í norðri. Útisamkoman



*Tjaldbúðalífið var skemmtilegt á útisamkomunni „Vor í dal.“*

hófst föstudaginn 8. júní og stóð fram á mánudaginn 11. júní. Þar var kappkostað að hafa ofan af fyrir samkomugestum. Þarna var boðið upp á íþróttakeppni, fjallgöngur, landgræðslu, leiktæki, hestaleigu, sundlaugarferðir og fjöldasöng svo eitthvað sé nefnt. Hljómsveit Steina spil, Brimkló og Mánar léku fyrir dansi á tveimur pöllum öll kvöldin.

Hafsteinn Þorvaldsson minnst þess að hann var farinn að ókyrrast á föstudagskvöldið þegar fjölmenni var komið inn í stóra tjaldið en hljóm-sveitin sem átti að spila þar lét ekki sjá sig. Þá renndi góður gestur í hlað, Árni Johnsen með gítarinn undir hendinni, og Hafsteinn bað hann þegar um liðveislu. Árni bjargaði málinu, snaraðist upp á sviðið og tók að stjórna fjöldasöng við mikil fagnaðarlæti unglínganna. Lögreglumenn helltu óspart niður áfengi sem þeir tóku af krökkunum. Því var yfirleitt hellt í Sandá sem hafði sínar afleiðingar því gæslumenn þóttust sjá að silungar í ánni væru orðnir rallhálfir og farnir að synda baksund áður en lauk.<sup>139</sup>

Á hátíðinni voru fimm til sex þúsund gestir og þótti hún takast í meginatriðum vel. Ölvun var hverfandi lítil en þeir virtust skemmta sér best

sem létu Bakkus lönd og leið. Vel var séð fyrir aðbúnaði þeirra sem þurftu á einhverri aðstoð að halda en 200 manna sjálfbóðaliðasveit ungmennafélaga starfaði við samkomuna og vann þar ómetanlegt starf. Fjölmíðlar fylgdust vel með samkomunni og fjölluðu talsvert um hana bæði fyrir og eftir helgina. „Þjorsárdalsævintýrið“ fræga tíu árum fyrr var mönnum í fersku minni og samanburðurinn við það var Vori í dal óneitanlega hagstæður.

Það var mál þeirra manna sem samanburð hafa að hátíðin í Þjorsárdal hafi borið af öðrum fyrir rólegheita sakir. Auðvitað var fyllerí og vissulega var slegist, en allt yfirbragð hátíðarinnar var með mun rólegri blæ en tíðkast hefur um þessa helgi. Það sem því olli var vafalaust góð skipulagning og rétt viðhorf skipuleggjenda til þeirra hluta sem hér voru á ferð.<sup>140</sup>

Nú getum við náttúrlega þakkað fyrir að þessi skemmtun fór fram með þryði og olli engum skaða. Og víst er að margir hafa beðið eftir fréttum af einhverju slíku. Þegar við gengum um svæðið í Þjorsárdal í

leit að „hneykslinu“ var það árangurslaus leit.<sup>141</sup>

Framkvæmdanefndin sem hafði staðið í ströngu gaf út skýrslu um Vor í dal og benti þar á jákvæðar umsagnir fjölmiðla. „Hinsvegjar er engum aðila ætlandi að leysa áfengisvandamál þjóðarinnar með slíkum háttíðum og allra síst með aðeins eins mánaðar fyrirvara.“<sup>142</sup> Vor í dal var ekki fjárhagslegt gróðafyrirtæki en gestir dreifðu þarna grasfræi og áburði í samræmi við markmið UMFÍ og þegar líða tók á sumar mátti líta þarna iðjagrænt svæði sem áður var svartur sandur. Þessi útihátíð var UMFÍ til sóma en kostaði mikla fyrirhöfn og eftir þetta hafa samtökin ekki reynt að hafa ofan af fyrir æskunni um hvítasunnu.

## Frá Lindargötu í Mjölnisholt

Um áratugi stóð það starfsemi Ungmennafélags Íslands fyrir þrifum að eiga ekki þak yfir höfuðið. Lengi vel hafði sambandið engan samastað annan en heimili stjórnar- eða starfsmanna. Þetta stafaði af bágunum fjárhag UMFÍ sem átti fullt í fangi með daglegan rekstur og var ekki aflögu-fært til fjárfestinga. Á þingi UMFÍ árið 1938 komu húsbyggingarmál fyrst til umræðu. Tillaga Ungmennafélagsins Velvakanda í Reykjavík um samstarf í húsbyggingarmálum við UMFÍ var felld en tillaga Halldórs E. Sigurðssonar, síðar ráðherra, um að fresta málinu til næsta þings var samþykkt.<sup>143</sup> Á næsta þingi var ekki minnst á húsbyggingu en talið nauðsynlegt að koma upp skrifstofu í Reykjavík svo fljótt sem fjárhagur leyfði.<sup>144</sup> Á þessum árum var kreppan í algleymingi og menn voru varkárir í fjármálum.

Fundargerðir næstu ára geyma miklar umræður um nauðsyn þess að UMFÍ eignist fast aðsetur. Það var þó ekki fyrr en í september 1948 að sambandið opnaði skrifstofu sína í húsi prentsmiðjunnar Eddu á Lindargötu 9a en þar hafði það haldið stjórnarfundum um árabíl. Þarna í lítilli kytru í Edduhúsinu var aðsetur UMFÍ allt til 1962. Þá þurfti prentsmiðjan á húsnaðinu að halda og sambandið varð að víkja. Skúli Þorsteinsson, þáverandi framkvæmdastjóri, bjó þá í fjölbýlishúsi á Hjarðarhaga 26 og skaut nú skjólshúsi yfir UMFÍ. Lítið kjallaraherbergi fylgdi íbúð Skúla og það varð nú skrifstofa sambandsins. „Þarna var líka skrifstofa fyrir blaðið *Dýraverndarann*.



Lindargata 9a árið 1982.

Þar starfaði Ingimar Jóhannesson sem var ritstjóri blaðsins. Þetta var eins og þokkaleg geymsla á við sémilegan bílskúr en var náttúrulega engin aðstaða.“<sup>145</sup>

Þarna hírðist UMFÍ næstu þrjú árin en snemma árs 1965 var skrifstofan flutt í húsið Lindarbæ á Lindargötu 9. Þar tók sambandið á leigu tvö herbergi hjá Sjómannafélagi Reykjavíkur sem voru samtals 35 fermetrar að flatarmáli. Þegar þessi



Hjarðarhagi 26 árið 1982.





Lindargata 9 árið 2007.

húsakynni voru fengin eignaðist UMFÍ sitt fyrsta fundarborð.<sup>146</sup> Strax og ný stjórn UMFÍ tók til starfa sumarið 1969 var farið að leita að betra húsnæði. Ákveðið var að leita hófanna hjá ÍSÍ og Guðmundi Guðmundssyni þáverandi framkvæmdastjóra var falið að kanna hvort húsnæði væri á lausu í Laugardalnum. Svo reyndist vera en það var ekki nógu stórt svo leitað var á önnur mið. Þá fékkst húsnæði á leigu hjá heildverslun Lúdvígs Storr á Klapparstíg 16. Nýja skrifstofan var fjögur herbergi og fundarsalur svo mönnum hló hugur í brjosti og þótti heldur hafa rýmkast um sig.<sup>147</sup> Það stóð á endum að þegar húsnæðið var fengið í febrúar 1970 kom Sigurður Geirdal til starfa og skrifstofan var opin allan daginn. Þarna starfaði UMFÍ í átta ár við sívaxandi annríki og umsvif.

Eins og fyrr er getið var fyrst um það rætt árið 1938 að UMFÍ eignaðist eigið húsnæði. Þetta takmark virtist lengst af órafjarri svo fjárvana voru samtökin. Á afmælisþinginu 1957 samþykktu fulltrúar tillögu um nauðsyn þess að UMFÍ eignaðist húsnæði og var stjórninni falið að undirbúa málið.<sup>148</sup> Ekki finnst stafkrókur um þetta í fundargerðum stjórnar eftir þingið og virðist hún hafa gefið málið frá sér. Það var ekki fyrr en árið 1971 að málið vaknaði á ný í höndum nýrrar stjórnar. Þá ræddu stjórnarmenn um kaup á 80 fermetra húsi sem þeir höfðu fengið augastað á en sökum fjárskorts var ákveðið að bíða með framkvæmdir.<sup>149</sup> Málið skaut upp kollinum af og til næstu árin en að lokum varð mönnum ljóst að stjórn og starfsmenn sem áttu nóg með að hrista af sér Gjaldheimtuna og sinna sívaxandi starfi yrðu að fá utanaðkomandi aðstoð við þetta mál.



Klapparstígur 16 árið 2007.

Það var svo á afmælisþinginu 1977 að stjórn UMFÍ lagði fram tímamótatillögu um húsnæðismál samtakanna:

Eftir 70 ára starf hefur UMFÍ ekki eignast eigið húsnæði fyrir starfsemi sína.

30. þing UMFÍ telur að við þetta megi ekki lengur una og felur þingið stjórn samtakanna að skipa nú þegar þriggja manna nefnd til að vinna að framgangi málsins. Skal sú nefnd í samráði við stjórn finna sérstakar fjáröflunarleiðir til þessa.<sup>150</sup>

Hér var talað skýrt og skorinort og tillagan var samþykkt einróma. Næst lá fyrir að skipa húsa-kaupanevnd og hún var ekki valin af handahófi. Stjórnin fékk Pálma Gíslason, útíbússtjóra Samvinnubankans, til að veita nefndinni forstöðu og hann fékk með sér í nefndina tvo fyrrverandi gjaldkera UMFÍ, þá Gunnar Sveinsson og Valdimar Óskarsson. Nefndin hóf þegar störf og kannaði ýmsa möguleika en fljótlega beindust augu hennar að húsnæði sem þá var í byggingu á Mjölnisholti 14. Mjölnisholt er örstutt gata sem liggur milli Brautarholts og Laugavegar rétt ofan við Hlemm. Þarna var um að ræða efstu (3.) hæð, 150 fermetra að stærð, sem yrði afhent fullbúin 1. júní 1978. Fljótlega samdist um kaupverð við Kristján Finnsson byggingameistara og hinn 9. desember 1977 var undirritaður samningur um kaup á hæðinni í Mjölnisholti sem skyldi kosta 17 milljónir króna á þáverandi verðlagi.<sup>151</sup> Nú þurfti nefndin að hafa hraðar hendur og útvega fé til húsaupanna. Frá því sagði Palmi Gíslason í viðtali við *Skinfaxa* í ársbyrjun 1978.





Húsakaupanefnd UMFÍ. Frá vinstri: Gunnar Sveinsson, Pálmi Gíslason og Valdimar Óskarsson.

Það var samdóma álit okkar að þessi fjármögnun mætti ekki hefta starfsemi UMFÍ, og því þyrfti að safna þessu fé að mestöllu leyti með fjárframlögum vinveittra aðila. Við fáum myndarlegt framlag frá Félagsheimilasjóði en þurfum þrátt fyrir það að safna 10-12 milljónum króna.<sup>152</sup>

Nefndarmenn brettu upp ermar og höfðu samband við öll ungmennafélög, héraðssambönd, sveitarstjórnir, kaupfélög og einstaklinga. Það er skemmt frá því að segja að undirtektir urðu góðar. Fjöldmörg fyrirtæki, félög, sambönd og einstaklingar létu fé af hendi rakna. Margir gáfu vel en enginn þó sem Hafsteinn Þorvaldsson, formaður UMFÍ, sem gaf tvö hundruð þúsund krónur, tvöfalt meira en nokkur annar.<sup>153</sup>

Það var svo hinn 1. júlí 1978 sem UMFÍ flutti undir eigið þak. Fyrsti fundur framkvæmdastjórnar á nýja staðnum var haldinn þremur dögum síðar og við þennan merka áfanga sá hún sérstaka ástæðu til að þakka húsakaupanefndinni og öðrum aðilum sem höfðu stutt að framgangi þessa máls.<sup>154</sup> Höfundur þessarar bókar starfaði þá sem húsasmiður hjá Kristjáni Finnssyni byggingameistara og fékk það skemmtilega hlutverk að setja upp milliveggi hússins og ganga frá innréttinum. Eins og verða vill teygðist sú vinna nokkuð fram yfir afhendingartíma og þá gafst tækifæri til að rifja upp góð kynni við ungmennafélags-

hreyfinguna. Ennþá er minnisstæður röskleiki starfsfólksins og lipurð við þessar aðstæður, ekki síst Sigurðar Geirdals sem lét sér hvergi bregða þótt húsasmiður með hamar á lofti þyrfti að nota skrifborðið hans sem vinnupall.

Laugardaginn 4. nóvember 1978 var hin nýja þjónustumiðstöð UMFÍ vígð við hátiðlega athöfn að viðstöddum fulltrúum af Sambandsráðsfundi fyrr um daginn og fjölda annarra gesta. Eigin konur þeirra Hafsteins Þorvaldssonar og Sigurðar Geirdal, Ragnhildur Ingvarsdóttir og Ólafía Ragnarsdóttir, höfðu veg og vanda

af undirbúningi og framreiðslu veitinga. Góðar gjafir bárust og gleði ríkti meðal ungmennafélaga sem loksins höfðu eignast þak yfir höfuðið.<sup>155</sup>

Hraðinn á þessari framkvæmd var ótrúlegur. Ári eftir að tillagan kom fram var búið að hrinda henni í framkvæmd. Orka og hugkvæmni formanns húsakaupanefndar og samstarfsmanna hans hafði séð til þess að búið var að borga 11 milljónir af kaupverðinu án þess að taka lán. Við þessi tímamót ritaði Hafsteinn Þorvaldsson hugleiðingu í *Skinfaxa* og sagði þá meðal annars:

Félagsheimili UMFÍ að Mjólnisholti 14 á að vera lifandi miðstöð ungmennafélagsstarfs af öllu landinu, þar sem forystumenn og starfslið UMFÍ mun eftir bestu getu leggja rækt við þjónustuþáttinn. Þar sem ungmennafélagar af öllu landinu munu hittast til samhæfingar og viðræðna um ýmis sameiginleg verkefni hreyfingarinnar. Þar sem forystumenn héraðssambanda og einstakra ungmennafélaga, munu fá vinnuádstöðu og jafnvel leiðsögn við úrlausn ákveðinna verkefna. ... Í fyrsta skipti í sögu samtakanna fáum við húsnaðisádstöðu sem innréttuð er með þarfir þjónustumiðstöðvarinnar í huga, en ljóst er að þetta er aðeins byrjunaráfangi, sem innan tíðar mun leiða af sér þörf á mun rýmra húsnaði.<sup>156</sup>



*Mjölnisholt 14 árið 1982.*

Hafsteinn átti kollgátuna því nýja húsnæðið í Mjölnisholti varð UMFÍ og hreyfingunni mikil lyftistöng. Nú voru fastir starfsmenn orðnir þeir og heimsóknir á skrifstofuna jukust um allan helming með aukinni starfsemi. Ágæt staðsetning nálægt Laugavegi og Hlemmtorgi átti sinn þátt í því og ungmennafélagar undu glaðir við sitt Mjölnisholt um sinn.

## Starfið á staðnum



*Esther Óskarsdóttir starfsmaður UMFÍ árið 1970.*

Með vaxandi umsvifum og meira húsplássi UMFÍ fór starfsfólki fjölgaandi. Samtímis því að Sigurður Geirdal tók til starfa snemma árs 1970 var Esther Óskarsdóttir, tvítug Sel-fossmær, ráðin á skrifstofuna og var í fullu starfi fram á mitt sumar. Hún var sú fyrsta í óslit-

inni röð kvenna sem gegnt hafa ritarastarfi hjá UMFÍ fram á þennan dag. Þrátt fyrir allar umræður um jafnrétti hefur ekki tíðkast að karlmenn sinni þessu starfi og þeir hafa ekki sýnt því áhuga. Hlutverk ritarans er fjölbreytt eins og kemur fram í eftirfarandi starfslýsingu:

Ritari á að svara í síma,  
skrifa bréf og bóka tíma.  
Gera það sem gera þarf.  
Flokka skjöl og fagna gestum,  
ráða fram úr vanda flestum.  
Allt er þetta óskastarf.

Esther minnst þess að oft var mikið að gera á skrifstofunni en starfið var skemmtilegt. Margar skrár og skýrslur voru samdar frá grunni, allt var vélritað á svokallaða stensla sem síðan voru settir í blekbrennara og þaðan í fjölrítara. Þetta voru forverar ljósritunarvélanna sem síðar komu til sögunnar. Þau Sigurður voru í essinu sínu þegar mest var að gera og hvert verkefnið tók við af öðru.<sup>157</sup>

Þegar starfsmenn voru orðnir tveir fór í vöxt að félagar úr hreyfingunni litu inn til að reka erindi sín og til skrafs og ráðagerða. Nú þurfti ekki að sæta lagi til að koma að opnum dyrum hjá

UMFÍ, þær voru alltaf opnar. Hér varð mikil breyting því skrifstofa UMFÍ var nú orðin þjónustumiðstöð hreyfingarinnar. Orðið „þjónustumiðstöð“ sást fyrst á prenti í skýrslu sambandsins árið 1975 en hefur síðan orðið munntamt öllum ungmennafélögum. Það sýnir vel þá stefnu að skrifstofan skuli vera hreyfingunni til þjónustu reiðubúin hvenær sem á þurfi að halda.

Nýja skrifstofan var rúmgóð og nú var UMFÍ meira að segja aflögufært um húsnaði. Landvernd, hin nýstofnuðu náttúruverndarsamtök sem spruttu upp í kjölfar á landgræðslustarfs ungmennafélaganna, deildu húsnaðinu með UMFÍ og greiddu helminginn af leigunni. Til enn frekari hagræðingar var ritarastarfinu skipt á milli UMFÍ og Landverndar sem greiddu launin jafnt. Í júní 1970 tók Sjöfn Guðmundsdóttir við ritarastarfinu af Esther sem fór heim á Selfoss og varð seinna ritari Hafsteins Þorvaldssonar sem framkvæmdastjóra Sjúkrahúss Suðurlands. Fljótlega tók Pálína Ellen Jónsdóttir við af Sjöfn og var til ársloka 1971. Helstu verkefni sem unnin voru á



Pálína E. Jónsdóttir starfsmaður UMFÍ 1970 til 1971.

skrifstofunni til að byrja með voru að fjölríta kaupendaskrár *Skinfaxa*, leikritasafn UMFÍ, kennslugögn Félagsmálaskólans og kennslubríf vegna starfsiþróttar. Þá var gefinn út kynningarbæklingur um störf og stefnu ungmennafélaganna.<sup>158</sup>

Sumarið 1974 bar nýrra við því



Nokkrir gestanna við vígslu Mjólnisholts 14 hinn 4. nóvember 1978.

þá var allt í einu kominn karlmaður til starfa við hlið Sigurðar Geirdals. Það var Kjósverjinn Guðmundur Gíslason sem átti sæti í framkvæmdastjórn UMFÍ. Þá voru starfsmenn UMFÍ orðnir þrír. Þegar Guðmundur hætti um haustið varð Ólafur Oddsson staðgengill hans, en hann átti eins og Guðmundur rætur sínar í Kjósinni og tók við af honum í framkvæmdastjórn UMFÍ. Ólafur starfaði til vors 1975 en þá varð UMFÍ að draga í land sökum fjárskorts og láta ritarann nægja. Þeir félagar störfuðu mikið að sérverkefnum svo sem hópferðum til Norðurlanda, enda var geysileg aukning á erlendum samskiptum um þessar mundir.<sup>159</sup>

Ritarar komu og fóru um þessar mundir, þarna störfuðu Jórunn Sigurbjörnsdóttir, Sigurveig Stefánsdóttir, Helga Aðalsteinsdóttir og Guðrún Guðmundsdóttir um lengri og skemmri tíma. Lengst þeirra var Sigurveig Stefánsdóttir sem starfaði tvívegis fyrir sambandið. Fyrst kom hún til UMFÍ haustið 1972 en varð að hætta störfum vorið eftir. Ástæðan var atvinnusjúkdómur sem stundum hefur herjað á ritarastéttina hjá UMFÍ. Hún varð nefnilega ófrísk og eignaðist fyrsta barn sitt sumarið 1973. Í annað sinn kom Sigurveig til starfa í ársbyrjun 1975 og var til aprílloka árið eftir. Þá var hún aftur barnshafandi og annað barnið kom í heiminn sumarið 1976. Þar með





*Guðmundur Gíslason starfsmaður UMFÍ árið 1974.*



*Lilja Steingrimsdóttir starfsmaður UMFÍ 1976 til 1978.*

kvenrödd í eyra fremur en hvatskeytislegan róm framkvæmdastjórans sem kvaðst yfirleitt segja „allt skítsæmilegt“ þegar hann tók upp símtólið.<sup>161</sup> Í umræðum um skýrslu stjórnar á UMFÍ-þingi 1977 varð Jóni Guðjónssyni formanni Vestur-Ísafirðinga tíðrætt um hið ljúfa viðmót ritarans sem þá var hin hláturmilda Lilja Steingrimsdóttir. Skömmu síðar barst þessi vísa til þingforseta frá óþekktum höfundum sem orti í orðastað Jóns:

Feginn vildi ég yrkja óð  
um þig kæra Lilja.  
Röddin mjúk og morgungóð  
menn þig allir skilja.<sup>162</sup>

Lilja var að störfum fyrir UMFÍ árin 1976-1978 nema sumarið 1977 þegar Anna Jóhannsdóttir



*Ólafur Oddsson starfsmaður UMFÍ 1974 til 1975.*



*Guðlaug Ásbjörnsdóttir starfsmaður UMFÍ 1978 til 1983.*

heitir reyndar Guðlaug Ásbjörnsdóttir og kunnir svo vel við sig hjá UMFÍ að hún hætti ekki fyrir en hin sígildu ritaraforföll komu upp í annað sinn. Hún tók sér þriggja mánaða barneignarfrí sumarið 1981. Ólafía Ragnarsdóttir, kona Sigurðar Geirdals tók að sér að passa hvítvoðunginn til að byrja með og ef svo vildi til að Ólafía var upptekin þá svaf hvítvoðungurinn vært inni á skrifstofu framkvæmdastjórans. Þetta var allt eins og ein fjölskylda. Þegar lítið systkini bættist í hópin sumarið 1983 gerðist Gulla heimavinnandi húsmóðir og hætti á skrifstofunni. Hún bar UMFÍ vel söguna:

Sigurður var sá besti yfirmaður sem ég hef haft og það var mjög gott að vinna fyrir hann. Hann var svo jákvæður og gat lynt við alla. Hann var nú ekki að skamma

leysti hana af. Ekki voru það launin sem héldu í Lilju heldur sá góði andi samvinnu og hjálpssemi sem ríkti á skrifstofunni. Sigurður var frábær yfirmaður og sló oft á létta strengi. Kærasti Lilju var fremur dökkur yfirlitum og þegar Sigurður leit hann augum var það fyrsta sem hann spurði hana um hvort hún hefði fengið hann á brunaútsölu!<sup>163</sup>

Sigríður Kristmundsdóttir, Jóhanna Steingrimsdóttir og Anna Leópoldsdóttir voru skamma stund í ritarastarfinu en 1. september 1978 kom Gulla til starfa á skrifstofunni og var í næstum fimm ár eða fram í júlíbyrjun 1983. Gulla





Dráinn Hafsteinsson starfsmaður UMFÍ 1978 til 1979.

mann ef manni mistókst eitt-hvað. Heldur hrósaði hann manni fyrir að hafa ekki mistekist meira en þetta. Þú getur rétt ímyndað þér hvort maður lagði sig ekki fram. Hann fylgdist vel með öllu innan hreyfingarinnar. Fyrir þingin

þá hringdi hann í alla karlana og spjallaði við þá um daginn og veginn. Eftir þessi símtöl gat hann sagt nákvæmlega hvernig öll mál myndu fara á þinginu. Og það gekk alltaf eftir.<sup>164</sup>

Vitanlega gerði Sigurður meira en spjalla við menn því hann lagði hiklaust línurnar fyrir þingmálin. Ritstjórn *Skinfaxa* var reyndar hlutastarf en ritstjórinn var þó með annan fótinn á skrifstofunni eins og við var að búast. Gunnar Kristjánsson var um tíma starfsmaður UMFÍ ásamt ritstjórn *Skinfaxa* en hætti og hvarf til kennarastarfa á Selfossi um áramótin 1979. Dráinn Hafsteinsson, hinn ötuli sonur formannsins, starfaði sem aðstoðarmaður Sigurðar Geirdals í hálfu starfi hluta ársins 1978. Árið eftir var hann í fullu starfi fram til hausts og hafði nóg að gera. Haustið 1979 þegar Hafsteinn Þorvaldsson lét af störfum formanns voru starfsmenn UMFÍ fjórir í fullu starfi en höfðu verið tveir í hlutastarfi þegar hann tók við tíu árum fyrr.<sup>165</sup>

## Samböndin sækja fram

Þegar kom fram á sjöunda áratug síðustu aldar hafði starfsemi héraðssambanda aukist og margfaldast. Íþróttir voru helsta viðfangsefni þeirra og frjálsíþróttir yfirleitt eftar á blaði. Sund og knattspyrna voru líka ofarlega á baugi en aðrar íþróttir voru síður taldar til sameiginlegra verkefna. Um langan aldur höfðu samböndin haft á sínum snærum starfandi íþróttakennara yfir sumartím-ann, sum þeirra allar götur frá því Íþróttasjóður kom til árið 1940. Þessir farandkennarar fóru á

milli félaganna og sáu um æfingar sumarlangt. Þetta er reyndar verkefni þeirra enn þann dag í dag og mun verða svo lengi sem íþróttir eru stundaðar í ungmennafélögum.

Á árunum um og fyrir 1970 skjóta þó ný viðfangsefni ungmennafélaganna upp kollinum og starfsemi þeirra verður sífellt fjölþættari og víðameiri. Þetta kallaði á aukið starf og aukið fjármagn og samböndin brugðust við með ýmsu móti. Fjáröflun tók nú sífellt meiri hlut af tíma stjórnarmanna og margar aðferðir voru reyndar til að fá peninga í sjóði sem oftast voru léttir eins og gerist þar sem hugsjónir fæðast sem mölur og ryð fá ekki grandað.

Styrkir úr héraði voru lengi vel helsta tekjulind margra héraðssambanda. Þá var leitað til sýslu- og sveitarfélaga sem mörg hver brugðust vel við og lögðu fram umbeðna lágmarksupphæð miðað við íbúafjölda. Yfirleitt var þarna um litlar upphæðir á hvert sveitarfélag að ræða en þær drógu sig saman. Víða var fyrir hendi góður skilningur sveitarstjórnarmanna á starfi ungmennafélaganna enda höfðu margir þeirra starfað í ungmennafélögum á sínum tíma. Annars staðar má greina sárindi í skýrslum sambandanna yfir skilningsleysi hreppanna sem ár eftir ár létu enga krónu af hendi rakna meðan aðrir greiddu sitt og gott betur. Kjalnesingar voru eitt af þeim samböndum sem áttu góðum skilningi að fagna og árið 1966 námu styrkir úr héraðinu 55 af hundraði allra tekna sambandsins. Þessar upplýsingar er að finna í fyrstu fjölrítuðu ársskýrslu sambandsins sem kom út það ár.<sup>166</sup> Þá voru eyfirskir hrepps- og sýslunefndarmenn UMSE sérlega hliðhollir og útveguðu sambandinu 32 af hundraði tekna sinna með styrkveitingum árið 1969.<sup>167</sup>

Borgfirðingar þurftu ekki á neinum styrkjum að halda meðan Sumarhátíðin á Húsafelli malaði gull í sjóði sambandsins. Þegar sú gullgæs hætti að verpa sótti UMSE um styrki til sveitarfélaganna og varð vel ágengt. Árið 1975 voru styrkir úr héraði þriðjungur teknanna sem reyndar voru með minnsta móti af fyrrgreindum ástæðum.<sup>168</sup> Snæfellingar voru sömuleiðis með hátt hlutfall tekna af styrkjum heimamanna árið 1973, ekki minna en 80 af hundraði.<sup>169</sup> Þessi góði stuðningur entist ekki vel því þegar Snæfellingar báru sig saman við Borgfirðinga 18 árum síðar kom í ljós að þeir síðarnefndu fengu 636 þúsund krónur í styrki frá 13 sveitarfélögum en Snæfellingar sjálfir urðu að komast af með 68 þúsund krónur



*Óskar Ágústsson á Laugum lán-  
aði HSP fjármuni til að halda  
íþróttastarfinu gangandi.*

frá þremur af ellefu sveitarfélögum héraðsins. Reyndar hlupu héraðsnefnd og fyrirtæki undir bagga en samanlagður styrkur úr héraði var þó ekki nema níu af hundraði á meðan styrkir Borgfirðinga voru 29 af hundraði.<sup>170</sup> Þannig var gæðum heim-  
ins misskipt. Um og upp úr 1966 fóru fjölmörg héraðssambönd að prenta skýrslur sínar og gefa þær út og þar með varð auðveldara um vik að kortleggja starfsemi þeirra. Það varð einnig til þess að útbreiða nýjungar því velheppnuð fjáröflun eða íþróttastarf hjá einu þeirra varð fyrirmynd hjá öðrum samböndum sem þar með skutu styrkari stöðum undir starfsemi sína. Öll sendu þau ársskýrslur sínar til höfuðstöðva UMFÍ og er þær nú að finna í skjalasafni samtakanna. Yfirleitt voru þetta fremur ódýrir, fjölrítaðir bæklingar en nokkur sambönd gáfu út vandaðar skýrslur, prentaðar á góðan pappír.

Kröfurnar um meiri og betri árangur í íþróttum reyndu mikið á fjárhag sambandanna. Metnaðargjarnir forystumenn vildu góða frammistöðu, ekki síst á landsmótunum sem alltaf urðu veglegri með tímanum. Sem dæmi má taka Héraðssamband Suður-Þingeyinga. Þar var öflug íþróttastarfsemi og munaði minnstu að þeim tækist að sigra stórveldið Skarphéðin í heildarstigakeppni landsmótsins á Laugum 1961. HSP var reyndar næstfjölmennasta sambandið um þær mundir en þó ekki hálfdrættingur á við HSK.<sup>171</sup>

Þingeyingar útveguðu íþróttafólki sínu tíma- bundið þjálfara í frjálsíþróttum, knattspyrnu og sundi og greiddu laun þeirra að öllu leyti. Þessi útgjöld voru um það bil 58 af hundraði útgjaldanna árið 1963 og segja sína sögu um gífurlegan íþróttááhuga bæði forystumanna og almennra ungmennafélaga innan HSP. Tekjurnar komu að mestu leyti frá fjáröflunarsamkomum og sjálfböðavinnu og einkenndust af lágum upphæðum sem komu víða að. Hinn óþreytandi formaður Þingeyinga, Óskar Ágústsson, hljóp undir bagga



*Þóroddur Jóhannsson var  
fyrsti fastráðni framkvæmda-  
stjóri héraðssambands. Hann  
var við stjórnvölinn hjá UMSE  
frá 1964 til 1977.*

og lánaði sam-  
bandinu umtals-  
verða fjárhæð svo  
það gæti staðið í  
stykkinu en þó  
varð rekstrarhalli.  
Um þetta sagði  
Óskar svo í vél-  
ritaðri ársskýrslu  
sambandsins:

Fjárhagur og fjáröflun er eitt erfiðasta vanda-  
mál HSP og hefur ávallt verið. Aukið starf á sviði íþrótt- og félagsmála krefst enn meira fjármagns. Þess vegna er fjárhagur þeirra sambanda erfiðari, sem blómlega starfsemi hafa, en hinna. HSP hefur sjaldan getað stært sig af því að hafa góða afkomu fjárhagslega, og gerir það ekki heldur nú, því eyðslan er mikið umfram tekjur.<sup>172</sup>

Óskar hitti naglann á höfuðið með lýsingu sinni. Mörg samböndin urðu að skera starfsemi sína niður því fjárhagurinn leyfði ekki mikil umsvif. Önnur höfðu lítið starf og litlar tekjur og létu sér það nægja. Enn önnur réðust í margskonar fjáröflunarstarfsemi til að efla tilveru sína. Formúlan var einföld: Meira fé, meira starf – minni peningar, minni starfsemi.

Þegar stjórnarmenn voru farnir að verja mestum frítíma sínum til fjáröflunar skal engan undra þótt hugur þeirra leitaði úrræða til að minnka álagið. Þá kom upp hugmyndin um starfsmann fyrir sambandið. Launaðan mann sem tæki að sér nokkurn hluta af því starfi sem stjórnarmenn sambandanna höfðu reynt að sinna í frístundum sínum. Draumsýnin sem sjaldan hefur ræst var sú að fá starfsmann sem sjálfur sæi um að útvega fjármagnið sem þyrfti til að hafa hann í vinnu.

Það er víst á engan hallað þótt Ungmennasamband Eyjafjarðar fái heiðurinn af því að vera fyrsta héraðssambandið til að fastráða sér framkvæmdastjóra. Þóroddur Jóhannsson frá Ytri-Reistarará varð formaður UMSE árið 1957. UMSE var þá vel starfandi og gróið héraðssamband og

verkefni voru óþrjótandi. Þóroddur var formaður UMSE í sjö ár en þá tók sambandsstjórnin ákvörðun um að ráða sér framkvæmdastjóra. Þóroddur söðlaði þá um og einhenti sér í framkvæmdastjórastarfið frá 1. apríl 1964.<sup>173</sup> Varaformaðurinn, Sveinn Jónsson bóndi á Kálfsskinni, tók við formennskunni næstu níu árin og reyndar voru stjórnarmenn lengi við stjórnvölinn á þessum árum, sem skapaði mikla festu í stjórn sambandsins.

Fyrstu árin var Þóroddur í hálfu starfi en áður en lauk var hann kominn í fullt starf hjá sambandinu og rúmlega það. Vinnudagurinn var langur og flestar helgar voru undirlagðar en Þóroddur setti það ekki fyrir sig því áhuginn og viljinn til starfa voru óþrjótandi. Hann var hinsvegar hógvæður í launakröfum og starfaði sem öku-kennari í ígripum til að bæta hag sinn. Sveinn Jónsson, sem var lengi samverkamaður Þórodds hjá UMSE segir það hafa einkennt hann hversu gott hann átti með að fá fólk til starfa með sér. Alltaf dró hann vagninn sjálfur en lét sem minnst á því bera og í ársskýrslum nefndi hann tæplega nafn sitt þótt hann væri burðarásinn í starfinu. Þóroddur var framkvæmdastjóri UMSE í 13 ár, allt til 1977. Hann var mikill bindindismaður og kom á fót bindindishátíðum í Vaglaskógi um verslunarmannahelgi í samráði við HSP og fleiri aðila. Þá stóð hann fyrir útgáfu ársrits sem nú er frábær heimild um starfið hjá UMSE.<sup>174</sup>

Þóroddur var atgervismaður í frjálsíþróttum og margsinnis stigahæstur á héraðsmótum UMSE. Fáir hafa átt jafnlangan landsmótsferil og Þóroddur sem keppti á 11 landsmótum UMFÍ, fyrst á Akureyri 1955 og síðast á Húsavík 1987. Meðal afreka hans voru 2. sæti í 100 metra hlaupi og tvívegis 3. sæti í kúluvarpi. Hann var stjórnarmaður UMFÍ í 14 ár, síðast sem varaformaður og vann þar öll sín störf af drengskap og heiðarleika. Þóroddur var mannkostamaður og sannur ungmennafélagi en hans naut við skemur en skyldi því hann varð bráðkvaddur sumarið 1989 aðeins 56 ára að aldri.<sup>175</sup>

Næsta héraðssamband til að eignast framkvæmdastjóra var HSK sem réð ritara sinn, Hafstein Þorvaldsson, til starfa sumarið 1966. Hafsteinn var þá einnig ritari UMFÍ og það hefur eflaust haft sitt að segja um að HSK tók að sér veitingarekstur í Þrastalundi, hinum nýreista veitingaskála UMFÍ í Þrastaskógi. Þetta ár kom einnig út fyrsta ársskýrsla sambandsins. Næsta ár



*Hafsteinn Þorvaldsson var fyrsti framkvæmdastjóri HSK árið 1966 og kom á ýmsum nýmælum.*

var enginn framkvæmdastjóri ráðinn. „Ótryggur fjárhagur réði því að stjórnarmenn ákváðu að reyna sjálfir að annast framkvæmdastjórn, þótt allir væru störfum hlaðnir fyrir.“<sup>176</sup> Fjórum árum síðar var aftur ráðinn framkvæmdastjóri yfir sumartímamann og frá 1983 hefur sambandið haft

framkvæmdastjóra í fullu starfi og oft fleiri starfsmenn á sumrin. Lengi vel stöldruðu starfsmenn fremur stutt við en árið 1992 varð Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri og hefur gegnt því starfi síðan við vaxandi vinsældir.

Öflug sambönd, svo sem UMSK (1967), UMSB (1967), UMSS (1968) og HSP (1971), útveguðu sér fljótlega framkvæmdastjóra til starfa yfir sumarið og varð það fljótlega algengasti máttinn á ráðningu framkvæmdastjóra. Námsmenn og kennarar voru eftirsóttir til starfa enda féll sumarfrí þeirra vel að helsta starfstíma sambandanna á sumrin. Þá voru dæmi þess að slíkir skólamenn væru í hlutastarfi yfir veturinn með námi eða vinnu. Þannig var Guðmundur Guðmundsson í starfi hjá UMSK allt árið 1971 og síðan nafni hans Gíslason næstu tvö árin.<sup>177</sup> Ráðningartími stjórnanna stóð oft í beinu sambandi við rekstrarafkomu sambandanna. Þegar harðnaði á dalnum fengu framkvæmdastjórnir að fjúka.

Þannig fór til dæmis hjá Kjalnesingum sem sigruðu á landsmóttinu á Akranesi 1975. Landsmótsþátttakan kostaði sambandið töluvert í peningum og næstu sex árin hafði það engan framkvæmdastjóra vegna blankheita. Stjórn ársins 1980 hét á félaga sína að snúa vörn í sókn því sambandið væri orðið heldur ríslágt.<sup>178</sup> Árið eftir var Kristján Sveinbjörnsson kjörinn formaður og þá hófst endurreisn. Helgi Gunnarsson, fyrrverandi formaður USVS, var ráðinn framkvæmdastjóri og undir hans stjórn hófst mikil útgáfustarfsemi. Blað til fjáröflunar og fréttabréf til upplýsingar komu út<sup>179</sup> en slík fréttabréf urðu vinsælir fréttamiðlar sambandanna um þetta leyti.



Sigurjón Bjarnason framkvæmdastjóri UÍA 1978 til 1983.

Margar leiðir voru farnar til fjáröflunar og náðist viðsnúningur í rekstri sambandsins. Sagan endurtók sig árið 1990 þegar sambandið stóð fyrir landsmóti UMFÍ í Mosfellsbæ. Þá var sambandið mjög skulsett og það var ekki fyrr en þremur árum síðar sem það gat aftur haft framkvæmdastjóra í fullu starfi.<sup>180</sup>

Stærri héraðssamböndin voru yfirleitt fyrir til en þau minni að koma sér upp starfsmanni. Albert Eymundsson varð fyrsti framkvæmdastjóri Úlfjótis í Austur-Skaftafellssýslu árið 1974. Eftir það varð hlé á slíkum munaði hjá sambandinu til 1978 þegar Ásmundur Gíslason formaður sambandsins gerðist einnig framkvæmdastjóri yfir sumartímann. Hann hafði þetta að segja um starfsvettvanginn.

Verkefni framkvæmdastjóra eru margvísleg og í rauninni eins mörg og hann kemst yfir að leysa. Aðallega er um að ræða fjármögnun, skipulagningu og yfirumsjón starfsins og útbreiðslustarf. Bréfaskriftir og alls konar útréttingar taka einnig mikinn tíma.<sup>181</sup>

Ekki var aðstaðan sem beið nýrra starfsmanna alltaf upp á marga fiska. Þegar Pétur Eysteinnsson, fyrsti framkvæmdastjóri USAH, mætti til þriggja mánaða starfa sumarið 1975 var enginn sími á skrifstofunni í Félagsheimili Blönduóss. Á því varð engin breyting, hvorki það sumar né það næsta sem Pétur starfaði. Það var ekki fyrr en Guðmundur Haukur Sigurðsson tók við framkvæmdastjórastöðunni sumarið 1977 að úr réttist enda var þá skrifstofan flutt um set í Barnaskólann á Skagaströnd.<sup>182</sup>

Skoðanir voru skiptar um ágæti þess að hafa framkvæmdastjóra að störfum. Sumir ungmennafélagar voru á móti því af hugsjónaástæðum að ráða launað fólk til að skipuleggja félagsstarf og

mótahald. Slíkt ætti alltaf að vera sjálfböðavinna. Sigurjón Bjarnason, sem lengi var framkvæmdastjóri UÍA, ræddi þessi viðhorf í greinarkorni í *Skinfaxa* árið 1981.

Sem betur fer hefur lítið heyrst í svona hugsjónamönnum hér eystra. Hugsjónir þessara manna hljóta að miðast við að starfsemin eflist ekki nema að vissu marki, verði tilviljanakennd og að fólk verði í misjafni aðstöðu til að taka þátt, eftir því hvort viðkomandi ungmennafélag er dautt eða lifandi.<sup>183</sup>

Sigurjón nefndi einnig að sumir teldu störfin safnast öll í hendur framkvæmdastjóranum, stjórn og nefndir verði óvirkar. Reynsla sín væri hins vegar sú að starfandi félagsmönnum innan UÍA hefði fjölgað stórlega og virkni þeirra aukist frá því sem var fyrir tíð framkvæmdastjóra hjá sambandinu.

Stjórn UMFÍ fylgdist grannt með starfi héraðssambandanna enda mættu forystumennirnir á næstum hvert einasta ársþing þeirra og voru í stöðugu sambandi við stjórnendur. Sumarið 1974 voru átta framkvæmdastjórar við störf hjá héraðssamböndum UMFÍ. Það leyndi sér ekki að hinir nýju framkvæmdastjórar gátu vel þegið tilsögn og leiðbeiningar í starfi sínu sem víðast hvar var algert brautryðjendastarf. Stjórn UMFÍ brást við með því að efna til framkvæmdastjóranámskeiðs á vegum Félagsmálaskólans, sem haldið var að Leirá 4-6. júní. Þar mættu flestir starfandi framkvæmdastjórar og ríkti mikil ánægja meðal þátttakenda sem töldu sig hafa lært mikið á námskeiðinu og hver af öðrum. Það varð síðan árviss viðburður um langt skeið að halda slík námskeið á vorin. Þau gáfu nýliðunum fljúgandi start og eflðu þá sem reynsluna höfðu. Einn nýliðinn, Matthildur Ingólfssdóttir sem starfaði hjá UMSS sumarið 1992, hafði meðal annars þetta að segja um námskeiðin og starfið í starfsskýrslu sinni og líklega geta margir tekið undir lokaorðin.

Síðan lá leið á framkvæmdastjóranámskeið ásamt fleirum á vegum UMFÍ, það var bæði gagnlegt og gaman á því og þar voru allir svo jákvæðir. Maður fylltist eldmóði og með möppu fulla af fróðleik kom ég til baka og ákvað að hella mér út í starfið. ... Á þessum tíma sem ég er búin að vera



framkvæmdastjóri þá hef ég kynnst mikið af góðu fólki, sumir eru mjög áhugasamir og rífa mann upp með áhuga sínum og hugmyndum og virka eins og vítamín á hugann, eldmóðurinn kemur upp. Svo eru það hinir sem virðast geta rífið allan áhuga niður hjá manni og gert mann dapran og niðurlútan með svartsýnistali og áhugalessi. Hjá sumum er allt ómögulegt. Ég komst fljótlega að því að það virtist alltaf vera sama fólkið sem er tilbúið til að starfa og hjálpa og gera hlutina, hinir sleppa, þó virðist það vera þannig að þeir sem sleppa, eru of oft tilbúnir til að gagnrýna verkin sem aðrir hafa unnið fyrir þá.<sup>184</sup>

## Vaxandi félög

Þegar kom fram yfir miðja síðustu öld voru margir þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni farnir að vaxa svo um munaði. Straumur fólksins lá úr sveitunum í þéttbýlið við sjávarsíðuna og staðir eins og Keflavík, Sauðárkrúkur og Húsavík stækkuðu hröðum skrefum. Sums staðar í blómlegum landbúnaðarhéruðum voru kaupúnir í drjúgum vexti. Þetta voru staðir eins og Mosfells-sveit, Borgarnes og Selfoss. Í flestum þessara þéttbýlisstaða störfuðu ungmennafélög og nú kom til þeirra kasta að sjá vaxandi hópi æskufólks fyrir verkefnum við hæfi.

Ungmennafélagið Breiðablik í Kópavogi var stofnað árið 1950 og var til að byrja með lítið félag í litlu sveitaþorpi rétt utan við Reykjavík. Því óx fljótlega fiskur um hrygg eins og sveitarfélaginu og á fermingaraldri árið 1964 var það orðið fjölmennasta félagið innan UMSK með 318 félagamönnum.<sup>185</sup> Ungmennafélag sem kom til sögunnar þegar sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar var til lykta leidd og skógræktarfélagin mikið til búin að helga sér skógræktina hlaut að velja sér annars konar verkefni en félagin gerðu fyrr á öldinni. Breiðablik valdi nærtækasta kostinn, að snúa sér að íþróttunum. Á þetta minntist Björgvin Guðmundsson, formaður félagsins, í tíu ára afmælisblaði árið 1960:

Þó fölskva hafi slegið á starfsemi ungmennafélaga víða um land og þau hafi meira og minna breyst í íþróttafélög þá verður því ekki neitað að félagsform þeirra er eitt hið frjálsegasta sem um getur þegar



*Björgvin Guðmundsson formaður Ungmennafélagsins Breiðabliks 1956 til 1962.*

litið er yfir allan mýgrút félagsskapar í landinu. Það er eins og kurteisi ungmennafélaga yrði hreint og beint takmarkalaus þegar önnur sérfélög voru að rýja þau málefnum sem þau höfðu haft á stefnuskrá sinni frá upphafi. Skal því engan undra

breytta starfsemi þeirra samfara breyttum aldaranda eftir byltingu þá í íslensku þjóðlífi sem orðið hefur síðustu áratugin.<sup>186</sup>

Björgvin hafði nokkuð til síns máls en orð hans áttu þó einkum við ungmennafélög í þéttbýli sem nú voru fyrst og fremst orðin íþróttafélög. Ungmennafélögin í sveitum landsins höfðu víðtækari skírskotun enda var samkeppnin þar minni.

Æska Kópavogs var íþróttalega sinnuð og þrátt fyrir næstum enga aðstöðu fóru ungir Kópavogsbúar að stunda frjálsíþróttir, knattspyrnu og handknattleik. Síðastnefnda íþróttin var í þá daga stunduð utanhúss. Árið 1957, á sjöunda starfsári félagsins, var tekin upp deildaskipting og stofnaðar deildir fyrir þessar þrjár íþróttagreinar.<sup>187</sup> Breiðablik er eftir því sem best er vitað fyrsta ungmennafélagið sem tók upp deildaskiptingu. Deildunum fjölgaði hröðum skrefum og árið 1979 á 30 ára afmæli félagsins höfðu bæst við deildir fyrir blak, sund og körfuknattleik. Allar höfðu þær sérstaka stjórn og aðskilinn fjárhag. Litla félagið var orðið risi.<sup>188</sup>

Á Selfossi hafði starfað öflugt ungmennafélag frá árinu 1936 en hafði legið niðri í tvö ár þegar kom að aðalfundi í febrúar 1962. Þá var félagið endurvakið undir forystu Hafsteins Þorvaldssonar, síðar formanns UMFÍ, og fleiri góðra manna. Ritari varð Hörður S. Óskarsson en hann varð síðar formaður félagsins um langt skeið og mikill leiðtogi í sundstarfinu. Ungmennafélag Selfoss hafði einkum beitt sér fyrir knattspyrnu og frjálsíþróttum og til voru menn á staðnum sem vildu leggja ungmennafélagið niður og stofna knatt-



Hörður S. Óskarsson studdi deildaskiptingu Ungmennafélags Selfoss en var á móti stofnun margra íþróttafélaga.

Hinir nýju forystumenn Ungmennafélag Selfoss gerðu sér grein fyrir því að um tvennt var að ræða í félags- og íþróttamálum staðarins: Í fyrsta lagi að upp risu mörg félög sem hvert stundaði sína íþrótt eða í öðru lagi að til yrði öflugt ungmennafélag skipt í margar deildir sem sinntu hver sinni grein. Síðari kosturinn var valinn og í ávarpi sínu til knattspyrnumanna skömmu síðar útskýrði Hörður S. Óskarsson ástæðuna:

Ástæðan fyrir því að við stofnum ekki sérstakt knattspyrnufélag, sundfélag, sérfélag í körfuknattleik eða frjálsum íþróttum er sú, að innan ramma eins félags getum við unnið stærstu sigrana, því sameinaðir sigrum vér. En með stofnun deilda styrkjum við best hinar einstöku íþróttgreinar sem verða og eiga að halda nafni félagsins á lofti. Deildirnar keppa sameiginlega á öllum stórmótum, svo sem Skarphéðinsmótum, Íslandsmótum, mótum milli héraða og gefa þannig bestan möguleika til sameiginlegs sigurs.<sup>191</sup>

Árið 1965 störfuðu sex íþróttadeildir innan Ungmennafélags Selfoss. Þar var sundið fjölmennast með 211 iðkendur, þá knattspyrna, frjálsíþróttir, körfuknattleikur, handknattleikur og badminton sem átta manns stunduðu.<sup>192</sup> Fjórtán árum síðar, árið 1979, höfðu lyftingar bæst í hópinn en körfuboltinn horfið af sjónarsviðinu um sinn.<sup>193</sup> Til að byrja með hafði aðalstjórn fjárráð deildanna en

spyrnufélag í staðinn.<sup>189</sup> Þeir félagar tóku það ekki í mál og á fyrrnefndum aðalfundi lagði Hafsteinn til að félaginu yrði deildaskipt eftir íþróttgreinum. Ný lög fyrir félagið með því fyrirkomulagi voru einróma samþykkt og fyrirmyndin voru aðalstjórnarlög Knattspyrnufélags Reykjavíkur.<sup>190</sup>

Hinir nýju forystumenn Ungmennafélag Selfoss gerðu sér grein fyrir því að um tvennt var að ræða í félags- og íþróttamálum staðarins: Í fyrsta lagi að upp risu mörg félög sem hvert stundaði sína íþrótt eða í öðru lagi að til yrði öflugt ungmennafélag skipt í margar deildir sem sinntu hver sinni grein. Síðari kosturinn var valinn og í ávarpi sínu til knattspyrnumanna skömmu síðar útskýrði Hörður S. Óskarsson ástæðuna:

árið 1972 var gerð sú lagabreyting að deildirnar hefðu hver um sig sjálfstæðan fjárhag.<sup>194</sup> Slíkt þótti nauðsynlegt í þessu ört vaxandi félagi því útilokað var orðið fyrir einn gjaldkera að hafa yfirsýn yfir fjármálin.

Svipuð þróun átti sér stað í mörgum þéttbýlistöðum landsins á áttunda áratugnum. Ungmennafélögum staðanna var skipt í deildir sem einbeittu sér hver að sinni grein. Árið 1969 var Breiðablik í Kópavogi langfjölmennasta ungmennafélag landsins með 625 félagsmenn. Næst komu Keflavík með 312 og Selfoss með 268 félagi.<sup>195</sup> Tíu árum síðar voru átta félög innan vébanda UMFÍ með 500 félagi eða fleiri. Flest voru þau deildaskipt með allt upp í sjö starfandi íþróttadeildir. Fyrrnefnd þrjú félög voru enn fjölmennust með hátt í 1000 félagi hvert. Á þessum tíu árum hafði ungmennafélögum landsins fjölgað um 55 og voru orðin 178. Fjöldi félagsmanna hafði meira en tvöfaldast og voru orðin rúmlega 23 þúsund talsins. Til jafnaðar var 131 félagi í hverju ungmennafélagi enda voru nú starfandi 63 félög með 100 félagi eða fleiri. Félögin voru að vaxa.<sup>196</sup>

## Getspakir ungmennafélagar

Ein var sú skemmtun sem breiddist út sem eldur í sinu á sjöunda áratugnum en það voru spurningakeppnir hvers konar. Þær hafa reyndar verið býsna vinsælar til þessa dags samanber keppni framhaldsskólanna, „Gettu betur“, og ýmsa vinsæla sjónvarpsþætti. Héraðssamböndin efndu mörg til spurningakeppni í fjáröflunarskyni við góða aðsókn víðast hvar. Eftir því sem næst verður komist riðu Eyfirðingar á vaðið haustið 1967. Ekki voru það þó ungmennafélögin sem kepptu sín á milli heldur hrepparnir á svæðinu, þar með talinn Ólafsfjörður. Þetta voru fjölbreyttar samkomur og þar fóru fram leikþættir, bingó og dans fyrir utan spurningakeppnina sem vakti þó mesta eftirvæntingu.<sup>197</sup> Keppninni lauk á útmánuðum árið eftir og stóðu Dalvíkingar uppi sem sigurvegarar. Þá voru viskufullir hreppsúar sýslunnar búnir að hittast fjórtán sinnum og reyna með sér. Þá voru alltaf á boðstólum önnur skemmtiatriði, svo sem einsöngur, kvartettsöngur, fimleikar, danssýningar, leikþættir, gamanvísur, bingó og upplestur og venjulega var dansað á eftir.<sup>198</sup> Tilgangurinn var að gefa fólki kost á að njóta menningarlegra skemmtana og afla tekna. Hvort



Keppendur Öxnadalshrepps í hreppakeppni UMSE árið 1967. Frá vinstri: Baldur Ragnars, Hermann Ármannsson og Sigurður Ásgrímsson.

tveggja tókst með ágætum og nú tóku önnur sambönd við sér svo um munaði.

Árið 1968 efndu fjögur héraðssambönd auk Eyfirðinga til spurningakeppni hvert í sínu héraði. Skagfirðingar og Skarphéðingsmenn gerðu úttekt á mannviti ungmennafélaga og Þingeyingar og Snæfellingar öttu hreppsnefndum saman. Alls staðar voru þetta miklar menningarsamkomur og gáfu auk þess ágætari tekjur. Skarphéðingsmenn skiptu keppninni milli Árnes- og Rangárvallasýslu og öll 26 félög sambandsins komu til leiks. Greindustu ungmennafélagarnir úr hvorri sýslu mættust svo í úrslitum. Þar báru Austur-Eyfirðingar sigurorð af Biskupstungnamönnum eftir tví-sýna keppni. Allir keppendur, 78 að tölu, hlutu bókaverðlaun. Gróðinn af getspeki Skarphéðingsmanna nam 191 þúsund krónum og munaði um minna þegar árskaup verkamanns var í kringum 120 þúsund krónur.<sup>199</sup>

Næstu árin var mikið spurt og svarað á samkomum héraðssambandanna. Vinsælt fyrirkomulag var að láta bjöllu standa á stól eða borði mitt á milli keppnisliðanna og þá lenti stundum í áflogum þegar tveir sprettharðir og handsterkir vitringar reyndu samtímis að höndla gripinn. Annars staðar var virðulegum sveitarstólpum hlíft við slíkum uppákomum en þess í stað þuldu menn

visku sína úr völdum ritverkum og fengu góðan umhugsunartíma. Þannig voru fulltrúar hreppanna látnir svara spurningum úr Íslendingasögum og *Sjálfstæðu fólki* eftir Laxness í keppni HSP veturinn 1968-1969. Áhorfendur létu sig ekki vanta og voru allt frá 200 upp í 400 talsins hverju sinni. Sigursveit Aðaldælahrepps sem í voru Dagur Jóhannesson í Haga, Hjörtur Arnórsson í Árbót og Indriði Ketilsson á Ytra-Fjalli hlaut flugferð til Grænlands og sólarhringsdvöl þar að verðlaunum.<sup>200</sup>

Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga hóf spurninga-

keppni milli ungmennafélaga sinna árið 1976 og var um útsláttarkeppni að ræða til að byrja með. Næsta ár var breytt yfir í stigakeppni þannig að öll félögin voru með til loka og þótti það réttlátara fyrirkomulag. Eftir þetta lögðu Vestur-Húnvetningar metnað sinn í að skipta um keppnisfyrirkomulag árlega og sýndu mikla hugkvæmni. Eitt árið kepptu kvenfélagskonur, næst voru ungmennafélagar, 25 ára og yngri, kallaðir til leiks. Þá kepptu skólanefndir, sveitarstjórnir, deildarstjórnir kaupfélaganna, byggingarnefndir hreppanna og sóknarnefndir kirknanna sínar hvert árið



Úrslitin yfirfarin að tjaldabaki. Sigurjón Bjarnason, Pétur Eiðsson og Jóhann P. Hansson fara yfir úrslit í spurningakeppni UÍA 1979.



svo eitthvað sé nefnt. Eitt sinn voru skólanemendur fengnir til að semja spurningar og spurðu lið frá hreppnum sem hreppsnefndir höfðu valið og hlutu sæmdarheitið „gáfumannanefndir.“ Lið Staðhreppinga fór með sigur af hólmi í það skiptið. Spurningakeppnin var feikivinsæl meðal almennings og lengi vel ein af helstu tekjulindum sambandsins. Kostnaður var lítill því ungmennafélögin sáu um skemmtiatriði til skiptis. Undir lok níunda áratugarins voru komin þreytumerki á keppnina og sú síðasta rann sitt skeið á vordögum 1990. Þá nam hagnaðurinn einum af hundraði af heildartekjum USVH en hafði farið allt upp í 18 af hundraði þegar best lét.<sup>201</sup>

Nágrannarnir í USAH fóru af stað með spurningakeppni um 1970 en aðsóknin brást og „reynslan af spurningakeppni hér í sýslu er ekki slík að ástæða sé til að halda henni áfram“, segir í ársskýrslu sambandsins.<sup>202</sup> Borgfirðingar efndu til spurningakeppni árið 1981 eftir nokkurt hlé. Lið frá öllum hreppum sýslunnar sem ungmennafélögin völdu spreyttu sig á vel sóttum keppnis-

kvöldum. Til úrslita kepptu lið Hvítársíðu og Stafholtstungna. Erfiðlega gekk að mæla viturleik liðanna en eftir allmargar aukaspurningar sigruðu Hvítársíðungar og hlutu að launum ferð til Færeyja. Heim komu þeir „með hlýjar endurminningar um fagurt og sérkennilegt land en þó fyrst og fremst fagurt mannlíf og gott fólk.“<sup>203</sup>

Hinn „ævagamli draumur UÍA-manna“ að halda spurningakeppni varð fyrst að veruleika eftir áramótin 1978 en þá voru sveitarstjórnir og hreppsnefndir skikkaðar til leiks og komu Eiðþinghármennt best út úr þeim samanburði á fjölsóttri úrslitakeppni í Valaskjálfi.<sup>204</sup> Næsta ár áttust kvenfélögin við og gerðu góða lukku. Í þriðja skiptið var róið á önnur mið og nú voru það félagar í klúbbnum með útlensku nöfnin: Junior Chamber, Lions, Rotary og Kiwanisfélagar áttust við að þessu sinni. Þessi félagsskapur virtist ekki höfða eins til fólks því aðsóknin var dræm og halli varð á samkomunum.<sup>205</sup> Spurningakeppnin var haldin um tíu ára skeið en næst þegar klúbbarnir fengu að keppa voru þeir látnir greiða þátttökugjöld sem gerði gæfumuninn hvað hagnað snerti.<sup>206</sup>

Allt að tólf héraðssambönd hafa haldið spurningakeppni gegnum tíðina en fá þeirra héldu jafn lengi út og Vestur-Húnavetningar sem voru að í 15 ár samfleytt. Sums staðar voru þessar viskukannanir góð fjáröflun fyrir samböndin en stundum gáfu þær lítið í aðra hönd og voru fljótlega lagðar niður. Athygli vekur hversu víða sveitarstjórnir voru fengnar með í leikinn en það var náttúrliga snjallt hjá héraðssamböndunum sem alltaf voru að sækja til þeirra um styrki. Tvívegis kepptu héraðssambönd sín á milli svo vitað sé. Eyfirðingar reyndu sig tvívegis við Suður-Þingeyinga árið 1971 og sigruðu samböndin til skiptis. Þingeyingar töldust þó sigurvegarar með hærri stigatölu samanlagt.<sup>207</sup> Kjalnesingar og Skarphéð-



Lið ungmennafélaganna í úrslitum spurningakeppni HSK vorið 2003. Fremri röð Samhygð: Jón M. Ívarsson, Markús Kr. Ívarsson með bikarinn Alvis og Stefán Geirsson. Aftari röð Skeiðamenn: Valgerður Auðunsdóttir, Ingvar Garðarsson og Marteinn Friðriksson.



insmenn reyndu með sér á Hvoli árið 1973 og sigruðu heimamenn naumlega.<sup>208</sup>

Sumarið 1984 héldu Suður-Þingeyingar útihátið sem brást og leiddi hallarekstur yfir sambandið. Sumarið eftir var brugðið á það ráð að halda spurningakeppni til að jafna metin. Úrtölu-raddir sögðu að þetta þýddi ekki neitt, slíkar keppnir hefðu lagst af fyrir löngu sökum lélegrar aðsóknar. Á það var ekki hlustað og góður hagnaður varð af keppninni. Þar átti ekki minnstan þátt það nýmæli sem Mývetningar hrintu af stað að frumsamið framhaldsleikrit var sýnt á hverri samkomu. Hvert ungmennafélag flutti sinn þátt og höfundar voru undir lokin orðnir jafnmargir og leikendurnir. Þetta vakti mikla athygli og skemmtan og stjórnjók aðsóknina. Það var því vel við hæfi að frumkvöðlarnir úr Mývatnssveit sigruðu að lokum í keppninni.<sup>209</sup>

Þegar komið var fram undir lok síðustu aldar virtust spurningakeppnir á vegum héraðssambanda heyra sögunni til. Þá tóku Skarphéðinsmenn sig til og endurnýjuðu keppnisformið með samstarfi við Útvarp Suðurlands sem útvarpaði viðeignum félaganna í beinni útsendingu. Þessi lota gekk í fimm ár samfleytt með innbyrðis keppni félaga í HSK. Keppt var um bikarinn Alvis sem Þóroddur Kristjánsson, eigandi Útvarps Suðurlands, og Elín Tómasdóttir kona hans gáfu. Helmingur spurninganna tengdist starfi HSK og höfundur þeirra var framkvæmdastjóri sambandsins, Engilbert Olgeirsson. Hverju sinni mættust tvö lið með útsláttarfyrrikomulagi þannig að annað var úr leik en hitt hélt áfram. Síðast var keppnin haldin vorið 2003 og í úrslitum sigruðu liðsmenn Ungmennafélagsins Samhygðar liðsmenn Ungmennafélags Skeiðamanna.<sup>210</sup> Eftir það hefur ekki farið miklum sögum af spurningakeppnum héraðssambanda UMFÍ.

## Útihátiðir

Þegar kom fram á sjöunda áratug síðustu aldar var verslunarmannahelgin orðin mesta ferða- og skemmtanahelgi ársins. Hinn almenni frímánudagur eftir helgina gaf landsmönnum kærkomið sviðgrúm til að ferðast um landið og leita að skemmtun við sitt hæfi. Eins og venjulega var ungdómurinn þar fremstur í flokki og vildi sletta hressilega úr klaufunum. Unglingar hópuðust saman á gróðursælum stöðum með tjöld sín og trúss en stundum fór gleðskapurinn úr böndunum.

Vinsælir staðir voru Hreðavatn, Þórsmörk og Bjarkarlundur í Reykhólasveit. Þar hélt Barðstrendingafélagið ársárið sína um verslunarmannahelgina 1960 en tæplega hefur það þó verið dagskráin sem dró unga fólkið á staðinn. Á sunnudeginum fólst hún í guðsþjónustu, ávarpi, einsöng og ræðuhöldum. Um kvöldið kom svo það sem unga fólkið sóttist eftir því þá var stiginn dans á nýjum palli sem tjaldað var yfir og þessa skemmtun sóttu milli 1500 og 2000 manns.<sup>211</sup>

Á þessum tíma var lítið um skipulagðar útihátiðir um verslunarmannahelgi að frátalinni Þjóðhátið Vestmannaeyja sem eyjaskeggjar hafa haldið næstum óslitið frá árinu 1901.<sup>212</sup> Það kom líka ósjaldan fyrir að mannfjöldi flykktist á ýmsa fagra staði landsins og hagaði sér með ófögurum hætti. Staðirnir voru líkastir ruslahaugum þegar mannskapurinn var farinn og sá síður ferðamanna að brjóta greinar af trjám og skreyta með þeim bíla sína vakti gremju heimamanna.<sup>213</sup>

Um verslunarmannahelgina 1961 gerði UÍA eina fyrstu tilraun ungmennafélaga til að koma böndum á skemmtanafýsn landsmanna með úti-samkomu í Atlavík og þangað kom á þriðja þúsund manna. Óvænt landlega sildveiðiflotans á Austfjörðum varð til þess að samkoman fór úr böndunum. Allir sjómenn sem vettlingi gátu valdið þyrptust í Atlavík með fullar hendur fjár og óþrjótandi birgðir áfengis. Talað var um skrilsæði og Sigurður Blöndal, skógarvörður á Hallormsstað, sagði að engu væri líkara en gerð hefði verið loftárás á staðinn. *Morgunblaðið* lýsti samkomunni þannig:

Mest varð ölvunin seinni hluta nætur aðfarar-nótt sunnudags, þegar æpandi ungmenni æddu um skóginn og þömbuðu brennivín-ið. Á sunnudagsmorgun lágu samkomu-gestir eins og hráviði hingað og þangað um skóginn, en um leið og þeir vöknuðu, hófst drykkjan að nýju, enda virtist aldrei skorta vínföng á hátíð þessa.<sup>214</sup>

Segja má að þessi innrás flotans hafi verið rothögg í fyrstu lotu á viðleitni UÍA og lokaorð *Moggans* í fréttinni voru: „Samkoma mun ekki oftast haldin á Hallormsstað um verslunarmannahelgina.“<sup>215</sup> Á Laugarvatni voru það ekki dauðadrukknir sjómenn heldur ölvaðir unglingar sem drógu að sér athyglina. „Ölæði á Laugarvatni“, sagði í fyrirsögn *Tímans* sem taldi að þarna hefðu



*Útihátið í Atlavík á sjöunda áratugnum.*


komið saman um 1200 unglingar á aldrinum 14-17 ára. Lýsing blaðsins á skemmtun þeirra var á þessa leið:

Þeir slógu upp tjöldum í skóginum og tróðu dans í bragga. Engin alvarleg slagsmál urðu í þessum unglिंगaflokki en mikið um áflog, velting og máttlaust tusk, org og hávaða og spýjur á almannafæri en sumt valt máttlaust út úr bílunum er þeir renndu í hlað.<sup>216</sup>

Vaglaskógur var þriðji staðurinn þessa helgina þar sem mikið var um að vera. Skógræktarfélag Eyfirðinga og Suður-Þingeyinga héldu útsamkomu í skóginum og þar skorti ekkert á ólæti og drykkjuskap frekar en annars staðar. Árið eftir

voru útiskemmtanir bannaðar bæði í Þingeyjar-sýslu og á Austurlandi um verslunarmannahelgina. Lögreglumenn voru fáir á þessum stöðum og höfðu engin tök á að halda uppi lögum og reglu svo vel væri.<sup>217</sup>

Næstu árin var það Þórsmörk sem hafði vinninginn í vinsældum unga fólksins um verslunarmannahelgina. Þar höfðust menn við í tjöldum og sungu Mariukvæði af hjartans lyst. Úlfar Jacobsen ferðafrömuður flutti fólkið þangað á rútbílum og skemmti gestum sínum um helgina með undirleik hljómsveitar á danspalli. Árið 1966 var það unglिंगahljómsveitin Tempó sem sá um fjörið. Pallurinn var afgirtur og hugmyndin var sú að einungis þeir sem þarna voru á vegum ferðaskrifstofu Úlfars fengju aðgang en það fór á annan veg. Þúsund manna hópur sem var utan-



Frá útihátíð í Húsafellsskógi 1970.

garðs lá á girðingunni og lét ófriðlega. Úlfar sá sitt óvænna og tilkynnti að öllum væri boðið frítt á dansleikinn. Á samri stundu tróð mannskapurinn girðinguna undir fótum og eftir það voru hafrar og sauðir í einni og sömu hjörð.

Hvort sem reynt var að halda uppi skipulagðri dagskrá eða ekki sótti fólkið á sömu staðina ár eftir ár um þessa helgi. Þar má nefna Vaglaskóg, Húsafell og Hallormsstaðaskóg eða Atlavík eins og margir nefndu staðinn eftir vikinni fögru á bakka Lagarfljóts. Því var það að forráðamönnum héraðssambanda kom til hugar að nærtækast væri að efna til útihátíða á þessum stöðum og slá þannig tvær flugur í einu höggi: Koma í veg fyrir stjórnlausea drykkju ungmenna og bæta fjárhaginn ef vel tækist til. UMSE og HSP efndu til bindindismóts í Vaglaskógi um verslunarmannahelgina 1964, meðal annars í félagi við Bindindisfélag, Æskulýðsráð og Íþróttabandalag Akureyrar. Fjölskyldufólk á Akureyri fjölmennti og um 3000 manns dvöldust í skóginum um helgina og skemmtu sér án áfengis. Dagskrá var vönduð og nú brá svo við að friður og spekt ríkti í skóginum öfugt við fyrri ár.<sup>218</sup>

Þetta gaf byr undir vængi og Bindindishátíðin í Vaglaskógi var haldin árlega um skeið. Hún hlaut vinsældir og samkomugestir voru flestir um átta þúsund talsins árið 1969. Þeir höfðu líka margt við að vera því á dagskrá var meðal annars

guðspjónusta, söngur, leikþættir, gamanvísur, eftirhermur, fimleika- og glímusýningar, hagnýrðingar, happdrætti, brenna, flugeldasýning, dansleikir og fjölmargt fleira. Framkvæmdastjóri UMSE, Þóroddur Jóhannsson, hafði veg og vanda af framkvæmd mótsins enda mikill bindindismaður sjálfur.<sup>219</sup> Alltaf var vaskur hópur ungmennafélaga í sjálfboðavinnu við þessar hátíðir og gerði það mögulegt að reka þær með hagnaði. Hátíðin gaf jafnan fé í sjóði sambandanna nema árið 1972 en þá var slæmt veður og fátt fólk.<sup>220</sup>

Árið eftir neitaði Skógrækt ríkisins að lána Vaglaskóg undir hátíðarhald um verslunarmannahelgina og þá fluttist bindindishátíðin að Hrafnagili en lagðist niður tveimur árum síðar. Þá var orðinn ógjörningur að halda samkomunum vínlausum og bindindisfélagið gafst upp og hætti starfsemi í kjölfarið. Þingeyingar stofnuðu þá sína eigin samkomu, Laugahátíð, árið 1975. Hún lukkaðist vel og gaf HSP rífandi tekjur um sinn. Á níunda áratugnum fór hún þó að dala og brást alveg 1984 því þá komu aðeins 1300 manns til að njóta skemmtunar að Laugum.<sup>221</sup> Þar með var hátíðin úr sögunni en handan við hornið beið bjargvætturinn „Lottó“ og gerði útgerð útihátíða brátt óþarfa.

„Upp undir Eiríksjökli,“ eins og segir í angurværum dægurlagatexta frá miðri síðustu öld, er





*Frá einu Húsafellsmótanna. Áhorfendur fylgjast með skemmtiatriðum.*

náttúruperlan Húsafellsskógur í Borgarfirði. Árið 1967 gengust Æskulýðsnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Ungmennasamband Borgarfjarðar fyrir sumarhátíð á Húsafelli um verslunarmannahelgina. UMSB bar hitann og þungann af framkvæmdinni og hér var ekki tjaldað til einnar nætur. Lagður var vegur um samkomusvæðið, reistir danspallar, smíðaðir sex söluskúrar, „eitt meiriháttar kamar-hús og fjögur minni háttar“, settur upp íþróttavöllur og byggt leiksvið og brú.<sup>222</sup> Stjórnendur UMSB með íþróttahetjuna Vilhjálm Einarsson og framkvæmdastjórnann Höskuld Goða Karlsson í fararbroddi höfðu ekki hugsað sér að láta Bakkus ráða ferðinni á þessari samkomu en höfðu þéttskipaða dagskrá með íþróttum, skemmtikröftum, dansleikjum og margs konar sýningum alla helgina. Um þetta mátti fræðast í veglegri leikskrá mótsins. Skemmst er frá því að segja að þessi vandaði undirbúningur skilaði sér í fjölmennustu samkomu helgarinnar. Sjö þúsund gestir á öllum aldri dvöldust ýmist í unglínga- eða fjölskyldubúðum og sóttu skemmtanir í Hátíðarlundi, Lambhúslind eða Paradís en svo nefndust svæðin með danspöllum þremur. Allt fór vel fram og þótti viðburður ef sást vín á nokkrum manni enda lögðu aðstandendur hátíðarinnar áherslu á að hún væri „vínlaus menningarsamkoma.“<sup>223</sup>

Húsafellshátíðin sló sem sagt í gegn og næstu árin voru langfjölmennustu samkomur verslunar-

mannahelgarinnar í Borgarfirðinum. Árið 1968 var talið að 15 þúsund manns hefðu heimsótt Húsafell og 1969 komu hvorki fleiri né færri en 20 þúsund manns og hefur engin útihátíð verslunarmannahelgar á landsbyggðinni slegið það met. Þarna reis lítil borg en eitthvað höfðu sumir mótsgestir misskilið hugtakið „vínlaus menningarsamkoma“ því lögreglan gerði upp-tækar einar 800 áfengisflöskur. Allt fór þó vel fram. Ágóði mótsins var meira en milljón krónur sem var mikið fé á þeim tíma eða sjöföld árslau verkamanns. Í Húsafelli fór saman góður staður, gott skipulag og góð dagskrá. Forgöngumenn Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum, helsta keppinautarins, seinkuðu hátíð sinni um viku þessi árin, að því er virðist til að forðast samkeppnina.<sup>224</sup>

Stjórnendur Sumarhátíðarinnar höfðu í mörg horn að líta en gestirnir höfðu engar áhyggjur og litu vonglöðum augum í kringum sig. Rómantíkin blómstraði í Húsafelli eins og annars staðar um verslunarmannahelgi. Ástfangin þör með stjórnur í augum gengu hönd í hönd eða lágu í faðmlögum þar sem afdrep var að finna. Náttúran skartaði sínu fegursta og Árni Johnsen, ungur blaðamaður *Morgunblaðsins*, lýsti henni á skáldlegan hátt:

Skýjafar var mjög stórbrotið um nóttina.  
Dimmblár himinn var yfir Húsafelli með  
hvítkögruðum svörtum skýjabólstrum og



Strútinn í dimmum rökkurmöttli bar við norðurhimininn þar sem geislar nætursólarinnar gægðust á himinhvolfinu. Í enn meiri fjarska reis hvítklæddur Eiríksjökull yfir nálæg fjöll, heyrði og sá hvískrið í dalnum. Vögguljóð og rómantískar vísur heyrðust úr nokkrum tjöldum þegar langt var liðið á nótt en um síðir dormaði dalurinn við niðinn frá Kaldá á norðaustanþeyinn í grasi og birkigreinum.<sup>225</sup>

Forsvarsmenn UMSB héldu Húsafellshátíð með ágætum árangri um tíma og lögðu ágóðann meðal annars til góðra málefna í héraði eins og íþróttavallar á Varmalandi og byggðasafns í Borgarnesi. Stór hluti hagnaðar rann einnig til uppbyggingar á samkomusvæðinu. Hátíðina 1972 sóttu fimm þúsund manns en ágóðinn varð enginn þrátt fyrir mikla vinnu sem í hana var lögð. Þar vó síhækkandi kostnaður af löggæslu þungt og næstum jafnmikið og laun skemmtikrafta. Árið eftir kom svipaður fjöldi fólks og þá varð einnig stórtap á samkomunni. Hátíðinni var hætt nokkrum árum síðar enda voru borgfirskir ungmennafélagar orðnir langþeyttir á þeirri miklu sjálfböðavinnu sem hún byggðist á. Hátíðin var endurvakin árið 1987 með þeim árangri að hún var sú fjölmennasta það sumarið. Níu þúsund manns létu sjá sig en þetta var svanasöngur



Samkomugestir í Atlavík 1982 láta fara vel um sig. Við hlið stjórnstöðvar má sjá áætlunarbílinn sem flutti gesti á Hótel Buðlung.

Húsafellshátíða. Til stóð að endurtaka leikinn 1988 en kröfur yfirvalda um löggæslukostnað voru orðnar það miklar að enginn grundvöllur var lengur fyrir slíku.<sup>226</sup>

## „Hvar er tjaldið?“

Eins og fyrr segir hélt UÍA útihátíð í Atlavík árið 1961 sem breyttist í drykkjusamkomu. Fjórum árum síðar hafði fennt yfir þá atburði og þá gekkst sambandið aftur fyrir hátíð í Atlavík. Nú skyldi ekki brenna sig á sama soðinu því hver maður á svæðinu sem bar merki ölvunar var þegar fjarlægður og vaskur hópur sjálfböðaliða var í gæsluliði. Það eina sem viðstöddum fréttamanni *Morgunblaðsins* þótti á vanta var guðsþjónusta á sunnudeginum.<sup>227</sup> Næstu árin stóð UÍA nokkrum sinnum fyrir útihátíðum í Atlavík, ásamt öðrum félagasamtökum, sem voru ekki fjölmennar en góðmennar. Árið 1973 fékkst ekki leyfi fyrir útihátíð í Atlavík og féllu þær niður allt til ársins 1981. Þá var hátíðin endurvakin og í fimm ár hélt UÍA rómaðar samkomur í Atlavík sem fengu góða dóma þrátt fyrir umtalsverða ölvun. Þar var stöðug dagskrá við hæfi allra aldurshópa. Gæsla UÍA-manna á svæðinu var svo góð að lögreglan hafði þar lítið að gera. Þeir samkomugestir sem ekki héldu ráði og rænu voru fluttir til hvíldar og hressingar á „Hótel Buðlung,“ sem var eyðibýlið Buðlungavellir, og komust þar til góðrar heilsu.<sup>228</sup>

Á Atlavíkurbátíð 1984 kom frægasti skemmtikraftur sem nokkru sinni hefur troðið upp á íslenskri útihátíð, enginn annar en fyrrverandi liðsmaður Bítlanna, Ringo Starr. Ringo virtist falla vel í hópinn og blandaði óspart geði við mótsgesti. Einn þeirra, ungur Austfirðingur, kom auga á bítílinn í mannfjöldanum og gekk til hans með útrétta hendi. Eftir vinsamlegt handtak kom hann með spurn-



*Ringo Starr lemur húðirnar í Atlavík 1984.*

ingu í trúnaði: „Mér finnst ég kannast eitthvað við þig, varstu ekki smíðakennarinn minn á Eiðum?“<sup>229</sup>

Bítillinn var heiðursgestur hátíðarinnar og veitti „hringstjörnuverðlaunin“ hljómsveitinni Fásinnu sem sigraði í hljómsveitakeppninni það árið.

Að því búnu gekk Ringo til liðs við Studmenn og trommaði á sneril í einu upphaldslaga sinna „Johnny B. Goode.“ Skemmti Ringo sér konunglega að eigin sögn og ískraði enn í honum kátínan er hann hélt til London á sunnudagskvöldið með eiginkonu sinni og ritara. Hátíðin fór vel fram og var almennt góð stemmning á svæðinu.<sup>230</sup>

Mótsgestum í Atlavík fór sífellt fjölgandi og urðu flestir um 7000 árið 1985 en þá tók gamanið skjótan endi. Árið eftir neitaði Skógrækt ríkisins á Hallormsstað um leyfi til samkomuhalds í Atlavík. Þetta var reiðarslag fyrir UÍA því starf-

semi sambandsins byggðist mikið til á tekjum frá hátíðinni. Ekki tók þó betra við árin 1987 og 1988 þegar leyfi fékkst til samkomuhalds á nýjan leik. Aðeins 1200 manns greiddu aðgangseyri hvort sinn sem þýddi stórkostlegan taprekstur á samkomunum. Náðarhöggið var þó himinhár löggæslukostnaður. UÍA-mönnum var gert að greiða kostnað af 25 lögreglumönnum á samkomunni 1988 og þóttu þeim það harðir kostir samanborið við Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum sem þurfti einungis að bera kostnað af fjórum löggæslumönnum.<sup>231</sup> Þannig enduðu útihátíðir í Atlavík eins og margar aðrar með skelli fyrir viðkomandi mótshaldara og litlum áhuga á frekara hátíðarhaldi.

Eitt af vinsælum dagskráratríðum í Atlavík var hljómsveitakeppni þar sem lítt þekktar unglíngahljómsveitir létu ljós sitt skína. Ein af þeim hét því merka nafni „Special treatment“ en varð síðar heimsfræg á Íslandi undir nafninu „Greifarnir.“ Hljómsveitin sló í gegn sumarið 1986 með laginu „Útihátíð“ sem var samið með Atlavík í huga. Þar kyrjaði Felix Bergsson ásamt félagum sínum lýsingu á þeirri eftirvæntingarfullu stemmingu sem dregur marga unglínga á útihátíðir.<sup>232</sup>

Þið sem komuð hér í kvöld  
– vonandi skemmtið ykkur vel.  
Ég veit þið höfðuð með ykkur tjöld  
– drekkið ykkur ekki í hel.

Þið komuð ekki til að sofa  
– í tjaldi verðið ekki ein.  
Fjóri skal ég ykkur lofa  
– dauð bak við næsta stein.

Þetta er söngur til þín og mín  
– þú mátt alveg syngja með.  
Okkar sem drekkum eins og svín  
– þó fljóti út um aur og mel.

Uppi á palli,  
inni í tjaldi,  
úti í fljóti,  
vonandi skemmtið ykkur,  
illa drukkin,  
inni í skógi,  
– **hvar er tjaldið?**

Vonandi skemmtið ykkur vel!<sup>233</sup>

Héraðssambandið Skarphéðinn efndi til afmælis-  
hátíðar á Laugarvatni um verslunarmannahelgina



*Hákon Bjarnason skógræktarstjóri setti ungmennafélögum stólinn fyrir dyrnar.*

1970. Hún gekk prýðilega og var ágætlega hagstæð efnahag sambandsins. Skarpheðinsmenn sáu sér leik á borði og endurtóku leikinn næstu tvær verslunarmannahelgar. Árið 1972 var fjölmennast á Laugarvatni af skemmtunum helgarinnar. Þar voru milli tólf og þrettán þúsund manns og móts-haldarar kampakátir. Þeir stóðu fyrir fjölbreyttri dagskrá en hápunktur hennar var skák stórmeistaranna Friðriks Ólafssonar og Bents Larsens þar sem notaðir voru lifandi taflmenn. Skákin var skemmtileg og lauk með sigri Friðriks.<sup>234</sup> Það var létt yfir stjórnarmönnum HSK, Jóhannesi Sigmundssyni og Eggerti Haukdal, þegar þeir sátu við peningahrúguna sem hafði komið í aðgangs-

eyri og sáu fram á að geta greitt allar skuldir sambandsins.<sup>235</sup>

Svo brá við árið eftir að Skógrækt ríkisins, sem hafði húsbóndavaldið á mörgum þeim stöðum sem undanfarin ár höfðu hýst útihátíðir, bannaði með öllu slíkar hátíðir á landi sínu um verslunarmannahelgi. Þar með voru hátíðahöld á Laugarvatni, í Þjórsárdal, Vaglaskógi, Atlavík og Ásbyrgi úr sögunni. Hafsteinn Þorvaldsson, formaður UMFÍ, kvaðst óttast svallhelgi vegna þessara óvæntu banna „því það hefur í för með sér aukinn drykkjuskap og vandræði ef fólk hefur ekki eitthvað til að vera við eins og reynslan hefur margoft sýnt“, sagði Hafsteinn í viðtali við *Alþýðublaðið* skömmu fyrir helgina.<sup>236</sup> Hákon Bjarnason skógræktarstjóri bar af sér sakir og sagði ástæðuna þá að stjórnvöld hefðu svikist um að byggja upp aðstöðu Skógræktarinnar. Þá hefði viðskilnaður þeirra aðila sem stóðu fyrir samkomunum verið mjög misjafn. „Við erum engir sorphreinsunarmenn fyrir almenning“, sagði skógræktarstjóri um þetta mál.<sup>237</sup>

Ótti formanns UMFÍ hafði við rök að styðjast því unglingar hópuðust skipulagslaust að félagsheimilinu Miðgarði í Skagafirði. Þangað sóttu



*Loftmynd af útihátíð í Þjórsárdal.*



þeir sem ekki vildu hlíta áfengisbanni og dýrkuðu Bakkus ótæpilega. Um helgina voru haldnir fjölmennir dansleikir í húsinu og keyrði um þverbak á laugardagskvöldinu. Þá voru hátt í 2000 manns innandyra í Miðgarði eða fimmfalt meira en hæfilegt var talið. Lögreglan réð ekki við neitt en tókst að forða stórslysum. Ástand umhverfisins og samkomugesta var miður gott og reyndir lögregluþjónar sögðust aldrei hafa lent í því líku um sína daga.<sup>238</sup> Þarna mátti sjá svart á hvítu afrakstur þess að banna útisamkomuhald á stórum svæðum landsins og láta skeika að sköpuðu um hversu til tækist.

Árið 1983 fengu forsvarsmenn UMSK þá fjáröflunarhugmynd að efna til útihátíðar í Þjorsárdal um verslunarmannahelgina og buðu heimamönnum í Skarphéðni til samstarfs sem þeir þáðu. Þarna fæddist útihátíðin „Gaukurinn“, kennd við fornkappann Gauk á Stöng. Gaukurinn skilaði ágætum hagnaði og Kjalnesingar töldu einboðið að endurtaka leikinn að ári. Skarphéðinsmenn samþykktu það með semingi en tóku skýrt fram að ekki yrði um lengra samstarf að ræða og töldu sig einfæra um hátíðarhaldið.<sup>239</sup> Kristján Sveinbjörnsson, formaður UMSK, tók þetta óstinnt upp og sagði á ársþingi sambandsins 1985 að samstarfsaðilum og félögum innan ungmennafélagsshreyfingarinnar væri ekki treystandi fyrir heiðarlegu samstarfi þegar peningar væru annars vegar.<sup>240</sup> Hér var ekki skafið utan af hlutunum og um tíma eftir þetta andaði köldu milli sambandanna.

Skarphéðinsmenn skipulögðu Gaukinn þrisvar eftir þetta á tungunni við Sandá og tókst tvívegis að lokka til sín hæfilegan fjölda ungmenna. Við þetta störfuðu um 300 sjálfbóðaliðar frá ungmennafélögum HSK sem þannig fengu góðan skerf í sinn hlut af hagnaðinum. Vel var fylgst með því að engum yrði meint af veru sinni í dalnum og vaskir menn með dráttarvél og kerru hirtu upp þá samkomugesti sem urðu örmagna í hita og þunga dagsins og næturinnar. Þeir voru lagðir til hvíldar undir teppi í stóru tjaldi sem starfsmenn kölluðu „Láréttuna“ en gestirnir nefndu „Dauðatjaldið.“

Bókarhöfundur var einn í hópi margra sjálfbóðaliða í Þjorsárdalnum og lætur hér fljóta með litla minningu af mannlífi á Gauknum: Á mánuðeginum höfðu gestir helgarinnar hægt um sig og héldu með farangur sinn í áttina að rútunum sem voru komnar til að sækja ferðalangana. Tveir

unglingspiltar voru að hittast um morguninn. „Náðirðu þér í hitaveitu?“ spyr annar. „Ha, hvað áttu við?“ ansar hinn. „Nú, stelpu í svefnpokann?“ Ekkert svar. Tvær unglingsstúlkur gengu eftir stígnum rétt hjá. „Hefurðu ekkert verið með strák?“ spyr önnur. „Oh, nei þeir eru svo ógeðslegir. Annars var ég með einum á föstudaginn.“ Helginni var lokið. Hópurinn þokaðist niður á flötina þar sem rúturnar biðu.

Gaukurinn færði HSK björg í bú um sinn en um verslunarmannahelgina 1987 var öðru máli að gegna. Þá var allt tilbúið til að taka á móti þúsundunum en þær komu ekki. Brotlending Gauksins var algjör. Aðeins 17 samkomugestir borguðu sig inn og hnípnir mótshaldarar flýttu sér að endurgreiða þeim aðgangseyrinn og héldu svo á hæla þeim til byggða. Því er svo við að bæta að Árni Johnsen alþingismaður átti frumkvæði að frumlegri fjáröflun til styrktar HSK eftir útför Gauksins. Hann fékk til liðs við sambandið marga af fremstu listamönnum landsins sem fjölmenntu á flotpramma í Kerinu í Grímsnesi og héldu þar eina sérstæðustu tónleika sem haldnir hafa verið. Ágóðinn rann til HSK sem þannig losnaði úr mestu skuldavíðjunum. Eftir þetta hafa hvorki Skarphéðinn né önnur héraðsambönd gert mikið að því að treysta á útihátíðir til fjáröflunar um verslunarmannahelgi. En unglingar landsins munu halda áfram að skemmta sér þessa helgi um ófyrirsjáanlega framtíð.

## Útgáfustarf ungmennasambanda

Eftir því sem samböndunum óx fiskur um hrygg varð starfsemi þeirra fjölbreyttari. Einn þátturinn í starfinu og ekki sá ómerkasti var útgáfustarfsemin. Hér verður ekki reynt að tíunda öll þau rit sem ungmennafélög og héraðssambönd hafa gefið út um sína daga en sagt frá nokkrum þeirra.

Ungmennasamband Eyjafjarðar tók að gefa út fjölritað blað árið 1936 sem nefndist *Röðull*. Hvatinn að útgáfu þess var að UMSE sagði sig úr UMFÍ árið 1934 til að mótmæla tilslökun á bindindisheiti ungmennafélaga.<sup>241</sup> *Röðull* var hið merkasta rit og þar birtust þinggerðir UMSE og fréttir af félögum en einnig ljóð og frásagnir. Hugvekjur um bindindismál var þar að sjálfsögðu að finna og í ávarpi á forsiðu fyrsta eintaksins er vikið að ástæðu úrsagnarinnar úr UMFÍ.





40 ára afmælisrit Skarphéðins sem kom út árið 1955.

Landsamband íslenskra ungmennafélaga hefur hoptað af hólmi og að allmiklu leyti að minnsta kosti lagt niður sóknina á hendur Bakkusi sem allt frá upphafi hefur verið eitt af aðalmálum þessa félagskapar. UMSE hefur af þessari ástæðu sagt skilið við UMFÍ. Það treystist ekki eins og sakir stóðu til að rétta við það sem er fallandi innan UMFÍ en taldi ekki ósennilegt að frekar gæti tekist að viðhalda hugsjónastarfinu á þrengri vettvangi.<sup>242</sup>

*Röðull* kom út í fjögur ár en hætti göngu sinni í árslok 1939. Tveimur árum síðar gekk UMSE aftur í raðir UMFÍ. Í báðum samböndum réðu ferðinni hófsamir menn sem töldu algjört bindindi innan ungmennafélaganna óframkvæmanlegt.

Árið 1962 hóf Ungmennafélag Mýrahrepps í Dýrafirði útgáfu fjölritaðs blaðs sem hét *Viljinn*. Áður hafði handskrifað blað félagsins með sama nafni komið út um langt skeið. Það voru félag-



Félagsvinurinn sem Ungmennafélag Örefa gaf út í bókarmóti árið 2003.

arnir Sigurður R. Guðmundsson og Bergur Torfason, kennarar á Núpi, sem ýttu þessu framtaki úr vör með aðstoð fleiri ágættra manna sem mynduðu ritstjórn og net umboðsmanna. Kápan var prentuð en efnið vélritað á stensla og síðan fjölritað. *Viljinn* var menningarrit sem flutti fréttir úr héraði og af vettvangi ungmennafélaganna, vísnaþátt og viðtöl við eldri kynslóðina. Þá var þáttur kirkjunnar ekki vanræktur enda var séra Stefán Lárusson, sóknarprestur á Núpi, einn af ritstjórnarmönnum og lagði til mikið efni. *Viljinn* kom út fjórum sinnum á ári á tímabilinu 1962-1965 og hafði ótrúlega mikla útbreiðslu víða um land.<sup>243</sup>

Nokkur sambönd hafa gefið út vegleg afmælisrit og eitt hið elsta þeirra er 40 ára afmælisrit Skarphéðins sem kom út árið 1955. Það nefndist *Minningarrit. Skarphéðinn 1910-1950* og skráði það Ingimar Jóhannesson fyrrverandi ritari sambandsins. Bókin er fróðleiksnáma um fyrstu ár sambandsins sem reyndar hélt fyrsta íþróttamót

sitt áður en það var formlega komið á laggirnar. Frásagnir um hin fjölmennu héraðsmót á Þjórsár-túni og íþróttavöllinn þar eru viðamiklar enda var sambandið hreinræktað íþróttasamband fyrstu tólf árin á ferli sínum. Það er ríkulega myndskreytt og gerir fjölþættri ungmennafélagssögu í hinu víðlenda héraði góð skil.<sup>244</sup>

Áratug síðar gaf Héraðssamband Suður-Þingeyinga út 50 ára afmælisrit, ekki síður veglegt. Það er prentað á góðan pappír og myndskreytt jöfnum höndum. Þar er sagt ýtarlega frá stofnun HSP, forvígismönnum og helstu verkefnum ásamt söguágripi sambandsfélaganna. Þá er drjúgur íþróttakafli í afmælisritinu enda Þingeyingar sérlegir áhugamenn um íþróttir. Þriggja manna ritnefnd skipuð þeim Gunnlaugi Tryggva Gunnarssyni, Pétri Jónssyni og Þórði Jónssyni bjó ritið til prentunar.<sup>245</sup>

Allmörg sambönd hafa gefið út afmælisrit þó ekki hafi þau verið jafn vegleg og hjá Skarphéðinsmönnum og Þingeyingum. UMSB hefur gefið út afmælisblað á tíu ára fresti allt frá 50 ára afmælinu árið 1962. Þá er í hvert sinn rakin sagan þau tíu ár sem liðin eru frá síðasta afmælisriti.




„Framantil í því er falleg mynd.“ Síðasta Ársrit HSP árið 1992.

Reyndar hóf sambandið útgáfu tímaritsins *Svanir* árið 1939. Því var ætlað að verða ársrit sambandsins og segja fréttir af því og félögunum og þar átti að birtast landfræðileg og söguleg lýsing héraðsins. Aldrei kom út nema þetta eina blað af *Svönnum* svo þar lauk þeirri sögu.

Nokkur ungmennafélög hafa gefið út vandaðar afmælisbækur og líklega er saga Ungmennafélagsins Bjarnar Hítðælakappa 1912-1972 ein sú merkasta. Bókin heitir *Með vorblænum* og er eftir einn af félögunum, Bjarna Valtý Guðjónsson. Við lestur slíkrar bókar ætti mönnum að verða ljósara en áður hversu geysimikla þýðingu starf ungmennafélaganna hefur haft fyrir menningarlíf sveitanna.<sup>246</sup> Annað borgfirskt ungmennafélag, Brúin, gaf út 70 ára sögu sína árið 1982. Þá hafa tvö ungmennafélög í Flóa, Samhygd og Selfoss, gefið út ævisögur sínar í vönduðu bókformi. Fjöldi ungmennafélaga hefur gefið út afmælisblöð á tímamótum og mörg þeirra oftar en einu sinni. Sum hafa gefið út ársrit eða tímarit um lengri eða skemmri tíma. Eitt þessara tímarita er *Tindastóll* sem samnefnt ungmennafélag á Sauðárkróki hélt úti á árunum 1960-1964. Ungmennafélag Biskupstungna hefur gefið út vandað rit, *Litla-Bergþór*, frá 1963 og Ungmennafélagið Baldur í Hraungerðishreppi hefur séð um útgáfu *Hugans* frá 1975. Þá eru ótalin öll þau tilfallandi skemmtiblöð sem ungmennafélögin hafa gefið út.

Framtak Ungmennafélags Örafa er einstakt í sinni röð. Félagið hélt úti handskrifuðu blaði, eins og algengt var meðal ungmennafélaga, árin 1937-1962. Félagarnir sýndu mikinn dugnað við að skrifa í blaðið ýmislegt frá eigin brjósti og árið 2003 komu út tvö prentuð hefti með úrvali af efni blaðsins. Þau heita *Félagsvinurinn I* og *II* og eru merkilegar heimildir um sögu félagsins, sveitarinnar og blaðsins sem telja má ágætan samnefnara fyrir þann mikla fjölda ungmennafélagssblaða sem skráð voru í bækur á síðustu öld.

Nágrannasamböndin UMSE og HSP hófu útgáfu vandaðra ársrita um svipað leyti á sjöunda áratug síðustu aldar. UMSE gaf út sitt ársrit ósliðið frá 1962-1990. Þar birtist á hverju ári árskýrsla sambandsins og félaganna ásamt ýtarlegu yfirliti yfir íþróttastarfsemina og viðtölum við ýmsa garpa úr hreyfingunni. Þingeyingar gáfu út sitt ársrit árin 1966-1992. Ritið var ekki síður vandað en ársrit Eyfirðinga en hét reyndar *Starfskýrsla* fyrstu árin. Árið 1975 breyttist nafnið í *Ársrit* sem það nefndist svo til loka. Síðasta ritið



*Húnavaka er langlífasta ársrit ungmennafélaga og hefur komið út frá árinu 1961. Forsíða ritsins árið 2002.*

kom út árið 1992. Einn ritnefndarmanna, Þórhallur Bragason, kynnti ritið á ársþingi HSP og fór um það fögrum orðum. Þetta vakti athygli skólastjórans á Grenivík, Björns Ingólfssonar, sem orti í orðastað Þórhalls.

Vonir við þetta blað ég bind,  
þar birtist hin rétta stefna.  
Framantil í því er falleg mynd  
en fleira er óþarfi að nefna.<sup>247</sup>

Það fór svo fyrir báðum þessum ritum að útgáfa þeirra lagðist niður um svipað leyti. Fyrst í stað komu þau út árlega en undir lokin fór útgáfan að strjálást, sem endurspeglar þá fyrirhöfn og þann kostnað sem fylgdi því að koma þessum ágætu ritum út.

Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands gaf ársritið *Snæfell* út þrívægis á árunum 1946-1949. Ritið birti fjölbreyttar frásagnir af austfirskum vettvangi og var jafnframt mál gagn UÍA. Ekki varð fjárhagslegur gróði á útgáfunni og hún lagðist niður að svo búnu. Árið 1979 hóf UÍA út-

gáfu ársrits að nýju og valdi því nafn hins gamla tímarits. Það voru félagarnir og eldhugarnir Hermann Níelsson og Sigurjón Bjarnason, formaður og framkvæmdastjóri UÍA sem stóðu á bak við útgáfuna. Sigurjón orðaði hugmyndina að baki framtakinu svo í formála ritsins:

Mál gagn verðum við að hafa svo rödd okkar heyrst í sálum fólksins því ef rödd okkar hljóðnar erum við ekki lengur til og samtakamáttur öflugrar hreyfingar hverfur. Þessa setningu skilja sjálfsagt ekki allir, svo þá segjum við bara að einhver spámaður hafi sagt hana fyrir löngu síðan.<sup>248</sup>

Sigurjóni varð að ósk sinni því hið nýja *Snæfell* dafnaði vel og betur en hið gamla því það hefur komið út til þessa dags og er hin síðari ár farið að koma út í nokkrum tölublöðum árlega. Nýja *Snæfell* er glæsilegt rit, litprentað og líflegt. Það er mikil og læsileg heimild um starf austfirska ungmennafélaga, einkum á íþróttasviðinu.

Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga hefur gefið út ársritið *Húna* frá árinu 1976 af miklum myndarskap og er útgáfan óslitin til þessa dags. Ritið heitir fullu nafni *Húni*. *Sögur, sagnir og kveðlingar*, og gefur það nokkra hugmynd um innihaldið. Það er í litlu broti, prentað á góðan pappír og í hverju hefti eru árlegar fréttir úr hverju sveitarfélagi og lítið ágríp af starfi sambandsins. Einnig eru þar minningargreinar um látna héraðsmenn fyrir utan sögur, sagnir og kveðlinga. Ritið er því einstök heimildanáma um héraðið og uppflöttir um mannlífið.

Þá er aðeins ógetið langlífasta ársritsins sem ungmennasamband hefur gefið út. *Húnavaka*, ársrit Ungmennasambands Austur-Húnavetninga hefur komið út árlega óslitið frá árinu 1961. Fyrstu tvö eintökin voru fjölrítuð en síðan hefur ritið verið prentað á vandaðan myndapappír. Hugmyndin að ritinu varð til í samræðum nágranna og vina, þeirra Pálma Gíslasonar í Grænuhlíð, síðar formanns UMFÍ, og Stefáns Á. Jónssonar á Kagaðarhóli. Pálmist flutti reyndar úr héraðinu áður en útgáfan komst í framkvæmd en Stefán sá um ritstjórn fyrsta tölublaðsins. Stefán hefur ekki gert það endasleppt við *Húnavöku* því hann hefur verið ritstjóri blaðsins alla tíð eða í 47 ár. Lengst af hefur ritið verið traustur tekjuliður sambandsins og skilað hagnaði öll árin nema tvö. Í *Húnavöku* birtist fróðleikur úr héraðinu, gamall og nýr.



Snemma var tekinn upp sá siður að fá presta héraðsins til að rita minningargreinar látinna á árinu og þar hefur safnast saman mikill fróðleikur ásamt fréttum af veðurfari, framkvæmdum, fyrirtækjum og mannlífi almennt. Safnarar hafa sóst eftir ritinu og því hafa elstu árgangarnir verið endurprentaðir.<sup>249</sup>

Hér hefur verið stiklað á stóru um útgáfumál ungmennasambanda og fleiru sleppt en því sem er til skila haldið.

## Þróun ungmennafélaga 1969-1979

Þegar Hafsteinn Þorvaldsson tók við starfi formanns UMFÍ árið 1969 stóðu samtökin á tíma-mótum. Nokkur héraðssambönd og mörg ungmennafélög voru ágætlega starfandi en fjöldi þeirra hafði lognast út af hægt og hljótt og hreyfingin í heild sinni var í afturför. Fimm af 17 héraðssamböndum gátu tæplega talist starfandi og 57 ungmennafélög höfðu lagt upp laupana síðustu fjögur árin. Samband stjórnar UMFÍ við grasrótina var sáralítið og starfsmenn sambandsins í hlutastarfi breyttu þar litlu um. Fyrir utan vakningu um landgræðslu, sem reyndar var að frumkvæði Hafsteins Þorvaldssonar, var ekki mikið um nýjungar í starfi UMFÍ. Allt virtist stefna í hægfarendalok ungmennafélags-hreyfingarinnar en hin nýja forysta var staðráðin í því að snúa vörn í sókn.

Strax á fyrsta stjórnarfundum gaf Hafsteinn tóninn með því að lýsa yfir vilja sínum til erindreksturs fyrir UMFÍ. Hann var reyndar þegar byrjaður en nú hófust miklar útbreiðsluferðir stjórnarmanna víða um land. Héraðssambönd og ungmennafélög voru endurvakin og aðstoðuð í starfi og nýtt líf færðist í hreyfinguna. Strax var tekin upp sú vinnuregla að stjórnarmenn UMFÍ skyldu mæta á ársþing hvers einasta héraðssambands. Þar með sköpuðust góð persónuleg tengsl á milli manna sem gerðu starfið auðveldara og skemmtilegra. Formaður og framkvæmdastjóri komu á flest þingin og hvöttu menn til dáða. Glæðbeitt framkoma þeirra og sóknarhugur virkaði sem vítamín á huga heimamanna sem færðust allir í aukana.

Lykillinn að öllu þessu var ný stefna stjórnar í starfsmannamálum. Áráði Hafsteins Þorvaldssonar að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf að staðaldri þrátt fyrir lítil fjárráð skipti sköpum fyrir hreyfinguna og þá ekki síður hvernig til

tókst með að fá Sigurð Geirdal til starfa. Þeir voru réttir menn á réttum tíma fyrir UMFÍ. Það fór ekki hjá því að umsvif Hafsteins og Sigurðar, þessara kraftmiklu manna, mörkuðu sín spor í starfsemi ungmennafélags-hreyfingarinnar.

Ný forysta UMFÍ setti markið hátt og sætti sig ekki við skjólið í öldudalnum enda ekki komin til starfa til þess að eiga náðuga daga. Nú voru stjórnarmenn virkjaðir til að heimsækja nágretta sína í ungmennafélögunum, fjölgað var í stjórninni og tekin upp sú stefna að halda stjórnarfundum víðs vegar um landið. Skrifstofa UMFÍ fékk réttnefnið þjónustumiðstöð og starfsmönnum fjölgaði í takt við ný og stóraukin verkefni.

Stjórnarmenn UMFÍ voru sammála um að þörf væri á miklu félagslegu átaki hjá ungmennafélögunum. Til að bæta úr því var árið 1970 stofnaður hinn langþráði Félagsmálaskóli UMFÍ sem löngu var búið að ráðgera en ekki hafði komist í verk að starfrækja. Vonir forystumanna um árangur af starfi Félagsmálaskólans rættust með auknu starfi og félagslegri virkni félaganna. Þegar ungmennafélögin og héraðssamböndin færðust nú í aukana og sýndu aukið starf batnaði skilningur sveitarstjórnarmanna á þýðingu þeirra og fjárveitingar jukust. Einnig fóru héraðssamböndin að verða djarfari og duglegri við eigin fjáröflun sem þýddi það að mörg þeirra gátu nú leyft sér þann munað að hafa launaða starfsmenn, að minnsta kosti yfir sumartímamann. Til að efla framkvæmdastjórnina í starfi, einkum nýliðana, var farið af stað með sérstök framkvæmdastjórnarskeið hjá Félagsmálaskólanum vorið 1974 sem síðan voru haldin árlega á vorin við miklar vinsældir.

Fyrsti framkvæmdastjóri héraðssambands var Þóroddur Jóhannsson sem stýrði UMSE með styrkri hendi frá 1964-1977. Skömmu fyrir 1970 fóru nokkur sambönd að dæmi Eyfirðinga og á áttunda áratugnum voru að jafnaði framkvæmdastjórnar hjá átta héraðssamböndum. Lengi vel tíðkaðist það að samböndin réðu sér framkvæmdastjóra yfir sumartímamann í tvo til fjóra mánuði. Fjárhagur þeirra leyfði ekki meira. Nokkur sambönd voru svo stöndug að hafa stjórnann starfandi allt árið, stundum þó í hlutastarfi yfir veturinn. Þegar fjármálin stóðu illa neyddust viðkomandi sambönd til að leggja niður starf framkvæmdastjórnans. Dæmi voru um að öflug sambönd eins og UMSK og HSK væru án framkvæmdastjóra í allt að fjögur til sex ár.

Útihátíðir voru sérstakur kapituli í fjáröflun



héraðssambandanna. Upp risu miklar hátíðir sem haldnar voru um verslunarmannahelgar á stöðum eins og Húsafelli, Vaglaskógi, Laugum, Atlavík, Þjórsárdal og víðar. Stundum þénuðu samböndin sem að þeim stóðu fúlgur fjár og starfið blómstraði. Hátíðunum fylgdi drykkjuskapur hátíðargesta nema þá helst á bindindishátíðinni í Vaglaskógi. Mörgum þótti þetta ekki samrýmast hugsjón ungmennafélaganna sem svöruðu því til að útihátíðir undir stjórn ungmennafélaga væru betri kostur en skipulagslaus drykkja ungmenna á svæðunum. Algjört vínbann væri ekki mögulegt en vel væri fylgst með velferð samkomugesta. Þessar útihátíðir voru vonarpeningur og þær enduðu stundum með fjárhagslegum skelli fyrir samböndin sem þar með voru komin á vonarvöl. Þannig sveifluðust hátíðarhaldarar milli ríkidæmis og bónbjarga og fyrr eða síðar gáfust samböndin upp á ævintýrinu.

Einu sinni stóð UMFÍ meira að segja fyrir útihátíð í eigin nafni. Það var þegar sambandið hélt útihátíðina *Vor í dal* í Þjórsárdal um hvítasunnu 1973. UMFÍ tók þetta að sér fyrir orð Æskulýðsráðs ríkisins sem vildi með þessu forðast sjálfsprottunar drykkjusamkomur unglinga sem öðru hvoru höfðu hneykslað þjóðina. Hátíðin var haldin með afar skömmum fyrirvara í samvinnu héraðssambandanna UMSK og HSK sem bjuggu næst vettvangi. Hún tókst mjög vel og blaðamenn sem veltu við hverjum steini í leit að hneykslismálum fundu lítið af því tagi.

Með auknu starfi fóru héraðssamböndin að gefa út prentaðar ársskýrslur sínar á sjöunda og áttunda áratug aldarinnar. Skýrslurnar eru mikill heimildabanki um starf þeirra og verða sífellt vandaðri og ýtarlegri með hverju árinu. Nokkur sambönd bættu um betur og fóru að gefa út vönduð rit með fréttum úr héraði ásamt ágripi af starfinu. Sum ritin hafa lagst niður aftur en Húnavetningar og Austfirðingar hafa um árabil staðið fyrir myndarlegri útgáfustarfsemi sem grundvallast á óþreytandi sjálfböðavinnu hugsjónamanna í héraðinu.

Einn var sá vettvangur sem gjörsamlega hafði horfið úr starfi UMFÍ á sjöunda áratug síðustu aldar. Það var samvinna við norræna ungmennafélaga. Hinir nýju húsbændur, Hafsteinn og Sigurður, voru staðráðnir í að endurnýja samskiptin við frændur vora á Norðurlöndum og strax sumarið 1971 stóðu þeir fyrir velheppnaðri ferð ungmennafélaga til íþróttakeppni á lands-

móti dönsku ungmennafélaganna í Holsterbro. Upp úr því hófust mikil samskipti við Fimleikasamband Árósa (AAG) og voru gagnkvæmar keppnir frjálsíþróttamanna haldnar í heilan áratug en lögðust þá niður. Norrænu samskiptin urðu hinsvegar sífellt umsvifameiri og árlegar ferðir íslenskra ungmennafélaga á norrænar ungmennavikur víkkuðu sjóndeildarhring þeirra. Árið 1976 var velheppnuð norræn ungmennavika haldin á Flúðum í Árnessýslu og allt frá 1972 hefur UMFÍ átt stjórnarmann í NSU, regnhlífisamtökum norrænna ungmennafélaga.

UMFÍ var um tíma aðili að Bréfaskólanum sem var tækifæri til símenntunar einkum fyrir fólk á landsbyggðinni. Skólanum tókst ekki að fylgja kröfum tímans og hætti starfsemi árið 1996. Á sömu leið fór með aðild samtakanna að Lýðháskólanum í Skálholti sem tók til starfa á áttunda áratugnum. Lýðháskólinn var gamall draumur ungmennafélaga en hann réttist ekki með skólanum í Skálholti sem dagaði uppi í höndum kirkjunnar manna eftir tveggja áratuga starf.

Stóraukin starfsemi UMFÍ kallaði á ný vinnubrögð. Strax árið 1973 var samþykkt á þingi UMFÍ að stofna framkvæmdastjórn til að vinna á skilvirkan hátt úr daglegum verkefnum en láta aðalstjórn eftir að móta stefnuna á fundum sínum nokkrum sinnum á ári. Framkvæmdastjórnina skipa formaður og framkvæmdastjóri UMFÍ hverju sinni ásamt einum stjórnarmanni. Síðar var öðrum stjórnarmanni bætt við og nú eru fjórir í framkvæmdastjórn. Hún hefur fundað vikulega allt frá upphafi og eru fundir hennar komnir vel á annað þúsund.

Sem nærri má geta kallaði meira starf á meira fjármagn. Á hverju hausti hófst slagurinn við fjárveitinganefnd Alþingis sem stundum virtist hafa lítinn skilning á þjóðþrífstarfi ungmennafélaganna. Sigurður Geirdal og Hafsteinn Þorvaldsson voru ótrauðir í áróðri sínum fyrir hærri ríkisstyrk og nutu stundum góðs af flokksbræðrum sínum innan Framsóknarflokksins. Hvorugum þótti tiltökumál að nota pólitísk sambönd í þágu góðs málefnis. Happraðtti UMFÍ skilaði góðum hagnaði um tíma og naut þar góðra solumanna í ungmennafélögunum sem fengu sinn hlut af ágóðanum. Happraðttið gekk sér til húðar að lokum eins og flestar fjáraflanir hafa gert en þá kom Lottóið eins og himnasending og verður síðar sagt nánar frá því.

Áttundi áratugurinn markaði upphaf fram-

sóknar í stað varnarbaráttu hjá ungmennafélags- hreyfingunni. Þar voru í fararbroddi nýir menn með nýjar hugmyndir og árangurinn leyndi sér ekki. Hreyfingin var í uppsveiflu allan þennan áratug og ein sýnilegasta afleiðingin var hin mikla fjölgun félagsmanna. Árið 1969 voru ungmennafélög landsins 123 að tölu og félagsmenn þeirra voru rúmlega tíu þúsund talsins. Tíu árum síðar, árið 1979, hafði ungmennafélögum fjölgað í 178 með 23 þúsund félagsmenn. Þá hafði hreyfingin meira en tvöfaldað félagatölu sína á einum áratug. Þetta var ævintýri líkast. Þessi fjölgun varð einna mest í ungmennafélögum þéttbýlisins sem tóku nú upp deildaskiptingu hvert af öðru. Þróunin á meðalstórum þéttbýlisstöðum varð víða sú að ungmennafélögin urðu leiðandi afl á flestum sviðum íþróttu og skiptu sér í deildir um iðkun þeirra. Þannig tókst þeim að skapa samstarf og samstöðu innan eins félags í stað dreifingar í mörg ósamstæð félög.

Það er á engan hallað þó Hafsteinn Þorvaldsson, formaður UMFÍ, sé talinn fremstur í flokki þeirra dugmiklu ungmennafélaga sem stóðu að endurreisnarstarfi hreyfingarinnar þennan áratug. Hann var óþreytandi í starfi sínu fyrir UMFÍ og

dreifðra af stað með áhuga sínum og starfsgleði. Eins og vinur hans Sigurður Geirdal orðaði það í ársskýrslu samtakanna 1979 þegar Hafsteinn lét af formannsstörfum fyrir UMFÍ: „Hann tók við máttvana og starfslitlu landssambandi og skilaði af sér stórveldi.“

Þá eignaðist UMFÍ loks þak yfir höfuðið eftir 70 ára starf. Á afmælisþinginu 1977 var samþykkt tillaga um skipan húsakaupanefndar til að vinna að málinu. Nefndin tók til starfa undir forystu Pálma Gíslasonar af því líkum dugnaði að innan árs voru samtökin flutt í nýtt húsnæði og búið að greiða stóran hluta kaupverðsins með gjöfum og framlögum ungmennafélaga. Pálmi Gíslason kynnti sig þarna fyrir ungmennafélags- hreyfingunni sem stórhuga og drífandi forystu- maður og þegar Hafsteinn Þorvaldsson tilkynnti að hann hygðist hætta sem formaður UMFÍ eftir tíu ára starf var Pálmi einróma valinn formaður samtakanna. Það kom í hans hlut að halda áfram uppbyggingarstarfi hreyfingarinnar sem hafði verið í mikilli sókn síðasta áratuginn. Þeirri sókn linnti ekki undir hans stjórn og nýjar áherslur umhverfisverndar og útivistar voru hafðar að leiðarljósi.



*Pálmi Gíslason tók við formennsku UMFÍ af Hafsteini Þorvaldssyni árið 1979.*

## 4. kafli

### 1979-1993

# Nýbreytni í nútíma

#### Leiðtoginn Pálmi Gíslason

Pálmi Sigurður Gíslason (1938-2001) fæddist á Bergsstöðum í Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu. Föður sinn missti Pálmi þriggja ára gamall en fluttist sjö árum síðar með móður sinni og fósturföður að nýbýlinu Grænuhlíð í Torfalækjarhreppi og ólst þar upp. Hann varð gagnfræðingur frá Héraðsskólanum í Reykholti og lauk prófi frá Samvinnuskólanum á Bifröst árið 1959. Síðan gerðist hann verslunarstjóri á heimaslóðum hjá Kaupfélagi Húnavetninga á Blönduósi um tveggja ára skeið.

Þá urðu þáttaskil í lífi hans því árið 1961 kvæntist hann Stellu Guðmundsdóttur kennara, síðar skólustjóra í Hjallaskóla í Kópavogi. Pálmi og Stella fluttust til Kaupmannahafnar árið 1961 þar sem Pálmi starfaði næstu tvö árin hjá HB eða Hovedstadens Brugsforening sem voru innan dönsku kaupfélaganna. Þar fæddist elsti sonur Pálma og Stellu en þau eignuðust þrjú börn, tvo syni og eina dóttur. Heim kominn gerðist Pálmi verslunarstjóri hjá KRON næstu fimm árin og var svo framkvæmdastjóri hjá UMSK sumarið 1968. Því næst varð hann starfsmaður Samvinnubankans, útibússtjóri þar frá 1977 og síðar hjá Landsbankanum eftir yfirtöku hans á Samvinnubankanum allt til starfsloka í maí 2001.

Félagsstörf voru honum alla tíð mikilvæg því hann var sérlega félagslyndur maður og hafði mikið næmi í samskiptum við fólk. Hann var einn af stofnendum Ungmennafélagsins Húna í Torfalækjarhreppi aðeins 14 ára gamall. Þá sat hann í stjórn frjálsíþróttadeildar Ungmennafélagsins Breiðabliks í mörg ár og um tíma í stjórn félagsins. Pálmi tók að sér formennsku í landsmótsnefnd UMSK 1978 sem skilaði miklu starfi og það með hagnaði. Hann var kjörinn í stjórn NSU, norrænu ungmennafélagasamtakanna, árið 1980 og sat þar til dauðadags. Þá sat hann um tíma í stjórn Landssambands samvinnustarfsmanna, Starfsmannafélags Samvinnubankans og félags útibússtjóra þess banka og síðar Landsbankans svo aðeins nokkuð sé nefnt af hans fjölbreyttu félagsmálastörfum. Pálmi stjórnaði íþróttum eldri ungmennafélaga á Landsmóti UMFÍ á Egilsstöðum 2001 með skörungsskap.

Árið 1977 tók Pálmi að sér formennsku húsakaupanevndar UMFÍ sem skyldi vinna að því að samtökin eignuðust sitt fyrsta húsnæði. Pálmi gekk til þessa verkefnis ásamt félögum sínum af miklum dugnaði með þeim árangri að ári síðar fluttu samtökin í nýbyggt hús sitt að Mjölnisholti 14. Þá fengu ungmennafélagar augastað á þessum dugmikla manni og árið 1979 var Pálmi kjörinn formaður Ungmennafélags Íslands og var það til 1993 eða í 14 ár. Lengst af þeim tíma var Sigurður Geirdal framkvæmdastjóri UMFÍ en þeir voru æskuvinir og einstaklega samhentir. UMFÍ hafði þá verið á framfarabraut og sú þróun hélt áfram undir forystu Pálma. Hann lagði frá upphafi mikla áherslu á að velja íslenskt og kaupa íslenskar vörur og leiddi áttak UMFÍ í þeim efnum. Umhverfisvernd var honum einnig hugleikin og hann lagði grunn að mörgum slíkum verkefnum fyrir ungmennafélagshreyfinguna í formannstíð sinni. Honum virtist meðfætt að leiða fólk til samstarfs og hvort sem það var í daglegu starfi, félagsstörfum eða frístundum þá var Pálmi leiðtoginn sem allir fylgdu fúslega. Pálmi var sæmduð fálkaorðunni fyrir félagsmálastörf sín 1994. Hann hlaut heiðursorðu ÍSÍ 1987 og var gerður að heiðursfélagi UMFÍ árið 1997.

Pálmi var myndarlegur á velli og sópaði að honum hvar sem hann fór. Sem ungur maður æfði hann frjálsar



*Pálmi Gíslason formaður UMFÍ 1979 til 1993.*

íþróttir og sigraði til dæmis í þremur greinum á héraðsmóti Austur-Húnavetninga árið 1960. Pálmi var mikill náttúruunnandi og útivist hverskonar var hans eftirlæti. Gönguferðir í góðum félagsskap, veiðiferðir til að fanga fisk og fugl og ferðalög um landið voru hans tómstundagaman.

Pálmi og Stella ferðuðust mikið bæði innanlands og utan og eignuðust marga vini ekki síst í Danmörku en þangað lágu leiðir þeirra óteljandi sinnum. Stella var af dönsku bergi brotin, átti danska móður, var fædd á Grænlandi og átti heima í Danmörku á unga aldri. Þau voru einstaklega samrýnd hjón og miklir vinir. Samtaka í ræktun fjölskyldu og vina og umhverfisins á þeirra fallega heimili í Eikjuvogi 25. Gestrisni þeirra var engu lík og á heimili þeirra voru allir velkomnir. Áreiðanlega hafa fá heimili boðið gestum sínum, innlendum sem erlendum fleiri gistinætur og stundum var engu líkara en að það væri gistiheimili í Eikjuvuginum. Örlæti hjónanna lýsti sér vel í því að ef gesti vantaði bíl þá var bara annar fjölskyldubíllinn lánaður hvort sem um var að ræða gamlan fjölskylduvín eða einhvern sem þau voru að sjá í fyrsta sinn. Pálmi var listakokkur og hafði gaman af að snara heimafengnum réttum á matborðið. Hann naut sín vel í hlutverki veitandans og smitaði frá sér lífsgleði og hressleika.

Hann var góður ræðumaður og sagði vel frá. Hafði ríka kímigáfu og sló á léttu strengi. Margir minnst þess að hafa hlegið hressilega þegar sögumaðurinn Pálmi fór á kostum. Svo var hann lunkinn hagröringur og lét oft góðar vísur flakka með. Þó alltaf væri stutt í glaðvæðina var Pálmi meðvitaður um þá ábyrgð sem honum var falin í leik og starfi. Hann gat verið ákveðinn og fastur fyrir þegar á þurfti að halda og var réttssýnn og ráðagóður í skiptum við samferðamenn sína.

Pálmi, Stella og synir þeirra eignuðust náttúruparadisina Heydal í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp skömmu fyrir aldamótin en þar er kjörlendi til skógræktar og lax- og silungsveiði. Pálma naut þar við skamma stund því hann lést af slysförum í júlímánuði 2001 aðeins 63 ára gamall. Stella hóf um það leyti að reka þar ferðaþjónustu með sonum sínum sem hefur farið vaxandi ár frá ári. Minningarlundur um Pálma var gerður í Heydal sumarið 2002 og í Prastaskógi hefur einnig verið gerður Pálmalundur.<sup>2</sup>

## Göngudagur fjölskyldunnar

Strax á sínum fyrsta stjórnarfundum í september 1979 kom Pálmi Gíslason fram með hugmyndir sínar um útivist og samveru fjölskyldunnar. Hann lagði til að haldinn yrði sérstakur göngudagur fjölskyldunnar á vegum UMFÍ.<sup>2</sup> Stjórnarmenn tóku hugmyndinni tveim höndum og samþykktu að gangan yrði haldin laugardaginn 14. júní 1980. Í *Skinfaxa* skömmu síðar útskýrði Pálmi hvers vegna honum fannst kominn tími til að þjóðin færi að hreyfa sig meira og kynnast náttúrunni á gönguferðum.

Þegar bílar urðu almennings eign var eins og menn gleymdu að ganga. Auðvitað voru til undantekningar, en alltof margar skemmti- og útivistarferðir urðu aðeins akstur í ryki. Rétt hlaupið út til að kaupa pylsu og kók eða smella af mynd af fossi eða fjalli, já jafnvel út um bílgluggann.<sup>3</sup>

Jafnframt benti Pálmi á að mikið skorti á góðar leiðarlýsingar á heppilegum gönguleiðum. Því



Viðurkenningarskjal göngudags fjölskyldunnar.





*Göngumenn Ungmennafélagsins Hnoðra í Kollafirði og Kvenfélagsins Fjólunnar í Bitrufirði staldra við fyrir utan Broddana á göngudegi fjölskyldunnar 13. júní 1981.*

skoraði hann á væntanlega göngumenn að safna saman því helsta sem fyrir augun bæri á gönguleiðinni og skrifa það niður. Þar þyrfti að koma fram lýsing gönguleiðar, örnefni, jarðfræði, saga og þjóðsögur ef til væru.<sup>4</sup> Hér var mikið verk að vinna og ungmennafélögin, dreifð um allar byggðir landsins, voru tilvalin til þess. Öll ungmennafélög voru hvött til að taka þátt og velja sér gönguleið, 2-7 tíma gang, helst í nágrenni heimabyggðar félagsins. Þetta nýmæli var rækilega kynnt á þingum héraðssambandanna og hlaut góðar undirtektir.<sup>5</sup>

Hinn 14. júní 1980 var ágætis veður um land allt og liðsmenn 78 ungmennafélaga brugðu undir sig betri fætinum og gengu bæjarleið. Nálægt 4000 manns tóku þátt í göngunni sér til ánægju og heilsubótar. Þátttaka í göngum sumra félaga var ótrúlega mikil og sú fjölmennasta var hjá ungmennafélaginu Víkverja í Reykjavík. Þar gengu 150 einstaklingar sem var mun fleira en fjöldi félagsmanna. Þessi hópur fór ekki langt yfir skammt en gekk um Elliðaárdalinn og naut hinnar fögru náttúru. Margir ungmennafélagar skrifuðu góðar leiðarlýsingar af gönguleiðinni. Ungmennafélagið Baldur á Hvolsvelli gaf meira segja út myndskreytt hefti með lýsingu á gönguleið sinni á Þríhyrning eftir Oddgeir Guðjónsson í Tungu.<sup>6</sup>

Sum félögin skipulögðu tvær ferðir aðra stutta en hina lengri. Þróttur á Vatnsleysuströnd var með tvær göngur. Í þá styttri, þriggja km, fóru 35 manns en 80 göngumenn létu sig ekki muna um

þá lengri sem var 20 km. Í þeim hópi var yngsti þátttakandinn, Símon Björn Björns-son tveggja mánaða gamall, sonur hjónanna Björns Eiríkssonar og Kolbrúnar Þórarinsdóttur í Vogagerði 19. Reyndar fékk Símon Björn þægilega ökuferð í barnakerru en aðrir göngumenn örkuðu frá Hrafnagjá að Vogastapa og heim aftur á fjórum klukkutímum.<sup>7</sup> Elstu þátttakendur göngudagsins voru Eggert Eggertsson sem gekk á Hallarmúla með Ungmennafélagi Stafholtstungna og Anna Jónsdóttir sem fór alla leið á Stórahjúk í Hlíðarfjalli

með Ungmennafélaginu Dagsbrún í Glæsibæjarhreppi. Bæði voru 83 ára.<sup>8</sup> Allir göngugarpar fengu viðurkenningarskjöl frá UMFÍ. Göngudagurinn skilaði árangri í góðum minningum og þægilegum harðsperrum víða um land og strax fóru menn að ráðgera næstu gönguferð.

Á næsta sambandsráðfundi UMFÍ var fullkomin samstaða um að gera göngudaginn að árlegum viðburði eftir þessa góðu byrjun og miða við miðjan júnímánuð. Nú var ákveðið að færa dag-



*Göngumenn Kollfirðinga voru á öllum aldri. Gísli Gíslason í Gröf 72 ára og Steinunn Guðmundsdóttir á Skriðinsenni 91 árs létu sig ekki vanta.*



*Göngufólk Ungmennafélags Bessastaðahrepps hvílir sig á göngunni á göngudegi fjölskyldunnar árið 1982.*

inn frá laugardegi til sunnudags en þá tókst svo til að sjómannadagurinn 14. júní varð fyrir valinu, óviljandi þó. Veðrið þann dag var ekki til að hrópa húrra fyrir, rigning og lágskýjað víða um land. Allt þetta varð til þess að mun færri gengu en árið áður en sum félögin færðu þó göngudaginn til þannig að gengið var þegar betur stóð á.<sup>9</sup>

Þriðja árið tókst samvinna við Mjólkur dagsnefnd og göngudagurinn var þá jafnframt orðinn mjólkurdagur. Ungmennafélagar sáu um gönguna en nefndin um kynningu með veggspjöldum og auglýsingum í fjölmiðlum. Þá bauð nefndin upp á veitingar fyrir göngufólk í formi svalandi ávaxta-drykkja. Talið var að göngurnar hafi verið 109 og göngumenn um sex þúsund. Víða var þátttakan með besta móti. Hjá Ungmennafélaginu Val í Mýrahreppi, gengu til dæmis 95 manns en 96 bjuggu í hreppnum. Hvar þessi eini íbúi var staddur þennan dag fylgdi ekki sögunni. Gengið var á fellið Heinaberg við rætur Vatnajökuls.<sup>10</sup> Árið eftir urðu göngumenn víða um land fyrir algengum búsiþjum útivistarmanna á Íslandi. Nefnilega vondu veðri. Þá var til dæmis „ekta íslensk vorblíða, hitinn um tvær gráður, nístandi norðaustan strekkingur og slydduél,“ á Fellsströnd í Dölum.<sup>11</sup> Þetta viðmót veðurguðanna hafði umtalsverð áhrif á fjölda göngumanna sem fækkaði um meira en helming frá fyrra ári.

Mjólkur dagsnefnd tvívegis, Trimmnefnd ÍSÍ eitt árið, og 1987 gekk UMFÍ til samstarfs við Bandalag íslenskra skáta og lét hanna nýtt merki göngudagsins. Skátar eru þekktir göngugarpar en þrátt fyrir það urðu þátttakendur ekki nema 2541 það árið og hafði fækkað um þúsund. Áfram hélt

samstarfið við skátana en ekki fjölgaði göngumönnum sem voru komnir niður í eitt þúsund árið 1991. Árið eftir var búið að prenta veggspjöld og merki Göngudagsins þegar ósk barst um það frá Lands sambandi hjartasjúklinga að UMFÍ yrði með í allsherjar göngudegi laugar daginn 27. júní ásamt ýmsum félagasamtökum. Samþykkt var að slá til með Lands sambandinu og svo var gengið víða um land undir nafninu Hjartagangan 1992.<sup>12</sup>

Þrátt fyrir þennan liðsauka fjölgaði göngumönnum lítið.

Hjartagangan var reynd tvisvar en eftir það ákvað UMFÍ að standa sjálft fyrir sínum göngudegi eins og í upphafi. Árið 1997 var göngudagurinn ekki auglýstur sérstaklega innan UMFÍ heldur var ungmennafélögunum í sjálfsveld sett hvort eða hvenær þau efndu til gönguferða í nafni hreyfingarinnar. Nokkur ungmennafélög hafa síðan haldið þeim sið að fara í árvissar gönguferðir um nágrennið. Þá er efnt til grillveislu, farið í leiki, sagðar þjóðsögur og sagnir af umhverfi og kennileitum. Sums staðar er þetta helsti hátíðisdagur félaganna hverju sinni.

Árið 2001 var ákveðið að blása nýju lífi í göngudaginn. Ráðinn var verkefnisstjóri, Jóhann Haukur Björnsson, og hann lá ekki á liði sínu að porra félögin upp til að ganga til góðs. Nú var göngudagurinn haldinn í samstarfi við Landsamtök áhugafólks um flogaveiki (LAUF) og Landsvirkjun. Verndari göngudagsins var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem er einn þekktasti göngugarpur landsins. Forsetinn byrjar alla sína daga með frísklegri gönguferð og hann tók þátt í skógargöngu í Þrastaskógi ásamt ungmennafélögum frá Vesturhlíð, Selfossi og UMSK sunnudaginn 7. október. Farnar voru 50 göngur um þessa helgi og allt að 5000 manns lögðu land undir fót.<sup>13</sup> Þetta varð síðasti göngudagur fjölskyldunnar á vegum UMFÍ því nú var ný hugsun komin fram sem fékk framrás í verkefninu „Göngum um Ísland“ sem varð að veruleika árið eftir. Göngudagurinn náði ekki að verða fjöldahreyfing en þetta framtak UMFÍ varð til þess að ýmsir fóru að leggja stund á göngur og náttúruskoðun í frístundum sér til ánægju.



Merki afmælisverkefnisins Eflum íslenskt.

## Eflum íslenskt

Í fyrstu lögum UMFÍ var það meðal annars á stefnuskrá félagsins „að reyna af fremsta megni að styðja viðhalda og efla allt það sem þjóðlegt er og ramm-íslenskt og horfir til gagns og sóma fyrir hina íslensku þjóð.“<sup>14</sup> Nú eru lög sambandsins orðuð á annan hátt en hugarfarið er hið sama og kemur fram í kjörorðinu: „Íslandi allt.“

Í samræmi við þetta beitti UMFÍ sér oftár en einu sinni fyrir áróðri til styrktar íslenskum iðnaði og íslenskri framleiðslu fram yfir erlenda. Á 29. þingi UMFÍ að Varmalandi 1975 var samþykkt að koma af stað auglýsingaherferð til að vekja athygli á íslenskri framleiðslu. Herferðin var í formi útvarpsauglýsinga í 232 daga samfleytt en talan var fengin með því að leggja saman fjölda ungmennafélaga og héraðssambanda innan UMFÍ. Skyldu tvær auglýsingar birtast frá hverjum aðila daglega að undanskildum sunnu-



Hjólreiðamenn á Lækjartorgi 25. júní 1982. Pálmi Gíslason, Kristín Gísladóttir og Víglundur Þorsteinsson tilbúin að leggja af stað. Sigurður Geirdal í ræðustóli.





*Margir tóku þátt í hjólréiðaferðinni miklu árið 1982. Kaupfélagsstjórinn, sveitarstjórinn og rafveitustjórinn á Blönduósi hjóla af stað þaðan snemma morguns.*

dögum.<sup>15</sup> Ungmennafélögin brugðust vel við og greiddu hvert fyrir sína auglýsingu. Texti þeirra var gagnorður en aldrei hinn sami til að skapa tilbreytingu. Þar mátti til dæmis sjá eftirfarandi hvatningarorð:

Kaupum íslenskt, spörum gjaldeyri. Íslandi allt. Ungmennafélagið Víkverji Reykjavík. – Hollur er heimafenginn baggi. Kaupið íslenskt. Íslandi allt. Ungmennafélagið Dyrhólaey Dyrhólahreppi. – Eigin framleiðsla er okkar hagur. Íslandi allt. Ungmennafélagið Huginn Fellahreppi.<sup>16</sup>

Íslendingar lögðu eyrun við því þetta var eitthvað alveg nýtt. Herferðin hófst í janúar 1976 og stóð lengi fram eftir árinu. Í þakkarbréfi Félags íslenskra iðnrekenda kom fram „að auglýsingarnar hafi vakið óskipta athygli og haft mikil áhrif.“<sup>17</sup>

Þegar leið að 75 ára afmæli UMFÍ árið 1982 var ljóst að stjórnin var staðráðin í að minnast þessara tímamóta þannig að það undirstrikaði starf og stefnu ungmennafélagshreyfingarinnar í landinu frá upphafi og til nútímans. Strax var ákveðið að rita sögu hreyfingarinnar og gefa hana út á þessum tímamótum. Tíminn til verksins var vanmetinn og sagan kom út ári síðar en ætlað var. Svo fór þó ekki með önnur afmælisverkefni sem voru margvísleg.

Á 32. þingi UMFÍ sem haldið var á Kirkjubæjarklaustri haustið 1981 var mikið rætt um af-

mælið og margar hugmyndir um tilhald komu fram. Ein var sú að koma á fót bókasafni UMFÍ. Þangað skyldi safna þeim ritum sem gefin hafa verið út innan hreyfingarinnar eða tengjast henni á einhvern hátt. Einnig ritverkum um íþróttir og félagsmál. Þetta komst fljótlega í verk og í bókasafni UMFÍ er nú að finna um 700 bækur um þetta efni fyrir utan ársskýrslur og blöð félaga og sambanda.

Á þinginu var einnig samþykkt tillaga um að hvert ungmennafélag veldi sér á afmælisárinu eitt verkefni til að vinna að í sjálfböðavinnu.

Talað var um landgræðslu, landhreinsun, merkingu staða og minjasöfnun. Mörg félög tóku sig til næsta sumar og tóku sér verkefni á þessum nótum. Þetta markaði upphaf vakningar sem enn sér ekki fyrir endann á enda verkefnin óþrjótandi.

Pálmi Gíslason var mikill hvatamaður þess að velja íslenskt og kaupa íslenskar vörur. Hann var þó alveg öfgalaus í viðhorfum sínum. Viðkvæði hans var: „Maður á að kaupa íslenskt ef það er jafngott og kostar jafnmikið.“<sup>18</sup> Hann taldi að landbúnaður og sjávarútvegur myndu ekki taka á móti miklu fleira fólki til vinnu á komandi árum. Því væri efling íslensks iðnaðar besta leiðin til að forðast þann vágast sem atvinnuleysið er. Um áramótin 1982 sendi Pálmi öllum stjórnarmönnum bréf þar sem hann kynnti hugmynd sína um afmælisverkefni. Það var að efna til herferðar um sumarið og vekja fólk til umhugsunar um nauðsyn þess að efla íslenska framleiðslu. Á stjórnarfundum í febrúar 1982 lagði Pálmi til að ungmennafélagar skyldu hjóla á þremur hjólum ysta hring umhverfis landið og sífellt skipta um knapa eftir ákvörðun hvers ungmennafélags eða héraðsambands. Stjórnarmenn stukku á hugmyndina og svo var hjólað af stað.<sup>19</sup>

Það lá í augum uppi að við slíkt stórfyrirtæki þurftu fleiri að koma til en stjórn og starfsmenn UMFÍ ein og sér. Þá var leitað til Finns Ingólfs-sonar úr Vík í Mýrdal, varastjórnarmanns UMFÍ, um að verða starfsmaður þessa verkefnis. Finnur reyndist meira en fús til þess og vann ötullega að



því á lokasperttinum. Leitað var til Félags íslenskra iðnrekenda og fleiri aðila um fjárstuðning og varð vel ágengt. UMFÍ gaf út veglegt kynningarblað um átakið þar sem var dreift um land allt. Í opnu blaðsins var Íslandskort þar sem hjólaleiðin var mörkuð. Alls staðar var hjólað nema farin var sjóleiðin milli Neskaupsstaðar og Seyðisfjarðar. Í ávarpi sínu í blaðinu sagði Pálmi Gíslason meðal annars.

Ungmennafélag Íslands vill nú á afmælisári hvetja alla Íslendinga til að leggja rækt við land sitt og þjóð. Öllum þykir okkur vænt um landið en í lífsgæðakapphlaupinu er eins og þjóðerniskenndin hafi dvínað. Ungmennafélag Íslands stendur nú fyrir herferð undir kjörorðinu „Eflum íslenskt.“ Það er von okkar að allir taki þátt í henni með því að velja íslenskt þar sem því verður við komið. Með sameiginlegu átaki getum við unnið stórvirki. Stöndum vörð um unga fólkið og framtíð þess.<sup>20</sup>

Þá var síðast en ekki síst óskað aðstoðar héraðsambanda og ungmennafélaga sem brugðust vel við ákallinu með því að leggja til hjólreiðakappana. Til ferðarinnar voru valin fimm íslensk DBS reiðhjól sem nýverið var farið að framleiða í Fálkanum. Þessi mikla Íslandshjólreið hófst föstudaginn 25. júní 1982 á Lækjartorgi með mikilli viðhöfn, ræðuhöldum og lúðrablaesti.



*Mathías Lýðsson formaður Strandamanna leiðir hjólið yfir farartálma á Steingrímsfjarðarheiði.*

Þá stigu Pálmi Gíslason, formaður UMFÍ, Kristín Gísladóttir, fimleikastúlka úr Gerplu og Víglundur Þorsteinsson, formaður Félags íslenskra iðnrekenda, á reiðhjólin sem áttu eftir að bera þúsundir vaskra ungmennafélaga á dekkjum sínum næstu daga. Von bráðar komu Kjalnesingar og leystu þau af og þeystu suður í Straumsvík. Þá komu Suðurnesjamenn og svo voru hjólin stigin allt hvað af tók suður til Keflavíkur. Þaðan var haldið til Grindavíkur og síðan Krísvíkurlleiðina austur fyrir fjall. Þannig var haldið áfram allan hringinn og teknir margir útúrkrókar til að heim-sækja ungmennafélögin hvarvetna á landinu. Það voru ungmennafélagar á hverjum stað sem sáu um hjólreiðarnar en stundum þurftu þó meðreiðarsveinar UMFÍ að hlaupa í skarðið. Þeir voru Pálmi Gíslason, Finnur Ingólfsson, Skúli Oddsson, Diðrik Haraldsson og Edda Jónasdóttir. Með í för var lítil rúta frá Guðmundi Tyrfingssyni á Selfossi sem var þeirra annað heimili á leiðinni. Hjólin reyndust vel þó íslenskir afdalavegir reyndust þeim þungir í skauti. Reyndar „punkteruðu“ hjólin oftar en tölu varð á komið og 36 sinnum þurfti að endurnýja dekkinn. En það var álag á fleira en bara hjólin eins og lesa má í pistli Finns Ingólfssonar í *Skinfaxa*.<sup>21</sup>

Fyrir þá sem fylgdu hjólunum var ferðin enginn dans á rósum. Sólarhring eftir sólarhring var sofið þetta tvo til þrjá tíma og oft á tíðum sváfu menn ekki hver fyrir öðrum þar sem menn kepptust við að dreifa merkjum, gefa fyrirskipanir og jafnvel æfa sig í danskri tungu. Þrátt fyrir þetta mikla álag þá er ljóst að allir þeir sem af stað fóru og ætluðu hringinn létu sig hafa það og ekki er að sjá að neinn hafi hlotið varanlegt heilsutjón af.<sup>22</sup>

Sunnudaginn 11. júlí komu menn úr hringferðinni á hjólunum sem þá voru búin að fara 3200 kílómetra á 17 dögum. Um 3200 knapar höfðu hjólað á þessum þremur hjólum og miklu fleiri höfðu hjólað með á eigin fararskjótum. Þúsundir manna hlýddu á ávarp Pálma Gíslasonar þegar hann sleit hjólreiðaferðinni. Hún vakti mikla athygli og er enn til hennar vitnað.<sup>23</sup> Það sem helst olli vonbrigðum var takmarkaður áhugi íslenskra iðnrekenda sem virtust ekki reiðubúnir til að nota þetta tækifæri sem UMFÍ lagði upp í hendur þeirra. Ekki er hægt að segja að herferðin hafi

valdið neinum straumhvörfum í viðhorfum þjóðarinnar til íslenskrar framleiðslu en væntanlega fjölgað þeim sem vildu efla og kaupa íslenskt.

Árið eftir var haldin iðnsýning í Laugardalshöll og þar var UMFÍ með sinn sýningarbás meðal 120 sýningaraðila. Þar var til sölu hljómplatan „Draumur aldamótabarnsins“ með lögum Magnúsar Þórs Sigmundssonar tónlistarmanns sem hann hafði samið við ljóð Margrétar Jónsdóttur skáldkonu. Stjórnarmenn UMFÍ töldu að textar hljómplötunnar væru mjög í sama anda og kjörorð UMFÍ og greiddu fyrir sölu hennar hvarvetna.<sup>24</sup> Hljómplatan náði talsverðum vinsældum og reyndar hefur sú hugmynd komið komið upp oftar en einu sinni að gera eitt helsta lag hennar, „Ísland er land þitt“ að þjóðsöng Íslendinga. UMFÍ hélt áfram vöku sinni með útvarpsauglýsingum og auglýsingaspjaldi á Laugardalsvelli. Á því var merki UMFÍ og hvatningin „Eflum íslenskt“ sem alltaf er í fullu gildi.<sup>25</sup>

## Frá Mjölnisholti í Vesturhlíð

Hafsteinn Þorvaldsson reyndist sannspár haustið 1978 þegar hann taldi ljóst að hin nýja þjónustumiðstöð UMFÍ í Mjölnisholti 14 væri aðeins byrjunaráfangi sem innan tíðar þyrfti að endurnýja. Í nóvemberbyrjun 1979 hófst nýr kapituli í þjónustunni því þá fengu handknattleiksmenn frá Dalvík í keppnisferðalagi að gista í fundarsalnum.<sup>26</sup> Næstu árin fengu íþróttahópar utan af landi af og til gistingu í Mjölnisholti til að spara ferðakostnaðinn. Gistingin var ókeypis enda var aðstaða frumstæð til slíkra hluta og hún fyrst og fremst hugsuð sem aðstoð við liðsmenn hreyfingarinnar. Það duldist þó engum að þörfin fyrir þessa þjónustu var töluverð og að hún yrði ekki leyst í Mjölnisholti. Það leið því ekki á löngu áður en stjórnarmenn UMFÍ fóru að hugleiða nýjar leiðir í húsnæðismálum.

Í desember 1980 fóru formaður og framkvæmdastjóri á fund Egils Skúla Ingibergssonar, borgarstjóra í Reykjavík, og sóttu um lóð í Laugardal fyrir hönd UMFÍ. Þar átti að byggja nýja þjónustumiðstöð þar sem gert yrði ráð fyrir gisti- aðstöðu og eldhúsi ásamt rúmgóðu skrifstofuhúsnæði. Þeim var vel tekið og sagt að niðurstöðu væri að vænta eftir áramótin. Hún barst ekki þó eftir væri leitað.<sup>27</sup> Von bráðar komu nýir húsbændur til valda hjá Reykjavíkurborg og þar með var málið úr sögunni.



*Páll Aðalsteinsson vinnur við að innrétta skrifstofuherbergi UMSK í Mjölnisholti 14 haustið 1982.*

Ungmennasamband Kjalarnespings var á hrakhólum með húsnæði um þessar mundir og fékk inni til bráðabirgða hjá UMFÍ á útmánudum 1981. Þar bjó sambandið um tíma en tókst að útvega sér leiguhúsnæði á sömu hæð haustið 1982. Nýja húsnæðið var ekki stórt, sex fermetrar, og UMSK fékk að nýta kaffistofu og fundarsali UMFÍ ásamt aðstöðu til ljósritunar.<sup>28</sup> Framan af lék allt í lyndi en þegar frá leið minnkðu dáleikar því eins og máltækið segir: „Eitt er að heimsækja vin sinn, annað að búa hjá honum.“

Í ágúst 1984 tók UMSK á leigu heila hæð í Mjölnisholti gegnt skrifstofu UMFÍ og hafði þá yfir jafnmiklu húsnæði að ráða og höfuðstöðvarnar. Sambandið gerðist nú leigusali og bauð UMFÍ hluta hæðarinnar til leigu.<sup>29</sup> Stjórnarmenn UMFÍ töldu þetta góðan kost í fyrstu en þegar eigendur húsnæðisins buðu það til sölu var skjótlega tekin ákvörðun um að kaupa það með fyrirvara um samþykki sambandsráðsfundar um haustið. Kaupin voru einróma samþykkt á fundinum eftir litlar umræður. Verðið þótti viðráðanlegt, þrjár milljónir króna.<sup>30</sup>

Allt virtist í góðu gengi en þá kom babb í batin. UMSK-menn höfðu sjálfir innréttað hæðina og lagt í það bæði efni og vinnu. Nú vildu þeir fá greitt fyrir sína fyrirhöfn hjá UMFÍ og þar urðu menn hvergi sammála. UMSK-menn mátu efniskaup sín og sjálfböðavinnu á 501 þúsund krónum en UMFÍ-menn töldu sanngjarna greiðslu vera



*Kristján Sveinbjörnsson formaður UMSK var stóryrtur á þingi sambandsins árið 1985.*

yrtur í ávarpi sínu á þingi sambandsins 10. febrúar 1985. Hann hraunaði í einu lagi yfir UMFÍ og HSK og sagði meðal annars:

Þá var útihátíðin „Gaukurinn 1984“ og innréttingamál mikil stórmál og erfið fyrir þá sök að samstarfsaðilum okkar innan ungmennafélagshreyfingarinnar er ekki treystandi fyrir heiðarlegu samstarfi þegar peningar eru annars vegar. Ungmennafélagshreyfingin verður að vera alveg laus við óheiðarleik og yfirgangssemi ef hún vill lifa og vera það afl sem hún hefur verið í gegnum tíðina.<sup>32</sup>

Pálmi Gíslason, formaður UMFÍ, taldi þessi ummæli óviðeigandi og fór fram á að þau yrðu dregin til baka en það var ekki gert.<sup>33</sup> Segja má að hér hafi orðið vinslit um tíma milli UMFÍ og UMSK.

Nú kom aftur upp sú hugmynd að byggja eigið húsnæði í Reykjavík. Pálmi og Sigurður áttu fund með Davíð Oddssyni borgarstjóra 21. ágúst 1985 þar sem þeir óskuðu eftir lóð til handa UMFÍ. Borgarstjóri óskaði eftir skriflegri greinargerð um óskir og þarfir UMFÍ og skyldi hún berast daginn eftir.<sup>34</sup> Greinargerðin barst um hæl en borgarstjóri virtist áhugalaus um húsnæðisvanda UMFÍ því aldrei var þessu erindi svarað frekar þrátt fyrir eftirgangsmuni.

Á 34. þingi UMFÍ sem haldið var á Flúðum haustið 1985 var einróma samþykkt að fela stjórninni „að vinna áfram að lausn húsnæðismála UMFÍ og hraða því eins og unnt er.“<sup>35</sup> Stjórnarmenn létu ekki sitt eftir liggja og fínkembdu

350 þúsund. Hvorugur aðilinn var til viðtals um aðra niðurstöðu og þar skildi leiðir. Viðræðum var slitið og stjórn UMFÍ fór að leita að öðru húsnæði.<sup>31</sup>

Um þessar mundir hafði einnig slitið að upp úr samstarfi UMSK og HSK um útihátíðina Gaukurinn í Þjórsárdal. Kristján Sveinbjörnsson, fráfarandi formaður UMSK, var hvass-

Reykjavík í leit að hentugu húsnæði. Eftir árekstrana við UMSK voru menn staðráðnir í að næsta hús UMFÍ skyldi vera einbýlishús. Í febrúar 1986 fóru stjórnarmenn að skoða hús að Öldugötu 14. Er skemmst frá því að segja að þeim leist svo vel á húsið að þeir gerðu samstundis kauptilboð. Tilboði UMFÍ upp á tíu milljónir króna var tekið og þar með var ljóst að samtökin voru á leið í vesturbæinn.<sup>36</sup>

Öldugata 14 sem bar nafnið „Vesturhlíð“ stórum stöfum á framhliðinni var virðulegt einbýlishús úr steini byggt árið 1924. Ungmennafélögum leist svo vel á nafnið að þeir ákváðu að halda því til haga. Húsið var kjallari, tvær hæðir og ris 154 fermetrar að grunnfleti. Lofthæð kjallarans var aðeins tveir metrar. Í honum voru þvottahús og fimm herbergi með innbyggðum skápum. Á 1. hæð var öllu rúmbetra því lofthæðin var þrjú metrar. Hún var með rúmgóðu holi, stóru eldhúsi, herbergi og tveimur stórum stofum. Á 2. hæð sem var að hluta undir súð var lofthæðin 2,75 metrar. Þar voru fimm herbergi ásamt baðherbergi, steypibaði og svölum. Þar var áætluð gisting fyrir 35-40 manns. Rishæðin var öll undir súð og ófrágingin. Lofthæðin var um þrjú metrar þar sem hæst var og taldir möguleikar á að innréttu þar setustofu eða gistiþláss.<sup>37</sup> Anddyrið var viðarklætt sem gaf því heimilislegan blæ. Í fermetrum talið var UMFÍ nú búið að stækka fjórfalt við sig og Vesturhlíð gaf mikla möguleika á auknu starfi. Formaður UMFÍ var sérlega hrifinn af húsinu og talaði um það sem „litla höll.“<sup>38</sup>

Húsakaupanevnd var sett á laggirnar skipuð þeim Pálma Gíslasyni, Gunnari Sveinssyni og Guðjóni Ingimundarsyni. Nú var enn á ný leitað til hreyfingarinnar um fjárstuðning. Fyrsta héraðsambandið til að leggja fé í sjóðinn var UMSK sem rétti fram sáttahönd ásamt 55 þúsund krónum sem nefndin tók á móti með sérstakri ánægju. Þar með lögði þær öldur sem risið höfðu milli sambandanna og allt féll í ljúfa löð. Önnur sambönd létu ekki sitt eftir liggja. Einnig var leitað til sveitarstjórna með sæmilegum árangri. Húseignin að Mjólnisholti var seld fyrir 3,4 milljónir og þegar styrkur Félagsheimilásjóðs bættist við voru ekki ógreiddar nema 3,3 milljónir af kaupverðinu í árslok 1988 sem voru settar á skuldabréf til sjö ára. Þannig tókst enn á ný með samstilltu átaki að bæta aðstöðu UMFÍ sem átti stöðugum vexti og viðgangi að fagna.<sup>39</sup>

Þegar lokið var helstu endurbótum á Vesturhlíð



Öldugata 14, öðru nafni Vesturhlíð.

flutti UMFÍ þangað 15. október 1986. Betrumótum var þó ekki lokið og það var ekki fyrr en 25. janúar 1987 sem vígsla hússins fór fram með kaffisamsæti þar sem 60 manns mættu til að samfagna UMFÍ.<sup>40</sup> Það fór vel um stjórn og starfsmenn í þessu gamla húsi og þeir fyrrnefndu lýstu því yfir á sínum fyrsta fundi þar að andi hússins virtist þeim hliðhollur!<sup>41</sup> Yfirleitt voru fjórir menn í fullu starfi hjá UMFÍ á þessum árum. Framkvæmdastjóri, ritari, skrifstofumaður og ritstjóri *Skinfaxa*. Svo var yfirleitt bætt við fólki á sumrin í sérstök verkefni og sumarið 1987 voru starfsmennirnir sex að tölu.<sup>42</sup>

Von bráðar var bætt við svefnplássinu svo í húsinu gátu sofið í einu 30-40 manns á dýnum og 22 í kojum. Gistingin náði strax miklum vinsældum og gistinætur fyrsta ársins voru um 3000 talsins sem var meira en nokkur hafði átt von á. Ritstjóri *Skinfaxa* sagði frá þessu í ársbyrjun 1988 og var ekki í vafa um ástæðuna fyrir aðsókninni.

En það segir sig sjálf að þegar ungmennafélagar geta fengið svefnpokaþlétt, eldhúsaðstöðu, sturtu, sjónvarps- og myndbands-

aðstöðu fyrir núll krónur er því tekið feginshendi. ... Af gefnu tilefni skal fólk sem hyggst notfæra sér þessa gistaðstöðu minnt á að panta „pláss“ með nokkurra vikna fyrirvara.<sup>43</sup>

Þessi ódýra og handhæga gisting í Vesturhlíð spurðist út og bráðlega fóru hópar utan ungmennafélagshreyfingarinnar að óska eftir gistiþlássi. Það var góðfúslega leyft en áberandi var hvað félög utan hreyfingarinnar gengu ver um húsið en félagar innan UMFÍ. Allir gistivínir áttu að skila húsnæðinu af sér hreinu og þrífalegu en vegna slæmrar umgengni og ónæðis var ákveðið í ágúst 1989 að taka ekki við hópum utan hreyfingarinnar til gistingar í Vesturhlíð. Nógir voru samt um boðið og húsið yfirleitt fullbókað tvo mánuði fram í tímann.<sup>44</sup>

Það var fyrst og fremst um helgar sem stórir íþróttahópar á keppnisferðalögum dvöldust í húsinu. Forsvarsmenn þeirra drógu ekki fjöður yfir það að þessi ódýra gisting skipti miklu máli og stundum öllu máli um það að gera ferðirnar yfir höfuð mögulegar. Þegar fram í sótti varð aðsókn-



in slík að engan veginn var hægt að anna eftirspurn. Í febrúar 1992 varð að vísa níu hópum frá eina helgina svo dæmi sé tekið. Það var því kominn tími til að huga að stærra húsnæði til að mæta þessari gífurlegu þörf því litla höllin var greinilega orðin of lítil.

## Sigurður kemur og Sigurður fer

Stjórnarmenn UMFÍ hafa löngum þurft að sinna félagsmálum hreyfingarinnar á óhefðbundnum tíma og þá ekki síður starfsmennirnir.

Pálmi Gíslason taldi að starf framkvæmdastjóra UMFÍ væri fyrst og fremst áhugamannastarf sem menn tækju að sér en væru síðan svo heppnir að fá greitt fyrir. Vinna í þjónustumiðstöðinni á daginn, fundir seinnipartinn og fram á kvöld og helgar væru nánast forréttindi og það á launum! Staða framkvæmdastjórans var ekki hálaunastarf og vinnudagur Sigurðar Geirdal var stundum langur. Stundum komu rólegar stundir og þá gaf hann sér tíma til að setja fætuna upp á skrifborðið og ræða við gesti og gangandi um ungmennafélagsmálin og taka sólarhæðina. Þegar þurfti að skila skýrslu eða vinna eitthvað verkefni var hann hverjum manni fljótari og vann það oft á einum degi sem



Sigurður Geirdal afhendir Sigurði Þorsteinssyni lykllana að UMFÍ haustið 1986.



Pálmi Gíslason flytur ávarp við víslu Vesturhlíðar 25. janúar 1987.

aðrir hefðu þurft tvo til. Áhlaupamaður í orði og verki.<sup>45</sup>

Sigurður hafði Samvinnuskólapróf þegar hann kom til UMFÍ og ákvað svo að bæta við sig menntun. Hann stundaði kvöldskólanám við öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlið og lauk þaðan stúdentsprófi vorið 1980. Þá var Sigurður kominn á bragðið og hélt rakleitt í Háskóla Íslands um haustið.<sup>46</sup> Þar útskrifaðist hann sem viðskiptafræðingur 1985. Eftir 16 ára starf hjá UMFÍ sagði hann upp störfum sumarið 1986 og sneri sér að öðrum verkefnum. Á sambandsráðsfundi UMFÍ um haustið færði stjórnin honum að gjöf málverk af Þrastaskógi sem var vel við hæfi því skógurinn var einn af hans uppáhaldsstöðum.<sup>47</sup>

Nú var auglýst eftir nýjum framkvæmdastjóra og sjö umsækjendur gáfu sig fram:

Arnar Ingólfsson, Reykjavík.  
Egill Heiðar Gíslason, Borgarnesi.  
Guðni S. Óskarsson, Garðabæ.  
Páll Vídalín Valdimarsson, Reykjavík.  
Sigurjón Einarsson, Reykjavík.  
Sigurður Þorsteinsson, Reykjavík.  
Skúli Oddsson, Egilsstöðum.

Á stjórnarfundi var einróma samþykkt að ræða við Sigurð Þorsteinsson og ráða hann til starfa. Til vara skyldi ræða við Egil Heiðar Gíslason.<sup>48</sup> Til þess kom ekki því samningar tókust fljótt og vel við Sigurð og hann kom til starfa haustið 1986.



*Sigurður Þorsteinsson framkvæmdastjóri UMFÍ 1986 til 1991.*

fyrstu fjórum til fimm árunum. Sigurður fylgdi þessari stefnu sjálfur og hætti störfum hjá UMFÍ um áramótin 1991-1992 eftir fimm ára starf. Hann kom að mörgum nýmælum innan UMFÍ og lagði sig allan fram í starfi framkvæmdastjórans.

## Afmæli

Framan af ævi UMFÍ var oftast lítið um viðhöfn á afmælisárum sambandsins. Á hálftrar aldar afmæli samtakanna árið 1957 var haldið landsmót

þeir nafnarnir voru ólíkar persónur en báðir drifandi menn og gengu í verkefni dagsins með oddi og egg. Sigurður Þorsteinsson hafði skrifað lokaritgerð sína í viðskiptafræði um persónuþróun og umhverfi og þar var tekið á timalengd og framgöngu í starfi. Þar kom fram að mestum árangri í starfi verði náð á

á Þingvöllum til að fagna því. Þar var haldin veisla til heiðurs gömlum ungmennafélögum. Á 60 ára afmælinu, árið 1967, var fyrirhugað að gefa út sögu sambandsins en af því varð ekki fyrr en á 75 ára afmælinu árið 1982. Þá var einnig hleypt af stokkunum afmælisverkefninu „Eflum íslenskt“ sem vakti töluverða athygli. Afmælisárið 1977 var helgað því verkefni að UMFÍ eignaðist húsnæði og það rættist myndarlega ári síðar. Ársþingið fór fram á Þingvöllum og þá var einnig haldin vegleg afmælisveisla.

Þegar kom að 80 ára afmælinu 1987 töldu stjórnarmenn vel við hæfi að UMFÍ beitti sér fyrir einhverju verkefni til að vekja athygli á málstað sambandsins. Pálmi Gíslason var ekki hugmyndasnaður frekar en fyrri daginn og á stjórnarfundum í ársbyrjun lagði hann fram hugmyndir að þrenns konar afmælisverkefnum. Í fyrsta lagi afmælisveislu. Í öðru lagi afmælisútgáfu af *Skinfaxa* og í þriðja lagi sérstöku „Afmælishlaupi UMFÍ.“

Allt gekk þetta eftir. Í nóvember 1987 var haldin ráðstefna í Norræna húsinu um framtíðina sem bar yfirskriftina „Ræktun lýðs og lands – ungmennafélögin í nútíð og framtíð.“ Ráðstefnuna sóttu 110 manns og þar voru haldnir margir fyrirlestrar. Í einum þeirra sagði Þórólfur Þórlindsson frá niðurstöðum rannsóknar sem hann hafði



*Frá afmælishófi UMFÍ 1987. Pálmi Gíslason stjórnar vísnaþætti.*



*Hópur barna tekur sprettinn í Afmælishlaupi UMFÍ á landsmótinu á Húsavík 1987.*

nýlega gengist fyrir og sýndi skýrt og greinilega fram á að þátttaka í íþróttum er mikilvægasta vörnin gegn fíkniefnaneyslu unglunga. Þá flutti Bjarne Ibsen, fulltrúi dönsku ungmennafélaganna, athyglisvert erindi um fjármögnun þeirra. Þar kom fram að dönsku ungmenna- og íþróttahreyfingarnar fá allt að 70 af hundraði af rekstrarfé sínu frá ríki og sveitarfélögum meðan beinn styrkur ríkisins til UMFÍ nam innan við fimm af hundraði. Ráðstefnan þótti takast vel og vera mikilvægt innlegg í stefnumörkun hreyfingarinnar.<sup>51</sup>

Að kvöldi ráðstefnudagsins var haldin vegleg afmælisveisla í Rúgbrauðsgerðinni og þar hittust yfir 200 ungmennafélagar og kættust saman. Gestir skemmtu sér hið besta við söng, vísur og gamanmál. Hinum áttæða unglungi bárust góðar gjafir, menn voru heiðraðir í bak og fyrir og hinir ágætu ungmennafélagar Hafsteinn Þorvaldsson og Guðjón Ingimundarson voru gerðir að heiðursfélögum.<sup>52</sup>

Fimmta tölublað *Skinfaxa* þetta árið var helgað þessum tímamótum. Þar birtust margar greinar sem voru nokkurs konar úttekt á starfi og stöðu UMFÍ. Nýir og gamlir formenn og framkvæmdastjórar sambandsins hittust og létu gamminn geysa í hringborðsumræðum og formenn héraðsambandanna skrifuðu hugvekjur. Í leiðara blaðsins sagði Pálmi Gíslason formaður meðal annars.

Fjármálin hafa löngum reynst erfið og allt of mikið af dýrmætum tíma hefur farið í

peningabelt og fjáröflun á sífellt þrengri markaði. Þegar þeir sem fara með fjárveitingavaldið hjá ríki og sveitarfélögum úthluta fjármagni verður okkur stundum á að spyrja: „Er þetta mat á okkar störfum?“

Æskulýðsstarfið virðist liggja svo vel við höggi þegar til niðurskurðarhnífsins er gripið. Og við spyrjum: „Er það einhvers virði að halda uppi öflugum íþrótt- og félagsstarfi og

halda ungu fólki frá ávana- og fíkniefnum? Er það einhvers virði að leggja stund á holla hreyfingu og útiveru sem af ýmsum er talin mikilvæg heilsugæsla? ... Þó að slíkar spurningar vakni skal ekki vanmeta það sem vel er gert. Mörg sveitarfélög hafa stutt dyggilega við ungmenna- og íþróttfélög. Árangurinn hefur líka sýnt sig. Þar sem vel er starfað að þessum málum, þar er lítið um vandamál. Auðvitað er erfitt að mæla forvarnarstarfið. Það er auðveldara að mæla það þegar þarf að koma barni á upptökuheimili eða auka löggæslu til að halda fólki í skefjum. Við þurfum sjálfsagt, ungmennafélagar, að kynna okkar starf betur í framtíðinni. Okkar er vissulega þörf.<sup>53</sup>

Í febrúar 1987 var Jón Sævar Þórðarson, frjálsíþróttabjálfi, ráðinn í hlutastarf til að halda utan um Afmælishlaup UMFÍ. Hugmyndin var sú að leita til allra héraðssambanda með að halda víðavangshlaup fyrir börn og unglunga á aldrinum 11-14 ára og hafa svo úrslitahlaup í hverjum aldursflokki á landsmótinu á Húsavík. Hvert héraðsamband mátti senda þrjá keppendur í hvern flokk. Jón gekk í verkefnið af mikilli atorku og uppskeran var glæsilegt afmælishlaup á Húsavík föstudaginn 10. júlí 1987 í blíðskaparveðri. Strákar og stelpur hlupu í fjórum flokkum hvor og voru því hlaupin alls átta. Þar voru mættir efstu keppendur úr hinum fjölmörgu hlaupum hér og





Forsíða fréttabréfs árið 1988.

þar á landinu. Alls voru keppendur 289 og það var hrífandi sjón að sjá þegar hóparnir fóru af stað líkt og bylgjur á hafí. Allir voru klæddir í sérstaka afmælisboli og þarna voru án efa mættir til leiks framtíðarkeppendur landsmótanna.<sup>54</sup>

## Fréttabréfin

Með vaxandi umsvifum UMFÍ jókst þörfin fyrir skjótu og skilvirku sambandi milli höfuðstöðvanna og sambanda og félaga hvarvetna á landinu. Fyrir á árum þegar hlutirnir gengu hægar fyrir sig dugði vel að senda bréf eða segja frá hlutunum í *Skinfaxa*. Eftir því sem fleiri mál þurftu að kynna innan hreyfingarinnar kom betur í ljós að þessar boðleiðir dugðu ekki lengur. Hins vegar hafa menn innan hreyfingarinnar alltaf verið fljótir að tileinka sér framfarir í starfsemi. Á áttunda áratugnum fóru héraðssambönd að gefa út fréttabréf og UMFÍ nokkru síðar.

Allt bendir til að Ungmennasamband Skagafjarðar hafi verið brautryðjandi meðal héraðssambanda í að koma á fastri útgáfu fréttabréfa. Sambandið sendi sitt fyrsta fréttabréf til héraðsbúa í janúar 1973. Í ávarpi formannsins, Guðjóns Ingimundarsonar, sagði meðal annars.

Ætla má að kynning sé óþörf og héraðsbúum kunnugt um starfsemi og verkefni sambandsins. Hinsvegar hætta mörgum sem „vaxa upp úr“ ungmennafélögunum til að gleyma verkefnum þeirra og gildi. Tómlætið veldur stöðnun, athafnafátækt og fjármagnsskortir til góðra málefna. ... Stjórn UMSS óskar eftir auknum stuðningi við samtökin í héraðinu og væntir þess að þetta fréttabréf megi verða lóð á þá vogarskál.<sup>55</sup>

Skagfirðingar héldu áfram útgáfu fréttabréfa næstu árin. Til að byrja með eitt bréf árlega en þeim fór von bráðar fjölgandi. Nú fylgdu önnur sambönd í kjölfarið. Vestur-Skaftfellingar og Borgfirðingar fóru af stað 1979, Kjalnesingar og Austfirðingar 1980 og svo hver af öðrum. Nú var komin til sögunnar ný tækni í ljósritun pappírs og betri tæki ruddu gömlu fjölríturunum til hliðar. Á áttunda áratugnum fóru mörg ungmennafélög að gefa út sín eigin fréttabréf og sum hafa haldið því áfram til þessa dags af töluverðum myndarskap.

Fréttabréf félaganna fluttu náttúrulega fréttir af starfinu, upplýsingar um það sem var á döfinni og svo fylgdu með tilkynningar frá sveitarstjórnunum, kvenfélaginu og kirkjunni eins og gengur. Á sama veg var því farið hjá héraðssamböndunum. Þar var sagt frá fyrirhuguðum mótum og úrslitum þeirra, námskeiðum og samkomum og öllu því sem máli var talið skipta. Fréttastreymið jókst um allan helming við tilkomu bréfanna og létti mikið á stjórnar- og starfsmönnum sem þurftu nú ekki að slíta tungunni eins mikið við að sleikja frímerki og tala í síma.

UMFÍ sendi út sitt fyrsta fréttabréf í nóvember 1985. Það var reyndar án titils og fremur sett upp sem sendibréf til allra sambanda og ungmennafélaga frá Sigurði Geirdal framkvæmdastjóra. Hann hóf bréfið á þessa leið:

Góðir félagar. Það hefur ekki tíðkast mikið að skrifa beint til ykkar frá höfuðstöðvum UMFÍ. Almennt hefur sú leið verið farin að senda héraðssamböndunum fréttir og erindi sem þau eiga síðan að koma áleiðis til félaganna eftir því sem við á hverju sinni. Þetta gengur í flestum tilfellum vel og er því ekki ætlunin að þessi skrif komi í staðinn fyrir eitt eða neitt heldur sem viðbót.<sup>56</sup>

Það varð þó niðurstaðan að fréttabréfin fækkuðu sendibréfum um allan helming. Fyrsta eiginlega *Fréttabréf UMFÍ* kom út í febrúar 1987. Það var fjórblöðungur í stærðinni A5 og eina tölublaðið það árið. Næsta ár urðu þau þrjú og fjölgaði fljótlega í fimm til sjö árlega. Strax árið 1989 var blaðið stækkað í A4 og var þá gert að tvíblöðungi. Það var prentað á góðan pappír og talsvert myndskreytt. Með vaxandi tölvuvæðingu og flóðgáttum tölvupóstanna þegar leið að aldamótum fór tölublaðum fækkandi. Heimasíða UMFÍ komst



í gagnað í apríl 1997 skömmu eftir að sambandið eignaðist fyrsta netfangið.<sup>57</sup> Hún tók þá við hlutverki fréttabréfsins að mestu leyti og síðasta tölublað þess kom út árið 2004.

Þá höfðu alls 70 fréttabréf flogið um landið á vængjum póstsins á 20 ára bili og frætt yfirmenn og óbreytta í ungmennafélagshreyfinguna um flest milli himins og jarðar. Allt frá afrekum einstakra félagsmanna til utanlandsferða og allskonar verkefna sem stjórn UMFÍ úthlutaði af örlæti til ungmennafélaga. Stundum var slegið á léttu strengi og birtar vísur sem höfðu borist frá þingum og fundum í hreyfingunni. Á þing UMFÍ á Húnavöllum í október 1991 kom hinn glaðbeitti formaður Strandamanna, Jón Ólafsson kennari á Hólmavík, og skartaði litríku glóðarauga sem honum hafði áskotnast í umferðaróhappi. Skömmu áður hafði Hólmavík komist í fréttirnar vegna mikils músagangs. Jón var kallaður til vitnis en vildi sem minnst úr þessu gera og taldi þetta vera fjölmiðlamýs. Af þessu tilefni orti Ingimundur Ingimundarson íþróttakennari í Borgarnesi eftirfarandi limru:

Glóeygður gekk hann í salinn,  
með glettni var litið á halinn.  
En fjölmiðlamúsa-Jón,  
hefur fáheyrðan tón  
og fráleitt eru talfærin kalin.<sup>58</sup>

## Umhverfisvernd í sviðsljósinu

Þegar leið á níunda áratug síðustu aldar varð hugtakið „umhverfisvernd“ sífellt meira áberandi í þjóðfélaginu. Menn voru að vakna til vitundar um misgóða umgengni sína við umhverfi og náttúru og að margt mætti betur fara. Í samræmi við markmið sitt um ræktun lýðs og lands skipaði Ungmennafélag Íslands sér í þann hóp sem vildi leggja áherslu á umhverfisvernd. Stjórnarmenn sem voru búsettir hér og þar á landinu, og þá ekki síður formaður og starfsmenn, voru mikið á ferð um vegi landsins. Þeir höfðu lengi litið hornauga óhrjálegt umhverfi þjóðveganna. Plastpokar, gosdósir, umbúðir af sælgæti og sigarettum og alls konar úrgangur virtist hafa mikla tilhneigingu til að safnast við vegbrúnirnar. Það voru greinilega allt of margir vegfarendur sem notuðu þjóðvegina sem opna ruslatunnu. Á stjórnarfundi haustið 1988 var samþykkt að fara í sérstakt umhverfisáttak á vegum ungmennafélaganna. Verkefnið fólst



*Einar Ole Pedersen fyrrverandi matmaður UMFÍ afhendir Jóni Ólafssyni matmanni ársþings UMFÍ 1991 farandgrip sem er útskorinn askur.*

í því að hreinsa rusl meðfram vegum landsins. Ákveðið var að taka þetta með áhlaupi helgina 10.-11. júní 1989 undir kjörorðinu „Tökum á, tökum til“ og reyna að fá sem flest ungmennafélög til að vera með. Þá var bent á að þetta væri tilvalið verkefni allrar fjölskyldunnar.

Hreinsunarnefnd var skipuð þeim Pálma Gíslasyni, Gunnari Sveinssyni og Sigurði Geirdal. Til að halda utan um herferðina var fenginn ötull ungmennafélagi, Jóhanna Leópoldsdóttir, fyrrum formaður HSH. Fengnir voru styrktaraðilar, meðal annars olíufélögin þrjú sem áttu þarna gott samstarf að vanda. Veggspjöld með tilheyrandi áróðri voru sett upp víða ekki síst við söluskálana á landsbyggðinni. Samgönguráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, lagði málinu gott lið enda gamall ungmennafélagi. Það náðist upp góð stemming í kringum verkefnið og gott samstarf við Dægurmáladeild Rásar tvö sem sagði ítarlega frá áttakinu meðan það var í gangi.

Utan veganna var af nógu rusli að taka ekki vantaði það. Nefndin setti sér það mark að hreinsað yrði meðfram 5000 km af vegum landsins. Niðurstaðan varð sú að hreinsaðir voru um 6000 km. Allt að 8000 manns tóku þátt í átaki ungmennafélaganna og söfnuðu um 500 tonnum af rusli. Þarna kom vel fram það mikla afl sem hreyfingin býr yfir og gerði kleift að lyfta þessu grettistaki. Víða voru vaskir hópar á ferð en fáir stóðu sig betur en liðsmenn Ungmennafélagsins Eflingar í Reykjadal þegar þeir tóku til handargagns gömul bein við vegkantinn. Þegar haft var



*Hreinsunarátak á Ströndum 1989. Strandamenn tæma eina ruslakerruna af mörgum á hreinsunardaginn.*

samband við Þjóðminjasafnið kom í ljós að þarna var um að ræða gamalt kuml frá 11. öld svo segja má að Eflingarmenn hafi bókstaflega hreinsað aftur í aldir.<sup>59</sup>

Þetta sameiginlega átak allra ungmennafélaga með það að markmiði að breyta hugarfari fólks bar árangur. Allir sem þjuggu nálægt söluskálum þjóðveganna voru sammála um að minna væri hent af rusli úr bílum eftir að átakið fór fram. Matthías Lýðsson, forystumaður Strandamanna og varastjórnarmaður UMFÍ, skrifaði viðhorfsgrein í *Skinfaxa* um þetta leyti og laumaði lítilli ábendingu um umgengnina við landið til lesenda í lokin:

Það kostar ekki neitt að stinga karamellubrúfi í vasann í stað þess að láta það detta. Það kostar ekki neitt að beygja sig eftir gosdós og láta í næstu ruslafötu. Og ef þú legðir 42 krónur til landgræðslu í mánuði hverjum þá er það ekki há upphæð. En ef allir landsmenn 16 ára og eldri gerðu slíkt hið sama í eitt ár þá yrði upphæðin um eitt-hundrað milljónir króna. Það er allnokkuð.

Bætt umgengni við landið okkar þarf ekki að kosta mikið. Það kostar heldur ekkert að hugsa.<sup>60</sup>

Nú varð skammt stórra högga á milli í umhverfismálum hjá UMFÍ. Eftir velheppnað hreinsunarátak þótti mönnum tilvalið að útvíkka verkefnið á allar hliðar. Þarafleiðandi kom stjórn UMFÍ fram með frumlega tillögu á sambandsráðsfundi í Nesjaskóla í Hornafirði í nóvember 1990. Tillagan var samþykkt samhljóða og var á þessa leið:

27. sambandsráðsfundur UMFÍ ... samþykkir að stefnt skuli að því að hvert einstakt ungmennafélag í landinu taki að sér „fósturbarn“ úr náttúru landsins. Fósturbarnið verði tekið í umsjá fyrstu helgi í júní 1991 og standi verkefnið yfir í þrjú ár. Hvert félag velur sér fósturbarn sem getur verið:

Fjara sem hreinsuð er reglulega.  
Vegarkafli sem hreinsað er meðfram.  
Land til uppgræðslu.



Guðrún Sveinsdóttir verkefnisstjóri Fósturbarna UMFÍ.

Gróðursetning í ákveðið landssvæði.  
Hefting foks eða annað það sem kemur landinu til góða.<sup>61</sup>

Hér var um stórverkefni að ræða og ekki neitt eins dags gaman. Í byrjun apríl kom Guðrún Sveinsdóttir til starfa sem verkefnisstjóri. Guðrún var áður kunn sem hlaupagarpur frá Borgarfirði eystra og tvöfaldur sigurvegari á landsmótinu á Selfossi 1978. Nú tók hún til starfa ásamt verkefnisstjórn og veitti ekki af því tími til stefnu var orðinn skammur. Landgræðsla ríkisins lagði myndarlegt lið og gaf öllum ungmennafélögum myndband um landgræðslu og skógrækt fyrir utan áburð og grasfræ til þeirra félaga sem vildu græða landið. Toyota-umboðið styrkti verkefnið myndarlega og náttúrliga Búnaðarbankinn enda er sáðmaðurinn tákmynd hans. Veggspjöld voru sett upp um allt land og auglýsingar í blöðum og útvarpi fengu fætur og vængi. Mikil umræða varð um nafnið „Fósturbörnin“ í spjallþáttum útvarpsstöðvanna og þótti sumum þar nafninu misboðið. Guðrún „fósturmamma“ og Pálmi formaður mættu bæði í beinar útsendingar til að verja nafn-

id sem tókst vel og fengu þar ágætis auglýsingu.

Verkefnið sló í gegn og 212 félög af 245 innan UMFÍ ættleiddu fósturbarn en það voru 86 af hundraði félaga. Reyndar tóku mörg félög að sér fleiri en eitt fósturbarn og þau urðu alls 340 talsins. Meira en átta þúsund ungmennafélagar tóku þátt í að fóstura náttúruna og verkefnið voru margvísleg. Þau helstu voru landgræðsla, skógrækt, girðingavinna og hreinsun á rusli úr ám og vötnum, á ströndum og meðfram vegum. Nokkuð mörg ungmennafélög gerðu íþróttasvæðið að fósturbarni sínu. Þökur voru lagðar og sett upp skjólbelti og gróðurreitir. Hjá Ungmennafélaginu Brúnni í Borgarfirði tóku menn sig til og hreinsuðu hina frægu Stefáns- og Surtshelli, fylltu og fjarlægðu þaðan 10 poka af rusli. Íþróttafélag Bílddælinga tók að sér að breyta malargrýfjum í útivistar- og tjaldsvæði. Ungmennafélagið Framtíðin í Eyjafirði sagði njólanum í sveitinni stríð á hendur og Hestamanna-

félagið Geysir á Hellu var með ratleik þar sem gróðursettar voru plöntur og sáð í rofabörð. Það skal tekið fram að klárarnir voru ekki með í leiknum. Eftir erfiðið og jafnframt ánægjuna af starfinu þennan fósturbarnadag voru víða haldnar grillveislur, farið í leiki og keppt í íþróttum.<sup>62</sup> Þetta átak ungmennafélaganna fór ekki framhjá þjóðinni og vakti heilmikla athygli. UMFÍ var á góðum vegi með að verða þekkt umhverfisverndarsamtök.

Tvö næstu sumur hélt UMFÍ uppi áróðri fyrir aðhlyningu fósturbarnanna sem höfðu verið ættleidd af félögunum. Sérstakar helgar voru teknar frá til þessara hluta. Landgræðslan studdi vel við verkið með útvegum á fræi, plöntum og áburði sem var óspart notað. Mörg félög stigu á stökk og hétu því að hlúa vel að sínum fósturbörnum framvegis. Það átti einkum við ræktunarstarfið sem er í eðli sínu eilíft.

Hreinsunarátakið og fósturbörnin voru dæmigerð fyrir þau átaksverkefni sem stjórn UMFÍ hugkvæmdist að úthluta til hreyfingarinnar. Gárungar meðal ungmennafélaga kölluðu þau verkefni gjarnan „SAS“ sem útleggst „sent að sunn-





*Einar Haraldsson varaformaður félagsins hreinsar rusl úr Rósaselsvatni skammt ofan Keflavíkur sem var fósturbarn Ungmennafélags Keflavíkur.*

an.“ Með þessu orðalagi var gert góðlátlegt grín að umhverfisverkefnum, hjólreiðum og hlaupum hringinn í kringum landið. Svo voru gárungarnir náttúrulega alltaf manna fyrstir til að taka þátt í verkefnum.

## Félögum fjölgar á mölinni

Ungmennafélög eru félög ungs fólks eins og nafnið bendir til. Sumir tóku þetta bókstaflega og gengu úr ungmennafélögum þegar aldur færðist yfir þá. En enginn er eldri en honum finnst hann vera sjálfur og margir ágætir félagar héldu áfram að vera ungmennafélagar og sinntu töluverðu starfi þó árunum fjölgaði. Nægir að benda á marga stjórnarmenn UMFÍ sem voru engin unglömb að árum en þó í anda. Þessum mönnum þóttu liðsmenn hreyfingarinnar ganga full snemma úr skaftinu ekki sist þeir sem fluttu af landsbyggðinni á mölina og hættu þar með að starfa í sínum ungmennafélögum. Þeir töldu að þarna væri mikill mannaúður að ganga ungmennafélagshreyfingunni úr greipum. Gunnar Sveinsson, gjaldkeri UMFÍ 1969-1975, hafði mikinn áhuga á að gera eitthvað í málinu og á þingi UMFÍ 1975 flutti hann tillögu um stofnun klúbba eldri ungmennafélaga. Hugmyndin var sú að þeir væru ungmennafélögum til stuðnings og störfuðu við hlið þeirra. Tillagan hlaut andbyr og var felld. Þeir sem mæltu gegn hugmyndinni sögðu að eldri menn gætu allt eins starfað innan ung-

mennafélaganna sjálfra og óttuðust að þetta gæti dregið mátt úr félögum. Málið var þar með úr sögunni að sinni.<sup>63</sup>

Gunnar var þó ekki af baki dottinn og í janúar 1984 stóð hann að stofnun Ungó-klúbbsins í Keflavík ásamt nokkrum félögum sínum. Þeir voru allir eldri félagar í Ungmennafélagi Keflavíkur sem dregið höfðu sig í hlé frá virku starfi í félaginu. Aldursmarkið var 25 ár svo þetta var síður en svo neitt elliheimili. Ungó-klúbburinn var fyrst og fremst stuðningsmennafélag Ungmennafélags Keflavíkur. Ekki var hugmyndin að ofgera mönnum með stjórnarstörfum því engan mann mátti kjósa til sama embættis nema eitt ár í senn. Félagsmenn hittust í hverjum mánuði til að rabba saman og ákveða þau handarvik sem þeir ætluðu að vera félaginu innan handar með á næstunni. Þar bar náttúrulega hæst landsmót UMFÍ í Keflavík um sumarið sem keflvískir ungmennafélagar héldu í samvinnu við féлага sína í Ungmennafélagi Njarðvíkur.<sup>64</sup> Klúbbfélagar lögðu sitt af mörkum við landsmótið en að því loknu slaknaði á taumhaldinu og nokkrum árum síðar var klúbburinn úr sögunni. Klúbbhugmyndin var góð og meðal annars hugsuð sem valkostur gagnvart klúbbunum með útlensku nöfnin.<sup>65</sup> Hún fæddi af sér tvö félög, Ungó-klúbbinn og Ungmennafélagið Vesturhlíð.

Hinn 26. maí 1987 hittust níu ungmennafélagar og stofnuðu ungmennafélag í Reykjavík sem hlaut nafnið Vesturhlíð eftir húsi UMFÍ á Öldugötu. Þarna voru gamlir félagsmálagarpar sem höfðu flust á höfuðborgarsvæðið og vildu halda áfram að vera ungmennafélagar en vantaði vett-



*Merki fósturbarnanna.*





*Frá stofnfundi Ungóklúbbsins 26. janúar 1984.*

vang. Nú voru þessir munaðarlausu ungmennafélagar búnir að eignast félagslega fjölskyldu sem bar undirtitilinn „stuðningsmannafélag UMFÍ.“ Fyrsti formaðurinn, Egill Heiðar Gíslason, aftók það í Skinfaxaviðtali að félagsmenn ætluðu að líkja eftir Lions, Kiwanis og slíkum klúbbum með sölu á ljósaperum eða standa daglangt úti á velli með skeiðklukku í hendi að hætti frjálssíþróttamanna. Almennt séð væri þetta hugsað fyrir þá ungmennafélaga sem vildu halda sambandi við hreyfinguna án þess að vera teknir með húð og hári í einhver störf innan félagsanna. Félagsmenn einsettu sér hins vegar að vinna að sérstökum verkefnum og efst á blaði var Þrastaskógur.<sup>66</sup> Náttúruþerlan við Sogið hefur frá upphafi verið óskabarn félagsmanna sem hafa lagt fram krafta sína og fjármuni félagsins til að endurbæta og byggja upp þennan draumastað sem allt of fáir ungmennafélagar þekkja af eigin raun.

Á þinginu 1991 þegar búið var að samþykka aðild Ungmennafélagsins Vesturhlíðar að UMFÍ kvaddi hinn góðkunn

starfsmaður UMFÍ og félagi í Vesturhlíð, Hörður S. Óskarsson sér hljóðs. Hann flutti sérstaka kveðju Vesturhlíðar og sagði félagið frábiðja sér alla styrki úr sjóðum UMFÍ en það vildi sameina þá sem flust hafa á mölina og vilja vera í tengslum við hugsjónir frá fyrri árum. Hörður lauk máli sínu með eftirfarandi vísu:



*Frá stofnfundi Ungmennafélagsins Vesturhlíðar í maí 1987. Frá vinstri: Kristján B. Þórarinnsson, Ársæll Þórðarson, Ingólfur Steindórsson, Dóra Gunnarsdóttir, Pálmi Gíslason, Eyjólfur Árni Rafnsson, Hörður S. Óskarsson, Egill Heiðar Gíslason og Sigurður Björnsson.*



*Stjórn Ungmennafélagsins Vesturhlíðar á fundi í Vesturhlíð árið 1992. Frá vinstri: Skúli Oddsson Hörður S. Óskarsson, Bjarni Ásbjörnsson, Freygarður Þorsteinsson formaður, Sigurður Björnsson og Ársæll Þórðarson.*

Ástæða er til að yrkja einn brag  
er félögum fjölgar í erg og gríð.  
Fánann á loft, nú fagnar í dag  
félagið Vesturhlíð.<sup>67</sup>

Sú hugmynd kom upp innan Ungmennafélagsins Breiðabliks í Kópavogi árið 1973 að stofna styrktarmannaklúbb. Hún komst í framkvæmd árið eftir og 2. maí 1974 var stofnað Styrktarfélag Breiðabliks. Allir félagsmenn greiddu mánaðarleg styrktargjöld til félagsins og sáu um útgáfu fréttabréfa.<sup>68</sup> Lengi vel voru félagsmenn nálægt 70 talsins og lögðu árlega fram drjúgar fjárhæðir til félagsins. Félagsmönnum fór þó smám saman fækkandi því nýir félagar bættust ekki við og á níunda áratugnum hætti félagið að starfa.<sup>69</sup>

Talsvert bar á þeirri þróun framan af síðustu öld að ungmennafélög í þéttbýli lögðust niður en í staðinn komu sérhæfð íþróttafélög og félög af ýmsum öðrum toga. Á upphafsárum hreyfingarinnar var ungmennafélög að finna í öllum kaupstöðum landsins en þeim fækkaði fljótlega. Tvö öflugustu ungmennafélög landsins á sínum tíma, Akureyrar og Reykjavíkur, settu upp tærnar á árunum milli heimsstyrjalda sem var ungmennafélögum erfiður tími. Árið 1950 var svo komið að í þrettán kaupstöðum landsins var aðeins fjögur

ungmennafélög að finna. Í hinum níu höfðu félögin hætt að starfa. Þrjátíu árum síðar, árið 1980, var staðan sú að kaupstöðum hafði fjölgað, voru orðnir 22, og ungmennafélög innan þeirra voru 11 talsins. Þetta þýddi auðvitað að 11 kaupstaðir voru án ungmennafélags. Árið 2007, á afmælisári UMFÍ, eru kaupstaðir landsins orðnir 30 og ungmennafélög þeirra eru 22.<sup>70</sup> Hlutfallið hefur hækkað meðal annars vegna þess að félög hafa verið stofnuð í kaupstöðum þar sem engin voru fyrir.

Á níunda áratug síðustu aldar fór fjölmennt út hverfi Reykjavíkur að byggjast upp með miklum hraða í Grafarvogi. Áhugasamir foreldrar og félagsmálamenn í hverfinu ihuguðu stofnun íþróttafélags til að unga fólkið gæti fengið kröftum sínum viðnám. Á fundi Ungmennafélagsins Vesturhlíðar fæddist hugmyndin að því að stofna ungmennafélag í Grafarvogi en slíkt hafði ekki gerst í kaupstað síðan Ungmennafélagið Víkverji fæddist árið 1964. Hugmyndin fékk byr undir vængi og 11. febrúar 1988 var Ungmennafélag Grafarvogs stofnað í Foldaskóla. Síðar á árinu var nafni þess breytt í Ungmennafélagið Fjölmi. Aðstaða til íþróttar var svo sem engin í Grafarvogi um þetta leyti. Ekkert íþróttahús og fyrstu æfingarnar voru haldnar á litlum malarbornum bletti inn á milli



*Ungmennafélagið Fjölur varð á skömmum tíma fjölmennt og fjölbreytt félag. Hér er 6. flokkur drengja í knattspyrnu ásamt þjálfara sínum Jóhannesi Bárðarsyni árið 1988.*

íbúðarhúsanna. Hins vegar var gífurlegur áhugi meðal unglínganna og þeirra sem stóðu að félaginu og von bráðar spruttu upp frjálssíprótta- og knattspyrnudeild og svo hver af annarri.<sup>71</sup> Stofnun ungmennafélags á þessum stað kom reykviskum íþróttaleiðtogum í opna skjöldu og var ekki laust við að sumir þeirra gæfu því óhýrt auga. Ungmennafélagar áttu að halda sig í sveitinni en hafa hægt um sig í þéttbýli fannst þeim. Það gekk svo langt að áhrifamenn innan íþróttahreyfingarinnar hringdu á skrifstofuna og spurðu framkvæmdastjórnann hvort UMFÍ hefði leyfi til að stofna ungmennafélag í Reykjavík!<sup>72</sup>

Sú hugmynd kom fram hjá Alfreð Þorsteinsyni borgarfulltrúa, og fyrrum formanni Knattspyrnufélagsins Fram, að það flytti starfsemi sína úr Safamýri í Grafarvog. Fram er gamalt og gróíð íþróttafélag en stefna þess er fremur í ætt við afreksstefnu en breiddarstefnu ungmennafélaganna. Foreldrar í hverfinu og gamlir ungmennafélagar sem þar bjuggu voru því mjög jákvæðir gagnvart stofnun ungmennafélags þar sem allir gátu verið með. Alfreð taldi að hið nýstofnaða ungmennafélag hefði enga burði til að verða burðarás íþróttastarfsemi í hverfinu og taldi flutning íþróttafélags á borð við Fram besta kostinn fyrir Grafarvog.<sup>73</sup>

Pálmi Gíslason, formaður UMFÍ, mótmælti þessu og sagði starf hjá Fjölni blómlegt og enga ástæðu til að raska því. Hann taldi flutning rötgróins félags á svæði annars félags myndi skapa mörg vandamál og nær væri að taka höndum saman og byggja upp öflugra félags- íþrótt- og æskulýðsstarf.<sup>74</sup> Þessu svaraði Alfreð með harðorðri grein



*UFA hefur getið sér frægðar fyrir kraftmikið frjálssíprótta- starf. Bjarki Gíslason, liðsmaður félagsins, stökk 4,30 metra í stangarstökki í janúar 2007 og setti Íslandsmet í flokki drengja 17 til 18 ára.*





*Frá endurvakningarfundi Ungmennafélagsins Skipaskaga í febrúar 1991. Ólafur Þórðarson er í ræðustól.*

þar sem hann sakaði formann UMFÍ um þekkingarleysi á íþróttamálum í Reykjavík. Slíks væri von því UMFÍ hefði litið starfað í höfuðstaðnum fram til þessa. Alfred bætti við og sagði:

Þarf vissulega frjótt ímyndunarafl til að hugsa sér að nýstofnað ungmennafélag, gersamlega fjárvana, geti séð þessum nýju hverfum fyrir þeirri þjónustu á sviði íþróttamála sem íbúar eiga kröfu til.<sup>75</sup>

Hrakspar borgarfulltrúans rættust ekki og Fram varð kyrrt á sínum stað. Stjórnarmenn UMFÍ tóku hinu nýja félagi tveim höndum og færðu því nokkra fjárupphæð strax eftir stofnfundinn. Slíkar skírnargjafir urðu reyndar fastur síður og dró það síst úr áhuga á stofnun ungmennafélaga. Hitt hafði ekki síður vægi að UMFÍ gerði vel við félög sín í úthlutunum á lottófé og félög innan UMFÍ fengu meira í sinn hlut en þau sem aðeins voru innan ÍSÍ. Þá höfðu landsmót UMFÍ mikið aðdráttarafl. Þetta nýja félag á norðausturhorni Reykjavíkur varð á skömmum tíma fjölbreytt og fjölmennt félag sem óx og dafnaði með Grafarvogi og skömmu eftir aldamótin var það orðið fjölmennasta ungmennafélag landsins skipt í tíu deildir með tæplega tíu þúsund félagsmenn.<sup>76</sup>

Hinn 5. apríl 1988 var Ungmennafélag Akureyrar hið síðara stofnað í höfuðstað Norðurlands. Hér var ekki verið að endurvekja ungmennafélag Jóhannesar Jósefssonar og félaga, sem hafði hvílt í gróf sinni í hálföld, heldur var áhugasamt fólk að stofna nýtt félag með hinu

gamla góða nafni. Félagið tók sér skammstöfunina UFA og hefur getið sér frægðar fyrir kraftmikið frjálsíþróttastarf og starfrækir meira að segja langhlaupardeild, eitt félag innan UMFÍ. Það er eitt af fyrirmyndarfélögum ÍSÍ og umfang þess jafnast á við meðalstórt héraðsamband.<sup>77</sup>

Það var svo 6. mars 1989 sem stofnað var ungmennafélag í Vestmannaeyjum sem hlaut nafnið Óðinn. Þá voru liðin 60 ár frá því síðast hafði starfað ungmennafélag á staðnum. Eyjammenn áttu sína gullaldargarpa í frjálsíþróttum áður fyrr og inn-

an ÍBV var starfandi frjálsíþróttadeild á níunda áratugnum. Frjálsíþróttamenn voru þó ekki sáttir því deildirnar höfðu ekki atkvæðisrétt á þingum ÍBV og fóru því að huga að stofnun frjálsíþróttafélags. Þá kom í ljós að margir kostir fylgdu því að ganga til liðs við UMFÍ og gerast ungmennafélag: Landsmót, lottógreiðslur og frí gisting í húsi UMFÍ. Valið var því auðvelt. Fyrstu stjórn félagsins skipuðu sjö konur og lengst af síðan hafa konur verið í meirihluta stjórnendanna. Frjálsíþróttir eru helsta viðfangsefni félagsins og helsti afreksmaður þess Árný Heiðarsdóttir, sem lengi var formaður, hefur orðið bæði Norðurlanda- og Evrópumeistari í öldungaflokki og silfurhafi á heimsmeistaramóti.<sup>78</sup>

Formaður, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri UMFÍ ásamt ritstjóra *Skinfaxa* stormuðu upp á Akranes 14. febrúar 1991 til að vera viðstaddir endurvakningu Ungmennfélagsins Skipaskaga. Félagið var mjög öflugt á áttunda áratugnum og stóð fyrir landsmóti UMFÍ á Akranesi árið 1975 ásamt Ungmennasambandi Borgarfjarðar. Þetta lítt þekkta félag vann það afrek að ná fjórða sæti í stigakeppni mótsins á eftir stærstu héraðsamböndum landsins en lagðist í dvala um áramótin 1979. Nú voru 60 félagar mættir á þennan vakningarfund, þar á meðal gamli formaðurinn Ólafur Þórðarson sem var eins og aðrir himinlifandi yfir að Skagamenn væru orðnir ungmennafélagar á ný. Forystumenn UMFÍ komu færandi hendi með væna peningagjöf frá samtökunum auk þess að lofa allri þeirri aðstoð sem hægt væri að veita.<sup>79</sup> Félagið hefur stundað frjálsíþróttir og



skokkarar hafa lengi verið uppistaða félagsmanna. Á aðalfundi árið 2007 hlaut félagið Hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf á sviði íþrótta og ungmennafélagsmála.

Svo gerðist það norður á Siglufirði að stofnað var Ungmennafélagið Glói 17. apríl 1994. Þá voru börn staðarins á grunnskólaaldri um 330 en höfðu aðeins kost á að stunda þrjár íþróttir, knattspyrnu, skíði og badminton. Ungur Siglufirðingur hafði þessa sögu að segja frá þeim tíma: „Mér leið eins og álfi þegar ég kom í íþróttatíma í framhaldsskóla. Eina sem ég kunní var að sparka í bolta og standa á skíðum.“ Með tilkomu Glóa bættust við fjálsíþróttir, körfubolti, blak og sund svo slíkar sögur tilheyrðu brátt fortíðinni. Stofnun Ungmennafélagsins Glóa hleypti nýju lífi í íþróttalíf bæjarins og sem sannir ungmennafélagar fóru félagsmenn Glóa einnig að rækta skóg ásamt ræktun æskunnar á Siglufirði.<sup>80</sup>

Þessi sex ungmennafélög hafa svokallaða „beina aðild“ að UMFÍ. Það þýðir að þau tilheyra flest íþróttabandalögum sinna heimahéraða en komast með beinni aðild í raðir ungmennafélagshreyfingarinnar. Félög UMFÍ með beina aðild eru tólf talsins árið 2007 og hefur fjölgað um þessi sex síðustu 20 árin.

## Getraunir og gullpotturinn Lottó

Alltaf eru peningar afl þeirra hluta sem gera skal og þótt hugsjónir og áhugi dragi menn langt í starfi ungmennafélagshreyfingarinnar þá er auðvelt að sjá samhengið milli þeirra fjármuna sem hreyfingin hafði handa á milli hverju sinni og starfseminnar á sama tíma. Litlir fjármunir þýddu lítið starf en meiri peningar juku umfangið og bættu nýjum þáttum við starfsemina. Án fastra tekna var hreyfingin dæmd til að liggja lágt. Menntu voru því sífellt að leita að nýjum tekjstofnum.

Getraunir um knattspyrnuleiki hófust árið 1952 en lognuðust út af nokkrum árum síðar. Íþróttanefnd ríkisins hafði einkaleyfi á Getraunum og þegar þær voru endurvaktar árið 1969 kom í ljós að ÍSÍ, ÍBR og KSÍ var ætlaður umtalsverður hluti af ágóðanum en UMFÍ var ekki í þeim hópi. Daniel Ágústínusson, fulltrúi UMFÍ í Íþróttanefndinni, lét nú til sín taka. Honum tókst að fá því framgengt árið 1970 að UMFÍ fékk hlut frá Getraunum og það munaði um 200 þúsund krónurnar sem komu í sjóð sambandsins þegar heild-



*Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ, vann að því manna mest að koma Lottó á fót.*

artekjur voru 1,5 milljónir.<sup>81</sup>

Árið 1972 voru sett lög um fyrirtækið Íslenskar getraunir og þá var UMFÍ komið í hóp eigenda fyrir atbeina Gísla Halldórssonar forseta ÍSÍ. Hinir voru Íþróttanefnd ríkisins, ÍSÍ, KSÍ og ÍBR. KSÍ fékk greidda fasta þóknun en ágóðann hlutu

Íþróttanefnd sem fékk 10 af hundraði, UMFÍ 20 af hundraði og ÍSÍ það sem eftir var eða 70 af hundraði. Félög þeirra sem keyptu seðlana fengu fjórðung allra tekna í sinn hlut og var ÍBR talið fulltrúi þeirra.<sup>82</sup>

Getraunir voru ágætis uppspretta peninga til að byrja með og gáfu fyrsta árið fimmtung af tekjum UMFÍ. En svo fór salan að dvína og árið 1977 gaf hún ekki krónu í kassann hjá UMFÍ. Hins er þó að geta að Getraunir færðu íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni í heild sinni 85,6 milljón króna tekjur árin 1969-1977. Þar af höfðu tvær milljónir lent í vasa UMFÍ sem var vissulega búþót. Getraunasalan fór síðan hægt og sígandi uppávið og tekjur af henni voru um fjórðungur tekna UMFÍ árin 1982-1986.<sup>83</sup> Áfram hélt samt leitín að nýjum tekjupóstum því alltaf vantaði peninga og verkefnið óþrjótandi.

Alltaf leita menn fyrirmynda erlendis og víða í Evrópu var lengi búið að reka opinbert talnahappdrætti, svokallað Lottó, til ágóða fyrir íþróttasamböndin og stundum fleiri aðila. Forystumenn ÍSÍ og UMFÍ höfðu mikinn áhuga á því að koma Lottó á fót hérlendis og Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ árin 1980-1991, vann að því af alefli. Hann var sannfærður um að Lottó yrði íslensku íþróttalífi mikil lyftistöng og kynnti það um árabil á hverju einasta þingi sérsambanda og héraðssambanda sem hann heimsótti en þau voru mörg.

Á þingi ÍSÍ haustið 1984 sagði Sveinn frá Lottó og starfsemi þess í ýmsum Evrópulöndum. Í fáum orðum sagt hafði Lottó reynst mikill lukkupottur fyrir íþróttastarfsemina í viðkomandi löndum. Sveinn upplýsti enn fremur að Íslenskar getraunir hefðu verið að skoða möguleikann á að



*Sigurbjörn Gunnarsson var formaður nefndar sem samdi fyrstu lottóreglur UMFÍ og hefur lengst af verið fulltrúi samtakanna í Íslenskri getsþá.*

þeir töldu að það myndi draga úr gróða sínum. Þeir spyrntu því við fótum og ekkert gerðist.<sup>85</sup> Þessi langi tími sem fyrirtækið tók sér til að skoða Lottó varð til þess að einkaleyfið tapaðist. Því nú rumskuðu stjórnvöld og sáu sér leik á borði að létta á fóðrum ríkisins. Þau kröfðust þess að Öryrkjabandalagið yrði þriðji meðeigandi Lottósins og þvinguðu ÍSÍ og UMFÍ til að taka það með. Þetta gramdist mörgum innan hreyfinganna en átti þó eftir að koma sér vel síðar. Upphaf Lottós var ekki einfalt mál. Það þurfti að toga í marga spotta og samræma sjónarmið í allar áttir. Hinn 8. júlí 1986 var svo hið langþráða Lottófélag stofnað og hlaut nafnið Íslensk getsþá. Eigendur voru Öryrkjabandalagið sem átti 40 af hundraði og íþrótt- og ungmennafélagshreyfingin sem átti 60 af hundraði. Sá hlutur skiptist þannig að ÍSÍ átti 46,67 af hundraði en UMFÍ 13,33 af hundraði.<sup>86</sup>

Eftir þessa erfiðu fæðingu hófst sala á Lottó í nóvember 1986 og varð strax meiri en bjartsýnustu menn höfðu þorað að vona. Allir vildu vera með í Lottó og nýbakaðir milljónamæringar urðu landsfrægir á samri stundu. Gróðinn varð mikill og var sendur út í hreyfinguna. Allt í einu fór peningum að rigna yfir íþróttabandalög og héraðs-sambönd sem ekki vissu hvaðan á þau stóð veðrið. Fögnuður formanna og framkvæmdastjóra sem farnir voru að lýjast á sifelldum fjáröflunum var mikill. Yfirleitt létu samböndin bróðurpartinn renna til félaganna en fengu þó í sinn hlut fjárhæðir sem oft réðu úrslitum um það

fara út í Lottó í heilan áratug! Nú þótti Sveini að búið væri að skoða nóg og til-laga um að hrinda Lottó í framkvæmd var einróma samþykkt á þinginu.<sup>84</sup>

Íslenskar getraun-ir höfðu einkaleyfi á rekstri talnaget-rauna allt frá árinu 1972. Einkaleyfið var ekki notað því forráðamenn þeirra félaga sem mest þénuðu á getraun-um kærðu sig ekk-ert um Lottó því

hvort hægt var að ráða vinnumann til búsins eða ekki, það er að segja framkvæmdastjóra.

Stjórn UMFÍ fór sér engu óðslega að búa til reglur um skiptingu lottófjárins. Hugmyndir hennar voru kynntar rækilega á þingum sambandanna fram eftir árinu 1987 og á þingi UMFÍ um haustið var níu manna Lottónefnd að störfum. Formaður hennar, Sigurbjörn Gunnarsson, viðurkenndi að enginn væri ánægður með tillögurnar en þó hefði náðst um þær samstaða. Meginhugmyndin var sú að deila ágóðanum að mestu leyti út til hreyfingarinnar. Tillögurnar voru samþykktar og áttu að gilda til áramóta 1989 en skiptingin var þannig í stórum dráttum:

10 af hundraði til UMFÍ.

15 af hundraði jafnað til héraðssambanda og félaga með beina aðild.

10 af hundraði jafnt til allra félaga.

15 af hundraði jafnt eftir félagsmannafjölda.

20 af hundraði eftir íbúafjölda á sambands-svæði nema Reykjavík.

20 af hundraði vegna launaðra starfsmanna.

8 af hundraði vegna einstakra verkefna.

2 af hundraði í Minningarsjóð Aðalsteins Sig-mundssonar.<sup>87</sup>

Gullpotturinn Lottó kom eins og himnasending til héraðssambandanna. Þegar það hóf göngu sína 1987 héldu Borgfirðingar Húsafellshátíð með góðum hagnaði en Lottóið gaf þó enn betur af sér. Árið eftir var engin hátíð haldin en fjármálin samt í góðu lagi. Þar munaði mest um Lottóið sem var hátt í helmingur allra tekna. Þetta ár eignaðist sambandið þak yfir höfuðið í fyrsta sinn í 77 ára sögu sinni og segir það meira en mörg orð um þá breytingu sem Lottóið færði með sér.<sup>88</sup>

Snæfellingar fögnuðu tilkomu Lottósins enda gjörbreyttist fjárhagurinn. Lottótekjurnar fyrsta árið voru 72 af hundraði teknanna og munaði um minna. Stór hluti af því rann aftur til félaganna sem aftur létti á stjórn sambandsins því þá voru þau betur í stakk búin til starfa.<sup>89</sup> Þannig gekk þetta fyrir sig hvarvetna.

Guðmundur Kr. Jónsson, formaður HSK, talaði um Lottó sem tímamót í fjáröflunarsögu sambandsins og líklega hafa allir formenn getað tekið undir með honum.<sup>90</sup> Margir ráku augun í mis-muninn á úthlutunum UMFÍ og ÍSÍ sem var tölu-verður. Adolf Guðmundsson, formaður UÍA, spurði í ársskýrslu sinni hvers vegna sambandið



Merki Íslenskrar getsþár.

fengi aðeins 1,4 milljónir frá ÍSÍ sem ætti tæp 47 af hundraði í Lottó meðan UMFÍ legði fram 2,2 milljónir en ætti þó aðeins um 13 af hundraði. Adolf þótti lágmarkskrafa að báðir aðilar legðu fram jafn mikið.<sup>91</sup> Þessi mismunur skýrðist að hluta til af því að ÍSÍ dró af þeim samböndum sem áttu aðild að UMFÍ. Þá skipti máli að um helmingur lottótekna ÍSÍ gekk til sérsambanda en hinn hlutinn gekk til íþróttabandalaga og héraðssambanda. UMFÍ hafði mun færri munna að metta því aðeins héraðssamböndin voru innan vébanda þess.

Úthlutunarreglur ÍSÍ til héraðssambanda og íþróttabandalaga voru í fyrstu þær að 10 af hundraði var skipt jafnt á hvert samband, 30 af hundraði fór eftir iðkendafjölda og 60 af hundraði var skipt í hlutfalli við sölu lottómiða í hverju héraði. Þetta síðastnefnda reyndist mörgum héraðssamböndum óhagstætt. Til dæmis var aðeins einn sölukassi á svæði UMSE og þar af leiðandi keyptu Eyfirðingar sína lottómiða á Akureyri sem kom ÍBA til góða en ekki UMSE. ÍSÍ brást við og breytti reglunum 1. janúar 1988. Þær voru á þá leið að 12 af hundraði dreifðust jafnt en 88 af hundraði skiptust eftir íbúafjölda á hverju sambands­svæði.<sup>92</sup> Þetta kom sér betur fyrir stóru samböndin og íþróttabandalögin en var óhagstætt fámennustu samböndunum. Steinþór Vigfússon, formaður USVS, lét álit sitt í ljós í ársskýrslu sinni árið 1987:

Fjárhagurinn batnaði þegar leið á árið þegar eigin fjáraflanir og Lottógreiðslur skil­uðu sér. Lottó er auðvitað helsti tekjulið­urinn og ég held að við getum vel við úthlutunarreglur UMFÍ unað. Við erum ekki

eins hress með ÍSÍ skiptinguna. Hún var mjög óréttlát þegar skipt var eftir sölu lottómiða og ekki ætla ég að hrósa nýjum reglum þar sem 88% skiptast eftir íbúafjölda. Það sjá víst flestir hvert peningunum er ætlað að fara. Hvernig væri að taka tillit til hluta eins og félagsmanna­fjölda, umfangs, ferðakostnaðar, aðstöðu­munar félaga til annarra fjáraflana og mis­munandi íþrótt­aðstöðu? Svona má telja atriði sem væri nær að taka tillit til en íbúafjölda sem er alls óskyldur virkni og starfi íþrótt­a- og ungmennafélaga.<sup>93</sup>

Eftir nokkur átök náðist málamiðlun meðal annars með samstarfi stjórna UMFÍ og ÍSÍ sem báðir aðilar gátu sætt sig við en nú fengu ungmennafélagar um annað að hugsa. Þegar leið að fjárlagagerð haustið 1987 var kominn til valda nýr fjármálaráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson. Hann var fullviss um að Lottó hefði leyst fjárhagsvanda íþrótt­a- og ungmennafélagshreyfingarinnar í eitt skipti fyrir öll og því væri óhætt að lækka ríkis­framlagið verulega. Hér var ekki verið að klípa neitt smávegis af heldur var lagt til að styrkur UMFÍ sem nam 5,2 milljónum árið 1986 færi niður í 1,7 milljónir árið 1987. Niðurskurðurinn var 67 af hundraði.<sup>94</sup>

Stjórn UMFÍ brást við með herútboði innan hreyfingarinnar enda var nú mikið í húfi. Haft var samband við alla forystumenn og þeir beðnir um liðsauka gegn þessum áformum fjármálaráðherrans. Héraðssamböndin sendu nú skæðadrífu af bréfum til alþingismanna, fjárveitinganefndar Alþingis og fjármálaráðherra þar sem hið mikla starf hreyfingarinnar var tíundað og sagt frá því að það væri í uppnámi vegna niðurskurðarhugmynda stjórnvalda. Þá voru alþingismenn víða teknir tali og þeim gerð grein fyrir alvarleika málsins. Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar ÍSÍ og UMFÍ hittust á fundum og réðu ráðum sínum.<sup>95</sup> Í viðtali við Pálma Gíslason sem birtist í *Tímanum* um þetta leyti kom fram að þrátt fyrir Lottó, Getraunir og ríkisstyrki væri ungmennafélagshreyfingin í fjársveldi og þyrfti sjálf að útvega um 90 af hundraði rekstrarfjárins með betli.<sup>96</sup>

Þessi herferð hafði sín áhrif og náði eyrum ráðamanna. Þeir sannfærðust um nauðsyn þess að búa vel að ungmennafélagshreyfingunni. Lækkunin var afnumin og það sem meira var, – styrk-

urinn var hækkaður upp í sjö milljónir. Þannig snerist þessi sparnaðarherferð stjórnvalda upp í velheppnaða áróðursherferð fyrir íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna. Það tókst að koma því til skila í eitt skipti fyrir öll að full þörf væri fyrir ríkisstyrkinn þó Lottó hefði komið til sögunnar.

Þegar árangur af rekstri Lottós kom í ljós vildu margir eignast hlutdeild í ágóðanum. Töluverður þrýstingur kom frá listamönnum um að fá sinn skerf. Þá komu í ljós kostirnir við aðild Öryrkjabandalagsins. Menn veigruðu sér við að ráðast á það en hefðu óhikað hjólað í íþróttahreyfinguna. Samstarfið við ÖBÍ gekk ágætlega enda féll það vel að ræktunarstefnu UMFÍ.<sup>97</sup>

Það fór eins og menn spáðu að bakslag kom í getraunasöluna þegar Lottó kom inn á markaðinn. Lottó var með mjög háþróað tölvukerfi en Getraunir voru með sitt handvirka seðlakerfi. Þegar búíð var að koma því inn í Lottókassana fóru Getraunir að rétta úr kútnum og hafa síðan gefið íþrótt- og ungmennafélögum drjúgar tekjur, mest eftir þeirra eigin dugnaði. UMFÍ hefur haft nokkrar tekjur af Getraunum en Lottó hefur þó verið helsta uppsprettan.

Eftir tveggja ára gildistíma þótti kominn tími til að endurskoða lottóreglurnar og fimm manna nefnd var skipuð til þess. Í henni voru formaðurinn, Sæmundur Runólfsson frá USVS, Sigurbjörn Gunnarsson Umf.K, Hafsteinn Pálsson UMSK, Þórir Haraldsson HSK og Sigurður Geirdal. Margir höfðu talið að litlu samböndin hefðu fengið heldur mikið í sinn hlut og nú skyldi jafna muninn. Nefndin lagðist djúpt í málið og á þingi 1989 lagði hún fram tillögur sínar. Þær voru í sem stystu máli á þá leið að lottóhagnaðinum var skipt í tvo hluta, A-hluta sem var 72 af hundraði og B-hluta sem var 28 af hundraði.

A-hluta var þannig skipt á milli sambandsaðila UMFÍ:

20 af hundraði jafnað á milli aðila.

40 af hundraði eftir íbúafjölda.

40 af hundraði eftir félagsmannafjölda.

B-hluta var skipt þannig niður:

50 af hundraði til UMFÍ.

25 af hundraði í Útbreiðslusjóð.

20 af hundraði í Verkefnasjóð.

5 af hundraði í Fræðslusjóð, það er Minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar.<sup>98</sup>

Samstaða náðist um þessa niðurstöðu og regl-

urnar stóðu óbreyttar í áratug. Hlutföllin breyttust stærri samböndunum í hag og Jón Ólafsson, formaður Strandamanna, var ekki ánægður með nýju reglurnar. „Eins og reglurnar eru í dag dregur báknið í Reykjavík stórfé frá landsbyggðinni“ sagði Jón og taldi hlut HSS hafa rýrnað um 2/3 við breytinguna.<sup>99</sup> En eins og Sæmundur Runólfsson benti á þegar hann lagði nýju reglurnar fram þá var enginn ánægður með þær og því nokkuð líklegt að þær væru sæmilega sanngjarnar.<sup>100</sup>

Tíu árum seinna, á ársþingi 1999, voru lottóreglur einfaldaðar og eru nú þannig að 79 af hundraði lottótekna UMFÍ gengur til sambandsaðila og er skipt milli þeirra samkvæmt fjölda íbúa, félagsmanna og fleiri atriðum. UMFÍ fær 14 af hundraði, Verkefnasjóður fimm af hundraði og Fræðslusjóður tvo af hundraði.<sup>101</sup>

Lottó hefur veitt miklu fjármagni inn í ungmennafélagshreyfinguna og létt röðurinn í fjármálunum. Það er þó víðsfjarri að það hafi leyst allan fjárhagsvanda og enn eru margskonar fjárfflanir nauðsynlegar til að halda starfinu gangandi. En gullpotturinn Lottó hefur verið vítamínsprauta fyrir hreyfinguna og skapað henni nauðsynlega festu í starfi.

## Minningarsjóður Aðalsteins Sigmundssonar

Þegar Aðalsteinn Sigmundsson, formaður UMFÍ 1930-1938, fyrst í sjóslysi árið 1943 ákvað stjórn UMFÍ að stofna sjóð til minningar um hann sem hefði þann tilgang „að styrkja til náms efnilega en fátæka unglunga er sýnt hafa þroska og hæfni til félagslegra starfa innan UMFÍ.“ Í ávarpi stjórnar af þessu tilefni sagði meðal annars:

Aðalsteinn Sigmundsson gerðist athafnasamur félagsmaður í fyrsta ungmennafélagi í landinu, Umf. Akureyrar á unglingsaldri og vann ungmennafélagunum allt það er hann mátti til síðustu stundar. Efling þeirra var eitt af hjartfölgnum áhugamálum hans og hefir enginn einstakur maður unnið jafn lengi fyrir ungmennafélagin af mikilli fórnfýsi og einlægni sem Aðalsteinn. Þá sýndi hann óvenjulega mikla umhyggju fyrir efnilegum nemendum sínum er höfðu erfiða aðstöðu til náms og stuðlaði að framhaldsnámi margra þeirra





*Minnisvarði Aðalsteins Sigmundssonar í Þrastaskógi. Myndina gerði listamaðurinn Ríkarður Jónsson.*

með ýmsum hætti. Við vitum því ekkert sem er í betra samræmi við lífsstarf hans og áhugamál en stofnun sjóðs er hefir þann

höfuðtilgang að koma fátækum, efnilegum en félagslunduðum æskumönnum til aukins þroska og menntunar.<sup>102</sup>

Stofnframlag UMFÍ var tvö þúsund krónur en ungmennafélögin og einstakir vinir Aðalsteins juku þá upphæð í tíu þúsund krónur sem var þá næstum því árskaup verkamanns. Styrkveitingar úr sjóðnum áttu að hefjast þegar innstæða hans væri orðin tuttugu þúsund krónur og ungmennafélagar voru hvattir til að styðja hann með frjálsum framlögum.<sup>103</sup>

Þó UMFÍ hefði reist Aðalsteini minnisvarða í Þrastaskógi árið 1957 var Minningarsjóðnum ekki síður ætlað að halda nafni hans verðskuldað á lofti. Þessi sjóður sem komið var á fót með góðum hug varð samt ekki sá aflvaki ungmennafélaga sem honum var ætlað. Verðbólga lék sjóðinn grátt og framlög og vextir dugðu ekki til að halda í horfinu. Hans biðu því sömu örlög og margra hliðstæðra sjóða að lognast út af vegna peningaskorts. Árið 1967 þegar sjóðurinn hafði starfað í tæpan aldarfjórðung var innstæða hans orðin áttatíu þúsund krónur og verðgildið hafði minnkað verulega frá upphafi. Aldrei kom til úthlutana úr sjóðnum og hans var ekki getið í skýrslum sambandsins eftir þetta.<sup>104</sup> Minningarsjóðurinn virtist orðin minningin ein.



*Það er stjórn UMFÍ sem úthlutar úr Minningarsjóði Aðalsteins Sigmundssonar. Hér er stjórn og varastjórn UMFÍ árin 1985 til 1987. Frá vinstri: Magnús Alexandersdóttir, Björn Ágústsson, Þórir Jónsson, Bergur Torfason, Diðrik Haraldsson, Pálmi Gíslason, Þóroddur Jóhannsson, Dóra Gunnarsdóttir, Guðmundur H. Sigurðsson og Sæmundur Runólfsson.*

Það sem háði sjóðnum var sú staðreynd að honum var hvergi ætlaður fastur tekjustofn. Sú bjartsýna hugmynd að frjáls framlög í sjóðinn myndu duga honum til viðhalds gekk ekki eftir. Þegar Lottó kom til sögunnar ákvað stjórn UMFÍ að endurreisa sjóðinn með hluta af lottótekjum sem nema tveimur af hundraði. Samtímis var nafni hans breytt og nú heitir hann Fræðslusjóður UMFÍ. Í reglugerð var hið nýja hlutverk sjóðsins skilgreint:

Tilgangur sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan ungmennafélags-hreyfingarinnar á íþróttagreinum, í félagsmálum og félagsstarfi með því að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur.<sup>105</sup>

Eftir þetta hefur starfsemi sjóðsins verið eins og til var ætlast. Fjöldinn allur af ungmennafélögum hafa fengið styrki til margskonar verkefna sem flest eru tengd framhaldsmenntun á sviði íþróttar

og félagsmála. Frá því sjóðurinn var endurreistur fyrir 20 árum hafa á annað hundrað styrkir verið veittir sem nema um 13 milljónum króna. Það fer vel á því hversu margir ungmennafélagar hafa notið góðs af sjóðnum sem upphaflega bar nafn Aðalsteins Sigmundssonar, mannsins sem vildi efla fræðslu og menntun ungmennafélaga.

## Verkefnasjóður

Þegar fyrstu Lottóreglurnar voru samþykktar á þingi UMFÍ árið 1987 var ákveðið að átta af hundraði lottófjárins skyldi renna í sjóð til sérstakra verkefna félaga og sambanda. Stjórn UMFÍ var falið að meta þessi sérstöku verkefni sem gátu ýmist verið nýjungar í starfi eða þá aðstoð vegna óvæntra skakkafalla.<sup>106</sup> Þingið var haldið í ágústlok og mönnum voru ofarlega í huga hremmingar stóru sambandanna, HSK og UÍA, þegar útihátíðir þeirra um verslunarmannahelgina brugðust hrapallega. Nýja sjóðnum sem hlaut nafnið Verk-



*Stjórn UMFÍ er jafnframt úthlutunarnefnd Verkefnasjóðs. Nýkjörin stjórn og varastjórn UMFÍ á þingi samtakanna árið 1991. Fremri röð: Matthías Lýðsson, Ólína Sveinsdóttir, Pálmi Gíslason, Sigurbjörn Gunnarsson og Sigurlaug Hermannsdóttir. Aftari röð: Kristján Yngvason, Ingimundur Ingimundarson, Sigurjón Bjarnason, Jóhann Ólafsson, Þórir Haraldsson og Sigurður Þorsteinsson framkvæmdastjóri.*

efnasjóður var ætlað að verða björgunarhringur UMFÍ þegar svo bar undir og umsóknum rigndi inn.

Fyrstu þrjú árin voru veittir 15 styrkir til sambandsaðila fyrir samtals 2,6 milljónir króna. Þar af voru þrjár „skírnargjafir“ til nýrra félaga með beina aðild en stærsti liðurinn var vegna óvæntra skakkafalla. Þau voru fyrst og fremst fjáröflun sem brást, – oftast útihátíðir eða landsmótahald. Þarna var fjórum aðilum UMFÍ veitt áfallahjálp eða öllu heldur „skakkafallahjálp“ í formi styrkja úr sjóðnum. Hin nauðstöddu voru Umf.K, UÍA, HSK og USVS. Tvö þau fyrstnefndu fengu einnig lán úr sjóðnum af þessum sökum ásamt UMSK sem var að undirbúa landsmót.<sup>107</sup> Þannig var hægt að milda áföllin sem samböndin urðu fyrir og styrkja þau í starfi. Skilyrði aðstoðarinnar voru aðhaldsaðgerðir og sparnaður í fjármálum meðan samböndin voru að ná sér á strik.

Stjórn UMFÍ gaf út vinnureglur varðandi úthlutanir úr sjóðnum vorið 1991. Þannig voru almennt ekki veittir styrkir til áhaldakaupa né verklegra framkvæmda og umsóknum þurfti að fylgja ítarleg fjárhagsáætlun. Þá var samþykkt að það mætti styrkja „stór sameiginleg verkefni sem einn eða fleiri aðilar taka að sér í þágu hreyfingarinnar allrar.“<sup>108</sup> Þetta var athyglisvert nýmæli en reyndin varð sú að Ungmennafélag Íslands sjálf hefur staðið fyrir flestum slíkum verkefnum og þau hafa verið fyrirferðarmikil í úthlutunum sjóðsins. Þar á meðal endurbætur á húsnaði, utanferðir, sameiginlegar æfingar í Baldurshaga og landsmótin. Árlegir Samráðsfundir UMFÍ sem hófust skömmu fyrir aldamótin hafa einnig verið fjármagnaðir úr Verkefnasjóði.<sup>109</sup> Þróunin hefur orðið sú að í stað bjargráðasjóðs hefur Verkefnasjóður fremur gegnt hlutverki varasjóðs fyrir UMFÍ sem handhægt hefur verið að grípa til. Í árslok 2006 nam heildarupphæð styrkja úr sjóðnum nálægt 53 milljónum króna. Af þeim höfðu 18 milljónir komið í hlut ungmennafélaga og héraðssambanda en þrjár milljónir til aðila utan UMFÍ. Í sérverkefni sambandsins höfðu farið 32 milljónir.

Í þá tvo áratugi sem sjóðurinn hefur starfað hefur hann veitt aðilum hreyfingarinnar til frumkvöðlaverkefna á borð við gerð heimasíðu og hátíðarfána og marga styrki til að halda landsmót fyrir börn og fullorðna. Í styrkbeiðnum kennir margra grasa. Þar má nefna styrk til að greiða flugfar þjálfara frá Ghana til Íslands. Umsóknin

hlaut ekki náð fyrir augum stjórnarmanna. Þeir hrifust heldur ekki af verkefnum „Gamlir trjálandir í Rangárvallasýslu“ eða „Æskan og hesturinn 2004.“ Þar sem stjórnarmenn eru hver úr sínu sambandi hefur oft komið fyrir að þeir tengist umsóknum og þurfa þá að víkja af fundi. Stundum hefur allt að helmingur fundarmanna verið á ferðinni inn og út úr fundarsalnum en allir skilað sér á fundinn að lokum. Þá hafa einstaklingar verið styrktir við rannsóknir á sjálfbærastarfi, verkefnum og félagsmálum ungmenna- og íþróttafélaga.<sup>110</sup>

Það fjármagn sem hefur seytlað jafnt og þétt inn í ungmennafélagshreyfinguna gegnum Lottó hefur fært henni nokkurn stöðugleika og minnkad þörfina fyrir áhættusamar fjáraflanir. Verkefnasjóður er runninn af sömu rót og margir góðir hlutir hafa náð fram að ganga fyrir fjármagn frá honum.

## Frá Vesturhlíð í Fellsmúla

Þegar UMFÍ hafði komið sér fyrir í Vesturhlíð haustið 1986 og mesta hrifningaraldan yfir nýja staðnum farin að hjaðna kom í ljós að mörgu var ábótavant. Húsið var gamalt og þarfnadist mikils viðhalds. Til að komast til Vesturhlíðar þurfti að aka gegnum miðborgina og lítið var um bílastæði. Gistiplássið var fremur lítið og hvergi á einum stað heldur hér og þar í húsinu. Rúmstæði voru af skornum skammti og fólk lá í röðum á gólfinu. Starfsfólk og gestir voru í stöðugu nábýli. Hins vegar var aðstaðan einkar vinaleg og heimilisleg og gestir voru hæstánægðir með dvöl sína þar. Eitt sinn þegar starfsfólk kom til vinnu var blómvöndur frá gistivinum á eldhúsbörðinu og meðfylgjandi vísa:

Í Vesturhlíð er gott að gista,  
gnægðir yls og hollra vista.  
Heimilislegt heillaból.  
Berist þökk með blómsins angan,  
birtist líkt og æskugangan  
munarhlý á móti sól.<sup>111</sup>

Í janúar 1991 fór stjórn UMFÍ að líta í kringum sig eftir stærra húsnaði en fór sér þó engu óðslega. Á þingi sambandsins um haustið flutti stjórnin tillögu um húsakaupamál sem gaf henni frjálsar hendur til að selja húsið Vesturhlíð og kaupa annað ef hún teldi það ganga upp fjárhags-





*Gestir í Vesturhlíð láta fara vel um sig þrátt fyrir þrengslin.*

lega.<sup>112</sup> Nú komst hreyfing á málið og um tíma voru menn talsvert skotnir í húsi að Engjateigi 11 í útjaðri Laugardalsins. Þá kom skyndilega upp sá kostur að eignast heila hæð í húsi Hreyfils á horni Miklubrautar og Grensásvegur að Fells-  
múla 26. Stjórnarmönnum leist vel á staðinn og gerðu kauptilboð sem var samþykkt í mars 1992. Kaupverðið var 26 milljónir króna og sem fyrr voru sendar styrktarbeiðnir til sambandsaðila, fé-  
laga og sveitarstjórna og heitið á þau um aðstoð. Undirtektir voru ekki sérstaklega góðar þrátt fyrir  
útlitun stjórnarmanna í betlibréfum um mikla ánægju með gistiþjónustuna og hugmyndir um  
að auka hana. Þó gaf Árskógshreppur til dæmis 50 þúsund krónur og Ungmennafélagið Fjölnir í  
Grafarvogi ákvað að gefa 10 af hundraði af lottó-  
tekjum sínum í heilt ár!<sup>113</sup>

Haustið 1990 var UMSK enn einu sinni í hús-  
næðishraki og fékk þá húsaskjól í Vesturhlíð hjá  
UMFÍ enda var nú farið að fynast yfir fornar  
væringar. Þegar flutt var í Fells múlanum óskaði  
UMSK eftir að fá að fljóta með en ekki reyndist  
grundvöllur fyrir því við nánari athugun. Þá flutt-  
ist UMSK til aðalstöðva ÍSÍ í Laugardal þar sem  
það hefur dvalist síðan.<sup>114</sup>

Vesturhlíð var seld Samtökum um kvenna-  
athvarf á 23 milljónir króna sumarið 1992. Fljót-  
lega fóru að heyrast óánægjuraddir úr þeim ranni.  
Talað var um leynda galla og konurnar vildu  
lækka verðið. Stjórnarmenn UMFÍ töldu sig ekki  
hafa leynt neinu og voru ekki til viðtals um verð-  
lækkun. Ekki náðist samkomulag og málið endaði  
hjá dómstólum. Niðurstaðan varð sú að UMFÍ  
tapaði málinu og varð að greiða nokkra upphæð í  
skaðabætur.<sup>115</sup>

Svo rann upp sá stóri dagur, 1. október 1992  
þegar stjórn og starfslið UMFÍ fluttu með sitt  
hafurtask í Fells múla 26. Staðurinn þótti frábær,  
– greiðar ökuleiðir í allar áttir og skiptistöð hjá  
strætó í 30 metra fjarlægð. Bílastæði hvarvetna.  
Nokkurn tíma tók að koma gistiþlássinu í gagnið  
en eftir áramótin var það til reiðu. Fells múli 26 er  
stórhýsi, fjórar hæðir og kjallari og hefur gengið  
undir nafninu „Hreyfilshúsið“ því þar hefur leigu-  
bílastöðin Hreyfill aðsetur sitt. Húsnæði UMFÍ  
var 2. hæð hússins eins og hún lagði sig, að  
frádrægnum stigagangi, 586 fermetrar að stærð.  
Plássinu var skipt í tvennt, gistirými með eldhúsi  
og skrifstofurými þar fyrir innan, sem hægt var  
að halda aðskildu. Þetta var til mikilla þæginda  
fyrir bæði starfsmenn og gesti sem þurftu nú ekki  
lengur að ganga hvorir yfir aðra á leið sinni um  
húsið. Í gistirýminu voru fjögur stór herbergi og  
eitt lítið. Gistiþláss í rúmum og kojum var til að  
byrja með fyrir 50 gesti og talsvert fleiri þegar  
aðsókn var mikil. Þá voru dýrnurnar teknar fram  
og fundasalurinn lagður undir. Seinna var bætt  
við kojum þannig að 60 manns gátu hvílt í rúmi  
samþimis. Fjöldi gistinátta á útmánuðum 1993 fór  
fram úr öllu sem áður þekktist og var þó ekki  
búið að taka alla aðstöðuna í gagnið. Sama fjörið  
færðist í leikinn með haustinu og gistinætur  
ársins urðu 4834. Fljótlega voru þó teknar upp  
strangari reglur við bókanir í gistingu þannig að  
gistinóttum fækkaði lítillega á næstu árum en  
ekkert lát var á eftirspurninni.<sup>116</sup>

Aðstaðan fyrir starfsfólkið batnaði stórlega í  
Fellsmúlanum. Nú gátu allt að átta starfsmenn  
setið við skrifborð og sinnt verkum sínum. Þetta  
kom sér vel því stöðugt voru sérverkefni í gangi  
og stjórnendur þeirra voru á staðnum. Ritstjóri  
*Skinfaxa* var orðinn fastastarfsmaður UMFÍ og  
auglýsingastjóri blaðsins þurfti alltaf öðru hvoru  
á aðstöðu að halda. Þá kom ósjaldan fyrir að ung-  
mennafélagar komu utan af akrinum og fengu  
húspláss til að vinna að ýmsum verkefnum. Þá



var innréttuð skjalageymsla á hæðinni og þar var skráð, flokkað og sett upp hið mikla skjalasafn hreyfingarinnar ásamt lager af *Skinfaxa*, skýrslum, bókum og bæklingum sem hingað til höfðu legið í bunkum án mikillar umhirðu. Fellsmúli var semsagt framtíðarstaður.

## Þjónustumiðstöðin

Þegar Pálmi Gíslason tók við starfi formanns hjá UMFÍ haustið 1979 voru samtökin búin að koma sér þægilega fyrir í Mjólnisholti 14 og þar voru allt að fjórir starfsmenn að störfum. Sigurður Geirdal var stjórnandinn á staðnum og allir þræðir léku í höndum hans. Ritarinn var hans hægri hönd og greiddi fyrir erindum manna hvort sem var í gegnum símann eða gesta sem mættu á staðinn og þeim fór fjölgandi. Í fyrsta tölublaði *Skinfaxa* árið 1980 ræddi Pálmi Gíslason um mikilvægi Þjónustumiðstöðvarinnar í leiðara sínum.

Ég hef í þessu spjalli mínu getið nokkurra helstu verkefna þó fjölmargt sé ótalið. En eitt skulum við gera okkur ljóst að þessi mikli árangur sem náðst hefur þennan síðasta áratug hefði ekki verið mögulegur ef

Þjónustumiðstöðvar UMFÍ hefði ekki notið við. Þar hefur átt sér stað upplýsingamiðlun, þangað hafa félögin og félagarnir leitað eftir aðstoð og upplýsingum. Við höfum verið heppin með það fólk sem þar hefur ráðist til starfa. Þjónustumiðstöðin er fyrir ykkur góðir félagar og er til reiðu til leiðbeiningar og aðstoðar þeirra málefna er til heilla mega verða æskulýðsstarfi þessa lands. Íslandi allt.<sup>117</sup>

Guðlaug Ásbjörnsdóttir staldraði einna lengst við í ritarastarfinu og reyndar hélst UMFÍ öllu betur á riturum þessi árin en var í upphafi. Þegar Gulla hætti vegna fjölgunar í fjölskyldunni sumarið 1983 tók Ásta Katrín Helgadóttir íþróttakennari frá Kirkjubæjarklaustri við og var næstu tvö árin. Henni lá gott orð til Sigurðar Geirdal eins og fyrri riturum og kunni vel að meta þann góða anda sem ríkti á skrifstofunni undir hans stjórn. „Hann afhenti manni verkefni og treysti manni fullkomlega fyrir því án þess að vera neitt að horfa yfir öxlina á manni. Þetta varð til þess að maður lagði sig allan fram“ sagði Ásta Kata síðar.<sup>118</sup> Þegar hún flutti til Siglufjarðar vorið 1985 var hin kunna frjálsíþróttakona úr Kópavogi Svanhildur



Fellsmúli 26. Aðsetur UMFÍ í 14 ár.



*Ásta Katrín Helgadóttir starfsmaður UMFÍ 1983 til 1985.*



*Rósmarý Úlfarsdóttir starfsmaður UMFÍ 1985 til 1987.*

Kristjónsdóttir ritari um sumarið. Félagi hennar úr fjálsíþróttum hjá Ungmennafélaginu. Breiðabliki, Guðrún Karlsdóttir, hafði einnig starfað í afleysingum sumarið 1981. Haustið 1985 kom Rósmarý Úlfarsdóttir á skrifstofuna sem ritari og var til vors 1987 þegar hún hélt til Danmerkur til náms.

Ennþá voru stenslar, blekbrennarar og fjölritarar helstu verkfærin á skrifstofunni en nú voru ljósritunarvélar komnar til sögunnar. Þær voru frumstæð tæki á mælikvarða nútímans en samt mikil framför miðað við þau fyrrnefndu. Með ljósritunarvélum mátti ljósrita og vinna skýrslu á nokkrum

klukkutímum sem áður tók marga daga að gera. Nú var tekin ákvörðun um kaup á slíkri vél og það má greina mikinn létti í fundargerð framkvæmdastjórnar í febrúar 1985. Þar stendur undir liðnum önnur mál: „Hin langþráða ljósritunarvél er komin á skrifstofuna.“<sup>119</sup> Nú var skýrsla UMFÍ um haustið ljósrituð á skrifstofunni með nýju vélinni í stað þess að kaupa verkið dýrum dómum hjá ljósritunarstofu. Þannig batnaði aðstaðan smám saman. Ári seinna kom fyrsta tölvan á skrifstofuna. Menn hrifust af þessu undratæki sem gerði ritvélar óþarfar og virtist muna alla skapaða hluti. Eftir þetta fjölgaði tölvunum smám saman en sú þróun tók nokkur ár.

Þeir bræður og íþróttakappar frá Selfossi, Vésteinn og Þráinn Hafsteinsynir, störfuðu skamma stund hvor á skrifstofu UMFÍ árin 1979 og 1980 í hlutastarfi sem aðstoðarmenn framkvæmdastjór-



*Skúli Oddsson starfsmaður UMFÍ 1981 til 1983.*



*Hörður S. Óskarsson starfsmaður UMFÍ 1984 til 1999.*

ans. Steinþór Pálsson úr Mosfellssveit var í þessu starfi árið 1980 en 1. júní 1981 kom Skúli Oddsson frá Mörtingu sem fullgildur starfsmaður á skrifstofuna. Skúli hafði verið formaður USVS um þriggja ára skeið og var því öllum hnútum kunnugur meðal ungmennafélaga. Svo er hann einstaklega glaðbeittur og hressilegur félagi og skemmdi aldeilis ekki félagskapinn á skrifstofunni. Skúli hætti haustið 1983 og gerðist þá framkvæmdastjóri UÍA á tímum mikilla umsvifa í Atlavík og á íþróttasviðinu. Ekki var ráðinn maður í stað Skúla en Aðalsteinn Steinþórsson, „ágætur félagi úr

UÍA“ var í hálfu starfi sumarið 1984 og sömu leiðis Diðrik Haraldsson, stjórnarmaður UMFÍ, um haustið.<sup>120</sup>

Þessi sífelldu mannskipti voru óheppileg fyrir samfellu starfsins á skrifstofunni og nú fóru menn að huga að því að fastráða starfsmann til framþúðar. Þá birtist Hörður S. Óskarsson íþróttakennari og fyrrum sundhallarstjóri frá Selfossi og bauð sig fram til starfa hjá UMFÍ. Hann var gamalreyndur úr forystusveit ungmennafélaga og einkum þekktur fyrir störf sín að sundmálum. Hörður var umsvifalaust ráðinn á skrifstofuna og tók til starfa á afmælisdegi rússnesku byltingarinnar 7. nóvember 1984. Hlutverk hans var að sjá um tengsl við félög og héraðssambönd, kennsluskýrslur og úrvinnslu þeirra. Þá komu erlend samskipti nokkuð í hans hlut. Fljótlega tók Hörður einnig að sér yfirumsjón með félagsmála-



Þórir Haraldsson starfsmaður UMFÍ 1987 til 1988.



Sigrún Sævarsdóttir starfsmaður UMFÍ 1987 til 1988 og 1992 til 1993.

ir Haraldsson, varaformaður UMFÍ, var á skrifstofunni frá hausti 1987 til jafnlengdar 1988 en fór þá til náms við Háskóla Íslands. Þórir var reynslumikill í ungmennafélagsmálum, þrátt fyrir ungan aldur, hafði verið formaður Ungmennafélagsins Vöku um skeið og framkvæmdastjóri HSK í fjögur sumur. Hann sinnti þjónustu við samböndin og átti margar heimsóknir út um landið ásamt Sigurði Þorsteinssyni. Þórir kom aftur á Þjónustumiðstöðina 1. júní 1991, nýútskrifaður lögfræðingur, og var í þrjá mánuði en gerðist þá framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins um veturinn áður en hann sneri sér að lögfræðistörfum.<sup>122</sup>

Aukin tölvuvæðing kallaði á sérfróða menn til starfa þegar verið var að koma forritum á koppinn eða setja upp tölvukerfi. Gísli Pálmason vann

fræðslu og almennri fræðslustarfsemi og hlaut starfsheitið skrifstofustjóri UMFÍ.<sup>121</sup> Hann var hjá UMFÍ allt til starfsloka á gamlársgangi 1999, í rúmlega 15 ár, og á lengstan starfsferil starfsmanna Þjónustumiðstöðvarinnar að undanskildum framkvæmdastjór-um.

Margir komu til starfa um lengri eða skemmri tíma því nú veitti ekki af fjórum starfsmönnum auk ritstjóra *Skinfaxa* til að þjónusta hreyfinguna. Auk þess voru verkefnastjórar stöðugt að störfum í þjónustumiðstöðinni, einkum á sumrin. En þar sem þeirra er rækilega getið í umfjöllun verkefnanna eru þeir ekki taldir hér sérstaklega. Þórir



Halldóra Gunnarsdóttir starfsmaður UMFÍ 1990 til 1997.


við forritun á útmánuðum 1989 og Kjartan Jónsson við uppsetningu haustið 1991. Gunnar Jóhannesson, fyrrum framkvæmdastjóri HSP, var í sumarafleysingum sumarið 1993 og sinnti tölvumálum. Aðallega þjónustu við Kappa, forrit hreyfingarinnar.<sup>123</sup>

Vorið 1987 kom Sigrún Sævarsdóttir til ritarastarfa hjá UMFÍ og var fram í ágúst árið eftir. Þá tók Una María Óskarsdóttir frá Laugum við og var til ársloka 1989. Hún var með færustu riturum, þauvön úr hótélrekstri föður síns, Óskars Ágústssonar. Hún hætti sem ritari til að gerast ritstjóri *Skinfaxa* og fréttabréfsins auk þess að sinna kynningarmálum hreyfingarinnar.<sup>124</sup> Jóhanna Guðmundsdóttir var þá ritari fram í september 1990 en þá tók við Halldóra Gunnarsdóttir frá Skeggjastöðum.

Halldóra er ungmennafélagi frá barnæsku og hafði verið framkvæmdastjóri HSK í tæp fjögur ár. Hún var því þaukunnug slíku starfi og þekkt fyrir ósérhlífni og dugnað.<sup>125</sup> Hennar hlutverk var símavarsla, upplýsingaþjónusta, skjalavarsla, tölvuvinnsla, umsjón með gistingu og margt fleira. Fljótlega tók hún einnig að sér útgáfu fréttabréfsins þegar ritstjórn *Skinfaxa* var gerð að verktaka- starfi haustið 1992.<sup>126</sup> Fréttabréfið stóð undir nafni hjá Halldóru. Fjölbreyttar fréttir, kryddaðar myndum, og markviss umfjöllun málefna dagsins ásamt ábendingum um gott málfar einkenndu efnistökin. Sýnishorn af ráðum Halldóru eru til dæmis: Segjum þolfimi í stað erobikk, fjöllidamót, ekki turnering, geisladiskur í stað CD-rom og heimilisfang, ekki adressa.<sup>127</sup> Halldóra sinnti ritarastarfinu af skörungsskap til ársloka 1997 og hefur gegnt því starfi lengst allra frá upphafi. Sigrún Sævarsdóttir kom aftur á skrifstofuna vorið 1991 og sinnti afleysingum fram í september árið eftir. Eftir það var hún í hálfu starfi en hætti störfum í júní 1993.<sup>128</sup>

Flestir starfsmenn UMFÍ á þessu tímabili, 1979-1993, voru tengdir ungmennafélagshreyf-





Gunnar Kristjánsson ritstjóri *Skinfaxa* 1977 til 1979.

ingunni sterkum böndum og áttu þar rætur sínar. Þekking þeirra á ungmennafélögunum auðveldaði starfið svo um munaði. Margir komu og margir fóru en framkvæmdastjórnir tveir, Sigurður Geirdal og Sigurður Þorsteinsson voru að störfum samtals á þriðja áratug og sköpuðu með því mikinn stöðugleika. Þriðji framkvæmdastjórnin, Sæmundur Runólfsson, kom til starfa í lok stjórnartíma Pálma Gíslasonar og kemur því meira við sögu í næsta kafla bókarinnar.

## Vaxandi *Skinfaxi*

Þegar Gunnar Kristjánsson kennari og síðar skólastjóri á Grundarfirði tók við taumhaldinu á *Skinfaxa* af Eysteini Þorvaldssyni vorið 1977 hafði hann aðsetur sitt á skrifstofunni og var í hlutastarfi. Um tíma sinnti hann skrifstofustörfum hjá UMFÍ meðfram ritstjórnastarfinu og var þá í fullu starfi en haustið 1978 fluttist hann á Selfoss og gerðist kennari við Gagnfræðaskólann. Gunnar hélt þó áfram ritstjórninni um sinn en um áramótin 1979 var hann kominn í fullt starf við kennsluna og steig þá úr vagni himinfáksins.<sup>129</sup>

Ekki var mikið borið í útlit *Skinfaxa* á þessum árum. Forsíðumyndin var hin sama í tvö ár, – útlínur Íslandskorts með merki UMFÍ í miðju. Í ársbyrjun 1979 komu forsíðumyndir aftur til sögunnar og hafa haldist síðan. Innihaldið var fjölbreytt en snerist þó mest um íþróttir og starfsemi ungmennafélaganna eins og vænta mátti. Það sem háði blaðinu mest var smæðin. Það var nánast í vasabókarbroti en fjármuni til að stækka það eða borga ritstjóranum hærri laun fyrir meiri vinnu var hvernig að finna svo engan skyldi undra þó ritstjórar yrðu ekki ellidaudir við stjórnvölinn hjá UMFÍ. Í raun var aðdánlegt hversu mikla tryggð margir þeirra sýndu starfinu þrátt fyrir litla umbun. Starfið var auðvitað fjölpætt og skemmtilegt á þann veg að það færði með sér fjölbreytt samskipti við aðila ungmennafélags-



Diðrik Haraldsson ritstjóri *Skinfaxa* 1980.

hreyfingarinnar og styrkti þau gömlu sannindi að maður er manns gaman.

Nú var hart í ári hjá UMFÍ og ekki ráðinn ritstjóri um sinn. Þess í stað var myndaður starfshópur um útgáfunna, skipaður framkvæmdastjórnarmönnum Pálma Gíslasyni, Sigurði Geirdal og Diðriki Haraldssyni. Síðar

var Finni Ingólfssyni og Agli Heiðari Gíslasyni bætt í hópin.<sup>130</sup> Hópurinn ákvað að gera róttækar breytingar á útliti blaðsins og stækka það til muna. Reyndar var blaðsíðunum ekki fjölgað, þær voru 32 eftir sem áður, en brotið var stækkað upp í svokallaða Crown stærð sem er millivegur milli stærðanna A5 og A4 sem flestir kannast við. Skömmu áður var farið að offsetprenta blaðið sem var ný tækni og fljótvirkari í vinnslu.

Svo var látið heita að starfshópurinn gegndi ritstjórnastarfinu sameiginlega en mestur hluti þess lenti á herðum Diðriks Haraldssonar. Það kom af sjálfu sér því Diðrik var lærður prentari og rak litla prentstofu á Selfossi. Hann þekkti því vel til blaðaútgáfu og prentunar. Um mitt árið 1980 var þessi skipan staðfest og Diðrik gerður formlega að ritstjóra til næstu áramóta. Diðrik kom inn í stjórn UMFÍ 1979 og sat í framkvæmdastjórn frá þeim tíma til 1987 í heil átta ár. Hann var vinnusamur og úrræðagóður og varði miklum tíma til málefna UMFÍ. Hann var til að mynda lengi einn af helstu kennurum Félagsmálaskólans.

Ráðning Diðriks var til bráðabirgða og hann ritstýrði *Skinfaxa* fram til næstu áramóta. Steinþór Pálsson sem hafði verið aðstoðarmaður Sigurðar Geirdal framkvæmdastjóra í hlutastarfi frá því um vorið var nú settur í starf ritstjórnans og tók við *Skinfaxa* frá og með áramótum 1981. Steinþór átti ekki langt að sækja áhugann á ungmennafélagsmálum því faðir hans er Páll Aðalsteinsson fyrrverandi formaður UMSK. Steinþór var kornungur, aðeins tvítugur, þegar hann tók *Skinfaxa* að sér og um næstu áramót lét hann af störfum en við tók Ingólfur A. Steindórsson.

Ingólfur hafði getið sér orð meðal ungmenna-





Steinþór Pálsson ritstjóri *Skinfaxa* 1981.



Ingólfur Steindórsson ritstjóri *Skinfaxa* 1982 til 1984.

félaga sem vaskur íþróttamaður úr Húnavatnssýslu. Svo fluttist hann á Akranes og gekk þar í ungmennafélagið Skipaskaga. Hann tók að sér að vera framkvæmdastjóri landsmóts UMFÍ sem haldið var á Akranesi 1975. Leiðir Ingólfs lágu enn frekar inn í hreyfinguna þegar hann átti sæti í varastjórn UMFÍ árin 1975-1979. Ingólfur lét verða sitt fyrsta verk að fríska upp á útlit *Skinfaxa*. Nú var forsiðumyndin látin ná yfir alla forsiðuna og letrið fellt inn í hana. Frá og með áramótum 1983 hélt nútíminn innreið sína því þá var forsiðan litprentuð og hefur verið það síðan. Efni blaðsins var fyrst og fremst

úr starfi hreyfingarinnar og ítarlega greint frá samkomum, fundum og þingum sem hún efndi til. Myndmál var aukið og oft voru meira en tvær ljósmyndir á blaðsíðu sem þótti mikið. Þá birti Ingólfur viðtöl við allmarga forystumenn ungmennafélaga vítt og breitt um landið.

Eftir þriggja ára starf steig Ingólfur upp úr ritstjórastólnum í árslok 1984 og við tók Guðmundur Gíslason íþróttakennari frá Eskifirði. Guðmundur var enginn viðvaningur í ungmennafélagsmálum hafði þá setið í stjórn UÍA í fjögur ár og vélað talsvert um útgáfu *Snæfells*, ársrits UÍA. Guðmundur er laginn að fást við tölvur og lét ekki lengi bíða að setja mark sitt á *Skinfaxa*. Í ársbyrjun 1986 stækkaði hann brot blaðsins upp í A4 og tók upp nýja tækni við vinnsluna. Keypt var „öflug og fjölhæf tölva ásamt laserprentara“ og ritstjórinn sá sjálfur um að setja blaðið og brjóta það um fyrir prentsmiðjuna. Guðmundur



Guðmundur Gíslason ritstjóri *Skinfaxa* 1985 til 1987.

Viðtalið vakti geysiathygli en þar sagði ráðherrann meðal annars frá ferli sínum sem fangbragðakappa í Bandaríkjunum.<sup>131</sup> Skák-briddd- og vísnáttur höfðu verið um sinn í blaðinu og nú bættist við poppnáttur og einnig fuglápáttur sem Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi og fuglaáhugamaður sá um. Auðvitað voru fréttir af vettvangi ungmennafélaganna áfram fyrirferðarmiklar en blaðið var orðið fjölbreyttara. Að auki sá Guðmundur um auglýsingasöfnun eins og ritstjórar höfðu jafnan gert.

Guðmundur var semsagt ágætum hæfileikum búinn en honum þótti nokkuð á skorta að UMFÍ kynni að meta það með innihaldi launaumslagsins og sagði því upp ritstjórastörfum frá og með febrúar 1987. Staðreyndin var sú að UMFÍ rak láglaukastefnu enda hafði það úr litlu að spila. Þetta átti einhvern þátt í tíðari ritstjóraskiptum en ella. Guðmundur vann þó áfram að tölvu- og útgáfumálum fram að hausti en fór þá að starfa fyrir Framsóknarflokkinn undir handleiðslu Sigurðar Geirdal. Síðar fór Guðmundur til ÍSÍ og vann þar um árabíl að svipuðum verkefnum.

Alltaf öðru hvoru birtust aðsendar greinar í *Skinfaxa* og í 2. tölublaði ársins 1986 birtist grein eftir Hafstein Þorvaldsson fyrrum formann UMFÍ. Greinin nefndist „Jafnrétti eða hvað?“ og fjallaði um kennaraverkföll, námslán, byggðastefnu og fleira á gagnrýninn hátt. Svo gagnrýninn að í næsta tölublaði var sett eftirfarandi yfirskrift undir blaðhausinn: „Allar greinar er birtast undir nafni eru á ábyrgð höfunda sjálfra og túlka ekki stefnu né skoðanir blaðsins eða stjórnar UMFÍ.“<sup>132</sup> Þessi klausa stóð þarna óbreytt í níu ár en var tekin út árið 1995.



Ingólfur Hjörleifsson ritstjóri *Skinfaxa* 1987 til 1989.

Fram að þessu hafði auglýsingasöfnun *Skinfaxa* farið fram á Þjónustumiðstöðinni og verið unnin af starfsfólki UMFÍ. Stundum voru stjórnarmenn meira að segja virkjaðir til að safna styrktarlínum og heillaóskum við sérstök tækifæri. Þetta gaf ekki góða raun og þegar söfnunin var farin að tefja útgáfuna var ákveðið að bjóða hana út gegn hundradshluta af greiddum auglýsingum. Þegar auglýsingasafnarinn, Ásdís Kristinsdóttir, tók til starfa sumarið 1987 fjórfölduðust auglýsingatekjurnar svo hér var greinilega verið á réttri leið. Samtímis var hreinsað til í áskrifendahópnum og strikaðir út þeir sem ekki borguðu blaðið. Eftir þá hausthreingerningu hafði áskrifendum fækkað úr 2200 í 1300.<sup>133</sup> Reynt var að selja blaðið í lausasölu en það gekk ekki vel enda fjöldi tímarita á markaðnum.

Skömmu eftir nýjárið 1987 kom Ingólfur Hjörleifsson blaðamaður til starfa sem ritstjóri *Skinfaxa*. Hann stýrði blaðinu til ársloka 1989 og hafði fjölbreytt efnistöð. Helsta nýmæli Ingólfs voru „Molar,“ margir litlir fréttadálkar án fyrirsgagna á fremstu blaðsíðum ritsins. Þar kenndi margra grasa og stundum í gamansömum tón. Þar var eitt sinn sagt frá því að stjórn Ungmennafélagsins Dagsbrúnar í Austur-Landeyjum væri ófrísk! Þetta þótti mörgum einkennileg fullyrðing en hún átti við rök að styðjast. Í stjórninni voru þrjár konur og allar ófrískar samtímis. Í næsta blaði birti Ingólfur framhaldsfrétt um að formaður Dagsbrúnar, Agnes Antonsdóttir, væri orðin léttari og það fylgdi sögunni að forveri hennar í embætti hefði einnig fjölgað mannkyninu í sinni valdatíð.<sup>134</sup> Auk fréttu af frjósemi ungmennafélaga í Landeyjum birti Ingólfur mörg viðtöl við fólk utan og innan UMFÍ og tók upp það nýmæli að hafa athyglisverðar fyrirsgagnir á forsíðunni. Þegar fram í sótti lagði Ingólfur niður föstu þættina en tileinkaði gjarnan hluta blaðsins sérstöku málefni hverju sinni. Þar mátti nefna íþróttameiðsli, unglíngastarf, íþróttir kvenna og afreks-

fólk svo eitthvað sé nefnt. Þetta mæltist vel fyrir og með batnandi prentvinnslu var *Skinfaxi* orðinn hið læsilegasta blað.

Í ársbyrjun 1990 hélt Ingólfur utan til náms og í síðasta tölublaði ársins 1989 kvaddi hann lesendur sína með þökk og sagði starfið hafa verið sér mikinn félagsmálaskóla. Hann kvaðst hafa skynjað mikið stolt ungmennafélaga yfir að eiga málgagn sem hefði komið út óslitið nánast frá stofnun hreyfingarinnar. Hann sagði blaðið standa á tímamótum í breyttu þjóðfélagi og ræddi hlutverk þess.

Undanfarið hafa menn rætt það mikið hvernig *Skinfaxi* nýtist hreyfingunni sem best. *Skinfaxi* er ekki lengur sá fréttamiðill af starfi sambandsaðila sem hann var. Héradsfréttablöð á hverjum stað sjá til dæmis um að miðla slíkum upplýsingum í rikari mæli en *Skinfaxi* gerir. ... Hann birtir í dag mun meira af greinum og viðtölum en samt sem áður líta margir á hann sem fréttablað. Auk þess hefur blaðið ekki staðið undir sér fjárhagslega mörg undanfarin ár og þegar harðnar á dalnum eins og gert hefur á síðasta ári verður reksturinn enn erfiðari.<sup>135</sup>

Á þingi UMFÍ í október 1989 var mikið rætt um *Skinfaxa* og hvers konar blað menn vildu hafa. Fjölmargar hugmyndir gengu manna á milli allt frá því að fækka tölublöðum eða jafnvel leggja blaðið niður og til þess að gefa út veglegt ársrit einu sinni á ári. Ekki skorti áhugann fyrir framtíð blaðsins því 16 manns ræddu þessar hugmyndir af kappi á þinginu. Niðurstaðan varð sú að stjórnin skyldi skipa nefnd til að endurskoða útgáfumál *Skinfaxa*.<sup>136</sup> Nefndina skipuðu Ingimundur Ingimundarson, Diðrik Haraldsson, Guðmundur Gíslason og Guðmundur G. Kristinsson. Niðurstaða hennar var að fækka tölublöðum úr sex í fjögur í sparnaðarskyni en ritstjóranum jafnframt falið að koma út *Fréttabréfi UMFÍ*. Þá voru Ingimundur, Guðmundur Gíslason og Gunnlaugur Aðalbjarnarson skipaðir í ritnefnd blaðsins.<sup>137</sup> Hugmyndin var sú að *Fréttabréfið* flytti allar fréttir og tilkynningar frá stjórn til hreyfingarinnar en *Skinfaxi* sæi um viðtölin, úrvinnslu fréttu og hugmyndafræðina. Stjórnarmenn UMFÍ skrifuðu öðru hverju hugvekjur, svokallaðar viðhorfsgreinar, í blaðið um málefni ungmennafélaganna.

Nú var kona í fyrsta sinn ráðin sem ritstjóri



Una María Óskarsdóttir ritstjóri *Skinfaxa* 1990 til 1992.

leiddi nýja þætti, Raddir lesenda og barnaþátt, og endurvakti vísnaþáttinn. Hún setti upp skipulegt efnisyfirlit í blaðinu þar sem efnið var flokkað í viðtöl, íþróttir, fasta liði og fleira. Undir liðnum ýmislegt voru aðsendar greinar, frásagnir af ýmsum vettvangi og fréttir innan og utan hreyfingarinnar. Hún hélt áfram þemastefnunni í efni blaðsins og fjallaði meðal annars um almenningsíþróttir, réttindi slasaðra íþróttamanna, hreyfingarsproska barna og umhverfisverndaráttak ungmennafélaganna svo eitthvað sé nefnt.<sup>138</sup>

Í október 1992 fór Una María ritstjóri í sex mánaða barnsburðarleyfi og eignaðist dreng 18. október. Nú var ákveðið að bjóða út ritstjórn *Skinfaxa* á næstu tveimur tölublöðum þar til Una María kæmi aftur og 32 aðilar lýstu áhuga sínum á verkefninu. Sjö þeirra skiluðu tilboðum og að lokum var Jóhanna S. Sigbórsdóttir blaðamaður frá Einarsnesi í Mýrasýslu valin til starfsins.<sup>139</sup> Á stjórnarfundum UMFÍ í febrúar 1993 var ákveðið að framlengja samninginn við Jóhönnu til ársloka. Unu Mariu voru boðin önnur störf á skrifstofunni en hún sætti sig ekki við það og kom ekki aftur til starfa. Hún vildi fá bætur vegna ólögmatrar riftunar á ráðningarsamningi en framkvæmdastjórn UMFÍ hafnaði því alfarið og málið fór fyrir dómstóla.<sup>140</sup> Bæði undirréttur og Hæstiréttur dæmdu UMFÍ til að greiða bæturnar og lauk því máli sumarið 1996.<sup>141</sup>

Jóhanna Sigbórsdóttir hélt úti líflegu blaði og lagði áherslu á margar og stuttar frásagnir úr starfinu en tók ekki þátt í leiðaraskrifum. Stjórnarmenn skrifuðu leiðara í blaðið til skiptis og í fyrsta blaði Jóhönnu benti Pálmi formaður á þann skort á ungmennafélaganda margra forystumanna

*Skinfaxa*. Una María Óskarsdóttir frá Laugum í Þingeyjarsýslu hafði starf að sem ritari á skrifstofu UMFÍ í hálfu ári og nú var henni boðið starf ritstjórans. Una María var vel kunnug ungmennafélagsstarfi enda dóttir Óskars Ágústssonar hins nafnkunna leiðtoga Þingeyinga í áraradír. Hún inn-



Jóhanna Sigbórsdóttir ritstjóri *Skinfaxa* 1992 til 1995.

hennar væri svona mikið og viðtækt. Ritstjórnstarfið var gefandi og skemmtilegt og þar kynntist hún mörgu frábæru fólki. Allan tímann sem hún stjórnaði *Skinfaxa* var hún í fullu starfi sem blaðamaður á DV. Sumarið 1995 þótti henni nóg komið af tvöfaldri vinnu og hætti með *Skinfaxa* reynslunni ríkari.<sup>143</sup>

## Tölvuvæðingin

Árið 1979 voru tölvur næstum óþekktar á skrifborðum landsmanna og hvorki UMFÍ né héraðsamböndin áttu slíka dýrgripi. Sem fyrr segir eignaðist UMFÍ sína fyrstu tölvu árið 1986 sem notuð var við uppsetningu *Skinfaxa* og fleira. Það fór ekki framhjá neinum hvílikur vinnusparnaður fylgdi þessu nýja tæki. Allar villur mátti leiðrétta samstundis og hægt var að geyma hugverkin áfram í tækinu sjálfu. Það var nú eitthvað annað en gömlu stenslarnir þar sem ein villa þýddi að vélrita þurfti örkina upp á nýtt.

Í byrjun var helst um tvenns konar tölvur að ræða, PC eða Macintosh, og fyrir marga var þetta nánast eins og pólitík. Menn studdu sitt merki af lífi og sál og slagurinn stóð um hvort þeirra næði yfirhöndinni. Makkinn þótti einfaldari í notkun og hentugri fyrir óvana auk þess sem ritvinnslan kom betur út í honum en PC tölvur þóttu betri í bókhaldsvinnu.<sup>144</sup> Tölvufyrirtækin voru sem óðast að hasla sér völlum um þetta leyti og stunduðu öflugan kynningarstarfsemi. Sum þeirra höfðu svo mikið við að þau sendu frá sér fréttabréf nokkrum sinnum á ári. Þar mátti lesa fagnaðarerindi um hin nýju dásamlegu tæki sem voru að berast á markaðinn eins og þessa klausu frá Maxintosh sumarið 1990:

sem fengu blaðið sent en greiddu svo ekki áskriftina. Hann hét á ungmennafélaga að bæta úr þessu svo umræðan snerist fremur um að auka útgáfuna í stað þess að draga hana saman.<sup>142</sup>

Þegar Jóhanna kom til starfa þekkti hún lítið til ungmennafélagshreyfingarinnar og óraði ekki fyrir að starf





*Fyrsta tölvan sem UMFÍ eignaðist var þessi kostagripur af Macintosh-gerð.*

Macintosh IIx heitir nýjasta tölvan í Macintosh fjölskyldunni. Hún er sú öflugasta til þessa með 500% hraðari klukkutíðni en t.d. Macintosh SE. Ekki tekur örgjörvann nema eina millisekúndu að lesa hverja sendingu af Apple-Talk-neti en það tekur eldri tölur 20 millisekúndur.<sup>145</sup>

Í ársbyrjun 1987 var keypt PC tölva á skrifstofu UMFÍ til að nota við bókhaldið. Það var ekki vel séð af aðdáendum Makkans en þeir tóku brátt gleði sína því UMFÍ gerðist aðili að innkaupasamningi ríkisins við Radíóbúðina sem flutti inn Macintosh tölvurnar. Radíóbúðin gaf góðan afslátt enda skipti miklu máli að fá menn til að velja rétta vörumerkið í upphafi. Héraðssamböndin fengu einnig að ganga inn í samninginn og nú gerðust hlutirnir hratt. Níu héraðssambönd eignuðust Macintosh sumarið 1988 og nokkur þeirra eignuðust PC tölur í samráði við ÍSÍ.<sup>146</sup>

Sumarið 1988 var þriðja tölvan keypt fyrir 120 þúsund krónur sem þótti gott verð. Hún var kynnt til sögunnar með lotningu í fundargerð sem „Macintosh SE með hörðum disk“ og þótti hið mesta þing á sínum tíma.<sup>147</sup> Tölvurnar voru notaðar til skiptis af starfsmönnum skrifstofunnar en sumum stjórnarmönnum UMFÍ þótti samt orðið nóg um alla þessa tölvuvæðingu. Á stjórnarfundum varð einum þeirra að orði: „Þetta endar bara með því að allir starfsmenn UMFÍ verða komnir með tölvu!“<sup>148</sup>

Nýja tölvan var búin litlum skjá með sjálflýsandi grænu lettri og nýttist aðeins til ritvinnslu en

það var líka alveg nóg. Fyrstu tölvurnar voru lítið meira en hraðvirkar ritvélar en þróun tölvumála var hröð eins og flestir vita. Í ársskýrslu árið 1988 var imprað á þeim fjarstæðukennda möguleika að „Samskiptanet Pósts og síma gæti gert samböndum kleyft að ná í upplýsingar hjá UMFÍ eða öðrum samböndum á nokkrum mínútum sem annars hefði tekið nokkra daga með bréfasendingum.“<sup>149</sup> Hér var verið að benda á möguleika netsins. Það var þó ekki fyrr en átta árum síðar, í nóvember 1996, að UMFÍ eignaðist sitt fyrsta netfang.<sup>150</sup>

Nú voru tölvumálin orðin það umfangsmikil og reyndar óráðin að UMFÍ myndaði sérstaka tölvunefnd í janúar 1991. Hana skipuðu þrjú tölvusnillingar. Þingeyingarnir Gunnar Jóhannesson og Gunnlaugur Aðalbjarnarson og Páll Pétursson úr Skaftafellssýslu. Hlutverk nefndarmanna var „að skoða og koma með tillögur til stjórnar UMFÍ um val á móta- og félagaforritum.“ Nefndin lagðist djúpt í málið og niðurstaðan varð forritið KAPPI sem var sniðinn fyrir félagatal, mótahald og afrekaskrár. Fyrirtækið Menn og mýs ásamt nefndarmönnum hönnuðu Kappann sem keyrði á Macintosh tölvum en samtímis var ÍSÍ að hanna forritið FJÖLNI fyrir PC tölur svo ekki var samstarfinu fyrir að fara. Kappinn var prófaður sumarið 1992 og reyndist að sumu leyti vel en að öðru leyti lakar en vonir stóðu til.<sup>151</sup>

Næstu árin unnu tölvunefndarmenn að endurbótum af mikilli ósérhlífni og haldin voru námskeið í Kappanum samhliða vörnámskeiðum UMFÍ. Það verður þó að segjast að Kappinn náði aldrei þeirri útbreiðslu sem vonast var til, sem óneitanlega bendir til þess að notagildið hafi ekki verið sem skyldi. Hann var upphaflega hannaður fyrir Makkann en var seinna aðlagður þannig að hann gekk einnig á PC tölur. Það var nauðsynlegt því mörg héraðssambönd og seinna UMFÍ skiptu yfir í PC þegar tímar liðu fram.

Þá átti sinn hlut að máli sá stíðleiki sem ríkti í samskiptum ÍSÍ og UMFÍ. Hann varð til þess að landssamtökin störfuðu hvort í sínu horni og hönnuðu sín eigin forrit. Fjöltnir var metnaðarfullt verkefni sem átti að leysa flestan vanda, en í því fólst einmitt veikleiki þess. „Tölvuforrit sem á að gera allt er eins og svissneskur vasahnífur. Honum fylgja öll möguleg hjálpartæki en ekkert þeirra er gott.“<sup>152</sup> Það kom fyrir ekki þó Kappinn væri aðlagður PC tölvum árið 1997. Hann dagaði uppi hægt og hljótt og sömu örlög biðu Fjöltnis.





Gunnar Jóhannesson formaður tölvunefndar UMFÍ.



Lára Óskarsdóttir umsjónarmaður FELIX frá upphafi 2003 til 2007.

Að lokum ákváðu menn hjá UMFÍ og ÍSÍ að slíðra sverðin og nota hin ágætu fyrirtæki Getraunir og Íslenska getspá til að þróa nýtt forrit sameiginlega. Út úr því kom forritið FELIX sem er netengt og hefur verið notað af báðum samtökunum frá árinu 2003. Felix heitir fullu nafni Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ og í gegnum kerfið fara öll skil á starfskýrslum íþrótta- og ungmennafélaga. Felix er í raun miðlægur gagnagrunnur hreyfinganna og í honum er hægt að vinna ýmsa tölfræði svo sem fjölda iðkenda, aldur þeirra og skiptingu kynja milli greina. Þá má sækja upplýsingar um brottfall iðkenda úr íþróttum og þróun starfsemi hjá

félögum og deildum. Styrkjum í Lottó er úthlutað eftir tölum úr Felix. Umsjónarmaður Felix frá upphafi var Lára Óskarsdóttir sem tók til starfa 1. desember 2003. Hún var fyrsti sameiginlegi starfsmaður ÍSÍ og UMFÍ og starfaði fyrir samtökin við kynningu og námskeið þar til í ágúst 2007. Eftirmaður hennar er Rúna Hilmarsdóttir sem tók þá við vörslu forritsins með hinu fræga nafni kattarins klóka.

## Saga landsmótanna

Það heyrir til stórtíðinda hjá ungmennafélags-hreyfingunni þegar von er á bókum sem fjalla um sögu hennar. Tveir norðlenskir ungmennafélagar, Sigurður V. Sigmundsson á Laugum og Jóhann Sigurðsson frá Lækjamóti, höfðu samband við stjórn UMFÍ í nóvember 1990 og lýstu yfir áhuga

sínum á að gefa út bók um sögu landsmóta UMFÍ. Þeir voru reyndar ekki fyrstir til að fá þessa hugmynd því Ingimundur Ingimundarson í Borgarnesi var þá byrjaður á að setja á blað þætti um afreksmenn landsmótanna.<sup>153</sup> Þegar hann frétti af áætlunum Sigurðar og Jóhanns um stóra landsmótabók lýsti hann stuðningi við þær og lagði sitt verk á hilluna. Stjórn UMFÍ þótti framtakið heldur betur áhugavert og ákvað að styðja það með ráðum og dáð.

Nú voru ráðnir höfundar að væntanlegri bók. Aðalhöfundur var Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur, frá Hríshóli í Eyjafirði, og með honum Jón Torfason íslenskufræðingur frá Torfalæk í Húnavatnssýslu. Suður-Þingeyingurinn Höskuldur Þráinsson íslenskuprófessor ritaði einn kafla bókarinnar. Hér var valinn maður í hverju rúmi og útkoman eftir því. Höfundar höfðu aðsetur sitt í Vesturhlíð meðan á ritun bókarinnar stóð og nutu mikillar fyrirreiðslu stjórnar og starfsliðs UMFÍ. Margir sýndu bókinni áhuga og lögðu höfundum lið sem skiluðu verki sínu fljótt og vel. Þeir hófust handa vorið 1991 og ári seinna kom út bókin *Saga Landsmóta UMFÍ 1909-1990*. Hér var fylgt þeirri reglu sem búin var til árið 1948 að telja fjórðungsmót Norðlendinga á Akureyri 1909 hafa verið fyrsta landsmót UMFÍ.

Fremst í bókinni var ávarp forseta Íslands, Vigdísar Finnbogadóttur, þar sem hún bar lof á starf ungmennafélaganna. Í formála bókarinnar var því lýst yfir að meginmarkmiðin með ritun hennar væru tvö:

Annars vegar að koma til skila öllum fróðleik um framkvæmd landsmótanna, úrslit og breytingar og hins vegar að reyna að miðla hinum einstæða anda landsmótanna. Þetta tvennt er kryddað með margvíslegum fróðleik um það íþróttafólk sem í gegnum tíðina hefur tekið þátt í landsmótunum. Vonandi verður ritið um leið til þess að glæða áhuga almennings á landsmótunum, styrkja þau í sessi og treysta hugsjónir ungmennafélagshreyfingarinnar meðal ungra sem aldinna.<sup>154</sup>

Bókin er veglegt rit, 544 blaðsíður í stóru broti, ríkulega myndskreytt og full af fróðlegum, frumlegum og skemmtilegum frásögnum af 20 landsmótum. Ritdómar um bókina voru lofsamlegir og á einu máli um að höfundum hefði tekist vel hið



Viðar Hreinsson aðalhöfundur bókarinnar *Saga Landsmóta UMFÍ*.

vandasama verk að miðla anda landsmótanna til lesenda. Landsmótin eru mikil keppnis- mót og *Víkurblaðið* dáðist að því að höfundum hefði jafnvel tekist að gera keppni í að leggja á borð hörkuspennandi. *Morgunblaðið* sagði að í bókinni væru „dregnar upp margar skemmtilegar og ógleymanlegar lýsingar á mönnum, viðureignum og afrekum. Þessar lýsingar eru oft svo lifandi að lesandinn getur tæpast slitið sig frá þeim.“<sup>155</sup>

Keppendur á landsmótum ungmennafélaganna og margir fleiri tóku bókinni tveim höndum og hún seldist töluvert en þó ekki eins mikið og útgefendur höfðu gert sér vonir um. Jóhann Sigurðsson bauð héraðssamböndum að selja bókina sér til fjáröflunar og nokkur þeirra keyptu bækur gegn greiðslufresti og víxlum. En salan brást og varð samböndunum fjárhagslegur baggi. Það var ekki síst vegna þess að búið var að selja bókina líklegustu kaupendum á svæðinu áður en hún var boðin samböndunum. Þar með var búið að tína rúsinurnar úr kökunni en ekki var við það komandi hjá Jóhanni að taka bækurnar til baka þrátt fyrir beiðnir þar um.<sup>156</sup> Þessi mál enduðu að lokum á borði UMFÍ sem veitti samböndunum styrki til að draga úr búisfjum þeirra.<sup>157</sup>

UMFÍ styrkti útgáfuna myndarlega með bóka- kaupum í upphafi og skaut skjólshúsi yfir birgðir bókarinnar sem eftir urðu þegar sölunni lauk. Nýlega keypti UMFÍ svo eftirstöðvarnar af Jóhanni Sigurðssyni og sýndi þar enn á ný stuðning sinn í verki.<sup>158</sup> Öllum ber saman um að betur hafi verið af stað farið en heima setið. Hið stórhuga framtak útgefendanna skilaði sér í glæsilegri bók. *Saga Landsmótanna* er stórvirki sem lofar höfunda sína og hefur yljáð lesendum með frábærum fróð- leik og ógleymanlegum frásögnum.

## Æfingar í Baldurshaga

Straumur landsbyggðarmanna til höfuðborgarinnar hefur verið óslitinn alla þá öld sem saga UMFÍ hefur staðið. Sumir þeirra sem fluttu búferlum á höfuðborgarsvæðið voru kunnir íþróttamenn og félögin í Reykjavík sátu sig ekki úr færi að fá þá til liðs við sig. Þekkt er sagan af Jens Guðbjörnssyni, formanni Ármanns, og Kristjáni L. Gestssyni formanni KR. Þetta voru tvö sterkustu íþróttafélög borgarinnar framan af síðustu öld og milli þeirra var harðvítug samkeppni. Gárungar sögðu að Jens færi austur að Tungu sem þá var innst við Laugavegin, þar sem Hekla stendur nú, til að sitja fyrir sveitamönnum sem voru að koma í bæinn og fá þá til liðs við Ármann. Kristján gerði betur því hann fór upp að Elliðaám og varð því betur ágengt!<sup>159</sup>

Ungmennafélag Reykjavíkur, hið annað í röðinni, sem stofnað var 1942 var mjög liðlegt við ungmennafélaga utan af landi sem dvöldust í Reykjavík að vetrinum. Félagið bauð þeim að stunda íþróttir með félaginu án þess að verða þar félagsbundnir.<sup>160</sup> Margir íþróttamenn þekktust þetta boð og auðvitað fór svo eins og til var ætlast að þeir sem á annað borð gengu til liðs við félag í höfuðborginni völdu Ungmennafélag Reykjavíkur. Félagið hætti starfsemi um 1960 og eftir það var ekki á vísan að róa með slíka aðstöðu. Ungmennafélagið Víkverji, stofnað 1964, var að vísu öflugt glímufélag og rak einnig knattspyrnu- og körfuboltadeild um tíma en það breytti ekki því að flestir ungmennafélagar sem dvöldust í Reykjavík urðu að leita á náðir íþróttafélaganna með þjálfun. Hér var fyrst og fremst um frjáls- íþróttafólk að ræða.



Ólafur Unnsteinsson frjáls- íþróttathjálfari UMFÍ.

Sum íþróttafélög buðu aðeins upp á æfingar fyrir sína eigin liðsmenn og þá var þungt fyrir fæti fyrir þá sem vildu halda tryggð við sín félög en stunda jafnframt æfingar.

Stjórn UMFÍ hafði gefið þessu ástandi gætur en eins og fyrri daginn ekki haft bolmagn

til að gera neitt í málinu. Svo þegar Verkefnasjóður var kominn á fót horfði málið öðruvísi við. Hinn góðkunnri frjálsíþróttþjálfari, Ólafur Unnsteinsson, var fenginn til að sjá um vikulegar æfingar ungmennafélaga í Baldurshaga, undir stúku Laugardalsvallar. UMFÍ greiddi laun og leigu úr Verkefnasjóði.<sup>161</sup> Æfingar hófust haustið 1988 og stóðu allt til áramóta 2004 þegar Baldurshagi var lagður niður sem íþróttahús. Oft var þröng á þingi því Baldurshagi var vægast sagt ekki neitt stórhýsi. Hann var reyndar bara langur og mjór gangur með 50 metra hlaupabrautum og sandgryfju. En það var gerviefni á brautunum og þar var eini staðurinn sem hægt var að æfa í gaddaskóm á veturna.

Æfingasókn var góð í Baldurshaga hjá Ólafi þjálfara. Þarna mættu að meðaltali 25 manns en voru allt upp í 60 þegar mest var. Það komu nefnilega miklu fleiri en þeir sem dvöldu í Reykjavík. Áhugasamir íþróttamenn allt frá Hvolsvelli til Skagafjarðar létu sig ekki vanta á æfingar. Ólafur Unnsteinsson lýsti þessu þannig í viðtali í *Skinfaxa* árið 1994:

Fólk kemur akandi í öllum veðrum á hverju föstudagskvöldi til að geta verið með í æfingunum, allt að 300 kílómetra leið, til dæmis Skagfirðingar, Snæfellingar og Borgfirðingar sem hafa verið duglegir við að mæta. Fólki finnst það hafa gott af því að æfa með öðrum, það eykur keppni og samanburð auk þess sem það skapar mikla samkennd og góðan félagsanda. Margir sem hingað koma eru í fámennum félögum og þykir veigur í félagsskapnum hér og etur kappi við aðra í hlaupum, stökkum, köstum svo eitthvað sé nefnt.<sup>162</sup>

Gísli Sigurðsson, tugþrautarkappi frá Sauðárkróki, lét sig ekki muna um að koma akandi að norðan á vikulegar æfingar í Baldurshaga vetur eftir vetur. Brátt fór Helgi bróðir hans að fylgja honum á æfingarnar og svo hver af öðrum. Fljótlega var Gísli farið að fást við þjálfun sjálfur og eftir fráfall Ólafs Unnsteinssonar 1996 héldust æfingatímarnir áfram án þjálfara allt til loka. Gísli er sannfærður um að þessar æfingar áttu hvað mestan þátt í að byggja upp hið öfluga frjálsíþróttalið Skagfirðinga á þessum árum.

Þessar æfingar voru gífurlega mikilvægar fyrir ungmennafélaga í Reykjavík.



Gísli Sigurðsson frjálsíþróttþjálfari Skagfirðinga.

Bæði æfingarnar og ekki síður félagslega hliðin. Þarna komu menn hver úr sinni áttinni og hittust vikulega. Svo var ég þarna með mitt lið úr Skagafirði. Það var ekki lítill hópur stundum, allt að 10-15 manns þegar mest var. Það var alveg ómetanlegt

fyrir mig að geta haldið þessari einingu saman félagslega með þessum æfingum. Þær voru stærsta atriðið í að mynda þennan sterka kjarna í UMSS kringum aldamótin.<sup>163</sup>

Gísli bar þessum góða félagskap vel söguna og sama gerði Hörður Gunnarsson, hinn sporlétti Grundfirðingur, sem æfði í Baldurshaga um árabíl. Það sem einkenndi æfingarnar var mikill léttleiki og gaman. Ólafur var góður þjálfari og lagði mikið upp úr léttleikanum. Hann var sífellt að setja upp keppni á milli manna þeim og öðrum til skemmtunar. Hörður lét mana sig í að taka 30 metra spretti úr startholunum í kappi við Sigurð T. Sigurðsson stangarstökkvara sem var manna snarpastur þó kominn væri af léttasta skeiði. Mátti varla á milli sjá en Hörður var þá einn sprettharðasti maður landsins og sigraði sjálfan Jón Arnar Magnússon í 100 metrunum á landsmótinu í Mosfellsbæ 1990. Í minningu Harðar var þetta mjög skemmtilegur tími og hann undrast enn hvað hægt var að gera í þrengslunum í Baldurshaga.<sup>164</sup>

UMFÍ hélt úti æfingum í hinum frumstæða Baldurshaga í 16 ár við miklar vinsældir ungmennafélaga. Eftir að hann var lagður niður hafa sérstakar æfingar fyrir þá ekki verið á boðstólum í Reykjavík. Nú er komin fullkomin frjálsíþróttahöll í Laugardal svo ekkert skortir á aðstöðuna. En þeir sem vilja æfa í Reykjavík verða nú að æfa með þéttbýlisfélögum. Afleiðingin verður fyrr eða síðar sú að viðkomandi skipta um félag. Félagslega eru því ungmennafélagar nú í sömu sporum og fyrir daga æfinganna í Baldurshaga.



## Stefáns gangan

Stefán Jasonarson (1914-2004) bóndi í Vorsabæ í Flóa var alla ævi léttur á fæti og mikið fyrir úti-  
vist og hreyfingu. Hann var ungmennafélagi af lífi og sál og var formaður Ungmennafélagsins Samhygðar í 28 ár og gegndi auk þess fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir hreyfinguna. Stefán vakti fyrst athygli fyrir léttleika sinn þegar hann sigraði í víðavangshlaupi á landsmótinu í Haukadal 1940 og fram á efri ár tók hann þátt í Víðavangshlaupi Íslands og var oftast en ekki elsti keppandinn.

Árið 1978 var Stefán formaður Búnaðarsambands Suðurlands og skoraði þá á Jónas Kristjánsson ritstjóra *Dagbladsins* í fjögurra kílómetra hlaup á Selfossvelli þegar sambandið hélt þar veglega landbúnaðarsýningu. Jónas var þá fremstur í flokki þeirra sem skrifuðu miður fallega um bændastéttina og Stefán vildi sýna fram á að hollar landbúnaðarvörur eins og kjöt, mjólk, smjör og ostur væru góð undirstaða fyrir líkamlegt atgervi. Einvígi þeirra lauk með frægum sigri Stefáns sem þá var 64 ára. Jónas, sem var 26 árum yngri, kom í mark hálfum hring á eftir Vorsabæjarbóndanum.<sup>165</sup>

Árið 1993 var gullbrúðkaupsár þeirra Stefáns og Guðfinnu Guðmundsdóttur eiginkonu hans. Á nýjársmorgun þad ár fór Stefán í sína daglegu hressingargöngu og gekk þá Vorsabæjarhringinn sem er 10 kílómetrar. Gangan lagðist svo vel í Stefán að hann gerði það áheiti að ganga hringinn í kringum landið í tilefni gullbrúðkaupsins og þess að þá var ár aldraðra upp runnið. Stefán var orðinn 78 ára og vildi leggja áherslu á gildi hreyfingar alla ævi þó árin færðust yfir. Þetta vakti athygli og nú vildu ýmis félagasamtök fá Stefán til liðs við sig. Fimleikasamband Íslands, Íþróttir fyrir alla og Öldrunarráð Íslands tóku sig saman um þetta stórverkefni í þágu aldraðra en virtist þó vanta herslumuninn til að koma því á laggirnar. Loks var leitað til Ungmennafélags Íslands og þá fóru hlutirnir að ganga. UMFÍ hafði það sem þurfti, tengslanet um landið þvert og endilangt.<sup>166</sup>

Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ skipulagði gönguna í stórum dráttum og svo voru ráðnir tveir starfsmenn Stefáni til aðstoðar hvorki meira né minna. Sigurður Pétursson, félagi í Ungmennafélaginu Fjölni, varð framkvæmdastjóri Stefáns göngunnar eins og nú var farið að nefna hana. Hann skipulagði alla áfanga, vegalengdir, gistingu og móttökunefndir á hverj-



*Stefán Jasonarson nýkominn úr víðavangshlaupi.*

um stað. Móttökur Stefáns voru skipulagðar af héraðssamböndum og félögum út um landið í samstarfi við ýmsa aðila. Sigurður hafði aðsetur í Þjónustumiðstöð UMFÍ en var í stöðugu símasambandi við bílstjóra Stefáns sem var Sigursteinn Ólafsson frá Syðra-Velli. Sigursteinn var ferming-  
arbróðir Stefáns og fylgdi honum umhverfis landið á bíl sem bílaumboðið Glóbus lagði til. Stefán hafði ekki hug á að ganga hringveginn allan tímann, þaðan af síður hann allan. Hann valdi þann kostinn að heimsækja byggðakjarnana meðfram ströndum landsins og alls var fyrirhugað hjá honum að ganga 500 kílómetra á sléttum fimm vikum.<sup>167</sup>

Ég er léttur í lund og spori og kvíði ekki morgundeginum. Ef mér tekst að lyfta hinni öldnu kynslóð frá hreyfingarleysi þá er mínum tilgangi náð. Ég segi stundum þegar dauft er í kringum mig að ég sé bæði kjöftugur og lyginn og alveg prýðilegur til að lyfta upp fólki.<sup>168</sup>

Þannig komst Stefán að orði og drap tittlinga hressilega framan í áheyrendur skömmu áður en





*Göngugarpurinn Stefán Jasonarson liðkar sig á göngunni.*

hann lagði upp í gönguna frá Mjólkurbúi Flóamanna á Selfossi 14. júlí. Staðurinn var engin til-



*Á lokinni Stefáns göngunni ávarpaði Stefán þáttakendur Gym í Norden í Laugardalshöll.*

viljun því Mjólkurdagsnefnd var helsti styrktaraðili göngunnar og alla leiðina skartaði Stefán myndarlegri derhúfu með kjörorðinu „Mjólk er góð.“ Stefáni var fylgt úr hlaði með ávörpum, söng og hljóðfæraslætti og svo arkaði hinn glaðbeitti öldungur af stað. Þegar hann kom til Hellu tveimur dögum síðar flutti staðarskáldið, Pálmi Eyjólfsson, honum svohljóðandi drápu:

Á morgnana fær hann sér mjólkurglas,  
maður er nefndur Stefán Jas,  
um átrætt sem ungur maður.  
Forðum sagði hann „Íslandi allt.“  
Umhverfis land þitt þú ganga skalt  
og heim koma heill og glaður.<sup>169</sup>

Stefán stóð við orð sín og gekk 510 kílómetra á fimm vikum og heimsótti alls 28 byggðakjarna víðs vegar um landið. Alls staðar komu hópar fólks á móti Stefáni og gengu nokkra kílómetra honum til samlætis. Hann lagði sérstaka áherslu á að fá eldra fólk til að ganga með sér og kom alls staðar við á dvalarheimilum aldraðra og heilsaði upp á þá sem ekki áttu heimangengt. „Þarna átti sér stað mikil gagnkvæm kynning og alls staðar gladdi hún bæði fólkið á staðnum og okkur félagana. Ég á feykilega góðar minn-

ingar úr þessari ferð“ sagði Stefán síðar í viðtali við *Skinfaxa*.<sup>170</sup>

Stefán var sérlega samviskusamur með að ganga alla áfanga sem búið var að ákveða og lét alltaf Sigurstein bílstjóra aka sér að morgni á nákvæmlega þann stað sem hann hætti kvöldið áður þegar komið var að náttstað.<sup>171</sup> Göngunni lauk í Reykjavík 19. ágúst. Þá var að hefjast í Laugar-dalshöll „Gym i Norden“ sem var samnorræn fimleikahátíð eldra fólks. Mikill fjöldi þáttakenda tóku á móti göngugarpinum við gömlu Elliðaár-brýrnar og gengu svo með hann í broddi fylkingar undir fánaborg til hallarinnar. Þar hélt Stefán stutta ræðu við setningarathöfnina og einnig fluttu ávörp Margrét Bjarnadóttir, formaður Norræna fimleikasambandsins, og Markús Örn Antonsson borgarstjóri.<sup>172</sup>

Óhætt er að segja að Stefáns gangan hafi tekist vel. Fjölmiðlar fylgdust vel með ferðum þeirra fermingarbræðra eins og fréttir dag- og landsmálablaða bera glöggvitni um. Margir af léttasta skeiði slógust í för með Stefáni sér til hressingar og heilsubótar. Þannig tókst honum að ná tilgangi sínum sem var að vekja athygli á því að hreyfing og útivist er nauðsynleg fyrir aldraða eins og aðra.<sup>173</sup>

## Frændafundir

Í lok áttunda áratugar síðustu aldar var UMFÍ komið á fulla ferð í norrænni samvinnu eftir nokkurt hlé á sjöunda áratugnum. Þetta starf var á vegum Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde (NSU) sem eru regnhlífasamtök norrænna ungmennafélaga og fór þannig fram að helstu verkefni samtakanna gengu hringinn á milli aðildarlandanna. Þau voru um þetta leyti Ísland, Finnland, Norvegur, Svíþjóð, Danmörk og danska þjóðarbrotið í Suður-Slésvík sem landfræðilega tilheyrir Þýskalandi. Frá miklu er að segja og margar ferðir voru farnar en hér er val-

inn sá kostur að segja einkum frá heimsóknum erlendra gesta til UMFÍ.

Jóhannes Sigmundsson bóndi í Syðra-Langholti var fulltrúi UMFÍ í stjórn NSU. Í september 1980 stóð UMFÍ í fyrsta sinn fyrir ársþingi samtakanna sem var haldið í Bifröst í Borgarfirði. Pálmi Gíslason tók þá við af Jóhannesi sem aðalfulltrúi Íslands í samtökunum. Strax eftir þingið hélt UMFÍ fræðslu- og kynningarnámskeið fyrir starfsmenn aðildarfélaga NSU sem vakti mikla athygli norrænu ungmennafélaganna. Stjórnandi námskeiðsins var Guðmundur Guðmundsson skólastjóri Félagsmálaskólans.<sup>174</sup>

Árlegar ungmennavikur NSU voru stærsta sameiginlega verkefni samtakanna og jafnframt eitt það skemmtilegasta. Þær voru haldnar til skiptis á Norðurlöndunum og UMFÍ sendi árlega hóp 10-20 ungmenna á slíkar skemmti- og fræðsluvikur. Þrátt fyrir skrif í *Skinfaxa*, kynningu á þingum og bréfaskriftir virtist ganga hægt að fá íslensk ungmenni til að læra að meta þessa viðburði það er að segja alla nema þátttakendurna sjálfa. Þeir voru í sjöunda himni en komu frá örfáum samböndum. Kynningin var ekki nógu mikil.<sup>175</sup>

Árið 1982 var í þriðja sinn komið að UMFÍ að halda norrænu ungmennavikuna. Enn var Suðurland gististaðurinn og nú var það Selfoss, kaupstaðurinn á bökkum Ölfusár, sem varð fyrir valinu. Þátttakendur voru 70 þar af 11 frá Íslandi. Greina má áhyggjur Sigurðar Geirdal í fundar-



Norsku þátttakendurnir á NSU vikunni 1982 í þjóðbúningum frá 14 héraðum í Noregi. Hér eru þeir á tröppum Bessastaða ásamt Vigdísí Finnbogadóttur forseta.



*Ráðstefnugestir á námsstefnu í Borgarfirði 1986 staddir á toppi Grábrókar.*

gerðum framkvæmdastjórnar áður en vikan hófst. Leiðbeinendur vantaði þá í alla helstu dagskrárlíði og undirbúningur var lítill því verkefnið „Eflum íslenskt“ hafði gleypt alla starfskrafta skrifstofunnar.<sup>176</sup>

Skemmst er frá því að segja að Sigurður Geirdal stjórnaði vikunni næstum einsamall af alkunnri röggsemi og mátti þó hafa sig allan við á stundum. Sem dæmi þá vantaði svefnpoka handa 22 þátttakendum þegar komið var á staðinn og þá varð auðvitað að útvega fyrir nóttina en samtímis þurfti Sigurður að stjórna kynningarkvöldvökuinni. Þjóðdansar, fönður og söngur voru höfuðviðfangsefni vikunnar sem reyndar varð 10 dagar til að nýta ferð gestanna sem best. Dagskráin var þéttskipuð alla daga og enginn þurfti að láta sér leiðast. Meira að segja þjóðdansahópurinn sem stóð frammi fyrir því að kennarar brugðust sneri sér umsvifalaust að leiklist og gekk sá þáttur ljómandi vel. Svo var náttúrlega farið í skoðunar- og kynnisferðir út og suður. Hópurinn heimsótti Vigdísí Finnbogadóttur forseta að Bessastöðum og þar mættu Norðmenn í þjóðbúningum frá 14 héruðum heimalandsins. Heimsóknin var hápunktur ungmennavikunnar sem tókst að öllu leyti vel nema það gleymdist að afpanta rigninguna sem ríkti meirihluta hennar.<sup>177</sup>

Samkoman þótti hafa tekist vel og á næsta fundi NSU var samþykkt að hafa ungmennavikur sambandsins framvegis með líku sniði og var á Selfossi. Um svipað leyti barst UMFÍ boð um mætingu á stofnþing sambands ungmennafélaga í Færeyjum. Þangað fóru Sigurður Geirdal og Skúli Oddsson og fræddu frændur vora um starfsemi UMFÍ. Sjö færeysk ungmennafélög stóðu að stofnun Ungdomslandsfelags Föroya (ULF) svo stærð þess mátti jafna við lítið héraðssamband héraðs Íslands. Varaformaðurinn, Hallstein Sigurðsson, þáði boð um að koma til Íslands og sat Sambandsráðsfund UMFÍ í nóvember 1982. Þá eyddi hann nokkrum dögum á skrifstofu UMFÍ og hélt heim til Færeyja klyfjaður upplýsingum, ráðum og góðum óskum frá íslenskum félagsystkinum sínum.<sup>178</sup>

Það hafði tíðkast um nokkurt skeið hjá NSU að halda svokallaðar ungbændaráðstefnur til skiptis í löndunum sex. Að undanfögnu höfðu árlega farið tveir bændur á besta aldri frá Íslandi til nágrannanna og fræðst af þeim hvernig þeir ættu að haga sér við búskapinn. Í mars 1985 var komin röðin að UMFÍ með ráðstefnuhaldið og varð niðurstaðan sú að halda hana á Hrafnagili enda höfðu eyfirskir bændur oftast en ekki farið í utanferðirnar. Aðalefni ráðstefnunnar nefndist ein-





Frá ungmennavíku á Kleppjárnarsreykjum 1989. Einum Svíarnum hent í laugina í refsingarskyni fyrir loftmengun.

faldlega „Landbúnaður á norðlægum slóðum.“ Hún stóð í viku og þar voru 26 norrænir bændur fræddir um búskaparhætti heimamanna og farið í heimsóknir á helstu fyrirmyndarþú í nágrenninu. Eyfirðingar þóttu hafa staðið sig frábærlega og hlutu verðskuldað hrós aðkomumanna.<sup>179</sup>

Í apríl 1986 var haldið upp á 40 ára afmæli NSU í nágrenni Stokkhólms. Þangað fóru fjórir félagar frá UMFÍ. Pálmi Gíslason, Stella Guðmundsdóttir, Hörður S. Óskarsson og Guðmundur Gíslason. Þar kom fram að félagar innan samtakanna voru 1,5 milljónir að tölu. Þar munaði langsamlega mest um dönsku samtökin, DDGU, sem höfðu um 900 þúsund féлага.<sup>180</sup>

Fyrir utan stjórnarfund, ungmennavíkur og ungbændaráðstefnur NSU sem aðildarfélögin héldu til skiptis var farið að halda árlega svokallað „Temaseminar“ sem gæti útlagst námsstefna. Haustið 1986 tók UMFÍ að sér að halda slíka námsstefnu í Munaðarnesi í Borgarfirði. Þangað komu 10 Íslendingar og 17 gestir frá Færeyjum, Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Hörður S. Óskarsson stjórnaði samkomunni en hún fjallaði um markaðspróun ungmennafélaga á Norðurlöndum og virkni þeirra í samfélaginu. Enn sem fyrr var það náttúra Íslands sem heillaði aðkomufólkið sem fór í skoðunarferðir að Deildartunguhver og Hrauneyjarfossi og gönguferð á Grábrók. Klykkt var út með veislu að Logalandi. Í þakkarbréfum sem bárust síðar var öllu hrósað

og talað um ævintýraferðina til Íslands.<sup>181</sup>

Hinar árlegu ungmennavíkur héldu áfram og viðkvæði íslenskra ungmenna sem fóru utan var að í slíka ferð skyldu þau fara aftur. Árið 1989 var aftur komin röðin að UMFÍ að halda vikuna og nú var haldið til Kleppjárnarsreykja í Borgarfirði. Þarna dvaldist 92 manna hópur Norðurlandabúa af yngri kynslóðinni í heila viku í besta yfirlæti. Þema vikunnar var „Ísland, náttúran og sagan.“ Skaranum var skipt í minni hópa og þátttakendur gátu valið á milli útivistar-, leiklistar-, íþróttar-, tónlistar- og útgáfu-

hópa til að fá útrás fyrir hæfileika sína.

Hápunktur vikunnar var skoðunarferð um Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Þar sem oft er lítið um svefn á ungmennavíkum hugðust erlendu gestirnir leggja sig í rútnu milli áfangastaða en útsýnið alla leið var svo framandi og stórkostlegt að lítið varð úr lúrnunum. Á hverju kvöldi voru eftirminnilegar kvöldvökur sem þjóðirnar sáu um til skiptis. Svíarnir slógu öll met þegar þeir ætluðu að efna til kappáts á „Surströmming“ sem er niðursoðin smásild sem er látin gerjast í dósunum. Strömming er sænskur þjóðarréttur og lyktar svo rosalega að hákarl og skata ilma eins og ljúfasta ilmvatn í samanburði við hann. Upplausn varð á staðnum þegar lyktin gaus upp og salurinn tæmdist á sjö sekúndum! Í refsingarskyni voru Svíarnir eltir uppi og þeim kastað í sundlaugina á staðnum. Nokkrir vildu fleygja þeim í Deildartunguhver en sú hugmynd var þó ekki framkvæmd. Daginn eftir voru Svíarnir teknir í sátt og vikunni lauk með fjörugum dansi í íþróttahúsinu.<sup>182</sup>

Árið 1987 tók UMFÍ upp samstarf um ungmennaskipti við sænsku ungmennaklúbbana 4H. Hingað kom um vorið 19 ára sænsk blómáris, Cecilia Lundholm, og dvaldi í þrjá mánuði á Dæli í Svarfaðardal. Hún féll fyrir íslenska hestinum og svo fór að hún dvaldist hérlendis til áramóta.<sup>183</sup> Eftir þetta komu sænsk ungmenni hingað árlega til dvalar og þeim líkaði svo vel að það var nánast slegist um að fá að upplifa íslenskt þjóðlíf á





*Cecilia Lundholm frá Svíþjóð. Hún var sú fyrsta í stórum hópi norræna ungmenna sem hafa dvalist á Íslandi á vegum UMFÍ.*

„Sögueynni“ eins og Svíar nefna landið okkar. Það var þó ekki fyrr en 1990 að fyrsti Íslendingurinn fór til Svíþjóðar. Það var Dagmar Viðarsdóttir sem dvaldist þar heilt sumar og hún átti ekki orð til að lýsa hversu ánægð hún var með dvölinu. Árið eftir fór Hafdís Jóhannsdóttir og var sama sinnis. Ungmennaskiptajöfnuður við Svía var þó áfram óhagstæður því hingað komu sænskir unglingar árlega en ekkert íslenskt ungmenni sóttist eftir að fara til Svíþjóðar næstu árin.<sup>184</sup>

Aftur var haldin ungbændaráðstefna á Íslandi í mars árið 1991 og að þessu sinni á Laugarvatni. Hún fjallaði um offramleiðslu og umhverfismál í landbúnaði og í ljós kom að vandamálin þessu tengd voru víðast hvar hin sömu. Þátttakendur voru 42 en aðeins fjórir frá Íslandi. Það kom ekki til af góðu því nokkrir Íslendingar hreinlega komust ekki á staðinn vegna ófærðar og illveðra á sínum heimaslóðum. Aðkomumenn voru samt hinir ánægðustu enda fengu þeir að skoða íslensk bændabýli af öllum tegundum auk Mjólkurbús Flóamanna og Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði.<sup>185</sup>

Haustið 1992 var ársþing NSU haldið að Flúðum í Hrunamannahreppi. Þar var farið yfir framtíðarverkefni samtakanna en yfirleitt er verkum

skipt milli aðildarlandanna fimm ár fram í tímann. Þá var skipt um formann. Svend Aage Hansen frá Danmörku var leystur út með gjöfum en Solveg Skogs frá Noregi boðin velkomin. Pálmi Gíslason hélt stöðu sinni sem varaformaður NSU sem hann hafði verið frá 1988. Samtímis þinginu var haldin norræn ráðstefna á Hvolsvelli undir stjórn Helga Gunnarssonar. Fjallað var ýtarlega um samskipti fjölmiðla og félagasamtaka í nútímasamfélagi og komust menn að þeirri niðurstöðu að fjölmiðlar fela bæði í sér ógnanir og tækifæri fyrir samtökin.<sup>186</sup>

Allan þennan tíma fóru Pálmi Gíslason og Sigurður Geirdal í óteljandi ferðir til Norðurlanda á fundi, ráðstefnur og samkomur. Yfirleitt var Pálmi aðalfulltrúi UMFÍ í stjórnnum og nefndum NSU og Sigurður varamaður hans. Sumum ungmennafélögum þótti jafnvel nóg um öll þessi ferðalög og gárungar töluðu um „Ferðaklúbb Sigurðar og Pálma.“ Þessi gagnrýni var tæplega réttmæt. Bæði Pálmi og Sigurður höfðu starfað í Danmörku og áttu marga vini meðal danskra ungmennafélaga. Af þeim var margt að læra og mörg nýmæli innan UMFÍ áttu fyrirmyndir sínar utan landsteinanna. Eins og alltaf voru það hin persónulegu sambönd sem gáfu mest í aðra hönd og hinir norrænu frændafundir voru ómetanlegir fyrir UMFÍ.



*Hafdís Jóhannsdóttir fór sem skiptinemi á vegum UMFÍ til Svíþjóðar árið 1991.*

## Samningamaðurinn Sæmundur Runólfsson

Sæmundur Runólfsson (f. 1955) er fæddur í Vík í Mýrdal og ólst þar upp til fullorðinsára. Hann lauk gagnfræðaprófi frá Skógaskóla 1971 og útskrifaðist sem framreiðslumaður frá Hótel- og veitingaskóla Íslands 1976. Um tíma var hann lærlingur í húsasmíði hjá Karli Runólfssyni bróður sínum og lauk reyndar prófi í greininni haustið 1989.

Sæmundur var með í að stofna Ungmennafélagið Drang í Vík sumarið 1970 og þá færðist nýtt líf í félagsmál og íþróttir á staðnum. Sæmundur var liðtækur íþróttamaður og tók þátt í flestum íþróttum sem voru stundaðar hjá félaginu Hann þótti kraftmikill knattspyrnumaður og varkárir viku til hliðar þegar hann kom með boltann á fullri ferð. Sæmundur stundaði einnig frjálsíþróttir, körfubolta og blak og komst á verðlaunapall í starfshlaupi á landsmóttinu á Akureyri 1981. Hann var formaður Ungmennafélagsins Drangs um sex ára skeið árin 1977 til 1983 og var driffjöðrin í starfi félagsins á þeim tíma. Fyrir utan íþróttirnar voru leikrit færð upp árlega og þar lék Sæmundur nokkur eftirminnileg hlutverk.

Á þingi UMFÍ 1985 var Sæmundur kjörinn í varastjórn samtakanna sem fulltrúi Suðurlands og sat þar í fjögur ár en var þá kjörinn í aðalstjórnina. Hann var ritari UMFÍ næstu tvö árin til 1991 og taldi sig hafa lært mikið af þeim góðu ungmennafélögum sem sátu með honum í stjórn. Tókst góður vinskapur með honum og þáverandi formanni, Pálma Gíslasyni, sem síðar studdi Sæmund til starfa innan hreyfingarinnar.

Sæmundur starfaði um tíma við smíðar í Vík í Mýrdal en var síðan framkvæmdastjóri þrjóna- og saumastofunnar Kötlu þar á staðnum í tvö ár. Um miðjan níunda áratuginn fluttist hann til Bandaríkjanna með fjölskyldu sinni og rak þar innflutningsfyrirtæki með ullarvörur í Columbus í Ohio í tvö ár. Eftir heimkomuna starfaði hann við fjölskyldufyrirtæki sitt í Vík en í ágúst 1989 gerðist hann annar af tveimur framkvæmdastjórum landsmóts UMFÍ í Mosfellsbæ. Þar starfaði Sæmundur árlangt en réðst síðan til starfa hjá Vátryggingafélagi Íslands fram til ársloka 1991. Þá sótti Sæmundur um stöðu framkvæmdastjóra hjá UMFÍ og var ráðinn úr stórum hópi umsækjenda. Talið er að frammistaða hans sem framkvæmdastjóri landsmótsins og í stjórn UMFÍ hafi átt sinn þátt í þessari niðurstöðu.

Frá og með ársbyrjun 1992 hefur Sæmundur staðið í brúnni hjá UMFÍ ásamt þremur formönnum hverjum eftir annan. Þeim Pálma Gíslasyni, Þóri Jónssyni og Birni B. Jónssyni. Sæmundur þykir forkur duglegur og einstaklega flinkur samningamaður fyrir hönd samtakanna þegar mikið liggur við að ná góðum niðurstöðum. Aldrei liggur betur á Sæmundi en þegar mest er að gera og afköstin eru með ólíkindum. Hann læðist ekki með veggjum og er fljótur í förum landshorna á milli þegar þarf að mæta á þing eða fundi sem eru ekki fáir á hverju ári. Sæmundur hefur setið í óteljandi nefndum og ráðum á vegum UMFÍ og til að mynda átt sæti í öllum mótsnefndum landsmóta og unglíngalandsmóta síðustu árin.

Sæmundur kvæntist Magneu Ingibjörgu Eyvinds frá Reykjavík árið 1976 og eignuðust þau tvö börn. Magnea var kennari að mennt og lauk síðar mastersprófi í námsráðgjöf við ríkisháskólann í Ohio. Hún lést eftir erfið veikindi sumarið 2000. Nokkru síðar eignaðist Sæmundur dreng. Núverandi eiginkona hans er Kristín Svavarsdóttir úr Reykjavík. Kristín hefur lokið kennaranámi við KHÍ og einnig líffræðinámi við Háskóla Íslands. Hún hefur doktorsmenntun í plöntuvistfræði frá Nýja-Sjálandi, þar sem hún bjó í áratug. Brúðkaup þeirra var fyrsta athöfnin sem fram fór í hinum nývígða Prastalundi, veitingahúsi UMFÍ við Sogsbrúna.

Sæmundur er hávaxinn og vörpulegur maður og oft með glettnisblik í augum enda húmoristi góður. Hann er stundar gönguferðir, útivist og veiðiskap af miklum áhuga og hvorki hreindýrum, löxum né lunda er óhætt þar sem hann er nærri. Hann stundaði mikið golf um tíma en á seinni árum hefur hestamennskan haft yfirhöndina.

Um svipað leyti og Sæmundur kom til starfa hjá UMFÍ eignaðist hann jörðina Kóngsbakka á Skógarströnd ásamt æskuvini sínum, Finni Ingólfssyni, og fleiri góðum mönnum. Á Kóngsbakka hafa margir mikilvægustu fundir UMFÍ verið haldnir og þangað fer Sæmundur reglulega til að endurnýja orkubirgðirnar í návist fjölskyldunnar og góðra vina. Þar eru gæðingarnir geymdir og góður útreiðartúr er toppurinn á tilverunni. Sæmundur kann best við sig með mörg járn í eldinum og margt að gerast og þannig hefur það gengið fyrir sig í starfi hans hjá UMFÍ.<sup>187</sup>



## Þróun ungmennafélaga 1979-1993

Þegar Pálmi Gíslason tók við formennsku UMFÍ árið 1979 voru samtökin í uppsveiflu á flestum sviðum. Félögum hreyfingarinnar hafði fjölgað og samböndin innan þess voru virkari. Flest þeirra höfðu starfsmönnum á að skipa, allavega yfir sumartímamann, og það gerði samskiptin við UMFÍ skilvirkari. Þjónustumiðstöðin var miðstöð hreyfingarinnar með allt að fjóra starfsmenn og Sigurð Geirdal, hinn drifandi framkvæmdastjóra, í forsvari. Jarðvegurinn var því frjósamur fyrir nýjan formann með nýjar hugmyndir.

Pálmi var maður útivistar og útiveru og næstum jafnsnemma og hann settist í formannsstólinn ýtti hann úr vör Göngudegi fjölskyldunnar. Þar var lögð áherslu á samveru fjölskyldunnar í gönguferð um nágrenni sitt og reynt að virkja sem flest ungmennafélög í þessu jákvæða framtaki. Göngudagurinn náði vinsældum og var um skeið fjölmennt hópverkefni víða um land. Eins og verða vill dalaði þátttakan með árunum og um aldamótin var göngudagurinn lagður niður sem sérstakt verkefni UMFÍ. Því fer þó fjarri að hann sé úr sögunni því nokkur ungmennafélög halda alltaf sinn árvissa göngudag sem er þeirra helsti hátíðisdagur.

Pálmi Gíslason hafði brennandi áhuga á því að efla íslenskan iðnað til að forðast atvinnuleysi unga fólksins sem var að vaxa úr grasi. Hann hratt af stað áttakinu „Eflum íslenskt“ sumarið 1982 á 75 ára afmælisári sambandsins. UMFÍ skipulagði mikla hjólreiðaför hringinn í kringum landið á „íslenskum“ reiðhjólum til að leggja áherslu á innlenda iðnaðarframleiðslu. Þetta var einskona boðhlaup þar sem tíminn var aukaatriði en kynningin skipti mestu máli. Ungmennafélagar skiptust á að hjóla um landið allt frá útnesjum til afdala og framtakið vakti mikla athygli. Samtakamáttur og dugnaður ungmennafélaga kom enn einu sinni vel í ljós enda var herferðin í góðu samræmi við kjörorð þeirra: Íslandi allt.

Þegar sá stóri dagur rann upp árið 1978 að UMFÍ fluttist inn í eigið húsnæði að Mjólnisholti 14 gerðu menn sér ljóst að hér væri aðeins um byrjunaráfanga að ræða. Fyrr en varði var UMFÍ búíð að sprengja utan af sér húsnæðið með öflugum starfi og flutningar blöstu við. Árið 1986 fluttist UMFÍ í Vesturhlíð, gamalt og heimilislegt einbýlishús á Öldugötu, og starfaði þar með góðum árangri næstu sex árin. En sagan endurtók sig.

Húsnæðið varð of lítið. Það voru fyrst og fremst miklar vinsældir gistingarinnar sem flýttu fyrir búferlaflutningunum. UMFÍ bauð aðildarfélögum sínum upp á ókeypis gistingu í kojum og svefnpokaplássi í Vesturhlíð og ungmennafélagar utan af landi sem alltaf þurftu að spara tóku þessari aðstöðu fegins hendi. Margir þeirra sögðu hópferðir til höfuðborgarinnar ekki mögulegar vegna kostnaðar nema gistingin hjá UMFÍ kæmi til. Færri komust að en vildu til gistingar í Vesturhlíð og nú þurfti enn að flytja. Árið 1992 eignaðist UMFÍ heila hæð í stóru húsi að Fellsmúla 26 og þá var loks orðið sæmilega rúmt um bæði gesti og starfsmenn.

Á þessu tímabili breyttust vinnuaðstæður starfsfólksins hröðum skrefum til batnaðar með stærra húsnæði og þá ekki síður betri tækjakosti. Tölvur voru ekki komnar á borð skrifstofufólks í upphafi tímabilsins en rafmagnsritvélar þóttu þarfapung og ritarar UMFÍ notuðu slíkar óspart því mikið var vélritað bæði fyrir samtökin sjálf og einnig aðildarsambönd og félög. Bráðlega fengu stenslar og fjölritarar að fjúka en ljósritunarvélar héldu innreið sína. Svo kom stóra stökkið þegar tölvurnar komu til sögunnar. Þær ollu hreinlega byltingu og innan skamms stóðu þær á hverju borði hjá UMFÍ. Tölvunefnd sambandsins þróaði móta- og félagaforritið Kappa sem átti að verða eitt af hjálpartækjum hreyfingarinnar en stóðst ekki fyllilega væntingar.

Árið 1986 axlaði Sigurður Geirdal sín skinn eftir 16 ára starf og hélt til annarra verkefna en við framkvæmdastjórastarfinu tók nafni hans Þorsteinsson. Starfsdagur framkvæmdastjóra UMFÍ hafa verið langir og lítt fjölskylduvænir gegnum tíðina og álag töluvert. Sigurður Þorsteinsson stóð skemur við en fyrirrennari hans og hætti eftir fimm ára starf árið 1992. Þá tók við framkvæmdastjórastörfum Sæmundur Runólfsson sem hefur gegnt starfinu síðan. Það hversu lengi þessir menn hafa setið við stjórnvölinn hefur skapað festu og stöðugleika hjá samtökunum og verið kjölfestan í Þjónustumiðstöð UMFÍ eins og skrifstofan er réttilega nefnd.

Upplýsingamiðlun til hreyfingarinnar er mikilvægur hluti af starfi UMFÍ. Framan af gegndi *Skinfaxi* því hlutverki að nokkru leyti og í honum birtust úrslit íþróttamóta og fréttir af þingum og samkomum sambanda og félaga. Með tilkomu héraðsfréttablaða hvarvetna minnkaði vægi *Skinfaxa* sem fréttamiðils og í staðinn fór UMFÍ að

gefa út sérstakt fréttabréf á níunda áratugnum sem flutti stuttar fréttir og tilkynningar frá stjórn UMFÍ út til hreyfingarinnar. Fréttabréfið þótti líflegt og stóð vel undir nafni. Þegar leið á tíunda áratug aldarinnar tók Internetið við sem boðskiptavettvangur. Tölvupóstur og heimasíða UMFÍ urðu upplýsingabrunnurinn en fréttabréfið var lagt niður skömmu eftir aldamótin.

*Skinfaxi* var rekinn með halla lengst af þessu tímabili og ritstjórar stöldruðu stutt við enda var starfið hlutastarf og launin ekki til að hrópa húrra fyrir. Blaðið hafði lengi verið fréttamiðill öðrum þræði en varð nú fremur vettvangur fyrir greina-skrif, hugvekjur og umfjöllun um sérstök málefni sem oft voru tekin föstum tókum. Blaðið var stækkað í áföngum og endaði í fullri stærð A4 sem er hin sigilda stærð tímarita. Fastir þættir af mörgu tagi hófu göngu sína og lifguðu upp á innihaldið sem stóð fyrir sínu þrátt fyrir stöðug mannskípti.

Umhverfisvernd varð sífellt sterkari þáttur í þjóðarsálinni og þar gengu ungmennafélagar á undan með góðu fordæmi. Árið 1989 var ráðist í risavaxið hreinsunarverkefni meðfram þjóðvegum landsins á vegum UMFÍ. Það nefndist: „Tökum á, tókum til“ og vakti mikla og jákvæða athygli. Allt að 8000 ungmennafélagar tóku þátt í átakinu og söfnuðu um 500 tonnum af rusli. Hér var ekki látið staðar numið heldur ráðist í verkefnið „Fósturbörnin“ sumarið 1991. Þetta var stórverkefni sem fólst í því að sem flest ungmennafélög í landinu tækju að sér fósturbarn úr náttúru landsins. Hér gat verið um að ræða landhreinun, landgræðslu, gróðursetningu eða annað sem kæmi landinu til góða. Ekki var tjaldað til einnar nætur heldur átti hvert verkefni að standa í þrjú ár. Verkefnið hlaut mikinn hljómgrunn og fjöldi ungmennafélaga tóku sér fósturbarn sem þau sinntu tilskilinn árafjölda. Eftir þetta var Ungmennafélag Íslands búið að koma sér upp verðskuldaðri ímynd umhverfisverndarsamtaka sem á öfgalausán hátt vildu koma náttúru Íslands til aðstoðar. Fleiri verkefni fylgdu í kjölfarið á komandi árum.

Vorið 1987 hittust aðfluttir ungmennafélagar í Reykjavík og stofnuðu ungmennafélagið Vesturhlíð sem síðan hefur verið stuðningsmannafélag UMFÍ. Félagar í Vesturhlíð hafa einkum látið til sín taka í Þrastaskógi og lagt fram margar vinnustundir við að lagfæra og fegra umhverfi staðarins og hirða um skóginn.

Þegar til stóð að stofna íþróttafélag í Grafarvogi sem þá var nýjasta úthverfi Reykjavíkur kom sú hugmynd upp innan Vesturhlíðar að stofna þar ungmennafélag. Hugmyndin náði fram að ganga í góðri samvinnu við íbúana og í febrúar 1988 var stofnað ungmennafélagið Fjöltnir í Grafarvogi sem á fáum árum óx og dafnaði upp í það að verða stærsta ungmennafélag landsins. Stofnun Fjöltnis var tímamótaatburður sem hafði mikil áhrif á ímynd ungmennafélagshreyfingarinnar. Í kjölfarið voru stofnuð ungmennafélög í þéttbýli hér og þar á landinu. Þau eru flest með beina aðild að UMFÍ og stofnendur þeirra tóku hiklaust ungmennafélagsformið fram yfir íþróttafélagsformið þegar þeir höfðu kynnt sér kosti þess.

Það var ekki sist vegna þess að þeir töldu ungmennafélögin byggja fremur á breiddarstefnu en afreksstefnu sem einkennir starf sumra íþróttafélaga. Breiddarstefna í íþróttum byggir á því að gefa einstaklingum tækifæri á að kynnast mörgum íþróttagreinum, sérstaklega á yngri árum og jafnframt gefa sem flestum tækifæri á að stunda íþróttirnar. Þegar iðkendur eldast kemur yfirleitt af sjálfu sér að þeir velja eina íþróttagrein. Afreksstefna sumra félaga byggir á fáum íþróttagreinum, jafnvel aðeins einni, og fáum einstaklingum sem eiga allir að vera afreksmenn. Þannig verður fjöldinn útundan. Valið var því auðvelt fyrir foreldra barnanna á þessum stöðum. Landsmót UMFÍ höfðu einnig aðdráttarafli fyrir stofnendur ungmennafélaga og lottógreiðslur UMFÍ til ungmennafélaga voru þeim hagstæðar.

Í nóvember 1986 hóf hið langþráða Lottó göngu sína og fór þegar að mala gull fyrir íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna. Lottó hefur allar götur síðan verið sú uppspretta sem UMFÍ hefur ausið úr og mest hefur munað um fyrir aðildarfélögin. Alls staðar tók starfsemin fjörkipp og nú varð fremur sjaldgæft að samböndin yrðu að segja upp starfsmönnum sínum sökum fjárhagsörðugleika. Bjartsýni jókst og nú gafst meiri tími í raunverulegt starf þegar þörfin fyrir fjáraflanir minnkaði. Það er þó langur vegur frá því að aðilar UMFÍ hafi getað hallað sér afturábak og hætt að afla fjár. Enn sem fyrr var verið að selja jóla-vörur, blóm og bætiefni og styrkir úr héraði gera gæfumuninn.

Þegar peningar koma til sögunnar verður fjandinn laus er stundum sagt en ungmennafélögum hefur tekist merkilega vel að halda friðinn um Lottóféð. Þar munar mestu að stærsti hlutinn fer



til félaganna og nokkur hluti af því sem UMFÍ heldur eftir gengur einnig til þeirra sem styrkir úr Fræðslu- og Verkefnasjóði.

Bókin *Saga Landsmótanna* var gefin út af áhugamönnum og var góð auglýsing fyrir landsmót UMFÍ og hreyfinguna í heild þrátt fyrir að nokkur vandamál tengd sölu bókarinnar kæmu upp síðar. Bókin er vönduð og skemmtileg og lofar meistara sína.

Ungmennafélagar æfðu frjálsíþróttir 16 vetur samfleytt í Baldurshaga á vegum UMFÍ sem þannig lagði sitt af mörkum til þess að hreyfingin fengi haldið mörgum af sínum bestu liðsmönnum. Ólafur Unnsteinsson, íþróttakennari, var leiðbeinandi á þessum æfingum lengi vel allt þar til hann lést fyrir aldur fram árið 1996.

Nærri áttæður ungmennafélagi, Stefán Jónsson í Vorsabæ, fór í göngu umhverfis landið á ári aldraðra til að færa sönnur á það að hreyfing og hollar landbúnaðarvörur halda mönnum ungum alla ævi. UMFÍ skipulagði gönguna sem vakti góða og verðskuldaða athygli.

Norrænt samstarf var mikið og gott og fór vaxandi fremur en hitt. Pálmi Gíslason var mikill áhugamaður um norræna samvinnu og var orðinn varaformaður NSU áður en lauk. Hann var óþreytandi ferðagarpur og fór í meira en 30 ferðir til Norðurlanda á þessu tímabili. Það var um það bil helmingur af þeim ferðum sem íslenskir ungmennafélagar fóru til að heimsækja norræn stallystykini sín. Hér var um að ræða fundi og þing á vegum NSU, ferðir íþróttahópa, ungmennavíkur, ungbændaráðstefnur, námsstefnur og samkomur

af öllu mögulegu tagi. UMFÍ bauð líka heim á slíkar samkomur og hélt ekki færri en sex fjölmenn mót sem heilluðu norræna ungmennafélaga sem hingað komu ásamt íslenskri náttúru.

Þegar Pálmi Gíslason hætti sem formaður UMFÍ haustið 1993 voru starfsmenn samtakanna fimm talsins og hafði fjölgað um einn frá því 14 árum fyrr þegar hann kom til starfa. Alls höfðu 36 starfsmenn starfað lengur eða skemur á þessum tíma. Margir voru reyndar í afleysingum eða sérverkefnum skamma stund og sumir í hlutastörfum. Flestir komu beint af akrinum í ungmennafélagshreyfingunni og bjuggu þar með yfir þekkingu sem gerði alla hluti auðveldari. Á þessum tíma hafði félagsmönnum hreyfingarinnar fjölgað um helming og voru orðnir 48.500 talsins. Félög innan UMFÍ voru hálf þriðja hundrað og ekkert lát á fjölgun þeirra. Sókn ungmennafélaganna sem hófst árið 1969 hélt áfram af fullum krafti.

Á þingi UMFÍ sem haldið var að Laugarvatni haustið 1993 lét Pálmi Gíslason af formannsstörfum og var leystur út með gjöfum. Þá var Þórir Jónsson frá Reykholti í Borgarfirði einróma kjörinn formaður UMFÍ. Þórir hafði verið gjaldkeri UMFÍ um sex ára skeið en hafði þá verið utan stjórnar í eitt kjörtímabil. Þórir tók við góðu búi og UMFÍ var áfram í fararbroddi góðra málafna með sérstaka áherslu á baráttu gegn vímuefnum og öðrum vágestum æskufólks. Einnig voru umhverfisvernd og almenningsíþróttir áfram í sviðsljósinu ásamt öllum hinum sígildu verkefnum UMFÍ.



## 5. kafli

1993-2007

# Á framtíðarvegi

### Kletturinn Þórir Jónsson

Þórir Jónsson (f. 1946) fæddist í Reykholti í Borgarfirði og ólst þar upp. Stutt var að fara í Héraðsskólann í Reykholti og þar tók hann gagnfræðapróf vorið 1962. Skömmu síðar lá leiðin til Reykjavíkur þar sem hann gerðist lærlingur í húsmiði hjá Páli Jónssyni húsmiðameistara. Þórir lauk sveinsprófi í húsmiði 1968 og kvæntist um það leyti Huldu Olgeirsdóttur hárgreiðslukonu frá Höfn í Hornafirði. Ungu hjónin settust að á Höfn og þar starfaði Þórir við trésmiðar en Hulda rak hárgreiðslustofu. Þau eignuðust þrjá syni sem nú eru uppkomnir.

Þórir varð meistari í húsmiði árið 1974 og ári síðar flutti hann með fjölskyldu sína í Borgarfjörðinn og byggði sér íbúðarhús í Reykholti. Þórir er félagslyndur maður og starfaði mikið innan Ungmennafélags Reykdæla á yngri árum. Hann var ágætur sundmaður og keppti í sundi á héraðsmótum Borgfirðinga. Fljótlega eftir heimkomuna tók hann upp þráðinn og var formaður félagsins um skeið. Hjá Reykdælum hefur lengi verið mikið leiklistarstarf og áður en Þórir vissi af var hann orðinn einn af burðarásum leiklistarinnar í þessu öflugra félagi. Hann er mörgum minnisstæður í hlutverkum sínum í leikritum Jónasar Árnasonar, einkum sem Charlie Brown í „Þið munið hann Jörund,“ og sem Kormákur vitavörður í „Skjaldhömrum.“ Þórir sat í sveitarstjórn Reykholtisdalshrepps og síðar Borgarfjarðarsveitar í 14 ár og var þar af oddviti í 10 ár. Hann var formaður Héraðsnefndar Borgarfjarðarsýslu um árabíl og sat í fulltrúaráði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fljótlega var lagt að honum að taka að sér formennsku í UMSB sem hann gerði árin 1983-1985 en þá var hann kjörinn í stjórn Ungmennafélags Íslands. Þórir var gjaldkeri UMFÍ árin 1985-1991 og þótti traustur og hagsýnn í því starfi. Árið 1993 var hann einróma kjörinn formaður UMFÍ þegar Pálmi Gíslason lét af störfum. Þórir var formaður samtakanna í átta ár en dró sig í hlé árið 2001.

Öll árin sem Þórir var í stjórn UMFÍ var hann sjálfstætt starfandi húsmiður. Hann fórnaði meira en margu annar fyrir félagsmálin því frátafir frá vinnu voru allar á hans kostnað. Þórir þótti traustur formaður og hélt merki UMFÍ hátt á lofti. Umhverfismálin héldu áfram að vera stórverkefni samtakanna og unglingsmótin festu sig í sessi. Þá var fíkniefnavánni sagt stríð á hendur og *Skinfaxi* gerður að tæki í þeirri baráttu. Í formannstíð hans voru blikur á lofti um að ungmennafélagshreyfingin yrði sameinuð Íþróttasambandi Íslands. Þórir stóð sem klettur gegn öllum slíkum sameiningarhugmyndum og hafði sigur ásamt skoðanasystkinum sínum innan hreyfingarinnar.

Þórir er glaðsinna maður og léttur í máli en yfirvegaður og fastur fyrir þegar á þarf að halda. Hann er sterklega byggður og virðulegur í framgöngu. Raddsterkur vel og getur kveðið fast að orði þegar svo ber undir. Þórir er þrýddur virðulegu alskuggi sem lengstum var svart en er nú örlítið farið að grána.

Eins og nærri má geta var oft lítið um frístundir fjölskyldunnar þegar vinna og félagsmál toguðust á um tíma húsbóndans. Þórir og Hulda eru mikið útivistarfólk og hafa notað hvert tækifæri til að ferðast um Ísland og ganga úti í náttúrunni. Þau hafa reynt að skoða sem mest af landinu og nú eru fáir staðir eftir þar sem þau hafa ekki komið.

Árið 1998 fluttist Þórir og fjölskylda hans til Mosfellsbæjar og 2001 hóf hann störf sem verslunarstjóri hjá Húsmiðjunni. Árið 2004 keypti hann ásamt sonum sínum tveimur fyrirtækið Gólfefni ehf. og rak það ásamt þeim til haustsins 2007. Þórir var sæmdur gullmerki UMFÍ árið 1992 og gerður að heiðursfélagi samtakanna árið 2005.<sup>1</sup>



Þórir Jónsson formaður UMFÍ 1993 til 2001.

## Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni

Löngum virtust forystumenn UMFÍ og ÍSÍ hafa takmarkaðan áhuga á samstarfi á sviði íþróttá eða félagsmála. Át þar hver úr sínum poka. Eiríkur J. Eiríksson og Benedikt G. Wáge sem stýrðu þessum samtökum í áratugi höfðu lítið samband hvor við annan. Það var ekki fyrr en Gísli Halldórsson varð forseti ÍSÍ árið 1962 og Hafsteinn Þorvaldsson varð formaður UMFÍ árið 1969 að viðhorfin breyttust. Hafsteinn og Gísli höfðu brennandi áhuga á að færa samtök sín til nútímans og báðir töldu að aukin samvinna kæmi samtökunum til góða.<sup>2</sup>

Þegar Getraunum var komið á fót árið 1969 vildu áhrifamenn innan íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík ekki hafa UMFÍ með í því samstarfi. Gísli Halldórsson var á öndverðum meiði. Hann studdi það eindregið að UMFÍ yrði aðili að Getraunum. Gísli kallaði Hafstein Þorvaldsson á sinn fund á Hótel Esju árið 1972 þegar lagasetning um Getraunir stóð fyrir dyrum. Þá var gengið frá því að UMFÍ ætti 20 hundraðshluta í fyrirtækinu og þar með var lagður grunnur að góðri samvinnu samtakanna um árabíl. Sveinn Björnsson sem tók við sem forseti ÍSÍ af Gísla árið 1980 var sama sinnis og í góðri samvinnu hans og Pálma Gíslasonar var eignarhaldi á lottóinu skipt milli samtakanna árið 1986.<sup>3</sup>

Nú fór samvinnuverkefnum fjölgandi. Íþróttasamband Íslands hafði starfrækt Íþróttamiðstöðina á Laugarvatni í samvinnu við Íþróttakennarskólann allt frá 1967. UMFÍ átti fulltrúa í stjórn miðstöðvarinnar frá upphafi og fyrsti fulltrúi þess var Sigurður R. Guðmundsson. Stjórnarmenn ÍSÍ með Gísla Halldórsson í broddi fylkingar vildu með því tryggja gott samstarf við UMFÍ um starfsemina. Hún var einkum fölgjin í námskeiðahaldi íþróttahreyfingarinnar á sumrin þegar skólinn var lokaður. Þessa miðstöð rak ÍSÍ í tvo áratugi en þá var hún farin að dala. Hafsteinn Þorvaldsson hafði mikinn áhuga fyrir gengi miðstöðvarinnar og sameiginlega ræddu þeir Sveinn Björnsson, við Sverri Hermannsson menntamálaráðherra um framtíð hennar. Þetta gerðist í kjölfar íþróttáþings 1986. Sverrir tók þeim vel og skipað var nefnd til að endurskipuleggja starfsemina. Niðurstaðan varð að stofna Íþróttamiðstöð Íslands með eignaraðild ÍSÍ, UMFÍ og ríkisvaldsins. Henni var hleypt af stokkunum vorið 1989 eftir



*Gísli Halldórsson, forseti ÍSÍ, átti gott samstarf við UMFÍ um rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni.*

mikla undirbúningsvinnu sem Hafsteinn Þorvaldsson tók þátt í fyrir hönd UMFÍ. Sveinn Björnsson varð formaður stjórnarinnar en Hafsteinn tók þar sæti af hálfu UMFÍ.<sup>4</sup>

Laugarvatn var kjörinn staður fyrir þessa starfsemi og fjarlægðin frá Reykjavík var allveg hæfileg. Nýtt og glæsilegt íþróttahús var vígt í mars

1987 og möguleikar til íþróttá og útivistar virtust óþrjótandi á þessum fallega skólastað. Nú var Íþróttakennarskólinn búinn að fá nýtt húsnæði svo gamla heimavistarhúsið kom í hlut ÍMÍ eins og miðstöðin var nefnd í stuttu máli. Þráinn Hafsteinnsson var ráðinn fyrsti framkvæmdastjóri ÍMÍ strax um sumarið og starfaði fram til ársloka 1991. Þráinn vann mikið útbreiðslu- og kynningarstarf sem miðstöðin bjó að lengi. Strax var ráðist í miklar framkvæmdir. Sundlaug var byggð, malarvöllur endurbyggður og hafist var handa við endurbyggingu íþróttaleikvangs. Þetta tengdist þeirri ákvörðun HSK-manna að halda landsmót UMFÍ á Laugarvatni árið 1994. Margir lögðu sitt af mörkum og víst er að feðgarnir Hafsteinn og



*Þráinn Hafsteinnsson var framkvæmdastjóri ÍMÍ í fjögur ár. Hann er hér á íþróttavellinum og Íþróttamiðstöðin í baksýn.*





*Íþróttamiðstöðin á Laugarvatni.*

Þráinn lögðust fast á árar til að tryggja grundvöll mótsins. Það var þó gamla kempan Gísli Halldórsson sem öðrum fremur átti heiðurinn af því að hitalagnir voru lagðar í hlaupabrautir nýja leikvangsins skömmu fyrir landsmótið. Aðkoma ÍSÍ og UMFÍ að Laugarvatni gegnum Íþróttamiðstöðina var sérstaklega mikilvæg meðan á þessari uppbyggingu stóð.<sup>5</sup>

Íþróttamiðstöðin lifði þó ekki nema rúman áratug og var þá lögð niður. Ástæður voru margþættar. Tíð mannaskipti í framkvæmdastjórnastarfi, of lítið rekstrarfé, framkvæmdir sem skertu aðstöðuna og skortur á kynningu þegar fram í sótti. Sum árin stóð reksturinn undir sér en oftar þurftu eigendur að hlaupa undir bagga. Framlög UMFÍ árin 1990-1996 voru 2,6 milljónir króna. Björn Bjarnason menntamálaráðherra sagði upp samningi ríkisins við rekstararadilana frá og með 1. ágúst 1996 og þar með gekk ríkið úr skaftinu. ÍSÍ og UMFÍ héldu áfram starfsemi um sinn á eigin spýtur en árið 1999 var henni endanlega hætt.<sup>6</sup>

## Sameiningarhugmyndir ÍSÍ

Ekkert þjappar fólki betur saman en sameiginlegir erfiðleikar. Það sýndi sig þegar fjárlög ríkisins árið 1987 voru lögð fram og feiknarlegur niðurskurður á ríkisstyrk blasti við bæði UMFÍ og ÍSÍ. Þá sáu forystumenn samtakanna sitt óvænna og héldu sameiginlegan neyðarfund í höfuðstöðvum ÍSÍ í Laugardalnum. Með samstilltu átaki tókst þeim að bægja þessari atlögu frá bæjardrym sínum en fundurinn tókst svo vel að ákveðið var að halda slíkum samkomum áfram. Næsti fundur

var haldinn í Vesturhlíð í apríl 1988 og þar voru rædd ýmis sameiginleg mál hreyfinganna. Forystumönnum beggja hreyfinganna þóttu þetta framfaraspor og næstu árin voru slíkir fundir árlegur viðburður.

Sveinn Björnsson var ósérhlífinn dugnaðarforkur og einstakur drenglyndismaður. Hann tók upp þráðinn frá Gísla Halldórssyni og hélt uppi góðu samstarfi við UMFÍ þegar hann varð forseti ÍSÍ árið 1980. Þegar Sveinn féll frá fyrir aldur fram árið 1991 urðu miklar breytingar á sam-

skiptum samtakanna. Arftaki hans í forsetaembætti var Ellert B. Schram, fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu, kappsamur maður og hafði aðrar hugmyndir en fyrirrennari hans. Fyrsti sameiginlegi fundur ÍSÍ og UMFÍ eftir að Ellert tók við forystunni var 21. nóvember 1991. Þar átti að ræða ýmis sameiginleg mál og allir bjuggust við sléttum og felldum fundi. Strax í upphafi kvaddi Ellert sér hljóðs og kvaðst vilja breyta út af dagskránni. Síðan hóf hann langa tölu yfir ungmennafélagsmönnum um nauðsyn þess að sameina UMFÍ og ÍSÍ. Forystumenn UMFÍ sátu sem þrumu lostnir og vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið. Umræður urðu snarpar því þeir svöruðu fullum hálsi og töldu nokkuð skorta á fulla kurteisi með slíkum málflutningi og það án nokkurs fyrirvara.<sup>7</sup>



*Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ, lagði mikla áherslu á að sameina ÍSÍ og UMFÍ.*

Ellert útlistaði hugmyndir sínar í opnuviðtali í *Morgunblaðinu* nokkru síðar og sagðist í framtíðinni sjá fyrir sér Íþrótt- og ungmennafélag Íslands. Þá hafði hann áhyggjur af því að Ólympíunefnd Íslands væri að vaxa ÍSÍ yfir höfuð í krafti fjármagns frá Alþjóðaólympíunefndinni (IOC).<sup>8</sup> Pálmi Gíslason, for-



Logi Kristjánsson var ákaft fylgjandi sameiningu ÍSÍ og UMFÍ.

spurðir álits á málinu. Einn var hlynntur sameiningu, tveir voru á móti en allir töldu meira samstarf koma vel til greina.<sup>9</sup>

Það var því engan veginn hægt að segja að sameiningarhugmyndir forseta ÍSÍ hlytu eindreginn stuðning hjá íþrótt- og ungmennafélags-hreyfingunni. Margir vildu halda því fram að hreyfingin væri þrískipt. Fyrir utan ÍSÍ og UMFÍ var Ólympíunefnd Íslands (ÓÍ) sem annaðist alla þátttöku á Ólympíuleikum. Hún var upphaflega stofnuð sem ein af starfsnefndum ÍSÍ en eftir að hún fór að njóta fjárstuðnings frá IOC var hún orðin talsvert umsvifamikil og mörgum þótti hún vera farin að skyggja á móðursamtökin. Málin þróuðust þannig á næstu árum að Ellert Schram og stuðningsmenn hans unnu markvisst að því að sameina ÓÍ og ÍSÍ. Eftir talsverð átök varð niðurstaðan sameining þessara samtaka og var stofnþing þeirra haldið 1.-2. nóvember 1997. Ellert Schram var kjörinn fyrsti forseti þessara nýju samtaka sem hlutu nafnið Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ).<sup>10</sup>

Meðan á þessu stímabraki stóð var fremur lítið rætt um hugsanlega sameiningu UMFÍ og ÍSÍ. Sameiginlegum fundum samtakanna var haldið áfram en þeir féllu þó niður árið 1997. Hafi ungmennafélögum komið til hugar að hér yrði látið staðar numið voru það tálvonir. Strax á þingi UMFÍ 24.-25. október 1997 var tónninn gefinn. Logi Kristjánsson úr UMSK, fyrrum formaður Breiðabliks, skrifaði þá róttæka grein í dagblaðið *Dag* sem birtist að morgni síðari þingdags. Þar hvatti hann mjög til sameiningar UMFÍ og ÍSÍ og taldi hægt að spara tugi milljóna króna ef af henni

maður UMFÍ, svaraði þessu tæpitungulaust í blaðinu nokkrum dögum seinna. Hann kvað UMFÍ hafa aðrar áherslur en ÍSÍ og sameining samtakanna kæmi alls ekki til greina. Samtímis voru forystumenn þriggja stærstu héraðssambandanna, tveggja stærstu íþróttabandalaganna og stærsta sér-s a m b a n d s i n s

yrði. „Ef félögin innan UMFÍ móta ekki stefnuna þá verður hún mótuð fyrir þau,“ sagði Logi í greininni og fylgdi máli sínu eftir á þinginu. Hann uppskar harðorð mótmæli Björns B. Jónssonar varaformanns UMFÍ og Þórir Jónsson formaður samtakanna sagðist myndu verja hreyfinguna svo lengi sem hann stæði uppréttur. Sigurlaug Hermannsdóttir bar saman reynslu sína sem vara- maður í stjórn ÍSÍ og stjórnarmaður UMFÍ, því síðarnefnda í hag, og sagði setja að sér kaldan hroll við tal um sameiningu. Hún kvaðst óttast að ungmennafélögin týndust í þeirri keppni um peninga sem komin væri í íþróttirnar. Margir fleiri tóku til máls og allir töldu að ræða þyrfti málin miklu betur áður en nokkrar ákvarðanir yrðu teknar.<sup>11</sup>

Þá var upplýst á þinginu að Íþróttabandalag Reykjavíkur, langfjölmennasta íþróttabandalag landsins, hefði sent bréf til stjórnar UMFÍ fjórum dögum fyrir þing og sótt um inngöngu í samtökin. Einnig óskaði Reynir Ragnarsson, formaður ÍBR, eftir því að keppendur frá bandalaginu fengju að taka þátt í Unglingalandsmóti í Grafarvogi 1998. Þingið samþykkti að mótshaldara væri heimilt að bjóða keppendum utan ungmennafélaga að keppa sem gestir á mótinu en tók ekki afstöðu til umsóknar ÍBR enda mátti segja að hún væri nokkuð snöggsöðin.<sup>12</sup>

Á fyrrnefndu stofnþingi ÍSÍ, sem haldið var viku síðar, taldi Ellert B. Schram forseti ÍSÍ þessa niðurstöðu UMFÍ merki þess að samtökin væru að nálgast hvort annað. Þórir Jónsson, formaður UMFÍ, flutti ávarp á þinginu og var engan veginn sammála. Hann tók af skarið í sameiningarmálum og sagði meðal annars:

Það er best að ég lýsi því hér yfir að ég hef ekki áhuga á samruna þessara samtaka og tel að allt hjal um sameiningu þeirra ali eingöngu á sundrunu og verði til þess að við eyðum í óþarfa orku sem betur verði nýtt í þágu íþróttar, æskulýðs og menningarstarfsemi.<sup>13</sup>

Á þinginu var samt sem áður lögð fram eftirfarandi „tillaga um formlegt samstarf við UMFÍ“ af stjórn hinna nýju samtaka. Flutningsmaður var Logi Kristjánsson:

Í ljósi þeirrar staðreyndar að málefni og verkefni UMFÍ á sviði íþróttamála tengjast



*Stjórn UMFÍ hafnaði öllum sameiningarhugmyndum á sambandsráðsfunði árið 2000. Framar sitja Helga G. Guðjónsdóttir, Þórir Jónsson, Kristín Gísladóttir og Helga Jónsdóttir. Aftar standa Sigurbjörn Gunnarsson, Jóhann Ólafsson, Sigurður Aðalsteinsson, Kjartan Páll Einarsson, Björn B. Jónsson og Kristján Yngvason.*

og skarast við starf Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands með margvíslegum hætti og öllum er ljóst að bæði samtökin hafa sömu hugsjónir að leiðarljósi, býður ÍSÍ forystu UMFÍ til viðræðna um nánara samstarf, samvinnu og eftir atvikum sameiningu einstakra málaflokka eða samtakanna í heild.<sup>14</sup>

Tillagan var samþykkt samhljóða og engum duldist að hér var beinskeytt sameiningartillaga á ferð. Það fór heldur ekki milli mála að hún féll í grýtta jörð hjá stjórnarmönnum UMFÍ. ÍSÍ sendi nú bréf til UMFÍ þar sem óskað var eftir viðræðum. UMFÍ svaraði um hæl þar sem fram kom að það væri álit ungmennafélagshreyfingarinnar að ekki væri tilefni né áhugi á sameiningu við ÍSÍ.

Stjórn UMFÍ ítrekaði afstöðu sína á sambandsráðsfunði samtakanna í október 2000 og þar var einróma samþykkt svohljóðandi tillaga um þetta mál:

32. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Egilsstöðum 14. og 15. október 2000 telur hlutverk ungmennafélagshreyfingarinnar í dag mjög mikilvægt íslensku þjóðfélagi og

hvetur til góðs samstarfs og samvinnu við ÍSÍ og önnur félagasamtök sem vinna að æskulýðs- og íþróttamálum. Fundurinn telur farsælast að Ungmennafélag Íslands starfi áfram í óbreyttri mynd.<sup>15</sup>

Á fundinum kom einnig fram tillaga sem gekk í gagnstæða átt og hvatti stjórn UMFÍ til að taka þátt í skoðun á hagkvæmni sameiningar við ÍSÍ. Tillögunni var vísað frá með þremur mótatkvæðum svo ekki voru menn alveg einhuga.<sup>16</sup>

Sem fyrr segir sótti ÍBR um aðild að UMFÍ árið 1997. Á þingi sínu í apríl 1999 samþykkti Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) að sækja einnig um aðild að UMFÍ. Í hugum margra ungmennafélaga voru íþróttabandalögin í líki „Trjúhesta“ sem ætlað væri að greiða ÍSÍ inngöngu í varnarvirki UMFÍ. Málflutningur Ellerts Schram á formannafundi ÍSÍ í apríl 1999 benti til að þessi skoðun væri ekki fjarri lagi. Ellert hélt ræðu um kosti sameiningar og sagði þá fullum fetum: „Íþróttabandalögin eru að fara inn í UMFÍ til að koma vitinu fyrir þá sem þar eru fyrir.“ Ásdís Helga Bjarnadóttir, formaður UMSB, gerði athugasemd og sagði ummæli Ellerts óvæðig-

andi. Samtökin ættu að vinna saman en slíkt orðalag ætti ekki að heyrast frá forseta ÍSÍ. Á sama fundi lýsti Friðrik Ágúst Ólafsson, formaður ÍBH, því yfir að þessi tvískipting íþróttahreyfingarinnar væri „mjög pirrandi“ og henni þyrfti að breyta með því að sameina samtökin. Stallbróðir hans hjá ÍBR, Reynir Ragnarsson, sagði sameiningarmálið snúast fyrst og fremst um peninga því framlag UMFÍ til héraðssambandanna væri hærra en það sem íþróttabandalögin fengju.<sup>17</sup> Það var því greinilegt að innganga ÍBR og ÍBH í UMFÍ mótaðist ekki af áhuga viðkomandi á að efla ungmennafélagshreyfinguna heldur fremur af áhuga á að leggja hana niður.

Umsókn ÍBR var einróma hafnað á þingi UMFÍ 1999 á þeim forsendum að lög þess samrýmdust ekki lögum UMFÍ. Þá þótti þingfulltrúum augljóst að lítill hugur fylgdi máli hjá ÍBR því formaður þess sá ekki ástæðu til að þiggja boð um að koma á þingið og ávarpa það. Umsókn ÍBH var kynnt á þinginu en ekki tekin afstaða til hennar að öðru leyti.<sup>18</sup>

## Látið til skarar skríða

Þrátt fyrir andstöðu stjórnar UMFÍ voru stjórnarmenn ÍSÍ og fleiri aðilar innan íþróttahreyfingarinnar staðráðnir í að láta á það reyna hvort af sameiningu gæti orðið.

Á ársþingi ÍSÍ í mars árið 2000 lögðu þrjú íþróttabandalög fram tillögu um skiptingu lottóhagnaðar sem olli töluverðu uppnámi. ÍSÍ hafði lengi haft þann háttinn á að skerða lottóhagnað til héraðssambanda og félaga UMFÍ um 22 af hundraði. Það var gert til að vega á móti því ör-læti sem UMFÍ sýndi í úthlutun sinni til ungmennafélaganna. Nú lögðu ÍBR, ÍBH og ÍBA til að þessi skerðing væri aukin í 85 af hundraði! Nú voru góð ráð dýr og héraðssamböndin á þinginu sáu sig tilneydd til að bregðast við málinu. Samþykkt slíkrar tillögu hefði þýtt að minnsta kosti helmings samdrátt í starfsemi þeirra, hvorki meira né minna. Eftir mikið þóf og orðaskak samþykktu bandalögin að draga tillöguna til baka ef héraðssamböndin gerðust flutningsmenn tillögu um að ÍSÍ léti gera úttekt á hagkvæmni þess að sameina ÍSÍ og UMFÍ. Það gerðu héraðssamböndin flest nauðug viljug og var ekki laust við að þeim þætti sér stillt upp við vegg með þessum vinnubrögðum.<sup>19</sup>

Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipaði vinnuhóp til að

vinna að málinu. Formaður hans var Snorri Olsen, varaformaður Ungmennafélagsins Stjórnunnar í Garðabæ. Með honum voru Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður ÍSÍ og fyrrum formaður UMSK, og Engilbert Olgeirsson stjórnarmaður ÍSÍ og framkvæmdastjóri HSK. Starfsmaður hópsins var Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ.<sup>20</sup>

Vinnuhópurinn fékk ráðgjafafyrirtækið Deloitte & Touche til að gera hagkvæmniathugun á sameiningu samtakanna. Skýrsla vinnuhópsins kom út í nóvember 2000 og helsta niðurstaða hans var að hagnaður gæti orðið 12,3 milljónir á ári miðað við óbreytta þjónustu. Þar að auki myndu sambandsaðilar spara við það að þingum og fundum myndi fækka. Gunnar Jóhannesson, ráðgjafi fyrirtækisins, ræddi við fjölda forystumanna í báðum hreyfingum og þar kom fram að miklar tilfinningar tengdust þessu máli:

Einnig er ljóst að útfærsla á reglum varðandi úthlutun tekna af lottói og getraunum hefur úrslitabýðingu varðandi framgang sameiningar. Helstu rök félaga fyrir sameiningu eru hagkvæmnissjónarmið, réttlætissjónarmið vegna þátttöku á landsmótum og vegna úthlutunar á lottó og getraunatekjum. Helstu rök gegn sameiningu eru ótti við að önnur starfsemi en íþróttastarfsemi muni ekki þrífast innan sameiginlegra samtaka, tekjuskipting lottópeninga, tregða við að leggja niður samtök með langa og merkilega sögu og ótti við að opinber framlög muni dragast saman.<sup>21</sup>

Nú hófst mikil umræða um sameiningarmálin og voru skoðanir skiptar. Margar blaðagreinar birtust og mörg viðtöl litu dagsins ljós. Í stórum dráttum voru allir þeir sem eingöngu sinntu íþróttum, svo sem sérsambönd og íþróttabandalög hlynnt sameiningunni en langflest héraðssambönd voru henni andvíg. Undantekning voru forystumenn tveggja hinna stærstu, UMSK og HSK, sem vildu sameinast ÍSÍ.

Rök þeirra sem voru hlynntir sameiningu voru meðal annars að samtökin væru að fást við sömu verkefni. Ellert Schram taldi til dæmis að 95 af hundraði af starfi ungmennafélaga væru íþróttir. Þá kom það fram hjá honum og fleirum að lottópeningarnir dreifðust alltof víða! Ungmennafélagar andmæltu og sögðu að umhverfisvernd, mannrækt, leiklist og skógrækt væru snar þáttur





*Hildur Aðalsteinsdóttir UMSE taldi að sameining ÍSÍ og UMFÍ myndi tákna endalok grasrótartarinnar á landsbyggðinni.*

í starfi ungmennafélaga ásamt íþróttum. Þá töldu margir þeirra að forystumenn ÍSÍ ásældust þau miklu völd sem fylgdu meirihluta-eign í Íslenskri getspá. Ungmennafélagar óttuðust að með sameiningu yrði lottóreglum breytt og látnar miðast helst við íbúafjölda og íþróttastarf sem kæmi þéttbýlinu fyrst og fremst til góða.

Hildur Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMSE, túlkaði skoðanir margra ungmennafélaga þegar hún fullyrta að sameining UMFÍ og ÍSÍ myndi þýða endalok grasrótartarinnar á landsbyggðinni. Mörg smærri ungmennafélög myndu lognast út af ef lottótekjur hyrfu.<sup>22</sup> Kristján Yngvason, gjaldkeri UMFÍ, var sama sinnis og benti á að hinn meinti 12 milljón króna sparnaður sem vinnuhópurinn benti á væri ekki nema 0,5 af hundraði af veltu hreyfinganna. Þá væri ekki tekið tillit til gistipjónustu UMFÍ sem sparaði félögum á landsbyggðinni miklar upphæðir. Eins væri stóreignin þrastaskógur ekki nefnd á nafn og ekkert sagt um afdrif hans. Kristján bætti við:

Ekki er heldur tekið tillit til að hver einasti stjórnarmaður hefur lagt af mörkum ómældar vinnustundir án endurgjalds ár hvert fyrir hreyfinguna. Formaður UMFÍ þiggur engin laun meðan forseti ÍSÍ er á fullum launum. Þessi sjálfbodastörf yrðu væntanlega ekki leyst af hendi eftir sameiningu því ekki verður yfir tuttugu manna stjórn í sameiginlegum samtökum.<sup>23</sup>

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, sagði stjórn UMFÍ vilja þagga niður umræðu um málið með órökstuddum hræðsluáróðri. Hann taldi mikinn tíma og fjármagn sparast vegna fækkunar á þingum og fundum og sameinaðs skrifstofuhalds. Þá myndu landsmótin stækka og KSÍ tæki tillit til þeirra við niðurröðun leikja.



*Björn Ármann Ólafsson, UÍA, taldi sameiningu þýða það að UMFÍ yrði lagt niður.*

Björn Ármann Ólafsson, formaður UÍA, taldi að úttekt vinnuhópsins sýndi að hagkvæmt væri að sameina tvær skrifstofur en segði hinsvegar ekkert um hversu miklu fé héraðssamböndin myndu tapa á því að UMFÍ yrði lagt niður. Fjarstæða væri að tala um sameiningu því hún væri ekki framkvæmanleg heldur væri um það að ræða að leggja UMFÍ niður því það þjónaði peningalegum sjónarmiðum ÍBR.<sup>24</sup>

Þá bentu margir á að hæfileg samkeppni eins og ríkt hefði milli UMFÍ og ÍSÍ væri aðeins af hinu góða. Það væri hvati fyrir hvortveggju samtökin að standa sig vel. Í sumum tilvikum hefði ÍSÍ tekið UMFÍ til fyrirmyndar svo sem í því að reka þjónustumiðstöð og starfrækja ódýra gistingu í húsakynnum sínum.

## UMSK í stjórnarandstöðu

Nokkur hiti var í umræðum um sameiningarmál og menn skipuðu sér í flokka með og móti sameiningu. Fljótlega kom í ljós að ekki voru allir ungmennafélagar á einu máli um að hafna sameiningunni. Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK), undir forystu Valdimars Leós Friðrikssonar, tók von bráðar eindregna afstöðu með sameiningarhugmyndinni. UMSK er fjölmennasta héraðssamband innan UMFÍ og hefur reyndar töluverðan svip af íþróttabandalagi. Félög þess starfa flest í þéttbýli og sambandið sjálft hefur lengi haft aðsetur sitt í höfuðstöðvum ÍSÍ. Liðnir voru nú þeir dagar þegar UMFÍ skaut yfir það skjólshúsi árum saman.

UMSK-menn, eða Kjalnesingar eins og þeir eru oftast nefndir, héldu þing sitt 8. febrúar 2001. Þá voru liðnir þrjú mánuðir frá því út kom skýrsla vinnuhóps ÍSÍ sem að meirihluta var skipaður Kjalnesingum. Á þinginu var einróma samþykkt eftirfarandi áskorun til stjórnar UMFÍ:



*Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, beitti sér fyrir vantraustsyfirlýsingu á stjórn UMFÍ.*

77. ársþing UMSK skorar á stjórn UMFÍ að ganga af fullri einurð og undanbragðalaust til samninga við ÍSÍ um sameiningu þessara samtaka. Ársþingið telur nauðsynlegt að hægt verði að taka afstöðu til sameiningar á næsta þingi UMFÍ. Ársþing UMSK lýsir yfir

þeirri eindregnu skoðun sinni að slík sameining myndi styrkja íþróttahreyfinguna í landinu og sé brýnt hagsmunamál íþróttafélaganna sem bera uppi grasrótastarfið í hreyfingunni. Stjórn UMFÍ ber fyrst og fremst að gæta hagsmuna grasrótastarinnar í sínum störfum og vilji hennar kom skýrt fram í tillöguflutningi ungmennafélaganna á síðasta íþróttþingi ÍSÍ.<sup>25</sup>

Hér var tekið skýrt til orða og Kjalnesingar þurftu ekki að bíða lengi eftir svari. Á stjórnarfundum UMFÍ sem haldinn var tveimur dögum síðar komust stjórnarmenn að þeirri niðurstöðu að ekki væru forsendur fyrir því að taka upp sameiningarviðræður samkvæmt tillögum ÍSÍ. „UMFÍ sinnir í dag mikilvægu starfi og verkefnum ... einkum á landsbyggðinni með talsvert öðrum áherslum en ÍSÍ gerir,“ sagði í ályktun stjórnarmanna. Stjórnin hafði áhyggjur af þeirri gjá sem virtist vera að myndast milli ungmennafélaga á landsbyggðinni og félaganna á höfuðborgarsvæðinu og vildi leita leiða til að samræma sjónarmiðin. Lokaorð ályktunar stjórnar UMFÍ voru:

Stjórn UMFÍ hvetur til aukins samstarfs við ÍSÍ og leggur til að komið verði á fót fastri samstarfsnefnd sem hafi það verkefni að samræma störf samtakanna, ræða verkaskiptingu og leiðir til hagræðingar í starfi. Tilnefndir eru þrjú fulltrúar UMFÍ til að ræða við fulltrúa stjórnar ÍSÍ um nánara samstarf þessara hreyfinga.<sup>26</sup>

Stjórn ÍSÍ sendi frá sér fréttatilkynningu þar sem hún lýsti vonbrigðum með þessa ákvörðun stjórnar UMFÍ.<sup>27</sup> Viðbrögðin voru þó hógvær miðað við hvernig Kjalnesingar tóku á málum. Hinn 13. febrúar var haldinn sérstakur formannafundur hjá UMSK til að bregðast við svari UMFÍ. Fundurinn samþykkti yfirlýsingu og þar sagði meðal annars:

Formannafundur UMSK haldinn 13. febrúar 2001 lýsir yfir vantrausti á stjórn UMFÍ vegna ákvörðunar stjórnarfundar 9.-10. febrúar sl. um að ganga ekki til viðræðna við ÍSÍ um mögulega sameiningu þrátt fyrir að vilji stórs hluta hreyfingarinnar hafi ítrekað komið fram.<sup>28</sup>

Þessi vantraustsyfirlýsing er einsdæmi í sögu UMFÍ. Nú virtust farin að tíðkast mjög hin breiðu spjótin. Í greinargerð sem Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, afhenti fjölmiðlum kom fram að hann taldi afstöðu stjórnar UMFÍ á öndverðum meiði við vilja meirihlutans í hreyfingunni.<sup>29</sup> Þar vísaði hann væntanlega til afstöðu forystumanna UMSK og Skarphéðins (HSK) en félagsmenn beggja sambandanna voru þá 45 af hundraði félagsmanna UMFÍ.<sup>30</sup> Skarphéðinsmenn héldu þing sitt skömmu eftir þetta og sameiningarmálið gnæfði þar yfir önnur mál. Mörgum góðum ungmennafélögum á þinginu þótti nú kominn tími til að lægja öldurnar. Þeir sendu frá sér hófstilla tillögu um málið svo ekki virtist innistæða fyrir fullyrðingum formanns Kjalnesinga um meirihlutafylgi andstöðunnar. Tillaga Skarphéðinsmanna var svohljóðandi:

79. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins haldið á Hvolsvelli 24. febrúar 2001 hvetur stjórnir UMFÍ og ÍSÍ til að taka nú þegar upp markvisst samstarf með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Það samstarf gæti síðan orðið grundvöllur að viðræðum um sameiningu beggja samtakanna. Sá árangur sem þá hefur náðst verði kynntur á næstu ársþingum hreyfinganna.<sup>31</sup>

Nú fóru í hönd ársþing héraðssambanda og stjórn UMFÍ ákvað að kanna hvernig landið lægi í hreyfingunni áður en næstu skref yrðu stigin. Þá kom í ljós að héraðssamböndin virtust ekki tilbúin til að fylgja í fótspor Kjalnesinga og lýsa yfir



Fulltrúar á héraðsþingi Skarphéðins árið 2001 samþykktu hófsama tillögu um sameiningarmál.

andstöðu við stefnu UMFÍ í sameiningarmálum. Þeir voru þó ekki af baki dottnir og á þingi UMFÍ haustið 2001 endurfluttu þeir ásamt UNÞ sameiningartillöguna sem héraðssamböndin neyddust til að leggja fram á íþróttapinginu árið 2000 til að kaupa sér frið. Fleiri tillögur á líkum nótum voru fluttar. Á þingið komu nú einnig formenn ÍBR og ÍBH og endurnýjuðu inntökubeiðnir sínar. Stjórn UMFÍ brást við með því að leggja til myndun skipulagsnefndar samtakanna sem var samþykkt. Hún skyldi skoða samstarf og heildarskipulag UMFÍ og ÍSÍ og skila tillögum til næsta þings samtakanna. Öllum fyrrnefndum tillögum á þinginu var vísað til væntanlegrar skipulagsnefndar UMFÍ.<sup>32</sup>

## Sættir

Nú var skilgreining á skipulagi og hlutverki UMFÍ komin í hendur skipulagsnefndar og við mannaval í hana þurfti að taka tillit til sem flestra sjónarmiða. Nefndin var undir forystu Helgu G. Guðjónsdóttur, varaformanns UMFÍ. Hinir sex nefndarmennirnir komu hver úr sínum landshluta:

Snorri Olsen, Reykjavík og nágrenni.  
Gunnar Svanlaugsson, Vesturlandi.  
Petrína Sigurðardóttir, Vestfjörðum.  
Haraldur Þór Jóhannsson, Norðurlandi.

Björn Ármann Ólafsson,  
Austurlandi.

Guðmundur Kr. Jónsson,  
Suðurlandi.

Nefndin lagði geysimikla vinnu í starf sitt. Hún hélt fjölda fundu með aðilum hreyfingarinnar, með stjórnarmönnum ÍSÍ, og lagðist í mikla útreikninga á nýjum lottóreglum. Lagt var til að 12 af hundraði yrði skipt jafnt milli allra aðila en 88 af hundraði færu eftir íbúafjölda. Stjórn UMFÍ var ekki sammála þessum hugmyndum nefndarinnar og voru þær lagðar til hliðar. Þá var farið yfir hugsanlega stækkun íþróttahéraða og

aðild íþróttabandalaga. Róttækasta tillaga nefndarinnar var að leggja til aðild íþróttabandalaga að UMFÍ.<sup>33</sup>

Á þingi UMFÍ árið 2001 tók Björn B. Jónsson við formennsku í UMFÍ af Þóri Jónssyni. Formaðurinn hafði lengi staðið sem klettur gegn sameiningarhugmyndum forseta ÍSÍ og þar varð engin breyting á þegar Björn kom til sögunnar. Í viðræðum skipulagsnefndarinnar við mörg héraðssambönd kom skýrt fram að þau töldu sameiningu ekki koma til greina. Ellert Schram, forseti ÍSÍ, var nú orðinn sannfærður um að ekki yrði af sameiningu UMFÍ og ÍSÍ. Þegar leið að þingi ÍSÍ sem haldið var í Hafnarfirði í apríl 2002 hittust foringjarnir Ellert og Björn og undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu. Þessa yfirlýsingu las Ellert upp á þinginu og kvaðst vera bæði sáttur og stoltur af henni. Hún var á þessa leið:

ÍSÍ og UMFÍ munu virða tilveru og sjálfstæði hvors annars en beita sér fyrir auknu samstarfi í tölvumálum, fræðslu- og útgáfumálum, starfsskýrslum, rekstri þjónustumiðstöðva um landið, endurskoðun á skiptingu íþróttahéraða og bættum samskiptum í allri starfsemi

Við erum einnig sammála um að gerð skuli ítarleg úttekt á úthlutun lottóarðs, með það að markmiði að samstaða náist um skiptingu arðsins, samkvæmt einni



heildstæðri aðferð. Sett hefur verið í gang vinna þar að lútandi og starfshópur myndaður með fulltrúum ÍSÍ og skipulagsnefndar UMFÍ. Þegar niðurstöður af þeirri vinnu liggja fyrir skulu tillögur kynntar fyrir hreyfingunum og stefnt að því að hægt verði að afgreiða breytt fyrirkomulag á næstu þingum sambandanna.<sup>34</sup>

Þarna voru orðnar sögulegar sættir. Nú var bara eftir að taka ákvörðun um hvernig fara skyldi með inntökubeiðni íþróttabandalaganna. Það var gert á þingi UMFÍ á Sauðárkróki haustið 2003.

Þar kom fram tillaga um lagabreytingu á þá leið að UMFÍ skiptist í héraðssambönd, ungmennasambönd og íþróttabandalög. Sigurbjörn Gunnarsson, gjaldkeri UMFÍ, lagði til að íþróttabandalög yrðu strikuð út úr tillögunni. Eftir heilmiklar umræður var breytingartillaga Sigurbjörns samþykkt með 39 atkvæðum gegn 21. Þar með var niðurstaðan fengin. Aðrar tillögur um aðild íþróttabandalaga fengu svipaða meðferð. Reyndar var samþykkt að taka þau inn að því tilskildu að sátt næðist við ÍSÍ um skiptingu lottós innan árs.<sup>35</sup> Svo fór ekki og þar með var ljóst að íþróttabandalögin myndu ekki í það sinn gerast aðilar að UMFÍ. Sumum gramdist þetta en öðrum var stórlega létt.

Eftir þetta var léttara yfir samskiptum ÍSÍ og UMFÍ en verið hafði um skeið. Ágreiningsefnum hafði fækkað og samstarfið gerðist nánara. Mikill tími og orka hafði farið í þetta valdatafl. Tími og orka sem mörgum, sérstaklega ungmennafélögum, þótti sem betur hefði verið varið „í þágu íþróttar, æskulýðs og menningarstarfsemi“ eins og Þórir Jónsson orðaði það á íþróttþingi árið 1997. Talsvert var tekist á og menn síður en svo sammála. Til að sýna það að átökin voru aldrei persónuleg mætti Björn B. Jónsson á þing ÍSÍ árið 2006 þegar Ellert Schram lét af embætti forseta og afhenti honum gullmerki UMFÍ.<sup>36</sup> Það gladdi hann mikið enda átti hann tæplega von á slíku eftir það sem á undan var gengið.



*Sigurbjörn Gunnarsson, gjaldkeri UMFÍ, hafði forystu um að hafna aðild íþróttabandalaganna að samtökunum á þingi þeirra árið 2003.*

Hinn nýi forseti ÍSÍ, Ólafur Rafnsson, hefur lýst yfir miklum áhuga á góðu samstarfi við UMFÍ og Björn B. Jónsson, formaður samtakanna, hefur endurgoldið þá ósk. Á fyrsta formlega fundi sínum voru þessir forystumenn hreyfinganna sammála um að snúa bókum saman um góð mál til framfara fyrir íþrótt- og ungmennafélaga-hreyfinguna.<sup>37</sup> Það

má því segja að nú blási hlýir vindar um þessar stærstu fjöldahreyfingar á Íslandi eftir nokkurn kalda í hálfan annan áratug.

## Lýðveldishlaupið og Landshreyfing

Þótt mikið gengi á vegna sameiningarmála gáfu ungmennafélagar sér tíma til að sinna öðrum verkefnum. Á þingi UMFÍ haustið 1993 vaknaði sú hugmynd að minnast 50 ára afmælis lýðveldisins á verðugan hátt með sérstöku verkefni. Stjórn



*Forystumenn UMFÍ og ÍSÍ hafa lýst áhuga á góðu samstarfi sín á milli. Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri og Björn B. Jónsson formaður UMFÍ ásamt Ólafi Rafnssyni forseta og Stefáni Konráðssyni framkvæmdastjóra ÍSÍ.*





*Anna Margrét Jóhannesdóttir verkefnisstjóri Lýðveldishlaupsins 1994.*

rífa sig upp úr hægindastólunum og fá þá til að hreyfa sig utanhúss helst á hverjum degi yfir sumarið.

Ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri, Anna Margrét Jóhannesdóttir, sem vann með sérstökum dugnaði að kynningu hlaupsins og náði góðum árangri. Öllum íþrótta- og ungmennafélögum landsins var boðin þátttaka í hlaupinu og meira að segja ferðaskrifstofur erlendis voru með í leiknum. Þátttökustaðir innanlands voru 270 talsins. Lýðveldishlaupið stóð í 99 daga, frá 15. maí til 21. ágúst og fólst í því að ganga eða hlaupa þrjá kílómetra á dag. Þátttakendur fengu sérstakar skráningarbækur og í hvert skipti sem þeir hlupu þennan spöl fengu þeir stimpil í bókina á þátttökustöðunum sem voru um allt land. Þeir sem voru duglegastir fengu sérstök verðlaun. Brons fengu þeir sem hlupu 30 sinnum, silfur fékkst fyrir 40 skipti og gullmerki voru þeir sæmdir sem hlupu 60 sinnum.<sup>38</sup> Fyrsti maður sem hlaut gullmerkið var enginn annar en formaður UMFÍ, Þórir Jónsson, sem spretti úr spori hvern einasta dag sem hlaupið stóð. Opnunarhátíð hlaupsins fór fram hjá Ungmennafélaginu Fjölni í Grafarvogi þar sem 700 manns tóku á sprett að viðstöddum forseta landsins, Vigdísi Finnboga-dóttur.

Þjartsýnir menn reiknuðu með allt að tíu þúsund þátttakendum en annað kom í ljós. Kyrrsetufólk og sófistar fóru af stað í stórhópum og hvorki fleiri né færri en 25 þúsund manns hlupu með. Alls voru hlaupnir 816 þúsund kílómetrar í Lýðveldishlaupinu sem jafngildir því að sprækir Íslendingar hafi hlaupið 20 sinnum umhverfis jörð-

UMFÍ með nýjan formann í fararbroddi ákvað að efna til sérstaks átaks til heilsueflingar sumarið 1994. Þetta var gert í samstarfi við samtökin Íþróttir fyrir alla og heilbrigðisráðuneytið. Íslenskar sjávarafurðir styrktu framtakið með ráðum og dáð – og peningum. Markmiðið var að fá sem flesta til að


ina. Dugmestu félögin voru verðlaunuð. Félagsmenn Fjölnis í Grafarvogi hlupu 9830 sinnum en miðað við íbúafjölda stóðu liðsmenn Höfungs á Þingeyri sig best með 13 skipti hver. Hvort félag um sig fékk verðlaunabikar ásamt 100 þúsund krónum í verðlaun. Dregið var úr hópi gullmerkishafa og voru verðlaunin ferð fyrir tvo til Bandaríkjanna. Sú heppna var Jónína Kristjánsdóttir frá Klængshóli í Skíðadal í Eyjafirði.<sup>39</sup>

Mikil ánægja ríkti með árangurinn í Lýðveldishlaupinu og ákveðið var að láta þar ekki staðar numið. Árið eftir var farið af stað á svipuðum nótum og nú hét verkefnið Landshreyfing '95. Í byrjun maí var Jóhann Ingi Árnason ráðinn til að stjórna verkefninu og nú var það útvíkkað nokkuð. Hægt var að velja um að ganga eða hlaupa þrjá kílómetra eða synda 200 metra einu sinni á dag á þriggja mánaða tímabili. Þeir sem voru með 25 sinnum fengu bronspening, 50 skipti gáfu silfur og 75 sinnum þýddi gull. Tilgangurinn var að fá sem flesta til að hreyfa sig reglulega.

Samstarfsaðilar UMFÍ voru Frjálsíþrótta-sambandið (FRÍ), Sundsambandið (SSÍ) og Vátryggingafélagið (VÍS) sem var styrktaraðili verkefnisins. Landshreyfingin stóð í 95 daga, frá 28. maí til 30. ágúst 1995. Flestir þátttakendur voru krakkar og fólk á „besta aldri“ sem annars hafði haft að litlu að keppa. Nú gat það fengið sér verkefnabækur og farið af stað. Og nú var synt,



*Vigdís Finnbogadóttir forseti klippir á borðann og opnar Lýðveldishlaupið í Grafarvogi ásamt Þóri Jónssyni formanni UMFÍ.*



Merki Landshreyfingar 95.

gengið, hlaupið, stokkið og trítlað um allt Ísland. Ungmenna- og íþróttafélög sáu um framkvæmdina hvert í sínu sveitarfélagi og veittu stimpla í verkefnabækur þeirra hreyfanlegu. Mest var þátttökan á landsbyggðinni og alls voru tíu þúsund manns með í Landshreyfingunni 1995.<sup>40</sup>

Margir fóru af stað sem lítið höfðu gert af því að hreyfa sig, jafnvel í áratugi. Bréf frá þeim birtust í *Skinfaxa* og vitnuðu um breyttan lífsstíl. Stórreykingakona sem hætti að reykja og tók þátt í Landshreyfingunni sagðist ekki vera nema hálf manneskja ef hún kæmist ekki í sund daglega. Hún stefndi að bronsi en tók á móti gulli í lokin og sagði ómetanlegan stuðning að hafa eitthvað til að stefna að. Bætt heilsa var auðvitað aðalhvatin en áfangamerkin voru prýðileg hvatning, sagði Þorgils V. Stefánsson, 76 ára Skagamaður.<sup>41</sup>

Líkt og árið áður voru þeim félögum veitt verðlaun sem voru með mesta þátttöku. Eins og fyrri daginn voru félagsmenn Höfrungs á Þingeyri áberandi öflugir. Þeir höfðu oftast tekið þátt, í 11.136 skipti. Ungmennafélagar í Samhygð í Gaulverjabæjarhreppi voru með mesta þátttöku miðað við íbúafjölda sveitarinnar og var meðaltalið hjá þeim rúmlega 22 skipti á íbúa.<sup>42</sup> Þar munaði vel um göngugarpinn Stefán Jasonarson í

Vorsabæ sem skokkaði daglega um Vorsabæjarveginn alla 95 dagana. Hvort félag um sig fékk hundrað þúsund króna peningaverðlaun sem voru afhent við sérstaka athöfn 3. október 1995.

## Umhverfið í okkar höndum

Þegar líða tók á 20. öldina var Ungmennafélag Íslands búið að geta sér orð sem umhverfisverndarsamtök. Landgræðsluferðir, fósturbörn í náttúrunni og hreinsunarverkefni sumarlangt oft en einu sinni höfðu stuðlað að þessu jákvæða orðspori. Sumarið 1994 óskaði umhverfisráðuneytið eftir samstarfi við UMFÍ um að bæta umgengni landsmanna við strendur landsins, haf, ár og vötn. Samband íslenskra sveitarfélaga og Bændasamtökin voru einnig með í leiknum.

Ákveðið var að gera þetta að umhverfisverkefni sumarsins 1995 og um áramótin var Anna Margrét Jóhannesdóttir ráðin verkefnisstjóri. Hún var þá ungmennafélögum að góðu kunn síðan hún sá um Lýðveldishlaupið sumarið áður. Verkefninu var ýtt úr vör með málþinginu „Umhverfið í okkar höndum“ á Hótel Loftleiðum 26. febrúar 1995. Þórir Jónsson, formaður UMFÍ, setti þingið en heiðursgestur var forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir. Á málþinginu kom fram að eitt meginverkefni næstu aldamótakynslóðar verða umhverfismál. Málþinginu var fylgt eftir með sjö fræðslufundum um land allt og umræður þeirra leiddu til útgáfu umhverfisblaðs. Þetta var 90 blaðsíðna sérrit *Skinfaxa* og þar kenndi fjölmargra umhverfisgrasa. Sagt var frá hreinsunar-



Merki umhverfisátaksins 1995.



*Fjölskyldur úr Reykjavík tóku sig til og hreinsuðu hluta af Hvalfjarðarströnd sumarið 1995.*

átaki sumarsins, flokkun á rusli, endurvinnslu, landgræðslu og grænni ferðaþjónustu svo fátt eitt sé nefnt.<sup>43</sup>

Hreinsunarátakið var stærsti þáttur verkefnisins og hófst hinn 5. júní 1995, sem var alþjóðlegur umhverfisdagur Sameinuðu þjóðanna. Hugmyndin var að hreinsa sem mest af ströndum og ár- og vatnsbökkum landsins. Ungmennafélagar og aðrir umhverfisvænir Íslendingar þyrptust út um víðan völl og gerðu góða hluti. Hátt í 3000 manns tóku þátt í átakinu og hreinsuðu meira en 1000 kílómetra vegalengd víðs vegar um landið. Svo var skrifað niður og skráð hvers konar rusl var um að ræða til að rekja mætti upprunann og stemma síðan stigu við meira af svo góðu. Þar kenndi margra ófagurra grasa en hátt í helmingur af ruslinu var plastúrgangur, drykkjarlát, bandspottar og þvíumlíkt.

Markmiðið með þessu öllu var að ná fram viðhorfsbreytingu hjá almenningi til að bæta umgengni við náttúru landsins. Þarna voru stigin nokkur skref í þá áttina en mörg eru ógengin. Lokaorð Önnu Margrétar verkefnisstjóra eru enn í fullu gildi:

Það er mikilvægt að líta á umhverfisverkefni af þessum toga sem vettvang þar sem við tökum höndum saman og stuðlum að bættri umgengni við náttúru landsins. Ekki bara á árinu 1995 heldur sem hluta af áframhaldandi baráttu fyrir betra og fegurra

landi. Það er á ábyrgð okkar að spilla ekki auðlindum fyrir komandi kynslóðum. – Umhverfið er í okkar höndum.<sup>44</sup>

Nú var skriður á umhverfisverndarmálum og stjórn UMFÍ ákvað að nota sér byrinn og hrinda af stað nýju verkefni árið 1996. Leitað var til Umhverfissjóðs verslunarinnar sem nú heitir Pokasjóður og tókst að fá hann til samstarfs. Ráðinn var verkefnisstjóri, Berghildur Erla Bernharðsdóttir, og svo var hafist handa. Umhverfisátakið að þessu sinni nefndist „Flöggum hreinu landi 17. júní,“ og fólst í því að

hreinsa rusl víða í náttúrunni. Taupoki sem bar nafnið Græni hirðirinn var settur á markað. Hann



*Anna Margrét Ingólfssdóttir úr Ungmennafélagi Bessastadahrepps afhendir frá Vigdísí Finnbogadóttur Græna hirðinn á Álftanesi þann 1. júní 1996.*





*Hópur barna tók þátt í skipulagðri hreinsun á Blönduósi 1996.*

innihélt ruslapoka og bók með fróðleik um umhverfismál. Átakið stóð dagana 1.-17. júní og markmiðið var að landið yrði sem hreinast á þjóðhátíðardaginn.

Fjölmiðlar voru vel með á nótunum að fylgjast með hreinsuninni og það hafði hvetjandi áhrif. Hljómsveitin Endurvinnslan tók þátt í kynningunni með fjölmönnum umhverfistónleikum á Akureyri sem nefndust „Rokk gegn rusli.“ Þar voru gefnir Grænir hirðar og hengdar voru upp fánagirðingar sem auglýstu átakið.

Átakið hófst formlega klukkan tíu að morgni hinn 1. júní á Álftanesi þegar ung stúlka í þjóðbúningi afhenti Vigdísí Finnbogadóttur forseta Græna hirðinn og sú síðarnefnda hófst handa við að hreinsa til. Um 300 manns tóku þátt í hreinsun með forsetanum þann dag. Um hádegisbilið hófst önnur hreinsun hjá Fjölni í Grafarvogi og þar voru tvær konur sem gátu hugsað sér að létta byrðar Vigdísar forseta, nefnilega forsetaframþjóðendurnir Guðrún Pétursdóttir og Guðrún Agnarsdóttir. Þetta vakti talsverða athygli og var hin besta auglýsing.


Verslanir og félög seldu hvorki meira né minna en tíu þúsund Græna hirða. Ein síða í bókinni var þátttökumiði sem skráði upplýsingar um ruslið sem var tínt. Hún var jafnframt happdrættismiði og heppnir þátttakendur hlutu ævintýraferð í Mýrdalinn að launum. Margir skiluðu athugasemdom á þátttökumíðunum og ein var svohljóðandi: „Fólk þarf að fara að hugsa um náttúruna sem heimili sitt. Það hendir enginn rusli á gólfíð

heima hjá sér.“<sup>45</sup> Fjöldi ungmennafélaga valdi sér tiltekinn hreinsunardag á þessu tímabili og gerðu viðburð úr deginum. Mörgum tókst að sameina vinnu og skemmtun. Fyrst var tínt rusl á fyrirfram ákveðnu svæði Svo var grillað og farið í sund og ýmsa leiki. Sjöttíu og fjögur félög og tuttugu og tvær verslanir fóru af stað með sitt fólk í ruslahreinsun og þar að auki fjöldi fólks á eigin vegum. Í skýrslu verkefnisstjórans er þessa umsögn að finna:

Áróðursgildi átaks af þessu tagi er mikilvægt og því sýnilegra sem það er, þeim mun líklegra er það til að efla vitund fólks um umhverfið. ... Umhverfisátak af þessu tagi er því nauðsynlegt með vissu millibili. Það er með þetta eins og annað að það er dropinn sem holar steininn.<sup>46</sup>

## Skinfaxi flýgur enn

Þegar Jóhanna Sigþórsdóttir lét af ritstjórstörfum *Skinfaxes* árið 1995 var ungur maður frá Vestmannaeyjum, Jóhann Ingi Árnason fjölmiðlafræðingur, ráðinn ritstjóri blaðsins. Hann tók einnig að sér að sjá um áskrifarmálin sem hafði verið illa sinnt og tókst að fjölga áskrifendum umtalsvert. Samtímis kom Edda Sigurðardóttir til starfa og sá um auglýsingasölu og innheimtu. Bæði höfðu þau starfsaðstöðu í húsi UMFÍ í Fellsmúla svo nú fjölgaði drjúgum á staðnum.<sup>47</sup>



*Jóhann Ingi Árnason ritstjóri Skinfaxes 1995 til 2000.*

Ritstjórnin var mjög virk á þessum tíma undir forystu Sigurbjörns Gunn-



arsonar og hún kom á merkilegu nýmæli þegar gefið var út sérřit *Skinfaxa* um fíkniefnaforvarnir sem var sent ókeypis til um það bil 17.000 unglunga á aldrinum 12 til 17 ára. Forvarnarblaðið sló í gegn, ungum áskrifendum fjölgaði, og auglýsendur voru jákvæðir. Frá þessum tíma hefur sérřit blaðsins fyrir ungt fólk verið gefið út á hverju ári og skilað góðum hagnaði. Blaðið var prentað á umhverfisvænan pappír sem mæltist vel fyrir.

Hinn nýi ritstjóri breytti ásýnd blaðsins töluvert og lagði mikla áherslu á ungt fólk og íþróttir. Viðtöl við íþróttafólk voru í hverju blaði og oftast prýddu viðkomandi garpar forsíðuna. Áhugamenn um íþróttir voru sáttir en öðrum þótti nóg um og sögðu að *Skinfaxi* hefði breyst í hreinrætt að íþróttablað sem væri á kostnað annars efnis. Jóhann Ingi ritstjóri taldi að nú þegar búið væri að leggja útgáfu *Íþróttablaðsins* niður væri pláss á markaðnum fyrir sérstakt íþróttablað við hlið *Skinfaxa*. Það varð úr að UMFÍ réðst í útgáfu íþróttablaðs árið 1998 sem hlaut nafnið *Sportlíf*. Jóhann Ingi ritstýrði báðum blöðunum og *Sportlíf* náði ágætri útbreiðslu um sinn. Þar með var UMFÍ, að margra áliti, farið að gefa út tvö íþróttablað samtímis.

Á miðju ári 1999 kom út forvarnarblað *Skinfaxa*. Reyndar var það aðeins hálf blað því annar helmingur þess tilheyrði *Sportlífi* og sneri öfugt við hinn. Þar með var hægt að lesa blöðin frá báðum hliðum og þótti einhverjum sniðugt en gömlum ungmennafélögum var misboðið og þótti málagnni UMFÍ sýnd lítil virðing með þessari meðferð.<sup>48</sup> Nú fór að stytast í samfylgdinni því smám saman dró af *Sportlífi* þar til útgáfu þess var hætt eftir tveggja ára líftíma. Ástæðan var sú að ekki tókst að fá auglýsingar í blaðið eftir að Edda Sigurðardóttir hætti störfum við sölu auglýsinga.

Jóhann Ingi Árnason sté upp úr ritstjórastólnum í árslok 2000 og við tók Valdimar Tryggvi Kristófersson sagnfræðingur. Hann var ekki ókunnugur *Skinfaxa* því undanfarin þrjú ár hafði hann skrifað reglulega í blaðið. Blaðið breyttist mjög við tilkomu Valdimars Tryggva og efni þess varð stórum fjölbreyttara. Íþróttirnar gleymdust þó ekki og landsmótin fengu góða umfjöllun. Ritstjórinn skrifaði leiðarana sjálfur en stjórnarmenn UMFÍ áttu lokaorð á öftustu síðu þar sem þeir vöktu athygli á málefnum dagsins. Forvarnarblaðið var á sínum stað og nú var farið að prenta



Valdimar Tryggvi Kristófersson ritstjóri *Skinfaxa* 2001 til 2004.

blaðið á vandaðan myndapappír. Mikil ánægja var með efni blaðsins og margir hrósuðu því.<sup>49</sup>

Árið 2002 var brugðið á það nýmæli að helga 2. tölublað *Skinfaxa* væntanlegu unglungalandsmóti. Þetta mæltist vel fyrir og varð góð auglýsing fyrir mót-ið. Slík unglungalandsmótsblöð hafa síðan verið árviss

enda var þá farið að halda mótin árlega. Valdimar Tryggvi Kristófersson ritstýrði 1. tölublaði ársins 2004 en þá tók Páll Guðmundsson kynningarfulltrúi UMFÍ að sér ritstjórastarfið til ársloka. Efnistökin voru fjölbreytt og mátti greina nýjan tón útivistar og gönguferða. Það kom því ekki á óvart þegar Páll hélt til starfa hjá Ferðafélagi Íslands en við ritstjórastarfinu tók Jón Kristján Sigurðsson blaðamaður sem gegnir því enn.

Jóni Kristjáni hefur tekist að halda úti fjölbreyttu blaði ásamt því að höfða til unga fólksins. Forvarnarblað hefur verið gefið út árlega og til að spara útsendingarkostnað hefur ritstjórinn sjálfur dreift því í grunnskóla landsins af miklum dugnaði. Árlega koma út fjögur tölublöð af *Skinfaxa* sem er litríkt og vel myndskreytt blað sem bæði tekur á alvörumálum og hefur uppi léttara hjál. Fréttir úr höfuðstöðvunum sem og hvarvetna frá

hreyfingunni birtast í stuttum myndskreyttum pistlum sem dreifast um blaðið.

Þegar talin eru með tvö fyrstu tölublöð ársins 2007 hafa verið gefin út 492 tölublöð af *Skinfaxa* frá upphafi. Þau eru samtals 14.794 blaðsíður þegar allt er talið. Á þessum blað-



Jón Kristján Sigurðsson ritstjóri *Skinfaxa* frá 2005.

síðum er skrásettur mikilsverður hluti af sögu ungmennafélagshreyfingarinnar. Þrátt fyrir peningaleysi og erfiðleika áður fyrr lögðu menn mikið á sig til að halda *Skinfaxa* gangandi. Sigurður Geirdal sagði frá því hve mikil áhersla var lögð á blaðið þegar verið var að byggja upp hreyfinguna kringum 1970: „Það var númer eitt að halda útgáfu *Skinfaxa* áfram, hann var mjög mikilvægur í öllu upplýsingastarfi og hann varð að halda velli.“<sup>50</sup> *Skinfaxa* skortir nú aðeins tvö ár í 100 ára afmælið en blaðið er síungt og á framtíðina fyrir sér.

## Norrænt samstarf

Nordisk Samorganisation for Ungdomsarbejde, skammstafað NSU, hélt áfram starfi sínu á hefðbundinn hátt á níunda áratug 20. aldar. Þessi regnhlífarsamtök norrænna ungmennafélaga voru með skrifstofu sína í Noregi því formaðurinn var norskur en starfsemi þeirra virtist heldur á niðurlandi. Norrænu samböndin skiptust á að halda ungmennavikur, ungbændaráðstefnur og skiptast á ungmennum sem yfirleitt héldu til á sveitabæjum í gistilöndunum. Margar ferðir voru farnar frá Íslandi til frænda vorra en hér verður drepíð lítið eitt á helstu atburði héraendis og þróun samtakanna sjálfra, sem tóku óvænta stefnu þegar líða tók að aldarlokum.

Enn bættist í samtakaflórana sem UMFÍ tilheyrir þegar það gekk í NORDLEK sem eru sam-

tök þjóðdansasfélaga á Norðurlöndum. Umsókn UMFÍ var tekin fyrir 3. júlí 1994 og samþykkt einróma.<sup>51</sup> Í tilefni af landsmóti dönsku ungmennafélaganna hjá DGI sem var haldið sumarið 1994 var ákveðið að stofna alþjóðleg samtök um íþróttir og menningu – International Sport and Culture Association á ensku, skammstafað ISCA. Tilgangur þeirra er samskipti á sviði almenningsíþróttar og að kynnast menningu í mismunandi löndum. Skemmst er frá því að segja að 10.-12. febrúar var stofnfundur samtakanna haldinn í Kaupmannahöfn. Fulltrúar frá öllum heimshornum komu á staðinn og tæplega 20 samtök gerðust stofnfélagar, þar á meðal UMFÍ. Formaður nýju samtakanna var kosin Karen Bjerre Madsen frá Danmörku enda fengu þau aðsetur í byggingu DGI í Vingsted.

Norræna ungmennavikan 1995 var haldin á Hrafnagili í Eyjafirði. Þangað komu 76 ungmenni frá öllum ríkjum Norðurlanda nema Færeyingar gleymdu að mæta.

Ekki sáu nema fjögur íslensk ungmenni ástæðu til að koma þrátt fyrir mikinn áróður og kynningarstarf héraendis. Það er náttúrulega miklu meira spennandi að fara til útlanda! Fimm manna nefnd undirbjó samkomuna og Halldóra Gunnarsdóttir starfsmaður UMFÍ var henni til halds og trausts. Þegar komið var að Hrafnagili var þátttakendum skipt í sex hópa og þeim fengin hin fjölbreytilegustu verkefni: Samin og sett upp leikrit, æfður söngur, gefin út blöð og ull var unnin. Svo var



Þátttakendur á norrænu ungmennavikunni 1995 láta fara vel um sig í Grímsey.



*Þátttakendur á ungbændaráðstefnunni á Höfðabrekku í Mýrdal 1996 plöntuðu trjám og skildu eftir áletrun á steini til minningar um dvölinu.*

náttúruskoðun, sjóstangaveiði, gönguferðir og klettaklifur á dagskrá ásamt mörgu fleira. Farnar voru miklar ævintýraferðir til Grímseyjar og í Mývatnssveit sem útlendingunum þótti mikið til koma. Farið var í ratleik og hin sígilda blakkeppni milli landa var á sínum stað. Á hverju kvöldi voru kvöldvökur í umsjón landanna til skiptis. Þar var spilað, sungið og dansaðir þjóðdansar fram á nótt. Þetta spunnu þátttakendur af fingrum fram og var hreint ótrúlegt ævintýri að sjá þetta gerast.

Tilkynnt var í upphafi að vikan yrði áfengislaus og gekk það ljúflega eftir. Kynning á dásemdum Íslands fór fram á hnitmiðaðan hátt og gestirnir fengu að dást að íslenskrri náttúru, tónlist, dansi, þjóðbúningum, glímu og mat. Frá því fyrstu gestirnir komu og þar til þeir síðustu fóru liðu tvær vikur svo umsjónarfólkið hafði nóg að gera. En erlendu gestirnir höfðu margir á orði að þessi tími hefði verið hreint ótrúleg upplifun svo óhætt er að segja að vel hafi tekist til hjá okkar fólki.<sup>52</sup>

Ungbændaráðstefnan 1996 var haldin á Höfðabrekku í Mýrdal 15.-19. maí. Þar hittust 30 bændur frá Norðurlöndum og báru saman bækur sínar um ferðabjónustu bænda. Menn voru sammála um að hún leysti ekki allan vanda dreifbýlisins en gæti verið góður kostur fyrir þá sem væru tilbúnir að leggja mikið á sig. Gestirnir hrifust mjög af landi og þjóð og báðu þess lengstra orða að Íslendingar stæðu vörð um sérkenni íslenskrar náttúru og menningar því það væri það sem útlendingar

kynnu best að meta. Ekki var þó setið á fundum alla liðlanga daga heldur slegið á léttari strengi. Einn dagur var tekinn í að keppa í dráttarvélarakstri, stangveiði og eggjatínslu svo nokkuð sé nefnt. Einnig brugðu menn sér á hestbak og gestirnir voru alsælir að ferðalokum.<sup>53</sup>

Hópur Íslendinga fór á aðalfund NSU, í Finnlandi í apríl 1996 en þá var haldið upp á 50 ára afmæli samtakanna. Pálmi Gíslason var endurkjörinn varaformaður NSU sem hann hafði þá verið í átta ár. Í febrúar 1997 var stjórnarfundur NSU

haldinn í Reykjavík og tókst vel. Hin nýju og ört vaxandi samtök ISCA héldu aðalfund sinn í Borgarnesi 23.-26. maí 1997. Fundinn sóttu 50 fulltrúar frá 23 þjóðlöndum. Skrautfjöldur UMFÍ var óvænt glímusýning þar sem fangbragðakappar birtust í fornum búningum og kynntu þjóðaríþróttina við mikla ánægju gestanna.<sup>54</sup>

Þegar hér var komið sögu var starfsemi NSU farin að dala. Aðsókn að gagnkvæmum heimsóknnum hafði minnkað og til dæmis var ungbændaráðstefnu sem halda átti í Danmörku 1997 aflýst vegna lítillar þátttöku. Danir voru farnir að tala um að segja sig úr NSU, sem hefði líklega þýtt endalok þess. Þeir frestuðu því vegna vináttu við Íslendinga sem vildu gjarnan reyna að hressa upp á samtökin.<sup>55</sup> Á stjórnarfundum NSU í Kóngsbakka í Svíþjóð haustið 1997 ræddu Sæmundur Runólfsson og Björn B. Jónsson um framtíð samtakanna og þá kviknaði hugmyndin að stóru ungmennamóti á Íslandi. Til að það gæti orðið að veruleika töldu þeir nauðsynlegt að Íslendingar tækju að sér formennsku í NSU og Björn var tilbúinn að taka slaginn.<sup>56</sup>

Á þing NSU sem haldið var í Dröbak í Noregi í apríl 1998 fór valinn hópur frá UMFÍ. Það voru Anna R. Möller, Sæmundur Runólfsson, Lene Hjaltason, Pálmi Gíslason og síðast en ekki síst Björn B. Jónsson. Norræna frændur okkar rak í rogastans þegar íslenskir ungmennafélagar kynntu hugmyndir sínar um að halda risavaxna norræna ungmennaviku eða öllu heldur menningarmót á





*Björn B. Jónsson tók við formennsku í NSU árið 1998 af Solveg Skogs frá Noregi.*

Íslandi árið 2000. Niðurstaðan varð sú að taka þessum hugmyndum fagnandi og í framhaldi af því var Björn B. Jónsson kjörinn formaður NSU. Þar með var skrifstofa NSU flutt frá Ósló til Reykjavíkur. Lene Hjaltason var ráðin framkvæmdastjóri NSU í hálfu starfi og hafði aðsetur sitt á skrifstofu UMFÍ. Hafist var handa við að undirbúa menningarmótið sem á norrænu nefndist „Kultur & ungdom“ en „Menning og æska“ á því ástkæra ylhýra.<sup>57</sup> Hér voru orðin mikil umskipti og í stað undanfalls var kominn stórhugur.

## Menning og æska 2000

Mikill undirbúningur lá að baki þegar leið að ungmennamótinu sem oftast var nefnt Kultur & ungdom, og var haldið á Íslandi 21. til 28. júní árið 2000. Strax í upphafi lá fyrir að slíkt mót yrði ekki haldið nema með stuðningi opinberra aðila. Hann fékkst og Ólafur G. Einarsson, alþingismaður og fyrrverandi ráðherra, var fenginn til að stýra undirbúningsnefnd mótsins. Aðrir í nefndinni voru Anna R. Möller og Sæmundur Runólfsson frá UMFÍ, Ómar Einarsson frá Reykjavíkur-

borg og Björn B. Jónsson frá NSU. Nefndin hélt 60 formlega fundi og mótið var kynnt í fjölmiðlum á meira en 100 stöðum. Helstu stuðningsaðilar mótsins voru íslenska ríkið, norræna ráðherranefndin, Reykjavíkurborg, Flugleiðir, Orkuveitan, HSK, ÍTR, ÍBR og Rauði krossinn.

Hér var ekki lítið í ráðist því um það bil 2000 norræn ungmenni komu frá öllum norrænu löndunum og þar að auki allmörg frá 10 löndum innan ISCA. Flest komu frá Finnlandi, 558 alls. Mikið blíðskaparveður var lengst af þá viku sem hátíðin stóð svo segja má að Reykjavík hafi tekið á móti gestunum í sparifötunum. Íslensku mótshaldararnir vildu með mótinu leggja áherslu á mikilvægi norrænnar samvinnu og bundu vonir við að gestirnir skipuðu sér eftir þetta í hóp tryggra Íslandsvina.

Þegar hátíðin var kynnt á Norðurlöndum var lögð á það áhersla að krakkarnir kynntu menningu síns lands á meðan á Íslandsdölinni stæði. Á setningarhátíð sem fram fór föstudaginn 23. júní sýndu þátttakendur fjölbreytt atriði hverjir frá sínu landi. Laugardalurinn og nágrenni var helsti vettvangur hátíðarinnar. Gist var í skólum umhverfis dalinn en máltíðir voru á Broadway og þar var miðstöð hátíðarinnar. Á kvöldin voru þar ýmist haldin diskótek eða kvöldvökur þar sem þátttakendur fengu að spreyta sig. Endalaust úrval listamanna virtist að finna meðal mótsgesta og þarna komu meðal annars fram níu hljómsveitir, fjórir þjóddansahópar, djassband, leikhópar, lúðrasveit og dansarar ýmiss konar.

Allir þátttakendur mótsins fengu passa sem hægt var að nota í strætó, sund og á dagskrá Menningarborgar Reykjavíkur en mótið var einn af dagskrárliðum hennar. Þátttakendur voru



*Sýningaratriði við setningarathöfn Kultur & ungdom á Laugardalsvelli árið 2000.*





*Hinn frábæri danski fimleikaflokkur Verdensholdet sýndi listir sínar við miklar vinsældir í Laugardalshöllinni á Kultur & ungdom.*

ánægðir með passann því þannig gátu þeir ferðast víða um Reykjavík og tekið þátt í bæjarlífinu. Á laugardaginn var mikil hátíð haldin í Fjölskyldugarðinum en þann dag var frír aðgangur fyrir alla. Gestir Kultur & ungdom voru mjög áberandi og margir sýndu listir sínar. Þarna var hinn frábæri danski fimleikaflokkur Verdensholdet eða Heimslíðið og hélt glæsilega sýningu í garðinum við þetta tækifæri.

Á sunnudaginn var farið á 36 rútum í ferð um Suðurland. Eftir að hafa skoðað Þingvelli, Gullfoss og Geysi var plantað 2000 trjám í nágrenni við Aratungu, þar sem sannkallaður vinaskógur vex í framtíðinni. Ferðin endaði á Selfossi þar sem Skarphéðinsmenn héldu mótsgestum mikla hátíð.

Að hátíðinni lokinni gátu þeir sem að henni stóðu sagt með góðri samvisku að hún hefði heppnast vel. Gestirnir fóru ánægðir heim og eiga vonandi flestir eftir að koma aftur til Íslands og rifja upp góðar minningar frá Kultur & ungdom í sól og sumaryl á Íslandi árið 2000.<sup>58</sup>

## NSU á Íslandi

Björn B. Jónsson var endurkjörinn formaður NSU og Pálmi Gíslason kjörinn gjaldkeri á þingi samtakanna sem var haldinn í Vík í Mýrdal 7.-10. september 2000. Á fundinum voru ný félagsamtök frá Álandseyjum, Grænlandi og Færeyjum tekin inn í NSU og þar með voru allar nor-

rænu þjóðirnar komnar í hópinn og aðildarsamtök-in orðin 19 talsins. Þetta var árangur af miklu kynningarstarfi sem var stjórnað frá aðsetri UMFÍ í Fellsmúla en rósinn í hnappagatið var hin stórkostlega hátíð Kultur & ungdom sem lengi verður í minnum höfð. Lene Hjaltason lét af starfi framkvæmdastjóra NSU í árslok 2000 og við því tók Valdimar Gunnarsson starfsmaður UMFÍ sem var þá í hálfu starfi hjá hvorum aðila.

Hjá UMFÍ var starf NSU tekið föstum tókum og stórlega eft. Skipulaginu var breytt þannig að öll aðildarfélögin fengu fulltrúa í stjórn samtakanna, sem gerði þau miklu virkari. Stefnt var að því að gera samtökin sýnilegri í lífi ungs fólks á Norðurlöndum með fjölmönnum og fjölbreyttum heimsóknum landa á milli. Ungmennavikur, ungbandaráðstefnur, norræn 4H-mót og Fællesmøde voru haldin árlega og stefnt að fjölbreyttri þátttöku. Þar var reynt að blanda saman starfi og leik í réttum hlutföllum og þar voru bundin vinabönd á milli landa.

Þegar Björn B. Jónsson var orðinn formaður UMFÍ haustið 2001 taldi hann rétt að hætta formennsku í NSU og



*Anna Ragnheiður Möller formaður NSU frá 2002.*

sagði af sér vorið eftir. Þá var Anna R. Möller stjórnarmaður UMFÍ kosin formaður NSU og hefur verið það síðan. Skrifstofa samtakanna var áfram í þjónustumiðstöð UMFÍ. Bryddað var upp á ýmsum nýmælum og eitt af þeim var leiðtoga-skóli NSU og UMFÍ sem var haldinn á Gufuskálum á Snæfells-

nesi í byrjun júlí 2002. Þangað mættu 33 ungmenni frá 13 aðildarsamtökum NSU og þar af þrjú frá Íslandi. Margir góðir kennarar létu ljós sitt skína yfir væntanlega leiðtoga en veg og vanda af undirbúningnum hafði Valdimar Gunnarsson og honum til halds og trausts var Páll Guðmundsson. Fyrirlestrarnir voru hver öðrum betri og að þeim loknum var farið í ýmsa leiki, keppnir og afþreyingu. Þar stóðu bátaferð niður Hvítá og vélsleðaferð á Snæfellsjökul upp úr og tengdi hópinn sterkum böndum. Þátttakendur voru himnifandi yfir veru sinni á Gufuskálum og einn þeirra, Magnús Sigurðarson frá Patreksfirði, hafði þetta um hana að segja:

Þetta var hreinasta snilld, fátt annað um það að segja. Þetta var ógleymanleg lífsreynsla og maður lærði helling og hefur vonandi þroskast sem einstaklingur. Maður kynntist mikið af góðum krökkum og ég vona að við náum að halda sambandi. Fyrirlestrarnir voru góðir og afþreyingin í hæsta gæðaflokki. Þetta var alveg rafmögnuð ferð.<sup>59</sup>

Tilgangur skólans var ekki síst sá að þjálfa nýja leiðtoga að sögn Valdimars Gunnarssonar. Það tókst alveg þrýðilega. Stjórnarmenn NSU voru flestir áhrifamenn í sínum landssamtökum og skólinn hafði þau áhrif að nú fór yngra fólk að láta til sín taka. Á næstu árum kom nýtt fólk með nýjar hugmyndir inn í forystu samtakanna og styrkti hana.<sup>60</sup>



Hópur norrænna ungmenna frá Leiðtogaskólanum 2002 tilbúin að fara í bátaferð niður Hvítá.

Annað námskeið leiðtogaskólans var haldið á Laugarvatni sumarið 2003. Þangað komu rúmlega 30 leiðtogaefni frá öllum norrænu löndunum og frá Grænlandi. Námskeiðið var undir skörulegri stjórn Valdimars Gunnarssonar og þótti takast vel ekki síður en árið áður. Haustið 2002 gerðist Valdimar fræðslustjóri UMFÍ og með vaxandi umsvifum í því starfi var ljóst að hann gat ekki áfram sinnt framkvæmdastjórastarfi NSU. Þá var ákveðið að flytja skrifstofu samtakanna á skrifstofu ISCA í DGI-húsinu í Kaupmannahöfn. Í ágúst 2004 tók Jacob Schouenborg við framkvæmdastjórastarfinu af Valdimari og skrifstofan fluttist til Danmerkur.<sup>61</sup>

Námskeið leiðtogaskólans sem höfðu slegið í gegn á Íslandi hafa síðan verið haldin erlendis við stöðugar vinsældir. Þar hafa sprottið upp framtíðarleiðtogar ungmennafélagshreyfingarinnar á Norðurlöndum. Norræna ungmennavikan 2006 var haldin á Varmalandi í Borgarfirði. Þema vikunnar var „Orka jarðar,“ en óvíða er meira af henni en hérlendis eins og allir Íslendingar vita. Fræðst var um eldgos og eldvirkni, jarðhita og nýtingu hans, jökla og gróðurhúsaræktun svo örfátt sé nefnt sem bar á góma. Þarna voru 80 glaðbeitt ungmenni frá Danmörku, Suður-Slésvík, Svíþjóð, Grænlandi, Noregi, Finnlandi og Íslandi á aldrinum 15-25 ára.

Á árunum 1993-2007 hefur fjöldi ungmenna farið óteljandi ferðir héðan til Norðurlanda á ungmennavikur, landsmót, menningarnámskeið, þjóðdansasmót og langtum fleira en hægt er að telja upp. Svo hafa norræn ungmennaskipti verið

töluverð og hvert ár hafa unglingar komið hingað og aðrir farið héðan og séð sig um á Norðurlöndum. Þessi kynni við norræna ungmennafélaga eru mörgum þátttakendum ógleymanleg og hafa víkkað sjóndeildarhringinn. Það er við hæfi að ljúka norrænni umfjöllun með orðum Fanneyjar Vigfúsdóttur úr Fellabæ þegar hún lýsir kveðjustund þátttakenda á ungmennaviku í Kramfors árið 2002:

Kveðjustundin á rútustöðinni í Kramfors var erfiðari en orð fá lýst. Að hugsa sér að svona sterk tengsl geti myndast á svona stuttum tíma á milli krakka af mismunandi þjóðernum. Þessi reynsla mun aldrei gleymast og það er víst að um aldur og ævi munum við minnst þessarar viku sem skemmtilegustu viku lífs okkar!!!<sup>62</sup>

## Loftskipið siglir

Ungmennafélag Íslands hefur alltaf beitt sér gegn eiturlyfjum og vímuefnum í hvaða mynd sem þau birtast. Sumarið 2000 tóku UMFÍ og Áætlun um Ísland án eiturlyfja höndum saman um forvarnarkerfni sem nefnt var Loftskipið. UMFÍ hafði náð góðu samstarfi við Áfengis- og vímuvarnarráð með unglíngalandsmótunum og hlaut þaðan ágætan fjárstyrk til verkefnisins.

María Stefánsdóttir var ráðin verkefnastjóri Loftskipsins og starfaði frá vori 2000 fram yfir næstu áramót. Verkefninu var skipt í þrennt. Í fyrsta lagi fundaherferð um allt land, verkefnið Fjölskyldan saman og svo ungmennaráðstefnuna „Jeg tarf ekki sjuss.“ Haft var samband við öll ungmennafélög landsins, grunnskóla, foreldrafélög og þar fram eftir götunum. Svo hófust fundirnir sem voru haldnir á átta stöðum á landinu og voru fjölsóttir. Sérstaka athygli vakti hópur ungmenna á Höfn sem var ófeiminn að láta skoðanir sínar í ljós og þar sköpuðust einkar góðar umræður eftir fundinn. Á öllum fundum voru

fulltrúar UMFÍ og kynntu forvarnastefnu samtakanna. Óhætt er að segja að UMFÍ hafi með þessu átaki kynnt sig sem öflugan forvarnaaðila á landsvísu.

Næsta skref var verkefnið Fjölskyldan saman. Verkefnið fólst í því að skrá samverustundir fjölskyldunnar í sérstaka dagbók á tímabilinu júlí til septembers 2000. Samvera fjölskyldunnar er besta forvörn sem hugsast getur. Um það eru allir sammála. Dagbók fjölskyldunnar var lítil, handhæg og full af hollráðum og fróðlegum upplýsingum. Hún var gefin út í 20 þúsund eintökum og þeir sem skiluðu henni inn voru þar með orðnir þátttakendur í spennandi happdrætti. Það var fjölskylda úr Hafnarfirði sem hreppti vinninginn, fjölskylduvænar 100 þúsund krónur sem ákveðið var að nota í skemmtilegt ferðalag – saman.

Lokaskrefið var ungmennaráðstefnan „Jeg tarf ekki sjuss,“ sem var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur 12. október 2000. Ráðstefnan var í höndum undirbúningsnefndar sem eingöngu var skipuð ungu fólki. Hópurinn stóð sig frábærlega og fléttaði saman framsögur, kynningu og skemmtun. Ráðstefnan hófst með því að atriðið úr Stellu í orlofi sem titillinn vísar í var sýnt en svo hófst ráðstefnan. Henni lauk svo með pallborðsumræðum en á palli sátu framsögumenn ásamt unglíðum stjórnmalaflokkanna. Þetta vakti mikla athygli og komust færri að en vildu til að spyrja pallfólkið. Ungu fólkinu þótti Loftskipið athyglisverð og skemmtileg leið til að vekja athygli á hvað forvarnir geta verið margvíslegar. Auður

Þórsdóttir í Borgarnesi, ein þeirra sem undirbjó ráðstefnuna af dugnaði, mælti fyrir munn félaga sinna þegar hún lýsti þessari upplifun:

Mér fannst þetta frábær hugmynd, eitthvað annað en gamla lumman „þú skalt ekki drekka“ sem er búin að dynja á manni síðan í 7. bekk. Að fá að taka þátt í svona er ekki bara mikill heiður, heldur líka



Loftskipið siglir.

## Ræktunarmaðurinn Björn B. Jónsson

Björn Bjarnald Jónsson (f. 1952) er fæddur í Neðra-Dal í Biskupstungum þar sem hann ólst upp til fullorðinsára og vann við algeng sveitastörf. Björn lauk búfræðiprófi frá Hvanneyri 1971 og útskrifaðist sem garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði 1974. Strax að loknu námi gerðist hann bóndi í Neðra-Dal en hóf þá að reisa sér nýbýli á Stöllum í landi jarðarinnar. Stallar eru garðyrkjubýli með garðrækt og gróðurhúsum enda nóg af heitu vatni þar í nágrenni Haukadals. Þar var Björn garðyrkjubóndi til 1991.

Björn kvæntist Jóhönnu Róbertsdóttur úr Reykjavík árið 1974 og eiga þau tvo syni. Jóhanna er markaðsfræðingur að mennt og starfar sem svæðisstjóri Rauða krossins á Suðurlandi. Björn hefur alla tíð verið áhugasamur um ungmennafélagsmál og gekk í Ungmennafélag Biskupstungna um leið og hann hafði aldur til, 14 ára gamall. Síðar varð hann formaður félagsins og enn síðar stjórnarmaður í Héraðssambandinu Skarphéðni og formaður þess árin 1988 til 1991.

Þá venti Björn kvæði sínu í kross og fór til Finnlands með fjölskyldu sína og tók að nema skógarverkfræði. Hann lauk námi sem skógarverkfræðingur frá Ekenäs Forstinstitut árið 1994. Næsta árið stundaði hann fil. kand.-nám í umhverfisfræði við Åbo Akademi en hvarf þá heim til Íslands og settist að á Selfossi. Á námsárum sínum kom hann á sumrin til Íslands og gerði úttekt á skógræktarstarfi ungmennafélaganna frá upphafi og var það lokaverkefni hans í verkfræðináminu. Björn hefur samið ýmis fræðirit um skógrækt og starfaði sem skógræktarráðunautur á Suðurlandi árin 1995 til 1997. Hann hefur verið framkvæmdastjóri Suðurlandsskóga frá 1997.

Björn er einn af þeim mönnum sem félagsmálin segja ekki skilið við og árið 1995 var hann kjörinn í stjórn UMFÍ og tók að sér starf varaformanns. Þeirri stöðu gegndi hann í sex ár en var einróma kjörinn formaður UMFÍ þegar Þórir Jónsson hætti árið 2001. Þá er ótalið að hann var kjörinn formaður norrænu ungmennasamtakanna NSU árið 1998 og var það í fjögur ár. Þá beitti hann sér fyrir einni mestu fjöldaheimsókn erlendra gesta þegar 2000 norrænir ungmennafélagar komu til Íslands og tóku þátt í menningarmótinu Kultur & ungdom sumarið 2000.

Það er tímafrekt áhugamál að vera formaður UMFÍ á 21. öld og ferðir Björns innanlands og utan á vegum samtakanna eru óteljandi. Björn býr á Selfossi og sagt er að væru ferðir hans fyrir UMFÍ yfir Hellisheiði lagðar saman í tíma væri það að minnsta kosti hálf túsund ársverk. Þá er hann í fleiri nefndum og ráðum á vegum samtakanna en talið yrði í fljótu bragði. En Björn er jafnan boðinn og búinn að leggja hönd á plóginn og hefur farið fyrir samhentri stjórn UMFÍ í sex ár.

Yfirlýst markmið Björns er að UMFÍ gefi fólki á Íslandi jafna möguleika til ræktunar líkama og sálar hvort sem er með þátttöku í íþróttum, menningu eða umhverfismálum jafnt og í félagsstarfi ungmennafélaga. Í formannstíð hans hafa þessar áherslur verið sterkar og einkum hafa unglingsmótin verið eflað og eru nú óskabarn hreyfingarinnar. Tengslin við umheiminn hafa verið styrkt og Björn hefur verið mjög virkur í því starfi sem öðru.

Björn er ræktunarmaður að eðlisfari. Skógrækt og mannrækt eru honum hugleikin og umhverfisvernd á í honum öflugan málsvara. Hann er hugmyndaþráður, óhræddur að feta nýjar brautir og takast á við krefjandi verkefni. Björn er grannvaxinn og rösklegur í framgöngu og gengur glaðbeittur til verka. Það sópar að honum hvar sem hann kemur og honum fylgir ferskur andblær ungmennafélagans.



*Björn B. Jónsson formaður UMFÍ 2001 til 2007.*

mjög lærdómsríkt. og síðast en ekki síst ógeðslega gaman. ... Svo var þetta líka bara svo flott ráðstefna. Ég er stolt.<sup>63</sup>

### Skógræktin kortlögð

Þegar Björn B. Jónsson, síðar formaður UMFÍ, dvaldist í Finnlandi árin 1991-1994 við nám í

skógarverkfræði fékk hann þá hugmynd að gera faglega úttekt á skógrækt ungmennafélaga á Íslandi frá upphafi. Markmið úttektarinnar var meðal annars að fá heildarsýn yfir skógrækt ungmennafélaga og sýna fram á brautryðjendastarf þeirra á þessu sviði. Þetta taldi hann einnig að gæti vakið ungmennafélaga til meiri áhuga um skógrækt og ýtt undir betra viðhald á skógar-





*Hjónin í Vorsabæ, Stefán Jasonarson og Guðfinna Guðmundsdóttir, gróðursetja grenitré í garðinum Skrúð í Dýrafirði.*

svæðum þeirra. Björn sótti um framlag frá UMFÍ í þessu skyni og var það auðsótt því verkefnið þótti mjög áhugavert. Björn fékk framlag úr Verkefnasjóði og hófst þegar handa.<sup>64</sup>

Björn kom til landsins um veturinn í stuttan tíma og sökkti sér ofan í athuganir á skýrslum félaganna allt aftur í byrjun aldarinnar. Þar las hann sér til um skógræktarstarfsemina og kortlagði hana eftir því sem kostur var. Ásamt því sendi hann bréf til allra ungmennafélaga og héraðssambanda og bað um upplýsingar um skógarreiti og skógræktarstarf þeirra frá upphafi. Skil urðu ágæt og um sumarið 1992 var Björn á ferð og hófst handa við að heimsækja félög og kanna skógarreiti þeirra um land allt.

Björn heimsótti öll þau félög sem vitað var að hefðu stundað skógrækt og spurðist fyrir um önnur og stundum komu í ljós reitir sem ekki voru heimildir um áður. Oft fór hann heim að bæjum og spurðist fyrir um

skógarreiti sem blöstu við sjónum en heimildir þögðu yfir. Vitað er þó um reiti sem ekki tókst að finna í þessari yfirferð, meðal annars nokkra á Vestfjörðum.

Alls skráði Björn 113 skógræktarreiti hjá 96 félögum. Þar af voru afmarkaðir skógarreitir á 57 stöðum. Við félagsheimili og íþróttavelli voru 43 staðir og hinir 13 voru flestir á golfvöllum. Öruggt má þó telja að skógarreitir hafi verið miklu fleiri í upphafi en úttektin segir til um því félög hafa stofnað til margra reita sem aðrir aðilar hafa síðan tekið við. Skógræktarfélög, kvenfélög og einstaklingar sinna nú mörgum þessara reita en í sumum tilfellum eru ungmennafélögin, stofn-

endur þeirra, horfin af sjónarsviðinu. Til viðbótar við þetta er víða að finna trjágróður heima við bæi eða nálægð þeirra sem ungmennafélagar hafa staðið fyrir með einum eða öðrum hætti. Varlega áætlað er að um 500 slíkir staðir finnist um land allt. Allt þetta vitnar um hina miklu hvatningu sem ungmennafélögin veittu til skógræktar hvarvetna á landinu.<sup>65</sup>

Flestir voru reitirnir á félagssvæði Skarphéðismanna eða 26 talsins. Þar af átti Ungmenna-



*Í Timburhólum, skógræktarreit Ungmennafélagsins Samhygðar í Flóa eru hálftrar aldar gömul tré orðin sjö metra há árið 2007.*

félag Gnúpverja fjóra reiti, Biskupstungnamenn þrjá og Samhygðarmenn tvo. Innan UÍA var 18 reiti að finna og Suður-Þingeyingar höfðu yfir 17 að ráða. Borgfirðingar áttu tólf reiti innan sinna vébanda, Eyfirðingar tíu og aðrir færri. Flest ungmennafélög áttu hvert sinn reit en þó áttu þingeysku félögin Gaman og alvara og Einingin ekki færri en þrjá hvort.

Skráning Björns á skógarreitunum er fagmannleg og nákvæm. Þar er sagt frá aldri skógar, stærð og legu landsins, vind- og frostalagi, jarðvegi og lággróðri. Rannsókn hans leiddi í ljós að land ungmennafélaganna hentaði stundum ekki vel til skógræktar. Þá sýndi það sig að viðkvæmari trjátegundir lifðu ekki af og reynslan kenndi mönnum að halda ekki áfram ræktun þeirra.<sup>66</sup> En öll þessi tré sem ungmennafélagar gróðursettu og lifðu ekki af dóu ekki til einskis. Þarna skapaðist dýrmæt reynsla sem kom síðari tíma skógræktarmönnum til góða.

Sumir fallegir reitir, sannkallaðir unaðsreitir, virtust ekki nýtast sem skyldi vegna þess að aðkoman var slæm, jafnvel vantaði gott hlið á girðinguna. Stundum voru engir lundir eða grasbalar í reitunum sem hentuðu til samkomuhalds. Jafnvel voru dæmi þess að hinir almennu félagar vissu ekki að félag þeirra átti skógræktarreit. Svo var líka að finna reiti sem var vel við haldið og öllum til sóma. Sumir þeirra eru áningarstaðir fyrir ferðamenn með göngustígum, áningarborðum og öðru tilheyrandi.

Eignaraðild ungmennafélaganna er kapituli út af fyrir sig. Úttektin sýndi fram á að eignarheimildir félaganna á skógarreitunum voru oft óljósar. Stundum höfðu góðviljaðir menn gefið land undir skógrækt en ládst hafði að þinglýsa því og erfingjar tekið landið til sín eftir daga gefendanna. Í sumum tilfellum var landið lánað en ekki gefið og þá gat brugðið til beggja vona þegar nýir ábúendur komu til sögunnar á jörðum með skógræktarreitum. Átak var gert til að laga þetta, meðal annars með tilstyrk Skógræktarfélags Íslands. Félögum var bent á að tryggja sér umgengnisrétt á landinu þótt ekki væri um eignaraðild að ræða. Þá yrði skógurinn áfram í eigu ungmennafélaganna. Þannig hefur tekist að leysa málin nokkuð víða.<sup>67</sup>

Þegar Skógræktarfélag Íslands var stofnað árið 1930 færðist frumkvæði skógræktarmála í hendur þess og skógræktarféлага almennt. Nánast öll ungmennafélög sem hafa skógrækt innan sinna



*Ungmennafélagar á Íslandi eiga stærri þátt í skógrækt en margan grunar.*

vébanda eru innan félagsins sem skógræktardeildir eða þá að þau hafa staðið fyrir stofnun skógræktarfélag, svo sem Ungmennafélag Hrunamanna og Skeiðamanna.

Fordæmi ungmennafélaga í skógrækt var til þess fallið að vekja áhuga alþjóðar fyrir verkefningu og þeir máttu vel við una að sjá það blómgastr og dafna í höndum annarra áhugamanna. Niðurstaðan er sú að skógrækt hefur alltaf verið stór þáttur í starfi ungmennafélaga og er það enn í dag. Þau ungmennafélög sem sinna skógrækt gera það af myndarskap og mörg hafa tekið þátt í sameiginlegum verkefnum eins og trjáplöntun í Þrastaskógi og víðar. Saga skógræktar á Íslandi frá upphafi 20. aldar er samofin sögu ungmennafélaganna og þar er hlutur þeirra meiri en margan grunar. Nú á tímum er skógrækt orðin viðurkennd búgrein og víða í þéttbýli grillir varla í húsin fyrir trjám. Það má því segja að þetta mikla frumkvöðlastarf ungmennafélaganna hafi borið ríkulegan ávöxt um síðir.

## Göngum um Ísland

Árið 2002 kom UMFÍ á fót nýju umhverfis- og útivistarverkefni sem nefndist „Göngum um Ísland“ og var eins konar arftaki Göngudags fjöl-



*Helgi M. Arngrímsson hefur haft veg og vanda af söfnun gönguleiða í leiðabók UMFÍ Göngum um Ísland.*

Lögð var áhersla á að leiðirnar væru stuttar og laggóðarogauðveldar fjölskyldufólki. Heilbrigðisráðuneytið gerðist samstarfsaðili UMFÍ í þessu verkefni, enda er ganga hin mesta heilsubót og fyrirbyggir flesta kvilla, telja þeir sem hana stunda. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra kom beint að efninu í ávarpi sínu í leiðabókinni og sagði:

Niðurstöður rannsókna segja reglubundna hreyfingu með hóflegri áreynslu hafa jákvæð áhrif á heilsu, starfsorku og líðan okkar. Þetta hafa fjölmargir sannreynt. Hreyfingarleysi er óvinur sem víða hefur bankað upp á og haft neikvæð áhrif á líðan okkar. Þetta hafa einnig fjölmargir sannreynt.

Jón benti á að ganga hentaði sérlega vel fyrir alla fjölskylduna og hvatti landsmenn til að ganga um landið sitt.<sup>68</sup> Hann gaf svo forðæmi þegar hann hóf verkefnið með stuttri gönguferð 29. júní 2002. Sama dag kom leiðabókin út. Heimasíða verkefnisins, [www.ganga.is](http://www.ganga.is),

var sett upp um þetta leyti og varð fljótlega fjölsótt. Þangað er hægt að sækja upplýsingar um gönguferðir ýmissa samtaka sem eru á döfinni og þá einnig leiðarlýsingar og fróðleik um 800 gönguleiðir. Heimasíðan er samstarfsverkefni Ferðamálaráðs, Landmælinga Íslands og UMFÍ. Ferðamálaráð hefur safnað þangað upplýsingum um gönguleiðir aðrar en þær sem UMFÍ hefur sett í leiðabókina. Landmælingar hafa sett inn á heimasíðuna kort af nokkrum gönguleiðum en því verkefni er þó ekki lokið.

Helgi M. Arngrímsson hefur starfað tímabundið á hverju ári fyrir gönguverkefnið á vegum UMFÍ og yfirfarið og endurbætt textann um leiðirnar. Leiðabókin *Göngum um Ísland* hefur verið gefin út árlega í 50 þúsund eintökum og dreift um landið í samráði við olíufélögin. Hún liggur frammi á bensinstöðvum og upplýsingamiðstöðvum ferðamanna. Fyrsta leiðabókin var 32 blaðsíður með 144 gönguleiðum en sú síðasta, frá árinu 2007, er 64 blaðsíður með 276 gönguleiðum og er talandi dæmi um vöxt og viðgang verkefnisins.

Í leiðabókinni er hver gönguleið merkt með póstnúmeri síns svæðis og bókstaf að auki. Þar er örstutt lýsing á leiðinni og bent er á hvar nálgast má frekari upplýsingar. Dæmi er hálf tíma gönguleið um Ósland rétt hjá Höfn í Hornafirði. Lýsing hennar er þannig í leiðabókinni 2007:

780-a 0,5 klst. Frá minnisvarðanum í Óslandi utan við Höfn er gengið umhverfis Óslandstjörn. Friðlýst svæði. Fjölbreytt fuglalíf. Upplýsingaskilti er á Óslandshæð.



*Ungmennafélagar á gönguferð um landið.*





*Gönguferð á góðum degi. Dyrfjöll í baksýn.*

Afar víðsýnt, m. a. yfir innsiglinguna um Hornafjarðarós. Göngukort fæst víða.<sup>69</sup>

Til að gera fólki auðveldara að finna gönguleiðirnar hafa verið sett upp skilti með merkinu *ganga.is* sem blasa við af veginum. Skiltið markar upphaf gönguleiðar. Þá er ekki annað að gera en stökkva út úr bílnum og labba af stað. Gönguleiðirnar eru stuttar, hálf tíma til tveggja tíma ganga hver, og svo vel stikaðar og merktar að hægt er að fara um þær í þoku og dimmviðri ef því er að skipta. Markmiðið er að fjölskyldan geti farið saman út að ganga á þessum gönguleiðum á ferð sinni um landið.

Hvatning Björns B. Jónssonar, formanns UMFÍ, segir það sem segja þarf um tilgang þessa verkefnis:

Með því að ganga um landið getur fjölskyldan í sameiningu fræðst um náttúruna og landið og um leið stundað góða heilsuþót. Þannig getum við sameinast um að gera eitthvað skemmtilegt og um leið tengja saman áhugamál hvers og eins. Komum okkur af stað, kynnumst landinu betur og ræktum heilsuna um leið.<sup>70</sup>

## Fjölskyldan á fjallið

Samtímis gönguverkefninu fór af stað annað umhverfisverkefni sem nefndist „Fjölskyldan á fjallið.“ Markmiðið var að fá fjölskyldur í létta fjallgöngu og stuðla þannig að aukinni samveru, útivist og um leið líkamsrækt innan fjölskyldunnar. Ásdís Helga Bjarnadóttir, ritari UMFÍ, hefur stjórnað þessu verkefni frá upphafi. Ákveðið var að koma því á fót um land allt enda enginn skortur á fjöllum á Íslandi.

Þegar verkefnið hófst árið 2002, sem var ár fjallsins hjá Sameinuðu þjóðunum, þótti tilvalið að tengja það gönguverkefninu. Þegar búíð var að hafa samband við héraðssambönd og félög með beina aðild voru upplýsingar um 21 fjall settar í leiðabókina *Göngum um Ísland*. Hvert héraðssamband valdi sér eitt eða tvö fjöll og síðan þrammaði einvalalið ungmennafélaga héraðsins upp á fjallstindinn og kom þar fyrir póstkassa.



*Ásdís Helga Bjarnadóttir með póstkassa á leið upp á fjall.*





Skarphéðismenn tylla sér niður við póstkassann eftir fjölskyldugöngu á Stóra-Dímon 25. maí 2003.

Í honum var að finna gestabók og þar skráðu allir nöfn sín og símanúmer. Sama gerðu allir sem gengu á fjallið síðar um sumarið. Til að gera þetta enn meira spennandi var efnt til happdrættis og dregnir út vinningshafar meðal fjallgöngumanna.

Íslensk fjöll eru næstum óteljandi svo nógu var úr að velja. Skagfirðingar völdu sitt göngufjall ekki af verri endanum sumarið 2002. Það var sjálfur Mælifellshnjúkur. Í leiðabókinni það sumar mátti lesa eftirfarandi lýsingu á gönguleið á hnjúkinn:

1.138 m, hækkun 670 m Ekið frá Varmahlíð (rúmlega 11 km). Tiltölulega auðveld stikuð leið en nokkuð brött efst, um 4 klst. Útsýni er frábært og talið sjást í 11 sýslur. Gott göngukort.<sup>71</sup>

Rúmlega fjögur þúsund göngugarpar skeiðuðu á fjöllin þetta sumar og tíu heppnir úr hópnum hlutu útivistartengd verðlaun í formi vöruúttektar í sportvöruverslun.<sup>72</sup> Verkefnið þótti takast með eindæmum vel og ekkert hik var á ungmennafélögum að halda því áfram. Næstu árin gengu fjölskyldur á fjöll sem aldrei fyrr. Árlega tilnefndu héraðssamböndin og félögin ný fjöll og flest þeirra höfðu af nógu að taka. Ungmennafélag Grindavíkur hélt sig þó fast við fjallið Þorbjörn og Óðinn í Vestmannaeyjum benti á Eldfell, yngsta fjall á Íslandi. Keflvíkingar eru heldur fátækir af fjöllum og hafa íhugað að taka

fjall að láni í nágrenninu til að geta verið með!

Árið 2003 voru fjallgöngumenn um fimm þúsund og þegar að var gáð kom í ljós að 62 ára kona, Elínborg Kristinsdóttir úr Reykjavík, hafði gert sér lítið fyrir og gengið á flestöll fjöllin sem stóðu til boða. Hún fékk sérstök verðlaun frá UMFÍ um haustið en hafði þetta að segja um sína frammistöðu:

Þetta byrjaði nú allt með því að ég sá *Leiðabók* UMFÍ á bensinstöð og verkefnið Fjölskyldan á fjallið höfðaði til mín og við hjónin byrjuðum að ganga á fjöll. Árið 2002 gekk ég á átta fjöll og síðastliðið sumar bætti ég um betur og fjöllin urðu alls 17 talsins.<sup>73</sup>

Árið 2004 lokkaði seiðmagn fjallanna til sín hvorki fleiri né færri en 14 þúsund göngumenn og þar með var þetta orðið eitt fjölmennasta umhverfisverkefni UMFÍ fyrr og síðar.<sup>74</sup> Reyndar gerðist það stundum næstu árin að misbrestur varð á að sambandsaðilar stæðu í stykkinu við að setja póstkassana á fjöllin. En þegar Ásdís Helga Bjarnadóttir impraði á þeim möguleika á samráðsfundi að leggja verkefnið niður vegna þessa uppskar hún því lík fjöldamótmæli að annað eins hefur varla heyrst. Fjölskyldan á fjallið var frábærasta verkefni sem þetta fólk hafði tekið þátt í og ekki kom til mála að leggja það niður.<sup>75</sup>

Það er líka mála sannast að margir hafa sam-

einað líkamsrækt, samveru, útivist og skemmtun með því að fara með fjölskyldu sinni á fjallið.

## Flutt á Laugavegin

Lengi vel undu stjórnarmenn og starfsfólk UMFÍ hag sínum vel í Fellsmúla 26 enda rými fyrir gistingu og skrifstofu margfalt á við það sem verið hafði. Húsnæðið var þó komið nokkuð til ára sinna og þurfti endurnýjunar við. Þegar liða tók að aldarafmæli UMFÍ kom upp sú hugmynd innan stjórnar að byggja nýjar aðalstöðvar frá grunni. Tími væri til kominn fyrir UMFÍ að byggja hús



*Laugavegur 170, núverandi aðsetur UMFÍ.*

sem væri sniðið að þörfum og óskum hreyfingarinnar.

Árið 2001 komu upp hugmyndir um húsbyggingu í Grafarvogí en þær reyndust ekki henta við nánari athugun og áfram var leitað að framtíðarstaðnum.<sup>76</sup> Á þingi UMFÍ haustið 2005 var samþykkt að fela stjórn að hrinda byggingu nýrra aðalstöðva hreyfingarinnar í framkvæmd. Svo var bætt við af nokkurri bjartsýni: „Stefnt verði að því að uppbyggingunni verði lokið á 100 ára afmæli UMFÍ árið 2007.“<sup>77</sup> Sú bjartsýni var reyndar fullmikil en nú var gengið í það af fullum þunga að finna stað fyrir bygginguna innan borgarmarka Reykjavíkur. Borgaryfirvöld tóku málaleitan UMFÍ vinsamlega og það breyttist

ekki þegar nýr meirihluti tóku við valdataumunum vorið 2006. Óslitnar viðræður í tvö ár samfleytt við ráðamenn borgarinnar báru þann árangur að sumarið 2006 var UMFÍ úthlutað lóð á „besta stað í bænum,“ eins og Sæmundur Runólfsson orðaði það.<sup>78</sup> Sagt er að þar hafi hæfileikar samningamannsins Sæmundar notið sín vel.

Lóðin er í skarði milli tveggja húsa á Tryggvagötu 13 og væntanleg bygging mun því aðeins hafa tvær sýnilegar hliðar, aðra móti suðri og hina móti norðri. Grunnflötur lóðarinnar er um 1200 fermetrar og þar má byggja allt að sjö hæða hús. Þar verða væntanlega skrifstofur UMFÍ og aðstaða fyrir gistingu en réttast mun fyrir bókarhöfund að láta aðra um frekari hönnun hússins. Fyrirmynd þess er fengin frá DGI, samtökum dönsku ungmennafélaganna, sem byggðu fyrir nokkru sínar höfuðstöðvar í Kaupmannahöfn.

Þegar fréttist að UMFÍ væri á förum úr Fellsmúlanum gerði Almenna verkfræðistofan UMFÍ kauptilboð í húsið upp á 92,5 milljónir. Tilboðinu var tekið enda talið nokkuð hagstætt.<sup>79</sup> Í janúar 2007 flutti svo UMFÍ sig um set úr Fellsmúla 26 og gerðist leiguliði á Laugavegi 170. Þar verður aðsetur samtakanna þar til flutt verður í nýja húsið. Húsnæðið á Laugavegi er talsvert minna en í Fellsmúla og þar er ekkert pláss fyrir gistingu. Félag UMFÍ, ekki síst á landsbyggðinni, bíða því með eftirvæntingu eftir að nýja húsið rísi.

## Starfsmenn um aldamótin

Þegar Þórir Jónsson varð formaður UMFÍ í október 1993 hafði Helgi Gunnarsson viðskiptafræðingur starfað í þrjá mánuði á þjónustumiðstöð samtakanna. Helgi er einn ófárra Vestur-Skaftfellinga sem hafa átt erindi í höfuðstöðvar samtakanna og unnið þar um lengri eða skemmri



*Helgi Gunnarsson starfsmaður UMFÍ 1993 til 1998.*

skeiðshald og fleira. Eftir fimm ár hvarf hann til annarra starfa en hélt áfram að aðstoða við reikningsskil samtakanna.

Edda Sigurðardóttir sá um sölu auglýsinga fyrir *Skinfaxa* á árunum 1995 til 1997 og svo aftur 1998 til 2000. Hún var harðduglegur sölumaður og vafði auglýsendum um fingur sér. Hún hafði



*Edda Sigurðardóttir starfsmaður UMFÍ 1995 til 1997 og 1998 til 2000.*

og sinnti því með ágætum næstu árin. Þá stakk sér niður hinn algengi atvinnusjúkdómur ritaranna og í júní 2002 fór Þóra í barneignarfrí og eignaðist dreng um haustið. Hún kom svo aftur til starfa árið eftir en haustið 2003 breytti hún til og sleppti símanum en tók að sér bókhaldið í staðinn. Þóra starfaði fram á sumar 2007 en hætti þá störfum og gerðist verslunarstjóri hjá Rauða krossinum. Hún hafði þá starfað á níunda ár hjá UMFÍ, lengst allra kvenna.

Í desember árið 1999 kom Valdimar Gunnarsson til starfa hjá UMFÍ. Hann var hagvanur innan

tíma. Helgi var ekki ókunnugur þar innan dyra, fyrrverandi formaður USVS og hafði verið skólastjóri Félagsmálaskólans um árabíl.

Helgi starfaði mest við bókhald og fræðslumál samtakanna og var skólanefnd Félagsmálaskólans innan handar við nám-



*Þóra Kristinsdóttir starfsmaður UMFÍ 1999 til 2007.*



*Valdimar Gunnarsson starfsmaður UMFÍ 1999 til 2007.*

hreyfingarinnar og hafði meðal annars verið framkvæmdastjóri HHF um skeið. Fljótlega tók hann að sér framkvæmdastjórn unglíngalandsmótsins á Tálknafirði og í Vesturbyggð árið 2000 og hélt áfram störfum hjá UMFÍ að því loknu. Frá ársbyrjun 2001 og fram í ágúst 2004 var hann framkvæmdastjóri NSU í hálfu starfi og fór þá margar ferðir til Norðurlanda. Síðar kom Páll Guðmundsson til starfa hjá UMFÍ og þá var Haukur Björnsson framkvæmdastjóri ULM í Stykkishólmi. Þeir náðu vel saman að sögn Valdimars:

Það var mikil gerjun þegar við Páll Guðmundsson vorum hér báðir, ég tala nú ekki um þegar Haukur Björnsson bættist í hópinn. Þá komu fram margar hugmyndir sem síðar var hrint í framkvæmd. Fyrstu árin var Björn B. Jónsson frábær í að hvetja okkur og það varð til þess að við lögðum okkur alla fram. Hann sagði: „Já strákar, fínt hjá ykkur,“ og var eins og þjálfarinn í liðinu.<sup>80</sup>

Það kom í hlut Valdimars að sjá um þátt UMFÍ í Vest Nordisk ungdomsforum. Þetta er samstarfsverkefni Færeyja, Grænlands og Íslands í æskulýðsmálum og haldin voru leiklistar- og kvikmyndanámskeið á þeirra vegum. Sótt var um og fengið fjármagn úr norrænum sjóðum en UMFÍ þurfti engu til að kosta. Haustið 2003 var Valdimar skipaður fræðslustjóri UMFÍ og landsfulltrúi árið 2005. Vorið 2007 sneri hann sér að



öðrum verkefnum og hætti eftir fjölbreytt átta ára starf hjá UMFÍ.

Á miðju sumri 2002 var Páll Guðmundsson íþróttakennari ráðinn sem kynningarfulltrúi UMFÍ. Páll var bæði hugmyndaþekktur og framkvæmdasamur og tilkoma hans gerði UMFÍ miklu sýnilegra en verið hafði um skeið. Skömmu eftir nýárið 2004 bætti hann á sig að ritstýra *Skinfaxa* fram til áramóta. Þá söðlaði hann um og hefur síðan verið framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.



*Páll Guðmundsson starfsmaður UMFÍ 2002 til 2004. Ritstjóri Skinfaxa síðasta árið.*

2005 eignaðist hún fyrsta barn sitt og hætti störfum eftir það. Eftir það voru ýmsar stúlkur til afleysinga en í mars 2006 settist Esther Jónsdóttir í ritarastólinn og sat þar til júliloka 2007.



*Sigurlaug Ásta Sigvaldadóttir starfsmaður UMFÍ 2003 til 2005.*

Vorið 2004 kom Svava Björnsdóttir á þjónustumiðstöðina með sjálfstætt verkefni sem nefnist Blátt áfram og er forvarnaverkefni gegn kynferðislegri misnotkun á börnum og unglíngum. Verkefnið var rekið sjálfstætt með fjárstuðningi ýmissa aðila en UMFÍ lagði til húsnæðið og margháttada aðstoð. Svava starfaði við verkefnið til vors 2006 að það færðist annað.

Árið 2005 voru settar upp ein og hálf svæðis-



*Esther Jónsdóttir starfsmaður UMFÍ 2006 til 2007.*

miðstöð á landsbyggðinni á vegum UMFÍ. Ómar Bragi Stefánsson hefur síðan verið í fullu starfi sem landsfulltrúi á svæðismiðstöð UMFÍ á Sauðárkróki. Hann hafði þá hlotið eldskírni sem framkvæmdastjóri bæði landsmótsins og unglíngalandsmótsins á staðnum sumarið 2004. Það fylgir starfinu að Ómar Bragi er fastráðinn framkvæmdastjóri unglíngalandsmóta og hefur mótað þá vinnu að stórum hluta enda búinn að koma sér upp miklum reynslubanka.

Ingi Þór Ágústsson hjúkrunarfræðingur á Ísa-firði var ráðinn samtímis Ómari Braga sem svæðisfulltrúi á staðnum í hálfu starfi. Ári síðar lét Ingi Þór af störfum en við tók Torfi Jóhannsson sem er í hálfu starfi hjá HSV og hálfu starfi hjá UMFÍ og sinnir ýmsum sérverkefnum. Í ágúst 2006 kom Guðrún Snorraddóttir námsráðgjafi að störfum við sérverkefnið Flott án fiknar en var ári síðar skipuð í starf landsfulltrúa í stað Valdimars Gunnarssonar.

Þegar ungmennabúðir UMFÍ voru stofnsettar á Laugum í Sælingsdal í upphafi árs 2005 var Bjarni Gunnarsson ráðinn forstöðumaður þeirra til ársloka. Þá tók Anna Margrét Tómasdóttir við forstöðunni og hefur gegnt henni síðan. Haustið 2006 kom Alda Pálsdóttir til starfa sem sölustjóri afmælisbókar UMFÍ *Vormenn Íslands* sem Jón M. Ívarsson var þá byrjaður að rita. Í ágúst 2007 var hún ráðin skrifstofustjóri UMFÍ með margháttuðum verkefnum. Haustið 2006 kom Helgi Gunnarsson aftur til starfa sem fjármálastjóri samtakanna enda hafði hann haft hönd í bagga með fjármálunum allar götur frá 1993. Þá er ónefnt að bókarhöfundur tók að sér að skipuleggja skjalasafn UMFÍ árið 1991 og hefur unnið nokkuð við það á hverju ári síðan enda verkefnið endalaust.

Hér hafa verið taldir upp margir vinnumenn og vinnukonur sem hafa verið vistráðin á búinu eitt ár eða lengur. Álíka fjölmennur hópur hefur starfað skamma stund og verður ekki tíundaður. Einu er þó við að bæta. Skömmu eftir áramótin 2007





*Starfsfólk UMFÍ og Evrópu unga fólksins 2007. Fremsta röð: Eva Vilhjálmsdóttir, Anna R. Möller, Torfi Jóhannsson. Miðröð: Guðrún Snorradóttir, Alda Pálsdóttir, Helgi Gunnarsson. Aftasta röð: Jón Kristján Sigurðsson, Jón M. Ívarsson, Ólafur Árnason, Sæmundur Runólfsson og Ómar Bragi Stefánsson.*

tók UMFÍ að sér verkefni fyrir menntamálaráðuneytið sem nefnist Evrópa unga fólksins. Það felst í fjölbreyttum verkefnum fyrir ungt fólk á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum á vegum Evrópusambandsins. Þrír starfsmenn starfa á vegum EUF og hafa aðsetur á skrifstofu UMFÍ. Ólafur Árnason sálfræðingur veitir verkefninu forstöðu en aðrir starfsmenn eru Anna R. Möller meðstjórnandi UMFÍ og Eva Vilhjálmsdóttir kennari. Haustið 2007 voru því níu manns að störfum á þjónustumiðstöð UMFÍ.

## Rekstur félagsheimilanna

Þegar líða tók á síðustu öld voru flest ungmennafélög sem einhver veigur var í búin að koma sér upp félagsheimili. Það sýndi sig að félög án félagsheimilis áttu undir högg að sækja og í sumum tilfellum er svo að sjá að húsnæðisleysi hafi orðið þeim að aldurtila. En þegar ungmennafélögin höfðu komið sér upp húsnæði sem í mörgum tilfellum var bæði vandað og kostnaðarsamt kom upp ný staða. Sums staðar voru félögin hvorki fjölmenn né fjársterk og mörg þeirra skorti bolmagn til að reka húsin og viðhalda þeim. Oftar en ekki átti þetta sinn þátt í slæmri endingu þeirra

og drjúgum viðhaldskostnaði. Í úttekt sem gerð var á félagsheimilinu Hjaltalundi á Austurlandi árið 1978 skömmu áður en ráðist var í að klæða húsið að utan með stálklæðningu stendur meðal annars:

Utanhúss er þússning víða dottin af húsinu og sér í bera steypuna. ... Gluggakarmar eru flestir ónýtir af fúa. ... Útihurðir eru ónýtar. Innanhúss ber allt merki þess að húsinu hefur aldrei verið að fullu lokið og viðhaldi hefur verið ábótavant. Húsið stendur yfirleitt óupphitað og á það sinn stóra þátt í hrörnun þess.<sup>81</sup>

Í ársskýrslu Ungmennafélagsins Dagrenningar í Lundarreykjadal árið 1984 koma fram hugleiðingar forystumanns félagsins um það álag sem leiðir af miklum eignum í steinsteypu sem gefa lítið af sér en krefjast bæði vinnu og fjármuna. Hugleiðingar af því tagi láta æ meira á sér kræla eftir því sem líður á 20. öldina:

Dagrenning er lítið félag þó að það sé stórt. Það er stórt að því leyti að heildar félaga-fjöldi að æskudeild meðtalinni svarar til



*Brautartunga í Lundarreykjadal, félagsheimili Ungmennafélagsins Dagrenningar.*

Þess að 75 af hundraði íbúanna væru í félaginu. Það er stórt að því leyti að það á miklar eignir í steinsteypu, innanstokksmunum og bókum. Samt er það lítið vegna þess að aðeins 30 af hundraði félaganna eru búsettir og/eða dveljast langdvölum á félagssvæðinu. Það er lítið vegna þess að eignirnar eru nánast baggi á félaginu, það er að segja krefjast talsverðra útgjalda en gefa litlar tekjur. ... Á seinasta ári var öll starfsemi í lágmarki. Orsakanna er að hluta til að leita hjá stjórn og að hluta til í þeirri staðreynd að aðalfjáröflunarleið félagsins er brostin og ekki hefur tekist að finna aðra jafngóða. Þarna er átt við opinbert dansleikjahald.<sup>82</sup>

Hér er minnst á vaxandi vanda félaga, einkum í sveit, sem áttu stór og vönduð félagsheimili. Fram til þessa höfðu dansleikirnir, hin svokölluðu sveitaböll, verið helsti og öruggasti tekjuliður margra þeirra. Aðferðin til að fá unga fólkið á staðinn var að fá þekktar og vinsælar danshljómsveitir til að leika fyrir dansi. Flestir miðaldra Íslendingar kannast við hljómsveitirnar Hljóma, Loga, Mána og allar hinar sem troðfylltu húsin á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Á níunda áratug aldarinnar brá svo við að böllin hættu að bera sig, jafnvel þó aðsókn væri sæmileg, en hún fór þó ört minnkandi. Hljómsveitir voru orðnar dýrari og annar kostnaður hækkaði. Þar með blasti taprekstur við félagsheimilunum og eigendum þeirra, þar á meðal ungmennafélögum. Menn spurðu sig hvað væri að gerast og hvers vegna.

Svarið má meðal annars finna í könnun sem þingskipuð nefnd gerði árið 1982 til að skilgreina vanda félagsheimilanna. Nefndin sendi spurningaeyðublöð til allra félagsheimila landsins og bað forstöðumenn þeirra að benda á helstu erfiðleika í rekstri og gera ábendingar um það sem betur mætti fara.<sup>83</sup>

Í svörum félagsheimilanna kenndi ýmissa grasa en fjórir þættir voru oftast nefndir: Efst á baugi var viðhald húsanna. Víða var fyrirsjáanlegur mikill kostnaður við það en litlar tekjur í sjónmáli. Kyndingarkostnaður var eigendum húsanna hugleikinn. Flest voru húsin oliukynt og sá orkugjafi hafði hækkað umtalsvert í verði síðasta áratuginn. Þá var aukin skattlagning hins opinbera og vaxandi löggæslukostnaður forráðamönnum húsanna þyrnir í auga. Forráðamenn félagsheimilisins Skjaldar á Snæfellsnesi sögðu helstu erfiðleika vera „hitunarkostnað og löggæslu í óhófi.“ Sem dæmi nefndu þeir að sex lögregluþjónar hefðu mætt á dansleik þar haustið 1982 og fannst það greinilega ofrausn.<sup>84</sup> Eigendur Sævangs á Ströndum tóku í sama streng og sögðu löggæslukostnaðinn vera þungan bagga. „Finnst okkur þetta mikið borgað fyrir ekkert því þessir menn þurfa ekki og eiga ekki að koma inn í samkomuhús.“<sup>85</sup>

Allt bar þetta að einum brunni og enn þvingdist undir fæti þegar bjórin var leyfður árið 1989. „Það sem gerðist þá var að fólkið hætti að koma. Þá fór unga fólkið að stunda bjórbúllur í þéttbýlinu en hætti að koma á sveitaböllin,“ sagði Sigurður Guðmundsson í Sviðugörðum, gjaldkeri félagsheimilisins Félagslundar í áratugi.<sup>86</sup> Síðasti

naglinn í líkkistu sveitaballanna var virðisaukaskatturinn sem kom til sögunnar árið 1990. „Virðisaukaskatturinn kom á allar tekjur burtséð frá því hvort samkoman skilaði hagnaði eða tapi. Þetta drap sveitaböllin alveg,“ sagði Böðvar Páls-son á Búrfelli sem sá um rekstur Borgar í Grímsnesi frá því á sjöunda áratugnum og til aldamóta. Eftir það var ekki grundvöllur fyrir slíkum skemmtunum og þar með var fótunum kippt undan rekstri margra félagsheimila.

Helsta fjáröflun margra félagsheimila í seinni tíð hefur verið útleiga á tjaldstæðum við þau og gisting í þeim fyrir ferðamenn á sumrin. Þar eru veiðimenn og hestamenn oft fjölmennir. Þá eru húsin í vaxandi mæli notuð undir einkasamkvæmi á borð við fermingar- afmælis- og brúðkaupsveislur, að ógleymdum ættarmótum.<sup>87</sup>

## Félagsheimilum fækkar

Oft verður þess vart að íbúar dreifbýlisins virðast tileinka sér annan hugsunarhátt gagnvart samfélaginu en íbúar í þéttbýli. Þetta kom ekki síst fram í umfangi þeirrar sjálfböðavinnu sem unnin var þegar byggð voru félagsheimili. Ungmennafélög í litlum sveitarfélögum áttu yfirleitt stærra hlut í félagsheimilum en félög í fjölmennari sveitum. En eftir 1970 hafa orðið marktækar breytingar á aðstæðum og hugarfari fólks í dreifbýli. Tvennt kemur til. Eitt er það að ungt fólk sækir vinnu og menntun út fyrir sína heimasveit og svo gott sem flyst búferlum í önnur byggðarlög strax við nám í framhaldsskóla. Í öðru lagi

eru það breyttir atvinnuhættir í dreifbýlinu. Hinn hefðbundni blandaði búskapur er á hröðu undanhaldi. Eftir standa fáein stórbú og svo kvótalausar eða kvótalitlar jarðir. Það fólk sem þar býr sækir margt atvinnu sína til næsta þéttbýlis og hefur ekki þann tíma fyrir sjálfböðavinnu sem fyrri kynslóðir höfðu á 20. öld. Margrét Árnadóttir á Hallfreðarstöðum í Hróarstungu lýsti þessu þannig: „Sjálfböðavinnan er horfin. Sveitafólk er í vinnu og hefur ekki tíma til neins lengur.“<sup>88</sup>

Þessi breyttu viðhorf hafa gert sitt til að fækka félagsheimilum í eigu ungmennafélaganna. Mestu breytingar á eignarhaldi félagsheimilanna hafa orðið á Austurlandi, sem gæti verið vísbending um að samfélagsbreytingar þar hafi orðið hraðari en til dæmis á Suðurlandi. Árið 1970 voru 19 félagsheimili í eigu ungmennafélaga á Austurlandi en nú skömmu eftir aldamót eiga þau aðeins sjö hús. Hin hafa verið seld eða sveitarfélögin tekið við þeim. Í Árnes- og Rangárvallasýslum er þessu annan veg farið. Þar var árið 1970 að finna 15 félagsheimili sem ungmennafélögin áttu að meira eða minna leyti. Aðeins tvö hús hafa horfið úr eigu félaganna og kemur það heim við þá staðreynd að stöðugleiki hefur ríkt meðal ungmennafélaga á þessum slóðum. Þau hafa flest starfað óslitið frá 1908 og starfa enn.<sup>89</sup>

Eftir því sem leið á 20. öldina varð sú þróun ráðandi að ungmennafélögin hættu að taka þátt í rekstri félagsheimilanna en fengu afnot þeirra sem styrk frá sveitarfélaginu. Sveitarfélögin tóku að sér reksturinn og í sumum tilfellum yfirtóku þau eignarhlut félaganna. Afdrif félagsheimilis-



Félagsheimilið Valfell í Borgarfirði.



*Félagsheimilið Hamraborg í Berufirði er nú íbúðarhús.*

ins Valfells mega teljast nokkuð dæmigerð. Í árlegri skýrslu sinni árið 1981 sagði Ungmennafélagið Borg svo frá rekstri hússins:

Félagsheimilið Valfell hefur verið nokkur baggi á félaginu þar sem það hefur ekki um nokkurt skeið staðið undir rekstri sínum. Um áramótin var þessum bagga þó létt af félaginu því hreppsnefndin tók þá við rekstri hússins.<sup>90</sup>

Það var ekki seinna vænna því nokkrum árum síðar hætti félagið að starfa.<sup>91</sup> Sveitarfélög landsins voru 229 talsins árið 1950 og hafa aldrei verið fleiri. Eftir það fór þeim að fækka hægt og sígandi. Á níunda áratug 20. aldar kom kvótakerfið í landbúnaði til sögunnar og stuðlaði að fækkun í bændastéttinni. Eftir það hófst umræða innan sveitarfélaga um sameiningarmál, einkum í dreifbýli. Sameining sveitarfélaga fór hægt af stað og í árslok 1990 voru sveitarfélögin á landinu um 200. Eftir að ákveðið var að færa grunnskólann til sveitarfélaganna árið 1996 færðist meiri skriðþungi í sameiningarmálin og varð að hröðum straumi. Þá varð litlum sveitarfélögum skólahaldið ofviða og íbúarnir sáu sér hag í að stækka eininguna. Við sveitarstjórnarkosningar árið 2006 voru sveitarfélög landsins orðin 76 og hafði fækkað um meira en helming frá 1990.<sup>92</sup>

Þessi þróun hefur breytt miklu um eignarhald

á félagsheimilunum. Árið 2001 sameinuðust til dæmis þrjú hreppar norðan Akureyrar, Glæsibæjarhreppur, Skriðuhreppur og Öxnadalshreppur og mynduðu sveitarfélagið Hörgárbyggð. Á sama tíma sameinuðust ungmennafélög sveitanna en höfðu áður eftirlátið sveitarfélögunum sína hluti í félagsheimilunum sem voru eitt í hverri sveit. Eftir sameininguna voru tvö þeirra tekin til endurnýjunar, Melar í Skriðuhreppi og Hlíðarbær í Glæsibæjarhreppi. Þinghúsið á Þverá í Öxnadal var hins vegar brotið niður árið 2004 og mun kyndingarkostnaður hafa riðið baggamuninn.<sup>93</sup> Haustið 2005 kom frétt í dagblaði um að öll félagsheimili Fjarðabyggðar, hins nýja sveitarfélags sem innifelur Neskaupstað, Eskifjörð og Reyðarfjörð væru til leigu eða sölu.<sup>94</sup> Nokkur félagsheimili hafa verið seld á Austfjörðum. Til dæmis Rauðilækur í Fellum og Hamraborg í Berufirði, sem eru nú íbúðarhús.

Af þeim 150 félagsheimilum sem ungmennafélögin byggðu á sínum tíma er nú ekki nema þriðjungur í þeirra eigu eða 50 hús. Nokkur þeirra hafa eyðilagst í eldi eða jarðskjálfta. Algengt er að sveitarfélögin hafi tekið við húsunum og í mörgum tilfellum er ástæðan sú að ungmennafélögin starfa ekki lengur. Sum húsin er búið að selja og líkur benda til að fleiri bætist í þann hóp á næstunni. Líklegt er að þróun sameiningar sveitarfélaga og þar með fækkunar félagsheimila muni ekki stöðvast að sinni.



## Öðruvísi félög

Þessi þróun hefur ekki gengið hjá garði ungmennafélaganna í dreifbýlinu. Með fækkandi íbúum í mörgum sveitarfélögum hefur liðsmönnum ungmennafélaganna fækkað og þau týnt tölunni. Þetta hefur bitnað mest á fámennustu félögunum sem hafa horfið af sjónarsviðinu eitt af öðru. Á árunum 1970 til 2007 hafa 75 ungmennafélög hætt störfum. Þessi þróun hefur þó ekki verið einhliða því á sama tíma hafa 15 ný ungmennafélög verið stofnuð.<sup>95</sup> Á 20 ára bili frá 1970 til 1990 fækkaði íbúum sveitarfélaganna sem þessi 75 félög tilheyrðu um 20 af hundraði. Nú eru 117 ungmennafélög starfandi á landinu, talsvert fleiri en sveitarfélögin 76 og líkur benda til að frekari fækkun og eftir atvikum sameining þeirra muni haldast í hendur við áframhaldandi sameiningu sveitarfélaganna.

Áður var sagt frá því að félög í vaxandi þéttbýli fóru að skiptast í deildir eftir íþróttageinum á sjöunda áratugnum. Þessi þróun hefur haldið áfram og árið 1990 varð Ungmennafélag Biskups-tungna fyrsta ungmennafélagið í sveit til að taka upp deildaskiptingu. Verkaskipting þess var með nýju sniði því deildirnar fjórar fást við íþróttir, leiklist og skógrækt og svo er allherjardeild fyrir þá sem vilja vera í sínu gamla góða ungmennafélagi. Þetta lofar góðu því fólk sem aldrei hefur verið í ungmennafélaginu hefur hafið þátttöku í ákveðnum deildum. Hugsanlega er hér komin fyrirmynd fyrir ungmennafélög í þéttbýlli sveitum en það mun framtíðin leiða í ljós.<sup>96</sup> Þótt hinum gömlu ungmennafélögum hafi fækkað að mun hefur félögum innan héraðssambandanna fjölgað á undanförunum árum. En það eru öðruvísi félög sem hafa komið í staðinn. Nýju félögin eru fyrst og fremst golfklúbbar og hestamannafélög sem hafa sprottið upp í tugatali. Árið 1970 voru 10 golfklúbbar innan héraðssambandanna en þeir eru nú orðnir 44. Árið 1970 var engin hestamannafélög að

finna innan ungmennafélagshreyfingarinnar en þau eru nú 34 talsins. Þá hafa nokkur knattspyrnufélög og íþróttafélög fatlaðra bæst í hópinn að undanförunum.<sup>97</sup>

Þetta hefur breytt ásýnd ungmennafélagshreyfingarinnar. Ungmennafélagi 21. aldarinnar er ekki gyrtur glímubelti með trjáplöntu í hendi. Hann ýmist situr á hestbaki eða mundar golfkylfuna þegar hann er ekki á hlaupum í gaddaskóm eða knattspyrnuskóm. Kylfingar og hestamenn hafa verið boðnir velkomnir inn í ungmennafélagshreyfinguna enda góður liðsauki og hafa látið til sín taka á landsmótum hreyfingarinnar með góðum árangri.

## Verkefni dagsins

Þegar líða tók að ársþingi UMFÍ 2007 var sýnilegt að hvorki tími né rými þessarar bókar leyfði rækilega umfjöllun um mörg þeirra verkefna sem samtökin hafa staðið að á síðustu árum. Þá er af augljósum ástæðum umhendis að fjalla um samtímann og skilgreina hann meðan hlutirnir eru að gerast. Það ráð var tekið að stikla á stóru um verkefni síðustu ára til að þeirra yrði þó að einhverju getið.

Hin árlegu umhverfisverkefni UMFÍ tóku á sig nýja mynd með samstarfi UMFÍ og Umhverfissjóðs verslunarinnar, sem nú heitir Pokasjóður. Ákveðið var að stofna til umhverfisverðlauna



Fyrstu umhverfisverðlaun UMFÍ afhent í Haukadal 1. desember 1996. Magnús Jóhannesson ráðuneytissjóri umhverfissráðuneytis, Már Sigurðsson og Sigríður Vilhjálmsdóttir kona hans, hótelhaldarar að Hótel Geysi.



*Fjöldi fólks mætti á Andafjör í Elliðaárdal í september 2004 til styrktar verkefninu Blátt áfram.*

sem veitt yrðu þeim sem sköruðu fram úr í umhverfismálum. Verðlaunin voru veitt í fyrsta skipti 1. desember 1996 og þau hlutu Már Sigurðsson og Sigríður Vilhjálmisdóttir hóteldarar á Hótel Geysi í Haukadál. Snyrtilegt og fagurt umhverfi hótelsins þótti til fyrirmyndar og listaverki með áletrun um þennan atburð var komið fyrir á staðnum.<sup>98</sup> Slíkt listaverk hefur jafnan síðan fylgt þeim heiðri að vera handhafi umhverfisverðlauna UMFÍ.

Í október 1997 voru verðlaunin veitt í annað sinn og komu þá í hlut Sorpu. Síðan hafa þau verið veitt árlega í janúar og verðlaunahafar verið þessir: Árið 1999 hlaut Austur-Hérað verðlaunin fyrir snyrtilega umgengni í bæjarfélaginu í heild. Árið 2000 varð Laugarnesskóli fyrir valinu, árið 2001 Hvanneyrarstaður, árið 2002 Ferðamála-samtök Vestfjarða og 2003 Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. Næst kom röðin að Vesturfara-setrinu á Hofsósi og árið 2005 var Blái herinn í Keflavík verðlaunaður.<sup>99</sup>

Þegar Pálmi Gíslason, fyrrverandi formaður UMFÍ, lést af slysförum árið 2001 varð til sú hugmynd innan stjórnar UMFÍ að stofna sjóð til minningar um Pálma og tengja hann umhverfismálum. Sjóðurinn varð að veruleika á þingi samtakanna haustið 2003 og hlaut nafnið Umhverfissjóður UMFÍ, Minningarsjóður Pálma Gíslasonar. Hlutverk hans er að styrkja umhverfis-

verkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar og þótti vel við hæfi að minnast Pálma á þann hátt. Nú hefur verið safnað í sjóðinn nokkurri fjárhæð og líklegt er að úthlutanir muni hefjast bráðlega.

Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra hefur haft aðstöðu á skrifstofu UMFÍ með starfsemi sína allt frá árinu 2000. FÁÍA undir forystu Guðrúnar Nielsen íþróttakennara hefur átt mikið og gott samstarf við UMFÍ og meðal annars verið með stóra sýningarhópa á síðustu landsmótum samtakanna. FÁÍA einbeitt sér að því að fá aldraða til að stunda íþróttir og hreyfingu þótt árin færast yfir og ekki síður þá sem lítið hafa sinnt slíku um dagana. Það er í góðu samræmi við kjörorð félagsmanna: „Aldrei of seint.“<sup>100</sup>

UMFÍ stofnaði Leiðtogaskólann árið 2001 til að halda utan um fræðslustarfsemi sína. Hann er arftaki Félagsmálaskólans sem um árabíl beindi nýjum starfskröftum inn í ungmennafélags-hreyfinguna og eflði hana í starfi. Starfsemi Félagsmálaskólans lá niðri um tíma og var endurnýjuð á þennan hátt. Verkefni Leiðtogaskólans eru mörg hin sömu og fyrr enda löngu búið að finna upp hjólið í félagsmálum. Kúnstin er að láta það snúast. Dæmigerð námskeið Leiðtogaskólans eru fundastörf og fundastjórnun, námskeið í að standa upp og tjá sig og námskeið í að læra að starfa í stjórn félags eða samtaka. Eitt af þeim



*Hin miklu húsakynni að Laugum í Sælingsdal sem hýsa ungmennabúðir UMFÍ.*

nýjustu er námskeið í að sækja um styrki en með aukinni velmegun hefur fjölgað þeim sjóðum sem veita til félagslegra verkefna. Þá eru samskipti við fjölmiðla, greinaskrif og þjálfun fyrir viðtöl eitt af því fjölmarga sem leiðtogar framtíðarinnar geta tileinkað sér í Leiðtogaskóla UMFÍ.<sup>101</sup>

Árið 2004 gekk UMFÍ til samstarfs við systurnar Svövu og Sigríði Björnsdætur um verkefnið Blátt áfram – forvarnir vegna kynferðislegs ofbeldis á börnum. Í verkefnisstjórn af hálfu UMFÍ sitja Helga G. Guðjónsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir. Verkefninu er ætlað að setja ábyrgðina í þessu viðkvæma máli í hendur þeirra sem umgangast börn. Það er að segja foreldra og fjölskyldu, þjálfara, kennara og leiðbeinenda. Það var rekið sjálfstætt en hlaut húsaskjól á skrifstofu UMFÍ. Stjórn UMFÍ var sammála um að styðja þetta málefni sem alltof lengi hefur legið í þagnar-gildi. Til að vekja athygli á þessu þarfa verkefni stóð Blátt áfram fyrir svokölluðu Andafjöri í Elliðaárdalnum sumarið 2004 en þá var gúmmi-öndum fleytt niður Elliðaárnar. Þá hafa verið gerðir bæklingar um efnið, meðal annars sjö skrefa bæklingurinn sem er leiðarvísir um málefnið fyrir ábyrga fullorðna einstaklinga. Haldnir hafa verið fyrirlestrar í lífsleiknitímum hjá nemendum í 7. til 10. bekk grunnskólans. Blátt áfram

var til húsa hjá UMFÍ þar til í apríl 2006 en varð þá sjálfstætt starfandi og ber nú nafnið Blátt áfram – björt framtíð.<sup>102</sup>

Á árinu 2004 var farið út á nýjar brautir þegar UMFÍ tók að sér að reka ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum í Dalasýslu. Hinn forni skólastaður á Laugum stóð auður því búið var að flytja skólastarfið í Búðardal sökum fólksfækkunar í héraðinu. Þar eru stórar skólabyggingar, íþróttahús og sundlaug, svo ekki skorti aðstöðuna. Laugar voru því sem kjörnar fyrir þessa starfsemi. Til stóð að hefja starfið haustið 2004 en kennaraverkfall kippti fótunum undan þeirri fyrirætlun. Þess í stað hófst starfsemin strax eftir nýárið 2005 og stóð til vors enda nátengd skólastarfi landsins.

Að Laugum koma börn úr 9. bekkjum grunnskóla og dveljast þar viku í senn frá mánudegi til föstudags. Áhersla er lögð á öflugt fræðslustarf ásamt iðkun íþróttar og tómstunda, útivist og hollt mataræði. Þá er reynt að kenna börnunum að eiga góð samskipti og vinna saman að leiðum til að leysa þrautir og verkefni. Áhugaverðir staðir í nágrenninu eru skoðaðir og farið er í gönguferðir í hinu fagra og söguríka umhverfi Lauga. Fyrsta árið var Bjarni Gunnarsson forstöðumaður Lauga en um áramótin 2006 tók Anna Margrét



Tómasdóttir við og þykir hafa staðið sig vel í krefjandi verkefni. Á Laugum eru sjö starfsmenn í fullu starfi og starfsemin hefur verið rekin með hagnaði frá upphafi. Strax fyrsta árið voru nemendur búðanna rúmlega eitt þúsund og hefur farið fjölgandi síðan. Í stuttu máli er óhætt að segja að Laugar hafi slegið í gegn og eru rós í hnappagat ungmennafélagshreyfingarinnar.

Sumarið 2006 kom Guðrún Snorradóttir til starfa hjá UMFÍ við forvarnaverkefnið Flott án fíknar. Guðrún átti hugmyndina og kynnti hana fyrir UMFÍ með þeim árangri að hún var ráðin stjórnandi verkefnisins þá þegar. Flott án fíknar eru klúbbar fyrir unglinga sem vilja vera lausir við tóbak og vímuefni. Í staðinn beinist áhuginn að því að skemmta sér saman á heilbrigðan og uppbyggilegan hátt. Búið er að kynna verkefnið í fjölmörgum grunnskólum og áætlað er að kynna það í þeim öllum á næstu þremur árum. Búið er að stofna fjölmarga klúbba og mun þeim fjölga enn ef að líkum lætur.

Árið 2005 rættist langþráður draumur þegar UMFÍ gerði samning við sex danska lýðháskóla um að taka við nemendum frá Íslandi. Allir skólarnir sérhæfa sig í íþróttum, hver með sínu sniði. Þarna er meðal annars að finna hinn fræga skóla í Ollerup en þar hafa margir Íslendingar stundað nám. Skólarnir gefa afslátt á skólagjöldum 40 nemenda frá Íslandi árlega og að auki veitir UMFÍ nokkurn námsstyrk. Hægt er að afla sér þjálfararéttinda í flestum íþróttagreinum í þessum ágætu skólum og vinsældir námsins eru miklar. Það sést best á því að ekki er hægt að sinna nema helmingi þeirra umsókna sem berast ár hvert.

## **Þróun ungmennafélaga 1993-2007**

Þórir Jónsson var kjörinn formaður UMFÍ haustið 1993 þegar Pálmi Gíslason lét af formennsku eftir 14 ára starf. Þórir gegndi formennsku í átta ár til ársins 2001 og hélt merki umhverfisverndar, útivistar og heilbrigðis hátt á lofti. Talsvert mæddi á Þóri þann tíma sem hann stjórnaði UMFÍ. Þar ollu mestu sameiningarhugmyndir innan íþróttahreyfingarinnar sem tóku tíma frá öðrum félagsstörfum en skiluðu litlu þegar upp var staðið. Þórir var staðfastur andstæðingur slíkra sameiningarhugmynda og hafði meirihluta hreyfingarinnar að baki sér. Það tók

þó sinn tíma að leiða þessi mál til lykta því á þeim voru margar hliðar.

Samstarf UMFÍ og ÍSÍ tók snöggan enda í upphafi 10. áratugarins þegar Ellert B. Schram forseti ÍSÍ lýsti yfir þeirri skoðun sinni að samtökin ættu að sameinast. Nú hófst tímabil togstreitu milli samtakanna þar sem ÍSÍ virtist í hlutverki sækjandans en UMFÍ var til varnar. Hér tókust á tvennskonar sjónarmið. Annarsvegar voru þeir sem töldu að sameining myndi skila mikilli hagræðingu, einkum fjárhagslegri. Hægt væri að spara í starfsmannahaldi, fundahöldum og húsnæði. Hagnaður var talinn skipta tugum milljóna. Hins vegar voru þeir sem bentu á að félagar hreyfingarinnar yrðu jafnmargir eftir sem áður og það þyrfti alltaf jafnmarga starfsmenn til að þjóna þeim. Svipað gildi um fundarhöld og húsnæði. Svo var augljóst að forsvarsmenn minni sambanda á landsbyggðinni báru ugg í brjosti um það hreinlega að týnast ef sameiningin næði fram að ganga. Áherslan yrði þá fyrst og fremst á afreksíþróttir á höfuðborgarsvæðinu. Þær væru mest spennandi og mest í sviðsljósinu og því yrði mestu til þeirra kostað. Margt fleira var tínt til á báða bóga.

Um þessar mundir gerðu íþróttabandalögin ítrekaðar tilraunir til inngöngu í UMFÍ. Þau hlutu litlar undirtektir hjá meirihluta ungmennafélaga sem töldu þau fyrst og fremst ásælast lottótekjur sínar. Á þingi Íþróttasambandsins árið 2000 neyddust sum héraðssamböndin til að samþykkja tillögu um að ÍSÍ léti gera úttekt á hagkvæmni sameiningar samtakanna. Niðurstaða ráðgjafafyrirtækis var að fjármunir gætu sparast við sameiningu. Margir ungmennafélagar létu sér fátt um þau rök finnast og bentu á að þar sem stærsta og verðmætasta eign UMFÍ, Þrastaskógur, væri ekki nefndur á nafn í þessari úttekt gæti hún tæplega talist marktæk.

Stjórn UMFÍ taldi engar forsendur fyrir sameiningarviðræðum þrátt fyrir mikinn áhuga forystumanna ÍSÍ og þá ekki síður UMSK. Þeir síðarnefndu töldu að UMFÍ ætti hiklaust að ganga til samninga við ÍSÍ um sameiningu. Stjórn UMSK brást ókvæða við afstöðu stjórnar UMFÍ og lýsti samstundis yfir vantrausti á stjórn samtakanna. Hefur ekki í annan tíma hrikt meira í stoðum ungmennafélagshreyfingarinnar. Kjálnessingar töldu sig mæla fyrir munn meirihluta í hreyfingunni en fljótlega kom í ljós að fáir fylgdu



þeim að málum. Á þingi ÍSÍ í Hafnarfirði árið 2002 las forseti samtakanna síðan yfirlýsingu sem gaf til kynna að sameiningarmál væru úr sögunni. Á þingi UMFÍ árið eftir var inngöngu íþróttabandalaga hafnað og samstarf UMFÍ og ÍSÍ hefur færst í fyrri skorður.

Ungmennafélagar gáfu sér þó tíma til að sinna venjulegum SAS (Sent Að Sunnan) – verkefnum eins og Lýðveldishlaupi árið 1994 og Landshreyfingu árið eftir. Hvort tveggja vel skipulögð og vinsæl verkefni sem höfðu til félagsþroska einstaklinganna og ánægju þeirra af hreyfingu og útiveru. Hreinsunaráttak UMFÍ árið 1994, Umhverfið í okkar höndum, tókst afar vel og ekki síður árið eftir en þá hét það Flöggum hreinu landi 17. júní. Árið þar á eftir, 1996, úthlutaði UMFÍ umhverfisverðlaunum í fyrsta sinn í samráði við Umhverfissjóð verslunarinnar. Fyrstu verðlaunahafar voru hótélhaldarar á Hótel Geysi í Haukadál. Verðlaunum var svo úthlutað árlega til ársins 2005. Hinn svokallaði „Pálmásjóður“ til minningar um Pálma Gíslason mun í framtíðinni styrkja umhverfisverkefni ungmennafélaga.

Til *Skinfaxa* valdist íþróttalega sinnaður ritstjóri, Jóhann Ingi Árnason, og til viðbótar fór UMFÍ að gefa út íþróttablaðið *Sportlíf* árið 1998. Árið 1999 kom út bastarður beggja blaðanna og töldu sumir að þá væri botninum náð hjá *Skinfaxa*. *Sportlíf* lagði upp laupana eftir tvö ár og eftir það hefur ekki verið reynt að gefa út íþróttablað að staðaldri hérlendis. *Skinfaxi* heldur hinsvegar góðu flugi undir stjórn núverandi ritstjóra, Jón Kristjánssonar.

Norrænt samstarf var með blóma á þessu síðasta tímabili sem hér um ræðir. UMFÍ gerðist stofnfélagi ISCA – alþjóðlegra samtaka á sviði menningar og íþróttar sem danskir ungmennafélagar komu á fót árið 1994. ISCA hefur vaxið fiskur um hrygg og að undanfögnu hefur Sæmundur Runólfsson átt sæti í stjórn samtakanna. Hins vegar fór starfsemi NSU hnignandi og Íslendingar tóku af skarið og ákváðu að blása nýju lífi í samtökin. Til að byrja með tók Björn B. Jónsson að sér formennsku samtakanna árið 1998. Skrifstofa NSU fluttist til Reykjavíkur og Lene Hjaltason var ráðin framkvæmdastjóri. Það var þó aðeins byrjunin. Ákveðið var að efna til stærsta verkefnis á vegum samtakanna með risavöxnu ungmennavíkunni Kultur & ungdom í Reykjavík í júnímánuði árið 2000. Verkefnið

heppnaðist vonum framar. Þangað komu um 2000 erlendir gestir og skemmtu sér frábærlega vel í leik og störfum í heila viku í Reykjavík og á Suðurlandi. Veðrið lék við mótsgesti og þessi menningarhátíð verður lengi í minnum höfð.

Anna R. Möller tók við formennsku NSU af Birni þegar hann tók að sér formennsku UMFÍ árið 2001. Skrifstofa samtakanna var áfram í þjónustumiðstöð UMFÍ. Námskeið leiðtogaskóla NSU voru haldin hérlendis undir stjórn Valdimars Gunnarssonar sem þá var orðinn framkvæmdastjóri samtakanna og þóttu takast vel. Árið 2004 var skrifstofa NSU aftur flutt til Kaupmannahafnar og hefur verið þar síðan.

Á síðari árum hefur UMFÍ lagt aukna áherslu á forvarnir gegn áfengi og fíkniefnum og eitt tölublað *Skinfaxa* hefur verið helgað því verkefni árlega. Sumarið 2000 beitti UMFÍ sér fyrir forvarnaverkefninu Loftskipið sem fólst einkum í áherslu á samveru fjölskyldunnar. Forvarnaverkefnið Flott án fíknar undir forystu Guðrúnar Snorradóttur hefur um tíma verið í forsjá UMFÍ. Þar er lögð áhersla á að styrkja þátttöku unglinga í sérstökum klúbbum sem einbeita sér að heilbrigðum lífsstíl.

Unglingalandsmótin héldu áfram göngu sinni við vaxandi vinsældir. Árið 2000 var ULM haldið á Tálknafirði og í Vesturbyggð undir forystu Héraðssambandsins Hrafna-Flóka. Þá var tekin sú djarfa ákvörðun að halda mótið um verslunarmannahelgina og segja sukki og svínari þessarar alræmdu helgar stríð á hendur. Skemmst er frá því að segja að tilraunin tókst frábærlega og þetta samspil útihátíðar og íþróttamóts vakti mikla ánægju mótsgesta. Eftir þetta var ekki aftur snúið og frá árinu 2002 hafa mótin verið haldin árlega um verslunarmannahelgina.

Frá og með árinu 2003 hefur komið myndarlegt fjárframlag frá ríkisvaldinu til unglíngalandsmótanna. Það hefur létt mjög róður mótshaldara og síðustu árin hefur Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, verið framkvæmdastjóri mótanna. Mótin hafa verið vítamínsprautu fyrir mótshaldara og þeim hefur fylgt mikil uppbygging glæsilegra íþróttamannvirkja. Þau eru fjölskylduhátíðir og þangað koma foreldrar með börnum sínum ár eftir ár. Mótin hafa skapað sér jákvæðan sess sem fjölsóttar samkomur án vímuefna þar sem ungir og eldri skemmta sér saman á heilbrigðan hátt.

Á þingi UMFÍ haustið 2001 var Björn B. Jónsson einróma kjörinn formaður UMFÍ. Hann hafði þá verið varaformaður samtakanna í sex ár og starfað innan hreyfingarinnar frá unga aldri. Björn hefur verið kraftmikill leiðtogi og góður málsvari umhverfisverndar og mannræktar. Hann vann mjög greinargóða úttækt á skógræktarstarfi ungmennafélaganna árið 1992 og leiddi þar vel í ljós hið mikla frumkvöðlastarf sem þau hafa unnið. Björn hefur hvarvetna verið í fararbroddi en hefur nú ákveðið að standa upp úr formanns-stólnum.

Árið 2002 hratt UMFÍ af stað tveimur skemmtilegum gönguverkefnum. Annað þeirra nefndist Göngum um Ísland og felst í því að árlega hefur UMFÍ staðið fyrir útgáfu lítillar leiðabókar með upplýsingum um hundruð stuttra gönguleiða. Til þess er ætlast að ferðamenn geti fyrirvaralaust tekið sér gönguferð eftir þessum gönguleiðum þegar skilti sem markar upphaf hennar blasir við af veginum. Þetta hefur vakið verðugar vinsældir ásamt heimasíðunni *ganga.is* en þar er að finna upplýsingar um meira en 800 lengri og skemmi gönguleiðir.

Þá hafa léttar fjallgöngur sem nefnast Fjöl-skyldan á fjallið unnið sér vinsældir ungmennafélaga sem annarra. Það felst í því að héraðs-sambönd eða félög velja sér eitt til tvö fjöll á hverju vori og á toppi þess er komið fyrir póstkassa með gestabók. Þar skrá sig allir sem ganga á fjallið sumarlangt og um haustið er dregið í happdrætti fjallgöngumanna með góðum vinningum. Þessi verkefni sameina líkamsrækt, úti-veru og samvistir fjölskyldunnar.

Í janúar árið 2007 seldi UMFÍ húsnæði sitt í Fellsmúla 26 og fluttist í leiguhúsnæði á Lauga-vegi 170. Þar verður aðsetur samtakanna þar til nýjar höfuðstöðvar hafa risið á Tryggvagötu 13 eins og fyrirhugað er. Nýju höfuðstöðvarnar verða stórhýsi, 1200 fermetrar að grunnfleti, og munu væntanlega skapa UMFÍ mörg sóknarfæri í framtíðinni.

Starfsmenn UMFÍ hafa komið og farið á þessu tímabili eins og öðrum. Margir hafa unnið í skamman tíma við sérverkefni en aðrir staldrað við árum saman. Á þeim aldartíma sem UMFÍ hefur starfað hafa 130 starfsmenn léð samtök-unum krafta sína og sjaldan hafa mikil laun verið í boði. Enda hafa margir starfað fremur af hug-sjón og áhuga en vegna launanna.


Eitt merkasta nýmæli seinni ára eru ungmenna-búðir UMFÍ á Laugum í Dalasýslu sem hafa verið reknar frá því í ársbyrjun 2005. Þangað koma ungmenni úr 9. bekk grunnskóla og dveljast við nám og leiki í vikutíma. Framtakið hefur slegið í gegn og það sem meira er, staðið undir sér fjárhagslega. Þá hefur UMFÍ gert samning við íþróttalýðháskóla í Danmörku um að taka við nemendum frá Íslandi. Þetta hefur spurst vel út og aðsóknin verið góð enda er hægt að afla sér góðra þjálfararéttinda til viðbótar við hina þroskandi skóladvöl.

Landsmót UMFÍ hafa haldið áfram af miklum krafti og stöðugt aukist að umfangi. Keppnis-greinar voru 14 á fyrsta landsmótinu 1909 en eru nú orðnar 110. Á landsmótinu á Sauðárkróki 2004 var íþróttabandalögum í fyrsta sinn boðið að senda keppendur og fjölgaði þeim þá nokkuð en fækkaði aftur á mótinu í Kópavogi árið 2007. Landsmótin hafa fengið samkeppni úr óvæntri átt, það er að segja frá unglingslandsmótunum. Eftir að farið var að halda unglingslandsmótin árlega virðast sum fámennari héraðssambönd hafa valið að taka fremur þátt í þeim en stóru landsmótunum.


Þegar Þórir Jónsson tók við formennsku UMFÍ haustið 1993 voru félagsmenn hreyfingarinnar 48.500 talsins. Félögin voru 250 og hafði fjölgað stöðugt að undanfögnu. Fjórtán árum síðar þegar Björn B. Jónsson lét af formennsku UMFÍ haustið 2007 var tala félaga svipuð en félags-mönnum hafði fjölgað um tæplega helming í rúmlega 90.000. Á síðustu árum hefur hefð-bundnum ungmennafélögum fækkað töluvert en golfklúbbar og hestamannafélög hafa sprottið upp hvarvetna um landið. Félagsheimilum ungmennafélaganna hefur jafnframt fækkað og hlut-verk þeirra tekið breytingum. Ásýnd hreyfingarinnar hefur breyst á síðustu árum og meira en nokkru sinni fyrr í sögu hennar.

Þegar sex ungir menn skunduðu á Þingvöll til að stofna Ungmennafélag Íslands árið 1907 var ungmennafélagshreyfingin lítt þekkt á Íslandi. Frá þeim mjóa vísi hafa sprottið upp öflug sam-tök sem hafa ræktun lýðs og lands að leiðarljósi. Hundrað árum síðar stendur ungmennafélags-hreyfingin traustum fótum í íslensku þjóðlífi og skráðir félagsmenn hennar eru nú um 90 þúsund.


## Fjöldi félaga 1907 - 1946




## Félög UMFÍ 1949 - 2006



## Fjöldi félagsmanna 1907 - 1946



## Félagsmenn UMFÍ 1949 - 2006





# Stjórnir UMFÍ 1907-2007

## *1907-1908*

Jóhannes Jósefsson sambandsstjóri, Guðmundur Guðlaugsson ritari, Árni Jóhannesson gjaldkeri.

**Varastjórn:** Helgi Valtýsson sambandsstjóri, Jakob Ó. Lárusson ritari, Þórhallur Björnsson gjaldkeri.

---

## *1908-1911*

Helgi Valtýsson sambandsstjóri, Svava Þórhallsdóttir ritari, Þórhallur Björnsson gjaldkeri.

**Varastjórn:** Jóhannes Jósefsson sambandsstjóri, Karólína Guðlaugsdóttir ritari, Árni Jóhannesson gjaldkeri.

---

## *1911-1914*

Guðbrandur Magnússon sambandsstjóri.

**Varastjórn:** Tryggvi Þórhallsson sambandsstjóri.

---

## *1914-1917*

Guðmundur Davíðsson sambandsstjóri, Guðmundur Jónsson frá Brennu ritari, Egill Guttormsson gjaldkeri.

**Varastjórn:** Jónas Jónsson frá Hriflu sambandsstjóri, Eygló Gísladóttir ritari, Magnús Tómasson gjaldkeri.

---

## *1917-1921*

Jónas Jónsson frá Hriflu sambandsstjóri, Jón Kjartansson ritari, Guðmundur Jónsson frá Brennu gjaldkeri.

**Varastjórn:** Egill Guttormsson sambandsstjóri, Jón Þórðarson ritari, Erlingur Pálsson gjaldkeri.

---

## *1921-1924*

Magnús Stefánsson sambandsstjóri, Guðrún Björnsdóttir ritari, Jón Kjartansson gjaldkeri, Guðmundur Jónsson frá Brennu og Guðmundur Davíðsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Engin varastjórn kosin.

---

## *1924-1930*

Kristján Karlsson sambandsstjóri, Guðmundur Jónsson frá Mosdal ritari, Sigurður Greipsson gjaldkeri.

**Varastjórn:** Þorsteinn Þorsteinsson sambandsstjóri, Björn Guðmundsson ritari, Sigurjón Sigurðsson gjaldkeri.

---

## *1930-1933*

Aðalsteinn Sigmundsson sambandsstjóri, Guðmundur Jónsson frá Mosdal ritari, Kristján Karlsson gjaldkeri.

**Varastjórn:** Sveinn Sæmundsson sambandsstjóri, Aðalsteinn Jónsson ritari, Sigurður Greipsson gjaldkeri.

---

## *1933-1936*

Aðalsteinn Sigmundsson sambandsstjóri, Daníel Ágústínusson ritari, Rannveig Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

**Varastjórn:** Gestur Andrésson sambandsstjóri, Hjörtur Björnsson ritari, Sveinn Sæmundsson gjaldkeri.

---

### **1936-1938**

Aðalsteinn Sigmundsson sambandsstjóri, Daníel Ágústínusson ritari, Rannveig Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

**Varastjórn:** Eiríkur J. Eiríksson sambandsstjóri, Jón Emil Guðjónsson ritari, Guðbjörn Jakobsson gjaldkeri.

---

### **1938-1940**

Eiríkur J. Eiríksson sambandsstjóri, Daníel Ágústínusson ritari, Rannveig Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

**Varastjórn:** Stefán Ólafur Jónsson sambandsstjóri, Guðbjörn Jakobsson ritari, Guðborg Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

---

### **1940-1943**

Eiríkur J. Eiríksson sambandsstjóri, Daníel Ágústínusson ritari, Halldór E. Sigurðsson gjaldkeri.

**Varastjórn:** Gestur Andrésen sambandsstjóri, Leifur Auðunsson ritari, Guðmundur Jónsson gjaldkeri.

---

### **1943-1946**

Eiríkur J. Eiríksson sambandsstjóri, Daníel Ágústínusson ritari, Halldór E. Sigurðsson gjaldkeri, Gísli Andrésen varasambandsstjóri, Grímur Norðdahl meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Stefán Jasonarson, Guðmundur Jónsson, Gunnar Guðbjartsson.

---

### **1946-1949**

Eiríkur J. Eiríksson sambandsstjóri, Daníel Ágústínusson ritari, Daníel Einarsson gjaldkeri, Gísli Andrésen varaformaður, Grímur Norðdahl meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Björn Jónsson, Eyþór Einarsson.

---

### **1949-1952**

Eiríkur J. Eiríksson formaður, Daníel Ágústínusson ritari, Daníel Einarsson gjaldkeri, Gísli Andrésen varaformaður, Grímur Norðdahl meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Haukur Jörundsson, Stefán Ólafur Jónsson.

---

### **1952-1955**

Eiríkur J. Eiríksson formaður, Daníel Ágústínusson ritari, Daníel Einarsson gjaldkeri, Gísli Andrésen varaformaður, Grímur Norðdahl meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Stefán Ólafur Jónsson, Eyþór Einarsson.

---

### **1955-1957**

Eiríkur J. Eiríksson formaður, Daníel Ágústínusson ritari, Stefán Ólafur Jónsson gjaldkeri, Gísli Andrésen varaformaður, Axel Jónsson meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Hrönn Hilmarsdóttir, Stefán Jasonarson.

---



*Stjórn UMFÍ 1957  
til 1959.*

*Frá vinstri: Skúli Þorsteinsson,  
Ármann Pétursson, Eiríkur J.  
Eiríksson, Stefán Ólafur Jónsson  
og Gísli Andrússon.*

#### **1957-1959**

Eiríkur J. Eiríksson formaður, Skúli Þorsteinsson ritari, Stefán Ólafur Jónsson gjaldkeri, Gísli Andrússon varaformaður, Ármann Pétursson meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Hrönn Hilmarsdóttir, Gestur Guðmundsson.

---

#### **1959-1963**

Eiríkur J. Eiríksson formaður, Jón Ólafsson ritari, Ármann Pétursson gjaldkeri, Skúli Þorsteinsson varaformaður, Stefán Ólafur Jónsson meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Lárus Halldórsson, Gestur Guðmundsson.

---

#### **1963-1965**

Eiríkur J. Eiríksson formaður, Jón Ólafsson ritari, Ármann Pétursson gjaldkeri, Skúli Þorsteinsson varaformaður, Stefán Ólafur Jónsson meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Hafsteinn Þorvaldsson, Jóhannes Sigmundsson, Lárus Halldórsson.

---

#### **1965-1967**

Eiríkur J. Eiríksson formaður, Hafsteinn Þorvaldsson ritari, Ármann Pétursson gjaldkeri, Guðjón Ingimundarson varaformaður, Sigurður R. Guðmundsson meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Jóhannes Sigmundsson, Óskar Ágústsson, Jón F. Hjartar.

---

#### **1967-1969**

Eiríkur J. Eiríksson formaður, Hafsteinn Þorvaldsson ritari, Valdimar Óskarsson gjaldkeri, Guðjón Ingimundarson varaformaður, Sigurður R. Guðmundsson meðstjórnandi. **Varastjórn:** Jóhannes Sigmundsson, Óskar Ágústsson, Jón F. Hjartar.

---



*Stjórn og varastjórn UMFÍ  
1969 til 1973.*

*Frá vinstri: Gunnar Sveinsson,  
Valdimar Óskarsson,  
Sigurður R. Guðmundsson,  
Hafsteinn Þorvaldsson,  
Guðjón Ingimundarson,  
Pálmi Gíslason og  
Óskar Ágústsson.*

#### **1969-1973**

Hafsteinn Þorvaldsson formaður, Sigurður R. Guðmundsson ritari, Gunnar Sveinsson gjaldkeri, Guðjón Ingimundarson varaformaður, Valdimar Óskarsson meðstjórnandi.

**Varastjórn:** Pálmi Gíslason, Óskar Ágústsson, Sigurður Helgason.

---

#### **1973-1975**

Hafsteinn Þorvaldsson formaður, Sigurður R. Guðmundsson ritari, Gunnar Sveinsson gjaldkeri, Guðjón Ingimundarson varaformaður, Guðmundur Gíslason, Þóroddur Jóhannsson og Björn Ágústsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Bergur Torfason, Guðmundur Guðmundsson, Magnús Ólafsson, Elma Guðmundsdóttir.

---



*Stjórn og varastjórn UMFÍ  
1975 til 1977.*

*Frá vinstri: Sigurður Geirdal  
framkvæmdastjóri, Arnaldur  
Bjarnason, Ólafur Oddsson,  
Jón G. Guðbjörnsson,  
Hafsteinn Þorvaldsson,  
Guðjón Ingimundarson,  
Bergur Torfason, Björn  
Ágústsson og Þóroddur  
Jóhannsson.*

#### **1975-1977**

Hafsteinn Þorvaldsson formaður, Jón G. Guðbjörnsson ritari, Björn Ágústsson gjaldkeri, Guðjón Ingimundarson varaformaður, Þóroddur Jóhannsson, Ólafur Oddsson og Bergur Torfason meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Guðmundur Gíslason, Arnaldur Bjarnason, Diðrik Haraldsson, Ingólfur Steindórsson.

---



### 1977-1979

Hafsteinn Þorvaldsson formaður, Jón G. Guðbjörnsson ritari, Björn Ágústsson gjaldkeri, Guðjón Ingimundarson varaformaður, Bergur Torfason, Hafsteinn Jóhannesson og Þóroddur Jóhannsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Arnaldur Bjarnason, Diðrik Haraldsson, Hermann Niélsson, Ingólfur Steindórssón.

---



*Stjórn UMFÍ 1979 til 1981.  
Fremri röð: Björn Ágústsson,  
Guðjón Ingimundarson, Pálmi Gíslason og  
Jón G. Guðbjörnsson. Aftari  
röð: Diðrik Haraldsson,  
Þóroddur Jóhannsson og  
Bergur Torfason.*

### 1979-1981

Pálmi Gíslason formaður, Jón G. Guðbjörnsson ritari, Björn Ágústsson gjaldkeri, Guðjón Ingimundarson varaformaður, Diðrik Haraldsson, Bergur Torfason og Þóroddur Jóhannsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Dóra Gunnarsdóttir, Haukur Hafsteinsson, Hafsteinn Jóhannesson, Finnur Ingólfsson.

---

### 1981-1983

Pálmi Gíslason formaður, Björn Ágústsson ritari, Jón G. Guðbjörnsson gjaldkeri, Guðjón Ingimundarson varaformaður, Bergur Torfason, Diðrik Haraldsson og Þóroddur Jóhannsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Magnús Alexandersdóttir, Finnur Ingólfsson, Dóra Gunnarsdóttir, Hafsteinn Jóhannesson.

---



*Stjórn og varastjórn UMFÍ 1983 til 1985.*

*Frá vinstri: Dóra Gunnarsdóttir, Jón G. Guðbjörnsson, Diðrik Haraldsson, Magnús Alexandersdóttir, Þóroddur Jóhannsson, Pálmi Gíslason, Bergur Torfason, Björn Ágústsson, Guðmundur H. Sigurðsson og Finnur Ingólfsson.*

#### **1983-1985**

Pálmi Gíslason formaður, Björn Ágústsson ritari, Jón G. Guðbjörnsson gjaldkeri, Bergur Torfason varaformaður, Diðrik Haraldsson, Guðmundur H. Sigurðsson og Þóroddur Jóhannsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Magnús Alexandersdóttir, Dóra Gunnarsdóttir, Finnur Ingólfsson, Sigurbjörn Gunnarsson.

---

#### **1985-1987**

Pálmi Gíslason formaður, Bergur Torfason ritari, Þórir Jónsson gjaldkeri, Þóroddur Jóhannsson varaformaður, Guðmundur H. Sigurðsson, Diðrik Haraldsson og Dóra Gunnarsdóttir meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Magnús Alexandersdóttir, Sæmundur Runólfsson, Arnór Benónýsson, Björn Ágústsson.



*Stjórn og varastjórn UMFÍ 1987 til 1989. Fremri röð: Guðmundur H. Sigurðsson, Dóra Gunnarsdóttir, Pálmi Gíslason, Magnús Alexandersdóttir, Sigurður Þorsteinsson framkvæmdastjóri. Aftari röð: Hafsteinn Pálsson, Sigurbjörn Gunnarsson, Kristján Yngvason, Þórir Haraldsson, Þórir Jónsson og Sæmundur Runólfsson.*

#### **1987-1989**

Pálmi Gíslason formaður, Guðmundur H. Sigurðsson ritari, Þórir Jónsson gjaldkeri, Þórir Haraldsson varaformaður, Dóra Gunnarsdóttir, Kristján Yngvason og Sigurbjörn Gunnarsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Magnús Alexandersdóttir, Matthías Lýðsson, Sæmundur Runólfsson, Hafsteinn Pálsson.

### **1989-1991**

Pálmi Gíslason formaður, Sæmundur Runólfsson ritari, Þórir Jónsson gjaldkeri, Þórir Haraldsson varaformaður, Dóra Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Gunnarsson og Kristján Yngvason meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Magndís Alexandersdóttir, Matthías Lýðsson, Flemming Jessen, Jóhann Ólafsson.

---

### **1991-1993**

Pálmi Gíslason formaður, Jóhann Ólafsson ritari, Kristján Yngvason gjaldkeri, Þórir Haraldsson varaformaður, Sigurlaug Hermannsdóttir, Sigurjón Bjarnason og Ólína Sveinsdóttir meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Matthías Lýðsson, Ingimundur Ingimundarson, Sigurbjörn Gunnarsson, Gígja Sigurðardóttir.



*Stjórn og varastjórn  
UMFÍ 1993 til 1995.*

*Fremri röð: Ólína Sveinsdóttir, Sigurlaug Hermannsdóttir, Þórir Jónsson, Kristín Gísladóttir og Sigurbjörn Gunnarsson. Aftari röð: Jóhann Ólafsson, Ingimundur Ingimundarson, Sigurjón Bjarnason, Matthías Lýðsson Þórir Haraldsson, Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri og Kristján Yngvason.*

### **1993-1995**

Þórir Jónsson formaður, Jóhann Ólafsson ritari, Kristján Yngvason gjaldkeri, Þórir Haraldsson varaformaður, Sigurlaug Hermannsdóttir, Ólína Sveinsdóttir og Sigurjón Bjarnason meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Ingimundur Ingimundarson, Kristín Gísladóttir, Matthías Lýðsson, Sigurbjörn Gunnarsson.

---

### **1995-1997**

Þórir Jónsson formaður, Jóhann Ólafsson ritari, Kristján Yngvason gjaldkeri, Björn B. Jónsson varaformaður, Sigurlaug Hermannsdóttir, Ólína Sveinsdóttir og Kristín Gísladóttir meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Ingimundur Ingimundarson, Sigurður Aðalsteinsson, Sigurbjörn Gunnarsson, Páll Pétursson.

---

### **1997-1999**

Þórir Jónsson formaður, Jóhann Ólafsson ritari, Kristján Yngvason gjaldkeri, Björn B. Jónsson varaformaður, Kristín Gísladóttir, Ingimundur Ingimundarson og Sigurður Aðalsteinsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Páll Pétursson, Sigurbjörn Gunnarsson, Anna R. Möller, Helga G. Guðjónsdóttir.



*Stjórn og varastjórn UMFÍ  
1999 til 2001.*

*Fremri röð: Helga G. Guðjónsdóttir, Þórir Jónsson, Kristín Gísladóttir og Helga Jónsdóttir. Aftari röð: Sigurbjörn Gunnarsson, Jóhann Ólafsson, Sigurður Aðalsteinsson, Kjartan Páll Einarsson, Björn B. Jónsson og Kristján Yngvason.*

### **1999-2001**

Þórir Jónsson formaður, Anna R. Möller ritari, Kristján Yngvason gjaldkeri, Björn B. Jónsson varaformaður, Kristín Gísladóttir, Helga G. Guðjónsdóttir og Sigurbjörn Gunnarsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Sigurður Aðalsteinsson, Jóhann Ólafsson, Kjartan Páll Einarsson, Helga Jónsdóttir.

### **2001-2003**

Björn B. Jónsson formaður, Ásdís Helga Bjarnadóttir ritari, Sigurbjörn Gunnarsson gjaldkeri, Helga G. Guðjónsdóttir varaformaður, Anna R. Möller, Sigurður Viggósson og Hildur Aðalsteinsdóttir meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Kjartan Páll Einarsson, Kristín Gísladóttir, Svanur M. Gestsson, Birgir Gunnlaugsson.

### **2003-2005**

Björn B. Jónsson formaður, Ásdís Helga Bjarnadóttir ritari, Björn Ármann Ólafsson gjaldkeri, Helga G. Guðjónsdóttir varaformaður, Anna R. Möller, Birgir Gunnlaugsson og Hringur Hreinsson meðstjórnendur.

**Varastjórn:** Jóhann Tryggvason, Einar Jón Geirsson, Einar Haraldsson, Ingi Þór Ágústsson.



*Stjórn og varastjórn UMFÍ  
2005 til 2007. Frá vinstri:*

*Helga G. Guðjónsdóttir, Björn B. Jónsson, Anna R. Möller, Hringur Hreinsson, Björn Ármann Ólafsson, Haraldur Þ. Jóhannsson, Eyrún H. Hlynsdóttir, Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri, Einar Haraldsson, Einar Jón Geirsson og Jóhann Tryggvason.*

### **2005-2007**

Björn B. Jónsson formaður, Ásdís Helga Bjarnadóttir ritari, Björn Ármann Ólafsson gjaldkeri, Helga G. Guðjónsdóttir varaformaður, Anna R. Möller, Hringur Hreinsson, Einar Jón Geirsson.

**Varastjórn:** Jóhann Tryggvason, Haraldur Þór Jóhannsson, Einar Haraldsson, Eyrún Harpa Hlynsdóttir.



# Framkvæmdastjórnir UMFÍ 1973-2007

## 1973-1975

Hafsteinn Þorvaldsson, Guðmundur Gíslason,  
Sigurður Geirdal.  
Varamaður frá 1974: Gunnar Sveinsson.

## 1975-1977

Hafsteinn Þorvaldsson, Ólafur Oddsson,  
Sigurður Geirdal.  
Varamaður: Jón G. Guðbjörnsson.

## 1977-1979

Hafsteinn Þorvaldsson, Hafsteinn Jóhannesson,  
Sigurður Geirdal.

## 1979-1981

Pálmi Gíslason, Diðrik Haraldsson,  
Sigurður Geirdal.

## 1981-1983

Pálmi Gíslason, Diðrik Haraldsson,  
Sigurður Geirdal.  
Varamaður frá 1982: Finnur Ingólfsson.

## 1983-1985

Pálmi Gíslason, Diðrik Haraldsson,  
Sigurður Geirdal.

## 1985-1986

Pálmi Gíslason, Diðrik Haraldsson,  
Sigurður Geirdal.  
Varamaður: Arnór Benónýsson.

## 1986-1987

Pálmi Gíslason, Diðrik Haraldsson,  
Sigurður Þorsteinsson.  
Varamaður: Þórir Jónsson.

## 1987-1989

Pálmi Gíslason, Þórir Haraldsson,  
Sigurður Þorsteinsson.  
Varamaður: Sigurbjörn Gunnarsson.

## 1989-1991

Pálmi Gíslason, Þórir Haraldsson,  
Sigurður Þorsteinsson.

## 1991-1992

Pálmi Gíslason, Þórir Haraldsson,  
Sigurður Þorsteinsson.  
Varamaður: Ólína Sveinsdóttir.

## 1992-1993

Pálmi Gíslason, Þórir Haraldsson,  
Sæmundur Runólfsson.  
Varamaður: Ólína Sveinsdóttir.

## 1993-1995

Þórir Jónsson, Þórir Haraldsson,  
Sæmundur Runólfsson.  
Varamaður: Ólína Sveinsdóttir.

## 1995-1997

Þórir Jónsson, Ólína Sveinsdóttir,  
Sæmundur Runólfsson.  
Varamaður: Sigurbjörn Gunnarsson.

## 1997-1999

Þórir Jónsson, Kristín Gísladóttir,  
Sæmundur Runólfsson.

## 1999-2001

Þórir Jónsson, Kristín Gísladóttir,  
Sæmundur Runólfsson.  
Varamaður: Sigurbjörn Gunnarsson.

## 2001-2003

Björn B. Jónsson, Anna R. Möller,  
Sigurður Viggósson, Sæmundur Runólfsson.

## 2003-2005

Björn B. Jónsson, Anna R. Möller,  
Birgir Gunnlaugsson, Sæmundur Runólfsson.

## 2005-2007

Björn B. Jónsson, Anna R. Möller,  
Helga G. Guðjónsdóttir, Sæmundur Runólfsson.  
Varamaður: Ásdís Helga Bjarnadóttir.

# Þing og þingstaðir UMFÍ 1907-2005

				fulltrúar	aðilar
1907	1. þing UMFÍ	Þingvöllum	2.-4. ágúst	6	
1908	2. “ “	Akureyri	5.-7. júní	13	
1908	2. “ “	Reykjavík	20.-24. júní	10	
1911	3. “ “	Reykjavík	14.-16. júní	13	3
1914	4. “ “	Reykjavík	12.-14. júní	17	3
1917	5. “ “	Reykjavík	14.-15. júní	22	6
1921	6. “ “	Reykjavík	26.-28. júní	18	4
1924	7. “ “	Reykjavík	16.-19. júní	24	9
1927	8. “ “	Reykjavík	15.-17. júní	26	10
1929	9. “ “	Þrastaskógi	18.-20. júní	21	9
1930	10. “ “	Þingvöllum	29. júní	20	8
1933	11. “ “	Þrastaskógi	25.-26. júní	13	6
1936	12. “ “	Þrastaskógi	13.-14. júní	14	6
1938	13. “ “	Þrastaskógi	11.-12. júní	21	10
1940	14. “ “	Haukadal	20.-22. júní	29	10
1943	15. “ “	Hvanneyri	24.-25. júní	52	15
1946	16. “ “	Laugum	4.-5. júlí	51	13
1949	17. “ “	Hveragerði	30.6-1. júlí	59	17
1952	18. “ “	Eiðum	3.-4. júlí	72	16
1955	19. “ “	Akureyri	30.6-1. júlí	42	14
1957	20. “ “	Þingvöllum	28. júní	51	15
1959	21. “ “	Reykjavík	5.-6. september	40	16
1961	22. “ “	Laugum	29.-30. júní	61	18
1963	23. “ “	Reykjavík	7.-8. september	46	15
1965	24. “ “	Laugarvatni	1.-2. júlí	61	18
1967	25. “ “	Þingvöllum	16.-17. september	48	14
1969	26. “ “	Laugum	21.-22. júní	50	15
1971	27. “ “	Húnavöllum	30.-31. október	58	16
1973	28. “ “	Haukadal	23.-24. júní	75	18
1975	29. “ “	Varmalandi	15.-16. nóvember	67	16
1977	30. “ “	Þingvöllum	10.-11. september	57	19
1979	31. “ “	Stórutjörnum	1.-2. september	59	17
1981	32. “ “	Kirkjubæjarklaustri	5.-6. september	54	16
1983	33. “ “	Njarðvík	10.-11. september	68	17
1985	34. “ “	Flúðum	6.-8. september	70	18
1987	35. “ “	Egilsstöðum	29.-30. ágúst	67	19
1989	36. “ “	Mosfellsbæ	28.-29. október	102	27
1991	37. “ “	Húnavöllum	26.-27. október	119	19
1993	38. “ “	Laugarvatni	23.-24. október	110	22
1995	39. “ “	Laugum	18.-19. nóvember	86	19
1997	40. “ “	Reykjavík	24.-25. október	101	23
1999	41. “ “	Tálknafirði	16.-17. október	71	21
2001	42. “ “	Stykkishólmi	20.-21. október	75	23
2003	43. “ “	Sauðárkróki	18.-19. október	89	29
2005	44. “ “	Egilsstöðum	22.-23. október	85	25

# Sambandsráðsfundir UMFÍ 1944-2006

				fulltrúar	aðrir	aðilar
1944	1.	Reykjavík	24.-25. júní	7	7	7
1945	2.	Reykjavík	8.-9. september	7	6	7
1947	3.	Reykjavík	4.-5. október	9	7	9
1948	4.	Reykjavík	2.-3. október	8	8	8
1950	5.	Reykjavík	23.-24. september	7	6	7
1951	6.	Reykjavík	29.-30. september	9	7	9
1953	8.	Reykjavík	3.-4. október	9	7	8
1954	9.	Reykjavík	26.-27. júní	7	8	7
1956	10.	Reykjavík	6.-7. október	7	9	7
1958	11.	Reykjavík	27.-28. september	9	13	9
1960	12.	Reykjavík	10.-11. september	13	8	13
1962	13.	Reykjavík	16. september	8	7	8
1964	14.	Haukadall	5.-6. september	10	8	10
1966	15.	Sauðárkróki	25. september	10	7	9
1968	16.	Kópavogi	19.-20. október	10	15	7
1970	17.	Njarðvík	25. október	21	10	16
1972	18.	Akranesi	3. júní	21	12	14
1974	19.	Grindavík	10.-11. nóvember	25	20	19
1976	20.	Dalvík	23. október	23	14	15
1978	21.	Kópavogi	4. nóvember	23	15	18
1980	22.	Hrafnagili	8. nóvember	18	20	13
1982	23.	Garðabæ	20. nóvember	26	17	19
1984	24.	Hvammstanga	10. nóvember	27	14	17
1986	25.	Húsavík	15. nóvember	29	9	14
1988	26.	Logalandi	11.-12. nóvember	32	16	18
1990	27.	Hornafirði	2.-3. nóvember	26	16	14
1992	28.	Varmahlíð	31. október	24	12	17
1994	29.	Reykjavík	5. nóvember	32	19	17
1996	30.	Borgarnesi	19. október	26	16	17
1998	31.	Vík	31. október	22	15	15
2000	32.	Egilsstöðum	14.-15. október	30	16	21
2002	33.	Kirkjub.kl.	19.-20. október	35	15	25
2004	34.	Laugum	16. október	20	18	15
2006	35.	Flúðum	28. október	31	21	23

# Heiðursmenn UMFÍ

Fljótlega kom upp sú hugmynd innan UMFÍ að heiðra þá menn sem hefðu sérstaklega til þess unnið með góðu starfi innan hreyfingarinnar annað hvort um lengri tíma eða með sérstöku átaki sem hefði markað spor til framfara. Fyrstu heiðursfélagar UMFÍ voru valdir á þingi samtakanna árið 1927. Þá var samþykkt „að kjósa þá Jóhannes Jósefsson, Þórhall Björnsson og Helga Valtýsson heiðursfélaga sambands UMFÍ í þakklætisskyni fyrir brautryðjendastörf þeirra meðal íslenskra ungmennafélaga.“<sup>1</sup> Þegar þessir fyrstu heiðursmenn UMFÍ voru kosnir voru engin ákvæði um slíkt í lögum UMFÍ. Á þinginu 1933 var eftirfarandi klausu bætt inn í löginn:

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá menn er unnið hafa ungmennafélagsskapnum óvenju mikið gagn, eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur.<sup>2</sup>

Þessi lagaviðbót var samþykkt einróma og næstu árin voru fáeinir menn kosnir heiðursfélagar UMFÍ. Á afmæliþinginu 1957 voru sex menn heiðraðir með heiðursfélaganafnbót, þar á meðal Norðmaðurinn Anders Skásheim í þakklætisskyni fyrir aðstoð hans við utanferð UMFÍ 1947. Hinir fimm voru eftirlifandi stofnendur UMFÍ og reyndar voru tveir þeirra gerðir að heiðursfélögum í annað sinn, þeir Jóhannes Jósefsson og Helgi Valtýsson. Líklega hefur hvort tveggja þótt stílbrot því eftir þetta hafa aðeins Íslendingar orðið heiðursfélagar og enginn nema einu sinni.

Nú varð hlé á heiðursveitingum en stjórn UMFÍ gerði sér ljóst að einungis fáir útvaldir gætu orðið heiðursfélagar samtakanna hverju sinni. Hins vegar blasti við sú staðreynd að drjúgur hópur manna vann frábært starf í þágu hreyfingarinnar og sú hugmynd varð til að veita þeim viðurkenningu fyrir það.

Því var það á þingi UMFÍ á Laugum árið 1969

að stjórnin lagði fram drög að reglum um heiðursverðlaun UMFÍ. Þeim var skipt í fimm flokka til handa einstaklingum. Í fyrsta lagi heiðurfélaganafnbót sem var æðsta heiðurstákn samtakanna. Henni skyldi hér eftir fylgja sérstakur heiðursfélagakross til nafnfesti. Hún skyldi aðeins veitt „íslenskum ríkisborgurum sem hefðu unnið áratugalangt, sérstaklega heillaríkt starf og gegnt veigamiklu ábyrgðarhlutverki fyrir ungmennafélagshreyfinguna.“ Gullmerki var önnur æðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ. „Viðtakandi verður að hafa unnið að minnsta kosti aldarfjórðungs starf til heilla og með árangri fyrir UMFÍ, héraðsambönd eða einstök félög innan UMFÍ.“ Í þriðja lagi skyldi veita silfurmerki fyrir að minnsta kosti 20 ára starf hliðstætt því sem færði mönnum gullmerki. Í fjórða lagi mátti veita starfsmerki UMFÍ „fyrir frábært átak eða afrek í félagsstörfum, skipulagsstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvallar þarf ekki að liggja langt samfellt starf.“ Í fimmta lagi var gestamerki sem mátti veita aðilum utan hreyfingarinnar „sem í verki hafa sýnt henni sérstakan sóma og velvild.“<sup>3</sup>

Silfurmerki og gestamerki komust ekki í gagnið og voru felld út við endurskoðun reglugerðarinnar árið 1993. Óbreytt var að gullmerki veittist ekki nema fyrir áralangt árangursríkt starf fyrir hreyfinguna. Nýtt merki, svokallað vináttumerki, mátti veita aðilum utan hreyfingarinnar sem hafa sýnt henni stuðning.<sup>4</sup> Það merki hefur aldrei verið veitt og reglum um veitingu gullmerkis hefur ekki verið fylgt hin síðari ár.

Á þingi samtakanna sem haldið var á Húnavöllum 1971 voru ellefu ungmennafélögum afhent fyrstu starfsmerki UMFÍ. Á sambandsráðsfundi á Akranesi 1972 voru fyrstu tvö gullmerkin afhent. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið og margir ungmennafélagar hafa fengið viðurkenningu fyrir sín störf með afhendingu heiðursmerkja UMFÍ. Þó er hitt víst að fleiri hefðu verðskuldað heiðurinn en hann hafa fengið.

Þeir ungmennafélagar sem hafa verið sæmdir nafnbót heiðursfélaga UMFÍ eru 20 talsins og 52



hafa hlotið gullmerki samtakanna. Starfsmerkishafar eru 343. Listi yfir þessa heiðursmenn birtist nú árlega í starfsskýrslum en hér verða birt nöfn heiðursfélaga, gull- og starfsmerkishafa frá upphafi.

### Heiðursfélagar UMFÍ

Jóhannes Jósefsson	1927 / 1957
Þórhallur Björnsson	1927
Helgi Valtýsson	1927 / 1957
Guðmundur Jónsson frá Mosdal	1933
Vígfús Guðmundsson	1940
Björn Guðmundsson	1943
Björn Jakobsson	1946
Bernharð Stefánsson	1957
Guðbrandur Magnússon	1957
Jón Helgason	1957
Anders Skásheim	1957
Eiríkur J. Eiríksson	1969
Sigurður Greipsson	1969
Skúli Þorsteinsson	1971
Þorsteinn Einarsson	1982
Hafsteinn Þorvaldsson	1987
Guðjón Ingimundarson	1987
Sigurður Geirdal	1993
Pálmi S. Gíslason	1997
Þórir Jónsson	2005

### Gullmerki UMFÍ

Daniel Ágústínusson	UMFÍ	1972
Þorsteinn Einarsson		1972
Jón Stefánsson	UMSE	1972
Ármann Pétursson	UMFÍ	1973
Gísli Andrésón	UMSK	1973
Stefán Ólafur Jónsson	UMFÍ	1973
Kjartan B. Guðjónsson	GLÍ	1975
Valdimar Óskarsson	UMFÍ	1975
Óskar Ágústsson	HSP	1976
Gunnar Sveinsson	Keflavík	1977
Pálmi S. Gíslason	UMSK	1978
Jóhannes Sigmundsson	HSK	1981
Þórir Þorgeirsson	HSK	1981
Hafsteinn Þorvaldsson	HSK	1981
Gísli Halldórsson		1982
Hermann Guðmundsson		1982
Sveinn Björnsson		1982
Guðjón Ingimundarson	UMSS	1984
Páll Aðalsteinsson	UMSK	1984
Axel Jónsson	UMSK	1985
Þórður J. Pálsson		1985

Bergur Torfason	HVÍ	1987
Björn Ágústsson	UÍA	1987
Diðrik Haraldsson	HSK	1987
Jón G. Guðbjörnsson	UMSB	1987
Þóroddur Jóhannsson	UMSE	1987
Guðmundur H. Sigurðsson	USVH	1991
Hörður S. Óskarsson	Vesturhlíð	1992
Magnús Alexandersdóttir	HSH	1992
Þórir Jónsson	UMSB	1992
Sveinn Jónsson	UMSE	1992/2002
Dóra Gunnarsdóttir	UÍA	1993
Reynir G. Karlsson	UMSK	1993
Finnur Ingólfsson	USVS	1997
Kristján Yngvason	HSP	1997
Matthías S. Lýðsson	HSS	1997
Ólína Sveinsdóttir	UMSK	1997
Sigurlaug Hermannsdóttir	USAH	1997
Sigurbjörn Gunnarsson	Keflavík	1999
Þórir Haraldsson	HSK	2000
Ingimundur Ingimundarson	UMSB	2001
Magnús Jakobsson	UMSK	2001
Hafsteinn Pálsson	UMSK	2002
Jóhann Ólafsson	UMSE	2002
Kristín Gísladóttir	HHF	2003
Einar K. Jónsson	Vesturhlíð	2003
Haraldur Þór Jóhannsson	UMSS	2004
Ellert B. Schram		2006
Arnór Benónýsson	HSP	2006
Birgir Gunnlaugsson	Fjölni	2006
Páll Ragnarsson	UMSS	2007
Gunnar Birgisson		2007

### Starfsmerki UMFÍ

#### Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

Þórhallur Guðjónsson	1974
Haukur Hafsteinsson	1979
Sigurbjörn Gunnarsson	1984
Hörður Ragnarsson	1990
Magnús Haraldsson	1990
Hafsteinn Guðmundsson	1994
Gísli Jóhannsson	1996
Birgir Ingibergsson	1997
Einar Haraldsson	1997
Inga Lóa Guðmundsdóttir	1998
Skúli Skúlason	1998
Kári Gunnlaugsson	2000
Sveinn Adólfsson	2000
Hildur Kristjánsdóttir	2001
Rúnar Arnarson	2004

Árni Pálsson	2004	Karl H. Sigurðsson	1990
Þórður Magni Kjartansson	2005	Ólína Sveinsdóttir	1990
Guðjón Axelsson	2005	Hulda Pétursdóttir	1992
Sigurvin Guðfinnsson	2005	Svanur M. Gestsson	1992
Bjarney S. Snævarsdóttir	2006	Elsa Jónsdóttir	1993
Jónas Þorsteinsson	2006	Ester R. Jónsdóttir	1994
Birgir Már Bragason	2007	Hraunar Danielsson	1995
Sesselja Birgisdóttir	2007	Birgir Ari Hilmarsson	1996
<b>Ungmennafélag Njarðvíkur</b>			
Guðmundur Snorrason	1971	Páll Hreinsson	1996
Jón Halldórsson	1984	Ásgerður Halldórsdóttir	1997
Friðrik Ólafsson	1990	Bergþóra Sigmundsdóttir	1997
Ingi Gunnarsson	1991	Einar Sigurðsson	1997
Gunnar Þórarinnsson	1993	Logi Kristjánsson	1997
Stefán E. Bjarkason	1994	Margrét Kristjánsdóttir	1997
Haukur Örn Jóhannesson	1996	Jóna Þorvarðardóttir	1998
<b>Ungmennafélag Grindavíkur</b>			
Jóhannes Haraldsson	1974	Lilja Petra Ásgeirsdóttir	1998
Gunnlaugur Hreinsson	1991	Valdimar Leó Friðriksson	2000
<b>Ungmennafélagið Þróttur</b>			
<b>Vatnsleysuströnd</b>			
Simon Rafnsson	1974	Alda Helgadóttir	2002
<b>Ungmennafélagið Fjölnir Reykjavík</b>			
Guðmundur G. Kristinsson	1992	Anna R. Möller	2002
Stefán Már Guðmundsson	1993	Þórður Guðmundsson	2002
Ingólfur Narfason	1996	Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	2004
Jón Þorbjörnsson	1998	Lárus Blöndal	2005
Snorri Hjaltason	1998	Hafsteinn Örn Guðmundsson	2005
Brynhildur Sigursteinsdóttir	2002	Bjarni G. Þórmundsson	2007
Sigurður H. Leifsson	2005	<b>Ungmennafélagið Skipaskagi Akranesi</b>	
<b>Ungmennafélagið Vesturhlíð</b>			
<b>Reykjavík</b>			
Óskar Magnússon	2004	Garðar Óskarsson	1976
<b>Ungmennasamband Kjalarnesþings</b>			
Gestur Guðmundsson	1971	Ingólfur A. Steindórsson	1976
Jón M. Guðmundsson	1972	Ólafur Þórðarson	1976
Sigurður Skarphéðinsson	1972	<b>Ungmennasamband Borgarfjarðar</b>	
Ingvi S. Guðmundsson	1975	Kristófer Þorgeirsson	1971
Ingólfur Árnason	1982	Bjarni Vilmundarson	1974
Jón Ingi Ragnarsson	1982	Bjarni V. Guðjónsson	1975
Margrét Bjarnadóttir	1982	Ingimundur Ingimundarson	1975
Gunnar Snorrason	1983	Jón G. Guðbjörnsson	1975
Páll Aðalsteinsson	1983	Gunnlaugur Árnason	1977
Kristján Sveinbjörnsson	1984	Bjarni G. Sigurðsson	1978
Albert H. N. Valdimarsson	1990	Diðrik Jóhannsson	1978
Hafsteinn Pálsson	1990	Bjarni Skarphéðinsson	1980
		Vigfús Pétursson	1980
		Gísli V. Halldórsson	1982
		Helgi Bjarnason	1982
		Ófeigur Gestsson	1982
		Þiðrik Baldvinsson	1986
		Jón Þórisson	1989
		Sigríður Þorvaldsdóttir	1989
		Einar Ole Pedersen	1993
		Þorvaldur Jónsson	1994
		Guðmundur Sigurðsson	1995
		Ármann Bjarnason	1997
		Kristmar J. Ólafsson	1997
		Steinunn Garðarsdóttir	1997

Einar K. Jónsson	1998
Jóna Björg Kristjánsdóttir	1998
Rósa Marínósdóttir	1999
Ásdís Helga Bjarnadóttir	2001
Guðjón Guðmundsson	2002
Kristín Gunnarsdóttir	2002
Þórður B. Bachman	2002
Torfi Jóhannesson	2006

### **Héraðssamband Snæfells- og Hnappadalssýslu**

Kristján Jónsson	1972
Ottó Arnason	1972
Stefán Ásgrímsson	1972
Þórður Gíslason	1972
Jón Pétursson	1973
Jónas Gestsson	1984
Pálmi Frímansson	1988
Hildur Sæmundsdóttir	1996
Gretar D. Pálsson	1997
Guðrún A. Gunnarsdóttir	1997
Sigurþór Hjörleifsson	1997
Stefán Jóhann Sigurðsson	1997
Eiður Björnsson	1998
Lilja Stefánsdóttir	1998
Bryndís Jónasdóttir	1999
Garðar Svansson	2000
Guðmundur Runólfsson	2003
Gunnar Svanlaugsson	2003
Hjörleifur K. Hjörleifsson	2003
Vilhjálmur Pétursson	2003
Margrét Þórðardóttir	2004
María Alma Valdimarsdóttir	2006
Sigrún Ólafsdóttir	2006

### **Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga**

Sveinn Gestsson	1988
Gísli Gunnlaugsson	1991
Sigrún Halldórsdóttir	1994
Guðmundur Gunnarsson	1998
Jóhann Pálmason	2005
Finnbogi Harðarson	2007

### **Héraðssambandið Hrafna-Flóki**

Heiðar Jóhannsson	1997
Sigurður Viggósson	2000
Valdimar Gunnarsson	2000

### **Héraðssamband Vestur-Ísfirðinga**

Gunnlaugur Finnsson	1973
Helgi Guðmundsson	1973

Tómas Jónsson	1973
Jón Guðjónsson	1979
Ásvaldur Guðmundsson	1984

### **Héraðssamband Bolungarvíkur**

Helga Jónsdóttir	2007
------------------	------

### **Héraðssamband Vestfjarða**

Sigmundur Þórðarson	2000
Ingi Þór Ágústsson	2003
Kristinn Jón Jónsson	2003
Björn Helgason	2003
Guðjón M. Þorsteinsson	2005

### **Ungmennafélagið Geisli Súðavík**

Óskar Elíasson	1997
----------------	------

### **Héraðssamband Strandamanna**

Ingimundur Ingimundarson	1976
Matthías S. Lýðsson	1982
Jón Ólafsson	1996
Bjarnheiður Fossdal	1997
Jóhann Björn Arngrímsson	2005
Vignir Örn Pálsson	2005

### **Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga**

Gunnar Sæmundsson	1981
Tómas G. Sæmundsson	1981
Sigurður Björnsson	1983
Kristján Ísfeld	1986
Páll Sigurðsson	1986
Oddur Sigurðsson	1993
Eyjólfur V. Gunnarsson	1996
Baldur Haraldsson	2000
Björn Ingi Þorgrímsson	2005
Aðalheiður Böðvarsdóttir	2005

### **Ungmennasamband Austur-Húnvetninga**

Ottó Finnsson	1973
Stefán Á. Jónsson	1973
Pétur Þ. Ingjaldsson	1980
Magnús Ólafsson	1981
Kristófer Kristjánsson	1982
Lárus Ægir Guðmundsson	1982
Björn Sigurbjörnsson	1983
Valdimar Guðmannsson	1985
Stefán Hafsteinsson	1990
Guðbjartur Guðmundsson	1992
Ingibergur Guðmundsson	1992

Inga B. Tryggvadóttir	1997
Ragnhildur Húnbogadóttir	1997
Þórhalla Guðbjartsdóttir	1997
Aðalbjörg Valdimarsdóttir	2002

### Ungmennasamband Skagafjarðar

Stefán Pedersen	1971
Helgi Rafn Traustason	1980
Páll Ragnarsson	1980
Stefán Guðmundsson	1980
Gunnar Sigurðsson	1992
Frimann Guðbrandsson	1998
Ómar Bragi Stefánsson	1998
Hjalti Þórðarson	2004
Bjarni Jónsson	2005
G. Kristín Jóhannesdóttir	2006
Guðmundur Sveinsson	2006

### Ungmenna- og íþróttasamband Ólafsfjarðar

Björn Þór Ólafsson	1992
Rögnvaldur Ingólfsson	2005

### Ungmennasamband Eyjafjarðar

Jón Stefánsson	1971
Þóroddur Jóhannsson	1971
Guðmundur Benediktsson	1972
Helgi Símonarson	1972
Birgir Marinósson	1973
Sveinn Jónsson	1973
Sigurður Jósefsson	1974
Birgir Þórðarson	1977
Páll Garðarsson	1977
Þórir Snorrason	1981
Haukur Steindórsson	1982
Jóhannes Geir Sigurgeirsson	1982
Sigurður Harðarson	1982
Vilhjálmur Björnsson	1983
Gísli Pálsson	1988 / 2006
Björn Ingimarsson	1991
Sigríður Helgadóttir	1991
Jón Sævar Þórðarson	1992
Þuríður S. Árnadóttir	1992
Jóhann Sigurðsson	1992
Björn Friðþjófsson	1993
Jóhann Bjarnason	1997
Linda Stefánsdóttir	1997
Ragnheiður Friðgeirsdóttir	1997
Hrefna Helgadóttir	1998
Hringur Hreinsson	1998
Niels Helgason	1998
Marinó Þorsteinsson	1999

Marta Gestsdóttir	2000
Jósavin Arason	2001
Hildur Aðalsteinsdóttir	2001
Ása Marinósdóttir	2002
Árni Arnsteinsson	2005
Jóhanna Gunnlaugsdóttir	2006
Guðfinna Steingrímsdóttir	2007
Jón Ingi Sveinsson	2007
Kristján Sigurðsson	2007
Sigfríður Valdimarsdóttir	2007

### Ungmennafélag Akureyrar

Sigurður Magnússon	1998
Hólmfríður Erlingsdóttir	1999
Birgitta Guðjónsdóttir	2002
Kristín Þuríður Matthíasdóttir	2002
Haukur Valtýsson	2004
Guðmundur Víðir Gunnlaugsson	2005
Hugrún Sigurbjörnsdóttir	2006

### Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Óskar Ágústsson	1971
Stefán Kristjánsson	1971
Eysteinn Hallgrímsson	1973
Gunnlaugur Tr. Gunnarsson	1973
Þórður Jónsson	1973
Arnaldur Mar Bjarnason	1975
Arngrímur Geirsson	1976
Þormóður Jónsson	1977
Vilhjálmur Pálsson	1977
Freyr Bjarnason	1984
Svanhildur Hermannsdóttir	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Guðni Halldórsson	1987
Kristján Yngvason	1987
Halla Loftsdóttir	1988
Völundur Hermóðsson	1988
Sigurður V. Sigmundsson	1992
Pétur Yngvason	2000
Anna S. Mikaelisdóttir	2005
Arnór Benónýsson	2006
Baldur Daniélsson	2006

### Ungmennasamband Norður-Þingeyinga

Brynjar Halldórsson	1975
Aðalbjörn Gunnlaugsson	1986

### Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands

Kristján Ingólfsson	1971
Hermann Níelsson	1981



Sigurjón Bjarnason	1981
Helga Alfreðsdóttir	1984
Magnús Stefánsson	1984
Jóhann P. Hansson	1986
Pétur Böðvarsson	1988
Grímur Magnússon	1989
Ólafur Sigurðsson	1989
Björg S. Blöndal	1990
Stefán Þorleifsson	1996
Jónas Þór Jóhannsson	1997
Petrún Jónsdóttir	1997
Björn Ármann Ólafsson	2001
Benedikt Jóhannsson	2005
Jóna Petra Magnúsdóttir	2005

### Ungmennasambandið Úlfljótur

Torfi Steinþórsson	1972
Albert Eymundsson	1991
Ásmundur Gíslason	1991
Gestur Halldórsson	2005
Hjalti Egilsson	2007
Hreinn Eiríksson	2007

### Ungmennasamband Vestur-Skaftfellinga

Þorsteinn Gíslason	1973
Skúli Oddsson	1979
Guðni Einarsson	1990
Sæmundur Runólfsson	1990
Páll Pétursson	1992
Sigmar Helgason	1993
Haukur Valdimarsson	1994
Þorgerður Einarisdóttir	1997
Elín Einarisdóttir	2002
Sædis Íva Elíasdóttir	2005
Sveinn Pálsson	2005
Guðný Sigurðardóttir	2006
Steina Harðardóttir	2007

### Ungmennafélagið Óðinn Vestmannaeyjum

Árný Heiðarsdóttir	2000
--------------------	------

### Héraðssambandið Skarphéðinn

Stefán Jasonarson	1971
Lóa Jónsdóttir	1971
Hermann Guðmundsson	1972
Þórir Þorgeirsson	1972
Hjörtur Jóhannsson	1975
Hörður S. Óskarsson	1976
Jóhannes Sigmundsson	1976
Sigurður Ingimundarson	1976
Eysteinn Þorvaldsson	1977
Jónas Ingimundarson	1977
Eggert Haukdal	1979
Gísli Magnússon	1979
Guðmundur Kr. Jónsson	1979
Haraldur Júlíusson	1979
Björn Gíslason	1982
Örn Guðnason	1982
Trausti Víglundsson	1985
Hrafnhildur Guðmundsdóttir	1986
Jón M. Ívarsson	1986
Snorri Þorvaldsson	1986
Þráinn Þorvaldsson	1988
Garðar Vigfússon	1990
Halldóra Gunnarsdóttir	1990
Valgerður Auðunsdóttir	1990
Björn B. Jónsson	1991
Kjartan Lárusson	1992
Ólafur Örn Haraldsson	1994
Þórir Haraldsson	1994
Jón Jónsson	1995
Svanur Ingvarsson	1997
Þórunn Oddsdóttir	1997
Engilbert Olgeirsson	1999
Árni Þorgilsson	2000
Ingibjörg Marmundsdóttir	2000
Karl Gunnlaugsson	2002
Jóhann Haukur Björnsson	2003
Kári Jónsson	2005
Helga G. Guðjónsdóttir	2005
Guðríður Aadnegard	2006
Kristinn Guðnason	2006
Markús Kr. Ívarsson	2007





## **2. HLUTI**

### **Landsmót UMFÍ**







*Hátíðarsamkoma á Oddeyrartúni árið 1903.*

## 1. landsmót UMFÍ á Akureyri 17. júní 1909

### Aðdragandi

Strax við stofnun UMFÍ kom fram mikill áhugi ungmennafélaga fyrir því að halda allsherjar íþróttamót fyrir landið allt. Einkum voru Jóhannes Jósefsson og félagar hans í Ungmennafélagi Akureyrar þess fýsandi enda miklir íþróttamenn sjálfir. Á fundi sínum vorið 1907 samþykktu félagsmenn Ungmennafélags Akureyrar áskorun til væntanlegs stofnþings UMFÍ um „að leggja ríkt kapp á að íþróttamót verði haldið fyrir Ísland á ári hverju og verðlaun veitt fyrir sem flestar íþróttir.“<sup>1</sup> Á stofnþinginu 1907 voru gerðar margar samþykktir og ein þeirra fjallaði um þetta mál-efni:

Ákveðið að koma á fót árlegri íþróttastefnu fyrir land allt og leggja til verðlaunagripi er veitist íturmennti í hverri íþrótt er þar verður sýnd.<sup>2</sup>

Hér blasir við orðalag Jóhannesar Jósefssonar en „íturmenni“ voru honum sérstaklega hugleikin. Ári síðar, á þingi UMFÍ 1908, var búið að móta hugmyndina enn frekar og þá var samþykkt að fela stjórn UMFÍ „að sjá um almennt íþróttamót í sambandi við sambandsþing UMFÍ á Þingvöllum 1911.“<sup>3</sup> Þar með voru menn búnir að draga í land með kröfuna um árlegt íþróttamót en farnir að tengja það ársþingum UMFÍ eins og raunin varð með landsmótin löngu síðar.

Þar hefur væntanlega ráðið miklu að íþróttir voru skammt á veg komnar hérlendis um þetta leyti. Glíman átti þó vaxandi gengi að fagna með stofnun ungmennafélaganna og helstu íþróttakappar landsins voru glímumenn samanber ferð þeirra á Ólympíuleikana í London sumarið 1908. Kappglímur voru helsta íþróttakeppnin en kapphlaup og kappreiðar áttu nokkrum vinsældum að fagna. Í þéttbýli mátti líka stöku sinnum sjá nýstárlega íþrótt þar sem hópur manna kepptist við að sparka uppblásnum knetti á milli sín. Þetta var kallað knattspark eða fótboltaleikur og naut vaxandi vinsælda. Hins vegar voru flestar íþróttir lítt þekktar og lítt æfðar af alþýðu manna og sérstök íþróttamót með fleiri en einni mótsgrein höfðu aldrei verið haldin á landinu þegar hér var komið sögu.

Það var greinilegt að ungmennafélagar á Akureyri voru ekki sáttir við að bíða í þrjú ár eftir íþróttamóti á Þingvöllum og nú tóku þeir málin í sínar hendur. Hinn 31. janúar 1909 skoraði Ungmennafélag Akureyrar á væntanlegt fjórðungsþing Norðlendinga „að hlutast til um að almennt íþróttamót verði árlega haldið í sambandi við væntanlegt hátíðahald 17. júní“<sup>4</sup> Fjórðungsþingið tók jákvætt í þessi tilmæli og 3. apríl birti formaður Fjórðungssambands Norðlendinga, Erlingur Friðjónsson, forsiðugrein í *Norðurlandi* þar sem hann kynnti málið. Þar sagði hann meðal annars:

Ungmennafélögin í Norðlendingafjórðungi hafa riðið á vaðið í þessu efni: Þau hafa ákveðið að hafa allsherjar íþróttamót 17. júní næsta sumar á Akureyri fyrir alla þá íþróttamenn í Norðlendingafjórðungi sem það mót vilja sækja og búast þau einnig við að koma á slíkum íþróttamótum í öðrum sýslum fjórðungsins á næstu árum hinn sama dag.<sup>5</sup>

Hér leynir sér ekki stórhugur norðlenskra ungmennafélaga og þarna var lagður grunnur að kröftugu mótahaldi þeirra næstu árin. Hér var í uppsiglingu hið fyrsta af fimm fjórðungsmótum Norðlendinga og jafnframt fyrsta íþróttamót á Íslandi. Löngu síðar var það tekið í tölu landsmóta og hefur unnið sér hefð sem fyrsta landsmót UMFÍ.

## Fyrsta íþróttamót á Íslandi

Fjórðungssambandið fékk Lárus J. Rist á Akureyri til að taka á móti þátttökutilkynningum og var hann í raun framkvæmdastjóri mótsins. Jafnframt tók Ungmennafélag Akureyrar að sér að veita mótinu forstöðu og er skráð fyrir auglýsingu um mótið í *Norðurlandi* 12. júní. Þar er vakin athygli á „Fyrsta íþróttamóti landsins,“ og heitið fjölbreyttri skemmtun og fróðleik fyrir litla borgun. Sagt er frá fyrirhuguðum íþróttum: Glímu, sundi, fótbolta, fimleikum, hlaupum, stökkum og kappgöngu.<sup>6</sup>

Lárus J. Rist var fjölmenntaður maður og lærður íþróttakennari frá Danmörku. Hann kenndi leikfimi við Gagnfræðaskóla Akureyrar og hélt rómáðar fimleikasýningar með nemendum sínum. Svo kenndi hann þeim að synda í köldu vatni og var sjálfur syndur sem selur. Það hafði hann sýnt eftirminnilega þegar hann synti yfir Oddeyrarál hinn 6. ágúst 1907. Lárus var því enginn veifiskati og hann lagði sig allan fram við undirbúning mótsins. Hann ritaði ítarlega grein um mótið í blaðið *Norðurland* 17. apríl og hvatti mjög til þátttöku. Lárus var vel meðvitaður um að hér var verið að feta nýja braut á sviði líkamsmenntar og íþróttar en kunnáttan var lítil. En „[Á]huginn, iðkun íþróttanna og þekkingin á þeim hlýtur að fara vaxandi og er þá tilgangi vorum náð,“ sagði Lárus í greininni.<sup>7</sup>

Árið 1909 var Akureyri allstór kaupstaður á íslenskan mælikvarða. Íbúar árið 1910 voru 2239 talsins og hafði farið ört fjölgandi.<sup>8</sup> Akureyri var verslunarstaður mikill og þar mátti finna tugi verslana, veitingahús, ljósmyndstofur, prentsmiðju, lyfjabúð og barnaskóla. Þá var eftir að nefna hinn myndarlega gagnfræðaskóla sem síðar varð menntaskóli og Kaupfélag Eyfirðinga sem á þessum árum fór að vaxa fiskur um hrygg. Þarna starfaði meira að segja lögregluþjónn. En síðast en ekki síst státaði Akureyri af þjóðskáldinu, séra Matthíasi Jochumssyni, sem var eitt af kennileitum staðarins að sögn Jóhannesar Jósefssonar.<sup>9</sup> Það var því ekki í kot vísað að halda íþróttamót á Akureyri.

Nú rann 17. júní upp og veður var einstaklega gott. Sól skein í heiði og ekki blakti hár á höfði bæjarbúa þegar þeir gengu í skrudfyllkingu frá innri hafnarbyggjunni út á hátíðarsvæðið á Oddeyrartúni. Gangan var fjölmenn og leikið var fyrir á horn. Hér voru ekki fyrst og fremst íþróttamenn á ferð heldur gengu ýmsir hópar með fána sína



Lárus J. Rist með fimleikaflokk sinn í samkomuhúsi Akureyrar.

fyrir sér. Þarna mátti til dæmis sjá flokka templa-  
ara, verslunarmanna og ungmennafélaga. Bæjar-  
búar margir höfðu dregið fána að húni en ekki  
mátti milli sjá hvort Hvítbláinn eða Dannebrog  
var liðfleiri. Bæjaryfirvöld og betri borgarar voru  
einkum í þeim hópnum sem flaggaði dönskum  
fánum. Ritstjóri blaðsins *Norðurlands* sem var  
þeim andsnúinn fann að því að ungmennafélagar  
létu fána sinn hvergi sjást í göngunni. Hann taldi  
ástæðuna þá að þeir hefðu þurft að kaupa velþókn-  
un bæjaryfirvalda við framkvæmd mótsins þessu  
verði. Ritstjórinn, Sigurður Hjörleifsson læknir,  
taldi rétt að minna ungmennafélaga á heilræði  
Hallgríms Péturssonar: „Vinn þú það ei fyrir vin-  
skap manns að víkja af götu sannleikans.“<sup>10</sup>

Hátíðarsvæðið var slétt og grasi vaxið og  
hliðið þangað inn var prýtt fánum og sveigum.  
Þar hafði verið reistur ræðupallur og þar var  
glímu- og dansflötur, tjöld og veitingaskýli.  
Guðlaugur Guðmundsson bæjarfógeti setti há-  
tíðina og bauð menn velkomna, ekki síst þá sem  
komnir voru langar leiðir úr fjarlægum héruðum.  
Næstur talaði Stefán Stefánsson skólameistari um  
Jón Sigurðsson af mikilli orðgnótt. Þá voru frjáls  
ræðuhöld um hríð. Karl Finnbogason og Stein-  
grímur Matthíasson héraðslæknir töluðu næstir

og þóttu blöðunum kenningar þeirra misgóðar.  
Að lokum kom sjálfur Matthías Jochumsson í  
ræðustólinn og talaði fyrir æskulýðnum.

Þá hófust íþróttirnar. Gefin hafði verið út  
leikskrá mótsins sem hét einfaldlega „Tilhögun  
íþróttanna á íþróttamótinu á Akureyri 17. júní  
1909.“ Þar voru skráðir keppendur mótsins, 55  
að tölu. Einnig átta menn sem tóku þátt í sund-  
sýningum. Reyndar tóku þeir duglegustu þátt í  
flestum íþróttagreinum mótsins. Ekki var þá  
komið í tísku að keppa undir nafni íþróttafélag-  
anna heldur voru keppendur kenndir við bæ sinn  
eða byggðarlag í leikskránni. Allir voru þeir norð-  
lenskir nema Þorfinnur Kristjánsson prentari sem  
kenndi sig við Reykjavík en starfaði þá tímabundið  
á Akureyri.<sup>11</sup>

## Íþróttir á Oddeyri

Fyrst var keppt í flokkaglímu sem 25 menn tóku  
þátt í. Þeim var skipt í fimm þyngdarflokka og  
það var sannarlega engin þyngdavigt. Menn voru  
almennt lægri í loftinu og léttari á sér í byrjun 20.  
aldar en nú gerist. Í léttasta flokknum voru drengir  
aðeins 45 kg á þyngd en í þeim þyngsta voru  
karlar 82,5 kg og þar yfir. Þyngdin var reiknuð í



pundum sem er nákvæmlega hálf kíló. Hér voru hraustir karlar á ferð og óefað hafa margið svitadropar fallið því heitt var í veðri. Úrslitin urðu þessi:

**I. flokkur, innan við 90 pund**

Júlíus Sigurðsson Akureyri

**II. flokkur, 90-120 pund**

Jón Kristjánsson Akureyri

**III. flokkur, 120-145 pund**

Jakob Kristjánsson Akureyri

**IV. flokkur, 145-165 pund**

Sigurður Sigurðsson Öxnhóli

**V. flokkur, yfir 165 pund**


Jón Jónsson Skjaldarstöðum

Þá var komið að stökkum. Betri borgarar Akureyrar og nærsveita voru í dómnefndinni og væntanlega í sínu finasta þússi. Þetta voru menn eins og Hallgrímur Kristinsson kaupfélagsstjóri á Akureyri, og Sigurður Sigfússon sölustjóri kaupfélagsins á Húsavík. Báðir miklir glímukappar „en höfðu lagt af að rjá,“ eins og Grettir sterki orðaði það forðum daga á Hegranesi. Áhorfendur hafa væntanlega líka verið uppabúnir. Annað dugði ekki á slíkri stórhátíð.

Bæði var keppt í langstökki, hástökki og stangarstökki. Árangrarnir þættu ekki markverðir í dag en vafalaust hafa aðstæður verið misgóðar og kunnáttan í minna lagi. Kári Arngrímsson glímukappi frá Ljósavatni og Sturla Jónsson frá Jarlstöðum í Bárðardal stukku báðir 1,48 m í loft upp. Sturla stökk með tilhlaupi en Kári jafnfætis og má telja það allgott afrek. Kári sigraði einnig í langstökki með 5,40 metra stökki en Jakob Kristjánsson á Akureyri sveif hæst í stangarstökki 2,46 metra.



Lárus J. Rist íþróttakennari, framkvæmdastjóri íþróttamótsins.



Leikskrá íþróttamótsins.

Þá reyndu bæði drengir og fullorðnir sig í 100 metra hlaupi. Helgi Pálsson á Akureyri var fyrstur af drengjunum á 16,8 sekúndum. Jón Haraldsson Einarstöðum var skjótastur fullorðinna og hljóp skeiðið á 14 sekúndum. Nokkrir menn þreyttu göngu og þar sigraði Jakob Kristjánsson á tímanum 1:40,5 mínútum. Vegalengdin var fjórðungur úr enskri mílu eða 402,25 metrar.<sup>12</sup>

Vaskir menn og lítt kulvísir létu sig hafa það að synda í kapp í höfninni á Oddeyri. Allt voru þetta nemendur Lárusar J. Rist og heimamenn á staðnum. Fyrstur í 50 metra sundi var Björn Arnórsson á 55 sekúndum en Stefán Thorarensen svam hraðast í 100 metra sundi á 2:00,2 mínútum. Þeir Friðbjörn Aðalsteinsson og Jóhann Ólafsson sýndu björgunarsund sem áhorfendum þótti nýstárlegt. Tilgangur Lárusar var sá að sýna mönnum fram á nytsemi sundsins til að bjarga mannlífum. Að síðustu stakk Lárus sér sjálfur í sjóinn ásamt fimm nemendum sínum og léku þeir ýmsar listir allir í senn. Þetta mun hafa verið fyrsta samhæfða listsundið á Íslandi. Þetta vakti svo mikla athygli að tröllasögur spunnust um sýninguna. Lárus sagði svo frá síðar að Sigurjón Pétursson á





*Guðmundur Stefánsson sigraði í Íslandsglímunni á Akureyri 1909 og gyrtist Grettisbeltinu.*

Álafossi hefði sent sér símskeyti og spurt hvort það væri satt að einn nemandinn hefði sokkið á sundinu og druknað.<sup>13</sup>

Líklega hefur Lárus eitthvað misminnt því íþróttakappinn Sigurjón Pétursson var sjálfur á mótinu og reyndar skráður til keppni í leikskránni. Hann kom ríðandi norður ásamt Guðmundi Stefánssyni félaga sínum þeirra erinda að taka þátt í Íslandsglímunni þennan sama dag. Hún fór fram í Góðtemplarahúsinu á Akureyri í umsjá glímufélagsins Grettis. Gert var hlé á íþróttamótinu milli klukkan fjögur og sjö meðan glíman fór fram. Þeir félagar komu, sáu og sigruðu, því Guðmundur stóð efstur en Sigurjón varð í öðru

sæti. Þótti ferð þeirra norður hin frækilegasta og þar með hvarf Grettisbeltið úr höndum Norðlendinga um 66 ára skeið. Þeir félagar voru meðal dómara í flokkaglímu mótsins en tóku ekki þátt í keppni þess.<sup>14</sup>

Þegar búið var að gyrða Guðmund Stefánsson beltinu góða var mótinu haldið áfram. Komið var að síðustu greininni sem var fótboltaleikurinn. Þar áttust við tveir 11 manna flokkar, annar af Akureyri en hinn frá Húsavík. Akureyringar skoruðu eitt mark í fyrri hálfleik og sigruðu þar með því fleiri urðu mörkin ekki. Þeir hlutu fánastöng að verðlaunum en ekki er þess getið í blaðfrásögnum að öðrum hafi verið veitt verðlaun.

Hér voru því ekki stig eða verðlaun í boði heldur ánægjan ein af því að reyna sig við jafningjana frammi fyrir áhorfendum. Frásagnir blaðanna greina ekki frá öllum úrslitum íþróttanna en þó langflestum. Ef fyrsta manni eru gefin þrjú stig, næsta tvö og síðan eitt, þá kemur í ljós að Jakob Kristjánsson prentari á Akureyri hlaut langflest stig eða 12 enda tók hann þátt í öllum greinum nema hlaupum. Næstur honum kom Kári Arngrímsson með 5,5 stig og Jón Haraldsson á Einarstöðum var með 5 stig. Sturla Jónsson var með 3,5 stig en aðrir færri. Kári og Sturla tóku einnig þátt í Íslandsglímunni og höfðu því nóg að iðja þennan dag.

Þetta fyrsta íþróttamót á Íslandi vakti verðskuldaða athygli og almenna ánægju gesta og þeirra sem að því stóðu. Að vísu kom í ljós 30 króna tekjuhalli þegar félagsmenn Ungmennafélags Akureyrar fóru að gera upp reikningana um haustið. Töldu þeir einsætt „að fjórðungssambandi Norðlendinga bæri að borga þann áhalla,“

en heimildir segja ekki nánar frá því máli.<sup>15</sup> Hitt var þó meira virði að mótið hleypti norðlenskum íþróttamönnum kappi í kinn og þeir héldu slík mót árlega næstu fjögur árin. En íþróttamótið 17. júní 1909 er skráð gullnu lettri í sögu íþróttá Íslandi og ungmennafélagshreyfingarinnar.



*Jakob Kristjánsson var sigursælasti keppandinn á mótinu.*

## Landsmót verður til


Ungmennafélag Íslands hélt mikið íþróttamót í Reykjavík vorið 1911. Í kjölfar þess fylgdi annað mikið íþróttamót UMFÍ vorið 1914. Þessi mót voru lengi vel talin tvö fyrstu landsmót UMFÍ. Þegar landsmótin voru endurvakin með mótinu í Haukadal 1940 og mótinu á Hvanneyri 1943 var því síðarnefnda gefið heitið 4. landsmót UMFÍ af Daníeli Ágústínussyni ritara samtakanna. Það var í fyrsta sinn sem talað var um landsmót en það hefur síðan orðið heiti þessara íþróttamóta.<sup>16</sup> Landsmótið á Laugum 1946 var talið 5. landsmót UMFÍ en næsta mót, landsmótið í Hveragerði 1949, var talið 7. mótið.<sup>17</sup>

Skýringin á þessu misræmi er sú að Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi ríkisins, taldi að rétt væri að telja íþróttamótið á Akureyri 1909 sem fyrsta landsmót UMFÍ og bæta því framan við landsmótið 1911.<sup>18</sup> Hann ráðfærði sig við Eirík J. Eiríksson og Sigurð Greipsson og sameiginlega tóku þeir ákvörðun um þetta árið 1948.<sup>19</sup> Þessi breyting gekk mjög hljóðlega fyrir sig því hvergi finnst um hana stafkrókur í bókum UMFÍ. Gjörðabækur og Skinfaxi þegja þunnu hljóði.

Á þingi UMFÍ haustið 1987 kom fram tillaga um að hætta að telja íþróttamótið 1909 sem fyrsta landsmót UMFÍ. Tillöggunni var vísað til stjórnar og þrír stjórnarmenn tóku að sér að skoða málið. Það voru Pálmi Gíslason, Þórir Haraldsson og Sigurbjörn Gunnarsson. Niðurstaða nefndarmanna var að láta kyrrt liggja. Í niðurlagi greinargerðar þeirra segir:

Nefndin telur að einhver vafi geti leikið á hvort í upphafi hafi verið tekin rétt ákvörðun þetta varðandi, en telur ekki ástæðu, né nægilega gild rök til að breyta tölusetningu Landsmótanna nú.<sup>20</sup>

Þannig liggur í því að íþróttamótið sem haldið var á Akureyri 1909 var síðar talið fyrsta landsmót UMFÍ. Það kann að hafa orkað tvímælis á sínum tíma en síðan eru liðin nær sextíu ár og löngu komin hefð á mótið. Og sannast sagna þykir mörgum hið glæsilega framtak Akureyringa á sínum tíma rækilega verðskulda landsmótsnafnið.



*Frá setningu landsmótsins 17. júní 1911. Þórhallur Björnsson biskup flytur ávarp.*

## 2. landsmót UMFÍ í Reykjavík 17.-25. júní 1911

### Íþróttavakning

Árið 1911 var Reykjavík í örum vexti. Íbúarnir voru orðnir 11.600 og 14 af hundraði þjóðarinnar. Togaravæðingin, fyrsta stóriðja Íslendinga, var gengin í garð með bættum lífskjörum í kjölfarið og hún var umsvifamikil í höfuðstaðnum. Torfbæirnir flestir horfnir og húsin í bænum voru timburhús klædd bárujárn. Vatnsberarnir farnir til annarra starfa því nýbúið var að leggja vatnsveitu. Meira að segja var farið að bera á nýstárlegum lúxus, það er að segja steinhlöðnum gangstéttum við malargöturnar. Reykjavík var orðin ótvíræður miðpunktur þjóðlífsins enda hafði landstjórnin þar aðsetur sitt. Björn Jónsson var ráðherra en lét reyndar af embætti á útmánudum. Við ráðherratígninni tók Kristján Jónsson yfir-

dómari. Alþingi sat við Austurvöll og undirbúningur að stofnun Háskóla Íslands stóð yfir.

Með tilkomu ungmennafélaganna varð vakning í íþróttamálum þjóðarinnar. Norðlendingar höfðu haldið vegleg íþróttamót árin 1909 og 1910 og nú létu sunnlenskir ungmennafélagar einnig að sér kveða. Hinn 9. júlí 1910 héldu þeir fyrsta íþróttamót sitt á Þjórsártúni í Rangárvallasýslu í blíðskaparveðri. Þangað komu um þrjú þúsund manns af Suðurlandi og var mikill hátíðarbragur á samkomunni. Hápunktur mótsins var kappglíma 18 ungra manna um silfurskjöld sem gerður hafði verið til heiðurs besta glímumanni Suðurlands. Einnig var keppt í hlaupum og stökkum og sigurvegurum veitt heiðurskjöl. Þarna voru einnig ræðuhöld og söngur að þeirrar tíðar hætti og þótti hátíðin takast afburðavel.<sup>21</sup> Eftir þessa góðu

byrjun varð mótið árlegur viðburður. Fljótlega bættust við árviss héraðsmót Skagfirðinga, Borgfirðinga, Þingeyinga og Austfirðinga fyrir utan smærri mót.<sup>22</sup>

Reykvíkingar voru ekki ósnortnir af þessum íþróttáhuga. Fótboltafélag Reykjavíkur var stofnað 1899 en breytti síðar nafni sínu í KR, það er að segja Knattspyrnufélag Reykjavíkur. Árið 1898 var glímufélagið Ármann stofnað sem réttilega er talið elsta íþróttafélag landsins. Það lagðist út af eftir aldamótin en var endurvakið í ársbyrjun 1906 af Sigurjóni Péturssyni, Hallgrími Benediktssyni og fleiri hraustum drengjum.<sup>23</sup>

Þeim var umhugað um að fá landa sína til að stunda íþróttir og hreyfingu, efla allar líkamsmenntir í stað þess að veslast upp af tæringu á Vífilstöðum, en þau urðu örlög margra ungra manna um þessar mundir. Keppt var í glímu, sundi, knattspyrnu, hlaupum, stökkum, skíða- og skautahlaupi. ... Menn viluðu heldur ekki fyrir sér að synda í sjónum, jafnvel um hávetur, til dæmis var synt svokallað „Nýjárssund“ þann fyrsta janúar um árabíl. Konur tóku drjúgan þátt í sundiðkunum auk þess sem þær stunduðu fimleika.<sup>24</sup>

Skömmu síðar var stofnað Íþróttafélag Reykjavíkur, árið 1907. Það lagði einkum stund á fimleika og frjálsíþróttir. Allt frá árinu 1897 höfðu verið haldin svokölluð þjóðhátiðarmót í Reykjavík. Þau fóru alltaf fram 2. ágúst í minningu þjóðhátiðarinnar 1874 þegar Kristján kóngur 9. allramildilegast heimsótti þegna sína á útskerinu. Það var fyrst og fremst Stúdentafélag Reykjavíkur sem stóð fyrir þessum hátiðum í samvinnu við ýmis félög bæjarins. Þær hófust venjulega með kappreiðum á Skildinganesmelum og síðan var hlaupið og glímt á Landakotstúni. Náttúrlega voru ræðuhöld og söngur til skemmtunar, annað hefði þótt heldur ómerkilegt. Þjóðhátiðirnar voru árlegur viðburður en féllu þó niður árin 1907-1908. Í fyrra sinnið vegna konungskomunnar og í síðara skiptið vegna alþingiskosninga.

Síðasta þjóðhátiðin var haldin 1-2. ágúst árið 1909. Fyrri daginn var vígður sundskáli við Skerjafjörð sem Ungmennafélag Reykjavíkur hafði látið byggja. Þá sáu konur í fyrsta skipti opinberlega í sundfötum og þótti mörgum nóg um frjálslyndið. Hannes Hafstein ráðherra flutti vígsluræðuna og líkti þjóðlífinu við misvaxinn ungling

með of stórt höfuð en of lítinn líkama. Úr þessum misvexti ætti hinn nývaknaði áhugi æskumanna á íþróttum að bæta, sagði ráðherrann. Svo var keppt í sundi og þá fór einnig fram langhlaup frá Árbænið á Austurvöll.<sup>25</sup> Daginn eftir voru kappreiðar á Melunum. Þá var keppt í hástökki og langstökki og glímt í tveimur þyngdarflokkum. Lítið var hirt um að segja frá félagsaðild keppenda á þeim tíma en þeir munu hafa verið félagsmenn í ÍR, Ármanni og Ungmennafélagi Reykjavíkur.<sup>26</sup> Það var semsé komin á dálítill íþróttahéfið í höfuðstaðnum fyrir tilstilli hinna nýstofnuðu ungmenna- og íþróttafélaga sem spruttu upp hvarvetna.

## Undirbúningur

Þegar 100 ára ártíð Jóns Sigurðssonar 17. júní 1911 nálgast leyndi sér ekki að landsmenn voru staðráðnir í að minnast hennar rækilega. Auglýsingar um hátíðir víðs vegar tóku að birtast í blöðum skömmu eftir áramót og jafnt og þétt síðan. Íþróttasamband Reykjavíkur, sem stofnað var 1910, vann kappsamlega að því að fullgera Melavöllinn sem tókst fyrir atbeina dr. Valtýs Guð-



Leikskrá íþróttamótsins.



mundssonar sem ábyrgðist 2000 króna lán til verksins.<sup>27</sup> Hátíðarnefnd var kosin með aðild bæjarstjórnar Reykjavíkur og ýmissa félaga bæjarins til að undirbúa hátíðahöld í tilefni afmælisins.

Ungmennafélagar ætluðu svo sannarlega að vera með í leiknum. Hugmyndinni um landsmót á Þingvöllum árið 1911 sem var samþykkt á þinginu 1908 var haldið vakandi næstu árin en fljótlega gufaði þó Þingvallarómantíkin upp. Á þingi Fjórðungssambands Sunnlendinga í maí 1910 var kosin nefnd til að aðstoða stjórn FS við undirbúning mótisins. Kosnir voru Sigurjón Pétursson, Björn Jakobsson og Guðmundur Sigurjónsson.<sup>28</sup> Tilkoma þessara manna á vegum FS löngu fyrir mótið sýnir sterka stöðu þess og hina veiku stöðu UMFÍ á þessum tíma. Það segir sína sögu að örfáum dögum fyrir mótið var fækkað í stjórn UMFÍ niður í einn mann. Það breytti þó engu um einhug manna að halda þetta fyrsta íþróttamót UMFÍ.

Í *Skinfaxa* í febrúar 1911 birtist auglýsing frá UMFÍ um „Íþróttamót Ungmennafélags Íslands.“ Þar voru taldar upp 16 keppnisgreinar og væntanlegum keppendum bent á að gefa sig fram við Björn Jakobsson leikfímikennara fyrir 1. maí. Björn var formaður framkvæmdanefndar mótisins. Hann var einn merkasti íþróttافرómuður landsins og stofnaði síðar fyrsta íþróttakennarskóla Íslands að Laugarvatni 1931. Aðrir nefndarmenn voru ekki síður áhugamenn um íþróttir. Það voru Guðmundur Sigurjónsson glímukappi, Helgi Valtýsson formaður UMFÍ, Sigurjón Pétursson glímukappi og Þorkell Þ. Clementz formaður FS. Kannski kemur einhverjum spánskt fyrir sjónir að rekast hér á nafn Sigurjóns Péturssonar, sem var helst þekktur sem glímukappi í glímufélaginu Ármanni, en Sigurjón var jafnframt lengi öflugur liðsmaður í Ungmennafélagi Reykjavíkur, enda ekki einhamur, hvorki á sviði íþróttar né félagsmála.<sup>29</sup>

Jóhannes Jósefsson lýsir Sigurjóni svo: „Sigurjón var bjarnsterkur maður, ágætur glímumaður og vel þjálfaður og auk þess svo drengilegur andstæðingur að unun var að keppa við hann.“<sup>30</sup> Sigurjón var hugmikill ekki síður en Jóhannes og lagði stund á fjölmargar íþróttir. Hann var liðtækur spretthlaupari, vel fær á skautum, ágætur langhlaupari, öflugur kastari og var þá orðinn fremsti glímumaður landsins en það var enginn smáræðis nafnbót á þessum gullaldarárum glímunnar.

Margt var nýstárlegt við íþróttamótið 1911. Nú var nýkomið til sögunnar það furðulega uppátæki að kasta hnöttóttri járnkúlu, aflöngu spjóti, eða disklaga trékringlu sem lengst frá sér og kalla það íþrótt. Áður höfðu menn látið duga að hlaupa og stökkva en nú bættust köstin við. Það var ekki fyrir en áratugum seinna sem orðið frjálsíþróttir var fundið upp. Sumar þessar íþróttir höfðu lítið sést í keppni á landinu fyrir svo þetta var í meira lagi forvitnilegt. Framkvæmdanefndin vissi sem var að landsmenn voru fákunnandi um íþróttir og til að bæta úr því lét hún sérprenta giska ýtarlegar leiðbeiningar um hvernig menn ættu að bera sig að og birti þær einnig í blöðum. Hér koma til dæmis leiðbeiningar um langstökk og stangarstökk:

### Langstökk með tilhlaupi

1. Standa rétt hér um bil 30 m frá stökkmarkinu.
2. Hællýfting.
3. Byrja tilhlaupið með vinstri fæti.
4. Hlaupu fyrstu 10-12 metrana með meðalhraða en síðast sem hraðast.
5. Spyrntu við fast. Næstu hreyfingar eru hér um bil samtímis.
6. Kasta fótunum fram.
7. Knén upp að brjóstinu.
8. Armkast fram.

### Stangarstökk á hæð

1. Í réttstöðu andspænis snærinu 15 metra á lengdar.
2. Gríp um stöngina með hægri hendi nokkru ofar en mótis við snærið, 3 en með vinstri hendi svo sem alin neðar.
4. Lyft hælunum.
5. Haltu stönginni á ská framundan þér.
6. Hlaupu rösklega til.
7. Sting niður stönginni framan við snærið.
8. Snögg viðspyrna.
9. Lyfting með armkreppu.
10. Varpa fótunum fram yfir snærið.
11. Snú þér að snærinu á fallinu.
12. Lát stöngina lausa.

### Mótið hefst

Landsmótið var sett með viðhöfn klukkan fimm síðdegis á hundrað ára afmælisdegi Jóns Sigurðssonar, 17. júní 1911. Þá var fyrir um daginn búið að fagna stofnun Háskóla Íslands. Setning mótisins var mjög hátíðleg og hófst með því að lúðrasveit lék þjóðsönginn. Biskup Íslands, Þórhallur Björnsson, setti mótið með hátíðlegri ræðu. *Skinfaxi* sagði svo frá mótissetningunni:



*Íþróttavöllurinn í Reykjavík vígður 11. júní 1911.*

Það var fögur sjón og nýstárleg hér á landi – og minnisstæð öllum þeim er íþróttum unna – laugardagskvöldið þann 17. sjálfan þjóðminningardaginn síðdegis er íþróttamótið var sett: Lúðrasveitin lék fótgöngulag og fjöldi áhorfenda streymdi inn að leikvöllinum sem var skreyttur fagurlega íslenskum fánum og fjöldamörgum bláhvítum veifum. Sáust þar eigi aðrir litir. Gekk þá íþróttasveitin inn á völlinn í stórrí fylkingu. Hvítt og blátt voru þar aðallitirnir á búningum íþróttamanna.<sup>31</sup>

Þátttakendur á mótinu voru nákvæmlega 70. Keppendur í einstaklingsíþróttum voru 41. Í fimleikaflokki Íðunnarmeyja voru 12 stúlkur. Fótboltafélagið Fram átti 11 keppendur í knattsparki og einnig Fótboltafélag Reykjavíkur en fimm af þeim tóku einnig þátt í öðrum íþróttum. Sama var uppi á teningnum um fimleikaflokka ÍR og Ungmennafélags Reykjavíkur, samtals 22 menn. Þeir tóku allir þátt í mótinu í öðrum greinum. Langflestir keppenda voru frá Reykjavík eða allir nema fjórir. Tveir Norðlendingar mættu til leiks, þeir Jóhann Einarsson kennari við Arnarnesskóla og Kári Arngrímsson frá Ljósavatni. Frá Ísafirði kom Geir Jón Jónsson kennari og frá Vík í Mýrdal kom Haraldur Einarsson skjaldarhafi Skarphéðins.<sup>32</sup>

Heimamenn voru rjóminn af þeim ungu mönnum bæjarins sem farnir voru að iðka íþróttir sér til skemmtunar og heilsubótar. Margir voru þá þegar orðnir þekktir íþróttagarpar. Menn eins og Benedikt G. Wåge, síðar forseti ÍSÍ, Erlingur Páls-son sundkappi, Hallgrímur Benediktsson glímukappi, Kristinn Pétursson blikksmiður, Sigurjón Pétursson glímukappi og ýmsir fleiri. Athygli vekur að hvorki Hallgrímur né Sigurjón skráðu sig til keppni fyrir sérstakt félag heldur notuðu merkimiðann „frá Reykjavík“ í leikskranni ásamt sex öðrum íþróttamönnum.<sup>33</sup> Ástæðan var væntanlega sú að bæði Sigurjón og Hallgrímur æfðu glímu hjá Ármanni og frjálsíþróttir með Ungmennafélagi Reykjavíkur. Þeim var óhægt um vik að velja annað hvort félagið og slepptu því báðum.

Dómarar voru þrír við hverja keppnisgrein. Þeir voru margir úr hópi betri borgara bæjarins og höfðu brennandi áhuga áhuga á íþróttum. Þar má nefna Björn Bjarnason sem frægur var orðinn fyrir bók sína *Íþróttir fornanna*, Matthías Einarsson lækni, Ólaf Björnsson ritstjóra og Guðbrand Magnússon prentara, formann UMFÍ.<sup>34</sup>

Mótið var sannkölluð íþróttahátíð. Bæjarbúar þyrptust á völlinn á hverju kvöldi í heila viku. Allir voru í sínu finasta þussi og fylgdust af miklum áhuga með því sem fram fór enda var það býsna nýstárlegt. Eldur sjálfstæðisbarátt-



*Björn Jakobsson framkvæmdastjóri mótsins ásamt fimleikaflokki Iðunnarmeyja sem sýndu á fyrsta degi mótsins 17. júní 1911.*

unnar brann í brjóstum manna um þessar mundir og margir sáu rautt ef nokkrum varð það á að hampa Dönum eða danskri tungu. Á vígsludegi vallarins sex dögum fyrr voru sýndir fimleikar og stjórnandi flokksins mælti fyrir á dönsku. Um þetta skrifaði æstur vallargestur í *Vísu* litlu síðar og kallaði höfuðhneyksli og þjóðarháðung. Merki- legast taldi hann að ungmennafélagar skyldu láta þetta viðgangast.<sup>35</sup> Honum var svarað um hæl af „Kunnugum“ og upplýstur um það að enginn ungmennafélagi hafi komið nálægt hinum dönskumælandi leikfimisflokki sem var frá Íþróttafélagi Reykjavíkur.<sup>36</sup> Fyrirmælin voru á norsku en ekki dönsku. Norðmaðurinn Andreas Bertelsen sem lengi hafði stýrt flokkn- um var staddur á Akureyri um þessar mundir og þá hljóp Jón Halldórsson bankaritari í skarðið. Hann treysti sér ekki til að breyta skipununum með litlum fyrirvara og varð óvart þess valdandi að blóð frelsisunn- andi Íslendinga nálgæðist suðumark.<sup>37</sup>

Setningardaginn voru keppnisíþróttir ekki á dag-

skrá en þó var sýnt þar „stangarhlaup“ það er að segja stangarstökk. „Er það mjög skemmtileg leikfimi. Íþróttamennirnir hefja sig á stöng hátt upp í loft yfir þverslá,“ sagði í blaðfrétt- um.<sup>38</sup>

Ekki færri en þrír fimleikaflokkar sýndu listir sínar og af þeim vöktu hinar íturvöxnu meyjjar frá ungmennafélaginu Iðunni í Reykjavík langmesta athygli. Stjórnandi þeirra var Björn Jakobsson sem var án vafa fremsti fimleikakennari landsins um þær mundir. Sýningin þótti takast vel og hér var um stórviðburð í kvennasögu að ræða því

þetta var fyrsta fimleikasýning kvenna hérlendis að talið var. Reyndar sýndu stúlkur úr Ungmennafélaginu Tindastóli á Sauðárkróki leikfimi þennan sama dag á íþróttamóti Skagfirðinga svo óhætt er að segja að konur sæktu fram um landið allt.

Sigurjón Pétursson var ofan á allt annað ágætlega ritfær maður. Árið eftir birtust í *Eimreiðinni* frásagnir hans af íþróttamótinu. Lítum á umsögn hans um frammistöðu fimleikaflokks Iðunnar:



*Iðunnarmeyjar leika listir sínar. Þetta var í fyrsta sinn sem konur sýndu íþróttir opinberlega.*



Var það flestum svo óvanaleg sjón að undur þótti að horfa á stúlkur fremja leikfimi. Það var líka svo undur fagurt að horfa á stúlkurnar, ekki af því einu að þær voru svo fallega vaxnar, heldur og af því hve allar æfingar fórust þeim snilldarlega úr hendi. Og þetta eiga Reykjavíkurbúar í fórum sínum án þess að vita af því. Það eru svo frámunalega fáir sem hugsa um líkamsmenntunina. Ungmennafélagið Íðunn er ekki nema einn lítill kvistur af hinum mikla sæg ungra meyjja í Reykjavík en þær hugsa um líkama sinn. ... „Íðunn“ er og hefur verið fyrirmynd allra ungra kvenna í Reykjavík og óhætt að segja um land allt að því er vér til þekkjum. Má vera að sá dómur verði til að vekja henni upp öfundarmenn en það er þá ekki nema vanaleg fylgja þeirra sem eitthvað skara fram úr, einhvern verulegan dug sýna, áhuga og atorku.<sup>39</sup>

Eftir þennan lofsöng Sigurjóns þarf engum að koma á óvart að eiginkona hans, Sigurbjörg Ásbjarnardóttir, kom einmitt úr hópi Íðunnarmeyja, en það er önnur saga.

Karlarnir létu ekki sitt eftir liggja í fimleikunum. Flokkar frá ÍR og Ungmennafélagi



*Flokkur ÍR sem sýndi fimleika á mótinu. Ekki hefur tekist að þekkja alla á myndinni. Í fremstu röð eru Helgi Jónasson frá Brennu, Jón Halldórsson spretthlaupari, Hallgrímur Benediktsson glímukappi og Árni Sighvatsson. Lengst til vinstri í miðröð er Benedikt G. Wåge en annar frá hægri er hinn fótfrái Kristinn Pétursson. Flokkurinn er með verðlaun sín frá mótinu, heiðurskjal og silfurskjöld.*

Reykjavíkur sýndu listir sínar á sýningarpallinum klæddir aðskornum búningum með linda um mittið. Lúðrasveitin lék á milli atriða. Um kvöldið var dansað á íþróttavellinum og spilað undir á harmonikku. Gleðin var þó skammvinn því tveir menn lentu í handalögmálum og sleit þar með dansinum á þessum fyrsta degi mótsins.<sup>40</sup>

## Kept á hverjum degi

Nú rak hvert keppniskvöldið annað því keppt var á vellinum síðdegis í heila viku. Bæjarbúar höfðu því nóg við að vera og fjölmenntu á völlinn. Aðgangur kostaði 25 aura fyrir fullorðna en helmingi meira í sæti. Börn sluppu með 10 aura í aðgangseyri. Þá var tímakaup verkamanns 30 aurar svo líklega var þetta viðráðanlegt fyrir flesta. Sunnudaginn 18. júní var byrjað á hádegi, enda frídagur. Þá var súld og rigning og færri áhorfendur létu sjá sig þess vegna. Alla aðra daga var hin mesta blíða. En það viðraði ekki vel á fimleikamennina sem leiddu saman hesta sína um hádegisbilið. Þetta voru flokkar ÍR og Ungmennafélags Reykjavíkur, þeir sömu og sýndu á setningunni daginn áður. Flokkur Ungmennafélags Reykjavíkur, undir stjórn Björns Jakobssonar var

nýstofnaður en þótti standa sig vel í keppni við þaulæfðan flokk ÍR-inga. Þeim síðarnefndu var dæmdur sigurinn en ungmennafélagsflokkurinn stóð sig með þryði, sýndi „mörg fyrirtaks stökk sem mikinn fimleik þarf til og yfirleitt var leikfimi þeirra önnur en hinna og því vant úr að skera hvorir betri voru,“ sagði Sigurjón Pétursson síðar.<sup>41</sup>

Sigurjón var sjálfur meðal keppenda í næstu grein sem var fegurðarkappglíma en varð þar ekki meðal efstu manna. Átta glímukappar léku listir sínar á pallinum og þar á meðal bráðflinkir menn eins og Guðmundur Sigurjónsson, Magnús Tómasson og Guð-



mundur Kr. Guðmundsson. Flestum kom á óvart að Ísfirðingurinn Geir Jón Jónsson hlaut annað sætið. Það lék þó enginn vafi á því hver bestur var að dómi áhorfenda. Hallgrímur Benediktsson bar af hinum enda fékk hann verðlaunin sem um var keppt, fagran silfurbikar.

Þá var keppt í nokkrum greinum frjálsíþróttá, hástökki, langstökki, kappgöngu, kúluvarpi og knattkasti. Sigurjón Pétursson vann frægan sigur í þremur síðasttöldu greinunum og varð annar í langstökki. Þar sigraði hinn lágvaxni en eldsnarpi Kristinn Pétursson, sprettharðasti maður landsins um þær mundir. Keppendur voru allt að sjö í hverri grein en fátæklegar frásagnir blaðanna nefna sjaldan fleiri en tvo fyrstu menn.

Á þriðja degi mótsins, mánudaginn 19. júní, var aftur komið blíðuveður og hásumarsólin hellti geislablessun sinni yfir land og lýð. Þá var keppt í sundi suður í Skerjafirði við sundskálann nýja. Menn reyndu sig á tveimur sundskeiðum, 150 og 200 metra löngum. Þar svam Erlingur Pálsson hraðast allra og stakk keppinauta sína af léttilega. Þá þótti hann synda hverjum manni fallegar og töldu blaðamenn hann líklegan næsta sundkóng landsins sem og líka varð. Til auðkennis fyrir áhorfendur voru keppendur merktir hver með sínum lit, líklegast með armborðum.

Þetta kvöld blotnuðu fleiri en sundmennirnir því dómnefndin hafði komið sér fyrir á fleka allmiklum nokkuð undan landi til að fylgjast með sundköppunum. Þegar sundinu var lokið og keppendur ætluðu allir í senn að vippan sé um borð skipti engum togum að flekinn sporðreistist og dómnefndin flaug í sjóinn. Þetta voru þrúðbúnir fyrimenn staðarins og engin smámenni: Guðmundur Björnsson landlæknir, Matthías Einarsson læknir og Ólafur Björnsson ritstjóri Ísafoldar. En enginn er verri þótt hann vökni og allir komust um borð aftur heilu og höldnu, en holdvotir.

Fjórða mótsdaginn, 20. júní, hófst keppnin klukkan 20.30 á íþróttavellinum. Þá var keppt í 100 metra hlaupi, kvartmíluhlaupi (402 1/3 m) og stangarstökki. Vegalengdir í göngu og hlaupum voru margar með ensku lengdarmáli og gætti þar áhrifa Ólympíuleikanna 1908. Kristinn Pétursson sigraði auðveldlega í spretthlaupinu á dagóðum tíma, 11,8 sek. Geir Jón Ísfirðingur varð annar en Sigurjón Pétursson þriðji. Nýbúið var að bera mól ofan í völinn þegar mótið fór fram og var hann því laus í sér og ekki fallinn til afreka. Sýnir það enn betur hversu frábær hlaupari Kristinn var.



*Stangarstökk var nýstárleg íþróttagrein árið 1911. Hér er Benedikt G. Wåge að stökkva 2,50 metra á Melavelli árið 1912.*

Sigurjón varð aftur fyrstur í lengra hlaupinu enda ágætlega þolinn og þrekmikill. Aftur var Geir Jón annar en Magnús Tómasson, síðar Kjaran, varð þriðji. Benedikt G. Wåge var liprastur í stangarstöckkinu, stökk 2,28. Hástökkvarar nútímans stökkva hærra en þetta en það er þó ekki sanngjarnt að líta smáum augum á afrek Benedikts frekar en annarra íþróttamanna þessa tíma. Tæknin var frumstæð, aðstæður slæmar og kunnátta lítil. Þeir sem hafa lesið leiðbeiningarnar í stangarstökki hér að framan munu átta sig á að hér var um flókna íþrótt að ræða. Lokakeppni dagsins var „fjörugur knattsparkspæleikur milli Fótboltafélags Reykjavíkur og fótboltafélagsins Fram“ eins og það var orðað í þá daga. Framarar tefldu fram unglingsliði gegn fullorðinsliði FR og höfðu góðan sigur með tveimur mörkum á móti engu. Bæði mörkin skoraði Friðþjófur Thorsteinsson.<sup>42</sup>

Fimmta dag mótsins, 21. júní, var háð glímu-keppni í fjórum þyngdarflokkum og einnig fóru fram lyftingar. Allir keppendur í lyftingum voru undir 75 kg að þyngd og þar sigraði Jón Ásbjörnsson lögfræðingur og síðar hæstaréttardómari. Á hæla honum kom Halldór Hansen glímukappi og síðar læknir. Flokkaglíman fékk hraklega dóma og þótti mörgum að keppnin um verðlaunin væri



*Fimleikaflokkur Ungmennafélags Reykjavíkur í fimleikakeppninni 18. júní 1911. Þeir stóðu sig með þryði og sýndu mörg fyrirtaks stökk að sögn Sigurjóns Péturssonar.*

lítt til þess fallin að menn sýndu eins góða glímu og vert væri. Í flokkaglímunni leyfðist mönnum að keppa í fleirum en einum flokki. Í þyngsta flokknum sigraði Sigurjón Pétursson eins og fyrr. Sigurjón var nú orðinn ósigrandi í kappglímu en hann „vann með svínarí“ að eigin sögn ef marka má athugasemdir hans í leikskránni. Hugsanlega hefur hann fallið með andstæðingnum en verið dæmdur sigur eins og stundum kom fyrir. Sigurjón var drengskaparmaður og níddi aldrei mann viljandi en kappsemin gerði það stundum að verkum að hann fylgdi fullmikið eftir.<sup>43</sup>

Á sjötta degi mótsins, 22. júní, var keppt í hálfmíluhlaupi (804 2/3 m), einni mílu (1609 m) og spjótkesti. Einnig var keppt í 100 metra grindahlaupi sem nefnt var girðingahlaup í leikskránni. Slíkt tiltæki hafði aldrei sést áður að menn hoppuðu yfir metersháar hindranir en reyndu jafnframt að halda sprettinum. Tækni var nokkuð ábótavant eins og við var að búast en hinn sprettharði Kristinn Pétursson kom fyrstur að marki. Hinn óþreytandi Sigurjón Pétursson var meðal keppenda og varð þriðji. Sigurjón var enn í sviðsljósinu í hálfmíluhlaupinu. Þessi þrekmikli íþróttakappi gerði sér lítið fyrir og sigraði næst á undan hinum léttbyggðu Magnúsi Tómassyni og Ólafi Sveinssyni. Sigurjón var einnig meðal keppenda í spjótkesti en virðist ekki hafa náð tökum á þessari nýstárlegu íþróttagrein því hans er ekki getið í úrslitum. Þar sigraði Carl Ryden í harðri keppni. Engum tókst að koma spjótinu yfir 30 metra en skýring-

in var sú að atrennan mátti ekki vera lengri en 10 metrar samkvæmt leikreglum. Þetta ákvæði, sem nú myndi þykja fjarstæða, var aðeins í gildi á þessu eina móti.<sup>44</sup>

Síðasti dagur mótsins var sunnudagurinn 25. júní. Þá voru ýmsar íþróttasýningar, svo sem reiptog, hástökk yfir hest og pokahlaup. Þar að auki fór fram keppni í tveimur þyngdarflokkum í grísk-rómversku fangi. Það fór fram á glímupallinum sem nú var búið að klæða stoppaðri dýnu. Í þyngri flokknum keppti Sigurjón Pétursson. Þar gekk á móti honum hraustmennið Har-

aldur Einarsson frá Vík í Mýrdal. Haraldur tók þátt í Íslandsglímunni nokkrum dögum áður en varð að hætta vegna áverka á hné. Hann var því ekki í fullum færum en hélt jöfnu í sex mínútur við Sigurjón sem var þjálfður fangbragðamaður. Haraldur hafði aðeins hlotið litla tilsögn í hinu erlenda fangi. Kennarinn var enginn annar en Sigurjón Pétursson sem sigraði að lokum með höfuðtaksbragðinu „heilum Nelson.“ Haraldur var seinna spurður hví hann hefði gefið Sigurjóni færi á að ná þessu bragði. Þá upplýsti Haraldur að Sigurjón hefði aldrei sýnt sér vörnina við því bragði þegar þeir æfðu og því hefði hann ekki getað varast það. Framganga Haraldar þótti frækileg og fékk hann sérstakt heiðurskjal að launum.<sup>45</sup>

## Mótinu lýkur

Þegar þessu mikla móti var lokið var verðlaunum úthlutað og mótinu slitið. Helgi Valtýsson, sem tíu dögum áður vék úr formannsstöli UMFÍ fyrir Guðbrandi Magnússyni, hélt snjalla ræðu fyrir minni íþróttamannanna. Sigurbjörg Ásbjarnardóttir í Ungmennafélaginu Íðunni stóð á pallinum, klædd skautbúningi, og afhenti íþróttamönnum verðlaun sín að fyrirsögn Helga. Forstöðunefndin hafði sýnt þá rausn að láta gera sérstaka verðlaunapeninga úr silfri og eir með mynd Jóns Sigurðssonar. Var það í fyrsta sinn sem gerð var andlitsmynd Íslendinga á pening en lengi höfðu



Sigurjón Pétursson með Grettisbeltið og Ármannsskjöldinn. Hann var yfirburðamaður á mótinu og sigraði í sjö greinum.

danskir kóngar prýtt myntir þær sem landsmenn notuðu til daglegs brúks. Þá var einnig útbýtt verðlaunaskjölum. Sigurvegarar fengu silfurpening en þeir sem næstir komu fengu eirpening eða heiðursskjal eftir atvikum.

Þegar verðlaunaafhendingu lauk kváðu við mikil fagnaðaróp og allir viðstaddir kyrjuðu „Eldgamla Ísafold“ meðan íþróttamenn og dómara gengu af velli. Um kvöldið hélt framkvæmdanefndin keppendum og dómurum samsæti í Iðnó. Þar var mikill gleðskapur og margar ræður haldnar. Þrátt fyrir alla þessa rausn tókst framkvæmdanefndinni að láta mótið standa undir sér. Bók-

færður tekjuhalli var rúmlega 90 krónur en í staðinn komu íþróttatæki að verðmæti 117 krónur svo segja má að gróðinn af mótinu hafi verið 27 krónur klippt og skorið.<sup>46</sup>

Mesti afreksmaður mótsins var Sigurjón Pétursson glímukappi og síðar verksmiðjueigandi á Álafossi. Sigurganga hans var einstök. Sigurjón sigraði í sjö greinum, varð annar í einni og tvívegis í þriðja sæti. Til gamans eru talin saman stig keppenda í einstaklingsgreinum þannig að fyrsti maður fær þrjú stig, næsti tvö og þriðji maður eitt stig. Sú stigagjöf gildi víðast hvar á íþróttamótum langt fram á 20. öld. Þá eru einnig talin saman stigahæstu félögin. Fjörtíu stig féllu í hlut fjögurra „Reykvíkinga“ sem ekki gerðu upp á milli þeirra félaga sem þeir voru bundnir félagsböndum. Litlu munaði á Ungmennafélagi Reykjavíkur og ÍR en það fyrrnefnda var stigahæst félag með 36 stig. Segja má að það sé fyrsti heildarsigurvegari landsmótanna en það hugtak kom þó ekki til sögunnar fyrr en 1940.

Þetta fyrsta íþróttamót UMFÍ var af annarri og meiri stærðargráðu en þekkt hafði fram til þessa á íþróttasviðinu. Ekki skorti áhorfendur enda nýlunda sem upp á var boðið. Framkvæmdanefndin lyfti grettistaki við framkvæmd mótsins og lagði góðan grunn að landsmótum framtíðarinnar.

Stigahæstu félög	stig
1 Ungmennafélag Reykjavíkur	36
2 Íþróttafélag Reykjavíkur	33
3 Glímufélagið Ármann	8
4 Íþróttafélagið Kári	6
5 Fótboltafélagið Fram	3
6 Fótboltafélag Reykjavíkur	2

Stigahæstu keppendur	stig
Sigurjón Pétursson	Rvík 25
Magnús Tómasson	Umf.R 11
Kristinn Pétursson	ÍR 11
Vilhelm Jakobsson	Á 8
Halldór Hansen	Rvík 7
Erlingur Pálsson	Umf.R 6
Geir Jón Jónsson	Ísaf. 6
Jón Ásbjörnsson	Kára 6
Hallgrímur Benediktsson	Rvík 5
Magnús Ármannsson	ÍR 5



Frá setningu leikmótsins.

### 3. landsmót UMFÍ í Reykjavík 17.-24. júlí 1914

#### Aðdragandi

Þegar ungmennafélagar höfðu leyst af hendi það mikla verkefni sem landsmótið 1911 óneitanlega var lá ekki nema beint við að þeir héldu áfram á sömu braut. Guðbrandur Magnússon, formaður UMFÍ vék að þessu í lítilli grein um landsmótið sem hann birti í *Skinfaxa* í mars 1912. Þar hrósar hann framkvæmdanefndarmönnum mótsins verðskuldað og segir þá hafa leyst af hendi eitt „umsvifamesta fyrirtæki Sambands Ungmennafélaganna og það með þeim hætti að félögunum varð sómi að.“ Guðbrandur taldi að ungmennafélögin ættu að halda álíka mót og þetta á þriggja ára fresti og þetta yrði eitt af þeim málum sem fjórðungsþingin ættu að taka ákvörðun um.<sup>47</sup>

Sem eina mannsins í stjórn UMFÍ var það hlutverk Guðbrands að leggja þetta mál fyrir fjórðungssamböndin. Það gerði hann svikalaust og samböndin tóku hraustlega undir. Á þingi FS sem haldið var í apríl 1912 var skorað á sambandsstjóra að hlutast til um að UMFÍ héldi landsmót í Reykjavík sumarið 1914.<sup>48</sup> Á svipaðan veg fór á þingum annarra fjórðungssambanda og haustið 1913 skipaði Guðbrandur fjóra menn í framkvæmdanefnd landsmótsins auk sjálfs sín. Sem fyrr var Björn Jakobsson formaður en aðrir nefndarmenn voru Arreboe Clausen ritari, Egill Guttormsson gjaldkeri, Guðmundur Kr. Guðmundsson og Guðbrandur Magnússon.<sup>49</sup>

Nefndin tók strax ákvörðun um að mótið yrði haldið í Reykjavík og hæfist 17. júní. Þá var sam-



þykkt að væntanlegir keppendur skyldu vera í félögum sem væru í hinu nýstofnaða Íþróttasambandi Íslands. Í hvatningargrein Guðbrands formanns telur hann sjálfsagt að beita félögin þessu aðhaldi „til þess að þessar litlu lindir – íþróttauppspretturnar víðsvegar um landið, nái að komast sem fyrst í réttan farveg.“ Þessu fylgdi áskorun til allra ungmenna- og íþróttafélaga að ganga í ÍSÍ. Guðbrandur rak sig þó fljótt á það að hann hafði ofmetið getu félaganna til að gerast aðilar að ÍSÍ. Þau voru yfirleitt fjárvana og sáu ofsónum yfir skattinum sem þau þurftu að borga árlega til sambandsins, 10 aura af félagi og ekki minna en fimm krónur af hverju félagi.<sup>50</sup>

Fangaráðið var að skrifa ÍSÍ og biðja um undanþágu fyrir félögin sem ekki höfðu gerst aðilar. ÍSÍ svaraði á jákvæðan hátt en vildi þó ekki gefa Vestfirðingum undanþágu „af sérstökum ástæðum“ sem ekki voru útskýrðar nánar.<sup>51</sup> Ekki kom til þess að þetta raskaði aðsókn keppenda að mótinu því enginn Vestfirðingur sýndi því áhuga. Reyndar voru utanbæjarmenn fáséðir meðal keppenda. Eini maðurinn utan Reykjavíkur sem kom til mótsins var Skúli Ágústsson frá Birtingaholti í Hrunamannahreppi, en hann gerði líka góða ferð og var sigursæll í frjálsíþróttum.

Framkvæmdanefndin lét prenta leikskrá, sem var þó öllu heldur reglugerð mótsins. Þar voru taldar upp allar keppnisgreinar sjö talsins. Það voru fimleikar, glíma, fang, frjálsíþróttir, reipdráttur, knattspyrna og sund. Síðastnefnda íþróttin féll þó niður vegna keppendaskorts og var það miður því það var eina greinin sem gerði ráð fyrir þátttöku kvenna. Allar hinar voru sniðnar fyrir karlana eingöngu. Skráningargjald var tvær krónur en það var endurgreitt þegar menn mættu til keppni. Þetta var snjöll tilraun til að koma í veg fyrir að menn hættu við að koma til leiks.

Leikskráin var send út um land til félaganna í janúarmánuði og þar var rakin aðdragandi mótsins á þessa leið:

Leikmót UMFÍ 17. júní 1911 var fyrsta leikmót Sambands UMFÍ og jafnframt fyrsta allsherjar leikmót á Íslandi. Að því móti loknu var því hreyft meðal Ungmennafélaga að æskilegt væri að Sambandið beittist fyrir slíkum leikmótum framvegis og þá með jöfnu og ákveðnu millibili, til dæmis þriðja hvert ár. Sambandsþingi var þá nýlokið og lagði því

sambandsstjóri fyrir fjórðungsþingin hvort sambandið ætti ekki að beitast fyrir allsherjar leikmóti árið 1914. Fjórðungsþingin samþykktu þetta og fólu sambandsstjóra framkvæmdina en hann skipaði framkvæmdarnefndina 27. október síðastliðinn.<sup>52</sup>

Í leikskránni voru tíundaðar ýtarlega allar keppnisgreinar en nákvæmar leiðbeiningar voru látnar eiga sig að þessu sinni. Líklega gerði framkvæmdanefndin ráð fyrir að íþróttamenn væru nú búnir að læra listirnar enda höfðu til dæmis ÍR-ingar haldið myndarlegt frjálsíþróttamót í ágústbyrjun 1913. Þar kepptu 23 fullorðnir í átta greinum frjálsíþrótta og voru 12 þeirra félagar í Ungmennafélagi Reykjavíkur.<sup>53</sup>

Nú var búið að stofna Íþróttasamband Íslands og þar með komst „sameiginlegur blær“ á íþróttirnar, en það hafði Sigurjóni Péturssyni þótt mest á vanta.<sup>54</sup> Sigurjón var helsti hvatamaður að stofnun ÍSÍ 28. janúar 1912 rétt áður en hann fór til Danmerkur til fangæfinga fyrir Ólympíuleikana í Stokkhólmi. Með tilkomu ÍSÍ komst íþróttaiðkun í fastari skorður og reglur íþróttanna voru samræmdar. Nú var ekki lengur notað enskt málumál heldur var metrakerfið látið ráða. Framkvæmdanefnd UMFÍ vann með stjórn ÍSÍ að undirbúningi mótsins og virðist samstarf þeirra hafa verið náð. Til dæmis var gefinn út bæklingur, svokölluð „Dagskrá“ mótsins, og þar trónuðu einkennisstafir ÍSÍ efstir á forsíðunni. Þessi dagskrá var í raun og veru leikskrá mótsins með nöfnum allra þátttakenda. Svo heppilega vill til að áhugasamur mótsgestur hefur krotað niður talsvert af árangri keppenda í eintakið sem höfundur hefur undir höndum og þar með fást ýtarlegri úrslit en fjölmiðlar hirtu um að birta.<sup>55</sup>

Þegar kom að þátttökunni voru stjórnendur UMFÍ frjálslyndari en seinna gerðist. Öllum virðist hafa verið frjálst að keppa á mótinu svo framfarlega sem félög þeirra voru innan ÍSÍ. Af níu skráðum félögum sem tóku þátt í mótinu voru aðeins þrjú ungmennafélög, Ungmennafélag Reykjavíkur, Ungmennafélag Hrunamanna og Ungmennafélagið Iðunn sem var með sýningarflokk. Reyndar má segja að lítið hefði orðið úr mótinu án þátttöku íþróttafélaganna.

Reykvísk íþrótta- og ungmennafélög lögðu flest stund á eina til tvær íþróttagreinar um þessar mundir. ÍR-ingar stunduðu frjálsíþróttir og fim-

leika, Fram átti liðtæka knattspyrnumenn sem einnig brugðu sér í frjálsíþróttir og félagar Ungmennafélags Reykjavíkur stunduðu frjálsíþróttir og glímu. Glímufélagið Ármann hélt sig alfarið við þjóðaríþróttina og KR og Víkingur við knattspyrnuna. Þeir reykvísku íþróttamenn sem vildu stunda fleiri en eina íþrótt leystu vandann með því að vera félagar í mörgum félögum og æfðu með þeim. Þannig fóru þeir löngum að félagarnir Sigurjón Pétursson og Hallgrímur Benediktsson. Hallgrímur var til dæmis félagsmaður fjögurra félaga. Hann æfði glímu hjá Ármanni, frjálsíþróttir hjá Ungmennafélagi Reykjavíkur, fimleika hjá ÍR og lítilsháttar knattspyrnu með KR.

Þátttakendur mótsins voru 91 og munaði þar mest um knattspyrnuflokkana fjóra sem í voru alls 44 menn, fimleikaflokk ÍR með 14 menn og Íðunnarkonur sem voru 11. Þá voru átta manns í hvorum reiptogsflokki, bæði hjá Ármanni og Ungmennafélagi Reykjavíkur. Keppendur í frjálsíþróttum voru 24 en sumir þeirra tóku einnig þátt í knattspyrnu og reiptogi. Það vekur athygli að Knattspyrnufélagið Fram tefldi fram keppendum í frjálsíþróttum og gekk næst Ungmennafélagi Reykjavíkur að stigatölu þegar upp var staðið.

## Annað leikmót UMFÍ

Ungmennafélagar héldu uppteknum hætti og tengdu mótið minningu Jóns Sigurðssonar sem þeir héldu mjög á lofti. Á þjóðhátíðum fyrri ára voru kóngar Íslands og Danmerkur prísaðir í ræðum og riti en ungmennafélögum var miklu hugleiknara að lofa sjálfstæðishetjuna góðu. Móts-haldið hófst á fæðingardeggi Jóns, 17. júní, sem var á miðvikudegi og allar verslanir bæjarins höfðu lokað hjá sér frá 12 á hádegi. Veður var ekki upp á það allra besta, sólarlaust og nokkur vindur en þó ekki rigning.

Klukkan hálf fjögur hófust hátíðlegheitin á Austurvelli með því að 17. júní-kórinn söng fánasöng Sveinbjörns Sveinbjörnssonar af svölum Hótel Reykjavíkur. Þá steig fram Bjarni Jónsson alþingismaður frá Voggi og hélt skörulega ræðu. Ræddi hann um stórmenni þjóðanna og klykkti út með því að minnast Jóns Sigurðssonar. Tóku menn undir það með ferföldu húrrahrópi og lófataki. Þá færðist kórinn í aukana og söng nú „Eldgamla Ísafold“ en síðan var blásið í sönglúðra undir stjórn Helga Helgasonar.<sup>56</sup>

Lúðrasveitin gekk nú í fararbroddi mikillar



*Leikskrá leikmótsins.*

skrudgöngu suður á íþróttavöll en talið var að yfir tvö þúsund manns hefðu verið viðstaddir mótssetninguna. Yfir inngangi vallarins var strengdur stór borði og þar stóð hvítum stöfum í bláum feldi: II. LEIKMÓT UMFÍ. Nú gengu íþróttamennirnir fram í fylkingum, hvert félag fyrir sig, klæddir keppnisbúningum og sumir berleggjaðir. Þeir röðuðu sér upp framan við fánam skryddan ræðustólinn en Axel Tulinius yfirdómslögmaður, forseti ÍSÍ, setti mótið með vel völdum orðum og hvatti þá til að halda áfram á íþróttabrautinni. Líklega hefur einhverjum köppunum verið farið að kólna við að norpa þarna léttklæddir en sem betur fer fyrir þá var Axel stutturður.<sup>57</sup>

Strax eftir setninguna skunduðu íþróttamennirnir af velli en þjóðsöngurinn hljómaði frá lúðrasveitinni. Ekki leið á löngu þar til Íðunnarmeyjar birtust aftur og hófu að sýna leikfimi undir stjórn Björns Jakobssonar. Allt gekk þokkalega í stökkum og staðæfingum en þegar þær ætluðu að sýna á slánni tóku veðurguðirnir í taumana og feyktu þeim niður. Blaðamaður *Vísis* dáðist að mýkt þeirra og nákvæmni þegar þær stigu sporið samtímis en fannst óþarfi hjá þeim að vera alltaf að laga á sér fötin meðan á sýningunni stóð. Líklega

## Afreksmaðurinn frá Urriðafossi

Það bar ekki mikið á stórafreksmanni síðasta landsmóts, Sigurjóni Péturssyni. Hann var orðinn athafnamaður og gaf sér lítinn tíma til íþróttaiðkana þó enn væri hann á besta aldri, 26 ára. Sigurjón tók aðeins þátt í glímunni og sigraði náttúrulega í þyngri flokknum en lét frjálsíþróttirnar eiga sig. Í stað hans var kominn til sögunnar annar afreksmaður, Guðmundur Kr. Guðmundsson, ættaður frá Urriðafossi í Flóa. Guðmundur var hár maður og þrekinn, sterkur, fimur og glæsilegur á velli. Hann var sérlega frækinn íþróttamaður enda „einna fjöllærðastur á íþróttavísu allra núlifandi Íslendinga“ að sögn Skinfaxes. Þá var Guðmundur annalað prúðmenni og drengskaparmaður, glaðlyndur og góður félagi.

Guðmundur var góður sundmaður, spretthlaupari, stökkvari og kastari enda sigraði hann í sjö íþróttagreinum mótsins. Þá var hann talinn bestur þeirra 11 glímumanna sem þarna reyndu sig. Sjö árum síðar varð Guðmundur frægur af sigri sínum í konungsglímunni á Þingvöllum þar sem frammistaða manna var metin eftir gæðum fremur en vinningum. Guðmundur var mikill keppismaður en þó með því hófi að það reið ekki á lífi hans að sigra. Hann átti gott með að taka ósigri og brosti breiðast ef einhverjum minni spámanna tókst að skáka honum, en það var sjaldan.

Guðmundur tók þátt í flestum keppnisgreinum mótsins og var sigursæll. Hann var langsamlega stigahæsti maður mótsins með 27 stig og hlaut sérstök heiðursverðlaun frá ÍSí fyrir þá frammistöðu. Hann var kennari á fyrsta íþróttanámskeiði þingeyskra íþróttamanna á Breiðumýri 1915. Námskeiðið var lengi í minnum haft meðal heimamanna sem ortu kvæði honum til heiðurs. Guðmundur lagði aldrei niður íþróttaiðkun og stundaði daglega sund fram á síðustu ár. Hann var einn fjölhæfustu íþróttamanna landsins á fyrri helmingi 20. aldar.<sup>59</sup>



Guðmundur Kr. Guðmundsson stóð fremstur íslenskra íþróttamanna árið 1914 og var sigursæll á leikmótinu.

hafa stúlkurnar verið ofurlítið taugaóstyrkar, en blaðamenn voru stórhreifnir af frammistöðu þeirra og fréttaritari *Morgunblaðsins* lauk sinni frásögn með eftirfarandi andvarpi: „En gaman væri það og mikill menningarauki ef allar íslenskar konur væru jafn fimar sem Iðunnar-konur.“<sup>58</sup>

## Hlaupið í golunni

Nú var keppt á hverju kvöldi í heila viku. Mótsstjórnin sýndi heilmikla útsjónarsemi við að treina áhorfendum þetta mót sem í dag hefði líkast til verið hægt að koma af á einni dagstund. Þessi langi tími hafði sína kosti fyrir mótshaldara: Fleiri borguðu sig inn á völlinn og svo gátu íþróttamennirnir tekið þátt í fleiri greinum eftir því sem færri voru stundaðar á hverju kvöldi. Framkvæmd mótsins líktist stundum tugþrautarkeppni því oft voru þetta sömu mennirnir sem öttu kappi grein eftir grein. Veðrið lék ekki við íþróttahetjurnar því lítið var um sólskin, stundum var gola og stundum rigndi dálítið. Aldrei var þó neitt aftaka-veður og hraustir menn, bæði íþróttamenn og áhorfendur, létu það ekki á sig fá.

Blaðamenn höfuðstaðarins létu sig ekki vanta og skrifuðu fjörlega pistla um keppnina á hverjum degi. Það leyndi sér ekki að fæstir íþróttamanna voru í góðri æfingu. Sjómenn og verkamenn höfðu fáar stundir aflögu til slíkra hluta. Helst voru það verslunarmenn og pósthjónar sem voru það sprækir að loknum löngum vinnudegi að þeir brygðu sér á völlinn til að bæta atgervi sitt. „Össur“ blaðamaður *Morgunblaðsins* vikur að þessu í pistli sínum við upphaf mótsins:

Það má með sanni segja að vel hafi það farið af stað, leikmótið. Skrudganga íþróttamannanna er með því fallegasta sem ég hefi séð. ... Og þó var þetta aðeins vísir til þess sem verða á – svipur hjá sjón. Flestir íþróttamennirnir þarna lítt æfðir og undir það búnir að bera sannleik íþróttanna vitni með atgjörvi sínu, svo óendanlega litlu af tómsbundunum hafa þeir varið til hollra leika. En þökk sé þeim fyrir það samt. Á öðru betra er ekki vöð. ... Og það er fátæktinni að kenna, næst eldra fólkinu. Ef við ættum næga peninga, eða of mikla peninga,



*Hlauparar koma í mark á Melavelli.*

þá mundum við þó kannske eignast leikfimi- hús og kofa til að glíma í. En þetta hvorugt á höfuðstaðurinn.<sup>60</sup>

Keppnin hófst með 100 metra hlaupi. Fimm voru skráðir en meistari síðasta móts, ÍR-ingurinn Kristinn Pétursson, lét ekki sjá sig. Hlaupabrautirnar voru engar breiðgötur og tveir og tveir voru látnir hlaupa í senn í undanrásum. Guðmundur Kr. og Gunnar Halldórsson, sprettharður Framari, komust í úrslit en hinir tveir, Vilhelm Stefánsson og Hallur Þorleifsson, annar tveggja KFUM- manna á mótinu, urðu að þríreyna með sér áður en úrslit fengust Vilhelm í vil.

Þá var 800 metra hlaupið næst. Það var rúmlega tveir hringir á vellinum en hringbraut hans var 370 metrar samkvæmt „leikskránni.“ Framarinn Herluf Clausen tók sprettinn þegar í byrjun og reyndir áhorfendur fustuðu og sögðu hann myndu springa á limminu. Einar Wåge fylgdi Herluf fast eftir og hljóp léttilega í skjóli hans móti vindáttinni. Allir töldu Einari sigur vísan en það var Herluf sem jók við hraðann og sigraði örugglega við fagnaðarlæti áhorfenda.

Nú var komið að spjótkastinu og þar sköruðu fram úr þeir Guðmundur Kr. og Ólafur Sveinsson

prentari. Báðir köstuðu spjóttinu tæpa 40 metra sem var talsvert betra en áhorfendur höfðu áður séð. Þetta var bæting frá árinu áður um heila fimm metra. Þarna munaði um nýju aðferðina við afturfærslu spjótsins í atrennunni en hana höfðu þeir lært kapparnir sem fóru á Ólympíuleikana í Stokkhólmi 1912. Þá var stokkið langstökk og þar sigraði einn hinna léttfæru Framara sem létu að sér kveða á mótinu, Brynjólfur Kjartansson, með rúmlega fimm og hálf metra stökki. Keppendur í grindahlaupinu, sem enn var kallað girðingahlaup, voru aðeins tveir. Guðmundur Kr. sigraði félagá sinn Magnús Árnason, síðar listmálara, nokkuð auðveldlega á aðeins lakari tíma en Kristinn Pétursson náði þremur árum fyrr.

Þá var komið að sérstakri íþrótt sem fjórir ung- ir menn í Fótboltafélaginu Fram sýndu vallargest- um með lítt dulinni ánægju. Allir voru þeir sigldir heimsmenn og höfðu væntanlega kynnst þessari eðlabornu íþrótt erlendis. Það voru Arreboe Clausen og Friðrik Gunnarsson sem léku svokallaðan „Lawn Tennis“ á móti félögum sínum Herluf Clausen og Pétri M. Hoffmann. Í raun var þetta ekkert annað en tvíliðaleikur í tennis.

Allir voru hæstánægðir með mótið nema hvað stundvísí stjórnenda og íþróttamanna þótti tals- vert ábótavant. En þetta var landlægur íslenskur ósiður og lítið við því að gera. Nú rann upp annar dagur mótsins og á dagskrá voru 200 metra hlaup, kringlukast og knattspyrna. Guðmundur Kr. hélt uppi heiðri ungmennafélaga í hlaupinu og tókst að verða litlu framar en Framararnir sem urðu næstir en í kringlukastinu röðuðu fimm ung-



*Frá fimleikasýningu Íðunnarmeyja. Björn Jakobsson tekur á móti stúlku í flugstökki.*



mennafélagsmenn sér í efstu sætin með Guðmund fremstan. Blöðin eyddu talsverðu rúmi í að segja frá mótinu. Í þá tíð vogaði helst ekki nokkur maður sér að skrifa undir nafni enda mátti lítið út af bera til að uppskera óbótakammir lesenda. Blaðamenn notuðu alls konar dulnefni sér til hlífðar og skríbent *Morgunblaðsins* sem þarna nefndist „Haukur“ sagði hressilega frá keppninni:

Leikstjórinn blæs í pípuna. Inn á völinn þjóta þrír hlaupamenn, þeir ætla að renna 200 stiku skeið. Ræsirinn hleypir af skoti og í sömu andráníni spretta hlaupagarparnir úr spori og sekúnduvísirinn á úrum dómnefndarmanna. Eftir 26,1 sekúndu kemur Guðmundur Kr. Guðmundsson á mark og eftir 26,4 sekúndur Gunnar Halldórsson. Þetta mun vera tilþrifamesta hlaup sem nokkurntíma hefur verið hlaupið á íslenskum kappleik. Hugsíð ykkur, hraðinn á þessu 200 stiku hlaupi er sem engu munar minni en hraði fyrsta mannsins á 100 stikum í fyrrasumar. Og bar þó sá maður (Kristinn Pétursson) langt af flestum sem með honum hlupu. Þessum afrekum Guðmundar og Gunnars var tekið með miklum fögnuði hjá öllum viðstöddum og þeim þakkað með glymjandi lófataki. Þriðji maðurinn, Vilhelm Stefánsson, hljóp einnig vel.


Aftur er blásið og inn koma 5 menn til að kasta kringlu. Þeir þríreyna hver um sig og stikur settar við lengstu köstin en alltaf stendur lítil veifa á lágri stöng einmanaleg úti á velli. Er það mark vegalengdar þeirrar er Sigurjón Pétursson varp kringlunni í fyrrasumar. Ekki verður sagt frá vegalengdum að þessu sinni því ekki er fullvíst ennþá hve stutt þeir köstuðu keppendurnir í fyrradag.<sup>61</sup>

Þó blaðamenn gerðu stundum góðlátlegt grín að frammistöðu íþróttamannanna voru þeir umfram allt velviljaðir í þeirra garð og hrósuðu þeim fyrir viðleitni sína. Þriðja mótsdaginn voru

heilar fimm greinar frjálsíþróttar á dagskrá. Fyrst var „kúluvarp með betri hendi“ eins og það var orðað því þá var talsvert í tisku að láta köst beggja handa gilda í kastgreinum og leggja saman árangur bæði upp á hægri og vinstri. Í þetta skipti var betri höndin látin ráða og Guðmundur Kr. varpaði kúlunni spönn lengra en bóndasonurinn Skúli frá Birtingaholti. Báðir voru rétt við tíu metra markið sem var allgóður árangur með þeirri frumstæðu atrennu sem þá tíðkaðist.


Þá var stokkið hástökk. Sú íþrótt var ekki hættulaus enda meiddist einn keppandinn, Gunnar Halldórsson. Hann hlaut slæma byltu og varð óvígur til frekari keppni. Þetta þarf ekki að koma á óvart því hástökkið fór fram á blautum og hálum tréþalli. Menn stukku beint að og urðu að lenda standandi. En það voru engar dýnur til að lenda á, ekki aldeilis. Til að taka af mönnum fallið var lítil reiðingstorfa staðsett hinum megin við hástökk-súlurnar og þeim sem mistókst að miða hana út til lendingar var voðinn vís. Það var í raun og veru eitt af meiri afrekum mótsins að Skúla Ágústssyni tókst að stökkva 1,50 metra við þessar aðstæður. Guðmundur Kr. stökk litlu lægra og svo hver af öðrum. Óvíst er að allir hástökkvarar nútímans myndu gera betur við slíkar aðstæður ef þeir létu á það reyna.

Svo var reynt að fremja beggja handa spjótkast en það fór alveg út um þúfur. Engum tókst að láta spjótið stingast á oddinn þegar kastað var með vinstri hendi. Ólafur Sveinsson kastaði 34,60 metra með betri hendi og Guðmundur Kr. 34,06



*Hástökk við frumstæðar aðstæður á Melavelli. Lítilfjörleg dýna tekur á móti hástökkvaranum. Ekki undarlegt þó menn meiddust við slíkar aðstæður.*

metra og þar við sat. Betur gekk daginn eftir í beggja handa kringlukasti enda kringlan þannig gerð að hún lendir alltaf löglega. Heildarvegalengdir flestra kastanna voru svipaðar því sem þokkalegur kastari nær með annarri hendi í dag en þá komum við aftur að því sama: Tæknin var frumstæð og menn voru jafnvel tæplega farnir að nota snúning í atrennunni heldur köstuðu án atrennu. Sigurjón Pétursson var talinn vera fyrstur til að nota snúning í kringlukasti eftir að hann kom af Ólympíuleikunum í Stokkhólmi en hann var nú fjarri góðu gamni í frjálsípróttakeppninni.



*Fimleikasýning ÍR-inga á mótinu 21. júní 1914.*

## Togað, sparkað og glímt

Fjórða mótisdaginn var boðið upp á einvígi í reipdrætti milli Ármanns og Ungmennafélags Reykjavíkur. Átta voru í hvorum flokki. Skorti þar ekki mikil átök og eggjanir því fyrir Ármeningum fór Sigurjón sterki en hinum megin var Guðmundur frá Urriðafossi. Togað var í þrjár lotur en reglur voru þannig að merki voru sett á völlinn fyrir framan sveitirnar og ef fremsti maður steig þar framfyrir var leikurinn tapaður. Ekki mátti heldur snerta völlinn með hendi. Í fyrstu lotu drógu ungmennafélagar Ármeninga til sín en í tveim þeim seinni ráku menn hendur niður til skiptis hjá liðunum svo sigurinn var Ungmennafélags Reykjavíkur „Fagnaðarópin gullu við og lófaklappið,“ sagði í fjórlegri frásögn „Kára“ í *Vísi* og hann bætti við: „Það leyndi sér ekki á hvorn flokkinn ungu stúlkunum leist betur.“<sup>62</sup>

Strax á eftir var fimleikasýning ÍR-inga. Nú tefldu ungmennafélagar ekki fram fimleikaflokki og því var aðeins um sýningu að ræða en ekki keppni. Síðast á dagskrá sunnudagsins var knattspyrnuleikur milli Fótboltafélags Reykjavíkur og Fram. Leikurinn var auglýstur stórum stöfum á forsíðu *Vísis* sem „mesti knattspyrnukappleikur ársins.“<sup>63</sup> Ári síðar breytti Fótboltafélagið nafni sínu í Knattspyrnufélag Reykjavíkur en nú var ekkert slíkt á dagskrá, heldur sótt og varist af kappi. Í seinni hálfleik tókst Ólafi Magnússyni að skora fyrir Fram og sigruðu þeir því í leiknum 1:0. Mikið kapp var í leikmönnum frammi fyrir áhorfendaskaranum og fullyrti „Kári“ að þetta

væri einn sá hrottalegasti knattleikur sem hann hefði séð.<sup>64</sup>

Á mánudagskvöldið 22. júní var talsvert um að vera á vellinum. Þá fóru fram úrslit í 100 metra hlaupi. Gunnar Halldórsson var illa fjarri góðu gamni, meiddur eftir hástökkið, og aðeins tveir hlupu úrslitasprenntinn. Hann reyndist kappanum frá Urriðafossi auðveldur. Þá var boðhlaup á dagskrá og bæði Fram og Ungmennafélag Reykjavíkur sendu sveitir til leiks en ÍR vantaði menn og mætti ekki. Það kom ekki að sök hjá Frömurum þó þeirra besti maður væri meiddur því þeir sigruðu örugglega. Reyndar gerðu Framarar ógilt í fyrstu tilraun en drengskapur ungmennafélaganna var svo mikill að þeir neituðu að taka við fyrstu verðlaunum og buðust til að keppa aftur. Það varð úr og þá sigraði Fram. Hér ríkti hinn sanni ungmennafélagsandi ofar hverri sigurkröfu.

Næsta hlaup var öllu lengra því nú átti að þreyta tíu kílómetra hlaup sem var mikil þolraun enda voru aðeins tveir keppendur skráðir. Nú kom upp vandi því annar þeirra reyndist veikur en hinn, Ketill Þórðarson, var mættur og ófært þótti að láta hann hlaupa einan. Þá kom upp sú hugmynd að margir skyldu hlaupa til skiptis móti Katli og varð Ólafur Magnússon ljósmyndari til þess að byrja. Þá gerðist hið óvænta að Ólafur hljóp svo greitt að hann hljóp Ketil af sér og nokkru síðar gafst sá síðarnefndi upp og hafði fengið hlaupastíng. Ólafur lét engan bilbug á sér finna og hljóp hring eftir hring alla tíu kílómetr-

ana til enda og var aðeins 42 mínútur á leiðinni. Þótti þetta frækilega gert og báru áhorfendur hann á höndum sér út af vellinum.<sup>65</sup>

Síðasta mótsdaginn var keppt í glímu. Reyndar voru áhöld um hvort glíman yrði meðal keppnisgreina og hún var hvergi skráð í dagskránni. Á endanum tókst að fá 11 glímumenn til að keppa í tveimur þyngdarflokkum en þeir virtust vægast sagt illa undirbúnir. „Kári“, blaðamaður *Vísis*, var ómyrkur í máli þegar hann sagði:

Glíman fór ekki illa fram, en það leyndi sér þó ekki að mennirnir voru flestir – ekki illa heldur blátt áfram óæfðir en sumum þeirra hafði þó farið furðanlega fram í því að bolast frá því þeir sáust glíma síðast.<sup>66</sup>

Nú var farið að draga af glímufélaginu Ármanni því það sendi aðeins þrjá menn til glímunnar. Hinir átta komu frá Ungmennafélagi Reykjavíkur. Sigurjón Pétursson vann í þyngri flokknunum en Helgi nokkur Salómonsson í þeim léttari. Hann varð seinna þekktur útvarpsmaður undir nafninu Helgi Hjörvar. Hinn snjalli glímumaður, Hallgrímur Benediktsson, var heillum horfinn og endaði í fimmta sæti í sínum flokki. Hann var óæfður eins og fleiri og tók ekki oft þátt í glímukeppni. Guðmundur Kr. Guðmundsson gekk næstur Sigurjóni Péturssyni í þyngri flokknunum og fékk fegurðarverðlaun glímunnar, haglega gjörðan silfurskjöld.

## Helstu úrslit

Á miðvikudagskvöldinu var fyrirhugað að slíta mótinu á íþróttavellinum en veðurguðirnir voru samir við sig og menn forðuðu sér inn í Iðnó. Þar var snætt og skrafað, drukkið, talað, sungið og

dansað langt fram á nóttina. Nú voru peningar úr silfri og bronsi með mynd af gyðjunni Iðunni með epli veittir til fyrstu og annarra verðlauna og hverjum peningi fylgdi heiðursskjal sem sagði frá því fyrir hvað þeir voru veittir. Fimleikaflokkar Iðunnar og ÍR fengu heiðursverðlaun fyrir sýningar sínar. Sömuleiðis Ungmennafélag Reykjavíkur fyrir sigur í mótinu og Guðmundur Kr. Guðmundsson fyrir sína frækilegu frammistöðu. Lokaorðin á „Kári“ á *Vísi* sem fylgst hafði dyggilega með mótinu og ásamt starfsbræðrum sínum á *Morgunblaðinu* skrifað um það líflegar en sést hafði lengi í íslenskum blöðum:

Annars fór mót þetta mikið vel fram. Framfarir töluverðar og fyrirkomulag við kappleikinn hárrétt en því hefur ekki verið að venjast hingað til. Finnst mér því að allir sem stutt hafa þetta mót eigi þakkir skilið.<sup>67</sup>

### Stigahæstu félög

		stig
1.	Ungmennafélag Reykjavíkur	53,5
2.	Fótboltafélagið Fram	25,5
3.	Ungmennafélag Hrunamanna	11
4.	Glímufélagið Ármann	7
5.	Íþróttafélag Reykjavíkur	6
6.	Fótboltafélag Reykjavíkur	4
7.	Knattspyrnufélagið Víkingur	3
	Kristilegt félag ungra manna	0

### Stigahæstu keppendur

		stig
Guðmundur Kr. Guðmundsson	Umf.R	27
Skúli Ágústsson	Hrun.	11
Ólafur Sveinsson	Umf.R	9,5
Gunnar Halldórsson	Fram	6,5
Vilhelm Stefánsson	Fram	6
Einar G. Wåge	ÍR	5



Skólastaðurinn Haukadalur í Biskupstungum.

## 4. landsmót UMFÍ í Haukadal 22.-23. júní 1940

### Legið í láginni

Nú var UMFÍ búið að halda tvö landsmót með nokkrum glæsibrag og ekkert lá fyrir annað en að halda þriðja mótið árið 1917. Leiðin virtist greið. Þá reis upp óvættur mikil úti við sjóndeildarhring sem sló öll vopn úr höndum manna. Heimsstyrjöldin fyrri braust út í byrjun ágúst 1914 þegar þýskar hersveitir réðust inn í Belgíu og Frakkland. Von bráðar var Evrópa í báli. Reyndar voru ófriðarlöndin lengi búin að búa sig undir styrjöld og vantaði aðeins kærkomið tilefni sem gafst þegar tilræðismaður nokkur sá til þess að ríkiserfingi Austurríkis-Ungverjaland kembdi ekki hærurnar. Skipti engum togum að hin hásiðmenntuðu Evrópuríki réðust hvert á annað líkt og grimmir hundar í hóp sem lengi voru búnir að urra og sýna hver öðrum vígtennurnar.

Jónas frá Hriflu, ritstjóri *Skinfaxa*, lýsti þessu ástandi í grein í blaðinu í ágúst 1914 sem hófst á þessa leið:

Nú í sumar og vetur gerist hinn ljótasti og sorglegasti atburður sem núlifandi kynslóð mun nokkur tíma sjá. Heimsstríðið er byrjað. Níu þjóðir og þar í taldar flestar hinar völdugustu og vitrustu æða fram með eldi og eyðileggingu eins og þær væru óðar orðnar. Engin náttúruundur geta jafnast á við þetta stríð í hryllilegum afleiðingum. Ekkert eldgos, jarðskjálfti eða hallæri, ekki allt þetta sameinað gat sært og spillt eins miklu af mannlegri hamingju eins og mannshendur þær sem komu af stað og stýra þessum ófriði.<sup>68</sup>



Jónas reyndist sannspár. Stríðið lamaði þrótt og framtak utan vígvallanna og eitt var það að íþróttastarfi hnignaði mjög í Reykjavík. Reyndar var farið að dofna yfir því áður, en stríðið greiddi því náðarhöggið. Hin vályndu veður heims-málanna virtust ekki örva til íþróttamóta og æfingasóknar. Íþróttæfingar á vetrum féllu niður því frágangssök var að hita upp íþróttasali þegar kolin voru orðin tífalt dýrari en fyrir stríð.<sup>69</sup>

Nú voru frumkvöðlarnir í Reykjavík líka hættir að stunda íþróttir. Sigurjón Pétursson og Hallgrímur Benediktsson voru önnur kafnir við verslunarrekstur og innflutning. Guðmundur Sigurjónsson, helsti þjálfari Ungmennafélags Reykjavíkur, fluttist til Kanada snemma árs 1914 og kom ekki aftur fyrr en eftir sjö ár. Þar með hættu íþróttæfingar hjá félaginu. Það var afturkippur í þjóðfélaginu á stríðsárunum og hann endurspegladist hjá íþróttafélögunum. Eina glætan var Víðavangshlaup ÍR sem hóf göngu sína á sumardaginn fyrsta 1916 og hefur farið fram óslitið síðan. Ekki fer miklum sögum af annarri íþróttaiðkun félagsins á stríðsárunum. Knattspyrnan átti nokkrum vinsældum að fagna en þetta tvennt dugði ekki til að haldin yrðu íþróttamót í bænum. Mitt í þessari ordeyðu gaf ÍSÍ út kennslubók í glímu, árið 1916. Guðbrandur Magnússon, fyrrverandi formaður UMFÍ, skrifaði um bókina í *Ísafold* í janúar 1917 og lýsti þá stöðu glímunnar:

Fjórir menn glímdu á leikmótinu við Þjór-árbrú í sumar ef ég man rétt og hafa þeir aldrei verið jafnfáir. Og hér í Reykjavík eru glímur hvergi iðkaðar svo ég viti. „Ár-mann“ dauður og Ungmennafélögin eiga nú engan glímuflokk.<sup>70</sup>

Allt bar þetta að einum brunni. Í janúarhefti *Skinfaxa* 1917 viðurkenndu menn orðinn hlut. Þar stóð skýrum stöfum: „Ekkert íþróttamót verður haldið í Reykjavík á komandi vori að tilhlutan sambandsins.“<sup>71</sup>

Það hafði sýnt sig á landsmótunum tveimur að ungmennafélagar af landsbyggðinni sóttust lítið eftir að reyna sig á þeim. Þeir kappgjörnustu létu sér nægja héraðsmótin sem héldu velli víðast hvar en lítið mátti þó út af bera. Íþróttamót Skarphéðins við Þjórartún féll niður vorið 1917 sökum dýrtíðar og siglingavandræða en ekki vegna skorts á íþróttamönnum.<sup>72</sup>

Í raun og veru var enginn grundvöllur fyrir landsmótshaldi nema í Reykjavík og ef til vill á Akureyri. En þar féllu fjórðungsmótin niður árið 1914 eins og fyrr var rakið og mesti íþróttamóðurinn virtist runninn af Reykvíkingum að sinni. Reyndar voru ungmennafélagar vongóðir um betri tíð því á þingi UMFÍ árið 1917 var samþykkt þessi tillaga:

Þótt ástæður hafi ekki leyft sambandinu að hafa íþróttamót á þessu ári þá væntir þingið þess að stjórnin gangist fyrir íþróttamóti árið 1920 ef þess er nokkur kostur.<sup>73</sup>

Hér var verið að þreyja þorrann og bíða þess að úr rættist með íþróttir í Reykjavík. Og það rættist úr, en ekki á þann hátt sem ungmennafélagar vonuðust eftir. Það voru Íþróttasambandið og íþróttafélögin sem tóku frumkvæðið. Þegar styrjöldinni lauk færðust hlutirnir smám saman í fyrri skorður. Íslandsglíman, sem hafði fallið niður frá 1913, var aftur haldin vorið 1919. Sigurjón Pétursson hafði haldið Grettisbeltinu keppnislaust í sex ár, en varð nú að láta það af hendi, þó ekki baráttulaust. Hann varð annar í Íslandsglímunnari á eftir nýja glímukónginum, Tryggva Gunnarssyni, sem eins og fyrirrennari hans var bæði frjálsíþróttakappi og glímumaður. Ármann vaknaði nú úr dvalanum og félagið fór einnig að stunda frjálsíþróttir.

Íþróttafélag Reykjavíkur hristi einnig af sér drungann og vorið 1920 hélt það veglegt íþróttamót á Melavellinum. Mótið fór fram dagana 17.-18. og 20. júní. Fyrri tvo dagana var keppt í mörgum greinum frjálsíþróttar en síðasta daginn fór Íslandsglíman fram. Fyrirmyndin var greinilega landsmót UMFÍ. Þarna var keppt í nýstárlegri íþróttagreini sem var fimmtarþraut að grískum hætti. Fimm kappar reyndu með sér í fjórum frjálsíþróttagreinum en tveir þeir bestu glímdu til úrslita. Það var enginn annar en Guðmundur Kr. Guðmundsson, kappinn frá mótinu 1914, sem sýndi að hann var í fullu fjöri með því að leggja nýja glímukónginn tvívegis og sigra í þrautinni.<sup>74</sup> Guðmundur keppti nú fyrir Ármann, enda var Ungmennafélag Reykjavíkur í dái. Félagið vaknaði til lífsins skamma stund eftir þetta en saga þess var öll fimm árum síðar. Forystu ungmennafélaga í íþróttalífi Reykjavíkur var lokið.

Þegar Ungmennafélag Reykjavíkur var úr sögunni var borin von að landsmót UMFÍ yrðu

haldin í Reykjavík. Augljóst var að landsmót yrðu ekki haldin nema þar sem þróttmikil ungmennafélög áttu sér bólfestu. Tíminn leið og landsmótin virtust heyra sögunni til. Hins vegar áttu héraðsmót ungmennafélaganna vinsældum að fagna og þar var helsti vettvangur kappsamra íþróttamanna á landsbyggðinni ásamt íþróttamótum sem einstök ungmennafélög efndu til ýmist ein sér eða fleiri saman. Alls staðar var hlaupið, stokkið og glímt, sums staðar var synt og allt bar þetta vott um lifandi áhuga ungmennafélaga á íþróttum.

Líklegast höfðu fæstir keppendur miklar æfingar að baki en flestir voru sveitamenn, stæltir af vinnu, þjálfaðir af hlaupum í smalamenskum og vanir átökum í heyskap og jarðabótum. Þetta voru engir kyrrsetumenn sem þurftu að bæta sér upp hreyfingarleysið með íþróttum heldur erfiðismenn hertir af striti lífsbaráttunnar. Vafalaust hafa sumir þeirra haft metnað til að reyna sig við jafningja sína utan héraðs en vettvanginn vantaði – landsmót voru ekki haldin. Bolmagn samtakanna var lítið enda fækkaði ungmennafélögum um þetta leyti. Eldmóður forystumanna virtist fara dvínandi og nú gildi bara að lifa af. En í héraðssamböndunum var að vaxa upp kynslóð íþróttamanna sem í fyllingu tímans tók þátt í að endurvekja landsmótin. Minningin um hin glæstu landsmót í Reykjavík 1911 og 1914 örvaði menn

til dáða og hvatti þá til að taka upp merkið þar sem frá var horfið. En það gerðist ekki fyrr en aldarfjórðungur og ári betur var liðinn frá síðasta móti.

## Endurvakning

Íþróttasamband Íslands tók upp þráðinn frá íþróttamóti ÍR árið 1920 og hélt svokallað „Leikmót Íslands“ í Reykjavík dagana 17.-20. júní 1921. Hér var verið að taka upp þráðinn frá landsmótinu 1914 en sá var munurinn að nú var það ÍSÍ en ekki UMFÍ sem stóð fyrir mótinu. Mótið var með líku sniði og landsmótið en þó minna að umfangi. Keppt var í tólf fjálsíþróttagreinum en skrautfjaðrir mótsins voru tvær. Í fyrsta lagi kom hópur Norðmanna og sýndi fimleika auk þess að keppa á mótinu. Síðast en ekki síst var Íslandsglíman meðal keppnisgreina. Keppendur á mótinu voru 46 auk 13 Norðmanna. Einu ungmennafélagarnir voru ungir menn sem kepptu sameiginlega fyrir Ungmennafélögin Aftureldingu í Mosfellssveit og Dreng í Kjós og voru sigursælir í langhlaupum.<sup>75</sup>

Mótið var endurtekið árið eftir og hafði þá hlotið nafnið „Allsherjarmót ÍSÍ.“ Allsherjarmótin voru haldin árlega til 1924 en eftir það annað hvert ár lengi vel. Helstu keppnisgreinar voru



*Fimleikasýning á Allsherjarmóti ÍSÍ 17. júní 1927.*

frjálsíþróttir, sund og glíma. Sundið og glíman voru felld niður af dagskrá mótanna árið 1934 og eftir það voru þau hreinræktuð frjálsíþróttamót. Þau fóru fram til ársins 1946 en voru þá felld niður enda var þá komið til sögunnar Meistararmót ÍSÍ í frjálsíþróttum. Mótin voru stigakeppni milli Reykjavíkurfélaganna og oft var harðvítug barátta um sigurinn milli hinna þriggja stóru, Ármanns, KR og ÍR. Mótin hófust alltaf 17. júní og stóðu yfirleitt í tvo til fjóra daga.<sup>76</sup>

Þarna var ÍSÍ búíð að skáka UMFÍ út af taflborðinu í Reykjavík og ná frumkvæðinu í mótahaldi. Það var kannski engin furða. ÍSÍ voru heildarsamtök íþróttamanna og hvað átti UMFÍ að gera með það að vera að halda íþróttamót? Þannig hafa eflaust ýmsir ungmennafélagar spurt sjálfa sig en ekki voru allir ánægðir með þróun mála. Ljómi landsmótanna var ekki gleymdur og þegar leið á fjórða áratuginn fóru að heyrast raddir um að endurvekja forna frægð. Á þingi UMFÍ árið 1936 var hvatt til þess að samtökin styrktu áhugasöm en fátæk félög og héraðssambönd til íþróttastarfs ef fjárhagur leyfði.<sup>77</sup>

Á næsta þingi UMFÍ, árið 1938, dró heldur betur til tíðinda. Þar starfaði sérstök íþróttamálanefnd skipuð Sigmundi Guðmundssyni íþróttakennara, Leifi Auðunssyni frá Dalsseli og Sigurði Greipssyni í Haukadal sem var formaður hennar. Sigurður hafði ítarlega framsögu um gildi íþróttanna bæði fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið í heild. Síðan lagði hann fram tillögur nefndarinnar sex að tölu. Sú sjötta og síðasta var svohljóðandi:

Þingið samþykkir að efnt verði til allsherjar íþróttamóts innan UMFÍ 1940 og verði mótið háð á Akureyri. Þriggja manna nefnd verði þegar kosin til undirbúnings þessa máls og starfi hún í samráði við stjórn UMFÍ.<sup>78</sup>

Þarna tók höfðinginn í Haukadal af skarið og sagði það sem marga hafði langað að heyra. Hann var sjálfur kosinn í mótsnefndina ásamt Geir Jónassyni frá Akureyri og Kjartani Sveinsyni frá Hvanneyri. En hvers vegna kom þessi afgerandi tillaga fram nú eftir áratuga þögn um landsmótin? Það er engum vafa bundið að væntanleg íþróttalög höfðu mikið að segja í þessu sambandi. Ungmennafélagar áttuðu sig á því að UMFÍ varð að gera hlutdeild sína í íþróttamálum sýni-

lega til að vernda hagsmuni landsbyggðarinnar í væntanlegum íþróttalögum. Veglegt landsmót var þungt lóð á þá vogarskál. Það kom líka á daginn að tilkoma þess hafði sitt að segja þegar tekist var á um forræði í íþróttamálum í aðdraganda íþróttalaganna.

## Í Haukadal

Nú þurfti að láta hendur standa fram úr ermum. Eins og tillagan bar með sér var reiknað með að mótið færi fram á Akureyri, „vöggju þeirrar hugsjónar sem ungmennafélögin hafa lifað fyrir,“ eins og Sigurður Greipsson orðaði það.<sup>79</sup> Fljótlega kom í ljós að slíkt var ógerningur af þeirri einföldu ástæðu að Ungmennafélag Akureyrar, hið gamla stórveldi, var dautt. Síðasti fundur þess var haldinn 19.

mars 1939.<sup>80</sup> Væntanlega hefur Geir Jónasson vonast eftir að þetta verkefni myndi blása lífi í hið deyjandi félag en honum varð ekki að ósk sinni. Ekki þýddi að leita til UMSE því það sagði sig úr UMFÍ nokkrum árum fyrr í mótmælaskyni við tilslakanir í bindindismálum.

Andlát Ungmennafélags Akureyrar sýndi kannski betur en flest annað að landsbyggðin var nú orðin höfuðvígi ungmennafélaganna. Nú voru góð ráð dýr en Sigurður Greipsson dó ekki ráðalaus. Þegar stjórn UMFÍ bað hann ásjár játti hann umsvifalaust og bauð sjálfur fram mótsstaðinn, ættaróðal sitt í Haukadal. Héraðssamband-



*Sigurður Greipsson var formaður mótsnefndar Haukadalismótsins 1940.*



*Sigurjón Sigurðsson í Raftholti gjaldkeri Skarphéðins 1940.*

ið Skarphéðinn, þar sem hann var formaður, tók að sér að halda mótið.<sup>81</sup>

Engum sögum fer af því að Geir Jónasson eða Kjartan Sveinsson hafi komið að undirbúningi mótsins. Landsmótsnefnd var aldrei formlega skipuð en stjórn HSK kom í hennar stað. Ritari HSK var Sigmundur Þorgilsson



*Sigmundur Þorgilsson Ásólfsskála ritari Skarphéðins 1940.*

bóndi á Ásólfsskála undir Eyjafjöllum en gjaldkeri var Sigurjón Sigurðsson bóndi í Raft-holti í Holtum. Báðir voru dugmiklir og þau reyndir félagsmálamenn svo Sigurður Greipsson var ekki einn í leiknum. En mest af undirbúningi mótsins lenti þó á herðum Sigurðar enda fór það fram á hans eigin bæjarhlaði.<sup>82</sup>

Sigurður var eldhugi, stórhuga hugsjónamaður sem lét sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Hann stofnsetti íþróttaskóla á föðurleifð sinni í Haukadalsdal árið 1927, og rak hann á eigin vegum í 43 ár. Nú hafði hann samband við marga af nemendum sínum og virkjaði þá í þágu landsmótsins. Það er kannski dæmigert fyrir dugnað og bjartsýni Sigurðar að hann fékk hóp fyrri námspíla sinna til að æfa fyrir fimleikasýningu á landsmóttinu eftir bréflögum fyrirmælum! Sigurði lánaðist að fá 23 dugnaðardrengi til að æfa fyrir sýninguna og í tvo daga fyrir mótið dvöldust þeir í Haukadalsdal til samæfinga. Sigurður veitti þeim fæði og húsa-skjól og tókst að æfa hópinn þrisvar. Stjórn UMFÍ vann einnig að undirbúningi mótsins. Í hennar hlut kom að útvega ræðumenn og lúðrasveit og auglýsa mótið.

Íþróttavöllur var enginn í Haukadalsdal og þá var bara

að búa hann til. Norðaustan við skólahúsið sem nú er hótél var sendið landsvæði með gróðri á stangli. Fimleikamennirnir ungu jöfnuðu svæðið og fjarlægðu grastoppa hér og þar svo enginn íþróttamaður færi nú að hrasa þegar síst skyldi. Í lokin var völlurinn valtaður og þar sem dráttarvélur var ekki að finna á staðnum drógu þeir valtarann á sjálfum sér. Mennt beittu sér fyrir valtarann fimm saman og allt gekk eins og í sögu. Völlurinn hallaði að vísu dálítið en það setti enginn fyrir sig. Glímupallur var byggður úr borðaviði. Hann var ekki upphækkaður en kom að sínu gagni. Sundlaug var á staðnum, full af snarpheitu vatni, svo nú var allt til reiðu að hefja mótið.

## Fimleikar og aðrir leikar

Eiríkur J. Eiríksson, formaður UMFÍ, setti mótið með ávarpi við skólahúsið klukkan eitt eftir hádegi. Því næst gengu íþróttamennirnir 73 talsins fylktu liði í keppnisbúningum inn á íþróttavöllinn. Fremstur gekk fánaberi með íslenska fánann. Veðurbliða var mikil og þótti áhorfendum mikið til koma. Jón M. Guðmundsson á Reykjum var í harðsnúnum keppnishópi UMSK og sagði svo frá síðar:



*Fimleikaflokkur Sigurðar Greipssonar fylkir liði fyrir skrudgöngu inn á völlinn á móttinu 1940.*



Mér er mjög minnstætt frá mótinu hvað það var vel skipulagt og það að ganga inn á svæðið í búningi fylktu liði með fána var stórfengleg athöfn og eftirminnileg. Við höfðum aldrei orðið varir við svona eldmód eins og Sigurður Greipsson sýndi.<sup>83</sup>



*Fylkingin gengur inn á íþróttavöllinn.*

Mótið var haldið um Jónsmessuhelgina 22.-23. júní og þing UMFÍ var haldið á sama stað næstu tvo daga á undan. Þingfulltrúar og gestir voru 39 talsins en reyndar voru sumir þeirra úr hópi keppenda. Samböndin þjóðnýttu liðsmenn sína og stundum kom það niður á árangrinum að hafa setið á löngum þingfundum í stað þess að liðka sig úti á vellinum. Mótsgestir voru taldir um 1500 þegar flestir voru.

Fyrri dagur mótsins var laugardagur og þar sem hann var ekki orðinn almennur frídagur á þessum tíma reiknuðu stjórnendur mótsins réttlæga með fleiri áhorfendum á sunnudeginum og geymdu bestu bitana af dagskránni þangað til. Fimleikasýning hinna 23 fimleikamanna var helsta atriði dagsins og tókst með glans þrátt fyrir sérstæðan undirbúning. Piltarnir tóku sig vel út í hvítum leikfimisbúningum og sýndu bæði staðæfingar og stökk á dýnum. Sigurður stjórnaði þeim röggssamlega og gat ekki stillt sig um að hrópa: „Gott hjá þér,“ ef einhverjum tókst sérlega vel upp.

Þá var keppt í undanrásum ýmissa íþróttagreina og síðan kom að þeim dagskrárlið sem var hvað sérstæðastur, sýningu íþróttakvikmyndar. Kvikmyndasýningar voru ekki daglegt brauð meðal landsmanna, síst þeirra sem í sveitunum bjuggu og íþróttasalur skólans var þéttskipaður meðan kvikmyndasýningin fór fram. Síðast á dagskrá var dansinn. Það var dansað bæði í skólasalnum og á glímupallinum „en margir voru að öðrum leikjum,“ sagði blaðamaður *Tímans* og útskýrði það ekki frekar.<sup>84</sup>

## Fjallræða séra Eiríks

Á sunnudaginn ávarpaði Sigurður Greipsson mannfjöldann og svo var komin röðin að séra Eiríki. Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, sem reyndar var ekki á mótinu, hafði það síðar eftir Eiríki að verst hafi sér þótt að Sigurður hafði enga fasta tímasetningu á nokkrum hlut á mótinu. Hann stjórnaði því röggssamlega en hvorki var gefin út prentuð leikskrá né sagt frá dagskráratríðum fyrr en að þeim kom. Eiríkur átti að halda guðspjónustu og spurði Sigurð í sífellu: „Hvenær á ég að tala?“ „Bíddu, bíddu,“ svaraði Sigurður alltaf en hann var á ferð og flugi um allt móts-svæðið og stjórnaði mörgum viðburðum samtímis. Allt í einu hrópaði Sigurður á Eirík og aðra að fylgja sér og tók á rás upp í fjallið en móts-gestir fylgdu á eftir. Þar benti hann séra Eiríki á stóran stein og sagði: „Hérna átt þú að vera.“ Þar flutti Eiríkur eftirminnilega predikun sem Sigurður kallaði jafnan „Fjallræðuna.“<sup>85</sup>

Næst var hlýtt á ræðu Helga Hjörvars og svo var keppt til úrslita í íþróttum. Kjalnesingar og Borgfirðingar höfðu harðsnúnu íþróttaliði á að skipa, einkum Kjalnesingar, en lið þeirra var eingöngu úr ungmennafélögunum Dreng í Kjós og Aftureldingu í Mosfellssveit. Heimamenn í Skarphéðni áttu góða afreksmenn en skorti meiri breidd. Þar voru fræknir Flóamenn fremstir í flokki. Þessi þrjú héraðssambönd einokuðu stigakeppnina og sem fyrr var aðeins þremur efstu mönnum úthlut- að stigum.



*Axel Jónsson UMSK, stigahæsti maður mótsins.*

Keppnin var hörð í 100 metra hlaupinu. Janus Eiríksson í Óskoti var talinn sprettharðastur en varð fyrir því óhappi að viðbragðshola gaf sig og hann var þar með úr leik. Félagi hans, Axel Jónsson, 18 ára eittílhárður keppnismaður frá Hvítanesi í


Kjós háði harða baráttu um sigurinn við Sigurð Guð-

mundsson úr Borgarfirði og varð naumlega annar. Þeir hlupu samhliða allt hlaupið en Sigurði tókst að pressa sig fram úr á marklínu og sigraði. Reyndar urðu keppendur að gæta að sér því hlaupið endaði svo gott sem á húsvegg íþróttahússins og því eins gott að hafa bremsurnar í lagi.<sup>86</sup>

Axel sigraði hins vegar í langstökki og þristökki. Í langstökkinu tókst honum að komast yfir sex metra í fyrsta sinn en sex metra múrinn var þá talinn skilja á milli góðra meðalmanna og afreksmanna í langstökki. Keppnin var hnífjöfn og fimm sentimetrar skildu á milli fyrsta og þriðja manns. Kjalnesingar héldu áfram sigurgöngunni og áttu þrjá fyrstu menn í kringlukastinu með Njál Guðmundsson frá Miðdal fremstan. Þá sigraði Kjalnesingurinn Guðmundur Jónsson í hástökkinu með 1,60 m rétt á undan hinum vörpulega Flóamanni Guðmundi Ágústssyni sem varð annar með 1,58. Guðmundur stökk á sniðstökki, aðferð sem nýtir stökkkraftinn illa og sýnir það kannski best hvílikur íþróttamaður hann var. Guðmundur sigraði hinsvegar í kúluvarpinu, kastaði örlítið lengra en Kjósverjinn Gísli Andrés-son á Hálsi. Guðmundur tók ekki þátt í glímunni en hann átti síðar eftir að hljóta mikla frægð fyrir þá íþrótt og verða margfaldur glímukóngur.

## „Óæfður maður frá okkur“

Þá var komið að grein sem vakti mikla athygli. Sigurður Greipsson fékk þá hugmynd að efna til 1500 metra víðavangshlaups á mótinu. Brautina lagði hann sjálfur um landareignina og valdi síður en svo þá greiðfærustu. Réttara hefði verið að



*Stefán Jasonarson í fimleikabúningnum, tilbúinn í víðavangshlaupið í Haukdal.*

tala um torfæruhlaup því moldarbörð og brekkur, skógarkjarr og meira að segja alldjúpt vatnsfall voru á hlaupaleiðinni sem lá í allstórum hring austur og norður frá íþróttavellinum. Sigurður hlífði hlaupurunum hvergi enda hafði hann mikið yndi af að reyna á eigin karlmennsku og annarra.

Stefán Jasonarson í Vorsabæ var einn af nemendum Sigurðar sem tóku þátt í fimleikasýningunni og ætlaði að láta þar við sitja. Stefán var alla tíð tággrannur og léttur á fæti og Sigurður hvatti hann mjög til að vera með í hlaupinu. Stefán maldaði í móinn en lét til leiðast því Sigurður gafst ekki upp og sagði að Flóamaðurinn gæti ekki verið þekktur fyrir annað en fara í hlaupið. Þegar Stefán skoðaði leiðina sá hann að þarna var bæði vatn og grjót og fór þessvegna í þykka sokka og gúmmískó.

Svo var gefið merki og átta hlauparar skokkuðu niður grasi gróna brekku og niður að hnédjúpri Beiná sem þeir stikluðu yfir. Nú kom sér vel að Stefán hafði smalað kindum um rennbautan Flóann frá barnæsku og var ýmsu vanur. Hann tók því forystuna en þéttur hópur hlaupara hélt sig skammt fyrir aftan hann. Aftur var hlaupið yfir Beiná og nú tóku menn að mæðast því vatnið

sat í sokkum og skóm og gerði þá blýþunga. Leiðin var lengstum nokkuð á fótinn en síðasti hlutinn var þó undan aflíðandi brekku. Hlaupinu átti svo að ljúka á íþróttavellinum. Stefán var enn fyrstur en þrír hlaupargarpar fylgdu honum fast eftir og nú voru áhorfendur teknir að æsast. „Stebbi! Stebbi! Hertu þig, þeir eru að ná þér!“ hrópaði einn úr hópnum og Stefán reyndi að herða sig en það var hægara sagt en gert með vatnið úr Beiná bullandi upp úr skónum.

Þegar stutt var orðið í mark hjá Stefáni kom annar Flóamaður, Þórður Þorgeirsson á Mýrum á fullri ferð, stakk sér framfyrir hann og varð á undan í markið. Félagi hans í Ungmennafélaginu Vöku, Sigurjón Kristjánsson í Forsæti, fagnaði þessu mjög og hrópaði upp þegar Þórður stíkaði yfir marklínuna: „Þarna kemur fyrstur í mark alveg óæfður maður frá okkur!“ Þarna bergmálaði Sigurjón það algenga viðhorf að afrekin væru ekki hvað síst fólgin í því að menn mættu lítt æfðir á staðinn og létu á það reyna hvað í þeim byggi. En Þórður hafði reyndar stýtt sér leið með því að stökkva yfir vallargirðinguna og var dæmdur úr leik. Þar með var Stefán sigurvegari og fékk sinn gullpening.<sup>87</sup>

## Fimir Skeiðamenn, sjóðheit sundlaug og glímukappar úr Flóanum

Á sunnudaginn fór fram önnur fimleikasýning. Það voru 10 ungir menn frá Ungmennafélagi Skeiðamanna undir stjórn Jóns Bjarnasonar íþróttakennara frá Hlemmiskeiði sem léku listir sínar á pallinum. Þeir sýndu samæfingar og auk þess erfið áhaldastökk og framúrskarandi dýnuæfingar. Sýningin kom á óvart og þótti glæsileg. Rannveig Þorsteinsdóttir, fráfarandi gjaldkeri UMFÍ, skrifaði pistil um mótið í *Timann* og gat ekki leynt aðdáun sinni á þessum glæsilegu fimleikapiltum af Skeiðunum:



*Séð yfir mótssvæðið. Fimleikaflokkur Jóns Bjarnasonar stendur á glímupallinum. Beiná, sem langhlaupararnir þurftu að vaða tvívegis yfir, í baksýn.*

Það er næsta ótrúlegt að hægt sé undir þeim skilyrðum sem þetta unga fólk á við að búa að æfa fimleikaflokk, en að fá jafngóðan flokk og hér kom fram það er þrekvirki. ... Árangur æfinganna sýndi sig á piltunum sjálfum. Þeir voru fallegir, beinir, mjúkir og vöðvastæltir. Þessi flokkur getur sýnt sig hvar sem er á þessu landi og er vonandi að hann geti tekið því boði sem honum var gert þennan dag um að koma til Reykjavíkur innan tíðar.<sup>88</sup>

Í sundi var keppt í þremur greinum og þar voru Borgfirðingar með einvalalið. Nú voru konur í fyrsta sinn meðal keppenda á landsmóti því þeim var ætlað að keppa í 50 metra sundi. Þar voru stallsystur tvær frá Reykholti með yfirburði. Þær Steinþóra Þórisdóttir og Stella Magnúsdóttir höfðu getað æft sig að vild í lauginni í Reykholti, allt upp í þrisvar á dag. Þessar æfingar báru árangur því næsti keppandi var meira en 10 sekúndum á eftir í þessu stutta sundi. Stella sigraði og varð þar með fyrsti sigurvegari kvenna á landsmótum.

Karlarnir fengu tvær 100 metra sundgreinar í sinn hlut. Önnur var bringusund en hin var skilgreind sem „frjáls aðferð“ sem þýddi reyndar skriðsund. Jón á Reykjum var góður skriðsundmaður en var svo óheppinn að lenda í öðrum riðli en sigurvegari, Steingrímur Þórisson, bróðir





*Sundkonur á móttinu. Vilborg Bjarnadóttir, Stella Magnúsdóttir, Steinþóra Þórisdóttir og Sigrún.*

Steinþóru. Aðeins munaði sekúndubrotum á þeim en ekki var synt til úrslita og Jón varð að láta sér lynda annað sætið.

Reyndar þótti Borgfirðingum laugin alltof heit, hún var næstum 40 gráður, en Jón var vanur heitri laug og kunnir vel við sig í Haukadalslauginni. Um morguninn báru menn kalt vatn í fötum í laugina til að kæla hana dálítið. Innan á laugarveggjunum var þykkt lag af kísli og þegar menn tóku snúninginn við bakkann sukku fætur þeirra á kaf í kísilinn. Í bringusundinu sigruðu Borgfirðingar þrefalt og reyndar náðu ekki nema tveir keppendur annarra sambanda stigum, slíkir voru yfirburðir þeirra.<sup>89</sup>

Glímukeppnin var öflug og 10 glímukappar áttust við á pallinum góða á sunnudeginum. Helmingur þeirra hafði numið glímulistina í skóla Sigurðar Greipssonar og þeir hinir sömu voru allir í fimleikahópnum sem sýndi undir stjórn Sigurðar. Bjarni Halldórsson frá Króki í Gaulverjabæjarhreppi var einn fimleikamanna og ætlaði ekki að keppa á móttinu. Þá vildi svo til að einn af sterk-

ustu glímumönnum Skarphéðins, Jón Guðlaugsson á Hellum, forfallaðist og Bjarni hljóp í skarðið fyrir sveitunga sinn. Guðmundur Oddsson, sveitungi þeirra, var yngstur keppenda, 18 ára, og báðir urðu neðarlega en þótti gaman að vera með. Þriðji Flóamaðurinn í hópi glímukappanna var Steindór Gíslason frá Haugi. Steindór hafði sigræð tvívegis í Skjaldarglímu Skarphéðins nokkrum árum áður en ekki stigði á glímuvöll síðan.

Keppinautum hans brá ónotalega því enginn hafði átt von á Steindóri til keppinnar. „Hann kom þarna eins og skrattinn úr sauðarleggnum.“ sagði einn þeirra og þótti nú sigurlíkurnar heldur minnka. Það reyndist rétt því Steindór vann frægan sigur og lagði alla keppinautana, flesta léttilega. Félögum hans, Bjarna og Guðmundi, þótti reyndar óþarfi að vera að þreyta sig á móti Steindóri og hann var á sama máli. „Nú tek ég sniðglímu, sagði Steini við mig,“ sagði Guðmundur Oddsson síðar þegar hann sagði frá



*Sigurlið Kjalnesinga. Frá vinstri: Sveinn Guðmundsson, Guðmundur Jónsson, Gísli Andrésson, Eiríkur Sigurjónsson, Sigurjón Jónsson, Davíð Guðmundsson, Alexíus Lúthersson, Sesselja Erlendsdóttir, Jón M. Guðmundsson, Sesselja Gunnlaugsdóttir, Skúli Norðdahl, Unnur Sveinsdóttir, Njáll Guðmundsson, Janus Eiríksson, Grimur S. Norðdahl, Axel Jónsson, Karl Jónsson.*



keppninni. „Og ég stökk upp á mjöðmina á honum og flaug svo í völlinn.“ Guðmundur sagði að Steindór hefði verið öruggur með vinning á mótí sér svo þarna var verið að spara tíma og orku.<sup>90</sup>

Sniðglíma á lofti og loftkrækja voru skæðustu brögð glímukappans frá Haugi. Bræðurnir frá Miðdal í Kjós voru ofarlega. Njáll Guðmundsson, sigurvegarinn í kringlukasti, varð annar og Davíð bróðir hans í fjórða sæti. Hann varð þekktur glímumaður á næstu árum, ekki síst fyrir frammistöðu sína á landsmótinu á Hvanneyri þremur árum síðar. Þriðji Kjalnesingurinn í glímuhópnum var Grímur Norðdahl, síðar bóndi á Úlfarsfelli. Hann var þá formaður UMSK og liðsstjóri hópsins. Það kom illa niður á einbeitingunni í glímunni. Grímur varð síðastur og sagðist aldrei hafa staðið sig eins illa.<sup>91</sup>

## UMSK sigrar

Það voru ekki nema fimm héraðssambönd sem tóku þátt í mótinu en sambönd innan UMFÍ voru heldur ekki nema átta um þetta leyti. Mótið var frumraun sem þótti hafa tekist vel og var langstærsta íþróttamót sem haldið hafði verið utan Reykjavíkur. Eldmóður foringjans, Sigurðar Greipssonar, smitaði út frá sér og eftir mótið var aldrei vafi á því að haldið yrði áfram á sömu braut.

Þegar íþróttakeppninni var lokið afhenti Eiríkur J. Eiríksson sigurvegurinum verðlaun sem voru áletraðir gylltir verðlaunapeningar. Fleiri voru ekki verðlaunaðir. Rannveig Þorsteinsdóttir, fyrrverandi gjaldkeri og þáverandi starfsmaður samtakanna gaf ásamt Ólafi bróður sínum nokkru eftir mótið útskorinn tréskjöld til verðlauna fyrir stigahæsta samband á landsmótunum. Marteinn Guðmundsson myndskeri í Reykjavík skar skjöldinn úr rauðaviði og UMSK hlaut hann í þetta sinn.<sup>92</sup>



*Verðlaunaskjöldurinn sem Rannveig Þorsteinsdóttir og Ólafur bróðir hennar gáfu sem helsta verðlaunagrip mótsins.*

Þegar afhendingu verðlauna var lokið sleit mótsstjórinn, Sigurður Greipsson, því með nokkrum orðum. Að lokum bað hann viðstadda að taka saman höndum til að sýna að þeir vildu vinna einhuga fyrir land og þjóð og þannig stóðu allir hönd í hönd meðan lúðrasveitin lék þjóðsönginn. Áhrifamikill endir á landsmótinu.

Heildarstig sambanda og félaga	stig
1. UMSK	27
2. UMSB	21
3. HSK	16
4. USD	2
HSH	0

Stigahæstu keppendur	stig
Axel Jónsson, frjáls.	UMSK 8
Guðmundur Ágústsson, frjáls.	HSK 5
Njáll Guðmundsson, glíma, frjáls.	UMSK 5
Sigurður Guðmundsson, frjáls.	UMSB 5
Gísli Andrússon, frjáls.	UMSK 4
Kristinn Guðjónsson, sund	UMSB 4



*Hvanneyri. Séð yfir tjaldstæði landsmótsins.*

## 5. landsmót UMFÍ á Hvanneyri 26.-27. júní 1943


### Mótin festast í sessi

Á þinginu sem ungmennafélagar héldu samtímis landsmótinu í Haukadal voru samþykktar margar tillögur um íþróttamál. Ýmsar þeirra sneru að hinum nýju íþróttalögum og samstarfi við ÍSÍ í framhaldi af setningu þeirra. Merkest fyrir landsmótssöguna var tillagan sem stjórnarmenn UMFÍ, Daníel Ágústínusson, Halldór E. Sigurðsson og Eiríkur J. Eiríksson, lögðu fram. Hún var stutt og laggóð og hljóðaði þannig:

13. sambandsþing UMFÍ 1940 samþykkir að UMFÍ haldi landsmót í íþróttum ekki sjaldnar en fjórða hvert ár.<sup>93</sup>

Þetta var hrein og klár viljayfirlýsing stjórnarinnar um að gera landsmótin að stórverkefnum hreyfingarinnar á nokkurra ára fresti. Ekki mun hið velheppnaða landsmót í Haukadal hafa dregið úr mönnum og nú var ekki litið til baka. Landsmótin voru komin til að vera.

Það er engin tilviljun að landsmótin voru endurvakin um þetta leyti. Íþróttalögin nýju og veglegur styrkur Íþróttasjóðs til UMFÍ gerbreyttu aðstöðu þess til að styrkja íþróttirnar á landsbyggðinni. Nú voru farkennarar sendir til ungmennafélaga vítt og breitt um landið og íþróttaiðkun margfaldaðist. Á íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal komu tugir ungra manna árlega og smituðu út frá sér áhuga og íþróttaiðkun þegar



Leikskrá landsmótsins.

heim kom. Svo var annað. Íþróttakennaraskóli Björns Jakobssonar hafði starfað í heilan áratug á Laugarvatni og fjölgun íþróttakennara örvaði íþróttirnar hvarvetna. Nú birti líka *Skinfaxi* ýtarlegar íþróttaleiðbeiningar eftir íþróttafulltrúann nýja, Þorstein Einarsson. Allt bar þetta að einum brunni. Unga fólkið í ungmennafélögunum, einkum karlmennirnir, áttu nú völ á tilsögn og þjálfun kunnáttumanna. Íþróttamótunum fjölgaði. *Skinfaxi* hafði fregnir af sjö héraðsmótum og jafnmörgum íþróttakeppnum ungmennafélaga sumarið 1941.<sup>94</sup> Þarna keppti fjöldi ungmennafélaga og þeir sem sköruðu fram úr höfðu metnað til að spreyta sig á landsmótunum.

Strax í júní 1941 fór stjórn UMFÍ að leita hófanna við Ungmennasamband Borgarfjarðar um að halda landsmótið. Nokkurn tíma tók að ákveða mótsstaðinn. Til að byrja með var stefnt að því að halda mótið í Reykholti en á endanum varð annar skólastaður fyrir valinu, nefnilega Hvanneyri. Þar hafði staðið bændaskóli frá árinu 1899 og aðstaða fyrir íþróttamót var ágæt. Svo var líka búið að spyrða saman landsmótið og þinghald UMFÍ og

hélst það svo um áratugi. Þá þurfti gott húspláss undir þingið og það var til staðar á Hvanneyri. Þar var líka frábær staður fyrir íþróttavöll sem var útbúinn á rennisléttu starengi fyrir neðan Hvanneyrartúnið. Verra var með sunnaðstöðuna. Sundstæði var hlaðið úr snydduhnausum og köldum læk veitt í það. Keppendur gátu vel hamið hrifningu sína af sundlauginni þegar til kom, sérstaklega þar sem þeir vissu af hinni frábæru Hreppslaug í næsta nágrenni. En hér var verið að hugsa um áhorfendur en ekki keppendur sem blótuðu lauginni hátt og í hljóði en fengu ekki að gert.

Ekki var skipuð sérstök mótsnefnd fremur en í Haukadal en UMSB var falin framkvæmdin og stjórn sambandsins gegndi hlutverki landsmótsnefndar. Formaður UMSB var Þorgils Guðmundsson íþróttakennari í Reykholti, ritari var Ingimundur Ásgeirsson bóndi á Hæli í Flókadal og gjaldkeri var Ásmundur Jónsson bóndi í Geirshlíðarkoti í sömu sveit. Daníel Ágústínusson, ritari UMFÍ, var tengiliður stjórnarinnar við nefndarmenn og satt að segja var hann fjórði maðurinn í nefndinni. Hann sá um að skipuleggja dagskrána, útvega skemmtikrafta og ræðumenn, útvega leyfi og prenta leikskrá fyrir utan óteljandi viðvik sem á honum lentu.

Í desember 1942 birti Daníel grein í *Skinfaxa* þar sem dagskrá mótsins er lögð fram. Búið var að fastsetja greinar mótsins sem voru tíu frjálsíþróttagreinar, sex sundgreinar, þar af ein fyrir konur, og glíma. Greinum hafði fjölgað um sex frá því í Haukadal, en að auki athyglisvert nýmæli. Grein Daníels bar heitið „Landsmót UMFÍ vorið 1943.“ Þarna voru þessi mót í fyrsta skipti nefnt „landsmót“ en höfðu fram að þessu kallast „leikmót UMFÍ“ eða bara „íþróttamót UMFÍ.“ Daníel má því kallast höfundur nafnsins og er það vel við hæfi því hann bar hita og þunga af framkvæmd landsmótanna fyrir hönd UMFÍ í áratugi.<sup>95</sup>

Nú var undirbúningur UMFÍ mun meiri en fyrir Haukadalsmótið, það var auglýst í blöðum og útvarpi og nefndarmenn fengu Þorstein Einarsson til að aðstoða við mótið. Þorsteinn var manna duglegastur og röggasamastur og hann tók að sér að stjórna skrúðgöngunni. Það tókst svo vel að engum datt í hug að fá neinn annan en Þorstein í þetta hlutverk næstu 12 landsmótin! Þá var hann haukur í horni við verklegar framkvæmdir enda öllum hnútum kunnugur hvernig íþróttavellir áttu



*Daniel Ágústínusson*  
ritari UMFÍ.



*Þorgils Guðmundsson*  
formaður UMSB.



*Ingimundur Ásgeirsson*  
ritari UMSB.



*Ásmundur Jónsson*  
gjaldkeri UMSB.

að vera. Mikið annríki var síðustu dagana fyrir mótið eins og gefur að skilja en loksins var allt tilbúið. Mótinu stjórnaði Þorgils Guðmundsson enda sjálfur gamall íþróttamaður og öllu vanur. Kjartan Ó. Bjarnason kvikmyndaði mótið í bak og fyrir og alltaf síðan hafa landsmótin verið kvikmyndað til fróðleiks fyrir eftirkomendur.

## Fráir Austfirðingar og frískir Þingeyingar

Nú var íþróttakeppnin töluvert fjölmennari en á Haukadalsmótinu. Skráðir til keppni voru 125 íþróttamenn en margir þeirra mættu ekki til leiks. Einnig komu nokkrir til leiks sem ekki var minnst á í leikskránni. Um þessar mundir var til síðs að tíunda aðeins árangur efstu manna svo ekki er vitað hversu margir kepptu eða hver árangur þeirra var nema þeirra bestu. Ef gert er ráð fyrir að um fimm af hundraði hafi forfallast, sem er varlega áætlað, hafa keppendur verið 120. Þar af voru sex konur.

Hópur Norður-Þingeyinga höfðu æft fimleika og íþróttir um vorið undir stjórn Davíðs Sigurðssonar íþróttakennara með það í huga að sýna á Hvanneyri. Þegar leið að mótinu kom upp skæður mislingafaraldur í Reykjavík og Jón Árnason héraðslæknir á Kópaskeri mæltist til að menn færu ekki landshluta á milli í varúðarskygni. Þetta varð til þess að fimleikamennirnir sátu heima og þótti súrt í brotið. Svo hefur hugsanlega verið um fleiri íþróttamenn.<sup>96</sup>

Eiríkur J. Eiríksson setti mótið klukkan tíu á laugardagsmorgun með snjallri ræðu. Áður höfðu íþróttamennirnir gengið fylktu liði niður á völlinn undir forystu Guðmundar Ágústssonar glímu-kóns frá Hróarsholti í Flóa. Á eftir honum

þrammaði lúðrasveitin og lék göngulög. Þorsteinn Einarsson stjórnaði göngunni og skipaði skörulega fyrir. Þá sagði Sigurður Greipsson við viðstadda brosandí út að eyrum: „Þorsteinn er góður.“ Fleiri orð þurfti ekki, þetta fannst öllum.<sup>97</sup> Veður var ekki upp á það allra besta, talsverð gola og rigning á köflum. Hér var þó engin miskunn hjá Magnúsi, íþróttamenn bitu á jaxlinn og hófu átökin. Yfirleitt fóru tvær greinar fram samtímis.

Undanrásir í 100 metra hlaupinu voru hlaupnar á laugardeginum. Þar vakti sérstaka athygli ungur Austfirðingur, Guttormur Þormar, eldsnarpur hlaupari sem náði tímanum 11,8 sekúndum þótt hlaupið væri móti vindi. Hann sigraði líka í hlaupinu á sunnudeginum og bætti þá tíma sinn. Félagar hans, bræðurnir frá Hánefsstöðum á Seyðisfirði, Þorvarður og Tómas Árnasynir, gerðu það einnig gott á laugardaginn. Þorvarður sigraði í kúluvarpi og kringlukasti og Tómas var í öðru sæti í kringlunni og þriðji í kúlu. Austfirðingarnir vöktu mikla athygli, bæði fyrir árangurinn og líka hversu vel þeir voru útbúnir á nýjum íþróttabúningum og gaddaskóm meðan flestir hinna keppendanna voru fremur dreifbýlislegir á heima- saumuðum íþróttabúningum og í strigskóm.

Þá var keppt í stangarstökki. Þar átti Tómas sigurinn vísan en tognaði á síðu og varð að láta fjórða sætið nægja. Það kom ekki að sök því félagar hans, þeir Björn Magnússon og Guttormur Sigurbjörnsson, tryggðu Austfirðingum tvö efstu sætin og UÍA var áfram í toppbaráttunni. Fljótlega kom í ljós að keppnin um sigurinn í mótinu stæði milli Austfirðinga og Þingeyinga en þegar farið var að keppa í sundinu bættust Borgfirðingar í hópinn og hjuggu nærri báðum. Sökum forfalla var 800 metra hlaupið fært til laugardags og þar voru Þingeyingar í aðalhlutverkum. Þorkell





*Guttormur Þormar sigrar í 100 metra hlaupinu.*

Aðalsteinsson sigraði en á hæla honum kom félagi hans Hallur Jósefsson. Þriðji maður varð Þórður Þorgeirsson sem vísað var úr leik í víðavangshlaupinu í Haukadal. Nú urðu honum ekki á nein mistök. Þremur árum síðar sigraði Þórður í Víðavangshlaupi ÍR og var þá kominn í hóp stórhlaupara landsins. Þá var skotið inn undanrásurum í 200 metra hlaupi þar sem Guttormur Þormar fékk besta tímann.

Selfyssingurinn Oddur Helgason sigraði með geysilegum yfirburðum í þristökkinu enda var hann Íslandsmeistari í greininni. Oddur stökk 13,25 metra en næsti maður næstum metra skemur. Þristökk Odds var besta afrek mótsins samkvæmt finnsku stigatöflunni sem á þessum árum var biblíá frjálsíþróttamanna.

Þá var farið að synda. Átta voru skráðir til leiks í lengsta sundið, 400 metra frjálsa aðferð, en aðeins þrír gáfu sig fram. Víst er um það að ískuldinn í lauginni hafði þar sitt að segja. Þarna sigraði kornungur drengur, Birgir Þorgilsson, síðar ferðamálastjóri. Hann var sonur Þorgils mótsstjóra í Reykholti og þaulæfður sundmaður. Í 100 metra bringusundi sigraði örugglega óþekktur sundmaður, Sigurður Jónsson frá Ystafelli í Kinn. Hann átti eftir að verða ókrýndur sundkonungur landsins með viðurnefnið Sigurður Þingeyingur og blöðin voru sannspá þegar þau töldu hann efni í góðan bringusundsmann.

Þegar keppni lauk á laugardaginn höfðu tvö sambönd skorið sig nokk-

uð úr. Það voru Austfirðingar sem höfðu fengið 21 stig og Þingeyingar sem voru með 20 stig. Nú voru fjórum fyrstu mönnum í hverri grein veitt stig þannig að fyrsti maður fékk fjögur stig og síðan áfram. Stigamenn spáðu í spilin um kvöldið og voru sammála um að tvísýnt væri hver myndi sigra á mótinu.

## **Sundmenn í lífshættu**

Veður var svipað á sunnudaginn en batnaði þó þegar á leið og var orðið ágætt um kvöldið. Keppnin hófst klukkan tíu um morguninn með langstökki og þar var háð sannkallað sentimetrastríð. Borgfirðingurinn Höskuldur Skagfjörð var í fjórða sæti fyrir síðastu umferð en margir kappar höfðu stökkið rúmlega sex metra sem þótti frábært. Höskuldur fékk vængi í síðasta stökkinu og sigraði með 6,21 m. Næstu menn voru svo að segja sinn á hverjum sentimetranum.

Í spjótkastinu hefði Tómas Árnason átt að vera öruggur sigurvegari því skömmu fyrir mótið náði hann besta árangri ársins á móti í Reykjavík. En nú var hann tognaður og gat ekki beitt sér. Hann tók eitt kast og ætlaði að láta það duga. Þórarinn Sveinsson á Eiðum var liðsstjóri Austfirðinga og var á nálum yfir því að Tómas myndi tapa keppninni. Ekki var mælt jafnóðum heldur sett merki



*Synt í köldu vatni á Hvanneyri.*

í völlinn. Þórarinn var ekki viss um að merki Tómasar væri fremst og spurði hvort hann gæti kastað aftur. Þá beit Tómas á jaxlinn þrátt fyrir sársaukann og spjótíð flaug yfir 50 metra sem var sigurkast. Þannig lögðu menn sig alla fram fyrir liðsheildina.

Inn á milli greinanna var skotið dagskráratriðum. Fyrst sýndu fimleika á íþróttavellinum átta stúlkur frá ungmennafélögum Eyrarbakka og Stokkseyrar undir stjórn Sigríðar Guðjónsdóttur íþróttakennara. Þá sýndi flokkur fimleikakvenna frá Ungmennafélaginu Skallagrími í Borgarnesi undir stjórn Helga Júlíussonar íþróttakennara frá Leirá. Báðir þessir flokkar sýndu fallegar æfingar og stúlkurnar dónsuðu um völlinn tindilfættar sem álfameyjar. Þær vöktu hlýjar kenndir piltanna, hvítklæddar í pílsum og blússum. Ekki þarf að taka fram að hér voru engir kollhnísar sýndir, slíkt hefði þótt hálfgerður dónaskapur.

Inn á milli fimleikasýninganna voru úrslit í 200 metra hlaupi þar sem Guttormur Þormar sigraði. Mótvindur var í hlaupinu en Guttormur var sekúndu fljótari en næsti maður, sem voru fáheyrðir yfirburðir. Hann var einnig yfirburðamaður í 400 metra hlaupinu. Keppnin stóð aðeins um annað sætið og því náði Þórður Þorgeirsson með góðum endaspretti.

Hástökkið vann Kristleifur Jóhannesson úr Borgarfirði með 1,65 m sem var góður árangur miðað við aðstæður. Næstur var félagi hans, Jón Þórisson í Reykholti, með 1,60, jafnhátt og næstu menn en sigraði á tilraunum. Hver notaði sína stökkaðferð í hástökkinu. Velta, grúfa, sniðstökk og sax voru notuð jöfnum höndum en allir urðu að koma standandi niður því hvorki lentu menn á dýnu eða sandi heldur á grasi vöxnum vellinum.

Þá var komið að sundinu. Fjórar greinar fóru fram á sunnudeginum en eins og áður sagði var sundkeppnin ekkert tilhlökkunarefni fyrir keppendur, enda voru þeir fljótir að drífa sig upp úr eftir hvert sund. Birgir Þorgilsson sigraði í 50 metra skriðsundi drengja með feikilegum yfirburðum. Hann þurfti svo að bíða inni í hálfköldu húsi góða stund eftir næstu keppni sem var 100 metra skriðsund karla. Þar varð hann annar á eftir miklum sundkappa og félagsmálamanni úr Skagafirði, Guðjóni Ingimundarsyni sem lengi var stjórnarmaður UMFÍ.

Birgir fór ekki vel út úr sundkeppninni því hann ofkældist og lá í þrjár vikur með lungna-

bólgu og fleiri pestir. Þá sló honum niður aftur og það sem eftir lifði sumars mátti hann dúsa uppi í rúmi og jafna sig eftir kuldasundið á landsmótinu. Jón á Reykjum var meðal keppenda og steypiti sér fokreiður í laugina þegar lagt var í 100 metra skriðsundið. Það dugði skammt því Jón fékk krampa í handlegginn og varð að hætta. Það var því engin hollusta í því fólgin að synda í þessum ískalda drullupolli á Hvanneyri og menn voru nánast heppnir að lifa það af. Eins og fyrr voru það Borgfirðingar sem fengu flest stig úr sundinu enda var þar hver maður syndur sem selur. Þar er líka jarðhiti undir annarri hverri þúfu og sundlaugar í hverri sveit.

## Óvænt fall glímukónsins

Næst var gengið til glímunnar. Átta keppendur voru skráðir en aðeins fimm mættu til leiks. Það voru bræðurnir frá Miðdal í Kjós, Njáll og Davíð Guðmundssynir, sem báðir glímdu í Haukadal, Snæfellingurinn Stefán Ásgrímsson frá Borg og Loftur Kristjánsson frá Felli í Biskupstungum. Síðast en ekki síst var mætt til leiks glæsi-



*Guðmundur Ágústsson glímukóngur hlaut óvænta byltu á Hvanneyri.*



*Davíð Guðmundsson sigraði í glímunni.*

mjöldm með vinstra fæti sem var óverjandi bragð. Glímt var á grasi sem var blautt í rót en sólskin var þegar keppnin fór fram.<sup>98</sup>

Sá sem helst var talinn geta veitt Guðmundi keppni var Davíð Guðmundsson. Hann meðal- maður á hæð en drjúgsterkur, mjúkur í hreyfing- um og snjall glímumaður. Viðeign þeirra varð löng og fjörug. Báðir voru nýkomnir úr mikilli glímusýningarferð Ármanns um Norðurland og voru orðnir þaulvanir að glíma saman. Sýning- armenn komu beint á mótið norðan úr landi og Davíð bar sig upp við Grím Norðdahl sem enn var liðsstjóri Kjalnesinga og sagðist vera hálfstírdur og lerkadur eftir bílferðina. Grímur dreif hann inn í her- bergi sem hann hafði og nuddaði hann þar hæls og hnakka á milli og mýkti hann upp. Sagði svo við hann: „Farðu nú og leggðu Golíat.“ Þegar þeir höfðu glímt um stund tókst Davíð óvænt að leggja Guðmund á hælkrók hægri á vinstri og sigraði í glímunni.<sup>99</sup> Sigur hans var óvæntustu úrslit mótsins og þótti tíðindum sæta.

Þegar menn höfðu jafnað sig eftir sviptingar glímu- keppninnar kom fimleika- flokkur Skeiðamanna, sá hinn sami og sýndi á Hauka- dalsmótinu, og sýndi getu sína. Hafði þeim enn farið

fram frá því fyrir þremur árum og var fögnuður áhorfenda mikill þegar þeir sýndu staðæfingar sínar og þá ekki síður æfingar á dýnu og kistu. Glæsilegast þótti þegar þeir stukku tveir og tveir samtímis yfir kistuna sem einn maður væri. Ætl- aði lófatakinu aldrei að linna þegar flokkurinn gekk út af vellinum. Meðan flokkurinn sýndi var besta veðrið á mótinu, sólskin og logn.

Síðasta grein mótsins var 3000 metra hlaup. Þar sigraði Þingeyingurinn Rafn Eiríksson nokkuð örugglega en félagi hans Reynir Kjartansson var litlu aftar. Þriðji Þingeyingurinn var í fjórða sæti. Þessi úrslit ásamt niðurstöðunni í 800 metra hlaupinu virtust styðja þá tilgátu að Þingeyingar hefðu mikið loft í lungum og kynnu að nota það. Íþróttakeppnin hafði gengið liðlega fyrir sig allan daginn. Hvert atriðið tók við af öðru en aldrei varð minnsta bið. Mennt voru farnir að þjálfast í mótahaldi.

Síðasta grein mótsins var 3000 metra hlaup. Þar sigraði Þingeyingurinn Rafn Eiríksson nokkuð örugglega en félagi hans Reynir Kjartansson var litlu aftar. Þriðji Þingeyingurinn var í fjórða sæti. Þessi úrslit ásamt niðurstöðunni í 800 metra hlaupinu virtust styðja þá tilgátu að Þingeyingar hefðu mikið loft í lungum og kynnu að nota það. Íþróttakeppnin hafði gengið liðlega fyrir sig allan daginn. Hvert atriðið tók við af öðru en aldrei varð minnsta bið. Mennt voru farnir að þjálfast í mótahaldi.

## Mótinu slitið

Um kvöldið söfnuðust íþróttamenn og mótsgestir saman framan við skólustjóraíbúðina á Hvanneyri en þar skyldi úthluta verðlaunum og slíta mótinu. Fjórir fyrstu menn í hverri grein voru kallaðir upp á tröppurnar og þeim afhentir verð- launapeningar. Þá voru afhent ýmis sérverðlaun.



*Sigurlið Austfirðinga ásamt skólustjóranum á Hvanneyri Runólfi Sveinssyni. Frá vinstri: Tómas Árnason, Björn Jónsson, Borgþór Þórhallsson, Guttormur Sigurbjörnsson, Runólfur Sveinsson, Jón Ólafsson, Björn Magnússon, Guttormur Þormar, Sigurður Björnsson.*





Verðlaunaskjöldur Guttorms Þormar sem Ríkarður Jónsson skar út.

Austfirðingar fengu farandskjöldinn afhentan, Guttormur Þormar fékk sérstök verðlaun fyrir flest stig á mótinu og einnig fyrir flest stig í frjáls-íþróttum. Þau voru útskorinn skjöldur eftir Ríkarð Jónsson sem dagblaðið *Tíminn* gaf. Sigurður Þingeyingur hlaut bikar fyrir besta sundafrekið og Davíð Guðmundsson bikar fyrir sigurinn í glímunni. Þegar þessu var lokið ávarpaði íþróttfulltrúinn, Þorsteinn Einarsson, íþróttamennina og þakkaði þeim fyrir sín afrek og hvatti til dáða. Þá tók Eiríkur formaður til máls og sleit mótinu.

Hann bað mannfjöldann að hylla íþróttamennina og þeir gerðu það svikalaust. Talið var að mótsgestir hefðu verið á fjórða þúsund.

Þó var ennþá dálítill eftirleikur. Þeir sem ekki voru farnir af staðnum og ætluðu ekki heimleiðis fyrr en daginn eftir dönsuðu við undirleik hljómsveitar niðri á íþróttavelli fram að miðnætti en eftir það í fimleikahúsinu fram til klukkan tvö um nóttina. Íþróttamenn og aðrir héldu heim glaðir og reifir og voru þegar farnir að hugsa um næsta mót.

#### Heildarstig sambanda og félaga

	stig
1. UÍA	45
2. HSP	43
3. UMSB	42
4. UMSK	23
5. HSK	16
6. UMSE	10
7. UMSS	7
8. USD	2
9. HSH	1
UNB	0
USVH	0

#### Stigahæstu keppendur

		stig
Guttormur Þormar, frjáls.	UÍA	14
Birgir Þorgilsson, sund	UMSB	11
Tómas Árnason, frjáls.	UÍA	10
Þorvarður Árnason, frjáls.	UÍA	9
Halldór Lárusson, sund	UMSK	8
Sigurður Jónsson, sund	HSP	8
Jón Þórisson, frjáls., sund	UMSB	7
Adam Jakobsson, frjáls.	HSP	6
Ari Kristinsson, frjáls.	HSP	5
Björn Magnússon, frjáls.	UÍA	5
Þórður Þorgeirsson, frjáls.	HSK	5





*Skrúðganga mótsgesta gengur frá Laugaskóla til íþróttavallarins.*

## 6. landsmót UMFÍ á Laugum 6.-7. júlí 1946

### Stefnan mótuð

Það er enginn vafi á því að landsmótin tvö sem haldin voru á stríðsárunum vöktu mikla og jákvæða athygli á ungmennafélögunum og starfsemi þeirra. Þetta gerðu forystumennirnir sér ljóst og vildu vanda vel til næsta landsmóts. Á þingi UMFÍ á Hvanneyri sem haldið var í aðdraganda landsmótsins samþykktu menn eftirfarandi tvær tillögur um landsmótin:

14. þing UMFÍ ... leggur til að næsta landsmót UMFÍ verði haldið í Norðurlandi árið 1946. Þingið samþykkir að fela stjórn UMFÍ og íþróttafulltrúa að ákveða í hverjum íþróttum verði keppt á næsta landsmóti og auglýsa það fyrir árslok 1944.<sup>100</sup>

Eftir þessu áttu landsmótin að ganga réttisælis kringum landið og nú var komin röðin að Norðurlandi. Á fyrsta sambandsráðsfundi UMFÍ sumarið 1944 kom staðarvalið til umræðu. Valið stóð á milli Akureyrar og Lauga í Reykjadal og voru menn hlynntari því að halda mótið í sveit auk þess sem ekkert ungmennafélag var á Akureyri. Þá voru menn brýndir á því að landsmótin þyrftu að standa framar íþróttamótum ÍSÍ til að sýna sérstöðu ungmennafélaganna. Niðurstaðan varð sú að halda mótið á Laugum.<sup>101</sup>

Á sambandsráðsfundinum árið eftir var endanlega gengið frá fyrirkomulagi mótsins og fjölda keppnisgreina. Þá var forráðamönnum HSP formlega falið að taka að sér mótshaldið. Nú var í fyrsta sinn haldið landsmót í talsverðri fjarlægð

frá höfuðstaðnum. Laugar í Reykjadal voru skóla-  
setur í sveit og staðurinn hafði upp á margt að  
bjóða en ýmislegt var þó ógert áður en lands-  
mótið yrði haldið.

## Laugar í Reykjadal

Héraðsskólinn á Laugum í Reykjadal var þing-  
eyskum ungmennafélögum hjartfólginn enda var  
hann óskabarn þeirra frá upphafi. Hugmyndin að  
stofnun skólans kom fram á fundi ungmenna-  
félagsins Eflingar í Reykjadal árið 1911 og strax  
eftir stofnun HSP 1914 varð skólinn helsta  
baráttumál sambandsins. Málið vakti brennandi  
áhuga meðal þingeyskra ungmennafélaga sem  
höfu almenna fjársöfnun til skólans. Þar lögðu  
margir fram af litlum eignum en góðum hug. Um  
1920 höfðu safnast 20 þúsund krónur en sú upp-  
hæð jafngildir meira en sjöföldum árslaunum  
verkamanns í dag. Þar fyrir utan lagði HSP fram  
úr eigin sjóðum allt sem það gat við sig losað og  
þegar bygging skólans hófst lögðu ungmenna-  
félagar fram mikla sjálfboðavinnu. Margir heima-  
manna gáfu stórfé til skólans og þegar svona  
langt var komið tóku yfirvöld við sér og skólinn  
var byggður árin 1924-25 og hóf starfsemi þá um  
haustið. Hann var fyrsti skólinn sem byggður var  
á heitum stað og varð fyrirmynd annarra héraðs-  
skóla. Bjartsýni, dugnaður og metnaður þing-  
eyskra ungmennafélaga lyfti grettistaki við  
byggingu skólans sem enn í dag starfar af mikilli  
reisu.<sup>102</sup>

Á Laugum var einnig húsmæðraskóli og hús-  
næði skólanna kom sér vel við mótshaldið og  
þinghaldið á undan. Staðurinn er fagur og reisu-  
leg skólahúsin nutu sín vel í útjaðri landsmóts-  
svæðisins sem er umgirt ávöllum hæðum. Reykja-  
dalsá rennur þvert gegnum svæðið en á skjólsælli



*Leikskrá landsmótsins.*

flöt vestan árinna var útbúinn íþróttavöllur með  
góðri áhorfendabrekku frá náttúrunnar hendi.  
Þar voru hlaðnir upp setbækkir úr snyddu fyrir  
áhorfendur. Norðan vallarins var byggður pallur  
fyrir sýningar og glímukeppni. Tjaldstæði voru á  
heimatúninu, skammt frá skólahúsunum. Sund-  
keppnin var haldin í allstórrí tjörn framan við skóla-  
húsin. Þetta gramdist mörgum keppendum því  
heit innisundlaug var á staðnum. Borgfirðingar  
deildu hart við Þorstein Einarsson mótsstjóra en



*Jón Sigurðsson formaður  
HSP.*



*Eysteinn Sigurjónsson.*



*Hlödver Hlödversson.*



*Sigfús Jónsson.*



Haraldur Jónsson.

hann tók ekki í mál að nota innilaugina og réð þar mestu að þar var ekki gert ráð fyrir áhorfendum. Til að koma til móts við sundfólkið var heita vatninu úr innilauginni veitt í tjörnina og hitnaði hún eitthvað við það.

Landsmótsnefndin var skipuð stjórnarmönnum HSP. Formaður var Jón Sigurðsson frá Arnarvatni en aðrir stjórnarmenn voru Hlöðver Hlöðversson á Björgum í Köldukinn, Eysteinn Sigurjónsson á Húsavík og bræðurnir Sigfús og Haraldur Jónsynir frá Einarstöðum í Reykjadal. Flestir voru þeir ungir að árum og Jón og Hlöðver aðeins rúmlega tvítugir. Undirbúningur mótsins var þeim eldskírn og þeir lögðu nótt við dag, einkum við íþróttavöllinn, svo allt væri nú tilbúið á mótssdegi. Daniel Ágústínusson var haukur í horni og sá um það sem að UMFÍ sneri. Þorsteinn Einarsson var sjálfsagður sem mótsstjóri og stjórnaði skruðgöngunni eins og herforingi. Þegar fengnir höfðu verið tveir lögregluþjónar frá Reykjavík til að halda uppi lögum og reglu var allt til reiðu. Þeir höfðu reyndar lítið að gera allan tímann.<sup>103</sup>

## Mótið fer af stað

Ekki væsti um mótsgesti því blíðuveður var um helgina þótt örlítið hvessti á sunnudaginn. Eiríkur J. Eiríksson setti mótið með skörulegri ræðu á flötinni sunnan við skólann og síðan gengu allir í skruðfylkingu út á nýja íþróttavöllinn. Fánaberi var Guttormur Þormar, kappinn frá Hvanneyrarmótinu. Vallarhliðið var skreytt viðarteinungum en á skilti yfir því miðju stóð stórum stöfum: Vormenn velkomnir! Vaki menning! Heill hreysti og dug! Sitt til hvorrar handar þessum orðum voru nöfn UMFÍ og HSP. Þá hófst undankeppni í íþróttum. Sveitamenn voru fastheldnir á matartíma sinn og tóku hádegishlé í einn og hálfan tíma en svo var haldið áfram og keppt til klukkan fimm. Áhorfendur flyktust að og voru rúmlega þrjú þúsund þegar mest var á sunnudaginn. Til að glöggva sig á keppninni gátu þeir blaðað í 28 blaðsíðna leikskrá. Kvikmyndatökumaðurinn



Þuríður Ingólfsdóttir sigurvegari í 80 metra hlaupi.

Sören Sörenson mundaði tól sín og tók upp um það bil hálf tíma mynd.

Nú hafði keppendum fjölgað og voru 162 talsins. Greinar mótsins voru 18 eða einni færri en á Hvanneyri en sjö þeirra voru aðrar en þá. Sundgreinum kvenna hafði fjölgað um tvær og nú var konum í fyrsta sinn hleypt inn á íþróttavöllinn. Þær fengu 80 metra hlaup og handknattleik sem sýningargrein í sinn hlut meðan karlarnir kepptu í tíu frjálsíþróttagreinum og fjórum öðrum greinum. Engum þótti neitt athugavert við þetta, síst konunum sjálfum, enda var þátttaka þeirra í íþróttum á byrjunarstigi.<sup>104</sup>

Keppni kvenna í frjálsíþróttum á landsmótum





*Sigurður Jónsson Þingeyingur.*

hófst með glæsibrag því 13 ára telpa, Þuríður Ingólfsdóttir frá Húsabakka í Aðaldal, gerði sér lítið fyrir og setti Íslandsmet á fyrsta sprettinum í 80 metra hlaupinu, 11,0 sekúndum. Hún var óvön keppni og hljóp berfætt en hafði mikla yfirburði og sigraði auðveldlega í úrslitum daginn eftir.

Snemma laugardagsins hófst keppni í handknattleik og þá tóku þingeyskar stúlkur á móti Kjalnesingum og léku þær grátt. Tólf sinnum máttu sunnanstúlkur hirða boltann úr markinu án þess að þeim tækist að svara fyrir sig. Ekki gekk betur hjá þeim síðar um daginn gegn Austfirð-

ingum. Lokatölur urðu 17-1 Austfirðingum í hag. Síðasti leikurinn fór fram á sunnudaginn og var náttúrlega hreinn úrslitaleikur. Þar höfðu heima-stúlkur yfirburði og sigruðu með sex mörkum gegn tveimur. Glæsileg byrjun Þingeyinga í þessari íþrótt sem lengi var séreign kvenna á landsmótum.<sup>105</sup>

Þegar íþróttum á vellinum var lokið var haldið heim að tjörninni og þar hófst sundkeppnin. Þar vakti Áslaug Stefánsdóttir frá Laugarvatni mikla athygli og sigraði í öllum þremur sundgreinum kvenna. Íslandsmet setti hún í 500 metra sundinu enda var það fyrsta keppnin í þeirri vegalengd. Lakar aðstæður gerðu helsta keppinauti hennar, Steinþóru Þórisdóttur frá Reykholti, skráveifu en talið var að keppnin stæði á milli þeirra í 50 metra sundinu. Trépallur sem keppendur stungu sér af var launháll og Steinþóra datt í pollinn þegar kom að viðbragðinu. Hún kom fjórða að marki þremur sekúndum á eftir Áslaugu og ekkert varð úr þeirri spennandi keppni sem áhorfendur höfðu beðið eftir.<sup>106</sup>

Sigurður Þingeyingur var nú á hátindi ferils síns í sundinu og hafði feiknarlega yfirburði. Hann sigraði í öllum sundgreinum karla enda trónaði hann efstur á öllum afrekaskrárum bringusundmanna þessi árin. Keppni í 1000 metra sundinu var frestað til klukkan hálf-níu á sunnudagskvöldið en þá hafði goluna lægt og var veður hið fegursta. Frést hafði að Sigurður Þingeyingur ætlaði að synda bringusund alla leiðina og freista þess að setja Íslandsmet. Þegar hann hafði lokið sundinu var tilkynnt að hann hefði synt á 17,25 mínútum og bætt Íslandsmetið um hvorki meira né minna en eina og hálfu mínútu. Áhorfendur fögnuðu afreki Sigurðar og þá ekki síst heimamenn sem voru glaðir og stoltir af sínum manni.<sup>107</sup>

Síðla á laugardagskvöldið var haldinn almennur ungmennafélagsfundur við tjörnina og skiptust á almennur söngur og stuttar ræður. Lúðrasveit Akureyrar lék af miklu fjöri en þjóðkórinn tók undir. Þá var slitið þingi UMFÍ sem fór fram dagana tvo fyrir mótið. Við þetta tækifæri var Björn Jakobsson, skólastjóri íþróttakennarskólans og formaður tveggja landsmótsnefnda, gerður að heiðursfélaga UMFÍ. Nemendur Björns sem útskrifuðust um vorið sýndu fimleika á mótinu og segja má að Björn hafi verið heiðursgestur mótsins, sá fyrsti, en sú hefð átti eftir að mótast betur síðar.





*Sundmenn í kuldasundi á Laugum.*

## Hlaupið yfir hæðir og hávaxinn Austfirðingur

Sunnudagurinn hófst með fánahyllingu og söng klukkan níu heim við skólann. Keppendur höfðu farið snemma í háttinn og mótið var með öllu laust við þá óværu sem fylgir ölvuðum mönnum. Sá eini sem tekinn var úr umferð var hundur úr nágrenninu sem taldi sig eiga erindi á mótið en var fljótlega komið í skilning um annað og tjóðraður með snærisspotta.

Þá þyrptust menn á íþróttavöllinn og á dagskrá var handknattleikur kvenna með þáttöku þriggja héraðssambanda, HSP, UMSK og UÍA. Þingeysku stúlkurnar sigruðu en ekki var hirt um að segja frá úrslitum í fjölmiðlum enda gilti keppnin ekki til stiga. Þá fóru fram úrslit í öllum frjálsíþróttagreinum sem keppni var ólokið í.

Frjálsíþróttirnar vöktu að vanda mestan áhuga enda hafa þær verið hryggjarstykki mótanna frá upphafi. Þarna voru margir kappar kallaðir og sumir útvaldir. Sérstaka athygli vakti keppni í 2000 metra víðavangshlaupi sem fór fram á hæðarbrúnum umhverfis völlinn svo hlauparana bar við himin. Þar kom, sá og sigraði Þorgeir Þórarinsson í Grásíðu í Kelduhverfi, þritugur bóndi sem aldrei hafði keppt fyrr utan heima-héraðs frekar en margir aðrir þátttakendur. Þorgeir hafði vanmetið getu sína í 1500 metra hlaupinu og aðeins náð öðru sæti. Nú ætlaði hann að gera betur og kom líka fyrstur í mark, fisléttur

og fjaðurmagnaður. Strax eftir hlaupið komu reykviskir íþróttافرömuðir til hans og vildu fá hann til keppni í höfuðstaðnum. En Þorgeir bóndi þurfti að sinna heyskapnum og lét ekki til leiðast. Hann var einn af þeim ótal-mörgu hæfileikamönnum úr sveit sem aldrei æfði íþróttir að gagni og enginn veit hversu langt hefði náð með skipulegum æfingum.<sup>108</sup>

Guttormur Þormar bóndi í Geitagerði, hinn sprettharði Austfirðingur, var með í 100 metra

hlaupinu en varð nú að játa sig sigraðan, beið lægri hlut fyrir ungum Mosfellingi, Halldóri Lárussyni. Halldór var fjölhæfur íþróttamaður, hann varð annar bæði í langstökki og 100 metra bringusundi og kom næstur að stigum á eftir hinum þreföldu sigurvegurum, Jóni Ólafssyni og sundköppunum tveimur, Sigurði og Áslaugu. Guttormur var á verðlaunapalli í langstökki og þristökki og árangur hans í lang-



*Halldór Lárusson lét að sér kveða í sundi og frjálsíþróttum.*



*Jón Ólafsson var stigahæstur í frjálsíþróttum á mótinu.*

stökkinu hefði dugað til sigurs á Hvanneyri þremur árum fyrr. Íþróttakennsla ungmennafélaganna var að skila sér og árangur í flestum greinum var miklu betri en áður hafði sést á landsmótum.

Þarna lét hávaxinn Austfirðingur mikið að sér kveða. Jón Ólafsson frá Hamri í Hamarsfirði sigraði með yfirburðum í hástökki, kúluvarpi og kringlukasti. Í kringlukastinu hjó hann nærri Íslandsmetinu, kastaði 43,31 m og vantaði aðeins 15 sentimetra á met Gunnars Husebys sem var þá farinn að kollvarpa íslenskum kastmetum. Jón varð einna fyrstur til að stökkva hástökk með grúfustílnum þó enn væri gerð sú krafa að hástökkvarar lentu standandi. Mörgum þótti Jón standa öðrum betur að vígi, hann var rúmir tveir metrar á hæð, en hann var bæði stæltur og snarpur og vel að sínum sigrum kominn.<sup>109</sup>

Nítján árum síðar rifjaði Jón upp stemminguna á mótinu í *Skinfaxa* og þá kom honum fyrst í hug íþróttandinn og samhugurinn sem ríkti meðal keppenda og mótsgesta. Jón bætti við:

Að sjálfsgöðu vantaði hvergi sigurviljann né þann ásetning að gera sitt besta og láta hvergi sinn hlut fyrir neinum að óreyndu, en þrátt fyrir harða keppni duldist ekki að þátttakendur og enda margir áhorfendur áttu íþróttina að sameign. ... Spenna er í loftinu. Halda gömlu kempurnar frá fyrri landsmótum sætum sínum eða koma ný

nöfn, eins og vera ber, á spjöldin, en þá hver? Kynni takast, oft býsna góð, þótt samdvalartími sé stuttur, því menn hafa vitað mikið hver um annan áður, lítið vantað nema útlitsmyndina.<sup>110</sup>

Nýir afreksmenn komu fram í öllum greinum nema spjótkastinu. Þar tókst Tómasi Árnasyni að sigra í síðasta kasti með 53,02 m og bætti reyndar árangur sinn frá því á Hvanneyri. Keppt var í stangarstökki en það var ekki reiknað til stiga sökum þess að stökkstengur voru næstum ófáanlegar víða á landinu og talið var ósanngjarnt að hygla þeim fáu sem áttu stengur með því að hafa það í stigakeppninni. Það voru fyrst og fremst Skarphéðingsmenn sem áttu stengur og sigraði Guðni Halldórsson með 3,15 m en jafnt honum stökk félagi hans frá Selfossi, Kolbeinn Kristinsson, sem nokkrum áður síðar var orðinn landsliðsmaður í stangarstökki.

## **Guðsorð, glíma og glæsilegir fimleikar**

Eftir hádegið varð ekki lengur vikist undan því að lyfta mótinu á enn hærra plan með guðsþjónustu sem formaðurinn, Eiríkur J., sá um. Hann lagði út af sögunni um miskunnsama



*Séra Eiríkur J. Eiríksson messar á Laugum.*



Karla Jónsdóttir stendur á höndum á öxlum Gísla Kristjánssonar.

Samverjann í kjarnyrtri ræðu og þurfti enga há-talara enda raddsterkur mjög. Því næst héldu ræður Júlíus Hafstein sýslumaður á Húsavík og Jón Sigurðsson bóndi á Ystafelli. Ræddi annar um íþróttir en hinn ungmennafélög og mátti kalla það vel til fundið á þessum stað og stundu. Lúðrasveitin lék ættjarðarlög á milli og mannfjöldinn söng með. Þessi athöfn fór fram við tjörnina góðu að lokinni sundkeppni dagsins.

Þegar tekið var að líða á dag settust áhorfendur niður við sýningarvallinn góða en þar var gott skjól fyrir sunnangolunni. Þar sýndu nemendur



Sigurjón Guðmundsson sigraði í glímuni.

Björns Jakobssonar fimleika en Björn lék sjálfur undir á fiðlu. Áhorfendur stóðu á öndinni yfir fimleikakústum piltanna og hreint og beint blöskraði atgervi þeirra. Stúlkurnar svifu um pallinn við fiðluleik Björns sem vílaði ekki fyrir sér að leika þjóðsönginn yfir stúlkunum og þær dönsuðu með.

Þá kom dansflokkur frá íþróttafélaginu Þór á Akureyri og sýndi vikivaka á pallinum undir stjórn Jónasar Jónssonar frá Brekknakoti. Dansarnir voru léttir og fjörugir „og það eru undarleg dauðyfli sem ekki hrífast með af þeim,“ fullyrti *Skinfaxi*.<sup>111</sup> Búningar hópsins minntu meira á klæðnað sveitafólks í Týról en íslenska þjóðbúninga og vöktu því enn meiri athygli. Síðast en ekki síst stjórnaði Gísli Kristjánsson íþróttakennari frá Bolungarvík fimleikaflokki 15 eyfirskra stúlkna sem þóttu frábærlega vel þjálfaðar og flinkar. Einkum vakti athygli flugstökkið og handstaða á öxlum Gísla sem fimustu stúlkurnar sýndu.

Næst var glíman á dagskrá. Henni var að vanda ætlaður góður sess á mótinu og nú voru sjö knáir kappar mættir til leiks frá þremur samböndum, HSB, HSK og UMSE. Nú var kominn til sögunnar annar Sigurjón sterki og hann var Guðmundsson frá Kolsholtshelli í Flóa. Sigurjón háði harða keppni við heimamanninn Friðrik Jónasson á Helgastöðum í Reykjadal og hafði betur. Næstir Friðriki komu Þingeyingarnir Haukur Aðalgeirsson og Egill Jónasson. Menn glímdu af kappi miklu en mörgum þótti fegurðin fyrir borð borin og hastarlega fylgt eftir. Sigurjón var náfrændi Steindórs glímukappa á Haugi en þeir voru systkinasynir. Margir úr þeim frændgarði í Flóa áttu eftir að taka glímutökum á landsmótunum síðar.

Þegar dagskrá mótsins var lokið kom hljóm-sveit Bjarna Bö sér fyrir á danspallinum og svo var dansað allt hvað af tók fram yfir miðnætti. Þetta var vinsælasta danshljóm-sveit landsins og nú var heldur betur gaman að lifa. Það var minna

um vellystingar hjá stjórnendum sem sátu sveittir við að reikna út stig og verðlaun fram eftir kvöldi. Loks klukkan 23 fyrir miðnætti var því lokið og þá hófst verðlaunaafhendingin. Nú var komin föst regla á verðlaunaveitingar og þrír fyrstu menn fengu verðlaunapeninga. Öll aukaverðlaun voru pöntuð frá Svíþjóð en voru ekki komin á staðinn svo menn fengu afhentar skuldaviðurkenningar fyrir þeim og þau voru innheimt síðar. Að lokum sleit séra Eiríkur mótinu með þökkum til allra fyrir að gera það jafn glæsilegt og raun bar vitni. Síðan sungu allir viðstaddir „Vormenn Íslands“ af mikilli innlifun.

## Úrslit mótsins

Árangur mótsins var ágætur og miklar framfarir sýnilegar frá Hvanneyrarmótinu. Nú tóku níu héraðssambönd þátt í stigakeppninni og 49 keppendur keppendur hlutu stig. Heimamenn í Héraðssambandi Suður-Þingeyinga voru kampakátir því þeir sigruðu nokkuð örugglega í heildarstigakeppninni en fjórir efstu menn fengu stig eins og síðast. Austfirðingar komu næstir og Skarphéðismenn voru í þriðja sæti. Neðst að stígatölu var Ungmennafélag Reykjavíkur – nýtt félag sem bar sama nafn og hið fornfræga félag sem var lagt niður árið 1926. Nokkur halli varð af mótshaldinu og lenti megnið af honum hjá UMFÍ sem var að greiða reikninga mótsins næstu tvö árin.<sup>112</sup> En gleðina yfir velheppnuðu móti bar

þó hæst og dæmigerð eru ummæli tveggja mótsgesta við Daniel Ágústínusson sem skrifaði góða frásögn af mótinu í *Skinfaxa*. „Annar sagði: Þetta er fegursta og glæsilegasta mót sem ég hef verið á. Hinn sagði: Þetta var regluleg hátíð.“<sup>113</sup>

Heildarstig sambanda og félaga		stig
1.	HSP	47
2.	UÍA	35
3.	HSK	29
4.	UMSB	22
5.	UMSK	16
6.	UMSE	11
7.-8.	UMSS	8
7.-8.	UNÞ	8
9.	Umf. Reykjavíkur	4

Stigahæstu keppendur		stig
Áslaug Stefánsdóttir, sund	HSK	12
Jón Ólafsson, frjáls.	UÍA	12
Sigurður Jónsson, sund	HSP	12
Halldór Lárusson, frjáls., sund	UMSK	10
Guttormur Þormar, frjáls.	UÍA	7
Sigrún Þorgilsdóttir, sund	UMSB	7
Stefán Halldórsson, frjáls.	UÍA	7
Stefán Sörensson, frjáls.	HSP	7
Þorgeir Þórarinsson, frjáls.	UNÞ	7
Guðrún Tómasdóttir, sund	UMSK	5
Haraldur M. Sigurðsson, frjáls.	UMSE	5
Sigfús Sigurðsson, frjáls.	HSK	5





*Séð yfir mótssvæðið og austur eftir Ölfusi.*


## 7. landsmót UMFÍ í Hveragerði 2.-3. júlí 1949

### Frá Eiðum til Hveragerðis

Nú var búið að halda landsmót á Suður-, Vestur- og Norðurlandi eftir að þau voru endurvakin. Þá var bara eftir að loka hringnum og á þinginu sem haldið var á Laugum 1946 var samþykkt að halda næsta landsmót á Austurlandi vorið 1949.<sup>114</sup> Ungmenna- og Íþróttasamband Austurlands var stofnað árið 1941 og gekk í raðir UMFÍ árið eftir. Þriðja árið á ævi sinni skipaði það sér í raðir sterkustu héraðssambanda landsins með sigri á landsmótinu á Hvanneyri. Hér voru því engir aukvisar á ferð enda var UÍA fjölmennast allra héraðssambanda UMFÍ árið 1946 með tæpa 1800 félagsmenn.<sup>115</sup>

Á sambandsráðsfundi UMFÍ haustið 1947 var ákveðið að mótið skyldi haldið að skólasetrinu á Eiðum og keppnisgreinar ákveðnar. Handknattleikur kvenna var gerður að keppnisgrein en löngu sundin voru styttr verulega því eins og fyrri daginn var kalda vatnið það eina sem sundmönnum bauðst. Hafa eflaust margir látið sitt-hvað óþvegið fjúka við þær fréttir. Þá voru nú í fyrsta sinn settar hömlur á þátttöku þannig að mest máttu fjórir frá sama sambandi keppa í sömu grein. Sömuleiðis mátti hver keppandi aðeins keppa í þremur frjálsíþróttagreinum og fjórum greinum alls.

Þá var menningarþátturinn í hávegum hafður því landsmótin hafa aldrei verið hreinræktuð



*Leikskrá landsmótsins.*

Íþróttamót heldur einnig menningarsamkomur. Samþykkt var að hafa hópsýningar fimleikamanna, þjóðdansa og helst leiksýningar á mótinu og einnig var ákveðið að birta 10 íslensk sönglög í *Skinfaxa* svo ungmennafélagar gætu æft sig og tekið þátt í almennum söng á mótinu. Í leikskránni voru síðar birtir sálmar og þjóðsöngvar allra Norðurlanda að ógleymdum fögrum ættjarðar-söngvum handa mönnum að æfa sig á.<sup>116</sup>

Stjórnir UMFÍ og UÍA skiptu með sér verkum við undirbúning mótsins og framkvæmd þess. Gerður var ýtarlegur samningur og var megininntak hans að UMFÍ sá um auglýsingar, hópsýningar, starfsmenn mótsins, kvikmyndasýningar og kvikmyndatöku en heimamenn um undirbúning staðarins, veitingar og gistingu. Þá var ákveðið að hugsanlegur tekjuhalli yrði að mestu leyti greiddur úr sjóðum UMFÍ en gróðinn ef einhver yrði rynni óskiptur til UÍA. Eitt af nýmælunum var að mótshaldarar skyldu hafa keppendur í fríu fæði.<sup>117</sup> Þetta átti að tryggja að þeir færu ekki að svelta sig vegna fátæktar og verða svo orkuvana þegar síst skyldi. Það voru

nefnilega ekki allir orðnir ríkir eftir stríðið þótt mörgum hefði vegnað vel.

Austfirðingar réðu sér framkvæmdastjóra við landsmótið það var Bóas Emilsson frá Stuðlum á Reyðarfirði sem fyrstur bar þann titil. Hann stjórnaði undirbúningi og allt gekk eins og í sögu. Sundstæði var hlaðið, völlum var gerður, vegir og bílastæði voru komin á sinn stað og tjaldstæði voru tilbúin. Meira að segja var lagður þjóðvegur frá Egilsstöðum á Eiða.<sup>118</sup> Þá syrti í álinn. Á stjórnarfundum UMFÍ svo seint sem 10. júní 1949 var lagt fram neyðarkall frá UÍA. Í bréfi dagsettu 27. maí sagði Ármann Halldórsson kennari á Eiðum að útilokað væri að halda mótið á staðnum sökum einstakrar ótíðar eystra. Snjóað hafði fram í júní. Íþróttavöllurinn var gegnblautur með holklaka, vegir ófærir og allar bjargir bannaðar í einu orði sagt.

Daníel Ágústínusson ritari skýrði frá þessu og upplýsti jafnframt að hann hefði í samráði við Þorstein Einarsson íþróttafulltrúa farið þess á leit við forráðamenn Skarphéðins að mótið yrði haldið í Hveragerði.<sup>119</sup> Það var skjótlega samþykkt og ákveðið að mótið færi fram fyrstu helgina í júlí.

## Mót á mettíma

Þegar búið var að fastsetja Hveragerði sem landsmótsstað voru aðeins þrjár vikur til stefnu. Nú var ekki til setunnar boðið, verkin hlutu að tala. Þriggja manna landsmótsnefnd tók til starfa. Frá Skarphéðni kom Hjörtur Jóhannsson, íþróttakennari í Hveragerði, frá Ungmennafélagi Ölfusínga kom oddvitinn í Hveragerði, Jóhannes Þorsteinsson, og fyrir hönd UMFÍ var Daníel Ágústínusson í nefndinni. Þá var Þorsteinn Einarsson nefndarmönnum haukur í horni að vanda. Hann var orðinn nokkurskonar guðfaðir móta-haldsins í seinni tíð, sagði fyrir um gerð íþróttavalla og stjórnaði mótunum. Skarphéðinsmenn fengu Bóas Emilsson í kaupbæti því hann fór til Hveragerðis og stjórnaði undirbúningnum.

Í Hveragerði var stærsta og besta sundlaug landsins, 50 metra löng og stóð hún í svokölluðu Laugaskarði austan við þorpið, handan Varmár. Drifið var í að gera áhorfendasvæði í brekku við vesturbakka laugarinnar. Ofar í skarðinu í nokkru skjóli var byggður pallur fyrir íþróttasýningar, glímu og dans. Íþróttavöllur var enginn á staðnum en grasflöt vestan við skólahúsið var lagfærð og reynt að gera úr henni brúklegan völlum.



*Bóas Emilsson framkvæmdastjóri mótsins, Hjörtur Jóhannsson, Jóhannes Þorsteinsson og Daniel Ágústínusson.*

Þegar í harðbakkann slær leggja menn sig ennþá betur fram og þessi djarfa hugmynd, að breyta litla kaupþúninu Hveragerði í landsmótsstað á þremur vikum, tókst betur en nokkur þorði að vona. Samtakamáttur ungmennafélaganna hafði sannað sig einu sinni enn. Á morgni laugardagsins 2. júlí tók Hveragerði á móti mótsgestum í hátíðarskrúða en þetta gufumekki lagði af hverasvæðinu. Kaupþúnið fagnaði 20 ára afmæli sínu daginn áður og bauð af því tilefni öllum fulltrúum á þingi UMFÍ til samsætis. Á túninu ofan við Laugaskarð var flaggað fánum allra ríkja Norðurlanda á háum stöngum. Þeir settu hátíðlegan svip á svæðið og við sundlaugina var strengdur borði með áletruninni „7. landsmót UMFÍ.“ Sama áletrun prýddi forsiðu leikskrárinnar. Nú var nefnilega búið að breyta röð landsmótanna. Tjaldbúðir mótsgesta stóðu á túninu skammt fyrir neðan sýningarpallinn en keppendur gistu í skólanum. Allt var til reiðu.<sup>120</sup>

## Íþróttir í úrhelli

Íþróttamönnum landsmótanna fór sífellt fjölgaandi. Af úrslitaskýrslum mótsins sést að keppendur voru 190. Keppt var í tíu greinum frjálsíþróttar, sex sundgreinum, glímu og handknattleik kvenna. Keppendur í frjálsíþróttum voru 120, í sundi kepptu 31, í glímu 13 og 39 í handbolta sem nú var orðin fullgild grein. Þrettán keppendur tóku þátt í fleiri en einni mótsgrein.<sup>121</sup> Í auglýsingu mótshaldara daginn fyrir mótið var sagt að 230 íþróttamenn myndu sækja mótið og „ýmsir þeirra þjóðkunnir.“<sup>122</sup> Tólf héraðssambönd tóku þátt í mótinu og þar að auki ungmennafélög Keflavíkur og Reykjavíkur.<sup>123</sup>

Klukkan tíu á laugardagsmorguninn 3. júlí hljómaði þrumuraust Eiríks J. Eiríkssonar, for-

manns UMFÍ, frá sundlauginni þegar hann setti mótið. Klerkurinn talaði blaðalaust og án hátalara enda komst hann vel af án hvors tveggja. Að baki formanninum stóð Þorsteinn Einarsson ábúðarmikill á svip íklæddur þykkum frakka með hatt og hafði gjallarhorn undir hendi. Strax og Eiríkur lauk máli sínu hófst hann handa við að stjórna hópögngu mótsgesta niður á íþróttasvæðið. Svo hófust íþróttir.

Þennan morgun var úrkomulaust en veðurútlit ótryggt. Gekk á með skúrum fram að hádegi en þá brast á með sunnlenskri stórrigningu eins og hún getur mest orðið og stóð úrhellið linnulítið til kvölds. Völlurinn varð fljótlega rennblautur og eiginlega óhæfur til keppni. Fljótlega mynduðust pollar á brautunum og í tjaldinu sem íþróttamenn notuðu til fataskipta vatnaði yfir lágskó!<sup>124</sup> Það skemmtilega gerðist að hvorki stjórnendur né keppendur létu þetta slá sig út af laginu heldur stunduðu íþróttirnar ótrauðir allan daginn, en auðvitað kom þetta niður á árangrinum.

Í 100 metra hlaupinu var Guttormur Þormar enn í fremstu röð og sigraði örugglega. Þrjátíu og einn var skráður en 12 kepptu og líklega hafa minni spámenn látið hlaupið eiga sig vegna óveðursins. Bæði 400 metra hlaup og boðhlaup voru felld niður út af óveðrinu en ungur Eyfirðingur, Kristján Jóhannsson, sigraði í langhlaupunum. Í 1500 metrunum voru 11 keppendur og var hlaupið í tveimur riðlum. Kristján sigraði í þeim fyrri en Skarphéðinsmaðurinn Eiríkur Þorgeirsson á Túnsbergi í þeim síðari. Tímar voru látnir gilda og þar stóð Kristján betur. Eiríkur og Kristján börðust hart í víðavangshlaupinu sem fram fór síðar um daginn. Ekki mættu á rásmark nema fimm af þeim tíu sem skráðir voru. Fyrst var hlaupið upp drjúga brekku og þar hurfu keppendur sjónum í þökuna. Þeir birtust aftur þar





*Nemendur Íþróttakennaraskólans sýna dans.*

sem þeir þræddu einstigi milli húsanna í þorpinu og luku svo hlaupinu á íþróttavellinum. Þar hlupu þeir samsíða drjúga stund og mátti ekki milli sjá. Á síðustu metrunum tókst Kristjáni að merja sigurinn rétt á undan Eiríki.<sup>125</sup>

Þingeyskar stúlkur sigruðu tvöfalt í 80 metra hlaupinu á undan tveimur Skarphéðinsstúlkum. Þuríður Ingólfsdóttir, hlaupastjarnan frá Laugum, var nú meidd en náði þó öðru sæti. Björg Aradóttir sigraði. Önnur af hetjum Laugamótsins, Jón Ólafsson Austfirðingur, mætti of seint í hástökkið en fékk þó að vera með eftir úrskurð Þorsteins Einarssonar. Ekki voru allir sáttir við þessa ákvörðun mótsstjórans en orð Þorsteins voru lög og þar við sat. Keppnin var hörð en Jón sigraði að lokum með stökki upp á 1,75. Annar varð Tómas Lárusson úr Mosfellssveit sem stökk 1,70. Keppendur urðu að gera svo vel að lenda standandi því ekkert tók á móti þeim við lendingu nema grassvörðurinn. Hinn hávaxni Jón með sinn grúfustíl virtist klunnalegur í hástökkinu við hlið hins bráðfima Tómasar sem stökk á saxi. Hann stökk upp af vinstra fæti, sat yfir ránni og saxaði (klippti) í loftinu, og lenti á sama fæti. Áhorfendur virtust allir á bandi Tómasar og klöppuðu honum óspart lof í lófa.<sup>126</sup>

Í köstunum voru mikil hraustmenn saman komin. Sigfús Sigurðsson frá Hrísdal í Miklaholtshreppi sigraði í kúluvarpinu. Það kom síst á óvart enda hafði Sigfús keppt fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum árið áður og staðið sig vel. Hann var búsettur á Selfossi og keppti fyrir HSK

en sveitungi hans, Ágúst Ásgrímsson, einn hinna kunnu Borgarbræðra, varð þriðji á eftir þingeyska jötninum Hallgrími Jónssyni frá Laxamýri. Hallgrímur sigraði í kringlukasti vel á undan félaganum, Hjálmar Torfasyni frá Halldórstöðum. Hjálmar varð aftur á móti hlutskarpastur í spjótkastinu og varð þar með arftaki Tómasar Árnasonar síðar ráðherra. Þar með varð Hjálmar stígahestur frjálsíþróttamanna því hann varð þriðji í þristökkinu á eftir Birgi Þorgilssyni sundkappa úr Borg-

arfirði og Jóhannesi Guðmundssyni, síðar bónda á Arnarhóli í Flóa.


Þótt erfitt væri að keppa í köstunum var næstum verra að eiga við þristökkið. Stökksvæðið varð fljótlega eitt moldarflag og með ólíkindum að tveir efstu menn skyldu ná að stökva yfir þrettán metra. Bæði þristökkið og langstökkið fóru fram á sunnudaginn í betra veðri en það bætti lítið úr skák. Jóhannesi á Arnarhóli tókst að ná góðu stökki í fyrstu tilraun í langstökkinu og hann var sá eini sem fór yfir sex metra múrinn. Eftir fyrstu umferðina var atrennubrautin orðin eitt drullusvað og borin von að bæta sig, sagði Jóhannes síðar.<sup>127</sup> Keppendur fengu aðeins þrjár tilraunir nema þeir fjórir sem lengst stukku.

Eftir þennan rennblauta dag komu menn blóðinu á hreyfingu í dansi um kvöldið. Kvíkmyndir frá fyrri landsmótum voru sýndar og dansað á þremur stöðum til miðnættis. Einhverjir reyndu það gamla húsráð gegn hrollinum að svolgra í sig brennivín með afleiðingum sem síðar verður sagt frá. Að því frátöldu fór allt fram með sóma enda var nú rigningunni farið að slota.

## Skin eftir skúr

Á sunnudaginn gekk á með skúrum til hádegis en síðan fór að birta til. Klukkan níu voru fánar dregnir að hún og svo var haldið áfram frjálsíþróttakeppni og handknattleik kvenna. Þar kepptu fjögur lið og stúlkur HSH úr Stykkishólmi voru flinkastar í þessari íþrótt sem minnir sára-





*Björn Jónsson úr Firði gerir æfingar á tvíslá.*

lítið á handbolta nútímans. Stúlkurnar köstuðu boltanum á milli sín úti á túni af kappi miklu og áhorfendur flyktust að og skiptu nú þúsundum. Talið var að þeir hefðu verið fimm þúsund þegar flest var.

Hátíðardagskrá mótsins hófst við pallinn í Laugaskarði klukkan hálf-tvö eftir hádegi. Lúðrasveitin lék ættjarðarlög og menn tóku undir. Kynnir var Daníel Ágústínusson og þarna var Eiríkur formaður UMFÍ hempuklæddur og virðulegur í fasi. Næst var guðsþjónusta og þá messaði formaðurinn og hafði nú bæði mæki og gjallarhorn stór sér til fulltingis. Regnið streymdi úr loftinu undir ræðu klerksins en hann þrumaði gegn dembunni og hafði betur því það stytta upp að fullu. Svo voru ræður á færiband. Fyrstur talaði Eysteinn Jónsson menntamálaráðherra, þá Ásmundur Guðmundsson, síðar biskup, og loks flutti séra Helgi Sveinsson í Hveragerði frumort ljóð sem hét „Ávarp til æskunnar.“ Góður andi fylgdi hinum geistlegu mönnum því meðan þeir töluðu braust sólin fram úr skýjunum við mikinn fögnuð viðstaddra og var síðan sólskin að mestu til kvölds. Heiðursgestur mótsins var Jens Marinus Jensen, formaður dönsku ungmenna-

félaganna, og hann flutti ávarp og kveðju frá þeim til hinna íslensku.

Þegar ræðuhöldum lauk var komið að atriðum til að gleðja augu viðstaddra. Fyrst kom fram fimleikaflokkur frá Íþróttafélaginu Hugin á Seyðisfirði. Þetta voru ungir piltar en fyrirliði þeirra var hinn kunnir fimleikamaður Björn Jónsson úr Firði. Þegar sýningu piltanna á rennbautum pallinum lauk fór Björn sjálfur á svifrána og lék þar ýmsar listir. Að lokum var einkasýning Björns á tvíslá og sýndi hann fimleik sinn góða stund. Slíkar listir voru ekki daglegt brauð og menn horfðu hugfangnir á meistarann og fögnuðu vel að leiklokum. Þá kom vikivakaflokkur Ungmennafélags Reykjavíkur á pallinn og dansaði um stund. Karlar voru í jakkafötum með þverslaufu og konur í upphlut. Engir Týróla búningar þar. Þá kom útskriftarargangur Íþróttakennaraskólans og sýndi þjóddansa undir stjórn Sigríðar Valgeirsdóttur. Piltar voru klæddir hálferma hvítum skyrtum með hálsklúta og stúlkurnar voru í blússum og litríkum þilsum. Það geislaði af þessum glaðlegu ungmennum og brosandir andlit fólksins allt í kring staðfestu ánægju með frammistöðu þess.

Nú átti að fara fram glíma en þar sem pallurinn

var háll sem gler eftir skúrirnar var dagskránni breytt og gengið til laugar og farið að synda. Nú þurfti enginn að óttast ofkælingu því laugin var heit og fin. Jafnrétti var í sundkeppninni því bæði karlar og konur fengu þrjár greinar í sinn hlut. Skarphéðinskonurnar Gréta Jóhannesdóttir og Erna Þórarinsdóttir báru af í kvennakeppninni. Gréta sigraði í langundinu og bringusundinu og Erna í sprettsundinu. Hjá körlunum ógnaði enginn veldi Sigurðar Þingeyings sem bar höfuð og herðar yfir aðra keppendur og sigraði í öllum þremur vegalengdunum. Ungur sundkappi úr Skagafirði, Gísli Felixson frá Húsey, veitti Sigurði þó talsverða keppni í 500 metra sundinu. Gísli hélt í við Sigurð 400 metra en þá tók Sigurður sprett og skildi Gísla eftir.<sup>128</sup>

Nú var sólin búin að þurrka pallinn og 13 glímukappar gyrtu beltin og bjuggust til átaka. Fyrri hluti glímunnar fór fram inni í samkomuhúsinu á laugardaginn en nú skyldi glíma til þrautar. Sjá mátti einvalalið týhraustra kappa og mikil eftirvænting ríkti meðal áhorfenda. Þarna voru Flóamennirnir Einar Ingimundarson, Rúnar Guðmundsson og Sigurjón Guðmundsson, sigurvegarinn frá Laugum, allir upprunnir úr Villingaholtshreppi. Svo var þarna hinn kornungi Ármann J. Lárusson úr Reykjavík en sagt var að enginn vissi afl hans. Ágúst Ásgrímsson kúluvarpari af Snæfellsnesi var einnig kominn í glímugallann, til alls líklegur. Allt voru þetta miklir burðamenn.

Á laugardeginum þótti helst tíðindum sæta að lítt þekktur þingeyiskur glímumaður, Friðrik Jónsson frá Helgastöðum, lagði Ármann að velli.




*Rúnar Guðmundsson byltir Ármanni J. Lárussyni í völlinn í glímukeppninni*

Einar Ingimundarson keppti nú fyrir Keflavík en hann var gamall nemandi Sigurðar Greipssonar eins og helmingur keppenda. Sigurður tók Einar á eintal fyrir keppnina og bað hann endilega að leggja alla Reykvíkinga. Einar lofaði að gera sitt besta og felldi reyndar alla sína andstæðinga. Rúnar og Ármann, sem bitust um Grettisbeltið á komandi árum, glímdu til úrslita um annað sætið og þar tókst Rúnari að sveifla Ármanni í völlinn. Sigurjón varð fjórði og Ágúst fimmti. Glímt var af kappi og stundum allsterklega en áhorfendur höfðu mikla skemmtun af glímunni.<sup>129</sup>

Til að sýna áhorfendum að til væri önnur útgáfa af þjóðaríþróttinni en átök heljarmenna komu nú 12 ungir piltar frá Ungmennafélagi Reykjavíkur og sýndu léttu og fjórlega glímu undir stjórn Lárusar Salómonssonar glímukennara, föður Ármanns. Þá var mótsgestum sjálfum hleypt inn á pallinn og svo var dansað til klukkan eitt um nóttina. Klukkan ellefu var gert hlé fyrir verðlaunaafhendingu og þá fengu þeir efstu keppendur í hverri grein verðlaunapeninga. Keppnin um sigur í mótinu var geysihörð milli Þingeyinga og Skarphéðins en þeir fyrrnefndu voru sigursæl-astir í frjálsíþróttum. Það sem úrslitum réð var hið sterka kvennalið Skarphéðins í sundi. Þær fengu 22 stig á móti tveim stigum Þingeyinga en munurinn á samböndunum var 10 stig þegar upp var staðið. Verðlaunaskjöldur landsmótanna fór því til Skarphéðins að þessu sinni en hann hafði haft vistaskipti á hverju landsmóti frá 1940. Þorsteinn Einarsson ávarpaði að lokum íþróttafólkið og mótsgesti.

Þakkaði ánægjulega samveru og lét þess getið að íþróttamennirnir hefðu boðið erfiðleikunum birginn með einurð og festu, tekið vel þeirri aðstöðu sem um var að ræða og komið á allan hátt drengilega fram. Þjálfun þess hefði verið ágæt og eggjaði það til áframhaldandi starfa fyrir íþróttirnar.<sup>130</sup>

Séra Eiríkur sleit síðan mótinu og bað mannfjöldann að syngja „Ísland ögrum skorið.“ Svo var gert og bætt um betur með ferföldu húrrahrópi til heiðurs fósturjörðinni. Þá fóru margir að tygja sig til heimferðar en aðrir héldu áfram dansinum í bjartri og hlýrri sumarnóttinni.



Einar Ingimundarson sigraði í glímunni.

## Manntegund í poka

Mótið þótti takast ótrúlega vel miðað við stuttan undirbúning og illviðri fyrri daginn. Sumir höfðu áhyggjur af að nálægð staðarins við höfuðstaðinn gerði það að verkum að þangað kæmu fleiri en velkomnir væru. Það kom líka á daginn og *Timinn* lýsti þessu þannig:

Þegar líða tók á kvöldið fór að koma bíll og bíll með farþega sem stunduðu aðrar íþróttir en íþróttæskan sem gisti Hveragerði þessa daga. Það var sú manntegund sem um hverja helgi þeytist um sveitir landsins og ryðst inn á friðsamar samkomur fólks, drekkur sig enn fyllra og vill fara að slást.<sup>131</sup>

Þessi manntegund fékk varmar viðtökur hjá svokölluðum héraðslögreglumönnum sem sáu um löggæsluna. Þetta voru ungir menn úr sveitunum sem höfðu farið á nokkurra vikna námskeið og fengið skipunarbréf sem löggæslumenn að því loknu.<sup>132</sup>

Aðstaða til að geyma ölvæða menn var engin í Hveragerði en vandinn var leystur með því að fylliraftarnir voru settir í stóra poka og lagðir til í geymsluskála við gróðurhús þar til ölvíman var af þeim runnin. Allir fengu þó að hafa hausinn upp úr pokanum og blaðamaður *Tímans* taldi þetta vert eftirbreytni. Tæplega voru pokamenn á sama máli og nokkru seinna var rekið upp mikið ramakvein í *Vísi*. Þar birtist grein sem nefndist „Fáheyrð réttargæsla á tuttugustu öld“ og tók upp hanskan fyrir þá sem í pokunum gistu. Krafist var refsingar yfir löggæslumönnum og allt fundið þeim til foráttu. Nú hófust hressilegar deilur í blöðum um þetta mál. Þær enduðu með því að löggæslumenn mótsins sögðu af sér störfum í mótmælaskyni við lítinn stuðning yfirboðara sinna í þessari rimmu.<sup>133</sup> Alls voru pokaðir um 11 menn hvort kvöld í Hveragerði en þessi frumlega aðferð við fangavist hefur ekki verið notuð síðan á landsmótum.

## Heildarstig sambanda og félaga

	stig
1. HSK	55
2. HSP	45
3. UMSB	20
4. UÍA	12
5. UMSS	11
6.-8. Umf. Keflavíkur	8
6.-8. UMSE	8
6.-8. UMSV	8
9. HSH	7
10. UMSK	5
11. Umf. Reykjavíkur	2
12. USAH	1
HSS	0
USD	0

## Stigahæstu keppendur

	stig
Sigurður Jónsson, sund	HSP 12
Hjálmar Torfason, frjáls.	HSP 9
Gréta Jóhannesdóttir, sund	HSK 8
Kristján Jóhannsson, frjáls.	UMSE 8
Erna Þórarinsdóttir, sund	HSK 7
Hallgrímur Jónsson, frjáls.	HSP 7
Jóhannes Guðmundsson, frjáls.	HSK 7
Birgir Þorgilsson, frjáls., sund	UMSB 6
Eiríkur Þorgeirsson, frjáls.	HSK 6
Gísli Felixson, sund	UMSS 6
Sigrún Þorgilsdóttir, sund	UMSB 6
Guttormur Þormar, frjáls.	UÍA 5
Halla Teitsdóttir, sund	HSK 5



*Skrúðgangan leggur af stað frá Eiðum.*

## 8. landsmót UMFÍ á Eiðum 5.-6. júlí 1952

### Starfsíþróttir nema land

Það lá beint við að halda næsta landsmót á Eiðum þótt svona tækist til vorið 1949. Þing UMFÍ sem haldið var í Hveragerði dagana fyrir landsmótið samþykkti þetta án allra málalenginga enda var undirbúningur mótsins í fullu gildi.<sup>134</sup> Á næsta sambandsráðfundi UMFÍ haustið 1950 var hnykkt á þessu og lagðar fram tillögur um keppnisgreinar á mótinu. Þær voru mjög svipaðar og í Hveragerði nema hvað löngu sundin voru látin róa en boðsund tekin upp í staðinn. Það var eflaust vegna þess að enginn jarðhiti var á Eiðum og sundmönnum vorkennt að skvampa lengi í kaldri tjörn.

Eiríkur J. Eiríksson, formaður UMFÍ, bryddaði upp á merku nýmæli þegar hann lagði fram tillögu um örvun vinnugleðinnar. Formaðurinn taldi

að skólaganga, skemmtanir og íþróttir væru ekki einhlítar til uppeldis þjóðarinnar heldur þyrfti starfið sjálft að skipa hærrí sess, einkum hjá æskunni. Eiríkur lagði til að stjórn UMFÍ og héraðssambandanna ...

athugi hvort ekki sé fært að koma á keppnimótum í ýmsum vinnubrögðum til dæmis á sviði landbúnaðarstarfa. Minnir fundurinn á fyrri aðgerðir ungmennafélaganna í þessu sambandi og starfsemi erlendra æskulýðsfélaga svo sem í Svíþjóð.<sup>135</sup>

Hér var verið að lýsa því fyrirbæri sem seinna hlaut nafnið *starfsíþróttir* og hafa frá 1952 verið fastur liður á landsmótum UMFÍ. Þessi hugmynd hlaut mikinn hljómgrunn meðal ungmennafélaga og Stefán Ólafur Jónsson, varastjórnamaður



UMFÍ, var sendur til Noregs til að kynna sér starfsíþróttir. Það gerði hann með miklum ágætum og skipulagði keppni í starfsíþróttum á Eiðum 1952. Reyndar vann Stefán ötullega að þeim á vegum UMFÍ næstu ár og áratugi og festi þær í sessi með leiðbeiningarheftum sem UMFÍ gaf út.<sup>136</sup> Sambandsráðsfundur UMFÍ haustið 1951 samþykkti að keppt skyldi í að minnsta kosti tveimur starfsíþróttagreinum, til dæmis dráttarvélarakstri, mjöltum og að leggja á borð. Þegar til kastanna kom var mönnum sleppt við mjaltir en þess í stað keppt í starfshlaupi.

## Allir á Eiðum

Eiðar voru skólasetur frá fornu fari. Þar starfaði búnaðarskóli undir lok 19. aldar og þar var stofnaður alþýðuskóli árið 1919. Skólastjórinn, Þórarinn Þórarinsson, lagði sig allan fram móts-höldurum til aðstoðar, skólahúsin og öll aðstaða var til reiðu. UÍA lét ekki sitt eftir liggja við undirbúninginn og skipaði þriggja manna landsmótsnefnd. Hana skipuðu Ármann Halldórsson kennari á Eiðum, Gunnar Ólafsson skólastjóri á Neskaupstað og Skúli Þorsteinsson skólastjóri á Eskifirði.<sup>137</sup> Ekki fékkst neinn framkvæmdastjórinn en nefndarmenn lögðu bara þess harðar að sér og svefntíminn styttist eftir því sem leið að mótinu.

Helgina fyrir mótið var Ásgeir Ásgeirsson kjörinn forseti landsins undir kjörordinu: „Fólkið velur forsetann.“ Þegar kosningamóðurinn var runninn af mönnum fóru þeir að koma sér til Eiða en það gat verið drjúg ferð fyrir þá sem lengst áttu að sækja því hvorki voru vegir né farartæki sérstök gæðafyrirbæri. Margir fóru þó með flugi til Egilsstaða þar sem nýbúið var að opna flugvöll og Vestfirðingar fóru sjóleiðina.<sup>138</sup>

Skráðir keppendur í leikskrá mótsins voru 216 frá tólf samböndum og einu ungmennafélagi. Þegar búið er að greina forföll og telja handboltakonur með sést að keppendurnir voru 232. Keppnisgreinar voru nú orðnar 28 sem var umtalsverð fjölgun. Nú var bætt við böðhlaupi, langstökki, hástökki og kúluvarpi kvenna og það var engin tilviljun.



Ármann Halldórsson.



Gunnar Ólafsson.



Skúli Þorsteinsson.

Íþróttir voru í sókn hjá ungmennafélögum. Sumarið 1951 voru haldin 13 héraðsmót í íþróttum víða um land. Þátttaka kvenna jókst með hverju ári og kröfur um fleiri greinar þeim til handa voru teknar til greina. Í hópi hinna 232 keppenda voru 69 konur sem er 31 af hundraði.<sup>139</sup> Íþróttamenn og starfsfólk gistu í skólanum en mótsgestir komu sér fyrir í um 400 tjöldum í útjaðri samkomusvæðisins. Talið var að þeir hefðu verið um 4000 talsins.

## Íslandsmeti afstýrt

Nú var komin festa á framkvæmd landsmótanna og mótið fór af stað á hefðbundinn hátt. Á laugardagsmorguninn klukkan tíu setti séra Eiríkur J. Eiríksson mótið í logni, sólskini og 24 stiga hita. Það væsti því ekki um neinn sem þarna var. Svo gengu fylkingar frá skólahúsinu út á íþróttavöllinn. Fremstur gekk Skúli Þorsteinsson með íslenska fánann. Allir viðstaddir tóku þátt í göngunni og voru íþróttamenn og gestir frá hverju sambandi saman. Þegar komið var á völlinn voru fánar dregnir að hún, lúðrasveitin lék og allir sungu fánasönginn fullum hálsi. Svo hófust frjálfsíþróttir og stóðu allan daginn til kvölds.<sup>140</sup>

Í 100 metra hlaupinu sigraði ungur Austfirðingur, Guðmundur Vilhjálmsson. Hann hafði ótrúlega yfirburði og setti landsmótsmet, 10,9 sekúndur, sem stóð í áratugi. 400 metra hlaupið var æsispennandi en þar sigraði Magnús Gunnlaugsson frá Miðfelli í Hrunamannahreppi. Hann var einn fimm bræðra sem allir voru liðtækir íþróttamenn.

Magnús deildi öðru sætinu í hástökki með Skúla bróður sínum og varð þriðji í langstöckinu. Þetta samanlagt dugði honum til að verða stigahæsti maður mótsins, hálfu stigi á undan félaganum Kolbeini Kristinssyni frá Selfossi.



*Leikskrá landsmótsins.*

Kolbeinn sigraði örugglega í hástökki og stangarstökki enda var hann landsliðsmaður í þessum greinum árum saman.

Mæting var góð í flestar greinar enda þurfti nú enginn að hrekjast frá vegna veðurs eins og í Hveragerði. Tuttugu keppendur luku keppni í víðavangshlaupi sem fór fram út um víðan völl eins og nafnið bendir til. Brautin var þröng og þegar hlaupararnir náguðust völlinn til að ljúka hlaupinu opnaði mannfjöldinn litla glufu fyrir þá til að stinga sér í gegnum. Litill drengur meðal áhorfenda hljóp þá í flasið á fremsta hlauparanum sem naumlega tókst að afstýra árekstri. Þetta var Skúli Andrésen UÍA og hann hélt forystunni einn hring á vellinum og bætti heldur við. Annar varð Eiríkur frá Túnsbergi sem eignaðist nú sitt þriðja silfur á landsmóti.

Í 1500 metra hlaupinu voru 10 keppendur og fljótlega teygðist úr hópnum. Austfirðingurinn Guðjón Jónsson tók fljótlega forystuna og hélt henni til enda. Halldór Pálsson UMSE dró ískyggilega á hann í lokin en hóf endasprettinn heldur seint. Guðjón og fleiri keppendur fleygðu sér niður örmagna eftir hlaupið og um tíma lágu keppendur eins og hráviði við hlaupabrautina.<sup>141</sup>

Í þrístökkinu sigraði ungur Austfirðingur sem dró að sér athygli allra fyrir léttleika og fjaðurmagn í framgöngu. Þetta var Vilhjálmur Einarsson sem seinna átti eftir að verða frægastur allra íslenskra íþróttamanna og silfurhafi á Ólympíuleikum. Hann sigraði á nýju íslensku drengjameti, 14,21 m, vel á undan Sigurði Andersen frá Eyrarbakka.

Liðin var sú tíð að konur fengu úthlutað aðeins einu hlaupi á íþróttavellinum. Nú stóðu þeim til boða tíu keppnisgreinar. Fimm í frjálsíþróttum, þrjár sundgreinar, handbolti og ein starfsíþrótt. Reyndar var langt í land að ná körlunum sem fengu 18 greinar í sinn hlut en þó var munurinn að minnka. Allar stúlkurnar sem kepptu í hástökki stukku á sniðstökki og nutu þess munaðar að lenda í sandgryfju. Félagarnir í HSK, Nína Sveinsdóttir og Arndís Sigurðardóttir, stukku hæst, 1,31 m, en Nínu var dæmdur sigurinn.

Nú var Þuríður Ingólfsdóttir frá Húsabakka mætt til leiks í 80 metra hlaupið á þriðja landsmóti sínu og náði aftur öðru sæti. Þarna var einnig komin 15 ára stúlka úr Reykjavík, stælt og hávaxin, Margrét Hallgrímsdóttir að nafni. Margrét hafði yfirburði í hlaupinu og jafnaði Íslandsmetið 10,3 sek. í undanrásunum. Í úrslitum hlupu sex þær fótfráustu og Margrét var á sjöttu braut, næst áhorfendum. Hún tók strax forystuna og áhorfendur gerðu sér ljóst að Íslandsmetið var í hættu. Kvikmyndatökumaður hafði stillt sér upp við



*Nína Sveinsdóttir fer yfir rána á sniðstökki.*



*Hlaupadrottningin Margrét Hallgrímsdóttir.*

markið á móts við sjöttu braut og filmaði hlaup-ið. Hann varð fótum seinni að forða sér þegar Margrét kom á fljúgandi ferð og hún varð að skjóta sér til hliðar til að forðast árekstur. Hugsanlega hefur þessi truflun kostað hana Íslandsmetið en tíminn var 10,4 sek. Margrét varð ekki fyrir neinni truflun í langstökkinnu og sigraði með yfirburðum. Hún stökk 5,23 m, hálfum metra lengra en næsti keppandi, og setti glæsilegt Íslandsmet sem stóð í 20 ár.<sup>142</sup>

Margrét náði Ólympíulágmarki með afreki sínu í langstökki en gat ekki farið á leikana sökum meiðsla. Hún var náttúrubarn í íþróttum og hafði ómælda hæfileika en hætti fljótlega æfingum og keppni af ýmsum ástæðum. Hún gerðist íþróttakennari og hefur allt til þessa dags starfað mikið með fötludum íþróttamönnum.<sup>143</sup>

## **Kraftakarlar og kuldasund**

Í kúluvarpinu beindust augu manna að ungum dökkhærðum manni sem sýndi góð tilþrif. Þetta var Gestur Guðmundsson frá Gullbringu í Svarfaðardal, lágvaxinn en sterkbyggður maður með mjúkar hreyfingar og mikla snerpu. Hann skaut þarna þekktum kraftakörlum eins og þeim Sigfúsi Sigurðssyni og Ágústi Ásgrímssyni ref fyrir rass og sigraði í miklu sentimetrastríði með 14,33 metra kasti.

Enginn ógnaði sigri Hallgríms Jónssonar í kringlukasti en Ólafur Þórðarson úr Arnarfirði var þó skammt undan og þar næstur Rúnar Guðmundsson glímukappi frá Hurðarbaki. Rúnar tók ekki þátt í glímukeppninni því hann var nú orðinn liðsmaður Glímufélagsins Ármanns og hafði orðið glímukóngur árið áður.

Í glímunni voru níu knáir karlar mættir til leiks. Þarna var kominn sigurvegarinn frá Hveragerði, Einar Ingimundarson úr Keflavík, ásamt félaganum sínum Sigurði Brynjólfssyni sem hafði eins og hann numið glímulistina við fótiskör Sigurðar Greipssonar í Haukadal. Sigurður var gamalkunnur glímukappi en var orðinn fertugur að aldri



*Gestur Guðmundsson sigraði í kúluvarpi.*



*Ágústi Ásgrímsson varð annar í kúluvarpi.*



*Sigfús Sigurðsson var þriðji í kúluvarpinu.*



og hættur að stunda æfingar. Einar var fljótur að leggja Sigurð sem taldi ástæðulaust fyrir sig að vera að þreyta þessa helstu von þeirra Suðurnesjanna. „Eitthvað voru nú menn samt að spauga með að ég hefði átt að láta hann koma við löppina á mér áður en ég settist á afturendann,“ sagði Sigurður síðar og skemmti sér vel við tilhugsunina.<sup>144</sup> Einar fór reyndar létt með glímuna og lagði alla keppendur rösklega að velli. „Ég fór nú bara eftir því sem Sigurður Greipsson sagði mér – að leggja þá strax,“ sagði Einar síðar. „Þeir gera ekkert af sér eftir að þeir eru dauðir!“<sup>145</sup>

Nú var gamall draugur vakinn upp aftur því hér var ekkert Laugaskarð heldur kaldur sundpollur og meira að segja ískaldur. Fjórir gátu synt í senn og það er mála sannast að keppendur voru fljótir að koma sér upp úr að loknum sínum spretti. Nú var Sigurður Þingeyingur hættur keppni og þar með gafst minna þekktum sundköppum færi á að láta ljós sitt skína. Enn voru Borgfirðingar framarlega eins og á fyrri landsmótum. Og eins og áður voru systkinin Þórisbörn frá Reykholti fremst meðal jafningja. Kristján Þórisson átti besta tíma ársins í 200 metra bringusundi og á móti í Hreppslaug stuttu fyrir landsmótið setti hann Íslandsmet í 400 metra bringusundi.<sup>146</sup> Hann var því ekki í vandræðum með sigurinn í bringusundinu á Eiðum og Sigrún systir hans varð önnur í bringusundi kvenna. Þar sigraði Gréta Jóhannesdóttir frá Hveragerði, annað landsmótið í röð.

Skarphéðinsmenn voru sigursælir í sundinu. Sverrir Þorsteinsson sigraði í skriðsundi, HSK-sveitin vann boðsund karla og HSK-konur urðu númer tvö í boðsundi kvenna á eftir Austfirðingum. Enginn keppandi dvaldist lengur í lauginni en hann mögulega þurfti nema hinn harðskeytti Kristján Þórisson sem spyrnti sér frá bakkanum að loknu sundi svona rétt til að undirstrika yfirburði sína.<sup>147</sup>

## Sýningar og starfsíþróttir

Á föstudaginn hófst keppni í hinum nýstárlegu starfsíþróttum með því að fjórar ungar stúlkur sýndu hvernig ætti að leggja á borð í borðstofu Eiðaskóla. Allar voru þær úr héraðinu og höfðu numið við ýmsa húsmæðraskóla. Menn klóruðu sér í hausnum yfir því hvernig svo hversdagslegur atburður gæti orðið íþróttagrein á landsmóti. Þetta var fremur sýning en keppni og var ekki



*Stúlkurnar stinga sér í ískalda laugina.*

reiknuð inn í heildarstigakeppnina. Stúlkurnar settu upp gestaboð í sveit fyrir sex. Þær brutu saman servíettur af stakri snilld og skreyttu með blómum. Áhorfendur fylgdust með opinmyntir og sögðust sumir aldrei hafa trúað að það gæti verið svo spennandi að fylgjast með keppendum leggja á borð. Dómnefndin var í vandræðum því öll voru borðin hin glæsilegustu en úrskurðaði að Lilja



*Lilja Þórarinsdóttir frá Hallfreðarstaðahjáleigu hlaut fyrstu verðlaun fyrir að leggja á borð.*





Frá dráttarvélarakstrinum. Ekið er greitt með dómarana í kerrunni.

Þórarinsdóttir frá Hallfreðarstaðahjáleigu í Hróars- tungu hefði staðið sig best með sitt páskaborð.<sup>148</sup>


Dráttarvélar voru um þessar mundir nýlega farnar að sjást á betri bæjum til sveita og það var því engin fjöldaþátttaka í dráttarvélarakstrinum sem fram fór á Eiðum. Keppendur voru fjórir og sigraði Stefán Kristjánsson frá Nesi í Fnjóskadal. Brautin var 400 metra löng og á henni voru margar lykkjur og hringir. Þarna voru bæði snúningsgildirur og bökkunarplankar sem reyndu á færni keppenda. Keppnistækið var bensínknúinn Farmall og aftan í honum var jeppakerra. Í kerrunni stóðu dómararnir tveir og máttu hafa sig alla við að standa á löppunum þegar keppendur óku um með rykkjum og skrykkjum. Dómnefndarmenn voru klæddir jakkafötum með hatta á höfði eins og þá var siður flestra fullorðinna karla.<sup>149</sup>

Í starfshlaupinu voru fjórir keppendur. Þeir hlupu tæpan kílómetra og leystu jafnframt ýmsar þrautir. Þær fólust fyrst og fremst í að vera fljótir að átta sig á ýmsum stærðum. Menn þurftu að áætla rúmtak, þunga og vegalengdir, taka skila- boð og skila þeim rétt og svara sögulegum spurn- ingum. Tími var tekinn í hlaupinu og fyrir röng svör voru dregin stig af keppendum. Það var því ekki nóg að vera hlaupagarpur, menn þurftu að vita sínu viti. Halldór Pálsson úr Eyjafirði fór hringinn á sex mínútum og var næstsíðastur í mark. Hann var hins vegar glúrin að giska á

réttu svörin, fékk fæst refsstig og stóð uppi sem sigurvegari. Starfsíþróttirnar voru ekki teknar með í heildarstigakeppninni í þetta sinn en strax á næsta landsmóti voru þær fullgildar keppnis- greinar. Þær hafa gefið landsmótunum sérstakan blæ sem mörgum finnst ómissandi og vekja alltaf sérstaka athygli áhorfenda.

Margt fleira var á dagskrá en íþróttirnar. Á laugardagskvöldið var haldinn almennur ung- mennafélagsfundur á íþróttavellinum. Umræðu- efnid var: „Menningarlíf sveitanna.“ Sjö ung- mennafélagar fluttu stuttar og snjallar ræður og lögðu áherslu á hinn dýrmæta menningararf sveit- anna áður en dansinn hófst á pallinum.

Þeir sem gengu seint í háttinn fengu svefnfrið til klukkan að ganga níu en þá tók Lúðrasveit Ak- ureyrar til við að þeyta lúðra sína heim við skóla- húsið. Þá var aftur gengið í skrúðgöngu til vall- arins og svo voru stundaðar íþróttir til hádegis. Eftir hádegðið hófst hefðbundin hátíðardagskrá með guðsþjónustu. Ekki þurfti langt að fara eftir prestinum því náttúrlega predikaði formaður UMFÍ, séra Eiríkur J. Ræðustóllinn var með



Merki landsmótsins sem gert var 1949 en notað 1952 þegar búið var að breyta ártali og töluröð þess.



Flokkur Ungmennafélagsins Austra sýnir vikivaka.

merki mótsins sem var skreyttur Íslandskorti efst fyrir miðju, hreindýri vinstra megin og Lagarfljótsorminum til hægri. Merkið teiknaði Þórarinn Þórarinsson skólastjóri og síðar urðu slík landsmótsmerki að fastri hefð.<sup>150</sup> Næstir töluðu aðrir fyrirmenn: Skúli Þorsteinsson formaður UÍA, Hermann Jónasson landbúnaðarráðherra og Þórarinn Þórarinsson, skólastjóri á Eiðum.<sup>151</sup>

Þá sungu kórar og síðan hófust íþrótt- og danssýningar á palli sem stóð á miðjum vellinum. Þarna var Björn Jónsson frá Firði mættur á svifrána og sýndi listir sínar en hann var þarna svo gott sem á heimavelli. Vikivakaflokkur frá Austra á Eskifirði sveif um pallinn í snjóhvítum klæðum. Þá komu piltar og stúlkur frá Íþróttakennarskólanum á Laugarvatni og sýndu undir stjórn Þóris Þorgeirssonar. Hann var reyndar einn af snillingum Skeiðamanna sem sýndu á landsmótunum á Haukadal og Hvanneyri. Stúlkurnar sippuðu svifléttar um pallinn í hvítum sumarpils-um og sýndu svo fimi sína í kylfusveiflum. Piltarnir stukku yfir hestinn í samfelldum straumi hver á eftir öðrum eins hratt og augað eygði. Síðast stukku þeir yfir tvo hesta, hvern eftir annan, og léku svo flikk-flakk og hringjastökk og stukku

samtímis hver yfir annan. Þessir fimleikasnillingar uppskáru mikið klapp frá áhorfendum enda var færni þeirra mikil.<sup>152</sup>

Afhending verðlauna og slit mótsins fóru fram rétt fyrir miðnætti á sunnudagskvöldið og þá flutti Þorsteinn Einarsson herhvöt til íþróttafólksins og bað það að halda sig vel að íþróttunum í framtíðinni. Séra Eiríkur sleit síðan mótinu og allir fóru glaðir til síns heima.

Það dró nokkuð úr gleði stjórnarmanna að töluverður halli varð af mótinu. Hallinn var um 32 þúsund krónur og glepti bróðurpartinn af styrknum sem Íþróttasjóður veitti UMFÍ árið 1953 en hann var 56 þúsund krónur. Af þessum halla greiddi UMFÍ þrjá fjórðu samkvæmt samningi en UÍA fjórðung. Landsmótin voru sem sé dýrt spaug en fullkomlega peninganna virði, töldu ungmennafélagar, því engan bilbug var á þeim að finna með framhaldið.<sup>153</sup>

#### Heildarstig sambanda og félaga

	stig
1. HSK	84
2. UÍA	46
3. HSB	31
4. UMSK	23
5. UMSB	12
6.-7. Umf. Reykjavíkur	8
6.-7. UMSE	8
8.-9. HSH	7
8.-9. ÍS	7
10. UMSV	6
11. UMSS	4
12. USÚ	2
UNÞ	0

#### Stigahæstu keppendur

Magnús Gunnlaugsson, frjáls.	HSK	8,5
Kolbeinn Kristinsson, frjáls.	HSK	8
Margrét Hallgrímsdóttir, frjáls.	Umf.R	8
Arndís Sigurðardóttir, frjáls.	HSK	6
Tómas Lárusson, frjáls.	UMSK	6
Gestur Guðmundsson, frjáls.	UMSE	5
Nína Sveinsdóttir, frjáls.	HSK	5
Skúli Andrésen, frjáls.	UÍA	5



Séð norður yfir mótssvæðið. Fjallið Kaldbakur í baksýn.

## 9. landsmót UMFÍ á Akureyri 2.-3. júlí 1955



### Landsmót í þéttbýli

Á þingi UMFÍ, sem haldið var samtímis landsmótinu á Eiðum, var stjórninni falið að finna stað fyrir næsta landsmót. Þá var ákveðið að fjölga keppnisgreinum kvenna úr 10 í 13 en karlagreinum fjölgaði um fjórar og voru nú orðnar 22 svo heldur breikkaði bilið. Annars voru landsmótin ekki mikið til umræðu á þinginu. Þau voru nú orðin fastur liður hjá samböndum og félögum sem voru farin að miða við þennan hápunkt starfsins á þriggja ára fresti. Íþróttamenn stefndu að því að vera í sínu besta formi á landsmótsárum og góð frammistaða á landsmóti var nokkuð til að státa af.

Stefán Ólafur Jónsson hélt ótrauður áfram að kynna starfsíþróttir innan hreyfingarinnar. Hann fór um landið þvert og endilangt og leiðbeindi fólki sem fæst hafði augum litið neitt þvilíkt áður. Starfsíþróttagreinum landsmótsins var fjölgað og við bættust línstrok og þríþraut hjá konum og

nautgripa- og hestadómar hjá körlum. Verkskipting kynjanna var skýr og enginn lét sér detta í hug að konur hefðu áhuga á búfjárdómum eða að karlar myndu nokkurn tíma leggja á borð. Stefán Ólafur lagði áherslu á að koma búfjárdómunum inn á landsmótin. Hann sagði síðar að það hefði eiginlega gjörbreytt viðhorfi fólks til búfjárræktar því þá fóru menn að átta sig á samhengi kynbóta og afurða.<sup>154</sup>

Um þessar mundir voru hugmyndir að vakna um mikilvægi afburðamanna í íþróttum til að hvetja meðalmenn til dáða. Stúdentaráð Háskólans beitti sér fyrir almennri fjársöfnun til að ungur skáksnillingur, Friðrik Ólafsson, gæti helgað sig íþrótt sinni.<sup>155</sup> Enn var þó langt í land að hann eða aðrir væru styrktir af hinu opinbera en skilningurinn var að aukast.

Það vafðist fyrir mönnum hvar ætti að halda næsta landsmót. Fyrst var bent á skólasetrið Núp í Dýrafirði þar sem Eiríkur formaður réð ríkjum. Fljótlega var horfið frá því og vorið 1953 var





Haraldur M. Sigurðsson framkvæmdastjóri landsmótsins.

leitað til Kjalnesinga og þeir beðnir að standa fyrir landsmóti í Kjósinni.<sup>156</sup> Það sem skorti á báðum stöðum var íþróttavöllur. Þegar ljóst var að hann yrði ekki tilbúinn í tæka tíð í Kjósinni var þess farið á leit við Valdimar Óskarsson, formann UMSE, haustið 1953 að sambandið tæki að sér

að halda landsmót á Akureyri.

Eyfirðingar samþykktu þetta fljótlega og stofnuðu landsmótsnefnd. Í henni voru stjórnarmenn UMSE, þeir Valdimar Óskarsson og Sveinn Jóhannesson á Dalvík, Hjalti Haraldsson frá Ytra-Garðshorni, Hjörtur Þórarinnsson á Tjörn og Jóhannes Kristjánsson á Hellu. Nefndin réð sér framkvæmdastjóra, Harald M. Sigurðsson íþróttakennara frá Möðruvöllum í Hörgárdal, gamlan landsmótskeppanda. Þá voru Stefán Ólafur Jónsson varastjórnarmaður og Daníel Ágústínusson ritari í nefndinni fyrir hönd UMFÍ. Samið var um að UMFÍ og UMSE skiptu jafnt með sér kostnaði og hugsanlegum halla.

Nú voru í fyrsta sinni skipaðir sérstakir stjórnendur keppnisgreina, nokkurs konar sérgreina-stjórnar. Stefán Ólafur Jónsson stjórnaði starfs-

íþróttum, Guðjón Ingimundarson sundinu og Þorsteinn Einarsson frjálsíþróttum. Útisamkomum og fundum stjórnaði Daníel Ágústínusson. Mikið mæddi á þessum mönnum við undirbúninginn. Þetta var fyrsta landsmótið sem haldið var í umtalsverðu þéttbýli og mörgum þótti lakara að sundkeppnin skyldi vera fjarri íþróttavellinum. Á móti kom að aðstaðan í sundinu var góð. Vönduð myndskreytt leikskrá var prentuð með fróðlegum upplýsingum um samböndin innan UMFÍ.<sup>157</sup>

Enn jókst þátttakan. Skráð félög og sambönd sem tóku þátt í mótinu voru 20 talsins og keppendur þeirra 263. Karlar voru 183 en konur 80, svo enn var að fjölga. Fjöldi mótsgesta er nokkuð á reiki en talið er að þeir hafi verið um fjögur þúsund. Svo mikið er víst að hagnaður varð af mótinu til mikils léttis fyrir aðstandendur.

Mótsgestir fjölmenntu til Akureyrar á föstudaginn og tjölduðu á túninu við sundlaugina. Veður alla helgina var hið fegursta og átti það ekki lítinn þátt í því hversu vel tókst til. Þvert yfir Hafnarstræti var strengdur borði og á honum stóð stórum stöfum: VELKOMIN TIL AKUREYRAR.

## Þrýst og þuklað, strokið og smurt

Daginn fyrir setningu landsmótsins mátti sjá hnarreistan, hávaxinn mann ganga fjaðurmögnum skrefum leiðina sem skrúðganga keppenda átti að fara til íþróttavallarins. Hann var með skeiðklukku í hendi og söng „Öxar við ána“ fullum hálsi. Þetta var Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi sem þarna var að ganga úr skugga um hversu langan tíma skrúðgangan tæki svo allt stemmdi nú við dagskrána. Akureyringar góndu á hann furðu lostnir en Þorsteinn lét sér hvergi bregða.<sup>158</sup>

Nátthrafnar hrukku upp klukkan níu á laugardagsmorgni því þá tók Lúðrasveit Akureyrar að leika á flötinni fyrir framan Menntaskólann. Íþróttamenn og mótsgestir skipuðu sér í fylkingar og fyrir hverju héraðssambandi var borinn fáni þess. Þetta var nýmæli sem Stefán Ólafur Jónsson hafði komið á og gerði gönguna ekki lítið hátíðlegri. Þorsteinn Einarsson stjórnaði göngunni út á íþróttavöllinn og



Landsmótsnefnd UMSE. Frá vinstri: Jóhannes Kristjánsson, Valdimar Óskarsson, Sveinn Jóhannesson, Hjalti Haraldsson og Hjörtur E. Þórarinnsson.





*Skriðgangin á leið til íþróttavallarins. Þorsteinn Einarsson gengur í fararbroddi.*

ekki bar á öðru en tímasetningin stemmdi fullkomlega.

Áhorfendum þóttu starfsíþróttirnar forvitnilegar. Þarna stóðu prúðbúnir menn sem skoðuðu upp í hesta og reyndu að áætla aldurinn af tönnum. Þeir mældu hæð á herðakamb og vógu og mátu hlutföll kláranna. Þá var eins gott að meta jálkana ekki of hátt en hæla gæðingunum hæfilega. Aðrir stóðu við hlið mjólkurkúnna, þukluðu á júgrum og skrifuðu hjá sér einkunn fyrir yfirlínu, malir, boldýpt og fótstöðu. Flinkastur við að dæma kýrnar var Brynjólfur Guðmundsson, bóndi



*Keppendur í starfshlaupi spreyta sig í kassasmíði.*

á Galtastöðum í Flóa, bróðir Sigurjóns glímukappa. Annar varð Jón Geir Lúthersson bóndi á Sólvangi í Fnjóskadal. Hann sigraði hins vegar í hestadómunum og varð stigahæstur karla í starfsíþróttum.

Stigahæst kvenna varð Sigríður Vigfúsdóttir á Húsatóftum, rétt á undan Arndísi Erlingsdóttur á Galtastöðum, eiginkonu Brynjólfs bónda. Keppt var í línstroki, að leggja á borð og þríþraut. Þessar íþróttir fóru fram á föstudagskvöldið í Húsmæðraskóla Akureyrar. Þrautirnar þrjár í þríþrautinni voru að strauja skyrtu, gera hnappagat og festa hnapp og smyrja brauð. Þar sigraði Borgfirðingurinn Guðrún Finnsdóttir með nokkrum yfirburðum.

Nú hlaut Eiríkur Þorgeirsson frá Túnsbergi langþráðan gullpening þegar hann sigraði í starfshlaupi. Þrisvar hafði hann spreytt sig í langhlaupum og jafnan orðið annar en nú gekk allt upp. Keppendur þurftu meðal annars að negla saman kassa og það vafðist fyrir mörgum. Ekki þó hinum sporléttu Eiríki sem var trésmiður að mennt. Þar sló hann við Sveini Jónssyni á Kálfskinni sem varð í öðru sæti. Þegar Sveinn frétti af sérmenntun Eiríks brá honum svo við að hann barði hann bylmingshögg í öxlina og hrópaði:

„Ertu þá smiður helvítið þitt!“<sup>159</sup> Sveinn varð síðar þekktur trésmiður og verktaki og formaður UMSE. Stefán Kristjánsson sigraði í dráttarvélarakstrinum öðru sinni og var í sérflokki. Hann fór létt með að bakka eftir 10 metra löngum planka án þess að fara út af sporinu með heyvagn aftan í dráttarvélinni. Fleiri voru þrautirnar en Stefán leysti þær allar létt af hendi.

## Hlaupið of skammt og fellt með nefinu

Afreksmaður Haukadalsmótsins 1940, Axel Jónsson, skrifaði ýtarlega frásögn af frjálsíþróttakeppninni í *Skinfaxa* og verður stuðst við hana hér. Í 100 metra hlaupi karla var 21 keppandi. Eftir marga spretti í undanrásum og milliriðlum hlupu fjórir kappar til úrslita. Þeirra á meðal var afreksmaðurinn Guttormur Þormar sem nú var orðinn 32 ára gamall en gaf þeim yngri lítið eftir. Helsti keppinauturinn var Hörður Lárusson frá Blönduósi sem var nýbúinn að setja héraðsmet upp á 11,2 sekúndur. Á úrslitasprettinum náði Guttormur bestu viðbragði og hafði forystuna. Hörður dró hann þó uppi og sigraði á 11,4 sekúndum, einu broti á undan Guttormi.

Austfirðingurinn Rafn Sigurðsson sigraði í 400 metra hlaupinu og bætti met Magnúsar frá Miðfelli í undanrásum. Austfirðingar sigruðu líka í boðhlaupi karla vel á undan Kjalnesingum. Lokasprettinn fyrir Austfirðinga hljóp Guttormur Þormar. Hann tók við keflinu fyrstur manna og bætti heldur við. Kom í markið sem fugl flygi og sveitin setti landsmótsmet. Þetta var síðasta hlaup Guttorms á landsmótum og viðeigandi endir á glæstum ferli.

Í sveit Kjalnesinga var Janus Eiríksson, bóndi í Óskoti, sem hafði sprett úr spori á öllum landsmótum frá 1940, sex talsins. Þessi „tappi þarna“, eins og Erlendur Ó. Pétursson formaður KR kallaði hann einu sinni var ekki hár í loftinu en sprettharður hlaupari og var nú eins og Guttormur kominn á fertugsaldurinn og farinn að hægja aðeins á sér.<sup>160</sup>

Í langhlaupunum var nógu úr að velja því bæði var keppt í

1500 metrum, 5000 metrum og víðavangshlaupi. Dalvíkingurinn Stefán Árnason sigraði í 1500 metrunum á undan Selfyssingnum Hafsteini Sveinssyni sem fyrstur hljóp löglegt maraþonhlaup hér á landi. Í 5000 metrunum skáru þrír hlauparar sig fljótlega úr og yfirgáfu hópinn. Þetta voru Stefán Árnason og tveir kornungir hlauparar, Haukur Engilbertsson úr Borgarfirði og Kristleifur Guðbjörnsson úr Reykjavík sem keppti fyrir HSK. Þeir fylgdust að hring eftir hring en á þeim síðasta fór Stefán fram úr báðum og sigraði á góðum tíma, 15:47,0 mínútum. Haukur varð annar á nýju drengja- og unglíngameti, 15:49,4 mínútum. Þriðji varð Kristleifur sem nokkrum árum síðar var orðinn besti langhlaupari landsins. Hann kom í markið sjónarmun á undan Sveini á Kálfskinni sem dró mikið á hann í lokin.

Í víðavangshlaupinu urðu starfsmönnum hlaupsins á mistök því þeir gleymdu að láta hlauparana hlaupa heilan hring á vellinum eins og til stóð. Þetta varð til þess að hinn reyndi Stefán Árnason varð annar á eftir hinum stórefnilega Hauki Engilberts. Haukur var fremstur í hlaupinu allan tímann en endasprettur Stefáns kom of seint. Þriðji maður varð Sveinn á Kálfskinni.

Í kúluvarpi var keppnin hörð. Sigurvegarinn frá Eiðum, Gestur Guðmundsson Eyfirðingur, tók forystuna með 14,12 metra kasti en Ágúst Ásgrímsson, kastari og glímukappi af Snæfellsnesi, bætti um betur með einum sentimetra og það dugði til sigurs. Gestur sigraði hins vegar í kringlukasti. Þar var ekkert sentimetrastríð því



Hörð keppni í 5000 metrunum. Fremstur er Stefán Árnason þá Kristleifur Guðbjörnsson og Haukur Engilbertsson. Nr. 7 er Sigurður Halldórsson og við hlið hans Hafsteinn Sveinsson. Fleiri eru ekki nafngreindir.



*Jón Ólafsson sigraði í hástökki í þriðja sinn.*

hann kastaði þremur metrum lengra en næsti maður. Það var Sveinn Sveinsson á Selfossi, sem enn í dag fæst við að kasta kringlu á Selfossvelli kominn á áttæðisaldur.

Vilhjálmur Einarsson jafnaði landsmótsmet sitt í þristökki frá Eiðum og stökk 14,21 metra, næstum metra lengra en næsti maður. Vilhjálmur sigraði einnig í langstökkinu með yfirburðum, stökk 6,50 metra. Hann var besti þristökkvari landsins en engan mun þó hafa órað fyrir því afreki sem hann vann árið eftir þegar hann varð annar í þristökki á Ólympíuleikunum og stökk 16,26 metra.<sup>161</sup>

Nú kom Jón Ólafsson Eskfirðingur aftur til leiks í hástökki og bætti met sitt í 1,80 metra. Í stangarstökki stukku fjórir keppendur sömu



*Jóhannes Sigmundsson í stangarstökki á Akureyri 1955.*



*Vilhjálmur Einarsson jafnaði landsmótsmet sitt í þristökki.*

hæð, 3,25 metra. Stangarstökkið varð Jóhannesi Sigmundssyni, bónda í Syðra-Langholti, minnisstætt. Hann reyndi eins og hinir fjórmenningarnir við næstu hæð fyrir ofan 3,25 m og var kominn yfir í síðustu tilraun. Þá vildi svo til að hann rak nefið í rána og féldi. Það kostaði sigurinn og Jóhannes hafnaði í þriðja sæti.<sup>162</sup>

## **Vitlaus kúla og liðsauki frá Þýskalandi**

Í kvennakeppninni var barist ekki síður en hjá körlunum. Í frjálsíþróttum voru Skarphéðinsstúlkur áberandi ekki síður en í starfsíþróttum og sundi. Í 80 metra hlaupinu kepptu 12 stúlkur og í úrslitin fóru fjórar. Margrét Árnadóttir HSK sigraði á 10,9 sekúndum, langt frá landsmótsmeti Margrétar Hallgrímsdóttur. Hún var sjálf með í hlaupinu en í lítilli æfingu og varð fjórða. Félagi Margrétar Árnadóttur, Salvör Hannesdóttir, varð önnur og þriðja varð Hildur Björnsson, stúlka sem flust hafði frá Þýskalandi að Grjótnesi í Presthólahreppi, og var Norður-Þingeyingum kærkominn liðsauki.

Hildur sigraði í langstökkinu og aftur varð Margrét Hallgrímsdóttir í fjórða sæti. Landsmótsmet hennar var í lítilli hættu því sigurstökkið var nærri metra lakara en árangur hennar frá Eiðum 1952. Þetta dugði Hildi til að verða stigahæst kvenna í frjálsíþróttum. Þessi unga stúlka hafði





Salvör Hannesdóttir sem varð önnur og Margrét Árnadóttir sem sigraði í 80 metra hlaupi.

áður leikið sér með Hitlersæskunni og ósjaldan hlotið verðlaun fyrir frammistöðu sína. Hún var lítil vexti og lét því hástökkið eiga sig en hafði náð góðum árangri í boltakasti heima í Þýslandi.<sup>163</sup>

Það var hins vegar ekki í boði á Akureyri, heldur kúluvarp með drengjakúlu. Einhver hafði tekið ranga kúlu í misgripum og önnur kúla var ekki til staðar svo ekki er gott að segja til um hvernig árangurinn varð. Kjalnesingurinn Ragna Lindberg UMSK sigraði örugglega en allir aðrir keppendur voru frá HSK. Skarphéðinsstúlkurnar sigruðu með miklum yfirburðum í boðhlaupi, meira en



Hildur Björnsson varð stíga-hæst kvenna í frjálsíþróttum.

tveimur sekúndum á undan Eyfirðingum. Þær jöfnuðu landsmótsmetið sem þingeysku stúlkurnar settu á Eiðum. Þau met standa enn því eftir þetta var ekki keppt í 4×80 metra boðhlaupi. Tveimur landsmótum síðar var vegalengdin orðin sú sama og hjá körlum og hefur ekki breyst eftir það.

## Loksins í hæfilegum hita

Nú var synt við hinar bestu aðstæður í góðri laug. Vatnið var hvorki of heitt né kalt og sundfólkið lék við hvern sinn hreifa. Austfirðingar og Skarphéðinsmenn voru í sérflokki og liðin var gullöld Borgfirðinga. Í sprettsundi kvenna sigraði Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, síðar borgarfulltrúi, en hún keppti fyrir HSK. Í öðru sæti var Lilja Jóhannesdóttir UÍA og bætti svo um betur með því að sigra í 500 metra sundi þar sem menn réðu sjálfir aðferðinni, hinni svokölluðu „frjálsu aðferð.“ Lilja synti skriðsund en félagi hennar Jóhanna Óskarsdóttir varð önnur þó hún synti bringusund. Í 100 metra bringusundi sigraði Hjördís Vigfúsdóttir, ein fjölmargra systkina frá Húsatóftum á Skeiðum sem flest voru miklir sundgarpar.

Það var búist við mikilli keppni Austfirðinga og Skarphéðinsmanna í boðsundinu en svo fór þó ekki. Austfirsku stúlkurnar sigruðu skammt á undan Þingeyingum en HSK-stúlkurnar voru drjúgan spöl á eftir.



Lilja Jóhannesdóttir varð stíga-hæst kvenna í sundi.

Í karlasundinu endurtók sagan sig. Austfirðingar og Skarphéðinsmenn bitust um sætin og veitti ýmsum betur. Þeir höfðu þó

ekki roð við Keflvíkíngnum Pétri Hanssyni sem varð langfyrstur í 1000 metra sundinu. Það bar til tíðinda að 16 ára piltur úr Þingeyjarsýslu, Áskell Egilsson, synti bringusund alla leiðina á 17:16,9 mínútum sem var betri tími en hið fræga Íslandsmet Sigurðar Þingeyings sem hann setti á Laugum 1946. Metið var þó ekki staðfest því eftirlitsdómara vantaði.<sup>164</sup>

Í öðrum greinum stóð slagurinn milli Austfirðinga og Sunnlendinga. Ágúst Sigurðsson í Birtingaholti sigraði í 100 metra bringusundi skammt á undan félagi sínum Þóri Sigurðssyni, í Haukadale. Það voru hinsvegar Austfirðingar sem sigruðu tvöfalt í 100 metra skriðsundi. Þeir Steinar Lúðvíksson og Eiríkur Karlsson komu hnífjafnir í mark á sama tíma á landsmótsmeti. Skarphéð-





*Eiríkur Karlsson varð stigahæstur karla í sundi.*

inskarlar hefndu fyrir konurnar og sigruðu af öryggi í boðsundinu. Eiríkur Karlsson varð stigahæstur karla í sundinu með 9,5 stig en Lilja Jóhannesdóttir bar af konunum með 11 stig.

Í handknattleik kvenna kepptu þrjú lið. Kjalnesingar, Skagfirðingar og Snæfellingar. Stúlurnar af Kjalarnesi sigruðu, Skagfirðingar voru í öðru sæti og lestina ráku Snæfellingar.

## Fjörutíu sekúndur að fella alla

Á landsmótinu sýndi 16 manna glímuflokkur Þingeyinga íþrótt sína undir stjórn Haralds Jónssonar frá Einarstöðum. Þingeyingar voru löngum hinir mestu glímumenn og töldu sjálfir að þjóðaríþróttin hefði varðveist í sinni fegurstu mynd á þeirra heimaslóðum. Í leikskránni kom fram að þeim þótti að glímunni hefði farið mjög aftur, hún væri orðin að aflraunakeppni. Þeir sögðu þetta framtak vera tilraun til endurvakningar fornu þjóðaríþróttarinnar. Glíman hafi fyrst og fremst verið jafnvægisíþrótt og stuðst við ákvæðið „fallinn er sá er fótanna missir.“

Allt var þetta gott og gilt en margir hefðu þegið að hinir ágætu Þingeyingar hefðu kveðið skýrar að orði og sagt hreint út hvað þeim þótti miður fara og hvernig skyldi það bøl bæta. Í *Skinfaxa* var sagt að margir hefðu beðið sýningarinnar með eftirvæntingu og sumum líkað vel. Létt var yfir sýningunni, ef til vill of létt og vissulega bar hún annan svip en hinar kraftalegu kappglímur sem þá voru allsráðandi.<sup>165</sup>

Það hefði verið til bóta að rjóminn af sýningarmönnum HSÞ hefði tekið þátt í glímukeppninni og þrír hinir vöskustu þeirra voru reyndar með í leiknum. Svo brá hinsvegar við að aðeins einn glímumaður kom frá öðrum samböndum. Það var enginn annar en Einar Ingimundarson frá Keflavík, tvöfaldur sigurvegari síðustu landsmóta. Hinir voru Haukur Aðalgeirsson, Ívar Stefánsson og Pétur Þórisson. Allir voru þeir Mývetningar



*Þingeyiskir glímumenn hátt á lofti.*

og glímumenn að langfeðgatali eins og hver einasti maður þar um slóðir. Það kom ekki að haldi því Einar lagði þá alla að velli. Samtals var hann 40 sekúndur að fella þá féлага og varð þar með landsmótsmeistari í þriðja sinn. Eftir það spennti hann ekki á sig glímubelti. Ekki fékk hann mikið



*Einar Ingimundarson og Haukur Aðalgeirsson eigast við í glímukeppninni.*

hrós fyrir glímuna, enda æfingarlitill, en verðlaunin voru ekki af lakara taginu: Útskorin stytta af glímumönnum sem til stóð að yrði farandgripur. Hún var hins vegar afhent Einari til eignar en hann gaf hana síðar Minjasafni Glímusambands Íslands.<sup>166</sup>

## Menning og mótsslit

Á laugardagskvöldið var dansað á glímupallinum góða. Prúðbúnir karlar og konur féllust í faðma og dönsuðu polka og ræla og valsa. Svo kröftuglega var dansinn stigin að pallurinn gaf sig og var að hruni kominn. Dansinum var snarlega hætt en trésmiðir unnu fram á nótt við að endurbyggja pallinn og tókst að ljúka því áður en dagur reis.<sup>167</sup>

Menn voru formlegir í mótshaldinu árið 1955 og hófu keppni sunnudagsins með lúðrabyt og skrúðgöngu. Keppt var til úrslita í ýmsum íþróttum fram yfir hádegi en þá hófst menningar-



Davíð Stefánsson frá Fagraskógi flytur kvæði sitt.

dagskrá að vanda. Fyrst var guðsþjónusta og nú fékk séra Eiríkur frí en starfsbróðir hans í Eyjafirði, Sigurður Stefánsson á Möðruvöllum í Hörgárdal, sá um guðsorðið. Valdimar Óskarsson, formaður landsmótsnefndar, setti samkomuna en Daníel Ágústínusson stjórnaði henni. Síðan voru ræður, upplestur, söngur og lúðurhljómur til skiptis. Þúsundir manna hlýddu í makindum á menninguna enda var veður eins og best varð á kosið.

Skólustjórar tveir fluttu ræður, þeir Þorsteinn M. Jónsson, Gagnfræðaskóla Akureyrar, og Þórarinn Björnsson, MA. Þá söng karlakór Akureyrar og Guðmundur Jónsson óperusöngvari hóf upp raust sína. Hámarki náði dagskráin með þjóðskáldinu Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi, staðarskáldi Akureyrar. Hann flutti kvæði sem hann hafði frumort í tilefni mótsins og var helgað æskunni. Skáldið varð mörgum minnisstætt við flutning sinn enda röddin hljómmikil og maðurinn mikill á velli og hinn höfðinglegasti í framkomu.

Þegar hin háfleygu orð þessarra andans manna höfðu seytilað inn í hugskot viðstaddra fór fram fyrrnefnd glímusýning Þingeyinga sem ekki var síður háfleyg enda töldu þeir sitt aðalsmerki að taka öll brögð á lofti. Sumum þótti þessi tilhneiging ganga út í öfgar og þarna væru brögðin tekin á háalofiti!

Þegar sundkeppni lauk um kvöldið voru úrslit tilkynnt og afhent verðlaun. Hið öfluga keppnislið Skarphéðins kom, sá og sigraði á mótinu og hlaut 234 stig samtals. Nú voru sex fyrstu mönnum í hverri grein reiknuð stig og heildarstig mótsins voru 702. Í *Skinfaxa* stendur að keppendur mótsins hafi verið 507 en þar er ekki allt sem sýnist. Þar eru taldir skráðir keppendur í hverri grein og svo lagt saman. Þar með eru tvítaldir og þrítaldir þeir sem tóku þátt í fleiri en einni grein en hin rétta tala er nálægt 230 eins og fyrr segir.<sup>168</sup>

Þótt hið gamla Ungmennafélag Akureyrar væri sofnað svefninum langa voru margir af stofnendum þess enn á lífi. Þeim var öllum boðið á mótið sem heiðursgestum og komu flestir en þó ekki foringinn, Jóhannes Jósefsson. Hann sendi kveðju sína á mótið og þótti vænt um að munað var eftir honum.<sup>169</sup>

Ferðin til Akureyrar var ævintýri fyrir marga liðsmenn ungmennafélaganna. Bæði afreksmenn og óbreyttir komu á nýjar slóðir og kynntust öðru æskufólki sem stefndi að sama marki: Gera sitt besta í keppni, leik og starfi, og á ferðalögunum

efldist samkenndin og skapaði kynni sem stundum hafa varað ævilangt. Nú voru mörg samböndin með liðsmenn sína í samlitum æfingabúningum og það setti skemmtilegan blæ á mótið. Afrekin voru sífellt að batna og árangurinn af íþróttakennslu ungmennafélaganna var að koma í ljós. Allt var á framtíðarvegi.

<b>Heildarstig sambanda og félaga</b>	<b>stig</b>
1. HSK	234
2. UÍA	110
3. UMSE	57,5
4. HSP	57
5. HSH	55
6. UMSK	52,5
7. Umf. Keflavíkur	45
8. UMSB	28
9. USAH	21
10. UNP	18
11. HSS	9
12. UMSS	8
13. Umf. Reykjavíkur	7

<b>Stigahæstu keppendur</b>	<b>stig</b>	
Stefán Árnason, frjáls.	UMSE	17
Vilhjálmur Einarsson, frjáls.	UÍA	15
Sigríður Vigfúsdóttir, starfs.	HSK	13
Arndís Erlingsdóttir, starfs.	HSK	12
Sveinn Jónsson, frjáls., starfs.	UMSE	12
Ágúst Sigurðsson, sund, starfs.	HSK	11
Gestur Guðmundsson, frjáls.	UMSE	11
Haukur Engilbertsson, frjáls.	UMSB	11
Jón Geir Lúthersson, starfs.	HSP	11
Lilja Jóhannesdóttir, sund	UÍA	11
Hildur Þ. Björnsson, frjáls.	UNP	10
Jón Ólafsson, frjáls.	UÍA	10
Kristófer Jónasson, frjáls.	HSH	10
Eiríkur Karlsson, sund	UÍA	9,5



*Séð yfir mótssvæðið á völlumum neðan við Fangbrekku.*

## 10. landsmót UMFÍ á Þingvöllum 29.-30. júní 1957

### Afmælistmót á helgum stað

Fram að þessu höfðu landsmót og þing UMFÍ verið haldin á þriggja ára fresti en nú stóð sérstaklega á. Hálfrar aldar afmæli samtakanna var í nánd og stjórn UMFÍ var staðráðin í að halda myndarlega upp á þessi tímamót. Snemma kom upp sú hugmynd að halda landsmót á Þingvöllum á afmælisárinu og á þinginu á Akureyri 1955 var því slegið föstu. Nú voru aðeins tvö ár til stefnu og mörgu þurfti að sinna áður en þetta gat orðið að veruleika.

Vorið 1956 skipaði stjórn UMFÍ landsmótsnefnd og tilnefndi í hana menn frá UMSK, Ungmennafélagi Reykjavíkur og HSK auk tveggja stjórnarmanna. Stefán Ólafur Jónsson gjaldkeri UMFÍ var skipaður formaður nefndarinnar. Auk hans voru í henni Axel Jónsson stjórnarmaður UMFÍ, Ármann Pétursson formaður UMSK, Skúli Norðdahl frá Ungmennafélagi Reykjavíkur og Þórir Þorgeirsson íþróttakennari á Laugarvatni fyrir hönd Skarphéðins.

Aðstæður á Þingvöllum voru að mörgu leyti einstakar og ljóst að landsmót þar yrði frábrugðið



fyrri mótum. Fyrir lá að mótið yrði eingöngu á vegum UMFÍ að þessu sinni. Hið fyrsta sem þurfti að gera var að fá leyfi hjá Þingvallanefnd til að halda mótið. Stefán Ólafur gekk á fund Hermanns Jónassonar forsætisráðherra og formanns nefndarinnar og átti við hann langt og eftirminnilegt samtal. Hermann spurði margs um starf UMFÍ og væntanlegt fyrirkomulag mótsins. Að lokum sagði hann: „Þið fáið leyfi til að halda landsmótið á Þingvöllum, en þið megið ekki selja aðgang að mótinu!“

Þessi niðurstaða var í raun og veru reiðarslag fyrir nefndarmenn sem höfðu vonað að sala aðgöngumiða gæti staðið undir kostnaðinum af móts-haldinu. Stefán kvaðst hafa verið áhyggjufullur þegar hann gekk af fundi ráðherrans en sagði síðar:

Þá datt okkur í hug að láta gera merki í til-efni af 50 ára afmæli félagsins sem við gætum selt. Ég fékk samstarfsmann minn,



*Landsmótsnefndin. Axel Jónsson, Ármann Pétursson, Stefán Ólafur Jónsson, Skúli Norðdahl og Þórir Þorgeirsson.*

Þóri Sigurðsson myndlistarkennara til að teikna táknrænt merki fyrir starf og hugsjón ungmennafélaganna. Þá varð til þetta merki sem enn er notað – hvítblár fáni á birkilaufi með stöfunum UMFÍ.<sup>170</sup>

Stefán átti hugmyndina sem Þórir útfærði og teiknaði. Í skyndi var samið við fyrirtæki í Þýskalandi um að steypa merkið sem var selt um land allt. Merki seldust fyrir tæpar 30 þúsund krónur sem var stórfé og bjargaði fjárhag mótsins.<sup>171</sup> Margt var þó erfitt viðfangs því á Þingvöllum var engin aðstaða til mótahalds. Þar þurfti til dæmis að smíða stóran pall fyrir sýningar og dans. En timburskortur var svo mikill í landinu að það lá hvergi á lausu. Þá frétti Stefán af stórum palli á Bifröst í Borgarfirði sem væri falur. Honum tókst að klófesta pallinn og fékk sex félaga sína úr kennarahópi Laugarnesskólans með sér til að taka pallinn niður og setja hann upp á Þingvöllum. Allt var þetta unnið í sjálfböðavinnu.<sup>172</sup>

Óteljandi öðrum hlutum þurfti að sinna áður en allt var tilbúið. Koma upp hreinlætisaðstöðu og reisa veitingaskýli. Þingvallanefnd var hjálpleg við að lagfæra grasflöt fyrir neðan Fangbrekku og gera hana að íþróttavelli. Varla þarf að taka fram að Þorsteinn Einarsson var potturinn



*Merki landsmótsins er síðar varð merki UMFÍ.*

og þannan í vallargerðinni. Öllu var þó reynt að haga þannig að raska sem minnstu á þessum helga stað. Séra Jóhann Hannesson þjóðgarðsvörður studdi nefndarmenn með ráðum og dáð. Höskuldur Goði Karlsson íþróttakennari ferðaðist víða um land um vorið á vegum UMFÍ. Hann leiðbeindi á æfingum í vikivökum og fimleikum, frjálssíþróttum og knattspyrnu og var að lokum starfsmaður mótsins. Allir höfðu nefndarmenn margt að sýsla og einn þeirra, Þórir Þorgeirsson, bætti því á sig að þjálfa stóran hóp ungra pilta úr uppsveitum Árnessýslu og af Skeiðunum til fimleikasýningar.

Vegna afmælishátíðarinnar var landsmótsgreinum fækkað töluvert. Frjálssíþróttagreinar kvenna voru nú aðeins tvær en níu hjá körlum á móti fimm og þrettán sem voru á Akureyri. Knattspyrna karla bættist við en glíman féll niður í fyrsta og eina sinn. Handbolti kvenna fékk að halda sér en ákveðið var að sleppa öllum starfsíþróttum. Sundið fór fram í Hveragerði og líklega hefur mönnum þótt frágangssök að synda í Þingvallavatni sem sprettur ískalt fram undan hrauninu. Leikskráin var hálfgerður bastarður. Flenni stór og fór ekki vel í vasa.



Stúlkurnar sem hlupu til úrslita í 80 metra hlaupi. Frá vinstri: Oddrún Guðmundsdóttir UMSS, Salvör Hannesdóttir HSK, Ingibjörg Sveinsdóttir HSK, Margrét Árnadóttir HSK, Matthildur Þórhallsdóttir UMSE og Sæunn Steindórsdóttir UMSE.

Tveim vikum áður en mótið hófst var ung stúlka með stjörnur í augum, Bryndís Schram að nafni, krýnd fegurðardrottning Íslands í Tívoli í Reykjavík.<sup>173</sup> Óvíst er að allir ungmennafélagar hafi veitt þeim viðburði mikla athygli. Leið þeirra lá til Þingvalla á landsmótið og þar var að finna fríðar meyar og frísklega sveina.

Ungmennafélagar hópuðust á Þingvelli í hátíðarskapi og von bráðar var risin upp mikil tjaldborg svo varla hafði sést önnur eins á landsmótum. Hér var líka ekki í nein hús að venda, allir bjuggu í tjöldum og undu sér vel. Tjaldbúðalífið er gróðurreitir hinnar sérstöku samkenndar sem aðeins þeir sem farið hafa á landsmót kunna frá að segja. Þar styrkja menn vináttuböndin innan hópsins og stofna til kynna við fólk úr öðrum landshlutum sem stefnir að sama marki. Nú var ekkert að vanbúnaði. Afmælishátíðin gat hafist.

## Sprett úr spori á Þingvöllum

Mótið hófst á hefðbundinn hátt á völlum svo kölluðu fyrir neðan Fangbrekku. Lúðrasveitin Svanur þeytti lúðra sína og kallaði keppendur fram í skrudfýlkingu. Nú var áhorfendum ekki

lengur boðið að vera með í skrudgöngunni. Þess í stað settust þeir í brekkuna ofan við vellina og fylgdust með flokkum héraðsambandanna í litríkum samstæðum bún-ingum ganga fram með fána sína og merki. Gangan var tilkomumikil og glæsileg. Í fararbroddi var Sigfús Sigurðsson kúluvarpari frá Selfossi. Næstir gengu fánaberar með íslenska fána en trumbuslagarar og Þorsteinn Einarsson sáu til þess að allir gengju í takt.

Skrúðgangan staðnæmdist framan við ræðupall á miðjum vellinum. Þar steig fram forseti Íslands,



*Karlar sem hlupu til úrslita í 100 metra hlaupi. Frá vinstri: Ólafur Unnsteinsson HSK, Þóroddur Jóhannsson UMSE, Guðmundur Hallgrímsson UÍA, Hergeir Kristgeirsson HSK og Karl Björnsson HSP.*

Ásgeir Ásgeirsson, og flutti ávarp. Hann færði UMFÍ fagran bikar að gjöf, farandgrip handa stigahæsta sambandinu. Nú voru Skarphéðinsmenn búnir að vinna verðlaunaskjöldinn frá 1940 þrisvar í röð og þar með til eignar eins og reglu-



*Ólafur Unnsteinsson kemur í mark í 100 metra hlaupinu á undan Karli Björnssyni sem varð annar.*

gerðin sagði til um. Þegar bikarinn var kominn var ekkert því til fyrirstöðu að hefja keppnina, bæði á Þingvöllum og í Hveragerði. Veður var hlýtt og milt en skýjað var yfir og sólina vantaði.

Ekki var örlætinu fyrir að fara í garð kvenna á þessu landsmóti. Aðeins stóð til boða fyrir þær að keppa í spretthlaupi og boðhlaupi í fjálsíþróttum. Hlaupastúlkur Skarphéðins frá síðasta móti, þær Margrét Árnadóttir og Salvör Hannesdóttir, gerðu

sitt besta en urðu að láta í minni pokann fyrir Matthildi Þórhallsdóttur úr Eyjafirði í 80 metra hlaupinu. Í 5×80 metra boðhlaupi varð sama uppi á teningnum. Matthildur sigraði á lokasprettinum rétt á undan Margréti. Þrjár fyrstu sveitirnar voru næstum á sama tíma, munaði sekúndubroti á hverri þeirra. Í þriðja sæti voru Austur-Húnavetningar sem tóku aðeins þátt í boðhlaupinu en létu 80 metrana eiga sig.<sup>174</sup>

Karlarnir höfðu úr meiru að móða á vellinum. Eftir undanrásir og milliriðla hafði fækkað í hópi 100 metra hlaupara úr 24 í fimm og hlupu þeir úrslitahlaupið á sunnudaginn. Áður en til þess kom tóku þeir allir þátt í úrslitahlaupi 1000 metra boðhlaupsins sem var ný grein á landsmóti. Það fór þannig fram að fyrsti maður í hverri sveit hljóp 100 metra, sá næsti 200, þriðji maður 300 og fjórði maðurinn 400 metra.

Síðasti maður í sveit Skarphéðins var ljóshærður, grannvaxinn piltur úr Hveragerði, Ólafur Unnsteinsson að nafni. Hann gneistaði af snerpu og keppnisskapi þegar hann tók við keflinu í fjórða sæti í boðhlaupinu. Hann geystist á fullri ferð fram úr hlaupurum UÍA og UMSE en forskot Pálma Jónssonar á Akri sem hljóp fyrir Austur-Húnavetninga var of mikið og þeir sigruðu. Millitími Ólafs var 52,6 sekúndur sem var betra en landsmótsmetið í 400 metrum. Þegar hann var búinn að kasta mæðinni var komið að úrslitahlaupi í 100 metrunum.



Þegar skotið reið af sat Ólafur eftir en tók þó fljótlega forystuna. Snerpan var gífurleg og hann stakk sér á marklínuna sem sigurvegari á 11,9 sekúndum í mótvindi. Keppnin var hörð og spennandi því þrír næstu menn voru á sama tíma, 12,0 sekúndum. Það voru Karl Björnsson HSB, Hergeir Kristgeirsson HSK og Guðmundur Hallgrímsson UÍA. Fimmti maðurinn var Þóroddur Jóhannsson UMSE sem lengi keppti jöfnum höndum í spretthlaupum og kúluvarpi.<sup>175</sup>

Í 1500 metra hlaupinu sigraði enn einn hlaupagikkurinn úr Eyjafirði, Jón Gíslason frá Vallholti, á glettilega góðum tíma, 4:12,4 mínútum. Mikil keppni varð milli þriggja efstu manna en annar varð Austfirðingurinn Bergur Hallgrímsson, rétt á undan Stefáni Árnasyni sigurvegara síðasta landsmóts. Fimmtán luku hlaupinu. Jón sigraði einnig í 5000 metrunum en tíminn þar var snöggtum lakari.<sup>176</sup>

## Í fótspor Gunnars á Hlíðarenda

Á héraðsmóti Skarphéðins á Þjórsártúni rétt fyrir landsmótið hafði ungur maður frá Selfossi, Ingólfur Bárðarson, vakið mikla athygli fyrir árangur sinn í hástökki. Ingólfur stökk 1,85 metra sem var þá besti árangur ársins. Ingólfur var íþróttamannslega byggður, hávaxinn og grannur, en þetta gekk þó næst afreki fornkeppans Gunnars á Hlíðarenda sem sagt var að hefði stokkið hæð sína í loft upp. Ingólfur endurtók afrek sitt á landsmótinu og sigraði með yfirburðum. Næstu menn stukku 1,70 m. Hástökk Ingólfs var talið besta afrek mótsins.



*Ingólfur Bárðarson sigraði í hástökki.*

Snæfellingar einokuðu þristökkið. Jón Pétursson sigraði með 13,65 metra stökki og næstur kom félagi hans Þórður Indriðason sem stökk 13,24. Fleiri fóru ekki yfir þrettán metrana. Í langstökkinu sveif Skagfirðingurinn Ragnar Guðmundsson lengst en næstur kom Ólafur Ingvarsson úr Kjósinni.

Áfram hélt einvígið hjá kúluvörpurunum tveimur, Gesti Guðmundssyni og Ágústi Ásgrímssyni. Þetta var þriðja landsmótið í röð sem þeir leiddu saman hesta sína og báðir höfðu sigrað naumlega einu sinni. Í þetta sinn var stríðsgæfan með Ágústi en munurinn gat tæplega verið minni. Hann kastaði 14,33 á móti kasti Gestis upp á 14,31 metra. Gestur náði sér hins vegar á strik í kringlukastinu. Hann var í sérflokki og kastaði fjórum metrum lengra en næsti maður. Dágóðir yfirburðir þar. Næstur kom Jón Pétursson, sigurvegarinn í þristökkinu, en hann átti eftir að láta að sér kveða á köstum síðar. Eyfirðingar voru stigahæstir í frjálsíþróttum með 59 stig en næstir komu Skarphéðinsmenn með 51 stig. Það var hins vegar fjölhæfnin sem dró Skarphéðinsmenn lengst til sigurs í mótinu en þeir voru snemma þekktir fyrir að taka þátt í flestum greinum.<sup>177</sup>

## Synt í Laugaskarði

Nú var í fyrsta sinn gripið til þess ráðs að hafa keppnisgrein fjarri aðalleikvangi vegna betri aðstöðu. Þetta hafa margir landsmótsþahaldarar látið sig hafa síðan en meginreglan er þó sú að því nær sem keppnisgreinar eru leikvanginum, því betra.

Það var hins vegar ekki viðlit að bjóða upp á sundkeppni á Þingvöllum og var það sundmönnum lítið harmsefni.

Keflvíkingar mættu til laugar með einvalalið. Fremst í flokki keflvískra sundkvenna var Inga Árnadóttir sem sigraði bæði í 50 metra frjálsri aðferð og 100 metra bringusundi. Í bringusundinu náði smávaxin telpa úr Biskupstungum, nýorðin 13 ára, öðru sæti. Þetta var Sigríður Sæland sem gekk næst





*Inga Árnadóttir og Valgarður Egilsson urðu stigahæst í sundi.*

Ingu Árnadóttur í stigakeppni sundsins. Sigríður gerði sér lítið fyrir og sigraði í 500 metra frjálsri aðferð. Hennar frjálsa aðferð var að synda bringusund enda kunní hún ekkert annað. Skarphéðinskonur sigruðu fjórfalt í langfundinu sem virðist ekki hafa verið stundað suður með sjó, allavega kepptu engar konur frá Keflavík í því. Boðsundið var hinsvegar þeirra eign enda gerðu helstu keppinautar þeirra ógilt.

Í karlaflokknum bar mest á Þingeyingnum Valgarði Egilssyni frá Grenivík. Hann var bróðir Áskels Egilssonar sem hraðast synti í 1000 metra sundinu á Akureyri 1955 en fékk met sitt ekki staðfest. Fyrst var keppt í 200 metra bringusundi og þar sigraði Valgarður auðveldlega, á undan Ágústi Sigurðssyni frá Birtingaholti. Þriðji varð Hörður Finnsson úr Keflavík. Hörður var hins vegar yfirburðamaður í 1000 metra sundinu og kom í mark mínútu á undan næsta manni sem var Valgarður.

Í 100 metra frjálsri aðferð sigraði annar Keflvíkingur, Guðmundur Sigurðsson, nokkuð á undan stigakóngi landsmótsins á Akureyri Eiríki Karlssyni. Í boðsundinu sýndu Keflvíkingar endanlega hverjir voru bestir og sigruðu með yfirburðum. Þeir voru stigahæstir í sundinu með 57

stig en á hæla þeim komu Skarphéðismenn með 55 stig. Stigahæstur karla var eins og vænta mátti Valgarður Egilsson.<sup>178</sup>

## **Blautur pallur, boltaleikir og bergmál í gjánni**

Nú var knattspyrna í fyrsta sinn meðal keppnisgreina og þrjú lið höfðu skráð sig til leiks. Fyrsta viðeignin var á milli Kjalnesinga og Vestur-Húnavetninga. Það var leikur kattarins að músinni því Kjalnesingar skorðu átta mörk án þess að Húnavetningum tækist að svara fyrir sig. Næst léku Húnavetningar við Þingeyinga og gekk þá örlítið betur því þeim tókst að skora eitt mark en Þingeyingar settu sjö. Í úrslitaleiknum við Kjalnesinga voru Þingeyingar í essinu sínu og settu fjögur mörk gegn einu.

Í handknattleik kvenna var úrslitaleikurinn á milli Skagfirðinga og Kjalnesinga en undankeppni var lokið áður en mótið hófst. Stúlkurnar gerðu sitt besta á ósléttum vellinum en Kjalnesingar sigruðu með sjö mörkum á móti fimm.

Á laugardagskvöldið klukkan sex hófst hinn hefðbundni ungmennafélagsfundur. Ekki var þó almennt málfrelsi heldur töluðu valdir ræðuskörungar yfir lýðnum. Veður var hið besta og fólkið sat eða stóð í Fangbrekku og hlustaði með athygli. Þegar fundinum lauk stigu fram 50 pör af félagssvæði Skarphéðins og dönsuðu vikivaka undir stjórn Sigríðar Valgeirsdóttur við undirleik Unnar Eyfells. Sýningin var tilkomumikil og vel heppnuð enda hlaut hún góðar viðtökur áhorfenda.

Deginum lauk með dansleik þar sem hljómsveit Björns R. Einarssonar spilaði vínarkrus, ræla og valsa og síðast en ekki síst „rock“, þessa villtu og hávaðasömu tónlist sem nýlega hafði borist utan úr heimi. Dalalæðan lagðist yfir í kvöldkyrrðinni þegar dansinum lauk um tvöleytið og þörin leiddust burtu nema eitt sem sat eftir í Fangbrekku og hugsaði sitt.<sup>179</sup>

Á sunnudaginn hafði veðri brugðið til hins verra. Skömmu eftir hádegið fór að rigna og gekk á með gusti og skúrum fram eftir degi. Þetta gerði út af við fyrirhugaða bændaglímu sem átti að fara fram á pallinum. Pallurinn var blautur og sleipur og ekki stætt á honum til glímukeppni. Hálfri öld fyrr hefðu menn líklega glott út í annað og tekið glímütökum á grasflötinni eins og gert hefur verið frá alda öðli við Fangbrekku. Nú voru menn



*Fimleikaflokkur Þóris Þorgeirssonar sýnir á Þingvöllum.*

hins vegar orðnir vanir timbrinu og vildu halda sig við það. Þetta hafði hins vegar engin áhrif á hina hefðbundnu guðsþjónustu. Séra Eiríkur gat þrumað yfir lýðnum jafnt í blíðu og stríðu veðri og nú ræddi hann um manngildishugsjón hinna fornu íslensku laga sem sögð voru fram á Þingvöllum.

Stefán Ólafur Jónsson flutti nú ræðu og setti hátíðina formlega. Þá gekk Þórir Þorgeirsson fram með flokk 47 ungra manna sem hann hafði þjálfað. Þeir sýndu fimleika og Unnur Eyfells lék undir á píanó. Hinir vösku sveitadrengir drógu hvergi af sér og hlutu góðar undirtektir. Þá voru fluttar ræður og Kristinn Hallsson óperusöngvari lét sína sterku rödd bergmála í Almannagjá. Erlendir gestir fluttu góðar óskir og færðu gjafir, Lúðrasveitin lék þjóðsöng viðkomandi lands hverju sinni.

Að áliðnum degi fór aftur fram vikivakasýning en samtímis var í Valhöll haldið samsæti til heiðurs gömlum ungmennafélögum. Af þeirra hálfu töluðu Bernharð Stefánsson, Arngrímur Fr. Bjarnason og Lárus Rist.<sup>180</sup> Bernharð var einn af stofnendunum 1907 og Arngrímur var þar einnig staddur en hætti við að gerast stofnandi eins og frægt varð þegar hann frétti um bindindisákvæðið.

Um kvöldið voru verðlaun afhent og mótið gert upp. Sem vænta mátti hafði þátttakendum fækkað því greinar voru færri. Keppendur voru 214 talsins. Það voru 105 frjálsíþróttamenn, 47 sundkappar, 42 knattspyrnumenn og 20 handboltakonur.<sup>181</sup> Svo liðkuðu menn dansfætur sína til miðnættis. Þá hélt Stefán Ólafur stutta tölu og sagði samkomunni slítið. Hann gat verið ánægður með árangur sinn og sinna manna. Þeim hafði tekist hið ómögulega, að halda stóra samkomu á Þingvöllum, stað sem hafði allt með sér hvað náttúruna snerti en vantaði þó flest sem nauðsynlegt þykir að hafa á slíkum mótum.

Nú var bara eitt ógert. Gústaf Adolf 6. konungur Svíþjóðar var í opinberri heimsókn á Íslandi. Ríkisstjórnin ætlaði að sýna honum Þingvelli snemma á mánudag og hafði sett það skilyrði að þar væri ekkert rusl að finna um það leyti. Stefán Ólafur safnaði því liði strax eftir að hann sleit hátíðinni til að hreinsa ruslið af mótssvæðinu. Það stóð heima að því verki var lokið þegar bílalest hinna virðulegu gesta rann inn á Þingvöll rétt fyrir hádegi mánudaginn 1. júlí 1957.<sup>182</sup>



Séð yfir tjaldborgina.

Heildarstig sambanda og félaga	stig	Stigahæstu keppendu		stig
1. HSK	106	Inga Árnadóttir, sund	Umf.K	12
2. Umf. Keflavíkur	65,5	Jón Gíslason, frjáls.	UMSE	12
3. UMSE	59	Jón Pétursson, frjáls.	HSH	12
4. UÍA	37	Gestur Guðmundsson, frjáls.	UMSE	11
5. HSP	33	Sigríður Sæland, sund	HSK	11
6. HSH	32	Valgarður Egilsson, sund	HSP	11
7. UMSK	20	Hörður Finnsson, sund	Umf.K	10
8. USAH	16	Þórður Indriðason, frjáls.	HSH	9
9. UMSS	11	Ólafur Unnsteinsson, frjáls.	HSK	8
10. UMSV	10	Ragnar Guðmundsson, frjáls.	UMSS	8
11. UMSB	4,5	Guðmundur Hallgrímsson, frjáls.	UÍA	7
12. Umf. Reykjavíkur	3	Margeir Sigurbjörnsson, frjáls.	Umf.K	7
USÚ	0	Sigurður Friðriksson, sund	Umf.K	7
USVH	0			
USVS	0			





*Skrúðganga íþróttafólks og leiðtoga gengur til íþróttavallarins.*

## 11. landsmót UMFÍ á Laugum 1.-2. júlí 1961



### Boðið til landsmóts á Laugum

Eftir afmælistótið á Þingvöllum 1957 voru aðstandendur þess sælir og glaðir en reyndar nokkuð lúnir eftir alla sína fyrirhöfn. Þingvallamótið var stórvirki, enginn efaðist um það, en nú þurfti að huga að næsta móti. Vegna afmælisins hafði þriggja ára reglan farið úr skordum og nú vildi helsti frumkvöðull mótanna, Sigurður Greipsson í Haukadál, rétta kúrsinn af. Á sambandsráðsfundi UMFÍ í Reykjavík haustið 1958 lagði hann til að næsta landsmót yrði haldið árið 1961, fjór-

um árum eftir Þingvallamótið. Það var samþykkt samhljóða en þá var eftir að ákveða mótsstaðinn.<sup>183</sup>

Hann kom til umræðu á þingi UMFÍ sem haldið var í Reykjavík haustið 1959. Fram komu hugmyndir um Núp í Dýrafirði, Reyki í Hrútafirði og jafnvel Reykjavík þar sem landsmótin voru haldin 1911 og 1914. Margir tóku til máls en mesta athygli vakti tala Óskars Ágústssonar, íþróttakennara á Laugum í Reykjadal. Óskar var formaður HSP og kvaðst vera á móti því að halda landsmót í Reykjavík. Þar myndi mótið bara



hverfa og það yrði ekki eins mikil sál í því. Óskar bauð að HSP héldi næsta landsmót á Laugum og taldi að hægt væri að halda það án tekjuhalla. Þetta var í fyrsta sinn sem héraðssamband bauðst að fyrra bragði til að halda landsmót og þingmenn setti hljóða yfir þessum tíðindum. Óskar var ekki ánægður með undirtektirnar og ítrekaði boð sitt. Íþróttanefnd þingsins fjallaði svo um málið og mælti með að þiggja boð Þingeyinga. Þar með var hægt að hefjast handa.<sup>184</sup>

Óskar Ágústsson var ásamt félögum sínum meira en tilbúinn að halda landsmót á Laugum. Hann rak þar hótél á sumrin og hafði umsjón mótuneytis en þar var þá nýbúið að byggja borðsal. Hann var í lykilstöðu og þurfti ekki að rifast við neinn um hlutina nema sjálfan sig, eins og hann áréttaði síðar.<sup>185</sup> Aðstaðan frá landsmótinu 1946 var enn í góðu lagi. Þarna var ágætur íþróttavöllur á vallendisbökkum inn á milli jökulgarða. Sundtjörninn var á sínum stað og nú voru komnir í hana silungar sundköppum til samlætis.

Fljótlega var skipuð landsmótsnefnd. Óskar Ágústsson var að sjálfsögðu formaður hennar og aðrir Þingeyingar voru Þorsteinn Glúmsson bóndi í Vallakoti, Þráinn Þórisson skólástjóri á Skútu-stöðum og Friðgeir Björnsson, síðar borgardómari. UMFÍ tilnefndi í nefndina gjaldkera sinn, Ármann Pétursson. Þá var áréttað að niðurfelling starfsíþróttanna á síðasta landsmóti hefði aðeins verið tímabundin ráðstöfun og nú yrði tekið til við þær aftur af fullum krafti. Það var mjög í anda Þingeyinga sem voru áhugasamir um starfsíþróttir.


Ekki lágu menn á liði sínu. Nú voru landsmóttin orðin svo viðamikil að hóp manna þurfti til að undirbúa þau. Til dæmis var hin einbreiða brú yfir Reykjadalá mikill tálmi á leiðinni milli skólans og vallarins því yfir hana þurftu svo til allir að fara samtímis. Vandinn var leystur með smíði

göngubrúar og þá gekk allt eins og í sögu. Starfsmenn mótsins voru á annað hundrað og flestir voru heimamenn, staðráðnir í að standa sig vel. Auðvitað var Þorsteinn Einarsson mótsstjóri. Slíkt var svo sjálfsagt að það þurfti tæplega að nefna. Hann var líka göngustjóri, glímustjóri og yfirdómari á mótinu! Þetta má lesa í leikskrá mótsins sem var óvenju vönduð, vel myndskreytt og ýtarleg. Brátt var ekkert að vanbúnaði, mótið gat hafist.<sup>186</sup>

## Fjölmennt og friðsælt

Skólasetrið Laugar iðaði af lífi þessa helgi. Hér mátti sjá unga fólkið úr sveitum landsins sem var mætt til að reyna með sér og hlakkaði til. Það hikaði við að ganga til meistarakeppni í Reykjavík þar sem það átti von á að mæta langþjálfuðum íþróttagörpum en á landsmótunum voru möguleikarnir meiri. Margir höfðu slegið í gegn á héraðsmótunum heima fyrir en stundum dugði það skammt í harðri keppni landsmótanna. Með í för voru vinir og félagar, þjálfarar og áhorfendur sem fylgdust með af áhuga. Mótsgestir töldust vera um 8000 og keppendur í íþróttum voru 362. Þá eru taldir með þeir sem kepptu til úrslita í handbolta og fótbolta.<sup>187</sup> Á mótinu var keppt í 45 greinum og í 12 þeirra náðist betri árangur en nokkru sinni fyrr.<sup>188</sup>

Á föstudaginn brunuðu margir rútabílar í hlað á Laugum með keppnislið úr ýmsum héruðum. Þau sem lengst höfðu farið áttu 600 kílómetra leið að baki. Á túninu austan við skólahúsið stóðu von bráðar um 600 tjöld og hafði önnur eins tjaldborg aldrei sést á Norðurlandi að sögn kunnugra. Hvert héraðssamband hafði sinn afmarkaða blett og hagleiksmenn þeirra höfðu lagt metnað sinn í að útbúa hlið við innganginn. Þau voru fagurlega skreytt með táknrænum myndum og einkennis-



Landsmótsnefndarmenn. Óskar Ágústsson, Þráinn Þórisson, Þorsteinn Glúmsson, Friðgeir Björnsson og Ármann Pétursson.

stöfum sambandanna. Fram eftir degi var ys og þys. Sumir keppendur tóku æfingu á túnunum, en aðrir hvíldu sig fyrir átök morgundagsins. Undir miðnætti sátu tvær ungar frænkur úr Flóanum fyrir utan tjaldið og sungu um Katarínu á klettaynni. Ragnheiður Stefánsdóttir í Vorsabæ sló gítarinn og Helga Ívarsdóttir á Vorsabæjarhóli söng með.<sup>189</sup>

Fyrri mótsdagurinn heilsaði með glampandi sólskini og mildum sunnanblæ þegar menn stilltu sér upp í hina hefðbundnu skrúðgöngu undir rögg-samri stjórn Þorsteins Einarssonar. Sumir flokkarnir voru á stuttbuxum í blíðunni. Löngum hefur verið sagt að Íslendingar kunni ekki að ganga í takt en hér var annað uppi á teningnum. Ungu íþróttafólkið gekk skipulega og með reisu inn á völlinn og hlýddi á ávarp Eiríks J. Eiríkssonar. Lúðrasveitin barði bumbur og þandi lúðra og svo hófst keppnin.

## Hopp og stökk og hlaup og köst

Að vanda var fjálsíþróttakeppnin mest áberandi á landsmótinu. Skarphéðismenn áttu úrvalslið en heimamenn voru hvergi bangnir við Sunnlendinga. Draumur Þingeyinga var að sigra á mótinu og þeir sendu valið lið í allar greinar mótsins nema glímuna.

En nú hófst keppnin úti á vellinum. Í 100 metra hlaupi karla var enginn smáræðis hópur mættur til að reyna með sér. 24 keppendur sprettu úr spori í undanrásum. Strax í fyrsta riðli náði sigurvegarinn frá Þingvöllum, Ólafur Unnsteinsson, frábærum tíma, 11,1 sekúndu, og gaf tóninn fyrir framhaldið. Ólafur hélt sigurgöngunni áfram í milliriðlum en í úrslitunum var spennustigið orðið hátt og hann þjófstartaði í byrjun. Næst tókst startið vel. Ólafur seig fram úr hættulegasta keppinaut sínum, Þóroddi Jóhannssyni, og sigraði örugglega á 11,3 sekúndum. Þóroddur var sekúndubroti á eftir og broti á eftir honum Skagfirðingurinn Ragnar Guðmundsson.<sup>190</sup>

Í bæði 400 m og 1500 m hlaupum voru hlaupnar undanrásir svo það var búið að taka úr hlaupurunum mesta hrollinn þegar kom að úrslitum, eða svo töldu áhorfendur. Í 400 metra hlaupinu var Guðmundur Hallgrímsson frá Fáskrúðsfirði sigurviss því hann var langfremstur þegar komið var á beinu brautina. En Birgir Marinósson Eyfirðingur hafði geymt sér varaorku og þaut fram úr Guðmundi rétt við markið og sigraði. Í 1500




*Ólafur Unnsteinsson sigrar í harðri keppni 100 metra hlaupsins á undan Þóroddi Jóhannssyni og Valdemari Steingrímssyni.*

og 5000 metrunum hafði borgfirski hlauparinn Haukur Engilbertsson gífurlega yfirburði. Þessi ljóshærði hvirfilvindur hreinlega stakk af og var kominn í mark í 1500 metrunum þegar annar maður, Hafsteinn Sveinsson, var nýkominn á beinu brautina. Í 5000 metrunum var Haukur tæplega hring á undan Hafsteini í öðru sæti, sem var öðru vanur á hlaupbrautinni.

Í kúluvarpi ógnaði enginn sigri Snæfellingssins sterka, Ágústs Ásgrímssonar, sem kastaði 14,32 metra, einum sentimetra skemur en á Þingvöllum. Þetta var þriðji sigur Ágústs í röð á landsmóti og í fimmta sinn sem hann vann til verðlauna. Sannarlega frábær ferill. Sigurinn í kringlukasti féll Guðmundi Hallgrímssyni í skaut. Það var vel að merkja ekki Guðmundur Austfirðingur, heldur nafni hans úr Þingeyjarsýslu.

Allir töldu víst að Ingólfur Bárðarson, sigurvegarinn frá Þingvöllum, myndi sigra í hástökkinu. Öllum á óvart var það Hörður Jóhannsson úr Eyjafirði sem dæmdist efstur en báðir stukku sömu hæð, 1,70, ásamt Heiðari Georgssyni úr Njarðvíkum. Hástökkið fór fram á sunnudaginn og þá var farið að rigna. Þar með fóru stökkvarar að sökkva í gljúpan völlinn en Hörður fann snarrotarhnúsk sem dugði vel sem stökkpallur og vann á því. Heiðar sveif hins vegar í hæðir í stangarstökkinu og setti nýtt landsmótsmet með 3,86 metra stökki.<sup>191</sup>



*Haukur Engilbertsson var sigursæll í lengri hlaupum.*

Í langstökki og þristökki fóru fram einvígi milli Ólafs Unnsteinssonar og Snæfellingins léttstíga, Þórðar Indriðasonar. Í þristökkinu náði Ólafur sínu langbesta stökki í síðustu umferð, 14,24 metrum. Þar með sló hann landsmótsmet Vilhjálms Einarssonar og var sigurviss. En Þórður átti síðasta stökkið og sveif tveimur sentimetrum lengra. Þar með skipti landsmótsmetið um eigendur. Í langstökki náði Þórður góðu stökki, 6,75 metrum, þegar í annarri umferð. Ólafur hjó nærri því í síðasta stökki en varð aftur að sjá á eftir gullinu í hendur Þórðar. Það var huggun harmi gegn að Ólafur varð stigahæstur í frjálsíþróttum. Árangur hans í 100 metrunum var besta afrek mótsins og gaf 870 stig. Þristökk Þórðar gaf 835 stig. Dómnefnd mótsins var tvístígandi yfir því hvort ætti að taka árangur Ólafs gildan þar sem hann var unninn í undanrásum. Slíkt þætti sjálfsagt í dag en á þeim tíma voru það úrslitin sem höfðu mest að segja. Niðurstaðan varð sú að báðir fengu bikar eftir mótið.<sup>192</sup>

Búið var að fjölga kvennagreinum og nú voru komnar til sögunnar margar sprækar stúlkur. Í 100 metra hlaupinu voru skráðir 30 keppendur og milliríðlar voru þrír. Í þeim sigruðu Björk Ingi-mundardóttir UMSB, Guðlaug Steingrimsdóttir USAH og Helga Ívarsdóttir HSK. Í úrslitum



*Guðlaug Steingrimsdóttir var stigahæst í frjálsíþróttum.*

komu þær í markið í þessari röð en Björk vann með sjónarmun.

Í langstöckinu sigraði Kristín Einarsdóttir UÍA með tæplega fimm metra stökki en landsmótsmet Margrétar Hallgrímsdóttur var ekki í hættu. Hástöckið vann Sigrún Jóhannsdóttir frá Akranesi. Fyrr á árinu höfðu Skagamenn stofnað Ungmennafélagið Skipaskaga og hinir sjö liðsmenn þess nældu sér í áttunda sæti í stigakeppni mótsins. Oddrún Guðmundsdóttir úr Skagafirði sigraði með yfirburðum í kúluvarpi, kastaði 10,64 m, nákvæmlega metra lengra en næsti keppandi. Oddrún var einnig liðtækur hlaupari og sigraði í 200 metra hlaupi sem var aukagrein og ekki reiknuð til stiga.

Í kringlukastinu sigraði hávaxin, norræn gyðja, Ragnheiður Pálsdóttir frá Búrfelli í Grímsnesi. Ragnheiður var lengi meðal bestu kastara landsins og var að hefja íþróttuferil sinn um þessar mundir. Í 5×80 metra boðhlaupinu sigruðu Húnavetningar og þar munaði mest um Guðlaugu Steingrimsdóttur á Móbergi sem hafði náð bestum tíma í undanrásum 100 metra hlaupsins, 13,0 sekúndum. Á landsmótinu í Vejle í Danmörku, sem ungmennafélagar heimsóttu síðar um sumarið, settu Guðlaug, þrír félagar hennar úr USAH og Helga Ívarsdóttir HSK Íslandsmet í þessari





*Frá sundkeppninni í tjörninni á Laugum.*

boðhlaupsvegalengd sem árið eftir vék fyrir fjórum sinnum hundrað metrunum.<sup>193</sup>

## Í kapp við silungana

Sú ákvörðun mótsnefndar að hafa sundkeppnina í tjörninni á Laugum vakti engan fögnuð í brjóstum sundmanna sem höfðu vanist hæfilega heitum laugum við æfingar og keppni. Kalsaríning hafði verið dagana fyrir mótið og tjörninn var ísköld. Reyndar var vatninu úr innilauginni dælt í eitt hornið á tjörninni og hlýnaði hún við það á nokkurra fermetra svæði. Þar mældist hún 17 gráðu heit en keppendur fullyrða að víðast hvar hafi hún verið miklu kaldari. Allavega voru silungarnir í tjörninni sprækir og skvettu sér við bakkana. Ekki fer sögum af þátttöku þeirra í sundinu en val sundstaðarins á Laugum var óneitanlega fremur í þágu áhorfenda en keppenda.

Guðmundur Sigurðsson úr Keflavík var ókrýndur sundkóngur Laugamótsins. Hann sigraði í öllum greinum nema bringusundinu. Þar varð heimaðurinn Valgarður Egilsson hlutskarpastur enda var hann búinn að æfa í tjörninni um vorið og farinn að venjast kuldinum. Í 100 metra baksundinu svarf kuldinn svo að tveimur keppendum, Davíð

Valgarðssyni Ungmennafélag Keflavíkur og Helga Björgvínssyni HSK, að minnstu munaði að þeim tækist að ljúka sundinu. Guðjón Vigfússon á Húsatóftum fór fram úr báðum í síðustu ferðinni og náði þriðja sæti en sagðist aldrei hafa átt möguleika í þessa sundgarpa í venjulegri laug.<sup>194</sup> Davíð var yngsti keppandi mótsins, 13 ára gamall, og vakti mikla athygli þegar hann náði öðru sæti í 1000 metrunum. Hann varð snemma einn af bestu sundmönnum landsins og átti eftir að gera garðinn frægan á fleiri landsmótum.

Fjórir keppendur létu ógert að reyna við 1000 metra sundið vegna kuldans. Tveir þeirra voru Skarphéðinsmenn og sumir vildu meina að þetta hefði sett sigur sambandsins í hættu. Það var þó orðum aukið því þeir hefðu í mesta lagi getað bætt einu stigi í safn HSK miðað við úrslitin. En stigakeppnin við Þingeyinga var hörð og hvert stig dýrmætt.

Sigríður Sæland HSK var óumdeild sunddrottning Laugamótsins. Hún vakti athygli á sundmóti landsmótsins 1957, sem reyndar fór fram í Hveragerði, þá ekki nema 13 ára en afrekskona í bringusundi. Nú var hún orðin 17 ára og búin að læra skriðsund fyrir utan að vera frábærlega úthaldsgóð. Hún sigraði með yfirburðum í stysta og



lengsta sundinu, 50 metra og 500 metra frjálstri aðferð. Svo varð hún önnur í bringusundi á eftir félaga sínum, Jóhönnu Vigfúsdóttur frá Húsatóftum. Í baksundinu varð Inga Helen Leós frá Keflavík hlutskörpust. Keflvíkingar og Skarphéðingsmenn börðust hart um sigurinn í stiga-keppni sundsins. Þeir fyrrnefndu sigruðu naumlega og tryggðu sér þar með stigabikarinn.<sup>195</sup>

## Starfsíþróttir á heimavelli en glíman ekki

Í handknattleik kvenna var lið Kjalnesinga sigursælt og hafði yfirburði yfir Þingeyinga og Borgfirðinga. Þessi þrjú lið kepptu til úrslita á mótinu en þrjú lið önnur tóku þátt í undankeppni. Þingeyingar urðu í öðru sæti en Borgfirðingar ráku lestina. Tíu lið tóku þátt í undankeppni knattspyrnunnar og þrjú þeirra kepptu til úrslita á mótinu. Það voru hinir léttleikandi Keflvíkingar sem sigruðu Þingeyinga í úrslitaleik með fjórum mörkum gegn tveimur. Í þriðja sæti voru Borgfirðingar sem áttu í vök að verjast og skorðu aðeins eitt mark gegn 13 mörkum hinna liðanna.

Nú var starfsíþróttum gert hátt undir höfði og bætt fyrir fjarveru þeirra á Þingvöllum. Keppt var í sjö greinum og ekki nóg með það heldur var

keppnin tvöföld því alls staðar var einnig keppt í unglingsaflokki. Stefán Ólafur Jónsson hafði farið um landið til að kynna og leiðbeina. Hann undraðist vanþekkingu landsmanna á jurtum og bætti við nýrri grein, jurtagreiningu. Hann lagði áherslu á að fólk lærði að þekkja 150 valdar tegundir. Svo var gróðursetning trjáplantna mjög í anda markmiðsins um ræktun lýðs og lands.<sup>196</sup> Þessar greinar voru opnar báðum kynjum en konur fengu matreiðslu og saumaskap sérstaklega í sinn hlut. Búfjárdómar voru á sínum stað og dráttarvélaraksturinn en þar voru karlar einráðir.

Þingeyingar höfðu áttað sig á að starfsíþróttirnar gáfu einstakt sóknarfæri í stigakeppninni og undirbjuggu sig sérstaklega vel fyrir mótið. Dráttarvélameistarinn Stefán Kristjánsson í Nesi stjórnaði æfingum heimamanna í hinum ýmsu greinum og leiddi lið sitt til sigurs. Hann gaf sjálfur gott fordæmi með yfirburðasigri sínum í dráttarvélarakstri þriðja landsmótið í röð. Þingeyingar sigruðu í 12 af 14 greinum starfsíþróttanna og fengu næstum helming allra stiga sem í boði voru. Stigahæst voru unglingsarnir Ari Teitsson frá Brún í Reykjadal með 18 stig og Marsilína Hermannsdóttir frá Kambsstöðum í Ljósavatnskarði sem hlaut 12 stig.

Þeir voru hins vegar ekki fengsælir í glímu-



Séra Eiríkur messar á sunnudaginn.



Ármann J. Lárusson og Sigurður Steindórsson glíma.

keppninni. Á Akureyri 1955 sendu Þingeyingar fram 15 menn til að sýna hvernig ætti að glíma. Nú, sjö árum síðar, áttu þeir engan hinna átta glímumanna mótsins. Þarna voru mættir miklir garpar. Ármann J. Lárusson glímukóngur í UMSK var þá á hátindi ferils síns, mikill maður og sterkur, og talinn eiga sigurinn vísan. Þarna var líka kominn Sigurjón „sterki“ Guðmundsson, sem sigraði á Laugum 1946, og hafði tekið beltið fram aftur eftir langt hlé. Svo voru bræðurnir frá Haugi í Flóa, Hafsteinn, Guðmundur og Sigurður, synir Steindórs Gíslasonar sem sigraði í glímukeppninni í Haukadal 1940. Hafsteinn keppti fyrir Austfirðinga, enda búsettur á Seyðisfirði, en Sigurjón og bræðurnir tveir voru liðsmenn Skarphéðins.

Þetta var síðasta keppnisgrein mótsins og glöggir menn höfðu reiknað út að Þingeyingar stæðu Skarphéðinsmönnum ofar að stigum fyrir glímuna. Nú lá mikið við og lið Skarphéðins fjölmennti að glímupallinum að hvetja sína menn. Það bar árangur. Sigurjón varð annar á eftir Ármanni eftir langa og harða glímu þeirra á milli. Guðmundur varð þriðji og Sigurður fjórði. Þar með fengust stigin 12 sem dugðu HSK til að sigra á mótinu. Þingeyingar, þar sem vaggja glímunnar

var um skeið, sátu eftir með sárt ennið. Ekki þótti öllum glíman fögur en mikil voru átökin. „Glímt var til sigurs en lítt til fegurðar,“ var umsögn Dags á Akureyri.<sup>197</sup>

## Hátíðin

Síðari mótsdagurinn, sunnudagur, var ekki eins bjartur og hlýr og sá fyrri. Nú var komið á norð-ankul og nokkur regnúði á köflum. Strax eftir hádegið hófst hin hefðbundna hátíðardagskrá með messugjörð Eiríks J. Eiríkssonar í sinni svörtu hempu og með pípukragann. Þá steig fram Óskar Ágústsson og setti mótið. Það var líklega í eina skiptið um helgina sem mótsgestir vissu hvar þeir höfðu hann því Óskar var alls staðar í senn og stjórnaði öllu af myndugleik. Sagt var að ef einhver vildi hitta Óskar væri heillaráð að hinkra augnablik því hann væri aldrei kyrr á sama stað!<sup>198</sup>

Jónas Jónsson frá Hriflu var heiðursgestur mótsins og var gerður að heiðursfélaga UMFÍ við þetta tækifæri. Hann gat ekki verið viðstaddur en sendi kveðju og þakkir í *Skinfaxa* síðar. Alltaf var Jónas umdeildur og rétt fyrir jólin 1961 kom út bókin *Krossfiskar og hrúðurkarlar* eftir Stefán



*Þjóðdansasýning á Laugum.*

Jónsson, hinn kunna fréttamann Ríkisútvarpsins. Þar vék hann kaldhæðnislega að landsmótinu á Laugum:

Á Laugum voru samankomin 9000 ungmenni. Sex hundruð kepptu í íþróttum. Átta þúsund og fjögur hundruð drukku sig útúr á laugardagskvöldið. Á sunnudag hylltu þau Jónas Jónsson sérstaklega. Auk íþróttu og fyrrgreindrar skemmtunar voru ræðuhöld en á milli þeirra stunduðu ungl-ingarnir ástalíf í heilnæmu útiloftinu.<sup>199</sup>

Stjórnarmönnum UMFÍ mislíkaði þessi gálga-húmor og hugleiddu að höfða mál gegn höfundinum.<sup>200</sup> Niðurstaðan varð að láta það eiga sig. Ummælin áttu sér litla stoð því fjölmiðlum bar saman um að óregla hafi næstum engin verið.

Næstir töluðu fyrimenn, ráðherra, sýslumaður og alþingismaður og því næst sýndu þingeyiskir unglingar erlenda þjóddansa. Ungir herrar með kúrekahatta geystust um pallinn með stúlkur í víðum pilsum í fanginu. Svo voru fimleikar. Á laugardagskvöldið kom Björn úr Firði með flokk sinn og sveiflaði sér á tvíslánni þó kominn væri á sextugsaldur. En þarna var kominn frískur flokkur skólástúlkna að Laugum undir stjórn Óskars Ágústssonar. Hápunktur sýningarinnar var þegar Óskar tók á móti stúlkunum úr flugstökki og hélt þeim á lofti styrkum örmum. Til þess þurfti gott



Óskar Ágústsson afhendir Ragnari Olgeirssyni formanni Ungmennasambands Borgarfjarðar stytta háttvísinnar.

jafnvægi en Óskari og stúlkunum fataðist hvergi.

Dagskráin stóð fram á kvöld en þá hófst afhending verðlauna við tjörnina. Þá birti til og kvöldsólin skein yfir áhorfendaskarann. Þrúðbúnar yngismeyjar festu verðlaunapeninga í barm hinna sigursælu. Afreksmenn og sambönd fengu afhenta bikara. Óskar Ágústsson afhenti sjálfur svokallaða „Styttu háttvísinnar“ sem átti að veitast því sambandi sem sýndi mesta þrúðmennsku og drengskap í framkomu sinni á mótinu. Hér var Óskar einvaldur og taldi Borgfirðinga best komna að þessum grip. Skarphéðinsmenn sigruðu á mótinu eftir harða en drengilega keppni við Þingeyinga sem höfðu unnið afrek með framkvæmd mótsins og frammistöðu sinni.

Óhætt er að segja að mótið á Laugum 1961 hafi brotið blað í sögu landsmóta. Umfang þess var meira en nokkru sinni og framkvæmdin tókst vel. Síðast en ekki síst var það hallalaust. Að lokum var það dansinn sem dunaði fram á nótt og mörgum hitnaði þar um hjartarætur ef dæma mátti eftir faðmlögum fólksins innan dansgólfsins og utan. Rún, blaðakona *Tímans*, á lokaorðin:

Tjaldborgirnar falla, húsin tæmast og bílarnir renna á braut. Landsmótinu er lokið og hver heldur til síns heima. Eflaust verða þeir sem lagt hafa nótt með degi við undirbúning og framkvæmd fegnir að hvíla sig. En minningar þess munu mörgum ylja og áreiðanlega verður þess lengi minnst sem mesta og besta landsmóts sem haldið hefur verið hingað til.<sup>201</sup>

#### Heildarstig sambanda og félaga

	stig
1. HSK	228
2. HSP	220,5
3. UMSE	100
4. Umf. Keflavíkur	92
5. HSH	60
6. UMSB	43,67
7. USAH	30
8. Umf. Skipaskagi	25
9. UMSS	24
10. UMSK	22,5
11. UÍA	19
12. HVÍ	13,33
13.-14. Umf. Njarðvíkur	10
13.-14. UNÞ	10
15. USVH	5
16. Umf. Reykjavíkur	1




USD	0	Haukur Engilbertsson, frjáls.	UMSB	12
HSS	0	Marsilína Hermannsdóttir, starfs.	HSP	12
USÚ	0	Davíð Herbertsson, starfs.	HSP	11
<b>Stigahæstu keppendur</b>	<b>stig</b>	Erla Óskarsdóttir, frjáls., sund	HSP	11
Sigríður Sæland, sund, starfs.	HSK	Brynjar Jensson, frjáls.	HSH	10
Ari Teitsson, starfs.	HSP	Guðlaug Steingrímsdóttir, frjáls.	USAH	10
Guðmundur Sigurðsson, sund	Umf.K	Guðmundur Steindórss, starfs., glíma	HSK	10
Ólafur Unnsteinsson, frjáls.	HSK	Hafsteinn Sveinsson, frjáls.	HSK	10
Þórður Indriðason, frjáls.	HSH	Heiðar Georgsson, frjáls.	Umf.N	10
Davíð Valgarðsson, sund	Umf.K	Ólöf Björnsdóttir, sund	UMSB	10



*Hliðið inn á íþróttavöllinn.*





Séð yfir mótssvæðið.

## 12. landsmót UMFÍ á Laugarvatni 3.-4. júlí 1965

### Haldið til Laugarvatns

Á sjöunda áratugnum hófst blómatími félagsheimilanna. Þau risu eitt af öðru, ekki síst á Suðurlandi, og sveitaböllin hófu innreið sína fyrir alvöru. Rokkið setti svip sinn á útlit ungs fólks og allir gengu í támjóum skóm, gæjarnir í nælon-skyrtum með lakkrisbindi og skvísurnar í strets-buxum. Hljómar í Keflavík sungu fyrstu íslensku bítlalögin og á böllunum var ýmist dansað tjútt, tvíst eða vangadans.

En lífið var ekki bara skemmtanir. Þessir sömu unglingar úr þéttbýli og sveit héldu áfram að stunda íþróttir enda voru nú víðast hvar komnir sæmilegir íþróttavellir. Leiðbeinendum hafði fjölgað og þar sem ekki var völ á íþróttakennurum sáu áhugasamir heimamenn um æfingarnar. Kannski höfðu sumir þeirra farið á Haukadals-skólann til Sigurðar Greipssonar sem ennþá starfaði. Íþróttalífið á landsbyggðinni blómstraði og

sýndi styrk sinn á héraðsmótunum sem haldin voru í hverri sýslu. Þau voru notuð sem úrtökmót fyrir landsmótin á landsmótsárum. Landsmótin voru nú orðin hápunktur í starfi ungmennafélagsshreyfingarinnar og ungir íþróttamenn settu metnað sinn í að ná þar sínum besta árangri. Það var því ekki eftir neinu að biða með að huga að næsta landsmóti.

Á sambandsráðsfundi UMFÍ haustið 1962 var stjórninni falið að leita hófanna við HSK að halda næsta landsmót sumarið 1964. Stjórn UMFÍ og flestir ungmennafélagar vildu halda sig við þriggja ára regluna en Sigurði Greipssyni, formanni HSK, þótti alltaf hæfilegt að halda landsmótin á fjögurra ára fresti. Hann fékk því ráðið að HSK samþykkti að taka að sér mótið ef það yrði haldið sumarið 1965. Það var samþykkt og þá var skipuð landsmótsnefnd. Formaður hennar var Stefán Jasonarson bóndi í Vorsabæ í Flóa, sá hinn sami og sigraði í víðavangshlaupinu í Haukadal 1940.



*Landsmótsnefnd ásamt framkvæmdastjóra. Frá vinstri: Hafsteinn Þorvaldsson, Ármann Pétursson, Björn Sigurðsson, Hermann Guðmundsson, Hermann Sigurjónsson og Stefán Jasonarson.*

Aðrir nefndarmenn frá HSK voru Björn Sigurðsson í Úthlíð, Hermann Guðmundsson á Blesastöðum og Hermann Sigurjónsson í Raftholti. Allt voru þetta góðbændur í héraðinu og góðir félagar. Frá UMFÍ kom Ármann Pétursson í nefndina en hann var nú orðinn reynslumikill eftir setu í tveimur slíkum nefndum. Nokkru fyrir mótið réð nefndin sér framkvæmdastjóra. Það var Hafsteinn Þorvaldsson á Selfossi, síðar formaður UMFÍ. Hann og Stefán í Vorsabæ voru góðir vinir og á þeim hvíldi mesta starfið en aðrir nefndarmenn og mikill fjöldi góðra ungmennafélaga lögðu einnig mikið af mörkum.

Fljótlega var ákveðið að HSK taki að fullu að sér framkvæmd mótsins og bæri fjárhagslega ábyrgð hvort sem þar yrði tap eða gróði. Hinn 19. maí 1963 hittust stjórnir UMFÍ, HSK og landsmótsnefndin á fundi á Selfossi og undirrituðu samning. Inntak hans var að HSK sá um mótið að öllu leyti en UMFÍ var „skylt að veita leiðbeinandi aðstoð um alla tilhögun og undirbúning.“<sup>202</sup> Líklega hefur fargi verið létt af herðum stjórnarmanna UMFÍ við undirritun þessa samnings. Kostnaður landsmótanna allt fram til 1961 hafði hvílt á UMFÍ og stundum hafði hallinn orðið umtalsverður. Nú voru komnir til skjalanna menn sem ætluðu ekki fremur en Þingeyingar á Laugum að senda neina bakreikninga heldur standa og falla með framkvæmdinni.

Nefndin lét teikna sérstakt merki mótsins. Það sýndi svan á flugi og fjórar burstir héraðsskólans, táknmyndar Laugarvatns, ásamt nafni og númeri mótsins. Merkið teiknaði listamaðurinn Ragnar Lár., bróðir íþróttakappanna Halldórs og Tómasar Lárussona frá Brúarlandi í Mosfellssveit. Gefin var út leikskrá, ýtarleg og handhæg, og fór vel í vasa. Þar var meðal annars kort af svæðinu og á því sést að keppnisgreinar voru allar á einum og sama stað, sem var mikill kostur.

Laugarvatn var gróið skólasetur, þar voru héraðsskóli, húsmæðraskóli, íþróttakennaraskóli og menntaskóli auk barnaskólans.

Staðurinn er náttúruperla í uppsveitum Árnesýslu með heitum laugum, skógivöxnum hlíðum og fallegu stöðuvatni sem staðurinn dregur nafn sitt af. Mikið mæddi á nefndarmönnum þau tvö ár sem liðu fram að mótinu. Margt var til staðar sem þurfti við landsmót en ýmislegt vantaði. Gerðir voru tveir íþróttavellir. Malarvöllur fyrir knattspyrnu og grasvöllur með malarbrautum fyrir frjálsíþróttir. Þarna var engin 25 metra sundlaug og peningar til að reisa nýja laug voru ekki fyrir hendi. Vandinn var leystur með bráðabirgðalaug úr plastdúk. Laugin reyndist vel á mótinu þrátt fyrir hrakspár ýmissa aðila sem töluðu um „poka“ og þótti ófint.

Á Laugarvatni var annálað smákóngaveldi. Þar voru margir stjórnendur, ekki síst skólastjórnir sem allir stóðu vörð um sinn skíka. Stundum olli þetta landsmótsnefndinni erfiðleikum. Einn af þessum mönnum var Bjarni Bjarnason á Laugarvatni, fyrrverandi bóndi og skólastjóri héraðsskólans í áratugi. Bjarni var sérstakur heiðursgestur landsmótsins enda hafði hann átt mikinn þátt í uppbyggingu staðarins og var gamall ungmennafélagi. Höfundur þessarar bókar er minnstætt þegar undirbúningur landsmótsins stóð sem hæst vorið 1965. Stefán Jasonarson, nágrenni höfundar, hélt þá til á Laugarvatni heilu dagana við undirbúning og stóð í ströngu. Þegar um



Þórir Þorgeirsson og Mínerva Jónsdóttir.

hægðist leit hann inn til nággranna í morgunkaffi og ræddi málin. Stefán var fljóthuga maður og þóttu smákóngarnir seinir til að leyfa aðgang að landi sínu vegna mótsins. „Og verstur af þeim öllum er sjálfur heiðursgesturinn, Bjarni Bjarnason,“ sagði Stefán og glotti við. Allt féll þó í ljúfa löð fyrir mótið og sjálfur tók Stefán fram síðar að Bjarni og Árni Guðmundsson, skólastjóri ÍKÍ, hefðu veitt góða aðstoð.<sup>203</sup> Þá var Þórir Þorgeirsson mikill haukur í horni og aðstoð hans ómetanleg.

Landsmótsnefndin ákvað strax að spara ekkert til að dagskrá mótsins yrði menningarleg og stór í sniðum því búist var við miklum mannfjölda. Þórir Þorgeirsson og Mínerva Jónsdóttir, íþrótta-kennarar ÍKÍ á Laugarvatni, tóku að sér að þjálfa stóra hópa fimleikafólks og Hafsteinn Þorvaldsson bætti því ofan á miklar annir sem framkvæmdastjóri að æfa 120 manna sýningarhóp í vikivökum. Allt voru þetta ungmennafélagar úr Árnes- og Rangárvallasýslum sem þarna hlýddu kallinu og margir voru bæði í dónsum og fimleikum. Þá voru söngsveitir, lúðrasveitir og leikflokkar í óða önn að undirbúa sig. Það sem einkenndi undirbúninginn var hin almenna þátttaka ungmennafélaganna. Allir lögðu sitt af mörkum.

Síðustu dagana fyrir mótið



Snæfellingar ganga inn á leikvanginn.

blés ekki byrlega því mikil vætutið herjaði á Suðurland. Vatnsveðrið virtist óstöðvandi og góðviljaðir menn vorkenndu Stefáni í Vorsabæ að vera að fara að halda landsmót í slíku veðri. Stefán var hjartsýnn og taldi að sú rigning sem nú félli til jarðar kæmi ekki aftur um helgina. Hann reyndist sannspár. „Veðurbliðan landsmótsdagana var slík að með fádæmum má telja. Stafalogn, heiður himinn og hitinn meiri en elstu menn áður höfðu upplifað.“<sup>204</sup>

## Framfarir í frjálsíþróttum

Þegar líða tók á föstudaginn fyrir mótið fóru bílalestir að renna í hlað á Laugarvatni. Von bráðar var risin fjölmennasta borg á landinu utan höfuðborgarsvæðisins þegar tjöldin spruttu upp á túnnum, í skóglendi og allt niður á bakka Laugarvatns. Fjölmennið var mikið og talið er að móts-gestir hafi verið um 20 þúsund. Hefur það aðsóknarmet ekki verið slegið. Þrettán þúsund aðgöngumiðar seldust en börn og unglingar undir 16 ára fengu frítt inn og voru ekki talin. Þar við má bæta öllum þeim sem voru að keppa, sýna, starfa og stjórna, og svo var þarna töluverður fjöldi sem ekki keypti sig inn á hátíðarsvæðið.

Á mótinu kepptu aðeins fleiri en á Laugum og nákvæm talning leiðir í ljós 374 keppendur til stiga. Þá eru ekki taldir með þeir 41 sem tóku þátt í körfuknattleik sem var sýningargrein og fór fram utanhúss í blíðunni. Að auki tóku 100 keppendur þátt í undankeppni í knattspyrnu og 50 í handknattleik en kepptu ekki á mótinu sjálfu.





*Guðmundur Kr. Jónsson kemur í mark í úrslitum í 100 metra hlaupi rétt á undan Sævari Larsen sem varð annar.*

Starfsíþróttagreinar voru þremur færri en á Laugum og keppnisgreinar voru því 42 talsins á Laugarvatni. Þeir sem tóku þátt í sýningum voru 580 og starfsmenn 221. Þorsteinn Einarsson tók saman ýtarlega skýrslu um mótið sem er einstök heimild um framkvæmd þess. Að vísu eru sumir keppendur taldir nokkrum sinnum hver og því oftaldir en að öðru leyti er skýrslan til fyrirmyndar.<sup>205</sup>

Klukkan níu stundvíslega á laugardag lagði skrúðgangan af stað undir styrkri stjórn Þorsteins Einarssonar með gjallarhornið. Fremstur gekk glímukóngur Íslands, Ármann J. Lárusson, með íslenska fánann. Hann átti líka það erindi að takast á við frændur sína frá Haugi í glímukeppninni. Við hlið Ármanns stikaði Þorsteinn Einarsson mótsstjóri, tígulegum skrefum, og stjórnaði göngunni. Nú voru keppnisliðin undantekningarlaust klædd í litfagra íþróttabúninga og flest báru skrautfána sína fyrir fylkingunum. Allir reyndu að ganga í takt og tókst það bærilega.

Þegar helstu menn höfðu talað las séra Eiríkur yfir mannfjöldanum. Hinn friðsami klerkur færðist í aukana og sagði að lokum við íþróttamenn með þrumuraust: „Nú farið þið að keppa og nú síga saman fylkingar.“<sup>206</sup> Eftir þessa herhvöt

hófust íþróttir í hitabrey skjunni. Synt var í plastpokanum, knattspyrna fór fram á malarvellingum, körfubolti á pallinum, starfsíþróttir í skólastofunum og niður við vatnið og frjálsíþróttir út um víðan grasvöll. Þar var náttúrulega byrjað á 100 metra hlaupunum. Eftir undanrásir og milliriðla var búið að grisja hæfilega í hópnum og línur farnar að skýrast. Úrslitahlaupið fór fram á sunnudaginn í logni og 24 stiga hita. Átján ára trésmíðanemi frá Selfossi, Guðmundur Kr. Jónsson, sigraði á 11,1 sekúndu. Næstur var félagi hans Sævar Larsen og þriðji Höskuldur Þráinsson HSB, síðar prófessor í íslensku. Já, menn fást við ýmislegt á yngri árum! Helgi Hólm, kennari úr Keflavík, vann 400 metra hlaupið rétt á undan bóndasyninum Guðbjarti Gunnarssyni í Hjarðarfelli. Helgi kvaðst aðeins hafa hugsað um að hleypa engum fram úr sér og það tókst.

Sigurður Friðriksson frá Halldórsstöðum í Reykjadal var í sérflokk í stangarstökki og setti héraðsmet, 3,60 metra. Hann hélt áfram að stökkva þegar aðrir voru fallnir úr keppni en hætti fyrir tilmæli Þorsteins Einarssonar mótsstjóra sem þótti stangarstökkið taka full-langan tíma og komið að öðrum dagskrárliðum. Þingeyingar voru hestánægðir með frammistöðu Sigurðar og tolluðu hann að leikslokum í fagnaðarskyni.<sup>207</sup>

Hinn gamalreyndi hástökkvari, Ingólfur Bárðarson HSK, endurheimti fyrsta sætið í hástökkinu en háði þó harða baráttu við Snæfellinginn Halldór Jónasson. Báðir stukku 1,79 metra. Nú var farið að gera betur við hástökkvarana en forðum þegar þeir lentu standandi á túninu í Hveragerði. Komnar voru dýnur, stórir strigapokar fylltir af bútum úr froðusvampi, sem tóku mjúklega á móti stökkvurunum úr háloftunum.

Langhlaupin voru dramatísk. Í bæði skiptin tók hinn grannvaxni og léttfætti Þingeyingur Halldór Jóhannesson forystuna og virtist ætla að fara með sigur af hólmi enda hafði hann fyrirfram náð bestum tíma allra keppenda. En Halldór „sprakk“ í bæði skiptin og hætti keppni í 5000 metrunum. Hann varð að láta í minni pokann fyrir sunnlensku hitabylgjunni. Hinn fríski Þórður Guðmundsson úr Kópavogi sigraði í 1500 metrunum nokkurn spöl á undan Marinó Eggertssyni frá Kópaskeri. Marinó var þreklegur að sjá af langhlaupara að vera en mikið hörkutól og lítið fyrir að gefa sinn hlut. Hann hafði aldrei hlaupið 5000 metra fyrr en þarna á Laugarvatni en kom í mark sem sigurvegari. Fimmtán hófu





5000 metra hlaupið nýhafið. Fremstur er Þórður Guðmundsson UMSK. Næstir Halldór Jóhannesson HSP, Jón H. Sigurðsson HSK, Þórir Bjarnason UÍA, Vilhjálmur Björnson UMSE, Gunnar Snorrason UMSK, Frímánn Ásmundsson UÍA, Marteinn Sigurgeirsson HSK og sigurvegarinn, Marínó Eggertsson UNP, sem er með keppnisnúmerið 262.

hlaupið en þrír hættu keppni örmagna vegna hitans.

Marínó og Þórður voru að læra trésmíði um þessar mundir en keppnisharka virtist fylgja þeirri iðngrein. Þriðji lærlingurinn, Guðmundur Kr. Jónsson, sem fyrr var nefndur, stökk allra manna lengst í þristökki og varð fjórði maður í langstökki. Það dugði honum til að verða stigahæstur karla í frjálsíþróttum. Nú var Ágúst Ásgrímsson hættur að kasta kúlu en það kom ekki að sök fyrir Snæfellinga. Sveitungar hans Sigurþór Hjörleifsson og Erling Jóhannesson röðuðu sér í efstu sætin. Sigurþór sigraði og kastaði 14,35 metra. Erling sigraði í kringlukasti en þar var Sigurþór fjórði. Snæfellingar voru sannarlega ekki á flæðiskeri staddir með sína sterku menn.<sup>208</sup>

Þúsund metra boðhlaupið var

skemmtilegt á að horfa. Þar var tími látinn ráða og hlaupið í þremur riðlum. Í þriðja riðlinum sigruðu Kjalnesingar á nýju landsmótsmeti og síðasta sprettinn hljóp grannvaxinn ljóshærður hlaupari. Það var Sigurður Geirdal, síðar framkvæmdastjóri UMFÍ.

Úrslitin í 100 metra hlaupi kvenna fóru fram í blíðviðri sunnudagsins. Þar sigraði Björk Ingimundardóttir frá Hæli í Flókadal með yfirburðum á nýju landsmótsmeti, 12,9 sekúndum. Hún varð önnur í hástökki, stökk jafnhátt sigurvegaranum Sigrúnu Sæmundsdóttur úr Þingeyjarsýslu. Báðar stukku

1,41 metra og settu landsmótsmet.

Oddrún Guðmundsdóttir og Ragnheiður Pálsdóttir vörðu titla sína í kúluvarpi og kringlukasti. Í langstökki var mikið sentimetrastríð en Elísabet Sveinbjörnsdóttir HSH sigraði rétt á undan Lilju Sigurðardóttur HSP og Guðrúnu Guðbjartsdóttur HSK.

Framfarir voru miklar í frjálsíþróttum. Það kom best í ljós í 4×100 metra boðhlaupi kvenna.



Úrslit í 100 metra hlaupi kvenna. Frá vinstri: Valgerður Guðmundsdóttir USAH þriðja, Lilja Sigurðardóttir HSP önnur og Þuríður Jónsdóttir HSK sem var fjórða. Lengst til hægri er sigurvegarinn Björk Ingimundardóttir UMSB.

Sveit Þingeyinga sigraði glæsilega og fyrstu fjórar sveitirnar hlupu á betri tíma en á Laugum 1961. Alls voru sett sex landsmótsmet í frjálsíþróttum á Laugarvatni.<sup>209</sup>

## Synt í pokaum

Ekki bar á öðru en sundmenn væru hæstánægðir með pokalaugina svokölluðu. Það væsti ekki um þá á laugarbakkanum í sólskininu og vatnið var hæfilega heitt. Nú höfðu orðið miklar framfarir í þjálfun sundfólks og árangurinn leyndi sér ekki. Sett voru landsmótsmet í öllum greinum en sumar voru nú á dagskrá í fyrsta sinn. Eins og áður voru það Keflvíkingar og Skarphéðingsmenn sem áttu helsta afreksfólkið í sundi en Skagfirðingar áttu líka menn sem voru sleipir í vatninu. Nú var Davíð Valgarðsson úr Keflavík orðinn 17 ára og einn af bestu sundmönnum landsins. Hann mátti bara keppa í þremur greinum eins og aðrir á landsmótinu og sigraði með yfirburðum í þeim öllum. Það voru 100 og 800 metra frjáls aðferð og 100 metra baksund. Hann átti líka þrjú bestu afrekin, hvert í sinni grein, og var tvímælalaust sundkóngur mótsins.

Einu greinina sem hann lét öðrum eftir, 200 metra bringusundið, vann Einar Sigfússon, ungur piltur af Selfossi, sonur Sigfúsar kúluvarpara og Ólympíufara. Birgir Guðjónsson frá Sauðárkróki var líka framarlega í sundinu eins og hann átti kyn til. Faðir hans Guðjón Ingimundarson, varaformaður UMFÍ, var sundgarpur á yngri árum og

hafði lagt grunn að öfluglu sundliði UMSS með góðu starfi á Sauðárkróki.<sup>210</sup>

Það var þó HSK sem kom, sá og sigraði í sundlauginni. Hörður S. Óskarsson, sem síðar starfaði lengi hjá UMFÍ, var maðurinn á bak við sigurgöngu sambandsins í sundinu. Hann stjórnaði sundhöllinni og þjálfaði kapplið Ungmennafélags Selfoss en þaðan voru allir sundmenn HSK. Það voru ekki síst hinar kornungu sundkonur Skarphéðingsmanna sem færðu sambandinu sigur í stigakeppni sundsins í harðri baráttu við Keflvíkinga. Ingunn Guðmundsdóttir var drottning sundsins og sigraði með miklum yfirburðum í 100 og 400 metra skriðsundi. Hún var þrautþjálfuð keppniskona þótt hún væri aðeins 13 ára. Í baksundinu gat sigurinn þó ekki tæpari verið því Auður Guðjónsdóttir úr Keflavík fékk sama tíma og Ingunn en var sjónarmun á eftir. Auður varð í öðru sæti í öllum sínum greinum og gekk næst Ingunni að stigafjölda sundkvenna.

Lítill en knáleg stelpuhnáta frá Selfossi, Þuríður Jónsdóttir, sigraði í 100 metra bringusundi. Það reyndist vera besta afrekið hjá sundkonum. Hún var systir Guðmundar, sigurvegarans í 100 metra hlaupi og þrístökki, og fleiri úr þeirri fjölskyldu áttu síðar eftir að verða áberandi í keppni landsmótanna. Þuríður hafði nóg að gera á landsmótinu því hún varð í fjórða sæti í 100 metra hlaupinu og tók bæði þátt í boðsundi og boðhlaupi. Þar með hlaut hún fjölhæfnisbikar sem Samvinnu-tryggingar veittu á mótinu.



Frá sundkeppninni.

Helgi Björgvins-son, elsti og reyndasti keppnismaður Skarphéðings, lenti í hremmingum í boðsundinu. Hann gleymdi að reima að sér sundskýluna og þegar hann stakk sér í vatnið rann hún niður á hæla. Honum tókst þó að draga upp um sig skýluna við mikil fagnaðarlæti áhorfenda en varð að sjá á eftir keppnautunum fjarlægjast. Þrátt fyrir þetta náði sveitin fjórða

sæti en missti af verðlaunapeningi fyrir vikið.<sup>211</sup> Þetta skyggði þó lítið á ánægju hins frækna sundfólks HSK sem hafði ærna ástæðu til að gleðjast yfir árangrinum. Landsmótið á Laugarvatni markaði upphafið að blómaskeiði sundliðsins frá Selfossi sem einokaði landsmótin um langa hríð.

## Bolti, blóm og byltur

Til knattspyrnunnar mættu þrjú lið sem höfðu unnið svæðakeppni tíu liða árið á undan. Þetta voru Keflvíkingar, Skagfirðingar og Strandamenn. Í fyrsta leiknum léku Íslandsmeistarar Keflvíkinga við Skagfirðinga og sigruðu 1-0. Þá mættust Skagfirðingar og Strandamenn á malrællinum síðar á laugardaginn og endaði sú viðeign með jafntefli 2-2. Þá var komið að síðasta leiknum milli Keflvíkinga og Strandamanna. Hann fór fram á grasvellinum seinnipart sunnudagsins í stafalogni og 24 stiga hita. Stuðningsmaður Strandamanna hrópaði hástöfum: „Svona Strandamenn, hleppið ekki kellingunni fram hjá ykkur.“ „Kellingin“ var enginn annar en Rúnar Júlíusson, hinn síðhærði liðsmaður Hljóma sem spilaði knattspyrnu á daginn en tónlist á danspallinum á kvöldin. Rúnar var sprækur með boltann ekki síður en bassann og átti góðan þátt í sigri Keflvíkinga. Þeim nægði jafntefli en gerðu sér lítið fyrir og skoruðu sjö sinnum hjá Strandamönnum án þess þeim tækist að svara fyrir sig. Keflvíkingar voru því sigurvegarar og Skagfirð-

ingar í öðru sæti með betra markahlutfall en Strandamenn.<sup>212</sup>

Í handknattleik kvenna kepptu sömuleiðis þrjú lið til úrslita. Það voru Þingeyingar, Kjalnesingar og Keflvíkingar. Leikirnir fóru fram á grasvellinum og handboltinn sem þar fór fram var eðlilega nokkuð frábrugðinn þeim sem sést í íþróttahúsum um þessar mundir. Fyrsti leikurinn milli Kjalnesinga og Þingeyinga endaði með jafntefli 6-6. Hann fór fram á laugardaginn í talsverðri vestangolu og það lið sem hafði vindinn í bakið hvoru sinni hafði yfirburði. Um kvöldið var komið logn og þá mættu Þingeyingar Keflvíkingum. Norðanstúlkur léku við hvern sinn fingur og sigruðu 10-2. Síðasti leikurinn milli Kjalnesinga og Keflvíkinga var einstefna að marki þeirra síðarnefndu. Kjalnesingar, sem reyndar voru úr Kópavogi, skoruðu 17 mörk gegn einu og sigruðu með besta markahlutfallið. Þingeyingar voru náttúrulega í öðru sæti og lestina ráku Keflvíkingar.

Laugarvatn var talið vaggja körfuboltans á Íslandi og það fór vel á því að fyrsta landsmótskeppni í körfubolta færi fram þar. Að vísu var ekki keppt til stiga en áhorfendur vantaði ekki við sýningarpallinn þar sem ungir menn hentu knettinum á milli sín af mikilli fimi og skutu honum í körfur. Lið Njarðvíkinga var talið sigurstranglegt en léttleikandi Skarphéðismenn komu á óvart og léku til úrslita við Snæfellinga. Ólafur Örn Haraldsson frá Laugarvatni, síðar þingmaður, leiddi sína menn til sigurs í jöfnum leik. Ólafur

var einna lægstur í loftinu allra leikmanna mótsins en að sama skapi flinkur með boltann og fremstur meðal jafningja í spræku liði HSK.

Nú var Stefán Ólafur Jónsson búinn að fara um landið í tólf sumur og leiðbeina í starfsíþróttum á vegum UMFÍ. Stundum tók hann með sér sérfræðinga í ýmsum greinum til að kenna. Undanfarið höfðu ágætar kon-



Frá handboltakeppninni.





*Frá keppni í hestadómum.*

ur fylgt honum og leiðbeint í blómaskreytingum, sem voru sameinaðar því að leggja á borð á þessu landsmóti. Stefán var drífandi og hristi upp í mönnum. Til dæmis voru dráttarvélarar sem lánaðar voru til æfinga stundum bremsulausar og annað ástand eftir því. Þá neitaði Stefán að nota gripina og vakti menn til umhugsunar um öryggismál. Nú var þetta starf að skila sér í öflugri keppni á Laugarvatni.<sup>213</sup>

Þingeyingar endurtóku leikinn frá Laugum og sigruðu með yfirburðum í starfsíþróttum. Það var næstum undantekning ef þeir skipuðu ekki sigursæti verðlaunapallsins. Aðeins fjögur hér- aðssambönd fengu stig í starfsíþróttum, HSP, HSK, UMSE og UMSK, í þessari röð. Búið var að fækka greinum fyrir unglunga nokkuð og á næsta móti hurfu þær alveg af sjónarsviðinu. Nú var

Marsilína Hermannsdóttir frá Kambsstöðum orðin fullorðin en hafði engu gleymt í matreiðslu og sigraði í annað sinn. Nú hét greinin ostafat og eggjakaka. Sigurinn gat þó ekki tæpari verið því hún var hálfu stigi fyrir ofan félagan sinn Jónínu Hallgrímsdóttur. Sigríður Teitsdóttir HSP sigraði bæði í ostafati og eggjaköku unglunga og í því að leggja á borð og skreyta með blómum. Þar

með varð hún stigahæst kvenna í starfsíþróttum. Theódór Árnason HSP var fjölhæfastur í búfjárdómum því hann varð annar í að klappa kindum og hestum á mótinu. Það dugði honum til flestra stiga hjá körlunum.

Þeir einu sem rufu sigurgöngu Þingeyinga voru Steinar Ólafsson frá Valdastöðum í Kjós sem sigraði í nautgripadómum, Sigurður Sigmundsson frá Syðra-Langholti sem var snjallastur við



*Glímukapparnir. Frá vinstri: Ívar Jónsson UMSK, Þórður Kristjánsson UV, Hannes Þorkelsson UV, Hafsteinn Steindórsson ULA, Steindór Steindórsson HSK, Guðmundur Steindórsson HSK, Sigurður Steindórsson HSK og Ármann J. Lárusson UMSK.*





*Ármann leggur Hafstein að velli.*

hestana og Guðmundur Jónsson á Kópavatni sem virtist óskekull í jurtagreiningu. Talað var um að þátttakan í jurtagreiningu væri farin að minnka vegna yfirburða Guðmundar en þar voru keppendur ekki nema sex. Flestir tóku þátt í að þukla kindurnar en þeir voru 14.

Enn var Ármann glímukóngur mættur á landsmót gyrtur glímubelti. Enginn ógnaði sigri hans en næstir komu bræðurnir fjórir Steindórssynir frá Haugi. Þeirra fremstur var Sigurður sem náði öðru sæti á eftir Ármanni. Sigurður er ekki hávaxinn en samanrekinn kraftamoli, álíka þrekinn



*Léttklæddir mótsgestir leika sér í sólarhitunum.*

og hinn bjarnsterki Ármann. Ármann varaði sig mjög á Sigurði og hleypti honum aldrei í bragðfæri heldur sveiflaði honum til og frá þegar hann reyndi að seilast til hælkróks eða krækju. Þeir bræður röðuðu sér á pallinn á eftir Ármanni í þessari röð: Sigurður, Guðmundur, Steindór og Hafsteinn. Steindór faðir þeirra fylgdist vel með glímunnni og var skiljanlega nokkuð stoltur af strákunum. „Mikil glímuætt, – mikil glímuætt,“ sagði Sigurður Greipsson, sá gamli glímukappi, þar sem hann fylgdist hugfanginn með glímunnni, enda eru Ármann og Haugsbræður systkina-synir.<sup>214</sup>

## Landsmót í hitabylgju

Á sunnudagsmorguninn lá hitamóða yfir Laugarvatni. Ekki blakti hár á höfði og sólin skein á heiðríkum himni. Þeir sem árrisulir voru og röltu yfir túnin fengu óvæntan glaðning þegar Lúðrasveit Selfoss undir stjórn Ásgeirs Sigurðssonar rakara rauf þögnina og hóf að blása í lúðra sína. Þeir brugðu á leik og léku vinsælasta dægurlagið með tilþrifum. Það var „Lok, lok og læs og allt í stáli,“ sem Ómar Ragnarsson var nýbúinn að koma á framfæri. Báða mótisdagana lék lúðrasveitin á milli dagskráratriða og átti mikinn þátt í að skapa þann hátíðarblæ sem ríkti á Laugarvatni.

Veðrið á Laugarvatni var með eindæmum. Hitinn komst upp í 27 stig í skugganum og 50 stig í sólinni. Sumir voru of lengi í sólinni og brunnu hressilega. Nokkrir fengu sólsting og hjálparsveit skáta sem hafði verið fengin til aðstoðar ungmennafélögum hafði nóg að gera. Læknavakt var skipulögð og þar voru menn í fullu starfi allan sólarhringinn við að hlynna að hinum sólbrunnu og sinna meiðslum þeirra sem skáru sig á glerbrotum við vatnið. Vatnið sjálft hafði mikið aðdráttarafl. Sumir lögðust á vindsængur og létu öldurnar vagga sér. Hafsteinn Sveinsson hljóp 1500 metrana fyrir HSK á laugardaginn og náði þriðja sæti. Á sunnudaginn lét hann hlaupin lönd og leið en þeysti um Laugarvatn á



*Vikivakasýning Hafsteins Þorvaldssonar á Laugarvatni*

stórum hraðbát. Mótsgestir slógust um að leigja bátinn í stuttar ferðir og Hafsteinn þénaði vel.

Mannfjöldinn á Laugarvatni var meiri en nokkru sinni hafði sést á Íslandi að frátalinni Alþingishátíðinni 1930 á Þingvöllum að sögn Ásgeirs forseta.<sup>215</sup> Ís og gosdrykkir voru feiknarlega vinsælir þessa daga. Ísinn seldist upp og mótsgestir slokuðu í sig 144 þúsund gosflöskum frá Ölgerðinni og Vífilfelli.<sup>216</sup> Ungmennafélög Skarphéðins ráku hvert sína sjoppuna fyrir HSK og Flóamenn seldu tilbúinn ís. Þegar bókarhöfundur var að lufsast þarna um vellina var hann beðinn um að leysa af og gerði það með glöðu geði. Það var nefnilega mikil svölun að kafa ofan í frystikistuna og fá á sig kaldan andblæ eitt augnablik.

Fréttáflutningur fjölmiðla var með ágætum. Á mörgum fyrri landsmótum höfðu stuttaralegar frásagnir af úrslitum verið helsta fréttæfni dagblaðanna. Nú var þarna fjöldi blaðamanna sem sömdu litríkar frásagnir handa lesendum eins og þessa sem tekin er úr *Tímanum*:

Þúsundir tjalda mynduðu umgerð um nýbyggt glæsilegt íþróttasvæði þar sem æskulýður landsins háði hundruðum saman

drengilega keppni. Hraðbátar brunuðu um spegilslétt vatnið, þúsundir bifreiða þyrfluðu rykmekki upp í tært loftið þar sem flugvélar hnitugu hringi. Þarna voru verslanir með nokkurra metra millibili, sjúkaskýli, lögreglustöðvar, útvarpsstöð, upplýsingaskrifstofur, þrír dansstaðir, matsölustaðir og svo framvegis, raunar allt sem fjölmennur bær þarfnast. Þarna voru sólbrúndir Íslendingar og sólbrúnir útlendingar. Svartklæddir, sveittir lögregluþjónar og hvítklæddir, þreyttir læknanemar. Virðulegar konur á peysufötum og blómarósir á bikini. Strákar með bítlahár og sköllóttir karlar. Ungbörn með pela og eldri krakkar með kók. Hestar stóðu í haga, kindur á beit og öll bílastæði full af gljáfægðum bílum.<sup>217</sup>

Á sunnudaginn var hátíðardagskrá sem hundruð heimamanna stóðu að. Fyrst var hin hefðbundna guðsþjónusta séra Eiríks og þá söng kór Skálholtsdómkirkju. Þá steig formaður landsmótsnefndar, Stefán Jasonarson, fram og setti hátíðina með ávarpi. Hafsteinn Þorvaldsson segir að Stefán hafi borið hitann og þungann af undirbún-



Fimleikaflokkur stúlkna gengur inn á leikvanginn. Fremstar ganga Ragnheiður Stefánsdóttir og Sigríður Sæland.

ingnum og nú gat hann glaðst innilega yfir glæsilegu landsmóti. Lokaorð Stefáns voru: „Ef við treystum æskunni þá svíkur hún okkur ekki.“ Það gekk eftir því öllum bar saman um að framkoma keppenda og áhorfenda hafi verið til fyrirmyndar og drykkjuskapur var tæplega umtalsverður.<sup>218</sup>

Ásgeir Ásgeirsson forseti ávarpaði samkomuna og óskaði ungmennafélögum allrar blessunar. Það vakti athygli að þegar forsetinn talaði stóðu 60 ungar stúlkur og einni betur heiðursvörð við ræðupallinn klæddar þjóðbúningum. Þær tilheyrðu hinum fjölmenna vikivakaflokki Hafsteins Þorvaldssonar og nú spruttu fram jafnmargir ungir menn þjóðbúnaðir í hvítum skyrtum með þverslaufur og hófu dansinn með stúlkunum. Sýningin þótti tilkomumikil og sú langstærsta sem sést hafði nokkru sinni. Þá flutti heiðursgesturinn, Bjarni Bjarnason fyrrverandi skólastjóri, ávarp og síðan fór fram sögusýning Ungmennafélags Hrunamanna. Það var leikþáttur eftir séra Sigurð Einarsson í Holti sem bar nafnið „Að Áshildarmýri.“ Það var um þann atburð árið 1496 sem Árnesingar eru hvað stoltastir af úr sögu sinni. Þá komu bændur úr sýslunni saman og bundust samtökum gegn yfirgangi valdsmanna. Leikendur komu þeysandi á gæðingum til leiksviðsins klæddir fornum bændabúningum. Sögusýningin vakti mikla athygli og þá ekki síður hinar glæsilegu hópsýning-

ar fimleikafólks sem fóru fram á grasvellingnum. Þau sýndu hvort í sínu lagi, Mínerva Jónsdóttir með sínum 82 stúlkum og Þórir Þorgeirsson með sínum 102 piltum. Það var glæsileg sjón þegar flokkarnir gengu inn á völlinn, allir á sama skrefi því hér var gengið í takt enda vanir stjórnendur og búnir að stjórna íþróttakennaranemum árum saman.

Á laugardagskvöldið var kvöldvaka með fimleikasýningum nemenda ÍKÍ og glímusýningu ungmennafélaga úr Víkverja í Reykjavík. Áhorfendur skiptu þúsundum í kvöldblíðunni. Á kvöldin var dansað og rómantíkin blómstraði eins og vera ber á slíkum mótum. Mótinu lauk á hefðbundinn hátt með afhendingu verðlauna og dansleik á sunnudagskvöldið. Stjórnendur voru fram eftir kvöldi að telja peninga með bros á vör því mótið skilaði umtalsverðum hagnaði. Ekki

dró það úr ánægjunni að Skarphéðingsmenn stóðu efstir á mótinu. Margur fór heim með brennda húð og lúinn fót en allir voru sælir og glaðir að leikslökum. Þeir sem þarna voru eiga ógleymanlegar minningar um þetta mót sem í hugum margra er landsmót allra landsmóta. Skipulag og glæsileiki einkenndi mótið. Kórónan var hið frábæra veður og mannfjöldinn sem undi sér á Laugarvatni þessa júlídaga.

Heildarstig sambanda og félaga	stig
1. HSK	242
2. HSP	188
3. Umf. Keflavíkur	93
4. UMSK	88,5
5. HSH	80,5
6. UMSS	71
7. UMSE	68,5
8. HSS	21
9. HVÍ	16,5
10. UMSB	16
11. UNP	11
12.-13. UÍA	8
12.-13. USAH	8
14. USVH	4
15.-16. Umf. Njarðvíkur	3
15.-16. Umf. Víkverji	3
17. USD	1





*Fimleikaflokkur pilta gengur inn á leikvanginn. Fremstur gengur Þórir Þorgeirsson og við hlið hans bræðurnir frá Haukadál, Þórir og Már Sigurðssynir.*

<b>Stigahæstu keppendur</b>		<b>stig</b>			
Davíð Valgarðsson, sund	Umf.K	18	Marinó Eggertsson, frjáls.	UNÞ	11
Ingunn Guðmundsdóttir, sund	HSK	18	Sigurður Friðriksson frjáls.	HSP	11
Auður Guðjónsdóttir, sund	Umf.K	15	Sólveig Guðmundsdóttir, sund	HSK	11
Guðmundur Kr. Jónsson, frjáls.	HSK	15	Gísli Þór Þorvaldsson, sund	HSH	10
Ragnheiður Pálsdóttir, frjáls.	HSK	15	Helgi Hólm, frjáls.	Umf.K	10
Birgir Guðjónsson, sund	UMSS	13	Lilja Sigurðardóttir, frjáls.	HSP	10
Sigríður Teitsdóttir, starfs.	HSP	12	Theódór Árnason, starfs.	HSP	10
Björk Ingimundardóttir, frjáls.	UMSB	11	Þórður Guðmundsson, frjáls.	UMSK	10
Erling Jóhannesson, frjáls.	HSH	11	Þuríður Jónsdóttir, sund, frjáls.	HSK	10





Séð yfir mótssvæðið.

## 13. landsmót UMFÍ á Eiðum 13.-14. júlí 1968



### Aftur að Eiðum


Á þingi UMFÍ á Laugarvatni 1965, sem var síðasta þingið haldið samhliða landsmóti, var ákveðið að körfuknattleikur yrði keppnisgrein á næsta landsmóti. Þá var því slegið föstu að landsmótin yrðu hér eftir haldin þriðja hvert ár en ekki fjórða hvert eins og verið hafði um sinn.<sup>219</sup> Ekkert var ályktað um staðsetningu næsta landsmóts enda var sýnt að hugmyndin um hringferð móttanna umhverfis landið gekk ekki upp.

Þá var að leita að mótshöldurum og fyrst var rétt við Skagfirðinga. Guðjón Ingimundarson á Sauðárkróki, varaformaður UMFÍ, tók að sér að kanna málið hjá UMSS haustið 1965. Niðurstaðan

varð sú að Skagfirðingar höfðu ekki tök á að halda mótið þar sem íþróttamannvirki yrðu ekki tilbúin 1968 en lýstu þeirri ósk sinni að halda landsmót á Sauðárkróki 1971. Í millitíðinni gerðist það að Austfirðingar sóttu formlega um að halda næsta landsmót á Eiðum. Óhætt er að segja að þessi umsókn kom stjórn UMFÍ ánægjulega á óvart.

Allan sjöunda áratuginn hafði síldin, þessi happdrættisvinningur landsins, veiðst úti fyrir Austfjörðum og skapað ómælda vinnu og velmegun á svæðinu. Fyrstu árin eftir að hin mikla síldveiði hófst lá allt starf UÍA að mestu leyti niðri en nú vildu forystumennirnir snúa vörn í sókn. Kristján Ingólfsson, formaður UÍA, orðaði þetta svo í umsókn sinni til stjórnar UMFÍ:

Við eigum í vök að verjast nú á Austurlandi og einmitt þess vegna er okkur nauðsyn á að fá verulega stórt félagslegt verkefni við að fást. Vinnan í sildinni hefur verið slík að mér finnst að við séum bókstaflega að missa börnin okkar ofan í sildartunnurnar. Peningar og aftur vinna og peningar, á kostnað félagslegs starfs og frístunda.



*Landsmótsnefnd UÍA. Sveinn Guðmundsson, Magnús Stefánsson, Sigurður Blöndal, Jón Ólafsson, Björn Magnússon og Kristján Ingólfsson.*

Forysta UMFÍ tók viðbragð og formaðurinn, Eiríkur J. Eiríksson, fór austur ásamt Hafsteini Þorvaldssyni ritara til að kanna allar aðstæður. Þetta varð ánægjuleg vettvangskonnum með Kristjáni formanni og ferðafélagarnir sungu mikið í hringferð um Löginn.<sup>220</sup> Nú var létt að taka ákvörðun og 16. desember 1965 var það einróma samþykkt af stjórn UMFÍ að 13. landsmótið yrði haldið á Eiðum.<sup>221</sup>

Þá var skipuð landsmótsnefnd. Í henni voru af hálfu heimamanna Björn Magnússon, skólastjóri á Eiðum var formaður. Aðrir nefndarmenn voru Sigurður Blöndal skógarvörður á Hallormsstað, Magnús Stefánsson kennari, Fáskrúðsfirði, Elma Guðmundsdóttir, Neskaupstað, fyrsta konan í landsmótsnefnd, Jón Ólafsson, lögregluþjónn á Eskifirði, hinn gamli kastari og hástökkvari, Sveinn Guðmundsson kennari, Eiðum og Hafsteinn Þorvaldsson frá UMFÍ.<sup>222</sup> Gerður var samningur milli UMFÍ og UÍA þar sem þeir síðarnefndu tóku mótið að sér að fullu.<sup>223</sup>

Heimamenn létu ekki deigan síga og einbeittu sér að undirbúningi mótsins. Björn Magnússon gerði það ekki endasleppt. Hann tók sér ársfrí frá störfum við skólann og var framkvæmdastjóri mótsins auk þess að stjórna nefndinni. Völlurinn á Eiðum var endurunninn og gerðir voru nýir knattspyrnu- og handknattleiksvellir við hlið hans. Austfirðingar áformuðu að halda sögusýningu að fyrirmynd Skarphéðinsmanna. Kristján Ingólfsson, formaður UÍA, gerði sér lítið fyrir og samdi sögulegan þátt um Una danska sem nam land á Héraði og þar með á Eiðum þar sem

mótið fór fram. Fimleikaflokkar og kórar æfðu og þjóðdansaflokkar liðkuðu sig.<sup>224</sup> Allt var í fullum gangi enda var sildveiðin að réna.

Vorið 1968 var með eindæmum kalt á Austurlandi, hafís lá inni á fjörðum fram á sumar og vellirnir á Eiðum voru illa farnir af kali þegar kom að mótinu. Á menn runnu tvær grímur og sumir hugleiddu að fresta mótinu um eitt ár. Niðurstaðan varð sú að halda sínu striki þótt „norðangusturinn, kaldur og hryssingslegur,“ lofaði engu góðu eins og Björn Magnússon formaður landsmótsnefndar orðaði það í pistli í *Skinfaxa* um vorið. Hann bað menn síðan að leiða hugann að sól og sumri og bauð alla velkomna að Eiðum.<sup>225</sup>

## Kal í túni, sól í sinni

Þó margir Austfirðingar væru önnur kafnir við undirbúning landsmótsins gáfu þeir sér tíma til að kjósa nýjan forseta landsins tveimur vikum fyrir mótið. Þar hlaut Kristján Eldjárn þjóðminjavörður yfirburðasigur



*Í nefndinni var einnig Elma Guðmundsdóttir fyrsta konan í landsmótsnefnd.*



*Sungið í Skarphéðinstjaldinu við gítarundirleik Hafsteins Þorvaldssonar.*

yfir Gunnari Thoroddsen fyrrum sendiherra. Kristján hlaut alls staðar góða kosningu en hvergi þó sem hjá Austfirðingum en fjórir af hverjum fimm kjósendum fjórðungsins gáfu honum atkvæði sitt.<sup>226</sup> Þegar þeir voru búnir að tryggja sér nýjan forseta sneru þeir sér aftur að landsmótinu.

Eins og á fyrri mótum var unnið nætur og daga til að allt yrði nú tilbúið á mótsdegi. Pokalaugin frá Laugarvatni var flutt að Eiðum og sett upp þar með hitunartækjum því nú voru menn loksins hættir að etja sundmönnum út í ískaldar tjarnir. Tveir danspallar voru smíðaðir og var annar



*Skriðgangan nálgast leikvanginn með Lúðrasveit Neskaupstaðar í fararbroddi.*

þeirra umflotinn vatni sem veitti fallega umgjörð. Veitingasala, tjaldstæði, bílastæði, klósett og kamrar voru allt á sínum stað þegar gestir tóku að streyma í hlað á föstudaginn.

Sumir komu reyndar fyrr. Sunnlendingar áttu langan veg að fara því ekki var búíð að opna hringveginn. Skarphéðinsmenn voru tvo daga á leiðinni norður um land á tveimur rútum með rúmlega 100 manna lið. Kuldalegt þótti þeim að aka um Hrútafjörðinn

sem var sneisafullur af hafis. Seint á fimmtudag komu þeir í hlað á Eiðum og reistu sitt stóra tjald á miðju svæðinu sem þeim var úthlutað. Sama hátt höfðu önnur sambönd á og litlu tjöldin í kring þöktu nokkra hektara enda voru þau um 800 talsins. Í tjaldbúðunum var miðstöð mannlífsins á mótinu og þar var glatt á hjalla hjá ungu og keppnisglöðu fólki.

Stóra tjaldið var miðstöð Skarphéðinsmanna meðan á mótinu stóð og þar var mötuneyti hópsins. Í tjaldinu hittust allir á matmálistímum og á kvöldin tók Hafsteinn Þorvaldsson fram gítarinn og þá var sungið. Svo var passað upp á að alltaf

væru einhverjir til staðar að hvetja keppendur hvar sem þeir voru staddir í baráttunni. Þetta lagði grunninn að mikilli samkennd hópsins og góðum liðsanda. Með í hópferð Skarphéðinsmanna voru gömlu höfðingjarnir og vinirnir Eiríkur J. Eiríksson og Sigurður Greipsson. Unglingarnir fitjuðu upp á nefið í fyrstu yfir þessum gömlu skörfum en karlarnir voru syngjandi kátir og hressir allan tímann og féllu svo vel inn í hópinn að þeirra var saknað að leiðarlok-



um. Bókarhöfundur var einn í þessum hópi og byggir þessa frásögn að miklu leyti á dagbók sinni og minnispunktum.

Keppendum landsmótanna fór stöðugt fjölgaandi og voru 438 á þessu móti. Keppendur í frjálsíþróttum voru 170, starfsíþróttum 96, sundi 84, knattspyrnu 49, handknattleik 33, körfuknattleik 29 og glímu 8. Þegar búið er að draga frá 31 keppanda sem tók þátt í fleiri en einni mótsgrein standa eftir 438. Keppendur í undankeppni ýmissa greina voru 224 og 12 í skák sem var sýningargrein.<sup>227</sup> Forystumenn mótsins áætluðu að um 7000 gestir hefðu verið á Eiðum þegar flest var, sem var meira en menn höfðu þorað að vona. Ríkti því ánægja með þessa góðu aðsókn.<sup>228</sup> Leikskrá mótsins í handhægu broti var til reiðu á mótstað og á forsíðu hennar var merki mótsins sem Þórarinn Þórarinsson yngri á Eiðum hafði teiknað að beiðni landsmótsnefndar. Greinargóð skýrsla um mótið var tekin saman af Birni Magnússyni, Eysteini Þorvaldssyni og Þorsteini Einarssyni. Þar eru talin fram úrslit mótsins og allir keppendur og er skýrslan einstök heimild.

Veðrið á Eiðum var þökkalega hlýtt að deginum til en á kvöldin kólnaði hressilega. Aðfaranótt laugardagsins hrímaði gras og menn breiddu vel ofan á sig í svefnpokunum. Á laugardaginn var logn og drjúgur sólarhiti og gekk hann nærri mörgum hlaupurum sem sprettu úr spori á graskellinum. Á sunnudeginum var hitinn minni en ágætis veður. Hinn skammkalni íþróttavöllur var svo illa farinn að ekki varð hlaupið nema á þremur hringbrautum. Í spretthlaupunum náðust fjórar brautir.

## Fjör í frjálsíþróttum

Klukkan níu á laugardagsmorgni höfðu íþróttaflokkarnir myndað fylkingar á knattspyrnuvöllinum og við undirleik Lúðrasveitar Neskaupstaðar marséraði hópurinn inn á leikvanginn undir stjórn Þorsteins Einarssonar. Fremstir gengu stjórnarmenn UMFÍ, Hafsteinn Þorvaldsson á Selfossi og Sigurður R. Guðmundsson á Leirá með fána Íslands og UMFÍ. Fylkingar röðuðu sér upp til fánahyllingar og dreginn var að húni stór íslenskur fáni og síðan fánar allra Norðurlandanna sex. Þá flutti séra Eiríkur ávarp sitt en að því loknu fór fram athöfn sem síðan hefur orðið að fastri hefð á landsmótum. Héraðssambandið Skarphéðinn gaf UMFÍ stóran bláhvítan silkifána á síðasta lands-



*Björn Magnússon dregur Hvitbláin að húni. Stefán Jasonarson stendur hjá.*

móti og nú kom Stefán Jasonarson, formaður síðustu landsmótsnefndar, og afhenti Birni Magnússyni fánann til varðveislu. Björn dró fánann að húni á stórrí fánastöng þar sem hann blakti síðan til mótsloka.

Þegar hátíðlegheitunum var lokið gat íþróttafólkið látið til sín taka og keppnin stóð til kvölds. Allt svæðið íðaði af fjöri. Þar mátti sjá ósvikna gleði yfir unnum sigrum og stundum sár vonbrigði en ætíð heilbrigðan félags- og keppnisanda. Í 100 metra hlaupi karla var Guðmundur Kr. Jónsson HSK mættur til að verja titil sinn frá síðasta landsmóti. Með honum var Sigurður bróðir hans sem var liðtækur í öllum styttri vegalengdum og þeirra helsti andstæðingur var Jón Friðrik Benónýsson frá Hömrum í Reykjadal. Í úrslitum náði Jón góðu forskoti í byrjun en Guðmundur sem var grimmari en andskotinn komst fram úr honum á marklínu. Guðmundur var annálaður fyrir keppnishörku sem oft færði honum sigur í úrslitum. Sigurður náði þriðja sæti og varð annar í 400 metrunum sem fóru fram um miðjan dag-





5000 metra hlaupið nýhafið. Jón H. Sigurðsson hefur tekið forystu og næstur honum er Jón Guðlaugsson.

inn. Þar sigraði Trausti Sveinbjörnsson UMSK af öryggi á nýju landsmótsmeti. Hlaupið fór fram í miklum hita og voru tímar látnir ráða. Menn keyrðu sig gjörsamlega út á þungum grasbrautunum og lágu síðan eins og hráviði eftir. Margir voru í fullu starfi við að ganga undir keppendum eftir hlaupið og hlynna að þeim.

1500 metrarnir fóru fram í tveimur riðlum og Þórður Guðmundsson úr Kópavogi endurtók sigur sinn frá Laugarvatni. Næstir komu Örn Agnarsson Austfirðingur og Jón H. Sigurðsson frá Úthlíð í Biskupstungum. Jón var fyrst og fremst langhlaupari og naut sín vel í 5000 metrunum. Þar gerði Þórður Guðmundsson ítrekaðar tilraunir til að hlaupa Jón af sér án árangurs. Þegar tveir hringir voru eftir sagði Jón bless og skundaði í mark hátt uppi á tánum eins og hans var vandi. Í hlaupinu var annar Jón úr Tungunum og sá var Guðlaugsson. Hann var kominn nokkuð til aldurs og hafði nýlega getið sér frægðar fyrir að hlaupa maraþonhlaup sem var þá næstum einsdæmi. Jón maraþon var litríkur náungi og taldi sjálfur sigur sinn vísan. Hann varð þó síðastur að marki en hafði skýringu á reiðum höndum: Hann taldi að Björn í Úthlíð, bróðir Jóns H., hefði séð til þess að hann fékk glímumannafæði að borða fyrir hlaupið og hefði þess vegna verið svona þungur á sér!<sup>229</sup>

Í 1000 metra boðhlaupinu hljóp Sigurður Jónsson endasprettinn fyrir HSK og naut þar góðra féлага. Hann tók fyrstur við keflinu og þó Trausti

Sveinbjörnsson sem tók lokaþrettinn fyrir Kjalnesinga drægi mjög á hann tókst Sigurði að halda forystunni í mark. Munurinn var einn metri í lokin og áhangendur liðanna öskruðu sig hása allan síðasta hringinn. Nú tókst loks að jafna hið frábæra landsmótsmet Tómasar Lárussonar í langstökki þegar Skagfirðingurinn Gestur Þorsteinson stökk 6,89 metra. Hinn stórvaxni Þingeyingur Páll Dagbjartsson sigraði í hástökkinu næstur á undan hinum lágvaxna Bergþóri Halldórssyni frá Heiðarbæ við Þjórsárbrú sem talinn var sigurstranglekastur þrátt fyrir að vera aðeins 1,73 á hæð.

Karl Stefánsson sem nú var genginn í lið Kjalnesinga sigraði í þristökki með risastökki upp á 14,93 metra. Það dæmdist vera besta afrek frjálsíþróttanna og gaf 873 stig. Guðmundur Jóhannesson Snæfellingur, bróðir Erlings kastara, sveif manna hæst á stöng en nú voru sveigjanlegar trefjastengur farnar að leysa bambusinn af hólmi.

Enn voru Snæfellingar samir við sig og áttu sigurvegara í köstum. Jón Pétursson, sem sigraði



Ragnheiður Pálsdóttir kastar kúlunni.



Úrslit í 100 metra hlaupi kvenna. Frá vinstri: Þuríður Jónsdóttir sem varð önnur, Helga Alexandersdóttir fjórða, Sigríður Þorsteinsdóttir þriðja og sigurvegarinn Kristín Jónsdóttir.

Í þrístökki á Þingvöllum 1957, kom nú fram sem öflugur kastari og sigraði með yfirburðum í kúluvarpi og kringlukasti. Í báðum greinum bætti hann landsmótsmetin verulega og næstum því um metra í kúluvarpi, hvorki meira né minna. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir á Keldum sem keppti fyrir HSK, sigraði í spjótkastinu og var sá eini sem kastaði yfir 50 metra.

Í kvennakeppninni bar mikið á Kristínu Jónsdóttur úr Kópavogi. Hún var afar spretthörð og mikil keppnismanneskja. Kristín sigraði með yfirburðum í 100 metra hlaupinu á undan Þuríði Jónsdóttur frá Selfossi. Þær börðust aftur í langstökkinu og framan af hafði Þuríður betur. Hún stökk 4,99 metra í miðri keppni sem var lengsta stökkið. En Kristín svaraði með 5,02 í síðasta stökki og tryggði sér sigurinn. Hins vegar naut Þuríður hinna spræku félaga sinna í boðhlaupinu sem HSK vann örugglega en Kjalnesingar náðu ekki nema þriðja sæti þrátt fyrir Kristínu á endasprettinum. Það munaði um Unni Stefánsdóttur í HSK-sveitinni en hún var þarna að hefja langan og sigursælan landsmótsferil.

Guðrún Óskarsdóttir, sterkleg sveitastúlka úr Landeyjum, kastaði kúlunni næstum 10 metra og sigraði rétt á undan Sigurlínu Hreiðarsdóttur úr Eyjafirði. Ragnheiður Pálsdóttir varð nú önnur í kringlukasti en hin hávaxna Ingibjörg Guðmundsdóttir af Snæfellsnesi kastaði lengst. Nú var keppt

í spjótcasti kvenna í fyrsta sinn og þar sigraði Arndís Björnsdóttir úr Kópavogi. Kjalnesingar veittu Skarphéðinsmönnum harða keppni í frjálsíþróttum en þeir fyrirnefndu höfðu meiri breidd og sigruðu í stigakeppni greinarinnar. Þingeyska keppnisliðið var nú farið að dala en var þó í þriðja sæti. Þar næst komu Snæfellingar sem áttu marga ágæta afreksmenn en skorti nokkuð breidd.

## Kaldur poki, knattleikar, kraftamenn og kúadómar

Tilhlokkun sundmanna yfir að fá loks að keppa í heitri laug á Eiðum tók skjótan endi þegar þeir fyrstu stungu sér í vatnið á laugardagsmorguninn. Það var hund-helvíti kalt. Það var kannski von því hitastigið um nóttina var nálægt frostmarki. Það fór því eins og fyrri daginn að sumir sundkapparnir létu ekki sjá sig þegar kom að löngu sundunum. Fimm karlar voru fjarri góðu gamni og tvær konur. Í karlakeppninni var Davíð Valgarðsson ennþá yfirburðamaður og sigraði með glans í baksundi og í langsundinu. Svo var hann annar í 100 metra skriðsundi og langsamlega stigahæstur karlanna. Sigmundur Stefánsson á Selfossi sigraði hvergi en var víða framarlega og nældi sér í næstflest stig í sundinu. Nú sendi Ungmennafélagið Skipaskagi á Akranesi tvo mikla kapp til leiks, Finn Garðarsson sem sigraði í skriðsundi og Guðjón Guðmundsson sem varð meistari í bringusundi. Guðjón átti líka besta afrekið í sundkeppninni.

Guðmunda Guðmundsdóttir frá Selfossi kom, sá og sigraði í kvennakeppninni. Hún sigraði með yfirburðum í tveimur sundgreinum, varð önnur í einni og leiddi sveitina til sigurs í boðsundi. Hún vann besta afrekið í langsundinu en þar var hún næstum mínútu á undan Sólveigu systur sinni



*Verðlaunaafhending fyrir 50 metra baksund. Frá vinstri: Erla Ingólfssdóttir HSK, Guðmunda Guðmundsdóttir HSK, Birgitta Jónsdóttir Umf.K, Sólveig Guðmundsdóttir HSK, Jóhanna Björnsdóttir UMSS og Kristín Einarsdóttir UMSK.*

sem líka var afrekskona í sundi. Þuríður Jónsdóttir hélt uppteknum hætti og sigraði í bringusundinu. Eins og fyrr var nefnt varð hún í öðru sæti bæði í 100 metra hlaupi og langstökki. Þá var hún í sigursveitum HSK bæði í boðhlaupi og boðsundi. Þar að auki tók hún þátt í forkeppni í handknattleik og varð í 10. sæti í spjótkesti. Fyrir þessa frammistöðu var Þuríður valin fræknasti íþróttamaður landsmótsins á Eiðum og hlaut verðlaunabikar frá Samvinnutryggingum.<sup>230</sup>

Aftur voru sæhestarnir frá Selfossi stigahæstir í sundinu en Keflvíkingar voru þó skammt undan. Skagfirðingar voru í þriðja sæti en Skagamenn í fjórða. Þar voru einungis karlar á ferð en sem fyrr voru það konurnar sem drógu vagninn hjá HSK. Nemendur Harðar S. Óskarssonar sundhallarforstjóra létu ekki að sér hæða. Mikil keppnisgleði var við sundlaugina sem annars staðar og keppendur óspart hvattir til dáða af sínum mönnum.

Fyrsta keppni í skák á landsmóti endaði með því að Kjalnesingar báru sigurord af Eyfirðingum og Dalamönnum á hvítum reitum og svörtum. Keppnin var ekki reiknuð til stiga en þetta var eins og vænta mátti fyrsta skrefið í þá átt.

Nú var körfubolti reiknaður til stiga og leikirnir fóru fram á danspallinum stóra með síkinu umhverfis. Þrjú lið kepptu til úrslita og Skarphéðismenn endurtóku sigur sinn frá Laugarvatni. Kjalnesingar komu næstir og neðstir voru

Borgfirðingar. Í handbolta kvenna voru heimamenn í baráttunni ásamt Kjalnesingum og Skagfirðingum. Austfirsku stúlkunum gekk ekki vel í undankeppninni fyrir Laugarvatn en nú var öðru máli að gegna. Liðin þrjú unnu hvert sinn leikinn en heimastúlkur hlutu sigursætið fyrir besta markahlutfall. Fyrirlíði þeirra, Elma Guðmundsdóttir, var sannkallaður brautryðjandi. Hún var fyrsta kona í landsmótsnefnd og fjórum árum síðar varð hún fyrst allra kvenna til að stjórna

héraðssambandi þegar hún var kosin formaður UÍA.

Knálegir menn áttust við í knattspyrnu og nú kom upp sú staða að tvö lið stóðu jafnt að vígi. Bæði Skagfirðingar og Þingeyingar unnu Borgfirðinga með eins marks mun en gerðu jafntefli sín á milli. Málið endaði á borði Þorsteins Einars-



*Frá körfuboltakeppninni.*





*Danspallurinn var umflotinn vatni.*

sonar, hins allsráðandi mótsstjóra, sem úrskurðaði að Skagfirðingar hefðu sigrað á betra markahlutfalli. Þingeyingar kærðu úrskurðinn en létu kæruna niður falla fyrir beiðni stjórnar UMFÍ.

Í fjarveru Ármanns J. Lárussonar röðuðu Haugsbræðurnir Steindórssynir sér í fyrstu sæti glímunnar allir með tölu. Sem fyrr hafði Sigurður í fullu tré við bræður sína enda búinn að vinna Skarphéðinsskjöldinn átta sinnum í röð þegar hér var komið sögu. Næstir komu Guðmundur, Steindór og Hafsteinn sem reyndar var jafn Guðmundi Jónssyni sem keppti fyrir Eyfirðinga. Hinir átta keppendur höfðu margt út á glímuvöllinn að setja en hann var úr viðarborðum sem höfðu gisnað og verpst við þurrkun og voru síst af öllu þægileg viðkomu. Enn voru Þingeyingar utan vallar en það átti eftir að breytast næstu árin.

Sem fyrr voru Þingeyingar sterkir í starfsíþróttum og hlutu flest stig en Skarphéðinismenn voru skammt undan og höfðu dregið mjög á norðanmenn. Eyfirðingar og heimamenn gerðu sig einnig gildandi og það ánægjulega gerðist að fleiri sambönd og félög en áður komust á blað í hinum starfstengdu greinum. Til að leggja áherslu á tengslin við sjávarsíðuna höfðu Austfirðingar skipt út matreiðslunni fyrir netabætingu og línuþeitingu. Í netabætingunni voru þeir sigursælir og þar sigraði heimamaðurinn Jón Bjarnason. Í línuþeitingu sigraði Sigurður Sigurðsson Þingeyingur en Sigurður Steindórsson glímukappi frá Haugi varð í þriðja sæti. Hann stundaði sjó-

mennsku frá Porlákshöfn og kunnir að beita krók ekki síður en hælkrók.

Svanborg Jónsdóttir í HSK skaraði fram úr í hinum kvenlegu dyggðum að leggja á borð, skreyta með blómum og í þríþrautinni. Þar var hún reyndar í öðru sæti á eftir Guðrúnu Sigurðardóttur frá UÍA en samanlagt var hún stígahest kvenna með 11 stig. Vignir Valtýsson frá Nesi í Fnjóskadal handlék Fergusoninn af dæmafáu öryggi og sigraði öðru sinni í dráttarvélarakstri. Kristín Stefánsdóttir frá Vorsabæ skaraði fram úr í jurtagreiningu.

Jón Viðar Jónmundsson á Hrafnstöðum í Eyjafirði var snjallastur að þukla þær kusur Rauðku og Tóku í nautgripadómunum með 97 stig af 100 mögulegum sem var aldeilis ágæt niðurstaða. Lítið fór fyrir frammistöðu bókarhöfundar sem lét sig hafa það að klappa kúnum á gaddaskóm, nýkominn úr 1500 metra hlaupi. Keppni er fjölbreytt á landsmótum og menn leggja ýmislegt fyrir sig til að seilast eftir hinum dýrmætu stigum.

## Að Krakalæk

Sunnudagsmorgunin heilsaði með Austfjarðaböku og súld og takmörkuðum hita. Veðrið lagaðist þó þegar líða tók á daginn og sólin tók að skína. Á sunnudeginum var hin hefðbundna hátíðardagskrá undir stjórn Björns Magnússonar. Fyrst messaði séra Einar Þór Þorsteinsson á Eiðum og þarnæst kom röðin að heiðursgesti mótsins, Bjarna M. Gíslasyni rithöfundu. Bjarni hafði dvalist langdvölum í Danmörku og látið mál málanna, – handritamálið, mjög til sín taka. Þegar hér var komið sögu voru farsæl málalok með endurheimt handritanna í auglýsingu. Þótt Bjarni legði áherslu á að þau væru engum sérstökum mönnum að þakka virtist áhorfendur gruna að hann ætti hér góðan hlut að máli og fögnuðu honum vel.

Þjóðdansaflakkur unglunga af Eskifirði og ungir glímumenn frá Reyðarfirði sýndu listir sína en síðan trommuðu Austfirðingar upp með sögu-





Uni danski kom á landsmótið á hvítum hesti vopnaður spjóti.

sýningu formannsins, Kristjáns Ingólfssonar. Hún hét „Að Krakalæk“ og fjallaði um komu Una danska til Austurlands og viðnám heimamanna gegn Haraldi hárfagra. Tilraunir Una til að fá bændur til að ganga konungi á hönd enduðu með því, eins og sögufróðir muna, að hann varð að flýja hið snarasta af þingi. Síðasta atriðið var fimleikasýning 100 barna og unglínga undir stjórn íþróttakennaranna Þóris Sigurbjörnssonar í Neskaupstað og Þorvalds Jóhannssonar á Seyðisfirði. Sýningin þótti takast afburðavel og unga fólkið vakti mikla hrifningu. Þá var ekki eftir nema afhenda verðlaun og heiðra þá sem heiður bar fyrir frammistöðu sína. Enn sem fyrr varð HSK hlutskarpast í stigakeppninni og HSP í öðru sæti. Bilið breikkaði þó milli sambandanna en Kjalnesingar voru að sækja í sig veðrið. Vísbending um þróun næstu ára.

Björn Magnússon og félagar hans gátu borið höfuðið hátt að loknu móti en líklega hafa þeir leyft sér að fá einn góðan nætursvefn fyrst. Slíkt

hafði verið af skornum skammti vikum saman. Mótið þótti takast frábærlega og veðrið lék við mótsgesti báða dagana þrátt fyrir næturkuldann. Á Eiðum gistu allir mótsgestir í tjöldum og þar blómstraði hin eina sanna landsmótsstemming sem allir sem kynnst hafa leggja mikið upp úr. Á mánudaginn fóru allir til síns heima með góðar minningar frá Eiðastað.

Heildarstig sambanda og félaga	stig
1. HSK	258,3
2. HSP	152,3
3. UMSK	115,8
4. HSH	86
5. UÍA	75,5
6. Umf. Keflavíkur	70
7. UMSS	67
8. UMSE	60
9. UMSB	28
10. Umf. Skipaskagi	17
11. USAH	10
12. UNÞ	5
13. HSS	3
14. USVH	2
15. USÚ	1
USD	0

Stigahæstu keppendur	stig
Davíð Valgarðsson, sund	Umf.K 17
Guðmunda Guðmundsdóttir, sund	HSK 17
Þuríður Jónsdóttir, frjáls., sund	HSK 16
Þórður Guðmundsson, frjáls.	UMSK 14
Birgitta Jónsdóttir, sund	Umf.K 13
Sigmundur Stefánsson, sund	HSK 13
Jón Pétursson, frjáls.	HSH 12
Kristín Jónsdóttir, frjáls.	UMSK 12
Sólveig Guðmundsdóttir, sund	HSK 12
Finnur Garðarsson, sund	USK 11
Karl Stefánsson, frjáls.	UMSK 11
Svanborg Jónsdóttir, starfs.	HSK 11
Guðmundur Kr. Jónsson, frjáls.	HSK 10
Jón H. Sigurðsson, frjáls.	HSK 10
Sigrún Sæmundsdóttir, frjáls.	HSP 10
Sigurður Steindórss., glíma, starfs.	HSK 10



*Séð yfir mótssvæðið.*

## 14. landsmót UMFÍ á Sauðárkróki 10.-11. júlí 1971



### Eftirsótt mótshald

Lengi vel var það svo að stjórn UMFÍ fór bónarveg að héraðssamböndum til að fá þau til að standa fyrir landsmótum. Nú var öldin önnur því samböndin sóttust eftir því að fyrra bragði að halda landsmót. Ástæðan var augljós. Þau sáu sér leik á borði að hraða uppbyggingu íþróttamannvirkja sem alls staðar vantaði. Á Laugarvatni 1965 voru byggðir nýir íþróttavellir fyrir landsmótið og væntanlegir landsmótshaldarar hugðu gott til að fá ríkisvaldið í lið með sér til að bæta aðstöðuna í héraði. Því var það að áður en kom að landsmóttinu á Eiðum 1968 var búið að ákveða þar-

næsta landsmót á Sauðárkróki. Á þingi UMFÍ á Þingvöllum haustið 1967 kom fram að ekki færri en þrjú héraðssambönd hefðu sýnt því áhuga að halda landsmót árið 1974.<sup>231</sup> Þetta voru UMSE, UMSB og UMSK. Á þinginu var endanlega staðfest að næsta landsmót skyldi haldið á Sauðárkróki 1971.

Skagfirðingar gátu því tekið daginn snemma við að undirbúa landsmótið. Í blaðaviðtali strax eftir landsmótið á Eiðum upplýsti Guðjón Ingimundarson formaður UMSS, sem var jafnframt varaformaður UMFÍ, að til væri malarvöllur á staðnum en grasvöllur væri í smíðum. Sundlaug hafði verið notuð í heilan áratug ófrágingin en nú

ætluðu Sauðkrækingar að ljúka við hana fyrir landsmótið. Guðjón benti á að þótt héraðið væri stórt og fagurt væri það ekki fjölmennt og því væri heima mönnum vandi á höndum að standast samanburðinn við síðustu mót.<sup>232</sup> Þetta var ekki ofsagt hjá Guðjóni því íbúafjöldi Skagafjarðar var um þetta leyti ekki nema þriðjungur á móti mannfjöldanum á Austurlandi eða Suðurlandi.<sup>233</sup>



*Landsmótsnefndin: Stefán Guðmundsson, Sigurður R. Guðmundsson, Þóroddur Jóhannsson, Stefán Pedersen, Magnús Sigurjónsson, Gísli Felixson og Sigfús Ólafsson.*

Skagfirðingar hikuðu þó hvergi og skipuðu fljótlega landsmótsnefnd. Formaður hennar var Stefán Pedersen, ljósmyndari sem var framkvæmdastjóri UMSS í hlutastarfi. Með honum í nefndinni var einvalalið af hálfu heimamanna: Það voru Stefán Guðmundsson síðar alþingismaður, Magnús Sigurjónsson, deildarstjóri kaupfélagsins, Gísli Felixson rekstrarstjóri Vegagerðarinnar og Sigfús Ólafsson læknir. UMFÍ tilnefndi í nefndina Þórodd Jóhannsson, framkvæmdastjóra UMSE, sem hafði tekið þátt í öllum landsmótum frá 1955, og nokkru síðar Sigurður R. Guðmundsson skólustjóra á Leirá. Hugmyndin með veru Sigurðar í nefndinni var ekki sist sú að hann gæti aflað sér reynslu fyrir þarnaesta landsmót. Hann var ritari bæði UMFÍ og UMSB en haustið 1970 var ákveðið að Borgfirðingum yrði falið að halda landsmót 1974.<sup>234</sup> Nú voru menn farnir að hugsa langt fram í tímann.

Stefán Pedersen var framkvæmdastjóri landsmótsins en lítið fór fyrir launagreiðslum. Hann tók sér að mestu leyti frí frá störfum um áramótin 1971 til að vinna við landsmótið og minnr að hann hafi verið á kaupi síðasta mánuðinn áður en það hófst.<sup>235</sup> Þannig var starfað á þeim tíma og ekki töldu aðrir nefndarmenn sínar vinnustundir eða þá formaðurinn, Guðjón Ingimundarson, sem hélt uppteknum hætti við þjálfun sundliðsins sem hann hafði gert að stórveldi á Norðurlandi um árabíl. UMFÍ og UMSS gerðu samning um framkvæmdina og fyrsta greinin var svohljóðandi: „UMSS tekur að sér framkvæmd landsmótsins og ber á því fjárhagslega ábyrgð, enda renni til

þess tekjur mótsins.“<sup>236</sup> Hefðin var orðin sú að mótshaldarar stóðu og féllu með landsmótshaldinu. Það gerði auknar kröfur til þeirra og var hvatning til manna að leggja sig alla fram. Niðurstaða landsmótsins á Sauðárkróki var þó hvorki tap né gróði – það kom út nokkurn veginn á sléttu fjárhagslega.

Alltaf fjölgaði keppnisgreinum hægt og sigandi og voru nú orðnar 48. Mótsgreinar voru sjö eins og áður og skák var ennþá sýningargrein. Keppendur í mótinu voru 495. Þar af voru 201 í frjálsíþróttum, 118 í starfsíþróttum, 65 í sundi, 44 í knattspyrnu, 39 í handknattleik, 34 í körfuknattleik og 9 í glímu. Fimmtán tóku þátt í fleiri en einni mótsgrein og niðurstaðan, 495 keppendur, dálítil aukning frá síðasta móti.<sup>237</sup> Leikskráin var hið vænsta plagg með merki mótsins á forsíðu og innihélt meðal annars greinargóðar upplýsingar um fyrri mót, sem Eysteinn Þorvaldsson tók saman.<sup>238</sup> Sauðkrækingar voru bjartsýnir og bjuggust við allt að 15 til 20 þúsund gestum á mótið en urðu fyrir nokkrum vonbrigðum því þar komu um átta þúsund manns.<sup>239</sup> Veðrið var lengst af ágætt en þó kulaði með kvöldinu báða mótsdagana og var eins gott að klæða sig sæmilega.

## Spríklað undir Nöfunum

Meðan landsmótsgestir komu sér fyrir á Sauðárkróki kom hópur manna saman í Reykjavík þeirra erinda að mynda nýja ríkisstjórn. Á laugardeg-





*Landsmótið á Sauðárkróki var 10. og síðasta mótið sem Þorsteinn Einarsson stjórnaði.*

vegna landsmótsins en væntanlega hafa ráðherrarnir unnið töfina upp fljótlega.

Íþróttasvæðið á Sauðárkróki var í miðjum bænum austan við svokallaðar Nafir sem eru brött brekka frá flatlandinu við ströndina. Þær gáfu gott skjól fyrir vestanátt en höfðu lítið að segja gegn hafgolunni sem ríkti á kvöldin. Fyrir ofan Nafirnar voru almennar tjaldbúðir mótsgesta og nokkru norðar sérstakar fjölskyldubúðir. Þarna stóðu í einni röð við Skagfirðingabraut sundlaugin, vellir fyrir handbolta, frjálsíþróttir og knattspyrnu og steinsnar í burtu var veglegur sýninga- og danspallur. Rétt við sundlaugina var aðstaða fyrir starfsíþróttir og skamman spöl þar frá hafði mótsstjórnin aðsetur sitt. Það var því ekki nema fimm mínútna gangur í kringum svæðið og handan Skagfirðingabrautar voru tjaldbúðir keppenda.

Það var því stutt að fara til skruðgöngunnar

inum náðist samkomulag og Ólafur Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins, tilkynnti Kristjáni Eldjárn, forseta Íslands, að hann væri tilbúinn með nýja ríkisstjórn. Þá var forsetinn staddur á landsmóti á Sauðárkróki og kom ekki til Reykjavíkur fyrr en á mánudag.<sup>240</sup> Ríkisstjórninni seinkaði því um tvo daga

á laugardagsmorguninn í sól og sumaryl. Henni stjórnaði að vanda Þorsteinn Einarsson og einnig mótinu. Hann tók þó fram að það væri í síðasta skiptið sem hann yrði mótsstjóri enda varð hann sextugur á árinu. Fánaberi var Gestur Þorsteinson, hinn kunnir langstökkvari og eini sigurvegari heimamanna á síðasta móti. Lúðrasveit Sauðárkróks lék þjóðsöng héraðsins, „Skín við sólu Skagafjörður“ og þá voru fánar Norðurlanda og Sauðárkróks dregnir að húni. Björn Magnússon formaður landsmótsnefndarinnar á Eiðum gekk fram og afhenti Guðjóni Ingimundarsyni silkifánann bláhvíta og lauk athöfninni með því að hann var dreginn að húni.

Hlaupið var á grasi grónum brautum sem voru þungar undir fæti. Í 100 metra hlaupinu voru enn mættir hinir gömlu keppinautar Jón Benónýsson að norðan og Guðmundur Kr. Jónsson að sunnan, sem höfðu barist hart um sigurinn á Eiðum. Guðmundur átti tvo landsmótssigra að baki en varð nú í fjórða sæti. Sigurinn hélst þó innan fjölskyld-



*Sigurður Jónsson sigrar í 100 metra hlaupi. Næstur kemur Jón Benónýsson, þá Sveinar Larsen, Guðmundur Kr. Jónsson og Lárus Guðmundsson.*



unnar því Sigurður yngri bróðir hans kom fyrstur að marki rétt á undan Jóni Ben. Skarphéðinsmaðurinn Sævar Larsen varð þriðji. Það þótti afrek að hann skyldi komast í úrslitahlaupið því hann hrasaði um snarrót í undanrásunum og féll á fjóra fætur. Þegar hann reis upp aftur voru keppinautarnir víðs fjarri en Sævar beit á jaxlinn, tók sprettinn, og náði að komast fram úr nógu mörgum til að komast áfram í hlaupinu.<sup>241</sup> Í 1000 metra boðhlaupinu þurftu engir að reyna sig við Skarphéðinsmenn með tríoíð úr 100 metrunum fremsta í flokki ásamt Valmundi Gíslasyni í Vindási.

Sigurður Jónsson var talinn líklegur til afreka í 400 metrunum og það gekk eftir. Hann tók forystu þegar í byrjun og virtist ætla að sigra léttilega. En allt í einu var ungur Austfirðingur, Stefán Hallgrímsson, kominn fram úr Sigurði og allt gat gerst. Sigurður tók á öllu sínu og marði hálfan metra fram úr Stefáni á marklínu. Þetta var jöfnun á landsmótmeti hjá Sigurði sem hann gat að vissu leyti þakkað Stefáni fyrir. Í 1500 metrunum sigraði ungur Dalvíkingur, Sigvaldi Júlíusson, sá hinn sami og nú les fréttir Ríkisútvarpsins styrkri röddu. Sigvaldi hafði yfirburði en næstur kom hinn léttfæri Tungnamaður, Jón H. Sigurðsson bóndi í Úthlíð.

1500 metrarnir voru eiginlega of stuttir fyrir Jón í Úthlíð sem var ekki mikill spretthlaupari en virtist hafa endalaust úthald. Í 5000 metra hlaupinu var hann í essinu sínu og skokkaði fremstur í flokki. Sigvaldi freistaði þess að fylgja Jóni eftir en gljúpar brautir vallarins urðu honum ofviða. Sigvaldi varð að játa sig sigraðan og gafst upp og margir hinna hlauparanna komu örmagna í mark. Þeir líktu ástandi vallarins við það að hlaupa í mjúkum snjó. Jón var hins vegar vanur að skokka um lyngi vaxna afrétti Úthlíðar sem er ein stærsta jörð á landinu. Á honum sáust engin þreytumerki þegar hann kom í mark nærri heilum hring á undan næsta manni.

Baráttan var mikil í langstöckkinu. Hin nýja stjarna Austfirðinga, Stefán Hallgrímsson, hafði stökkið 6,76 metra og var fremstur á undan Guðmundi Kr. Jónssyni HSK. Guðmundur var sem fyrr segir annálaður keppnismaður og ef það var eitthvað sem honum mislíkaði þá var það að vera á eftir í jafnri keppni. Guðmundur var harður á brún þegar hann lagði af stað í síðasta stökkinu. Hann sveif 6,86 metra og þetta reyndist sigurstöckkið. Fyrstur til að óska honum til hamingju var þrudmennið Stefán Hallgrímsson sem alltaf

lagði sig fram um að hrósa andstæðingum sínum.<sup>242</sup>

Enn var Stefán í baráttunni í hástöckkinu. Þar var helsti keppinauturinn Hafsteinn Jóhannesson UMSK, síðar sveitarstjóri í Vík í Mýrdal. Hafsteinn notaði grúfustökkið eins og flestir hástöckkvarar en Stefán var búinn að tileinka sér nýjan stíl, svokallaðan Fosbury-stíl, sem fólst í því að menn svifu á bakinu yfir rána og þótti ýmsum furðulegt að sjá. Liðin var sú tíð að menn lentu standandi í hástöckkinu heldur tóku nú mjúkar dýnur við flugfiskunum. Hástöckkið varð að hreinu einvígi Stefáns og Hafsteins og lauk með naumum sigri Hafsteins sem komst yfir 1,86 í fyrstu tilraun meðan Stefán þurfti tvær tilraunir. Þá var Stefán búinn að næla sér í þrenn silfurverðlaun í harðri keppni og þar með varð hann stigahæsti maður mótsins.

Karl Stefánsson úr Kópavogi kom og lagði hald á þristökkið að vanda sínum. Hann hafði mikla yfirburði og stökk14,38 metra sem var næstum metra lengra en næsti maður. Þristökk



*Karl Stefánsson sigraði með yfirburðum í þristökki og vann besta afrek mótsins.*



*Hafsteinn Jóhannesson háði hástökkseinvígi við Stefán Hallgrímsson. Hafsteinn notaði grúfustílinn.*

Karls var besta afrek mótsins og gaf 818 stig. Það var þremur stigum meira en stangarstökk Guðmundar Jóhannessonar HSH sem stökk 4,03 metra og hafði svipaða yfirburði í sinni grein. Þriðja besta afrekið var kúluvarp Jóns Péturssonar Snæfellinga og fjórða var langstökk Guðmundar Kr. Jónssonar.

Kúluvarp og kringlukast var einvígi milli Snæfellinga og Strandamanna. „Strandamaðurinn sterki,“ eins og menn voru þegar farnir að kalla jötuninn Hrein Halldórsson, sótti ekki gull í greipar Jóns Péturssonar sem vann aftur tvöfalt í kúlu og kringlu. Sigur hans var þó tæpur í kringlukastinu en þar stóð Hreinn fremstur þegar kom að síðasta kasti hjá Jóni. Þá sýndi Jón úr hverju hann var gerður og einhenti kringlunni metra lengra en Hreinn. Í spjótkastinu sigraði Sigmundur Hermundsson UMSB í harðri keppni við Magnús Þór Sigmundsson, tónlistarmanninn góðkunna. Magnús keppti fyrir Ungmennafélag Njarðvíkur og síðar tók hann sig til og samdi lagið „Ísland er land þitt“ sem mörgum þykir

lýsa hinum sanna ungmennafélagsanda.

Jón Pétursson var formaður HSH jafnframt því að vera sterkasti keppandinn. Hann var spurður af blaðamanni *Tímans* um gildi landsmótanna og svar hans er líklega dæmigert fyrir afstöðu landsbyggðarmanna til mótanna:

Landsmótin hafa ennþá gildi fyrir landsbyggðina. Á þeim hittast menn af öllum landshornum og allir aldursflokkar blandast saman. Þau á ekki að halda oft-  
ar en nú er gert því að

þau eiga að vera stórmót. Það færi að mínum dómi ekki betur á því að Reykjavíkurfélögin tækju þátt í landsmótunum. – Þau eiga að vera séreign landsbyggðarinnar.<sup>243</sup>

Björk Ingimundardóttir UMSB kom nú aftur til leiks eftir að hafa verið fjarverandi á síðasta landsmóti. Hún átti tvo gullpeninga fyrir sigra í 100 metra hlaupi 1961 og 1965 og bætti nú þeim þriðja í safnið. Þessi hægláta stúlka var mikill keppnismaður og stóð sig alltaf best í harðri



*En Stefán Hallgrímsson stökk með hinum nýja Fosbury-stíl.*

keppni. 400 metra hlaup var ný keppnisgrein og þar sigraði Edda Lúðvíksdóttir, heimamönnum til mikillar gleði, en hún var einmitt úr Skagafirði. Það var smávaxin en stælt 15 ára telpa úr Kópavogi, Hafdís Ingimarsdóttir, sem gerði sér lítið fyrir og sigraði í langstökki með 5,23 metra. Þar með jafnaði hún hið langlífa landsmótsmet Margrétar Hallgrímsdóttur í langstökki frá 1952. Hún átti eftir að bæta um betur í Danmerkurferð UMFÍ um sumarið en þá stökk hún 5,54 metra og setti Íslandsmet. Félagi hennar úr UMSK, Kristín Björnsdóttir, var skammt undan með 5,10 og Þuríður Jónsdóttir HSK stökk 5,02 metra. Það hefði dugað henni til sigurs á síðasta móti en færði nú þriðja sæti. Þetta var lýsandi fyrir framfarir kvenna í frjálsíþróttum, en þær settu fjögur landsmótsmet.

Systurnar frá Höfn í Hornafirði, Halldóra og Guðrún Ingólfssdætur, skiptu systurlega milli sín sigrunum í kúluvarpi og kringlukasti. Þetta voru fyrstu sigrar Ungmennasambandsins Úlfjóts á landsmóti og var þeim vel fagnað. Kristín Björnsdóttir UMSK sigraði í hástökki á nýju landsmótsmeti, 1,50 m, og Arndís Björnsdóttir félagi hennar vann spjótkaсти sömuleiðis á nýju meti. Stúlurnar af Kjalarnesi, eða réttara sagt úr Kópavogi, voru aðsópsmiklar og tryggðu UMSK sigurinn í frjálsíþróttakeppninni. UMSK hlaut 102 stig en HSK 64. Þriðju voru Snæfellingar sem alltaf voru miklir frjálsíþróttamenn. UMSK átti sannkallað gullaldarlið á þessum árum og hæst bar sigur þeirra í Bikarkeppni FRÍ síðar á árinu.<sup>244</sup>

Þuríður Jónsdóttir frá Selfossi lét ekki deigan síga fremur en á fyrri landsmótum. Dúdda, eins og hún var alltaf kölluð, varð önnur í 100 metra bringusundi og þriðja í langstökki. Hún náði sjötta sæti í 100 metra hlaupi og því tíunda í spjótkaсти. Þá var hún í sigursveit HSK í boðsundi og tók þátt í boðhlaupinu sem gaf fjórða sæti. Hún kom með fjölhæfnisbikarinn sem hún hlaut á Eiðum 1968 en fyrir einhverja handvömm var hann ekki afhentur henni á þessu móti. Þuríður tók hann því

með sér heim aftur og á hann enn. Heima átti hún lítinn dreng sem var rétt að verða tveggja ára. Í fyllingu tímans varð hann fjölhæfasti og mesti íþróttamaður landsins, Jón Arnar Magnússon.

## Stórveldi fellur í starfsíþróttum

Þingeyingar höfðu borið höfuð og herðar yfir önnur sambönd í starfsíþróttum nánast frá upphafi en nú voru Skarphéðismenn með einvalið og ógnuðu stórveldinu. Keppt var í tólf greinum starfsíþróttanna og kenndi þar ýmissa grasa eins og fyrri daginn. Eini keppandinn sem varði titil sinn frá síðasta landsmóti var dráttarvélakóngurinn Vignir Valtýsson frá Nesi sem virtist ósigrandi enda með ólíkindum fimur með Fergusoninn. Hann var eini sigurvegari HSB ásamt Svanhildi Baldursdóttur sem varð hlutskörpust í vélsaumi. Heimamaðurinn Magnús Jóhannsson sigraði í hestadómum enda lá hér við heiður Skagfirðinga sem mestu hestamanna landsins. Sömuleiðis sigraði Jóhannes Geir Sigurgeirsson kúabóndi í Eyjafirði í nautgripadómum og Guðmundur Theodorsson í sauðfjárdómum fyrir Norður-Þingeyinga. Allt var þetta eftir bókinni. Það kom heldur ekki mjög á óvart þegar Greipur Sigurðsson, skógarvörður í Haukadal sigraði í gróðursetningu. Greipur starfaði hjá Skógrækt ríkisins og hafði jarðsett ófáar plönturnar í Haukadalsheiðinni.

Ekki mættu nema tveir Eyfirðingar til keppni í netabætingu enda sást hún ekki framur á lands-



*Vignir Valtýsson sigraði einu sinni enn í dráttarvélarakstri.*





*Guðrún Sveinsdóttir og Hildur Marinósdóttir voru stigahæstar í starfsíþróttum.*

mótum. Línubeitingin var snöggjum vinsælli en þar sigraði heimamaðurinn Ólafur Þorsteinsson. Þrettándi og síðasti maður varð Guðmundur Steindórsson glímukappi frá Haugi í Flóa og hefði kannski fremur átt að senda Sigurð bróður sinn sem varð þriðji á síðasta móti. Hið nýstofnaða Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu komst þarna á blað í fyrsta sinn á landsmóti þegar Björn Friðriksson náði í 1,2 stig í línubeitingunni.

Í síbreytilega flóru starfsíþróttanna var komin nýstárleg grein sem síðar hefur hlotið drjúgar vinsældir öllum að óvörum. Það var pönnuköku-bakstur. Þar er keppt í hraða, fjölda og gæðum og Guðrún Sveinsdóttir frá Varmalæk í Hrunamannahreppi stóð fremst í þessari listgrein. Hún varð svo önnur í vélsaumi og það dugði henni til að verða stigahæst í starfsíþróttum ásamt Hildi Marinósdóttur UMSE sem sigraði í blómaskreytingum og varð önnur í að leggja á borð. Yngsti keppandi landsmótsins var Gísli Pálma-son UMSK, níu ára gamall. Hann keppti í jurtagreiningu unglunga og náði áttunda sæti. Hann tók þátt eftir hvatningu föður síns, Pálma Gíslasonar, sem síðar varð formaður UMFÍ.<sup>245</sup>

Nú var engin aldursskipting í starfsíþróttunum nema einni. Jurtagreining var aðeins í boði fyrir unglunga og sagt var að þetta fyrirkomulag væri beinlínis til höfuðs Guðmundi Jónssyni bónda á Kópsvatni í Hrunamannahreppi sem þekkti flestar íslenskar plöntur eins og handarbakið á sér. Þetta breytti þó engu fyrir HSK því þrjár ungar heimasætur úr Flóanum röðuðu sér í efstu sætin. Ingi-björg Jóhannesdóttir, Sveinbjörg Stefánsdóttir og Emma Eyþórsdóttir hrósuðu sigri og gulltryggðu

sigur Skarphéðinsmanna. Starfsíþróttakeppnin fór öll fram á laugardaginn og það er skemmst frá því að segja að Skarphéðinsmenn sigruðu með 57 stigum, tíu stigum fyrir ofan Þingeyinga. Þingeyingar náðu þriðja sæti í heildarstigakeppninni en þeir tímar voru liðnir að þeir berðust við HSK um sigurinn í mótinu.

## **Bolti, sund og byltur**

Handknattleikskeppni kvenna hafði undið upp á sig frá því að Þingeyingar sigruðu í þriggja liða keppni á Laugum árið 1946. Nú voru níu lið í undankeppni og þrjú komust í úrslitin sem voru með sama sniði og 1946. Tveir leikir fóru fram á laugar-

daginn. Í þeim fyrri vann Ungmennafélag Njarðvíkur góðan sigur á UÍA, 10-5. Í seinni leiknum mörðu þingeyskar stúlkur sigur á þeim austfirsku, 7-6. Úrslitaleikurinn fór fram á sunnudaginn og þar mættust stúlkurnar úr Njarðvík og þær þingeysku sem voru frá íþróttafélaginu Völsungi á Húsavík. Leikurinn var æsispennandi. Njarðvík tók fljótlega forystu en í seinni hálfleiknum tóku HSP-stúlkurnar mikinn sprett og sigruðu 10-8. Það var einkum frábær frammistaða Bjargar Jónsdóttur sem skapaði þennan langþráða sigur. Þetta var annar sigur þeirra frá 1946 en mörg undanfarin landsmót hafði annað sætið verið hlutskipti þingeyska liðsins.<sup>246</sup>

Heimamenn Skagfirðinga höfðu unnið sér rétt til að taka þátt í þriggja liða úrslitakeppni knattspyrnunnar á landsmótinu. Andstæðingar þeirra voru Keflavík og Breiðablik sem lék undir merki UMSK. Það var ekki árennilegt fyrir Skagfirðinga að mæta þessum sterku liðum og ekki bætti úr skák að þeir áttu að leika báða leikina á laugardaginn. Heimamenn byrjuðu vel á móti Keflvík-ungum um morguninn og höfðu tveggja marka forskot um tíma. Þá hristu Keflvíkingar af sér slenið og sigruðu 5-3. Seinni leikurinn fór fram klukkan fimm um daginn. Kjalnesingar röðuðu inn mörkum og þreyttir Skagfirðingar máttu áður en lauk hirða boltann 11 sinnum úr netinu. Sjálfum tókst þeim að skora eitt mark. Úrslitaleikurinn var harður og grófur. Keflvíkingar sigruðu Kjalnesinga með einu marki sem skorað var úr vítaspyrnu.<sup>247</sup>

Til úrslita í körfuknattleik léku HSK, UMBS og Ungmennafélag Njarðvíkur. Eins og fyrr var





*Sigurlið Pingeyinga í handknattleik. Aftari röð: Katrín Sigurðardóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björg Jónsdóttir, Guðný Rikharðsdóttir, Halldór Björnsson þjálfari, Dagný Ingólfssdóttir, Katrín Freysdóttir, Sigprúður Sigurbjarnardóttir. Fremri röð: Jónína Benediktsdóttir, Hulda Skúladóttir, Jónína Sigurðardóttir, Þuríður Freysdóttir, Guðbjörg Skúladóttir.*

leikið á útipalli og var það ekki heiglum hent þegar fór að kula. Skarphéðismenn sigruðu örugglega í báðum leikjum sínum enda höfðu þeir frísku liði á að skipa sem átti rætur að rekja á Laugarvatn og Selfoss. Í öðru sæti urðu Borgfirðingar en lestina ráku Njarðvíkingar sem hin síðari ár hafa átt eitt af bestu liðum landsins. Sum dagblöðin kvörtuðu yfir nöldri leikmanna í garð dómara en aðrir báru það til baka og sögðu enga hafa nöldrað nema blaðamenn.<sup>248</sup>

Í skákinni tefldu fjórar sveitir til úrslita á Sauðárkróki. Hún var enn sýningargrein. Kjalnesingar sigruðu með talsverðum yfirburðum og hlutu 11 vinninga af 12 mögulegum. Næstir komu Eyfirðingar, þá Austur-Húnvetningar og lestina ráku Vestur-Ísfirðingar. Það var talandi dæmi um sókn UMSK á landsmóttinu að sambandið sem hafði aðeins átt örfáa keppendur í sundi á Eiðum og verið fjarri stigasetum varð nú í þriðja sæti að stígatölu. Hér munaði mest um hina nýju sundlaug í Kópavogi og hið ötula starf sundþjálfarans þar, Steinars Lúðvíkssonar.

Af keppendum Kjalnesinga bar hæst þau Maríu Einarsdóttur, sem sigraði glæsilega í 100 metra bringusundi á nýju landsmótsmeti, og Stefán Stefánsson, sem sigraði í baksundi og langsundi.


Í báðum tilfellum háði hann gífurlega baráttu við Elvar Ríkharðsson af Akranesi sem mátti láta í minni pokann á sjónarmun í bæði skiptin. Elvar var liðsmaður Ungmennafélagsins Skipaskaga sem líkt og Kjalnesingar voru mjög að sækja í sig veðrið í vatninu og voru í öðru sæti í stígateppninni með einu stigi meira en þeir. Það voru þó Skarphéðismenn sem áttu sundlauginu ef svo má segja. Þeir fengu helmingi fleiri stig en næstu sambönd og nú var gullfiskurinn frá Selfossi, Guðmunda Guðmundsdóttir, orðinn ósigrandi. Hún hafði yfirburði í öllum þremur sundgreinum sínum og lagði sitt af mörkum til sigurs í fjórundi kvenna.

Glímukeppninni var nú skipt í tvo þyngdarflokka, sem ekki var vanþörf á því orðinn var allt að helmings þyngdarmunur á milli sumra keppenda. Enn voru Haugsbræður tveir og Ármann J. Lárusson mættir á glímupallinn gyrtir megingjörðum. Ármann var nú orðinn 39 ára gamall og hafði ekki sést í glímukeppni í nokkur ár. Hann hafði greinilega bætt á sig nokkrum kílóum og var orðinn svifaseinni áður en en kraftana skorti ekki. Þeir réðu úrslitum því jötunninn sneri keppinauta sína niður hvern af öðrum og síðast Sigurð Steindórsson frá Haugi í úrslitaglímu.



*Guðmunda Guðmundsdóttir var stígahest í sundi.*

Þetta var síðasta glímukeppni Ármanns sem áhorfendur hylltu að leikslökum. Hann var þarna að ljúka sigursælasta ferli glímumanns á Íslandi. Annar varð Sigurður Steindórsson sem einnig var að ljúka frægum ferli. Í léttari flokk-



*Keppendur í glímu: Ármann J. Lárusson, Guðmundur Steindórsson, Sigurður Steindórsson, Pétur Yngvason, Benedikt Sigurðarson, Valdimar Bragason, Kristján Yngvason, Kristján Gíslason og Sveinn Á Sigurðsson.*

um sigraði Kristján Yngvason frá Skútustöðum í Mývatnssveit. Með í keppninni voru Pétur bróðir hans og tveir aðrir Mývetningar. Frammistaða þeirra dugði til að tryggja Þingeyingum sigur í glímunni. Þeir höfðu ekki sést á glímupalli landsmótanna síðan á Akureyri 1955 en hafa látið mikið að sér kveða síðan á þessu landsmóti.

## Landsmótsfréttir

Á laugardagskvöldið var kvöldvaka á stóra pallinum sem stóð neðan við svokallaða Grænuklauf. Hagmæltir ungmennafélagar spreyttu sig á að svara ýmsum spurningum í ljóðaformi. Einn hagróðinganna var Jóhannes Sigmundsson, formaður HSK en það gleymdist að láta hann vita í tíma. Hann fór því afsíðis og stritaðist við að yrkja meðan aðrir fylgdust með mótinu. Allt fór þó vel og vísurnar vöktu gleði og gáska mótsgesta.<sup>249</sup> Þá skemmti Ómar Ragnarsson, drengir sýndu fimleika og þjóðlagatríó söng. Að lokum léku landsliðsmenn Suðurlands í bítlamúsík, hljómsveitin Mánar, fyrir dansi. Fremur kalt var um kvöldið og mátti sjá gesti vafða svefnpokum sem gengu um þannig klæddir. Aðrir hituðu sér á annan hátt



*Valdimar Bragason tekur hábragð á Sveini Á. Sigurðssyni.*



Hafsteinn Þorvaldsson sæmdi Sigurð Greipsson og Eirík J. Eiríksson heiðursfélagakrossi UMFÍ við slit landsmótsins.

en þeir fáu sem reyndu að drekka brennivín máttu sæta því að lögreglan hellti veigunum niður. Nokkrar drukknar hræður sem hugðust vera fólki til leiðinda á kvöldvökunni létu sig fljótlega hverfa. Drukkið fólk verður að viðundri á landsmótum því þar á það ekki heima.<sup>250</sup>

Á sunnudaginn gaf landsmótsnefndin út fjölritað fréttablað sem nefndist *Landsmótsfréttir*. Það rann út eins og heitar lummur enda voru þar tíunduð öll úrslit laugardagsins og stigastaðan sem stigamenn allra sambanda sóttust eftir. Klukkan hálf-tvö hófst hátíðardagskrá með messu og ræðuhöldum. Þá var veður orðið gott og sól skein í heiði. Forseti Íslands, Kristján Eldjárn, og kona hans, Halldóra Ingólfssdóttir, heiðruðu samkomuna með nærveru sinni. Þau sátu í heiðurstúku ásamt forystumönnum UMFÍ, heiðursgestinum Árna Guðmundssyni, Jóhanni Salberg sýslumanni Skagfirðinga og fleiri góðum gestum. Séra Þórir Stephensen annaðist helgistund. Menn létu fara vel um sig í sólarhitunum og sýslumaðurinn fékk sér blund við hlið forsetans undir messunni. Þá flutti Árni Guðmundsson, skólastjóri ÍKÍ, hátíðarræðu en Árni er gamall Sauð-

krækingur og keppti á landsmótum á árum áður. Mörg ávörp og ræður voru fluttar en mesta athygli vöktu kornungir piltar frá Vestmannaeyjum sem sýndu fimleikalistir sínar við mikla kátínu mótsgesta.

Hafsteinn Þorvaldsson afhenti hinum öldnu fyrirmönnum Eiríki J. Eiríkssyni og Sigurði Greipssyni heiðursféлагаorðu UMFÍ sem var veitt þarna í fyrsta sinn. Þá söng karlakórinn Heimir nokkur lög enda Skagfirðingar mestu söngmenn landsins að eigin sögn. Að lokum sýndi fjöldi unglunga frá Sauðárkróki og Blönduósi hóp fimleika á íþróttavellinum undir stjórn Ingimundar Ingimundarsonar íþróttakennara.

Um kvöldið voru afhent verðlaun. Hafsteinn Þorvaldsson sleit mótinu og bað menn að hittast heila á landsmóti í Borgarfirði að þremur árum liðnum. Alltaf stækkaði flóra sérverðlauna og verða þau ekki tíunduð hér. Héraðssambandið Skarphéðinn virtist nú orðið áskrifandi að helstu verðlaunum mótsins. HSK sigraði í heildarstigakeppninni í áttunda sinn í röð og liðsmenn þess stóðu fremstir í starfsíþróttum og sundi. En UMSK var á mikilli siglingu og stóð sig best í frjálsíþróttum sem lengi höfðu verið séreign HSK. Það stefndi í uppgjör milli þessara risa innan UMFÍ. En þarna á Sauðárkróki hrópuðu menn húrra fyrir byggðarlaginu sem fagnaði 100 ára afmæli um þessar mundir og drifu sig svo í dansinn.

Heildarstig sambanda og félaga		stig
1.	HSK	244
2.	UMSK	199,2
3.	HSP	108,7
4.	UMSE	84,7
5.	UMSS	77,5
6.	HSH	77
7.	Umf. Skipaskagi	55
8.	UÍA	46
9.	UMSB	45
10.	Umf. Njarðvíkur	32
11.	USAH	29,7
12.	USÚ	27
13.	Umf. Keflavíkur	23
14.	HSS	20
15.	UNP	17
16.	USVH	4
17.	HVÍ	2
18.	USVS	1,2





*Frá þjóðdanssýningu.*

<b>Stigahæstu keppendur</b>		<b>stig</b>			
Guðmunda Guðmundsdóttir, sund	HSK	18	Sigurður Jónsson, frjáls.	HSK	12
Elvar Ríkharðsson, sund	USK	16	Guðmundur Theodórsson, starfs.	UNÞ	11
Kristín Björnsdóttir, frjáls.	UMSK	16	Guðrún Sveinsdóttir, starfs.	HSK	11
Edda Lúðvíksdóttir, frjáls.	UMSS	15	Halldóra Ingólfsdóttir, frjáls.	USÚ	11
Stefán Hallgrímsson, frjáls.	UÍA	15	Hildur Marinósdóttir, starfs.	UMSE	11
Stefán Stefánsson, sund	UMSK	14	Jón H. Sigurðsson, frjáls.	HSK	11
Hafdís Ingimarsdóttir, frjáls.	UMSK	13,5	Guðbjartur Gunnarsson, starfs.	HSH	10
Guðmundur Kr. Jónsson	HSK	13	Guðmundur Jóhannesson, frjáls.	HSH	10
Jón Pétursson, frjáls.	HSH	12	Guðrún Ingólfsdóttir, frjáls.	USÚ	10
			Þuríður Jónsdóttir, frjáls., sund	HSK	10





Frá setningu landsmótsins.

## 15. landsmót UMFÍ á Akranesi 11.-13. júlí 1975



### Akranes fyrir Varmaland

Umsókn Borgfirðinga til UMFÍ að halda landsmót á Þjóðhátíðarári 1974 var sem fyrr segir samþykkt í stjórn UMFÍ haustið 1970. Þetta var staðfest á þingi UMFÍ sem haldið var á Húnavöllum haustið 1971. Fram komu tillögur um breytta reglugerð landsmótsins og var kosin millþinganefnd til að fara yfir hana fram að næsta sambandsráðsfundi.<sup>251</sup> Fundurinn var haldinn á Akranesi 3. júní 1972 og þar var mikið rætt um landsmót. Fjöldi keppenda og mótsgreina var orðinn það mikill að ramminn fyrir tveggja daga mót var sprunginn. Því var ákveðið að næsta landsmót yrði þriggja daga mót og hæfist á föstudegi. Vilhjálmur Einarsson, formaður UMSB, upplýsti að

hugmyndin væri að halda mótið á Varmalandi og hafa skemmtiatriði og tjaldbúðir á Húsafelli. Mörgum fundarmönnum þótti ófært að kljúfa mótið þannig í tvennt og bentu á Akranes sem heppilegri stað.<sup>252</sup>

Það næsta sem gerðist var að Þjóðhátíðarnefnd undir forystu Indriða G. Þorsteinssonar hafði samband og óskaði eftir að mótinu yrði frestað til ársins 1975. Stjórn UMFÍ samþykkti þessa málaletan umsvifalaust á fundi í nóvember 1972.<sup>253</sup>

Stjórn UMSB átti við ramman reip að draga um þetta leyti. Húsafellshátíð 1972 hafði brugðist fjárhagslega og þar með var sýnt að sambandið hafði ekki bolmagn til að standa fyrir nauðsynlegri uppbyggingu á Varmalandi. Ungmennafélagið Skipaskagi á Akranesi bauð þá fram

samvinnu sína við landsmótið gegn því að það yrði haldið á Akranesi. Mörgum Borgfirðingum þótti afleitt að fara með landsmótið út af sambandssvæðinu og vildu heldur afsala sér móts-haldinu. Tillaga þar að lútandi var þó felld á þingi UMSB 14. janúar 1973 með 22 atkvæðum gegn 14.<sup>254</sup>

Þar með var teningnum kastað og stefnan sett á Akranes. Ungmennafélagið Skipaskagi var ungt félag, stofnað 1961, og hafði getið sér góðan orðstír fyrir sundkappa sína á undanförunum árum. UMSB og USK tóku nú höndum saman og stofnuðu landsmótsnefnd. Formaður hennar var hinn reynslumikli Sigurður R. Guðmundsson skólastjóri á Leirá, ritari UMFÍ. Aðrir nefndarmenn voru Bjarni Sigurðsson, Sigmundur Hermundsson, Garðar Óskarsson og Ólafur Þórðarson. Tveir hinir síðastnefndu komu frá USK. Af hálfu UMFÍ voru tveir þungavigtarmenn í nefndinni, Pálmi Gíslason og Sigurður Geirdal. Síðla vetrar 1975 réð nefndin sér framkvæmdastjóra. Það var Ingólfur Steindórsson sem hafði keppt á landsmótum í frjálsíþróttum fyrir Vestur-Húnavetninga og Skipaskaga. Gerður var hefðbundinn samningur milli UMSB og UMFÍ um framkvæmd landsmótsins. Þar var ítrekuð fjárhagsleg ábyrgð heimamanna. Einnig var samið við bæjarstjórnina á Akranesi um alla aðstöðu á staðnum.<sup>255</sup> Svo vel vildi til að forseti bæjarstjórnar var Daniel Ágústínusson, hinn gamli ritari og framkvæmdastjóri UMFÍ um áratugaskeið.



Landsmótsnefndin: Ólafur J. Þórðarson, Pálmi Gíslason, Kristófer Þorgeirsson, Sigmundur Hermundsson, Garðar Óskarsson, Bjarni Sigurðsson, Ingólfur Steindórsson framkvæmdastjóri, Sigurður R. Guðmundsson og Sigurður Geirdal.

Bæjarstjórnarmenn með Daniel í broddi fylkingar létu ekki sitt eftir liggja og flýttu sér að ljúka frágangi íþróttahúss sem hafði verið í smíðum um skeið. Þá var íþróttavöllurinn lagfærður og settar upp hlaupabrautir, gryfjur og kasthringir. Frjálsíþróttir höfðu lítið verið á dagskrá á Akranesi þar sem knattspyrnan ber ægis-hjálmi yfir aðrar íþróttir en nú varð breyting á. Þá var sett upp sundlaug til bráðabirgða á kostnað mótshaldara.<sup>256</sup>

Hér voru að vanda mörg handtök unnin á síðustu vikum og dögum fyrir mótið Þegar leið að landsmótshelginni gátu mótshaldarar litið upp með bros á vör því sýnilegt var að allt myndi ganga upp. Það eina sem þeir gátu ekki vitað var fjöldi mótsgesta, sem réð úrslitum um afkomu mótsins. Útbúin voru tjaldstæði fyrir 17 þúsund manns en á mótið komu ekki nema um 10 þúsund og voru það mótshöldurum mikil vonbrigði.<sup>257</sup> Þetta leiddi af sér tap á mótinu upp á tæpar þrjár milljónir króna. Það var þungur baggi að bera og stytta lífdaga Ungmennafélagsins Skipaskaga sem lognaðist út af skömmu eftir landsmótið. Aðildarfélag UMSB brugðust drengilega við og skiptu á milli sín skuldunum.

Keppendur mótsins voru 588 og hafði fjölgað nokkuð frá því á Sauðárkróki. Þeir sem tóku þátt í sýningargreinum voru 110 talsins og í sýningarflokkunum voru um 300 manns. Talið er að starfsmenn hafi verið um 400 og þar með voru hátt í 12 þúsund manns viðstaddir landsmótið á Akranesi.

Á forsíðu leikskrárinnar var merki mótsins eftir hinn drátt-haga framkvæmdastjóra UMFÍ, Sigurð Geirdal. Nú voru aftur gefnar út *Landsmótsfréttir* og bætt um betur frá því á Sauðárkróki því gefin voru út þrjú tölublöð, eitt að kvöldi hvers landsmótsdags. Þar voru tíunduð úrslit greina og niðurstaða stigakeppninnar. Þar voru því vinsælasta lestrarefnið á staðnum og eru helsta heimildin um þetta mót.<sup>258</sup>



*Hvítbláinn dreginn að húni.*

## Litlir Ólympíuleikar

Yfirbragð mótsgesta og íþróttafólksins hafði breyst nokkuð frá fyrri landsmótum. Í stað stutt-klipptra pilta mátti nú sjá karlpeninginn með lokkasafn niður á herðar. Sumir báru hárbönd og aðrir skörtuðu alskeggi. Ekki laust við að margir þeirra væru hárrúðari en kvenfólkið. Jafnvel sköllóttir karlar voru með langar lýjur kringum eyrun. Konurnar virtust heldur ekki leggja mikið upp úr klippingunni. Þetta var sá tími þegar hárskerar hættu störfum og skelltu sér á sjóinn til að lifa af. Bæði kynin gengu í útvíðum gallabuxum en voru að öðru leyti frjálsgleg í klæðaburði. Undir þessu loðna yfirbragði leyndust sömu væntingar og fyrrum því innrætið hafði ekki breyst.

Mótsgestir tóku að streyma á svæðið þegar á fimmtudagskvöldið. Þeir voru dregnir í dilka og ýmist vísað í almennar búðir, fjölskyldubúðir eða kepp-

endabúðir. Héraðssamböndin reistu samkomu-tjöld sín á hinum síðastnefndu. Mest bar á tjöldum sambandsrisanna, UMSK og HSK, sem mættu með mikið lið og frítt. Mikil hópstemming var hjá hvorum tveggju enda fór ekki á milli mála að bæði samböndin stefndu á sigur í mótinu. Kjalnesingar skörtuðu rauðsvörtum búningum en Skarphéðinsmenn komu nú í fyrsta skipti fram í sínum gulbláu klæðum sem lengi voru þeirra einkennismerki. Þá höfðu allir liðsmenn þeirra gular húfur sem voru gerðar af þeirri list að þær voru bláar að innanverðu. Einn daginn voru því allir Skarphéðnar með gular húfur en næsta dag var þeim snúið við og þá voru allir með blátt höfuð-fat.

Nú þegar búíð var að bæta einum degi við móts-haldið breyttist margt í framkvæmdinni. Íþróttakeppnin hófst án nokkurra formlegheita strax að morgni föstudags og stóð fram eftir degi. Þá var búíð að bæta inn sýningargreinum sem voru ekki reiknaðar til stiga. Það voru júdó, lyftingar, borð-tennis og siglingar.

Setningarathöfnin fór fram að kvöldi föstu-dagsins. Veður var gott eins og alla mótisdagana út í gegn. Forsetahjónin, Kristján Eldjárn og Hall-dóra kona hans, voru viðstödd ásamt ýmsu stór-menni. Sigurður R. Guðmundsson flutti ávarp en Hafsteinn Þorvaldsson setti mótið og talaði um „þjóðhátíð æskunnar.“ Úti á vellinum stóðu íþróttamenn þáttökusambanda og -félaga fylktu liði við fána sína undir stjórn hins skörulega íþróttafulltrúa Þorsteins Einarssonar. Þeir voru að



*Þorsteinn Einarsson var í fararbroddi skriðgöngunnar að vanda.*



Þessu sinni um 600. Þetta var glæsileg sjón og menn voru farnir að tala um litla Ólympíuleika. Á eftir athöfninni fóru fram fimleikasýningar innlendra og erlendra sýningarflokka. Þarna kom í fyrsta sinni á landsmót fimleikaflokkur frá dönskum ungmennafélögum en það átti eftir að verða fastur liður um langa hríð enda Danir heimsins mestu fimleikamenn.

Setningarhátíðinni lauk með því að keppt var í 5000 metra hlaupi. Þar sigraði hávaxinn heima- maður, Jón Diðriksson frá Helgavatni í Þverár- hlið. Hann var þá orðinn besti langhlaupari lands- ins og fór létt með sigur í 1500 og 5000 metr- unum. Næstur á eftir Jóni í 5000 metrunum var nafni hans, Jón í Úthlíð, sem nú var kominn á fer- tugsaldur en léttfær sem fyrr. Jón hljóp því miður ekki á fleiri landsmótum því hann varð fyrir slysi árið 1977 og hefur síðan verið bundinn hjólastól.

Í 100 metra hlaupinu var Sigurður Jónsson HSK talinn líklegur til að verja titil sinn frá síðasta landsmóti. Svo fór ekki því sprettharðir bræður frá Flateyri, Magnús og Angantýr Jónas- synir, urðu fyrstir en Sigurður varð þriðji rétt á hælum Angantýs. Fimmsti maður var Hilmar Pálsson, félagi þeirra bræðra. Sigurður var hins vegar yfirburðamaður í 400 metra hlaupinu og setti þar nýtt landsmótsmet, 51,1 sekúndu. Vestfirðingar áttu fljótustu mennina bæði í 4×100 metra og 1000 metra boðhlaupi. Bræðurnir frá Flateyri og félagar þeirra voru ekki sérlega æfðir í skipting- um sem er lykilatriði í boðhlaupum. Þær voru Kjalnesingar búnir að æfa vel og sigruðu í báðum sprettunum. Vestfirðingar náðu öðru sæti í bæði skiptin.

Nú var Strandamaðurinn sterki, Hreinn Hall- dórsson, orðinn ósigrandi í kúluvarpi og kringlu- kasti og sigraði þar með glæsibrag. Hann sigldi



Úrslitasprettur 100 metra hlaupsins. Frá vinstri. Angantýr Jónasson, Sigurður Jónsson og Magnús Jónasson sem sigraði.



Úrslitahlaup í 100 metrum. Bergþóra Benónýsdóttir geysist fram úr Björku Ingimundardóttur. Bergþóra varð önnur og Björk fjórða.

hraðbyri í átt að heimsmælikvarðanum sem hann náði nokkrum árum síðar. Pétur Pétursson félagi hans sýndist mjósleginn við hliðina á Hreini og var stundum í gríni kallaður „Strandamaðurinn aumi“ til aðgreiningar. Hann var þó síður en svo nokkur aukvisi og stóð sig vel í þrístökkskeppni- inni. Pétur var svo kloflangur að hann sýndist fara hægt yfir í þrístökkinu. En hann lagði mikið undir sig og virtist hanga óratíma í loftinu í hverju stökki. Pétur sigraði að lokum eftir hörkukeppni við Aðalstein Bernharðsson, Karl Stefánsson og Jason Ívarsson.

Karl West Fredriksen UMSK sigraði Hafstein Jóhannesson féлага sinn í hástökkinu og setti landsmótsmet, 1,92 metra. Sigurður Jónsson HSK var ekki líklegur til afreka í langstökkinu því hann rétt skreið inn í úrslitakeppnina sem átt- undi maður. Þegar síðasta umferðin hófst var hann búinn að stökkva sex og hálfan metra og nartaði í sjötta sætið en Karl West hafði stökkið 6,78 metra og var fremstur. En Sigurður var gæddur sama hæfileika og Guðmundur bróðir hans, að bæta við umframorku á síðasta augna- blikki þegar þörfin var mest. Hann fékk vængi í síðasta stökkinu og sveif hátt og langt. 7,01 metri





*Ingibjörg Ívarsdóttir sigraði bæði í 400 og 800 metra hlaupum.*

mældist stökkið og þá var loks búið að slá landsmótsmetið, 6,89 metra, sem Tómas Lárusson UMSK setti árið 1952. Bæði Sigurður og Karl hlutu 16 stig í frjálsíþróttum og voru stigahæstir karla.

Hólmfríður Erlingsdóttir, tveggja barna móðir úr Eyjafirði, sigraði í 100 metra hlaupinu rétt á undan hinum spretthörðu Bergþóru Benónýsdóttur HSP, Hafðisi Ingimarsdóttur UMSK og Björk Ingimundardóttur UMSB sem þarna var á síðasta landsmóti sínu eftir frækilegan feril. Hólmfríður varð önnur í 400 metra hlaupi og fjórða í langstökki. Það dugði henni til að verða stigahæst

kvenna. Í 400 og 800 metra hlaupum sigraði Ingibjörg Ívarsdóttir, leggjalöng telpa úr Flóanum, sem virtist ekki taka þessi erfiðu hlaup nærri sér. Hún var aðeins 14 ára en létt á fæti og átti eftir að koma talsvert við sögu landsmótanna síðar.

Kristín Björnsdóttir UMSK sigraði bæði í 100 metra grindahlaupi og hástökki. Í bæði skiptin setti hún landsmótsmet og hástökkið 1,57 metrar var talið besta afrek kvenna. Hafðís Ingimarsdóttir, félagi hennar, hafði mikla yfirburði í langstökkinu og stökk 5,40 m. Þar féll hitt langlífa langstökksmetið sem Margrét Hallgrímsdóttir setti árið 1952. Í kúluvarpi og kringlukasti var Guðrún Ingólfssdóttir USÚ hinn öruggi sigurvegari. Þingeyingar sigruðu í 4×100 metra boðhlaupinu með yfirburðum og settu met.

## **Einnota sundlaug og erfið karfa**

Nú var búið að fjölga sundgreinum og bæði karlar og konur höfðu úr níu greinum að velja. Heima-



*Kristín Björnsdóttir vann besta afrekið með sigri í hástökki.*



*Þorsteinn Hjartarson og Guðjón Guðmundsson stigahæstir í sundi.*

menn úr Skipaskaga lögðu til atlögu við stórveldi Skarphéðins og velgdu því undir uggum. Heima- maðurinn Guðjón Guðmundsson var konungur bringusundsins. Hann sagðist vera hættur keppni þegar hann yfirgaf mótið hlaðinn verðlaunapeningum fyrir annað sæti í fjórsundi og sigur í 100 og 200 metra bringusundi. Tími hans í því síðarnefnda reyndist vera besta afrek mótsins. Þorsteinn Hjartarson úr Hveragerði lék sama leikinn því hann sigraði í baksundi og flugsundi og varð annar í skriðsundi. Hinn fjölhæfi Þorsteinn varð stigahæstur karla ásamt Guðjóni og var það dæmigert fyrir keppnina milli USK og HSK. Þriðji mesti stigagarpurinn var Daði Kristjánsson UMSK sem sigraði í fjórsundi og 800 metra skriðsundi.

Elínborg Gunnarsdóttir, 16 ára sundkona frá Selfossi, varð stigahæst kvenna því hún sigraði í öllum þremur greinunum sem hún tók þátt í. Hún hafði betur í bringusundsgreinunum í harðri keppni við Sonju Hreiðarsdóttur úr Njarðvíkum og hafði yfirburði í fjórsundinu. Guðrún Halldórsdóttir USK kom á hæla henni því hún sigraði í baksundi og skriðsundi og varð önnur í fjórsundi. Það stefndi í mikið einvígi milli HSK og USK í 4×50 metra fjórsundi en HSK-stúlkur voru dæmdar úr leik, að þær sjálfar töldu ranglega. Þar tapaði Skarphéðinsliðið sex stigum en sigraði þó í stigakeppni sundsins með 116,5 stigum gegn

113 stigum Skipaskaga. Frammistaða þessa lítt þekktu ungmennafélags af Akranesi vakti mikla athygli en félagið varð í fjórða sæti í stigakeppni mótsins næst á undan UMSB.

Búið var að fjölga liðum um helming í úrslita- keppni boltaleikjanna svo nú kepptu sex lið til úrslita í stað þriggja áður. Skipt var í tvo riðla í undankeppni. Sigurvegarar riðlanna kepptu svo til úrslita, lið númer tvö um þriðja sætið og neðstu liðin um það fimmta. Þetta þýddi að leikjum í hverri grein fjölgaði þrefalt og voru nú níu í stað þriggja. Í handbolta kvenna var leikið á malbikuðu plani fyrir aftan grasvöllinn. Í öðrum riðlinum sigraði lið Breiðabliks úr Kópavogi sem kom fram undir merki UMSK. Í hinum riðlinum sigraði lið Ungmennafélags Njarðvíkur. Um fimmta sætið í keppninni léku UÍA og USK og sigruðu þær austfirsku með yfirburðum. Keppni um þriðja sætið var mjög jöfn á milli HSB og Ungmennafélags Keflavíkur. Þær síðarnefndu sigruðu í framlengingu. Í úrslitaleiknum mátti lengi ekki á milli sjá en að lokum sigu UMSK-stúlkurnar fram úr og sigruðu með 11 mörkum gegn 7.

Úrslitaleikurinn í knattspyrnunni var á milli Keflvíkinga og UMSK, eða Breiðabliks því þaðan voru leikmennirnir. Veður var hið blíðasta en leikmenn að sama skapi harðskeyttir. Markahæsti maður mótsins, Steinar Jóhannsson úr Keflavík, náði að skora eina mark leiksins í fyrri



*Elínborg Gunnarsdóttir stigahæst í sundi.*

hálfleik og stóðu Keflvíkingar því uppi sem sigurvegarar.

Í A-riðli körfuboltans stóð baráttan á milli Snæfellinga og Skarphéðinganna og leiknum lauk með minnsta mögulega mun, 51-50 HSK í vil. Í liði Skarphéðinganna var Austfirðingurinn Stefán Hallgrímsson sem gerði garðinn frægan í frjálsíþróttakeppninni á síðasta landsmóti. Nú var Stefán genginn til liðs við KR en var fastamaður í liði HSK í körfuboltanum. HSH kærði þátttöku Stefáns í leiknum og á grundvelli fornra laga sem kváðu á um búsetu á sambandsvæði viðkomandi liðs var hann útskúfaður. Þetta olli vægast sagt leiðindum og að lokum fór svo að ákveðið var að endurtaka leikinn án Stefáns. Sá leikur fór fram á sunnudagsmorguninn og lauk með sigri HSK. Síðar um daginn kepptu Skarphéðingmenn í úrslitum körfuboltans við Njarðvíkinga og var sá leikur lengi vel í járnum. Í lokin fór að gæta þreytu hjá Skarphéðingmönnum því aukaleikurinn sat í þeim. Njarðvíkingar gengu á lagið og sigruðu 76-61. Í leik um þriðja sætið sigruðu Snæfellingar Borgfirðinga og UÍA lagði UMSK í leik um fimmta sætið.

## Þingeyingar svara fyrir sig

Eins og menn muna létu Þingeyingar í minni pokann fyrir Skarphéðingmönnum í sérgrein sinni, starfsíþróttunum, á síðasta landsmóti. Þingeyingar eru þekktir fyrir að vera þokkalega góðir með sig og þessi niðurstaða vakti þeim litla ánægju. Ekki var um annað að ræða en taka sig á og það gerðu þeir svo sannarlega. Enn var Vignir Valtýsson HSB efstur í dráttarvélarakstrinum og fór sigri hrósandi heim með fjórða gullpeninginn. Halla Loftsdóttir HSB bakaði ljúffengustu pönnukökurnar og var önnur í vélsaumi. Þá varð hún fjórða í blómaskreytingum og þetta dugði henni til að verða stigahæst í starfsíþróttum með 14 stig.

Guðmundur Gíslason, síðar ritstjóri *Skinfaxa*, spreytti sig í pönnukökubakstri og varð ekki síðastur en litlu munaði. Hann keppti fyrir UÍA og notaði sína einkauppskrift sem hann gaf nafnið „Austfjarðapokan,“ Ung og ólofuð stúlka, Ragnheiður Tryggvadóttir frá Skrauthólum á Kjalarnesi, hlaut önnur verðlaun fyrir borð sem hún nefndi „Trúlofun“ í keppni um að leggja á borð. Hún keppti að sjálfsögðu fyrir Kjalnesinga.<sup>259</sup> Þorkell Þorkelsson frá Laugarvatni var gleggstur í hestadómum. Hann stóð vel að vígi því hann er



*Frá keppni í hestadómum.*

sonur Þorkels Bjarnasonar hrossaræktarráðunauts og fetaði þarna í fótspor Guðmundar bróður síns sem sigraði á Eiðum. Þingeyingar sigruðu með miklum yfirburðum í heildarstigakeppni starfsíþróttanna og fengu 66,5 stig á móti 36 stigum Skarphéðinganna sem voru í öðru sæti. Tap



*Guðmundur Gíslason keppti í pönnukökubakstri.*





*Ingi Þór Yngvason leggur Guðmund Steindórsson á sniðglímu.*

þeirra á síðasta landsmóti var undantekningin sem sannaði regluna.

Nú var búið að fjölga þyngdarflokkum glímumanna í þrjá og þar með fór glímumönnum fjölgaandi. Þrettán voru þeir sem létu koma krók á móti bragði og enn var Guðmundur Steindórsson frá Haugi með í leiknum. Hann snaraði á sig beltinu og gekk á móti tveimur af Skútustaðabræðrum en eins og fyrr hefur verið vikið að er glíman ættgeng mjög. Úrslitaglíman var á milli Guðmundar og Inga Þórs Yngvasonar sem varð glímukóngur ári síðar og var því enginn meðalmaður. Ingi náði mikilli sniðglímu á Guðmund sem sveif í gólfíð. Brestir komu í glímupallinn sem hafði verið smíðaður í skyndi úr spónaplötum. Guðmundur var orðinn allmörgum kílóum þyngri en þegar hann kom til glímunnar á Laugum 1961 og minnti helst á símastaur í vexti. Svo heppilega vildi til að hann fékk ekki fleiri byltur því annars er óvíst að pallurinn hefði staðist átökin. Ingi Þór vann þyngsta flokkinn, Eyþór Pétursson í Baldursheimi miðflokkinn og Halldór Konráðsson úr Reykjavík léttasta flokkinn.<sup>260</sup> Hann glímði fyrir

ungmennafélagið Víkverja sem bæði þá og síðan átti marga af fimustu glímumönnum landsins. Þingeyingar voru stigahæstir í glímu og voru enn að bæta fyrir öll landsmótin þar sem þeir sniðgengu glímuna.

Nú var skákin í fyrsta skipti reiknuð til stiga og fjórar sveitir tefldu til úrslita. Til að byrja með virtust Skarphéðinsmenn og Kjalnesingar svipaðir að styrkleika og þegar sveitirnar mættust í lokin var vinningatala þeirra jöfn. Kjalnesingar sigruðu með þremur vinningum gegn einum og hlutu 9,5 vinninga af 12 mögulegum. Næstir voru Skarphéðinsmenn, þá Eyfirðingar og heimamenn í Skipaskaga ráku lestina.

## Við skulum vinna næsta mót

Á laugardagskvöldinu var kvöldvaka og að sjálf-sögðu léku hljómsveitir á dansleikjum á úti-palli og í íþróttahúsinu. Dansleikirnir þóttu fara vel fram og vín sást ekki nema á örfáum undanvillingum. Á böllunum voru á þriðja þúsund manns og taldist þetta einsdæmi.

Síðdegis á sunnudaginn var hátíðardagskrá. Nú var engin messan en þess í stað sýndu hinir léttleikandi Danir frá Hróarskeldu listir sínar í annað sinn. Einnig sýndu fimleikastúlkur frá Högaliden í Svíþjóð. Þjóðdansaflokkur frá Noregi dansaði, ávörp voru flutt og flokkur ungra stúlkna úr Gerplu í Kópavogi sýndu fimleika. Heiðursgestur mótsins var Sigríður Thorlacius, formaður Kvenfélagsambands Íslands. Nærvera hennar var vel við hæfi á kvennaári en það var einnig til að minna á hið mikla samstarf kvenfélaganna og ungmennafélaganna við byggingu félagsheimila og margvíslegt skemmtanahald í byggðum landsins. Sigríður hélt hátíðarræðuna en svo var komið að verðlaunaafhendingunni.

Þrátt fyrir upplýsingar *Landsmótsfrétta* og útreikninga helstu stigamanna hjá HSK og UMSK var munurinn á stigatölu þeirra svo lítill að enginn treysti sér til að skera úr um niðurstöðuna. Það ríkti því mikil eftirvænting þegar Sigurður Geirdal las upp lokatölnar klukkan átta um kvöldið. Skarphéðinn hafði sem fyrr segir sigrað á átta landsmótum í röð en nú var röðin komin að Kjalnesingum. Þeir hlutu 284,5 stig en Skarphéðnar 281 stig. Munurinn gat varla minni verið og nú söknudu þeir síðarnefndu stiganna sem ekki fengust fyrir boðsundið.

Gífurleg fagnaðarlæti brutust út í hópi Kjalnes-





Sérverðlaunahafar landsmótsins með gripi sína. Frá vinstri: Óskar Ágústsson HSP, Garðar Óskarsson USK, Halla Loftsdóttir HSP, Stefán Tryggvason UMSK, Jóhannes Sigmundsson HSK, Vignir Valtýsson HSP, Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir UMSK, Gunnar Þorvarðarson Umf.N, Kristín Björnsdóttir UMSK, Karl West UMSK, Hafsteinn Pálsson UMSK, Hreinn Halldórsson HSK, Björgvin Jóhannesson UMSK, Hólmfríður Erlingsdóttir UMSE, Sigurður Jónsson HSK, Bára Eiríksdóttir UMSK, Elinborg Gunnarsdóttir HSK og Þorsteinn Hjartarson HSK.

inga við tíðindin og allir sem einn, á þriðja hundr-  
að manns, þustu þeir inn á völlinn til að taka við  
hinum eftirsóttu verðlaunum. Sigurður Geirdal  
sem sjálfur var í liði Kjalnesinga gat ekki á sér  
setið að hælum um og ljóðaði á Skarphédinsmenn:

Kjalnesinga kapp lið,  
kom í hóp á landsmótið.  
Skalf á beinum Skarphédinn,  
skelfdist allur lýðurinn.

Jóhannes Sigmundsson, formaður HSK, lét Sigurð  
ekki eiga hjá sér og svaraði þessu þannig:

Ekki vantar oflætið,  
þeir unnu að vísu landsmótið.  
En Skarphédinn ei skelfdist hót,  
við skulum vinna næsta mót.<sup>261</sup>

Þetta gekk eftir því á næsta landsmóti endur-  
heimtu Skarphédinsmenn stigabikarinn.

Sigurður R. Guðmundsson, formaður lands-  
mótsnefndar, flutti síðan stutt ávarp og Daníel  
Ágústínusson, forseti bæjarstjórnar, flutti þakkir  
heimamanna. Síðastur talaði Hafsteinn Þorvalds-  
son, formaður UMFÍ. Hann flutti öllum viðstödd-  
um þakkir sínar og mælti hvatningarorð um öfl-  
ugan undirbúning fyrir næsta mót. Þar með fóru  
gestir heim með sól í sinni eftir enn eitt velheppn-  
að landsmót.<sup>262</sup>

Heildarstig sambanda og félaga	stig
1. UMSK	284,5
2. HSK	281
3. HSP	156,5
4. Umf. Skipaskagi	128
5. UMSB	92,5
6. UMSE	76
7. HSH	64





Frá setningu landsmótsins á Selfossvelli.

## 16. landsmót UMFÍ á Selfossi 21.-23. júlí 1978



### Frá Dalvík á Selfoss

Á stjórnarfundum UMFÍ í ágúst 1974 var samþykkt beiðni UMSE um að halda landsmót árið 1978 og skyldi halda það á Dalvík. Í tilefni þessa var sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Dalvík haustið 1976. Þar kom fram að sveitarstjórnarmenn á staðnum hefðu mikinn áhuga á að fá landsmótið til sín beinlínis til að herða á framkvæmdum við byggingu íþróttavallar og sundlaugar á staðnum. Heimamönnum til leiðinda hafði ríkisvaldið haldið fast um pyngjuna og ekkert útlit var fyrir að mannvirkin yrðu tilbúin 1978. Þar með fóru Eyfirðingar fram á að mótinu yrði frestað. Fundarmenn gátu vel hamið gleði sína yfir þessum

tíðindum en samþykktu með semingi að fresta mótinu um eitt ár.<sup>263</sup>

Ungmennafélögum almennt var það mjög á móti skapi að fresta landsmótinu. Hafsteinn Þorvaldsson, formaður UMFÍ, brá á það ráð að leita hófanna hjá félögum sínum í HSK hvort þeir gætu tekið að sér mótshaldið. Í febrúar 1977 var stjórnarfundur UMFÍ haldinn á Selfossi og þar mætti einnig Helgi Stefánsson formaður HSK. Þar voru ræddar hugmyndir um að næsta landsmót yrði haldið á Selfossi í umsjá HSK. „Var frá því gengið að Helgi legði málið fyrir sína stjórn og heimamenn og að endanleg ákvörðun verði tekin á ársþingi HSK sem haldið verður fljótlega.“<sup>264</sup>

Skarphéðinsmenn brugðust rösklega við þessari málaleitan. Þing sambandsins sem haldið var tveimur vikum síðar samþykkti einróma að taka að sér landsmótið þótt skammur tími væri til stefnu. Strax var skipuð landsmótsnefnd. Formaður hennar var Jóhannes Sigmundsson, bóndi í Syðra-Langholti sem verið hafði formaður HSK um tíu ára skeið frá 1966 til 1976. Aðrir nefndarmenn voru Hjörtur Jóhannsson, íþróttakennari í Hveragerði, Gísli Magnússon, kennari á Selfossi, og Már Sigurðsson, íþróttakennari að Laugalandi. Frá UMFÍ voru Hafsteinn Þorvaldsson og Sigurður Geirdal. Allt voru þetta þaulvanir félagsmálamenn og dugnaðarforkar svo hér var hvert rúm vel skipað.

Á þingi UMFÍ haustið 1977 voru gerðar nokkrar breytingar á reglugerð landsmótsins. Bætt var við 800 metra hlaupi hjá körlum og 1500 metra hlaupi hjá konum. Blak og borðtennis voru tekin í hóp landsmótsgreina og starfsíþróttagreinum var fækkað úr tíu í sex.<sup>265</sup> Þá var ákveðið að hafa fimleika og júdó sem sýningargreinar.

Vorið 1978 réð landsmótsnefndin sér framkvæmdastjóra. Það var enginn annar en íþróttagarpurinn góðkenni, Guðmundur Kr. Jónsson. Hann hafði aðsetur sitt í Tryggvaskála, elsta húsi staðarins, og stjórnaði framkvæmdum við landsmótið eins og herforingi af sínum alþekktu dugnaði. Í mörg horn var að líta því alltaf stækkuðu mótin. Nú voru í fyrsta sinn skipaðir sérstakir sérgreinastjórar fyrir hverja keppnisgrein. Meira að segja stjórnendur fyrir sérhverja starfsíþrótt. Framkvæmdastjórinn og nefndarmenn unnu stórvirki við að undirbúa mótið á þeim stutta tíma sem þeir höfðu til umráða. Þeir stóðu vaktina meðan á mótinu stóð og Guðmundur svaf ekki nema tvo tíma á sólarhring þá vikuna að sögn.<sup>266</sup> Merki landsmótsins teiknaði heimamaðurinn Ólafur Th. Ólafsson. Uppistaða þess var Hvítbláinn og hin stílhreina Ölfusárbrú. Það prýddi forsíðu leikskrárinnar eins og vænta mátti. Fjögur töluþlöð komu út af *Landsmótsfréttum*, sneisafull af upplýsingum, úrslitum og ávörpum fyrimanna. Þau voru rifin út og þaullesin mótsdagana.

Keppendur mótsins að þessu sinni voru 720 talsins. Þeir sem kepptu í sýningargreinum og sýndu fimleika voru um það bil 300.<sup>267</sup> Eins og fyrri daginn er ekki á vísan að róa með tölur um fjölda mótsgesta í þéttbýli. Dagblöðin töldu þá vera 10 til 15 þúsund og þá myndi talan 13 þúsund vera nokkuð nærri lagi. Mótið stóð undir sér en ekki var um gróða að ræða. Skarphéðinsmenn stóðu samt vel að vígi því þeir höfðu það sem Dalvík vantaði: Góða íþróttavelli og nýja sundlaug. Þar að auki var nýlega risið stærðar íþróttahús á staðnum. Allt var þetta steinsnar hvað frá öðru.

Selfossbær, sem þá hafði þrjú þúsund íbúa, stendur á bökkum Ölfusár í flatlendi Flóans svo nóg var plássið fyrir tjaldbúðir og bifreiðir mótsgesta og keppenda. Allt var til reiðu.



*Landsmótsnefndin. Fremri röð: Hafsteinn Þorvaldsson, Jóhannes Sigmundsson og Hjörtur Jóhannsson. Aftari röð: Gísli Magnússon, Guðmundur Kr. Jónsson framkvæmdastjóri og Már Sigurðsson.*



## Frjálsíþróttir í framsókn

Eldsnemma á morgni föstudagsins voru sýningarhópar mættir út á grasvöllinn og fínússuðu æfingar sínar fyrir setningarhátíðina um kvöldið. Veður var hið besta, sól og ágætlega hlýtt en dálítil gola. Reyndar var sólskin alla helgina en talsverð gola á laugardaginn og allt að því strekkingur á sunnudaginn. Þetta kom sér illa fyrir íþróttafólkið og dró úr árangri nema þar sem menn gátu nýtt sér meðvindinn.

Eftir hádegið hófst frjálsíþróttakeppnin og eins og fyrri daginn var það hún sem dró að sér flesta áhorfendur. Keppni var í fullum gangi í öllum greinum mótsins fram til klukkan átta um kvöldið. Þá stíkaði fjölmennasta skrudganga landsmótanna til þessa inn á leikvanginn. Henni stjórnaði Þorsteinn Einarsson að vanda, hnarreistur og rómsterkur sem fyrr. Það var glæsileg sjón að sjá hina fríðu flokka um það bil þúsund ungmennafélaga stilla sér upp á vellinum með fána sína og minnti fólk helst á Ólympíuleika. Viðstödd voru forsetahjónin, Kristján og Halldóra Eldjárn, og Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra. Hafsteinn formaður setti mótið og sagði það vera uppskeruhátíð ungmennafélaga. Ingvi Ebenhardsson, forseti bæjarstjórnar á Selfossi, flutti ávarp. Fimleikaflokkur frá Óðinsvéum sýndi listir sínar eins og Dönum er lagið en sumum þótti sýning þeirra dragast á langinn. Nú var farið að kólna og hinir forsjálu sveipuðu sig teppum. Næst var miðpunktur vallarins merktur með krossi og fallhlífastökkvarar gerðu sitt besta til að lenda á honum. Svíptivindar fleygðu þeim sitt á hvað en þeim síðasta tókst þó ætlunarverkið.<sup>268</sup>

Meðan á þessu stóð höfðu 800 metra hlauparar karla og kvenna reynt að hita sig upp í nepjunni því þessar hlaupagreinar voru lokapunktur setningarhátíðarinnar. Henni hafði seinkað nokkuð en loks var farið af stað í karlaflokknum. Þar urðu tveir Austfirðingar hlutskarpastir. Steindór Tryggvason sigraði og setti landsmótsmet enda var þetta í fyrsta sinn sem hlaupið stóð til boða. Annar varð félagi hans Björn Skúlason.

Kvennahlaupið varð sögulegt. Aðalbjörg Hafsteinsdóttir á Selfossi, dóttir Hafsteins formanns UMFÍ, var talin sigurstrangleg enda hafði henni gengið vel í langhlaupum undanfarið. Þó gáfu menn ljóshærðri stúlku frá Borgarfirði eystra auga. Hún hét Guðrún Sveinsdóttir og hafði sigrað í hlaupinu á meistaramóti Íslands nýlega.

Ekkert varð úr einvígi þeirra því Thelma Björnsdóttir UMSK féll á hlaupabrautinni og dró Aðalbjörgu með sér í fallinu. Þetta eyðilagði hlaupið fyrir Aðalbjörgu sem varð ekki nema sjötta. Guðrún kom fyrst í mark og í öðru og fjórða sæti urðu félagar hennar Anna Hannesdóttir og Guðrún Bjarnadóttir. Góður dagur fyrir UÍA.

Í 100 metra hlaupi karla voru komnir nýir menn til skjalanna. Baráttan virtist standa milli hins hávaxna og stæltu Eyfirðings Aðalsteins Bernharðssonar og hins lágvaxna og stæltu Vestfirðings Hilmars Pálssonar. Þá voru Jakob Sigurólason HSB og Jón Þ. Sverrisson UMSK til alls líklegir. Úrslitahlaupið fór fram á sunnudaginn í sterkum meðvindi. Þar náði Hilmar fljúgandi starti og skildi keppinauta sína eftir þegar í upphafi. Aðalsteinn varð annar, Jón þriðji og Jakob fjórði. Í fimmta og sjötta sæti voru mennirnir sem börðust á síðasta landsmóti, Angantýr Jónasson HVÍ og Sigurður Jónsson HSK. Tíminn líður hratt og hann vinnur ekki með íþróttamönnum til langframa. Aðalsteinn var öruggur sigurvegari í 400 metrunum og í 1500 metrunum náði Björn



Guðrún Sveinsdóttir kemur fyrst í mark í 800 metra hlaupi. Næstar koma Anna Hannesdóttir og Sigurbjörg Karlsdóttir.



Úrslit í 100 metra hlaupi. Röðin varð þessi talið frá hægri: Hilmar Pálsson HVÍ, Aðalsteinn Bernharðsson UMSE, Jón Þ. Sverrisson UMSK og Jakob Sigurólason HSP.

Skúlason, sjómaður frá Borgarfirði eystra, að skáka Steindóri félag sínum.

Ágúst Þorsteinsson UMSB var langfyrstur í 5000 metrunum en tíminn var slakur enda erfitt að hlaupa hringhlaup í strekkingsvindi. Nú höfðu Vestfirðingar greinilega æft skiptingar því þeir sigruðu í styttra boðhlaupinu og voru í öðru sæti í því lengra. Þar sigruðu Þingeyingar. Karl West Fredriksen UMSK var í ham á mótinu og sigraði bæði í hástökki og stangarstökki. Hinn kraftmikli Vestfirðingur Jón Oddsson sigraði í langstökkinu. Ekki færri en 16 stökkvarar svifu lengra en sex metra en líklega hefur vindurinn átt talsverðan þátt í því afreki. Helgi Hauksson UMSK náði þeim langþráða áfanga að sigra í þristökkinu en hann var nú með í þriðja sinn. Í spjótkesti sigraði 18 ára piltur úr Borgarfirði, Einar Vilhjálmsson. Hann kastaði yfir 62 metra og þótti hreint og beint efnilegur. Rúnar bróðir hans varð annar með litlu styttra kast. Eftir þetta skildi leiðir með þeim bræðrum því Einar hélt á vit heimsmælikvarðans í spjótkesti en

Rúnar sneri sér að langskólánámi í félagsfræði.

Þegar kom að 100 metra hlaupi kvenna vakti spretthörð stúlka úr Þingeyjarsýslu mikla athygli. Þetta var Bergþóra Benónýsdóttir, systir hins kunna hlaupagars Jóns frá Hömrum í Reykjadal. Bergþóra sigraði með fáheyrðum yfirburðum í hlaupinu á betri tíma en Íslandsmeti en meðvindur var of mikill. Hún gerði sér einnig lítið fyrir og sigraði í langstökki, stökk 5,30 metra, og í grindahlaupinu hafði engin við henni. Hún var sannkölluð drottning mótsins, keppismaður með afbrigðum og hljóp eins og gasella. Oddný Árnadóttir UNP sem varð þriðja í 100 metrunum sló eign sinni á

400 metra hlaupið og bætti landsmótsmetið.<sup>269</sup>

Þá var komið að 1500 metrunum. Þar börðust sömu stúlkurnar og í 800 metra hlaupinu og víst var að nú hugðist Aðalbjörg Hafsteinsdóttir rétta sinn hlut. Guðrún Sveinsdóttir tók hins vegar forystuna og hélt henni alla leið í mark. Aðalbjörg var á hælum hennar en skorti herslumun í lokin. Í fimmta og sjötta sæti voru félagar Guðrúnar, þær Guðrún Bjarnadóttir og Anna Hannesdóttir. Þjálfari stúlkanna var íþróttakappinn Stefán Hall-



Úrslit í 100 metra hlaupi. Hólmsfríður Erlingsdóttir UMSE varð önnur, Bergþóra Benónýsdóttir HSP fyrst og í þriðja sæti Oddný Árnadóttir UNP.



*Verðlaunaafhending í kúluvarpi. Sigurlína Hreiðarsdóttir UMSE önnur, sigurvegarinn Guðrún Ingólfsdóttir USÚ, Katrín Vilhjálmsdóttir HSK þriðja, Halldóra Ingólfsdóttir USÚ fjórða, Helga Jónsdóttir HSP fimmta og Guðný Sigurðardóttir USVS sjötta.*

grímsson og þótti hann hafa brotið reglur með því að hlaupa með skjólstæðingum sínum á leiðinni. Sigvaldi Ingimundarson hlaupstjóri gerði sér lítið fyrir og dæmdi allar hlaupakonur UÍA úr leik en þeim dómi hnekkti síðar dómstóll mótsins.<sup>270</sup>

María Guðnadóttir HSH sigraði í spjótkastinu en næst henni kom ung stúlka úr Borgarnesi, Íris Grönfeldt, sem átti eftir að verða besti spjótkastari landsins. María varð önnur í hástökkinu næst á eftir Írisi Jónsdóttur úr Kópavogi sem hafði yfirburði. Það var hinsvegar Guðrún Ingólfsdóttir USÚ sem dró að sér athyglina þegar kom að köstunum. Hún sigraði með miklum yfirburðum í kringlukastinu með tæplega 40 metra kast og bætti landsmótsmetið stórlega. Þegar kom að kúluvarpinu urðu stórtíðindi. Guðrún bætti landsmótsmetið um nærri tvo og hálfan metra og kastaði slétta þrettán metra. Árangurinn var nýtt Íslandsmet og yfirburðasigur. Þessi glaðlega sterkbyggða stúlka frá Höfn í Hornafirði var í sérflokk. Hún hefði getað staðið aftan við kasthringinn og sigrað samt. Segja má að liðsmenn HSP og UÍA hafi stolið senunni með afrekum sínum en USMK var stigahæst í frjálsípróttakeppninni, sem talin var sú besta í sögu landsmótanna. Í 16 greinum náð-ist betri árangur en gildandi landsmótsmet.

## Klækir, brögð og borðlagning

Þrettán sveitir tóku þátt í undankeppni í skák og sex kepptu til úrslita á Selfossi. Þær settust að tafli í Barnaskólanum á Selfossi og hófu að iðka klæki sína á hvítum reitum og svörtum. Þarna hugsuðu menn stíft þar til fór að braka í andrúmsloftinu. Þá var hróknum leikið fram eða kóngnum forðað, allt eftir því hvernig vígstaðan var. Kjalnesingar héldu uppteknum hætti og sigruðu en að þessu sinni var munurinn á næstu sveitum ekki mikill. Næstir komu Austfirðingar og þá Austur-Húnavetningar sjónarmun á eftir ef hægt er að nota það hugtak um skák. Í sigursveit Kjalnesinga voru þrautreynd-

ir skákmenn: Jónas P. Erlingsson, Jón Pálsson, Harvey Georgsson, Gylfi Magnússon, Jóhannes Jónsson og Björn Halldórsson

Nú voru breyttir tímar í glímunni því Þingeyingar tefldu fram tveimur glímukóngum í



*Pungt hugsað í skákinni.*





*Glímumenn tilbúnir til keppni: Frá vinstri: Halldór Konráðsson UV, Kristinn Guðnason HSK, Kristján Yngvason HSP, Eiríkur Þorsteinsson UV, Hjörleifur Sigurðarson HSP, Friðrik Þórarinnsson HSK, Gísli Guðmundsson glímustjóri, Elías Pálsson HSK, Guðmundur Hafsteinsson HSK, Ingvar Engilbertsson UV, Pétur Yngvason HSP, Ingi Þór Yngvason HSP og Guðmundur Steindórsson HSK.*

þyngsta flokki, tvíburabræðrunum Pétri og Inga Þór Yngvasonum. HSP átti fleiri garpa í öðrum flokkum og stóð vel að vígi. Hjá Skarphédinsmönnum minnti fátt á forna frægð. Þeir áttu að vísu nokkra keppendur en flestir voru byrjendur og ekki til stórræða. Guðmundur Steindórsson frá Haugi hafði ætlað að keppa en fyrir misskilning liðsstjóra var hann á vakt þegar glíman skyldi hefjast. Guðmundur starfaði sem lögregluþjónn á Selfossi en dreif sig á staðinn og tók þátt í glímunni á síðustu stundu. Hann varð í þriðja sæti á eftir glímukóngunum frá Skútustöðum, kominn hátt á fertugsaldur, og var vel fagnað. Pétur Yngvason lagði bæði Guðmund og Inga bróður sinn. Í miðflokknum sigraði þriðji bróðirinn, Kristján Yngvason, og hinn fótlipri Víkverji Halldór Konráðsson sigraði í léttasta flokknum í annað sinn. Skarphédinn og Þingeyingar deildu efsta sætinu í glímunni og þar munaði mestu að Skarphédinsmenn voru tveimur keppendum fleiri.<sup>271</sup>

Nú var búið að fækka í starfsíþróttum og eftir stóðu hinar völdu greinar, lagt á borð, dráttarvélarakstur, jurtagreining, línubeiting, hestadómar og starfshlaup sem nú var endurvakið eftir langt hlé. Í listinni að leggja á borð hlaut Ragnheiður Hafsteinsdóttir HSK hina bestu dóma. Borð hennar, sem hét „Afmæli hestamannsins,“ þótti bera af og hugsanlega var hún þar með eiginmanninn í huga, Birgi Guðmundsson, síðar mjólkurbús-

stjóra á Selfossi. Vignir Valtýsson frá Nesi sigraði einu sinni enn í dráttarvélarakstri og nú með fáheyrðum yfirburðum. Hann hlaut 147 stig af 150 mögulegum og aðrir keppendur kepptu bara um annað sætið. Í jurtagreiningu sigraði Stella Guðmundsdóttir skólalastjóri, eiginkona Pálma Gíslasonar síðar formanns UMFÍ. Hún þekkti 46 af 50 jurtum sem þurfti að grandskoða og lagði sitt pund á vogar skálar UMSK.

Gylfi Magnússon frá Ólafsvík fékk sér hressilega í nefið áður en hann hóf línubeitinguna. Þar

voru margir krókasnillingar mættir og keppnin hörð en líklega réð nefdrátturinn úrslitum. Þá var ekki síður jafnræði í hestadómum því Atli Lillendahl HSK og Hermann Árnason USVS stóðu efstir og jafnir þegar yfir lauk. Með þessum greinum fylgdust mismargir enda voru þær haldnar víðsvegar á mismunandi tíma og stundum erfitt að henda á því reiður. Að vísu hjálpaði til ýtarleg leikskrá sem mótshaldarar höfðu gefið út eins og venja var á landsmótum. Þar voru tíundaðir allir keppendur mótsins með nafni og númeri, tíma- setningar greina, kort af svæðinu og fjölmargar aðrar upplýsingar. Slíkar leikskrár eru ómissandi fyrir mótsgesti.

Starfshlaupið dró að sér mikla athygli enda fór það fram á íþróttavellinum á sunnudaginn. Þar átti að hlaupa um völlinn ýmsar krókaleiðir og leysa þrautir í leiðinni. Fyrir rangar lausnir var bætt við tímann svo ekki var nóg að vera vel gefinn til fótanna, höfuðið þurfti líka að vera í lagi. Fyrst var 70 metra hjólreið að fyrstu stöð og þar átti að greina viðartegundir. Næst átti að meta hæð, þyngd og lengd hluta. Á þriðju stöð átti að reka nagla, þræða nál og saga timbur. Á fjórðu stöð skyldi moka sandi í hjólbörur, aka með þær nokkurn spöl og sturta sandinum á réttan stað. Á síðustu stöðinni átti að setja hey í sæti. Þar var bókarhöfundur mættur með hrífur handa keppendum en vindurinn gerði þessa áætlun að engu.





*Vigni Valtýssyni fataðist hvergi í dráttarvélarakstrinum.*

Þess í stað var látið nægja að menn lyktuðu af töðunni og hlypu svo í mark. Tilburðir keppenda vöktu ósvikna kátínu mótsgesta en sigurvegarinn varð Arnór Erlingsson frjálsíþróttamaður úr Þingeyjarsýslu. Reyndar voru flestir hlaupararnir gamlir og nýir frjálsíþróttamenn. Elstur þeirra var Eiríkur Þorgeirsson á Túnsbergi sem sigraði þegar síðast var keppt í starfshlaupi á Akureyri 1955. Eiríkur var nú kominn á sextugsaldur en léttur á fæti og varð á undan mörgum þeim sem yngri voru.

## Knattleikir og sund

Í handknattleiknum var keppt utandyra að vanda. Malbikað plan hjá barnaskólanum var leikstaðurinn. Sex lið tóku þátt í mótinu og til úrslita léku HSP og UMSK eins og stundum áður. Leikurinn var hnífjafn og spennandi. Eftir venjulegan leiktíma var jafnt 8-8. Þá var framlengt og enn var jafnt 9-9. Þá var tekið til við vítakastkeppni en það breytti engu, bæði lið misnotuðu jafn mörg vítaköst. Þá var gripið til þess ráðs að varpa hlutkesti og upp kom hlutur HSP. Ríkti mikil gleði hjá Þingeyingum að leikslokum.

Ungmennafélag Njarðvíkur sigraði með miklum yfirburðum í körfuknattleiknum. Þeir sigruðu í öllum sínum leikjum með glæsibrag og í úrslitaleiknum á móti Snæfellingum úr Stykkishólmi náðu þeir að skora vel yfir 100 stig. Leikurinn var jafn framan af en þegar liða tók á minnkaði hittni

Snæfellinga verulega meðan Njarðvíkingar léku við hvern sinn fingur og skoruðu ótæpilega. Lokatölur voru 122-85.

Til úrslita í knattspyrnukeppninni léku lið UMSK og HSH. Réttara væri raunar að segja 1. deildar lið Ungmennafélagsins Breiðabliks og 3. deildar lið Ungmennafélagsins Víkings Ólafsvík. Víkingar sóttu mun meira í fyrri hálfleik og voru betri aðilinn. Það voru þó Blikar sem skoruðu eina mark leiksins í síðari hálfleik og sigruðu. Boltinn skall í þverslá og stöngum Blikamarksins en inn vildi hann ekki og Víkingar máttu játa sig sigraða þrátt fyrir frábæran leik.

Keppnin í blaki fór fram í nýja íþróttahúsinu á Selfossi. Fljótlega kom í ljós að lið HSK, skipað nemendum Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni, var besta liðið. Þeir léku til úrslita gegn Eyfirðingum sem söknuðu síns besta manns, Aðalsteins Bernharðssonar. Aðalsteinn var nefnilega að keppa í þristökki og hlaupa til úrslita í 100 metrum meðan leikurinn fór fram og því illa fjarri góðu gamni. Eyfirðingar unnu fyrstu hrinuna 15-5 en Skarphéðinsmenn tóku sig á, sigruðu í þremur næstu hrinum og unnu þar með leikinn. Mikið var um glæsileg tilþrif hjá leikmönnum liðanna og skemmtu áhorfendur sér vel.<sup>272</sup>

Sundkeppnin fór fram í nýrri 25 metra útilaug sem var sett upp við hlið sundhallarinnar á Selfossi. Þetta var reyndar sama laugin og notuð var á Akranesi 1975 og reyndist hún vel. Athygli vakti hvað karlar í sundinu voru fáir. Aðeins 33 voru mættir til keppni miðað við 53 á Akranesi. Konurnar voru 39 talsins og var það ekki í fyrsta



*Pétur Eiddsson UÍA á reiðhjóli í starfshlaupinu.*



*Ólöf Eggertsdóttir stigahæst í sundi.*

sinn sem þær slógu körlunum við hvað þátttöku í sundinu snertir. Hins vegar var hinn fámenni karlahópur stjörnum prýddur og áhorfendur létu sig ekki vanta.

Hörður S. Óskarsson, sundfrömuður á Selfossi, stjórnaði sundkeppninni og Hugí sonur hans, 15 ára gamall, var helsti afreksmaðurinn. Segja mátti að hann væri alinn upp í sundlauginni og hann gerði sér lítið fyrir og sigraði í 100 metra baksundi og 800 metra skriðsundi. Þá varð hann annar í 200 metra fjórsundi á eftir félaga sínum Steinþóri Guðjónssyni. Steinþór sigraði einnig í 100 metra skriðsundi og félagi þeirra Þorsteinn Hjartarson, sem nú var farinn að minnka æfingarnar,



*Hugí Harðarson stigahæstur í sundi.*

setti landsmótsmet þegar hann sigraði í 100 metra flugsundi. Ellefu ára drengur úr Keflavík, Eðvarð Þór Eðvarðsson, vakti athygli þegar hann setti sveinamet í 100 metra baksundi en hann var þarna að hefja sinn sundferil. Það eina sem Skarphéðingsmenn létu öðrum eftir var bringusundið. Steingrímur Davíðsson UMSK sigraði í styttra sundinu og Sigmar Björnsson Ungmennafélagi Keflavíkur í því lengra. Svanur Ingvarsson og Óskar Harðarson voru liðtækir í liði Skarphéðingsmanna og eins og gefur að skilja voru þeir ekki í vandræðum með boðsundin. Aðrar sveitir komust ekki með fingurgómana þar sem Skarphéðingsmenn höfðu tærnar og þeir settu frækileg landsmótsmet á báðum vegalengdum.

Sagan endurtók sig hjá konunum. Skarphéðingsstúlkur einukuðu sundið og þeirra fremst var Ólöf Eggertsdóttir sem sigraði í þremur sundgreinum með miklum yfirburðum. Félagar hennar, Erla Gunnarsdóttir og Guðmunda Guðmundsdóttir, fylgdu henni eftir og sigruðu hvor í sinni grein. Guðmunda, sem var sunddrottning landsmótsins á Sauðárkróki 1971 en löngu hætt að æfa, sýndi hvað í henni bjó og var sekúnda á undan næsta manni í baksundinu. Þá sigraði Þórunn Magnúsdóttir Ungmennafélagi Keflavíkur í styttra bringusundinu en Margrét Sigurðardóttir UMSK var fyrst í flugsundi. HSK átti margar stúlkur í brons- og silfursætum og þær léku sér að því að sigra í boðsundunum.<sup>273</sup>

Hinn nýi þjálfari Skarphéðingsmanna, Þórður Gunnarsson, hafði ástæðu til að fagna eftir sundkeppnina því lið hans hafði ótrúlega yfirburði í sundinu og sigraði með 174 stigum. Næst komu Ungmennafélag Keflavíkur með 82 stig, UMSK með 81 stig og önnur sambönd með miklu færri stig. Gullfiskarnir frá Selfossi og Hveragerði áttu ekki lítinn þátt í yfirburðasigri HSK á mótinu enda var glatt yfir þeim að leikslokum.

## Hátíðarlok

Á Selfossi var greint á milli hafra og sauða því tjaldbúðir keppenda og fjölskyldna voru hlið við hlið skammt frá sundlauginni meðan almennar tjaldbúðir voru á bökkum Ölfusár nokkurn spöl í burtu. Þetta var með ráðum gert til að tryggja fríðsæld keppenda. Í búðum þeirra hittust liðsmenn sambandanna í samkomutjöldunum og efltu samkennd sína. Margir keppendur og klappliðsmenn tengjast liðsmönnum annarra sambanda vináttu-



*Fjöldmenni sótti landmótið á Selfossi.*

böndum á landsmótum og víða mátti sjá fagnaðarfundi þeirra sem sótt höfðu mótin fleiri en eitt og tvö. Sú samkennd sem skapast í tjaldbúðunum innan hópanna og þvert á öll félagsbönd er eitt af því sem mörgum þykir gefa landsmótunum gildi.

Kvöldvakan á laugardagskvöldið var sannkölluð fjölskylduhátíð. Hún fór fram í íþróttahúsinu stóra sem reyndist heldur lítið fyrir allan þann fjölda sem þar var saman kominn. Þar voru eftirhermur, sungið og sýndir fimleikar. Skemmst er frá því að segja að fimleikasýning Gerplu í Kópavogi undir stjórn Margrétar Jónsdóttur sló alveg í gegn. Þar fór saman frábær þjálfun og skemmtileg tónlist og áhorfendur fögnuðu þeim vel og lengi.

Að venju fór fram hátíðardagskrá á sunnudeginum. Hún hófst á íþróttavellinum með lúðrablastri Lúðrasveitar Selfoss undir stjórn Ásgeirs Sigurðssonar rakara, þess hins sama og hélt uppi hljóðfærslætti á Laugarvatni þrettán árum fyrir. Því næst flutti Jóhannes Sigmundsson, formaður

landsmótsnefndar, ávarp. Þá komu 200 börn af sambandssvæði Skarphéðins og sýndu fimleika undir stjórn Huldu Gunnlaugsdóttur og Guðrúnar Guðmundsdóttur. Sýningin var áhrifamikil og hápunktur hennar var þegar börnin mynduðu stafí UMFÍ og ártalið 1978 á vellinum. Séra Eiríkur J. Eiríksson var heiðursgestur landsmótsins og nú þrumaði hann í síðasta sinn yfir landsmótsgestum snarpa hvatningu til ungmennafélaga. Fimleikaflokkur Gerplu í Kópavogi var með sýningu sem að mestu var samin með landmótið í huga og vakti hún hrifningu áhorfenda. Þá komu dönsku piltarnir og stúlkurnar frá Óðinsvéum aftur fram og sýndu fimleika sína. Þeim var vel fagnað enda frábært fimleikafólk á ferð.

Afhending verðlauna fór fram í íþróttahúsinu og var það í fyrsta sinn sem það var gert innanhúss. Jóhannes Sigmundsson og Hafsteinn Þorvaldsson sáu um að koma verðlaunum á rétta staði og margir skunduðu upp og meðtóku medaljur, bikara og viðurkenningar. Þegar kom að heildarstigunum fór sem flesta grunaði að Héraðssam-



bandið Skarphéðinn var yfirburðasigurvegari. Þar rættist ákvæðavisa Jóhannesar Sigmundssonar, formanns landsmótsnefndar, sem hann sendi Sigurði Geirdal á sínum tíma. Síðast gekk fram Hafsteinn Þorvaldsson, formaður UMFÍ, og sleit mótinu. Þá fóru margir að tygja sig til heimferðar eftir velheppnað landsmót en aðrir skelltu sér á dansleikinn og dvöldust þar fram í sumarnóttina.

#### Heildarstig sambanda og félaga

	stig
1. HSK	323,5
2. UMSK	267
3. HSP	188,5
4. UÍA	126
5. Umf. Keflavíkur	107,5
6. UMSB	80,75
7. HSH	78,25
8. UMSE	65
9. HVÍ	36
10. UMSS	29
11. Umf. Njarðvíkur	27
12. Umf. Grindavíkur	18
13.-14. USÚ	15
13.-14. Umf. Víkverji	15
15. HSS	13,5
16. UNP	12
17. USAH	9
18. Umf. Bolungarvíkur	4
19. USVS	1

#### Stigahæstu keppendur

	stig
Bergþóra Benónýsdóttir, frjáls.	HSÞ 18
Ólöf Eggertsdóttir, sund	HSK 18
Hugi S. Harðarson, sund	HSK 17
Erla Gunnarsdóttir, sund	HSK 16
Steingrímur Davíðsson, sund	UMSK 16
Steinþór Guðjónsson, sund	HSK 16
Þórunn Magnúsdóttir, sund	Umf.K 16
Ágúst Þorsteinsson, frjáls.	UMSB 15
Þorsteinn Hjartarson, sund	HSK 15
Margrét Sigurðardóttir, sund	UMSK 15
Guðrún Sveinsdóttir, frjáls.	UÍA 14
Rúnar Vilhjálmsson, frjáls.	UMSB 13
Aðalsteinn Bernharðsson, frjáls.	UMSE 12
Guðrún Ingólfsdóttir, frjáls.	USÚ 12
Karl West Fredriksen, frjáls.	UMSK 12
María Guðnadóttir, frjáls.	HSH 12
Sigmar Björnsson, sund	Umf.K 12
Svanur Ingvarsson, sund	HSK 12
Björn Skúlason, frjáls.	UÍA 11
Hólmfríður Erlingsdóttir, frjáls.	UMSE 11
Jón Oddsson, frjáls.	HVÍ 11
Margrét Jónsdóttir, sund	HSK 11
Sveinbjörn Gissurarson, sund	Umf.K 11
Anna Hannesdóttir, frjáls.	UÍA 10
Hafsteinn Jóhannesson, frjáls.	UMSK 10
Íris Jónsdóttir, frjáls.	UMSK 10
Laufey Skúladóttir, frjáls.	HSP 10
Oddný Árnadóttir, frjáls.	UNP 10
Steindór Tryggvason, frjáls.	UÍA 10
Þorsteinn Þórsson, frjáls.	UMSS 10





*Frá setningu landsmótsins á Akureyri*

## 17. landsmót UMFÍ á Akureyri 10.-12. júlí 1981



### Af Dalvík á Akureyri

Þegar búið var að ákveða að 16. landsmótið færi fram á Selfossi 1978 var því slegið föstu að næsta landsmót færi fram á Dalvík 1981 á vegum UMSE. Bæjarstjórn Dalvíkur hafði lýst yfir stuðningi sínum og allt virtist klappað og klárt. Sveitarstjórnarkosningar voru 1978 gerðu þessar fyrirætlanir að engu. Ný bæjarstjórn á Dalvík hafði lítinn áhuga á landsmótshaldi og lýsti því yfir að allar fyrri samþykktir um slíkt væru úr gildi fallnar. Þetta kom stjórnarmönnum UMSE að óvörum en þeir brugðust snarlega við að leita að nýjum stað. Það lá beinast við að leita til Akureyrar og von bráðar tókst ágætt samstarf við

Íþróttaráð Akureyrar og Hermann Sigtryggsson íþróttafulltrúa þar. Bæjaryfirvöld voru málinu hliðholl. Á Akureyri var góður íþróttavöllur og önnur aðstaða eins og best varð á kosið. Valið var því auðvelt.<sup>274</sup>

Snemma árs 1979 settu Eyfirðingar saman fjölmenna landsmótsnefnd. Formaður hennar var félagsmálajöfurinn Þóroddur Jóhannsson sem um árabil hafði verið framkvæmdastjóri UMSE. Aðrir nefndarmenn voru Sveinn Jónsson bóndi á Kálfskinni, Páll Garðarsson, Árni Arnsteinsson, Klængur Stefánsson og Sigurður Harðarson. Af hálfu UMFÍ sat ungmennafélagsfrömuðurinn Guðjón Ingimundarson frá Sauðárkróki í nefndinni. Þeir Þóroddur og Sigurður voru jafnframt



*Landsmótsnefndin. Frá vinstri: Guðjón Ingimundarson, Jóhann Ólafsson, Þóroddur Jóhannsson, Klængur Stefánsson, Sveinn Jónsson, Sigurður Harðarson, Árni Arnsteins-son, Páll Garðarsson, Gunnar Jónsson og Haukur Steindórsson.*

framkvæmdastjórar landsmótsins en mótsstjóri var Sveinn Jónsson. Landsmótsmerkið teiknaði Ómar Ingvarsson og bar það svip af Akureyrarkirkju.<sup>275</sup>

Á þingi UMFÍ haustið 1979 var samþykkt að gera borðtennis og júdó að nýjum landsmótsgreinum. Þá var ákveðið að glímt yrði í tveimur aldursflokkum í stað þriggja þyngdarflokka og undankeppni í knattspyrnu færi öll fram sömu helgina. Þá var ákveðið að handbolta- og körfuboltakeppnin færi öll fram á landsmótinu. Þá var stigagiöf knattleikjanna aukin þannig að 24 stig fengust fyrir fyrsta sæti, 20 fyrir annað sæti og þannig áfram með fjögurra stiga millibili. Þá var lagt til að sýningargreinar landsmótsins yrðu golf, fimleikar, lyftingar og siglingar.<sup>276</sup>

Allt rímaði þetta við sívaxandi umfang landsmótanna. Keppendur á Akureyrarmótinu reyndust vera 842. Þátttakendur í sýningargreinum og sýningum voru um 280. Mótsgestir voru taldir vera 10 þúsund.<sup>277</sup> Ýtarleg leikskrá kom út að vanda og nú voru *Landsmótsfréttir* orðnar fastur liður á landsmótum. Af þeim komu út fjögur tölublöð og voru vel þegin á morgnana fyrir þá sem vildu fylgjast með gangi mála. Ekki varð halli á mótinu og ekki heldur umtalsverður gróði heldur virðist UMSE hafa sloppið nokkurn veg-

inn á sléttu fjárhagslega frá mótinu.

Landsmótin voru orðin vítamínsprauta fyrir ungmennafélögin og héraðs-samböndin í landinu. Starf þeirra var farið að miðast við landsmótin að töluverðu leyti og aukinn kraftur færðist í það á landsmótsárum. Þetta leyndi sér ekki á fimmtudagskvöldið 9. júlí þegar keppnisliðin renndu inn á Akureyri á rútubílum sínum hvert af öðru og lögðu undir sig tjaldstæðin. Mörg þeirra áttu langan veg að baki og samveran hafði myndað liðsheildir, litlar og stórar eftir atvikum. Allir ætluðu að gera sitt besta en færri voru þeir sem gerðu bein-

línis ráð fyrir sigri. Það sést best á því þegar tugir íþróttamanna keppa í sömu íþróttagrein en aðeins einn er krýndur sigurvegari. Þetta er hinn sanni ungmennafélagsandi.

## Víðáttumikið landsmót

Á Akureyri var um þessar mundir rúmlega 13 þúsund manna byggð og bærinn því fjölmennasti landsmótsstaðurinn til þessa. Mótið dró nokkurn dóm af þessu því keppt var á 13 stöðum hér og þar um bæinn. Sumir voru drjúgan spöl frá íþróttavellinum sem alltaf er miðpunktur landsmótanna og því útilokað að fara gangandi á milli keppnisstaða eins og hægt var á Selfossi.<sup>278</sup> Þetta þótti landsmótsgestum nokkur galli en gott veður og góð stjórn heimamanna gerðu sitt til að sætta þá við aðstæðurnar.

Skaftfellingar og Skarphéðinsmenn sem áttu lengstu leið að fara komu hvorir í sinni bílalest á mótið svo dæmi sé tekið. Þegar norður kom á fimmtudagskvöldi slógu íþróttamenn upp tjöldum í keppendatjaldbúðum rétt við nýju íþróttahöllina í Þórunnarstræti. Tjaldbúar stóðu í ströngu á nóttunni við að stugga burt gleðskaparfólki sem var að koma af dansleikjum í höllinni. Samböndin tóku sig öll saman og skipulögðu gæslu aðfara-



*Jón Diðriksson var yfirburðamaður í lengri hlaupunum. Næstur honum kemur félagi hans Ágúst Þorsteinsson.*

nótt laugardags og sunnudags og vöktu yfir vellinum í bókstaflegri merkingu. Nokkuð bar á drykkju á tjaldstæði almennings í Lundahverfi en engar fréttir bárust af slíku í keppendabúðum.

Þorsteinn Einarsson lét sig ekki vanta á þetta landsmót fremur en önnur og stóð í ströngu við að merkja íþróttavöllinn fram á síðustu stundu. Þorsteinn sagði mikilvægt að fá fjöldann til að vera með í landsmótunum. Þau mættu ekki verða stjórnunmót.<sup>279</sup> Hann stjórnaði svo hópöngunni á föstudagskvöldið en tók fram að það yrði í síðasta sinn enda varð hann sjötugur um haustið. Keppendur og fleiri komu saman við íþróttahöllina og gengu fylktu liði eftir Oddeyrargötu niður á íþróttavöllinn þar sem athöfnin hófst með hinni hefðbundnu fánahyllingu. Ætla má að þarna hafi verið hátt í þúsund manns enda voru þeir fyrstu farnir að mynda röð á vellinum áður en þeir síðustu lögðu af stað. Fremstir gengu hinir blágulu Skarphéðinsmenn og sungu hástöfum nýjan baráttusöng sem saminn var fyrir mótið. Viðlagið var: „Áfram, áfram HSK, HSK!“ Þeir voru áberandi á mótinu en helsta takmarkið var að sigra Kjalnesinga í frjálsíþróttakeppninni.

Þóroddur Jóhannsson flutti ávarp við mótssetninguna og þakkaði mörgum veitta aðstoð en sérstaklega bæjarstjórn Akureyrar. Pálmi Gíslason setti mótið og sagði það hverjum manni heiður að taka þátt í landsmóti. Vigdís Finnbogadóttir

forseti Íslands var viðstödd og árnaði ungmennafélögum góðs gengis. Síðastur talaði Ingvar Gíslason menntamálaráðherra en þá var komið að fimleikasýningum. Ungar stúlkur úr Gerplu voru með góða en alltof langa sýningu svo nú fór tímasetning mótsins út í hafsauga. Þegar þær höfðu lokið sér af komu byrjendur af Akureyri og sýndu meiri fimleika og eftir það voru allir búnir að fá nóg af þeirri íþrótt.

800 metra hlauparar sem búnir voru að hita upp máttu sæta því að leggja af stað klukkutíma síðar en dagskráin sagði til um vegna maraþonfimleikanna. Í karlahlaupinu var Jón Diðriksson UMSB hinn öruggi sigurvegari. Jón átti um þessar mundir flestöll Íslandsmet í lengri hlaupum og enginn ógnaði þessum hávaxna Borgfirðingi. Í kvennahlaupinu var Hrönn Guðmundsdóttir UMSK sömuleiðis með yfirburði og þýddi engri að reyna sig við hana í 400 og 800 metrum.

Enn var komið nýtt fólk til sögunnar í afreksgreinum. Lítil og grönn en ákaflega spretthörð stúlka úr Kópavogi, Svanhildur Kristjónsdóttir, sigraði í 100 metra hlaupinu eftir harða keppni við Bergþóru Benónýsdóttur sigurvegarann frá Selfossi. Tíminn var frábær, 12,2 sekúndur, og nýtt landsmótsmet. Svanhildur varð önnur í langstökkinu en þar sigraði Svafa Grönfeldt úr Borg-



*Hrönn Guðmundsdóttir var öruggur sigurvegari í 800 metra hlaupi. Næstar koma Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Unnur Stefánsdóttir og Guðrún Karlsdóttir.*





*Soffía Rósa Gestsdóttir sigraði í kúluvarpi.*

arnesi, stökk fimm og hálfan metra. Helga Unnarisdóttir UÍA sigraði í kringlukastinu í fjarveru Guðrúnar Ingólfsdóttur sem nú var gengin í KR. Hér var enn á ferðinni sama happdrættið fyrir héraðs-samböndin, hvort þau héldu sínum mönnum eða þeir gengju til liðs við íþróttafélögin á höfuðborgarsvæðinu. Helga varð önnur í kúluvarpinu en þar sigraði Soffía Rósa Gestsdóttir HSK. Íris Grönfeldt, systir Svöfu, sigraði í spjótkastinu í fyrsta en ekki síðasta sinn. Þar varð María Guðnadóttir HSH þriðja en hreppti í staðinn gullið í hástökkinu. Kjalnesingar með Svanhildi sem besta mann sigruðu í boðhlaupinu en Skarphéð-

insstúlkur urðu númer tvö þrátt fyrir að eiga engan keppanda meðal átta fremstu í 100 metra hlaupi. Þar var breiddin meiri en annars staðar.

Ungur ljóshærður piltur frá Borgarfirði eystra sem þótti hlaupa sérlega fallega vakti mikla athygli á mótinu. Egill Eiðsson sigraði í 100 metra hlaupinu, sjónarmun á undan hinum fjölhæfa Skagfirðingi Gísla Sigurðssyni. Báðir hlutu sama tíma, 11,1 sekúndu. Gísli var bæði snarpur og teknískur og lék sér að því að sigrá í grindahlaupinu. Þá setti hann glæsilegt landsmótsmet í stangarstökki og sveif hálfum metra ofar en næstu menn. 4,30 var hæðin og bæting um 20 sentimetra frá Selfossi. Egill var í sérflokki í 400 metra hlaupinu og skjótleiki hans reið baggamuninn fyrir UÍA sem sigraði í báðum boðhlaupum karla.

Jón Diðriksson UMSB hélt uppteknum hætti og sigraði með yfirburðum í bæði 1500 og 5000 metra hlaupum. Tímar hans voru þeir bestu sem sést höfðu á landsmótum. Hann hljóp keppnislaust og virtist ekki taka á enda þrautþjálfður hlaupari. Brynjúlfur Hilmarsson UÍA, sem hafði dvalið lengi í Svíþjóð, náði öðru sæti í öllum þremur hlaupunum sem Jón sigraði í og var örugglega farinn að þekkja á honum baksvipinn áður en lauk. Þriðji Austfirðingurinn sem stóð sig vel var Stefán Friðleifsson sem sigraði í hástökki og stökk tvo metra slétta. Kastgreinarnar fóru eins og við var búist. Helgi Þór Helgason sigraði í kúluvarpi, Vésteinn Hafsteinsson í kringlukasti og Einar Vilhjálmsson í spjótkesti.

Stigamenn og reiknimeistarar HSK og UMSK



*Egill Eiðsson sigrar í 100 metra hlaupinu. Lengst til hægri er Gísli Sigurðsson sem varð annar og til vinstri er Kristján Harðarson sem varð þriðji.*





*Kári Jónsson sigraði í þrístökki og innsiglaði sigur Skarphéðins í frjálsíþróttakeppninni.*

fylgdust grannt með stigmatölum allan tímann og staðan var 125,5 stig á mótí 120,5 UMSK í vil þegar kom að þrístökkinu sem var síðasta greinin. Klapplið beggja risanna þyrptust að stökk-gryfjunni og hvöttu sína menn, því nú lá mikið við. Helgi Hauksson, sem sigraði síðast, var í eld-línunni fyrir hönd UMSK en á mótí voru þrír frískir stökkvarar Skarphéðins, þeir Jason Ívars-



*Frá handboltakeppninni.*

son, Guðmundur Nikulásson og Kári Jónsson. Sá síðastnefndi var yngri bróðir þeirra Guðmundar Kr. og Sigurðar Jónssona og hann sigraði með stökki upp á fjórtán og hálfan metra. Guðmundur Nikk stökk litlu skemur og varð annar og Jason náði sjötta sæti. Helgi varð fjórði og þar með tókst Skarphéðinsmönnum ætlunarverk sitt, að sigra í frjálsíþróttakeppninni. Frjálsíþróttamenn UMSK tóku ósigrinum drengilega og afhentu þjálfara HSK-liðsins, Vésteini Hafsteinsyni, UMSK-fána til minja um keppnina.<sup>280</sup>

### **Leikið með bolta og barist á gólfínu**

Í handknattleik var engin forkeppni heldur kepptu liðin sjö sem tóku þátt í tveimur riðlum á mótínu. Skarphéðinsmenn sigruðu Keflvíkíngar í leik um fimmta sætið og Austfirðíngar burstuðu Njarðvíkíngar í leik um þriðja sætið. Til úrslita léku Þíngeyíngar og Kjalnesíngar eins og stundum áður og nú urðu Kjalnesíngar yfirsterkari. Hefndu þær þar með fyrir ósigurinn frá Selfossi sem lauk með hlutkesti HSB í vil. Lokatölur voru 11-9 eftir hnífjafnan leik.

Í knattspyrnu léku Keflvíkíngar til úrslita mótí Austfirðinum og voru ekki í sérstökum vandræðum með að innbyrða sigurinn. Njarðvíkíngar voru með yfirburðalið í körfuboltanum og sigruðu alla sína andstæðíngar. Í úrslitaleiknum sigruðu þeir granna sína í Keflavík með 86 stigum gegn 59.

Guðsteinn Ingímars-son var langbesti maður liðsins og vallarins og skoraði hvorki meira né minna en 56 stig í leiknum. Með liði UMSB sem lenti í fjórða sæti lék hávaxinn maður svartur á brún og brá. Þetta var Dakarsta Webster, síðar Ívar Webster, sem var fyrsti erlendi íþróttamaðurinn til að keppa á landsmótí UMFÍ.<sup>281</sup>

Í blaki var keppt í tveimur riðlum og í þeim sigruðu lið UMSE og HSK. Besti maður Eyfirðinga var frjálsíþróttakappinn Aðalsteinn Bernharðsson. Aðalsteinn hafði verið liðsmaður KA í frjálsíþróttum sumarið áður en varð höndum seinni að skipta til baka og mátti því ekki keppa fyrir UMSE. Þetta kom blakliðinu til góða og þeir unnu alla sína leiki með yfirburðum. HSK fékk ekki rönd við reist í úrslitaleiknum og Eyfirðingar hömpuðu gullinu.<sup>282</sup>

Í júdó var keppt í eldri og yngri flokki og voru mörkin um 18 ára aldurinn. Hinn lágvaxni og snaggaralegi Ómar Sigurðsson Ungmennafélagi Keflavíkur sigraði í eldri flokknum og yfirbugaði talsvert þyngri félaga sinn Sigurð Hauksson í harðri viðeign. Ómar átti ekki langt að sækja fangbrögðin því faðir hans var Sigurður Brynjólfsson glímukappi sem keppti á Eiðum 1952. Í yngri flokknum sigraði Tryggvi Tryggvason UMSK. Tryggvi var 77 kg og naut þess að vera talsvert þyngri en aðrir keppendur í flokknum.

Sama var uppi á teningnum í glímuni. Þar var keppt í eldri og yngri flokki. Pétur Yngvason HSB sigraði í eldri flokknum næst á undan félaga sínum Eypóri Péturssyni. Þeir voru í nokkrum sérflokki og glíma þeirra bæði snörp og góð. Í yngri flokknum var Páll Sigurðsson HSK ekki í neinum erfiðleikum með að sigra. Næstur kom Davíð Jónsson félagi hans. Skarphéðinsmenn sigruðu í stigakeppni glímunnar enda áttu þeir fjóra keppendur á móti þremur glímuköppum Þingeyinga. Glíman var í nokkurri lægð um þessar mundir en átti eftir að blómgast á næstu árum.

Í nýju greininni borðtennis var keppt bæði í karla- og kvennaflokki. Þátttaka var góð en karlarnir að vísu helmingi fleiri, 24 á móti 12 konum. Í kvennaflokki voru Borgfirðingar sterkir, áttu þrjár af þeim fjórum efstu. Þeirra best var Ragnhildur Sigurðardóttir, enda margfaldur Íslandsmeistari. Í karlaflokki sigraði Gylfi Pálsson Ungmennafélagi Keflavíkur.

## Starfað, teflt og synt

Keppt var í sex hinum sömu starfsíþróttagreinum og á Selfossi. Nú var búið að setja undir þann leka með nýrri reglugerð að menntaðir atvinnumenn hirtu verðlaunin. Samkvæmt henni var þjónum bannað að keppa í að leggja á borð, ráðunautum og búfræðikandidötum ekki leyft að taka þátt í hestadómum og grasafræðingar og lyfjafræðingar útilokaðir frá jurtagreiningu.<sup>283</sup>

Enn var Vignir Valtýsson HSB með í dráttarvélarakstrinum og sigraði í sjötta sinn í röð. Nú var líka Guðmundur Jónsson frá Kópavatni kominn til leiks í jurtagreiningu eftir nokkra fjarveru. Hann sigraði í harðri keppni við Ketil Tryggvason HSB sem hafði náð verðlaunasæti á síðustu mótum en aldrei sigrað. Margrét Sveinsdóttir UMSE var snjöllust í að leggja á borð en skammt undan voru þrjár Skarphéðinskonur og ein Þingeyisk. Þingeyingar röðuðu sér í þrjú efstu sætin í línubeitingu. Sigurvegarinn, Sigurður Sigurðsson, trillukarl frá Húsavík, var búinn að standa í beitingu í 35 ár og var skiljanlega farinn að kunna handtökin. Nú voru konur farnar að sækja á karlavígin. Kona tók þátt í hestadómum og hún gerði sér lítið fyrir og skaut öllum körlunum ref fyrir rass. Þetta var Kristín Thorberg UMSE og var að keppa í þessari grein í fyrsta sinn.

Síðast á dagskrá var starfshlaupið. Þar kepptu 25 karlar og ein kona og þrautirnar sem leysa



Frá keppni í starfshlaupi. Þrautin er að finna út þyngd heybagans.

skyldi voru margvíslegar. Á einni stöðinni var til dæmis hlaupið að tveimur mönnum og skyldi giska á hæð annars og þyngd hins. Báðir voru vel í vexti en sumir keppendur vildu ekki fyrir sér að lyfta öðrum beljakanum til að finna út þyngdina. Það var Kjartan Páll Einarsson USVS sem sigraði, betur þekktur sem blakmaður. Kjartan fór í starfshlaupið beint úr 1500 metrunum en skokkaði skeiðið fimlega. Kjartan er yfirvegaður maður og slapp nokkuð vel við refsistigin sem reyndust mörgum þung í skauti.

Í skákinni voru tefldar fimm umferðir enda voru liðin sex sem börðust á 64 reitum skákborðanna. Nú var aðeins einn keppandi eftir úr hinu sigursæla liði Kjalnesinga sem hafði einokað skákkeppnina undanfarin ár og nýjar stjórnur tóku að skína. Skarphéðinsmenn gerðu jafntefli við Jón Torfason íslenskufræðing og félag hans í liði Austur-Húnvetninga en sigruðu öll önnur lið og stóðu að lokum eftir að vinningum. Í Skarphéðinsliðinu voru Hannes Ólafsson, Magnús Gunnarsson, Jón Einarsson, Helgi Hauksson og Vilhjálmur Pálsson.

Sundið fór fram í góðu veðri í útisundlaug Akureyrar. Sagan frá Selfossi endurtók sig því enginn gat ógnað veldi Skarphéðins í vatnabyggðum. Ný landsmótsmet voru sett í svo til öllum sundgreinum. Ólöf Lilja Sigurðardóttir HSK, sem sigraði í þrem greinum á Selfossi og hét þá Ólöf Eggertsdóttir, sigraði nú í bæði 100 og 400 metra skriðsundi. Í 100 metra bringusundi sigraði María Óladóttir HSK en varð að láta Sonju Hreiðarsdóttur Njarðvíkum sigurinn eftir í 200 metra bringusundinu. Sonja sigraði einnig í baksundi og fjórsundi og varð stigahæst sundkvenna. Margrét M. Sigurðardóttir UMSK varð fyrst í flugsundi og önnur í fjórsundi. Hinar sterku sundkonur af Selfossi voru ekki í vandræðum með sigurinn í boðsundunum og sú síðasta þeirra, Guðbjörg Bjarnadóttir, var búin að blása mæðinni þegar Kjalnesingar komu í mark í öðru sæti. Fjórða sundkonan í sveitinni var Inga G. Jónsdóttir. Yfirburðasigur hjá hafmeyjum HSK.

Ekki voru yfirburðirnir minni hjá hafmönnum HSK. Í boðsundsveit HSK voru Hugli S. Harðarson, Tryggvi Helgason og tvíburabræðurnir Svanur og Þröstur Ingvarssynir. Boðsundsveitin sigraði með feikilegum yfirburðum í báðum boðsundunum og Skarphéðinsmenn sigruðu í öllum greinum sundsins nema einni. Eðvarð Þór Eðvarðsson sem keppti fyrir Njarðvík var orðinn



*Palmi Gíslason afhendir Tryggva Helgasyni verðlaun fyrir flest stig í sundi.*

besti baksundsmaður landsins og marði sigur rétt á undan Huga Harðarsyni. Hugli sigraði hins vegar í flugsundi og 800 metra skriðsundi. Í báðum skriðsundsgreinunum sigruðu Skarphéðinsmenn þrefalt og röðuðu sér í stigaseti í öðrum vegalengdum. Tryggvi vann bringusundin bæði og fjórsundið og var mesti afreksmaður mótsins. Þröstur vann 100 metra skriðsund á undan Svani bróður sínum. Það var sannkallað gullregn í sundinu hjá HSK sem hlaut 178 stig eða tæpan helming þeirra stiga sem í boði voru. Aðrir eins yfirburðir hafa ekki síðan sést og voru rós í hnappagat þjálfarans, Þórðar Gunnarssonar, sem hafði haldið vel utan um hópinn.

## Sigur Sunnlendinga

Kynningargreinar mótsins voru fimleikar, siglingar og lyftingar og þar að auki fengu fatlaðir íþróttamenn í fyrsta sinn að spreyta sig á landsmóti. Fyrirhugað golf féll niður vegna lítills áhuga. Á laugardeginum var sett upp aukakeppni í íþróttahöllinni svo Jóhannes Hjálmarsson kraft-





*Sigurlið Skarphéðins í frjálsíþróttum á landsmóttinu á Akureyri.*

lyftingamaður frá Akureyri gæti reynt þar við heimsmet í öldungaflokki. Jóhannes var fimmtugur að aldri og keppti í 110 kílóa flokki. Hann gerði sér lítið fyrir og reif upp áður óþekktar þyngdir í þessum flokki og setti sex heimsmet á örstuttum tíma. Hinn þekkti lyftingakappi Skúli Óskarsson var meðal áhorfenda. „Kallinn er allveg helvíti sterkur og ég er viss um að hann getur miklu meira en þetta,“ sagði Skúli og gat ekki leynt aðdáun sinni á „Heimsmeta-Jóa.“<sup>284</sup>

Á laugardagskvöldið var heilmikil kvöldvaka í nýju íþróttahöllinni. Höllin var troðfull af landsmótsgestum sem skemmtu sér við að horfa á Skúla Óskarsson taka á lóðunum og hlusta á Karlaþór Akureyrar. Þjóðdansafélag Reykjavíkur sýndi þjóðdansa og fimleikaflokkur Dana frá Holsterbro sýndi fimleika. Það var nú orðinn fastur liður á landsmótum að danskir flokkar sýndu fimleik sinn og nutu menn þar kunnugleika Pálma Gíslasonar og Sigurðar Geirdal á danskri ungmennafélagsgrundu. Sýning Dananna þótti glimrandi góð og þá var frammistaða þeirra á sunnudaginn ekki síðri.

Sú hátíðarstund hófst á íþróttavellinum nokkru eftir hádegi í blíðskaparveðri en það hafði leikið við landsmótsgesti um helgina. Pétur Sigurgeirsson biskup hélt þá helgistund en Sveinn mótsstjóri á Kálfskinni setti samkomuna. Heiðursgest-

ur mótsins var Vilhjálmur Hjálmarsson fyrirverandi ráðherra sem hélt hátíðaræðu og kom víða við. Þá voru skemmtiatriði og fimleikasýningar og þar bar hæst sýningu danska flokksins frá Holsterbro. Þeir Guðmundur Hallgrímsson UÍA og Þóroddur Jóhannsson voru heiðraðir en báðir kepptu nú á níunda landsmóti sínu.

Síðasti liður landsmótsins var að vanda afhending verðlauna. Það var heilmikið verk enda fór alls konar sérverðlaunum og viðurkenningum fjölgandi með hverju móti. Það gerði heldur en ekki læti í lúkunum þegar tilkynnt var um sigurvegara mótsins og í ljós kom að HSK hafði sigrað með meiriháttar yfirburðum. Guðmundur Kr. Jónsson, sem nú var orðinn formaður HSK, þakkaði þennan mikla sigur þeirri samheldni sem tókst að skapa með liðinu. „Að baki slíkum sigri liggja margar vinnustundir fórnfúsra handa,“ sagði Guðmundur síðar í þakkarávarpi.<sup>285</sup>

Margir gátu glaðst yfir unnum sigri og góðu gengi en líklega voru stjórnendur og framkvæmdaaðilar einna glaðastir yfir því hvað allt hafði gengið vel. Pálmi Gíslason sleit síðan landsmóttinu og bauð menn velkomna á næsta mót í Keflavík og Njarðvík eftir þrjú ár. Með það veganesti héldu ungmennafélagar til síns heima sælir og glaðir eftir ógleymanlegt mót á Akureyri.



<b>Heildarstig sambanda og félaga</b>	<b>stig</b>	<b>Stigahæstu keppendur</b>	<b>stig</b>
1. HSK	396,5	Jón Diðriksson, frjáls.	UMSB 18
2. UMSK	236,5	Sonja Hreiðarsdóttir, sund	Umf.K 18
3. UÍA	173	Tryggvi Helgason, sund	HSK 18
4. UMSB	131,5	Gísli Sigurðsson, frjáls.	UMSS 17
5. HSP	116	Hugi S. Harðarson, sund	HSK 17
6. UMSE	113	Ólöf L. Sigurðardóttir, sund	HSK 16
7. Umf. Keflavíkur	111	Vésteinn Hafsteinsson, frjáls.	HSK 16
8. Umf. Njarðvíkur	98	Þröstur Ingvarsson, sund	HSK 16
9. UMSS	36	Kári Jónsson, frjáls.	HSK 15,5
10. Umf. Bolungarvíkur	34	Brynjúlfur Hilmarsson, frjáls.	UÍA 15
11. HSH	33	Eðvarð Þór Eðvarðsson, sund	Umf.N 15
12. UÍÓ	20	Egill Eiðsson, frjáls.	UÍA 15
13. USAH	13	Margrét M. Sigurðardóttir, sund	UMSK 15
14. USVS	11	Hrönn Guðmundsdóttir, frjáls.	UMSK 14
15. Umf. Grindavíkur	8,5	María Óladóttir, sund	HSK 14
16. HSS	6	Svanur Ingvarsson, sund	HSK 14
17. UNÞ	4	Guðbjörg Bjarnadóttir, sund	HSK 12
18. HVÍ	3	Íris Grönfeldt, frjáls.	UMSB 12
19. USVH	2	Kristján Harðarson, frjáls.	UMSK 12
20. USÚ	1	Unnar Ragnarsson, sund	Umf.K 12
		Einar Vilhjálmsson, frjáls.	UMSB 11
		Guðrún Karlsdóttir, frjáls.	UMSK 11
		Helga Unnarsdóttir, frjáls.	UÍA 11
		Helgi Þór Helgason, frjáls.	USAH 11
		Svanhildur Kristjónsdóttir, frjáls.	UMSK 11
		Unnur Stefánsdóttir, frjáls.	HSK 11
		María Guðnadóttir, frjáls.	HSH 10
		Sigurlín Pétursdóttir, sund	UMSB 10



*Frá setningu landsmótsins í Keflavík.*

## 18. landsmót UMFÍ í Keflavík og Njarðvík 13.-15. júlí 1984



### Til Suðurnesja

Á landsmóttinu á Selfossi 1978 voru ungmennafélögin á Suðurnesjum – Keflavíkur og Njarðvíkur, í sjöunda og áttunda sæti í heildarstigakeppninni og gengu þar með næst stóru héraðssamböndunum að styrkleika. Þetta var engin tilviljun heldur árangur af gróskumiklu íþrótt- og félagsstarfi um árabíl. Árið 1979 fóru Suðurnesjamenn að hugsa sér til hreyfings og ræddu við stjórn UMFÍ með landsmótshald í huga. Í janúar 1980 var stjórnarfundur UMFÍ haldinn í Keflavík. Þar mættu stjórnarmenn Ungmennafélags Keflavíkur og rætt var um að halda landsmót í Keflavík 1984. Nú voru landsmótin orðin eftirsótt því bæði Kjalnesingar og Þingeyingar höfðu áður sótt um að halda landsmót á þessum tíma. Þeim var gefinn kostur á að endurnýja umsóknir sínar, sem

þau gerðu. Á fundi sínum í febrúar 1981 tók stjórn UMFÍ þessar umsóknir fyrir og ályktaði þá að réttast væri að halda landsmótin til skiptis í landshlutunum. Þar með var Suðurnesjamönnum veitt hnossið. Stjórn UMFÍ hnýtti því við að hún teldi eðlilegast að landsmótið 1987 færi til Þingeyinga en frestaði endanlegri ákvörðun þar um.<sup>286</sup>

Búið var að ákveða að Ungmennafélög Keflavíkur og Njarðvíkur stæðu sameiginlega að móttinu ásamt bæjarstjórnnum sveitarfélaganna. Nú var skipað landsmótsnefnd og var Þórhallur Guðjónsson fyrrverandi formaður Ungmennafélags Keflavíkur, skipaður formaður hennar. Aðrir nefndarmenn voru Hafsteinn Guðmundsson og Sigurbjörn Gunnarsson frá Ungmennafélagi Keflavíkur og Jón Halldórsson, Oddgeir Karlsson og Ólafur I. Hannesson frá Ungmenna-



*Landsmótsnefndin. Fremri röð: Pálmi Gíslason, Þórhallur Guðjónsson, Ólafur I. Hannesson. Aftari röð: Jón Halldórsson, Sigurður Geirdal, Hafsteinn Guðmundsson, Sigurbjörn Gunnarsson og Oddgeir Karlsson.*

félagi Njarðvíkur. Frá UMFÍ komu formaður og framkvæmdastjóri UMFÍ, Pálmi Gíslason og Sigurður Geirdal. Engir aukaleikarar þar. Frá miðju sumri 1983 gerðist Sigurbjörn Gunnarsson framkvæmdastjóri mótsins í hlutastarfi. Frá og með vori 1984 var Sigurbjörn í fullu starfi og samtímis var Jón Halldórsson einnig ráðinn framkvæmdastjóri fram eftir sumri. Eins og gefur að skilja voru þeir störfum hlaðnir ásamt nefndarmönnum og miklum fjölda sjálfboðaliða sem gerðu þetta mótshald mögulegt. Þótt aðsókn yrði minni en vænst var tókst að halda kostnaði niðri og lítilsháttar hagnaður varð af mótinu. Leikskrá og *Landsmótsfréttir* voru á sínum stað. Þeir félagar Jón og Sigurbjörn tóku saman greinargóða skýrslu um mótið að því loknu þar sem margan fróðleik er að finna.<sup>287</sup>

Á sambandsráðsfundi UMFÍ í nóvember 1982 sögðu væntanlegir mótshaldarar frá undirbúningi landsmótsins. Það sem ennþá vantaði var aðstaða fyrir frjálsíþróttir sem Keflavíkurbær myndi sjá um og 25 metra sundlaug sem Njarðvíkurbær hygðist koma upp. Þá var farið yfir reglugerð landsmótsins. Allar breytingar miðuðu að því að færa keppni í flokkaíþróttum sem mest inn á landsmótið sjálft. Þannig var felld niður undankeppni í skák en öll keppnisliðin skyldu eigast við eftir Monrad-kerfi. Þá var líka felld niður öll undankeppni í boltaleikjum nema knattspyrnu þar sem átta efstu liðin úr undankeppni skyldu

koma til landsmóts. Þetta var gert vegna þess hve mörg lið tóku þátt í knattspyrnunni en í hinum boltagreinum skyldi keppa í tveimur undanriðlum og efstu liðin svo til úrslita.<sup>288</sup> Þetta fjölgaði keppendum og gerði landsmótin enn víðameiri og veglegri.

Allt gekk þetta eftir. Í Keflavík var gerður góður frjálsíþróttavöllur. Að vísu voru brautirnar úr möl og leir og entust því ekki vel. Í Njarðvík var byggð ágæt sundlaug. Landsmótsárið voru íbúar í

Keflavík og Njarðvík rúmlega níu þúsund talsins. Þar af bjuggu tæplega sjö þúsund í Keflavík.<sup>289</sup> Áki Gränz, forseti bæjarstjórnar Njarðvíkur, teiknaði landsmótsmerkið. Það sýndi víkingaskip undir fullum seglum Hvítbláins svífa yfir Reykjanesskagann. Tvöfaldur hringur með heiti mótsins og dagsetningu myndaði ramma utan um skipið.

Skráðir keppendur voru 1235. Oft er skráð á landsmótin af nokkurri bjartsýni og ekki geta allir mætt sem boðaðir eru. Eftir nákvæma sundurgreiningu sést að keppendur mótsins voru nákvæmlega 1000, hvorki fleiri eða færri. Mótsgreinar voru þær sömu og á Akureyri, frjálsíþróttir, sund, glíma, starfsíþróttir, handbolti, knattspyrna, körfubolti, blak, skák, borðtennis og júdó. Sýningargreinar voru siglingar og íþróttir fatlaðra. Þátttakendur í sýningargreinum og sýningarhópum voru 225. Fararstjórar og þjálfarar liðanna töldust 231 og starfsmenn voru um 550 talsins. Þá eru aðeins ónefndir áhorfendur sem forsvarsmenn telja hafa verið um 8000. Þar með er ljóst að til mótsins komu allt í allt tíu þúsund manns og tvöfölduðu íbúatölu bæjanna þessa viðburðaríku helgi sem landsmótið varði.<sup>290</sup>

## Í hæstu hæðum

Rigningarsuddi og þoka heilsaði keppendahópnum sem streymdu til Keflavíkur á fimmtu-



*Aðalsteinn Bernharðsson kemur á fljúgandi ferð í mark í úrslitum 100 metra hlaupsins. Annar er Erlingur Jóhannsson og þriðji Egill Eiddsson.*

dagskvöldið. Eyfirðingar, Austfirðingar og Þingeyingar komu akandi í rútum sínum og stefndu á stór afrek á landsmótinu. Þá voru risarnir UMSK og HSK mættir og ætluðu sér ekki lítinn hlut. Skarphéðismenn voru sigurvissir, enda með einvalaliði í frjálsíþróttum og sundi og sterkan hóp í flestum greinum. Þeir höfðu fregnað af sterku frjálsíþróttaliði Austfirðinga og litu á þá sem helstu keppinauta sína á leikvanginum. Sumir hóparnir slógu upp tjöldum í keppendatjaldbúðunum sem voru rétt við hlið leikvangsins en aðrir flúðu inn í skólana þessa fyrstu nótt og lágu þar á dýnum.

Á föstudagsmorguninn hafði þokunni létt og reyndar hékk veðrið þurrt alla helgina en lítið var um sólskin. Dálítil gola var um daginn og margir sveipuðu sig teppum við setningarathöfnina um kvöldið. Þá gengu fríðar fylkingar inn á völlinn, fjölmennari en nokkru sinni fyrr. Göngunni stjórnaði Hafsteinn Þorvaldsson og nú var allur taktur látinn lönd og leið heldur gekk hver sem honum sýndist. Þorsteinn Bjarnason knattspyrnumaður úr Keflavík var fánaberi og nú bættist við ný hefð þegar Gunnar Þorvarðarson körfubolta- maður úr Njarðvík flutti ávarp íþróttamanna. Aðrar hefðir voru fastmótaðar: Hvítbláinn var

dreginn að húni, Pálmi Gíslason formaður UMFÍ setti mótið, Vigdís Finnbogadóttir forseti flutti ræðu, og fimleikamenn léku listir sínar. Áður en það gerðist leystu íþróttamenn upp fylkingar sínar og hlupu út um víðan völl áður en þeir fengu sér sæti meðal áhorfenda.

Fimleikar njóta sín vel á íþróttavelli og þarna var flokkur frá Gerplu í Kópavogi og hinn hefðbundni danski fimleikaflokkur sem að þessu sinni var frá Ringköbing. Þá sáu félagar í Þjóðdansafélagi Reykjavíkur um vikivaka. Allt fór þetta rækilega úr skorðum eins og venjulega og 800 metra hlaupararnir þurftu að hita upp klukkutíma lengur vegna tafanna

Hlaupið var í tveimur riðlum hjá hvoru kyni. Í sterkari riðli kvenna tók elsti keppandinn, tveggja barna móðir, forystuna strax í upphafi. Þetta var Unnur Stefánsdóttir frá Vorsabæ í Flóa, dóttir Stefáns Jasonarsonar, og hún sigraði með miklum yfirburðum allar hinar yngri hlaupastúlkur. Í karlahlaupinu var beðið eftir einvigi þeirra Brynjúlfs Hilmarssonar UÍA og Jóns Diðrikssonar UMBS. Nú var það Brynjúlfur sem sýndi Jóni baksvipinn á sér með vel útfærðu hlaupi. Hann fylgdi Jóni eins og skugginn og skaust fram úr honum 10 metra frá marki. Gaf sér tíma til að gefa sigurmerki áður en hann kom í markið. Brynjúlfur var í sérflokki í lengri hlaupunum og fylgdi þessu eftir með því að sigra í bæði 1500 metra og 5000 metra hlaupunum. Í bæði skiptin var Bóas Jónsson félagi hans í öðru sæti og gaf þar tóninn um styrkleika Austfirðinga í frjálsíþróttum. Jón Borgfirðingur gaf sér aðeins tíma til að keppa í 800 metrunum en var svo farinn til Þýskalands til keppni á íþróttamóti þar.

Í styttri hlaupunum var það eyfirski stormsveipurinn Aðalsteinn Bernharðsson sem kom, sá og sigraði. Aðalsteinn var í feiknarlegu formi enda hafði hann einbeitt sér að hlaupunum þetta árið en látið aðrar greinar eiga sig. Hann setti





*Aðalsteinn Bernharðsson setti þrjú glæsileg landsmótsmet í hlaupagreinum á mótinu.*

frábært landsmótsmet í undanrásum 100 metra hlaupsins, 10,7 sekúndur, og sigraði auðveldlega á 11 sekúndum í mótvindi. Aðrir keppendur börðust bara um annað sætið. Þá var hann fyrstur í grindahlaupinu og sló þar einnig landsmótsmetið. Í sérgrein Aðalsteins, 400 metra hlaupinu, voru helstu andstæðingarnir hinir sterku hlauparar Egill Eiðsson UÍA og Erlingur Jóhannsson UMSK. Þeir áttu ekkert svar við stórhlaupi Aðalsteins sem stíkaði í mark sínum löngu sterklegu skrefum og skildi þá eftir langt fyrir aftan sig. Árangurinn var frábært landsmótsmet, 47,9 sekúndur, sem enn stendur óhaggad.

Í langstökki og þristökki hafði hinn grannvaxni og stælti Skagfirðingur Guðmundur Sigurðsson yfirburði. Hann sveif langt yfir sjö metrana í langstöckkinu

en meðvindur var aðeins of mikill til að það væri löglegt. Torfi Rúnar Kristjánsson og Eggert Guðmundsson úr HSK sigruðu tvöfalt í stangarstökki. Kastararnir skiptu sigrunum bróðurlega á milli sín. Helgi Þór Helgason USAH vippaði kúlunni yfir 16 metra og Þráinn Hafsteinsson HSK kastaði kringlunni tæpa 50 metra. Í spjótkastinu hafði Unnar Garðarsson HSK forystu en í síðasta kasti tókst nafna hans Vilhjálmsyni í UÍA að slöngva spjótinu hálfum metra lengra og sigraði með 61 metra kasti. Í 4×100 metra boðhlaupi sigruðu Kjalnesingar næstir á undan Eyfirðingum. Í 1000 metra boðhlaupinu voru Austfirðingar hins vegar sterkastir á nýju landsmótsmeti en Eyfirðingar voru sekúndubroti á eftir.

Þá er bara eftir að segja frá hástöckkinu. Þar voru frískir keppendur á ferð en þeir hurfu allir í skuggann þegar Unnar Vilhjálmsson tók að stökkva. Þessi stæðilegi íþróttamaður virtist hreinlega upphefja þyngdarlögmálið þegar hann spynti sér kröftuglega frá yfirborði jarðar og sveif í hæstu hæðir. Þegar Unnar fór yfir 1,97 metra var hann orðinn einn eftir í keppninni og næst var hækkað í 2,02 metra. Unnar fór léttilega yfir þá hæð og næst lét hann hækka rána í 2,12 metra sem var tilraun við nýtt Íslandsmet. Unnari mistókst tvisvar en í þriðju tilraun flaug hann yfir rána. Hann reyndi þrívægis við 2,15 metra og felldi naumlega í síðustu tilraun. Nýja Íslandsmethafanum var fagnað vel og lengi og áhorfend-



*Unnar Vilhjálmsson setur Íslandsmet í hástökki, 2,12 metra.*



*Svanhildur Kristjónsdóttir sigraði léttilega í þremur greinum landsmótsins.*

ur klöppuðu honum lof í lófa. Hástökk Unnars var hápunktur mótsins og lyfti því í hæðir.<sup>291</sup>

Svanhildur Kristjónsdóttir UMSK gerði sér lítið fyrir og sigraði í þremur greinum. 100 metra hlaupið var séreign hennar frá upphafi en næst kom Helga Magnúsdóttir frá UÍA. Svanhildur sigraði Unni Stefánsdóttur í 400

metrunum og stökk 5,69 metra í meðvindi í langstökki sem dugði til sigurs. Svanhildur er lítil og næstum feimnisleg í framgöngu en það sópaði að henni á hlaupabrautinni og hún var fremst í flokki í 4×100 metra boðhlaupinu sem Kjalnesingar unnu eftir hörkukeppni við Eyfirðinga. Svanhildur skeiðaði fram úr eyfirsku stúlkunni á síðustu stundu og tryggði sigurinn. Sagan endurtók sig í 1000 metra boðhlaupinu en þar varð UMSK-sveitin fyrir því að gera ógilt og missti því af verðlaunasæti.

Valdís Hallgrímsdóttir UMSE bar af í grindahlaupinu. Stíll hennar var annar og betri en keppnautanna og skilaði henni öruggu fyrsta sæti. Þórdís Hrafnkelsdóttir UÍA var örugg með sigurinn í hástökki. Keppnin fór fram á föstudaginn og keppendur kappklæddu sig á milli tilrauna því það andaði köldu þegar líða tók á daginn. Helga Unnarsdóttir UÍA sigraði í einvígi þeirra Soffíu Gestsdóttur HSK í kúlu og kringlu. Soffía hafði ristarbrotnað fyrr um sumarið og keppti með vafinn ökla og fann til í hverju skrefi. Hana skorti fjóra sentimetra til að ná Helgu í kúluvarpinu og þar við sat. Einn fjölhæfasti keppandinn, Birgitta Guðjónsdóttir HSK, sigraði í spjótkastinu í fjarveru Írisar Grönfeldt sem var stödd á Ólympíuleikunum í Atlanta. Þar voru einnig fjarri góðu gamni kastararnir Vésteinn Hafsteinsson og Einar Vilhjálmsson.

Síðasta keppnisgrein frjálsíþróttar var 1500 metra hlaup kvenna. Þar var Unnur Stefánsdóttir að hlaupa sitt fimmta hlaup yfir helgina svo klapplið HSK þorði ekki að búast við miklu. Unnur hélt sig í þriðja sæti þar til á síðasta hring.

Þá tók hún mikinn endasprett og við honum áttu aðrir keppendur ekkert svar. Hún innsiglaði þar með yfirburði HSK í frjálsíþróttakeppninni. HSK hlaut 151 stig, UÍA 127 stig og aðrir færri.

## **Kastað, spyrint og blakað**

Oft höfðu Þingeyingar og Kjalnesingar bitist um sigurinn í handbolta en urðu nú að láta sér nægja bardagann um þriðja sætið sem féll Þingeyingum í skaut. Þess í stað voru það Austfirðingar og Keflvíkingar sem tókust á í úrslitaleiknum. Varla mátti á milli sjá en að lokum sigu Austfirðingar fram úr og innbyrtu sigurinn, 11-9.

Í körfuboltanum voru það heimamenn og móts-haldararnir, Keflavík og Njarðvík, sem komust í úrslitaleikinn. Undankeppnin var þeim fremur auðveld enda höfðu bæði liðin leikið í úrvalsdeildinni um veturinn og Njarðvíkingar orðið Íslandsmeistarar. Þeir höfðu líka úrslitaleikinn í hendi sér allan tímann og sigruðu að lokum 88-79.

Það kom nokkuð á óvart að það voru einnig lið heimamanna sem léku til úrslita í knattspyrnunni. Njarðvíkingar áttu undir högg að sækja gegn úrvalsdeildarliði granna sinna en náðu þó forystu í byrjun. Keflvíkingar svöruðu með tveimur mörkum og náðu sanngjörnum sigri að því talið var.

Úrslitaleikurinn í blaki var sögulegur í meira lagi. Þar áttust við lið UMSK og HSK. Uppistaðan í liði UMSK var 1. deildar lið HK en í Skarphéðinsliðinu voru flestir úr 2. deildar liði Ungmennafélagsins Samhygðar í Flóa. Þar voru fremstir í flokki bræðurnir Guðmundssynir, Pétur síðar Íslandsmethafi í kúluvarpi, Andrés kraftajötunn og Eggert stangarstökkvari. Reyndar voru þrír efstu menn í stangarstökki í liðinu, þeir Torfi Rúnar Kristjánsson, Eggert og Kristján Sigurðsson Eyfirðingur. Í liði UMSK voru mest áberandi Ástvaldur J. Arthúrssón og Samúel Örn Erlingsson, síðar íþróttafréttamaður.

Úrslitaleikurinn fór fram í íþróttahúsinu og klappliðin troðfylltu salinn. Þegar leiknar höfðu verið fjórar hrinur var staðan jöfn, bæði liðin höfðu unnið tvær. Fimmta hrinan var til úrslita og í byrjun náðu Kjalnesingar heljarmiklu forskoti. Staðan var 13-4 og leikurinn virtist tapaður Skarphéðnum, því Kjalnesinga vantaði aðeins tvö stig í fullan sigur. Þá reis upp Guðmundur Kr. Jónsson, formaður HSK, og hóf hvatningarhróp sem allt hans lið tók undir. Með áköfum stuðn-

ingi klappliðskórsins tók liðið að saxa á forskot Kjalnesinga og eftir langa orustu var staðan orðin 13-8. Þá skoruðu Kjalnesingar 14. stig sitt og skorti nú aðeins eitt í viðbót. Spennan var orðin óbærileg og áhangendur liðanna gerðu út af við raddbönd sín næstu mínúturnar. Það ótrúlega gerðist að Skarphéðinsmenn höluðu inn stigin hægt og bitandi og að lokum náðu þeir 16. stiginu og sigruðu. Þessi leikur er öllum viðstöddum minnisstæður enn í dag enda gerist það ekki á hverjum degi að gjörtöpuðum leik er breytt í glæsilegan sigur



*Skarphéðinsmenn fögnuðu vel þegar sigurinn í blaki var í höfn. Fremri röð: Torfi Rúnar Kristjánsson fyrirliði, Markús Ívarsson, Atli Pálmason, Kristján Sigurðsson og Jón G. Traustason. Aftari röð: Guðmundur Ingimarsson, Bjarki Guðmundsson, Pétur Guðmundsson, Andrés Guðmundsson, Eggert Guðmundsson, Örn Kr. Arnarson og Jason Ívarsson liðsstjóri.*

## Fangbrögð, sund og ferðugleiki

Á mótinu voru íþróttir hugar og handa iðkaðar af miklum móð alla þrjá mótisdagana. Í skákinni tóku þátt 16 sveitir. Nú voru Kjalnesingar búnir að endurheimta nokkra af sterkustu mönnum sínum og sigruðu en Bolvíkingar, sem eiga langa skákhefð, voru í öðru sæti og Skarphéðinsmenn þriðju.

Sem fyrr var keppt í aldursflokkum í glímu og júdo þótt margir telji edlilegra að raða mönnum í þyngdarflokka. Suðurnesjamenn einokuðu júdokeppnina og sigruðu Keflvíkingar þrefalt í báðum flokkum. Í yngri flokknum vann Kristján Svanbergsson en Sigurður Hauksson sem nú var orðinn öflugur júdómaður var efstur í eldri flokki.

Þingeyingar höfðu yfirburði í glímunni og sigruðu tvöfalt í báðum flokkum. Í yngri flokknum sigraði Arngrímur Jónsson og Eyþór Pétursson fyrrverandi glímukóngur í þeim eldri. Fyrirfram var Pétur Yngvason talinn sigurstranglegastur í fullorðinsflokkum en hlaut óvænta byltu fyrir Þóroddi Helgasyni, síðar skólustjóra á Reyðarfirði. Pétur tók hábragð á hinum léttbyggða Þóroddi sem sveif langar leiðir og tókst að ná lendingu en Pétur féll fram fyrir sig og hlaut

byltu. Trausti Sigurjónsson HSK var einnig lítill og léttur og hlaut svifflug sem leiddi til þess að hann var fluttur á sjúkrahús í öngviti. Trausta varð ekki meint af en þessar flugferðir opnuðu augu manna fyrir fátíðleikanum í aldurskeppingunni og á næsta móti var aftur keppt í þyngdarflokki.

Keflvíkingar sigruðu þrefalt í karlaflokki í borðtennis og þar stóð Bjarni Kristjánsson efstur. Í kvennaflokki sigraði Borgfirðingurinn Sigrún Bjarnadóttir næst á undan þremur Skarphéðinskonum. Meðan keppendur slógu hvítu kúluna yfir borðið var verið að keppa í blaki í hinum enda íþróttahússins og virtist það fara í taugarnar á sumum borðtennisköppunum.<sup>292</sup>

Í sundinu voru yfirburðir Skarphéðinsmanna viðvarandi. Sérstaklega voru sundkonurnar sterkar og sigruðu þrefalt í þremur greinum og tvöfalt í einni. Fremst í flokki sunnlensku valkyrjanna var Guðbjörg Bjarnadóttir sem sigraði í flugsundi og 400 metra skriðsundi og varð önnur í 100 metra skriðsundi. Bryndís Ólafsdóttir sigraði í þeirri grein og einnig í baksundi. Hugrún systir hennar kom næst henni í baksundinu og sigraði í fjórsundi. Eins og vænta mátti hafði HSK-sveitin feikilega yfirburði í boðsundunum en Bolvíkingar





*Sundsveit HSK. María Óladóttir, Guðbjörg Bjarnadóttir, Hugrún Ólafsdóttir og Bryndís Ólafsdóttir.*



*Sundsveit HSK. Þróstur Ingvarsson, Magnús Már Ólafsson, Hugi Harðarson og Svanur Ingvarsson.*

ar komu næstir. Þaðan kom nú öflugt sundlið og besta sundkona þeirra, Sigurlín Pétursdóttir, sigraði í báðum bringusundunum.

Magnús Már Ólafsson, bróðir þeirra Hugrúnar og Bryndísar, sigraði bæði í stutta og langa skriðsundinu og varð annar í flugsundi. Þau systkin áttu ekki langt að sækja hæfileikana því móðir þeirra er Hrafnhildur Guðmundsdóttir sem um árabil var besta sundkona landsins. Hún þjálfaði börnin sjálf og þar var ekkert elsku mamma, þótt náttúrulega væri hún það. Njarðvíkingar höfðu líka góðu sundliði á að skipa og þeirra helsti maður var Eðvarð Þór Eðvarðsson sem sigraði í fjór-sundi og baksundi og varð annar í 100 metra skriðsundi. Jóhann Björnsson, félagi hans, sigraði í flugsundi og þriðji Njarðvíkingurinn, Þórður Óskarsson, vann bringusundin. Skarphéðinsmenn og Njarðvíkingar unnu hvorir sitt boðsund. HSK hlaut 167,5 stig fyrir sundið meðan Njarðvíkingar fengu 79 og Bolvíkingar 74. Aðrir hlutu mun færri stig.

Þá eru ekki eftir nema þær íþróttir sem mörgum finnst einkenna landsmótin öðru fremur. Það eru starfsíþróttirnar. Keppt var í hinum hefðbundnu sex greinum sem höfðu verið í gildi frá því á Selfossi 1978. Það lyftist heldur brúnin á heimamönnum þegar Aðalheiður Héðinsdóttir Ungmennafélagi Keflavíkur sigraði í keppni um að leggja á borð með fullu húsi stiga. Hún bauð í te og skreytti með munum úr leðri sem hún hafði sjálf útbúið. Aðalheiður var fyrsti sigurvegari félagsins í starfsíþróttum og hlaut 50 stig af 50 mögulegum.

Hugsanlega hefur velgengni hennar smitast til

sigurvegarans í starfshlaupinu. Þar sigraði nefnilega annar heimamaður, Lárus B. Þórhallsson, sonur landsmótsnefndarformannsins, og þar með voru Keflvíkingar búnir að eignast tvo sigurvegara af sex í starfsíþróttum. Að vanda voru þrautir miklar lagðar fyrir þátttakendur. Þar má nefna hindrunarstökk yfir gríðarhátt grindverk, hlaup með þungan sandpoka og kassasmíði. Þar gekk mönnum vægast sagt misjafnlega enda höfðu mótshaldarar haft spýturnar í kassana misstórar svo hér var auðvelt að ruglast.

Ekki þurfti að spyrja sérstaklega um sigurvegarann í dráttarvélarakstri. Sigur Vignis Valtýssonar virtist orðinn náttúruleg mál á landsmótunum og enginn kippti sér upp við það lengur. Tveir aðrir Þingeyingar hlutu gull, Snorri Kristjánsson í hestadómum og Josteinn Hreiðarsson í línubeitingu. Reyndar var Keflvíkingurinn Oddur Gunnarsson jafn honum í sigursætinu og svo hörð



*Aðalheiður Héðinsdóttir leggur síðustu hönd á sigurborðið.*





*Guðmundur Kr. Jónsson formaður Skarphéðins tók á móti verðlaunagripnum fyrir sigur í landsmótinu.*

var keppnin að báðir fengu 149,5 stig af 150 mögulegum. Hjördís Haraldsdóttir UMSE varð hlutskörpust í jurtagreiningu rétt á undan fjórum öðrum. Þingeyingar voru sem fyrr hlutskarpastir í starfsíþróttum og virtust ekki líklegir til að leggja þá einokun niður. Keflvíkingar komu á óvart í öðru sæti en Skarphéðinsmenn tryggðu sér það þriðja.

## Yfirburðir Skarphéðins

Á laugardagskvöldið var hefðbundin kvöldvaka í íþróttahúsi Keflavíkur. Þar var bryddað upp á mörgu, en á dagskránni voru fimleikar hjá Gerplu, Stjörnunni og hinum dönsku ungmennafélögum. Einnig tróðu upp Break-bræður og Stjúpsystur með dansi og söng. Þá söng dúettinn Magnús og Jóhann og trúbadorinn Bjartmar Guðlaugsson. Karlakór Keflavíkur passaði upp á klassikina og söng ómþýð ættjarðarlög yfir lýðnum. Gestir undu sér vel og bros var á hvers manns vör.

Hátíðarsamkoman sigilda hófst klukkan tvö

eftir hádegi á sunnudag og þá ávarpaði Þórhallur Guðjónsson formaður landsmótsnefndar mannfjöldann á leikvanginum. Séra Þorvaldur Karl Helgason sóknarprestur flutti hugvekju. Mörgum þótti vel hafa tekist til með val heiðursgestsins en hann var enginn annar en Þorsteinn Einarsson fyrrum íþróttafulltrúi. Þorsteinn, sem hafði starfað og stjórnað á 13 landsmótum, flutti ávarp og óskaði „heill þeirri æsku sem vill og þorir að leggja sig fram við lausn íþróttalegra verkefna.“<sup>293</sup>

Þá voru fimleikasýningar og lokakeppni frjálsíþróttanna. Loks var úrslitaleikurinn í knattspyrnu milli mótshaldaranna. Þegar hann byrjaði fór að rigna en annars hafði verið þurrt veður frá föstudagskvöldinu. Vegna veðurs voru mótsslitin flutt yfir í íþróttahúsið í Keflavík og þar voru verðlaun afhent verðlaunahöfum jafnskjótt og leiknum lauk.

Skarphéðinsmenn sigruðu í þetta sinn með fáheyrðum yfirburðum. Þeir voru allra liða sterkastir í höfuðgreinum landsmótanna, sundi og frjálsíþróttum. Í öllum greinum fengu þeir stig og sums staðar mörg. Ólafur Unnsteinsson þjálfari hitti líklega naglann á höfuðið þegar hann lýsti félagslegum styrk Skarphéðinsmanna:

Skarphéðinn hefur alltaf átt góða og sterka félagsmálamenn sem hafa drifið íþróttastarfið áfram. Þrátt fyrir marga stórefnilega einstaklinga þarf slíka drifkrafta á bak við íþróttastarfið til að það blómgi.<sup>294</sup>

Guðmundi Kr. Jónssyni, formanni HSK var efst í huga mikið þakklæti til þeirra sem gerðu þennan sigur mögulegan þegar hann tók við farandgrip mótsins. HSK fékk 417,75 stig en næstir komu Kjalnesingar með 191,5 stig og Austfirðingar með 176,5 stig. Mótshaldararnir komu næstir og var það raunar frábær árangur hjá þessum tveimur ungmennafélögum í viðbót við mannfrekt og viðamikil mótshald. Öllum bar saman um að frammistaða heimamanna í Keflavík og Njarðvík hefði verið með miklum ágætum á landsmótinu og í undirbúningi þess. Margir höfðu ástæðu til að gleðjast að loknu móti. Afreksmenn gátu fagnað unnum afrekum og undirbúið þau næstu. Ungmennafélagar höfðu uppskorið eins og þeir sáðu og héldu nú heim á leið með góðar minningar um enn eitt landsmótið sem hafði tekið öðrum fram með fjölda keppenda og frábærum afrekum.

<b>Heildarstig sambanda og félaga</b>		<b>stig</b>	<b>Stigahæstu keppendur</b>	<b>stig</b>
1.	HSK	417,75	Aðalsteinn Bernharðsson, frjáls.	UMSE 18
2.	UMSK	191,5	Brynjúlfur Hilmarsson, frjáls.	UÍA 18
3.	UÍA	176,5	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjáls.	UMSK 18
4.	Umf. Keflavíkur	154,5	Guðbjörg Bjarnadóttir, sund	HSK 17
5.	Umf. Njarðvíkur	134,5	Magnús Már Ólafsson, sund	HSK 17
6.	UMSE	11,75	Eðvarð Þór Eðvarðsson, sund	Umf.N 17
7.	HSP	102,7	Unnur Stefánsdóttir, frjáls.	HSK 17
8.	Umf. Bolungarvíkur	84	Þórður Óskarsson, sund	Umf.N 17
9.	UMSB	41	Sigurlín Pétursdóttir, sund	Umf.B 16
10.	UMSS	40,5	Unnar Vilhjálmsson, frjáls.	UÍA 16
11.	USAH	27,5	Birgitta Guðjónsdóttir, frjáls.	UMSE 15
12.	HSH	18	Hugrún Ólafsdóttir, sund	HSK 15
13.	UNÞ	12	Hugi S. Harðarson, sund	HSK 14
14.	Umf. Grindavíkur	11,5	Bóas Jónsson, frjáls.	UÍA 12
15.	USVH	9	Bryndís Ólafsdóttir, sund	HSK 12
16.	UÍÓ	8	Guðmundur Sigurðsson, frjáls.	UMSS 12
17.	HSS	7	Helga Unnarsdóttir, frjáls.	UÍA 12
18.	Umf. Djúpverji	5	Ingibjörg Guðjónsdóttir, sund	UMSS 12
19.-20.	USÚ	4	Jóhann Björnsson, sund	Umf.N 12
19.-20.	Umf. Víkverji	4	María Óladóttir, sund	HSK 12
21.	HVÍ	3	Helgi Þór Helgason, frjáls.	USAH 11
22.-24.	Umf. Geisli	1	Jóhanna Benediktsdóttir, sund	HSK 10
22.-24.	UDN	1	Soffía Rósa Gestsdóttir, frjáls.	HSK 10
22.-24.	USVS	1	Valdís Hallgrímsdóttir, frjáls.	UMSE 10
			Þráinn Hafsteinsson, frjáls.	HSK 10



Séð yfir mótssvæðið.

## 19. landsmót UMFÍ á Húsavík 10.-12. júlí 1987



### Þingeyingar bjóða heim

Vegna mikillar eftirspurnar var nú farið að skipuleggja landsmótið allmörg ár fram í tímann. Stjórn UMFÍ samþykkti í febrúar 1981 ósk Þingeyinga um að halda landsmót árið 1987 að því tilskildu að þeir endurnýjuðu umsókn sína á tilsettum tíma. Ekki stóð á Þingeyingum. Hinn 9. ágúst 1983 samþykkti stjórn HSP að ítreka umsókn sína um að halda landsmót 1987 og tók fram að stefnt væri að Húsavík sem mótsstað. Stjórn UMFÍ samþykkti þetta á næsta fundi sínum, og nú var allt klappað og klárt.<sup>295</sup>

Landsmótsnefnd var skipuð vorið 1985. Í henni voru sjö aðalmenn og þrír til vara en reyndar tóku þeir fullan þátt í nefndarstörfum svo hér var um tíu manna nefnd að ræða. Formaður nefndar

innar var glímukappinn Kristján Yngvason, formaður HSP. Aðrir nefndarmenn voru Arngrímur Geirsson, Birgir Steingrímsson, Brynhildur Þráinsdóttir, Gunnlaugur Árnason, Halldór Valdimarsson, Hlöðver P. Hlöðversson, Sigurður Viðar Sigmundsson og Vilhjálmur Pálsson. Fulltrúi UMFÍ var reynsluboltinn Þóroddur Jóhannsson á Akureyri. Strax var gerður samningur milli UMFÍ og HSP um framkvæmd landsmótsins og var hann á hefðbundnum notum. Þar var hin sígilda klausa um að fjárhagsleg ábyrgð væri móts-  
haldarans enda renni hugsanlegar tekjur til hans.<sup>296</sup>

Samningur milli HSP og Húsavíkurbæjar tafðist nokkuð meðan þrefað var um hvernig ætti að búa að sundmönnum á landsmótinu. Sundlaug staðarins var of lítil og bæjarstjórn vildi láta sund-



*Landsmótsnefndin. Standandi: Sigurður V. Sigmundsson, Gunnlaugur Árnason, Hlöðver P. Hlöðversson, Vilhjálmur Pálsson, Halldór Valdimarsson, Birgir Steingrímsson, Arngrímur Geirsson. Sitjandi: Þóroddur Jóhannsson, Kristján Yngvason og Brynhildur Bráinsdóttir.*

keppnina fara fram í Mývatnssveit. Tillaga um þetta var kolfelld á þingi UMFÍ haustið 1985. Upp úr því náðist samkomulag um að byggja bráðabirgðasundlaug, svokallaða „pokalaug“ eins og stundum áður á landsmótum.

Í ársbyrjun 1987 var íþróttakappinn Guðni Halldórsson ráðinn framkvæmdastjóri landsmótsins. Guðni er hamhleypa til verka og hann gekk vasklega fram við að undirbúa mótið. Sem dæmi má nefna að búið var að semja við auglýsingastofu um markaðssetningu mótsins og auglýsingar. Áætlanir auglýsingastofunnar um kostnað voru himinháar og þegar Guðni kom til starfa var hans fyrsta verk að rifta samningum við hana. Guðni sagðist sjálfur geta séð um þessi atriði ókeypis og stóð við það. Þannig spöruðu mótshaldarar stórfé sem hægt var að nota til annarra hluta.

Eitt fór þó úrskeiðis. Allt frá 1943 hafa verið gerðar kvikmyndir af öllum landsmótum – nema mótinu á Húsavík. HSP gerði samning við Ríkisútvarpið um tölur á 45 mínútna kvikmynd um landsmótið sem átti að vera tilbúin í febrúar 1988. Bjarni Felixson fréttamaður var á landsmótinu og stjórnaði myndatökum. Þegar fresturinn var liðinn skilaði myndin sér ekki til HSP. Þrátt fyrir stöðugar fyrirspurnir hjá íþróttadeild RÚV liðu tvö ár án þess að myndin kæmi fram og menn fóru

að gruna hið versta. Að lokum fengu mótshaldarar að skoða þær fáu spólur sem fundist höfðu hjá RÚV. Þar var að finna Víkingaleika og setningarathöfn en allt efni sem tekið var á sjálfu landsmótinu var horfið!<sup>297</sup> Svo mikið er víst að margir kunna starfsmönnum Sjónvarpsins litlar þakkir fyrir þá handvömm að glata landsmótskvikmyndinni.

Margt hvíldi á breiðum herðum Guðna Halldórssonar og hann léttist um 10 kíló síðustu vikurnar fyrir mótið. Flestir voru sammála um að honum hefði tekist að breyta ímynd landsmótsins og gera það nútíma-

legra og öll sín verk vann hann með fulltingi símans. Því var kveðið:

Landsmótið var löngu orðið langt á eftir tímanum.

Uns Guðni þrekinn barði í borðið og breytti því – með símanum.<sup>298</sup>

Hannað var sérstakt auglýsingatákn mótsins, brosmildur víkingur með hyrndan hjálm, sverð og skjöld. Merki mótsins var stílfærð útgáfa af víkingaskipi eftir Dag Jóhannesson í Haga í Aðaldal. Hljómsveitin Skriðjökklar samdi sérstakt landsmótslag sem hljómaði daga og nætur fyrir mótið. Nefndin gaf út hefðbundna leikskrá sem fór vel í vasa og eftir mótið tók hún saman ýtarlega skýrslu með aðdraganda og úrslitum mótsins. Fjögur tölublöð komu út af hinum ómissandi *Landsmótsfréttum*. Helstu sýningargreinar voru karate, siglingar, bridds, golf og íþróttir fatlaðra. Þeir yngstu fengu að spreyta sig í kassabílaralli. Svo var ein helsta skrautfjöldur mótsins að fjögur innlend og erlend ofurmenni reyndu með sér í Víkingaleikum.<sup>299</sup>

Hugmynd mótshaldara var að gera landsmótið að fjölskylduhátíð og fá þangað bæði almenna ungmennafélaga og einnig þá sem lítið þekktu til





*Guðni Halldórsson framkvæmdastjóri landsmótsins í símanum.*

landsmóta. Fjölbreytt menningarlíf blómstraði á Húsavík landsmótsdagana. Sýningar voru í Safnahúsi og myndlistarsýningar voru haldnar út um allt. Kórar sungu við ýmis tækifæri og lúðurþeytarar og harmonikkuleikarar sprönguðu um bæinn og létu í sér heyra. Brúðubillinn kom og Leikfélag Húsavíkur sýndi ýmis atriði á torgum úti svo fátt eitt sé nefnt. Slagorðið „lifandi bær“ lýsti þessu vel. Þingeyingar undirbjuggu mótið af miklum metnaði og lögðu nætur við daga til að hafa allt sem veglegast. Til að kóróna útkomuna tókst þeim að verða sér úti um eitt besta veður sem fengist hefur á landsmóti. Það var sól og blíða allan tímann og menn voru í sjöunda himni. Það var því ekki í kot vísað að koma til Húsavíkur.

## Í sól og sumaryl

Rétt í þann mund sem galvaskir landsmótsfarar létu akkerum víðsvegar á landinu og tóku stefnuna til Húsavíkur tókst ábyrgðarfullum landsfeðrum að koma saman nýrri ríkisstjórn. Þorsteinn Pálsson leiðtogi sjálfstæðismanna tók við sem forsætisráðherra landsins tveimur dögum áður en landsmótið hófst. Þar var hann í komp-

aní með krötum og framsóknarmönnum.<sup>300</sup> Ráðherranna beið ærið verk að fást við þenslu og verðbólgu og létu því ekki sjá sig á landsmótinu. Fjarvera þeirra vakti litla athygli landsmótsgesta sem höfðu nóg við að vera og voru með hugann við allt annað en pólitík þá stundina.

Alltaf voru landsmótin að lengjast í annan endann og gestir mótsins tóku að flykkjast til Húsavíkur þegar á miðvikudeginum. Keppendum var vísað á tjaldsvæði austan í Höfðanum skammt frá ípróttavöllunum. Þar reistu stærstu samböndin samkomutjöld sín og allt í kring voru áhangendur og keppnisfólk. Skammt þar undan voru fjölskyldubúðirnar en vissara þótti að hafa unglíngana út af fyrir sig utan við bæinn. Á fimmtudagskvöldið voru tónleikar með Bubba Morthens og hin kvöldin voru dansleikir í félagsheimilinu og ípróttahöllinni. Þar léku helstu norðlensku hljómsveitir þess tíma, Geirmundur, Greifarnir og Skriðjökullar. Mikill mannfjöldi sótti dansleikina sem munu hafa bjargað fjárhag mótsins. Þótt mótsgestir hafi verið um 15 þúsund gerði aðgöngumiðasala ekki mikið meira en vega upp á móti kostnaði. En mótið skilaði samt nokkrum hagnaði.<sup>301</sup>

Keppt var í öllum sömu greinum og á undanförunum mótum: Frjálsípróttum, sundi, glímu, handbolta, fótbolta, starfsípróttum, körfubolta, skák, borðtennis, júdó og blaki. Keppendum í þessum greinum voru 130 fleiri en í Keflavík eða 1130 þegar allir voru taldir. Þeir sem tóku þátt í afmælishlaupi UMFÍ voru 289 og keppendum í öðrum sýningargreinum 182.<sup>302</sup>

Víkingaleikarnir hófust á fimmtudaginn sökum þess að kraftajötunninn breski Geoff Capes, sem var 1,96 m á hæð og 165 kg, var tímabundinn og þurfti að fara aftur utan á laugardeginum. Með í för var annað kraftatröll, Mark Higgins, 2,07 m á hæð og 150 kíló. Til að fást við þessa titti komu helstu kraftakarlar Íslands, Jón Páll Sigmarsson og Hjalti Árnason. Reyndar var Jón Páll meiddur og þá hljóp í skarðið kornungur tröllkarl frá Seyðisfirði, Magnús Ver Magnússon, og stóð sig vel. Þeir kepptu í að kasta Þórshamri, draga báta, lyfta tunnum, varpa drumbum og fleiri þrautum. Í þessum tröllaslag sigraði hinn digurvaxni Geoff Capes eða „Jaffa Cakes“ eins og Jón Páll var vanur að kalla þennan vin sinn. Guðni Halldórsson stjórnaði keppninni af skörungsskap og höfðu áhorfendur stórgaman af.<sup>303</sup>

Keppt var frá morgni til kvölds á föstudaginn



*Kraftakarlinn Geoff Capes hleypur með bíl í eftirdragi á Vikingaleikunum.*

en þá var mótið sett í blíðskaparveðri og mígandi sólskini eins og sagt er. Rúmlega þúsund ungmennafélagar og sýningarfólk gengu hnarreist í fríðum fylkingum inn á íþróttavöllinn, hver í sínum keppnislitum. Í fararbroddi gekk vörpulegur maður með Hvítbláin í höndum. Það var Pétur Yngvason glímukappi. Fremstir gengu bláklæddir Njarðvíkingar og Keflvíkingar í gulum treyjum. Síðastir fóru heimamenn HSP í bláum klæðum. Hafsteinn Þorvaldsson stjórnaði göngunni og innkoma liðanna var glæsileg. Liðin staðnæmdust á langhlið vallarins fjær áhorfendum og eftir merki frá Hafsteini gengu fylkingarnar samtímis þvert yfir völlinn og stilltu sér upp í raðir.<sup>304</sup>

Hópur barna myndaði orðið „Velkomin“ á vellinum. Pálmi Gíslason sté fram og setti mótið með skörulegri ræðu. Vigdís Finnbogadóttir forseti flutti hlýlegt ávarp og svo var fánakveðja að hætti glímumanna og allir stóðu á fætur. Ávarp íþróttamanna flutti dráttarvélakóngurinn Vignir Valtýsson. Íþróttamennirnir stukku út undan sér eins og kálfar að vori áður en þeir viku af velli og fimleikafólk fyllti skarðið. Fyrst voru flokkar úr Gerplu og Stjörnunni og svo kom röðin að hinum ómissandi Dönum. Mörgum þótti borið í bakkafullan lækinn að tefja mótssetningu einu sinni enn með „dönskum rössum“ eins

og einn mótsgesturinn orðaði það svo gremjulega. Það brást heldur ekki að mótssetningu seinkaði umtalsvert þrátt fyrir góðan ásetningu Guðna framkvæmdastjóra um að halda áætlun. Það var bara búið að hlaða of miklu á hana.

Úrslitasprettir 800 metra og afmælislauks UMFÍ fóru fram við þetta tækifæri og eftir það gátu menn brugðið sér á böllin.

Íþróttamenn fóru sér hægt og undu sér við spjall og leiki í tjaldbúðunum fram eftir kvöldi.

Nú var spretthlaupakóngur síðasta landsmóts, Aðalsteinn Bernharðsson, mættur einu sinni enn, kominn á fertugsaldur. Aðalsteinn var tognður á fæti og gat ekki beitt sér að fullu en sigraði þó í grindahlaupinu enda bæði teknískur og keppnisharður með afbrigðum. Egill Eiðsson sigraði í 100 metra hlaupinu og á hæla honum kom fljúgandi Hollendingur, Cees Van de Ven að nafni. Cees er lágvaxinn og stæltur kraftamoli og hann varð þriðji í grindinni og sigraði í langstökki með sjö metra stökki. Egill sigraði í 400 metra hlaupinu rétt á undan hinum öflugna Erlingi Jóhannssyni sem átti eftir að ryðja Íslandsmetinu í 800 metrunum svo um munaði. Það var reyndar Erlingur sem sigraði í 800 metrunum við móts-



*Í sól og sumaryl á Húsavík. Ekki væsti um landsmótsgesti í blíðunni.*



*Erlingur Jóhannsson sigrar í 800 metrunum. Annar er Brynjúlfur Hilmarsson.*

setninguna. Rétt á eftir honum var hlaupargarpurinn Brynjúlfur Hilmarsson sem æfði og keppti í hlaupum í Svíþjóð en kom til Íslands á landsmótsárum og rakaði saman verðlaunapeningum. Í Keflavík náði Brynjúlfur sér í þrjú gull en hérna urðu þau tvö. Hann sigraði naumlega í 1500 metrunum rétt á undan Hannesi Hrafnkelssyni UMSK. Keflvíkingurinn Már Hermannsson gekk næstur Brynjúlfi í 5000 metrunum. Eyfirðingar sigruðu í báðum boðhlaupunum enda höfðu þeir bæði Cees og Aðalstein í sveitunum og munaði um minna.

Þrístökkið hefur löngum verið grein Skarphéðinsmanna og nú munaði litlu að þeir ynnu þrefaldan sigur. Kári Jónsson endurheimti sigursætið, annar varð Ólafur Þórarinsson og fjórði Haukur Snær Guðmundsson, sonur Guðmundar Kr. Jónssonar sem sigraði á Laugarvatni 1965. Líklega þarf ekki að minna á að Kári er bróðir Guðmundar. Hver segir að íþróttir séu ekki ættengar?

Helgi Þór Helgason USAH sigraði í kringlukasti í fjarveru Vesteins Hafsteinssonar en kast-



*Kári Jónsson sigraði í þrístökki.*

aði þó ekki nema 48 metra. Það þýddi ekki lengur fyrir hann að reyna sig við Pétur Guðmundsson í kúluvarpinu. Pétur þeytti kúlunni 17 og hálfan metra með kraftmiklum snúningsstíl sem hann var nýbúinn að temja sér. Pétur, sem nú keppti fyrir UMSK, kastaði tveimur metrum lengra en Helgi sem varð annar. Unnar Vilhjálmsson endurtók sigur sinn í hástökkinu en varð fyrir því óláni að togná á fæti þegar hann fór að hugleiða bætingu á Íslandsmetinu. Fáir virtust æfa stangarstökk um þessar mundir nema Skarphéðinsmenn því aðeins þrír luku keppni – allir úr HSK. Auðunn Guðjónsson frá Húsatóftum stökk fjóra metra en Torfi Rúnar Kristjánsson og Eggert Guðmundsson flugu litlu lægra.

Það sem flaug þó hæst á þessu móti var spjót Einar Vilhjálmssonar sem alltaf hélt tryggð við UÍA. Einar var nú orðinn spjótkastari á heimsmælikvarða og náði þeim frábæra árangri að verða sjötti maður á Ólympíuleikunum í Los Angeles þremur árum fyrr. Stemmingin á íþróttavellinum var rafmögnuð meðan spjótkeppnin fór fram. Áhorfendur skynjuðu að Einar var í góðu „stuði“ og hvöttu hann til dáða. Fyrsta kastid var 79 metrar og annað fór yfir 81 metra og allt gat gerst. Einar var harður á svip þegar hann bjó sig til með málmfleyginn hvassa í þriðja sinn. Spjótið flaug 82,96 metra og nýtt Íslands- og Norðurlandamet leit dagsins ljós. Fyrstur til að stökkva fram og fagna nýja methafanum var faðir hans, Vilhjálmur Einarsson, sem sjálfur





*Spjótíð flýgur úr höndum Einars Vilhjálmssonar og nýtt Norðurlandamet verður til.*

setti Norðurlandamet í þrístökki á sínum tíma. Íþróttir eru sannarlega ættgengar.

Svanhildur Kristjónsdóttir UMSK endurtók afrek sitt frá Keflavíkurmótinu og sigraði í 100 metra hlaupi, 400 metra hlaupi og langstökki. Svanhildur bætti um betur og leiddi boðhlaupsveitir Kjalnesinga til sigurs í bæði 4×100 og 1000 metrunum. Hún fór því klyfjuð góðmálum af mótinu með fimm gull og fullt hús stiga.

Nú hafði Skarphéðinsmönnum bæst góður liðsauki því Þráinn Hafsteinsson, þjálfari liðsins, hafði gert sér lítið fyrir og trúlofast Þórdísi Gísladóttur besta hástökkvara landsins og þó víðar væri leitað. Þar með gekk Þórdís úr ÍR í HSK. Þórdís bætti landsmótsmetið í hástökki upp í 1,80 metra og var að stökkva á annari og hærri hæð en keppinautarnir. Svo var hún bæði spretthörð og mikil keppniskona sem kom sér vel í harðri keppni landsmótsins. Þórdís varð þriðja í 100 metra hlaupi og sigraði í grindahlaupinu vel á undan Ingibjörgu Ívarsdóttur. Ingibjörg varð önnur í 800 metra hlaupi og þriðja í langstökki enda varð HSK-sveitin önnur í báðum boðhlaupunum með þessar keppniskonur og fleiri góðar innaborðs.

Austfirðingum hafði einnig bæst liðsauki því Stefán Hallgrímsson þjálfari hafði fengið Rut Ólafsdóttur til liðs við þá úr FH á sams konar forsendum. Rut var frábær millivegalengdahlaupari og sigraði bæði í 800 og 1500 metrunum. Ólympíuspjótkastarinn Íris Grönfeldt sigraði með einstökum yfirburðum í sinni grein og kastaði níu metrum lengra en fyrri sigurvegari, Birgitta Guð-

jónsdóttir HSK. Birgitta átti Íslandsmet í sjöþraut um þessar mundir enda varð hún önnur í langstökki og framarlega í grindahlaupi. Nú var kominn til sögunnar nýr meistari í kúluvarpi kvenna, Guðbjörg Gylfadóttir USAH. Hún kastaði vel á fimmtánda metra og Soffía Gestsdóttir HSK mátti játa sig sigraða. Hún náði sér þó vel á strik í kringlukastinu og sigraði örugglega með næstum 42 metra kasti. Í níunda sæti í kúluvarpinu var Erla Óskarsdóttir frá Lundi í Öxarfirði sem var að keppa á níunda landsmótinu í röð. Hún keppti fyrst á Laugum 1961 og hafði síðan eignast sex börn en aldrei látið sig vanta á landsmót.

Frjálsíþróttamenn voru í essinu sínu við þessar frábæru aðstæður á Húsavík. Öll landsmótsmetin féllu í kvennaflokki og meirihlutinn hjá körlunum. HSK-liðið var í sérflokki og ávann sér alls 178 stig en næstu lið voru aðeins hálfdrættingar. Kjalnesingar hlutu 89 stig og Austfirðingar voru skammt undan með 84,5 stig.

## Knattleikir og sund

Lið Kjalnesinga kom heldur betur á óvart í knattspyrnukeppninni. Liðið var skipað leikmönnum



*Þórdís Gísladóttir svífur yfir 1,80 metra og setur landsmótsmet.*





*Klapplið Skarphédinsmanna hvatti þá til sigurs í blakinu.*

ÍK í Kópavogi sem lengstum höfðu staðið í skugga Breiðabliks en sprungu nú út á landsmótinu. Liðið vann alla sína leiki í undankeppninni og mætti liði Njarðvíkur í úrslitum. Í seinni hálfleik tóku Kjalnesingar öll völd í leiknum og röðuðu inn þremur mörkum án þess að Suðurnesjamenn gætu svarað fyrir sig. Steindór Elísson sá um að skora öll mörkin eftir góðar fyrirgjafir Reynis Björnssonar.

Njarðvíkingar léku einnig úrslitaleikinn í körfunni og andstæðingar þeirra voru grannarnir í Keflavík. Þótt Keflavík sé fjölmennari staður var Njarðvíkurliðið í hlutverki stóra bróður. Þeir unnu nokkuð auðveldan sigur, 90-77 og sigruðu nú á fimmta landsmótinu í röð. Mikil sigurganga hjá Suðurnesjaliðinu.

Skarphédinsmenn voru ekki síður sigursælir í blakinu og virtust alltaf geta náð hámarki sínu á landsmótunum. Þá átti þeirra landsfræga klapplið ekki minnsta þáttinn í sigrunum. Kjalnesingar voru höfuðandstæðingurinn sem fyrr og mátti ekki milli sjá í úrslitaleiknum. Hann fór fram á sunnudaginn í íþróttahöllinni og fljótlega fylltist allt af áhorfend-

um svo menn minnast ekki að hafa séð þá fleiri á blakleik. Leikurinn var æsispennandi og hávaðinn slíkur að enginn hefði heyrt sprengju falla.

Einn af bestu mönnum HSK var kúluvarparinn Pétur Guðmundsson. Hann og kraftajötunninn Andrés bróðir hans, sem hefur hramma sem minna á snjóskóflur, þrumuðu boltanum hvað eftir annað í gólf UMKS. Einar Ásgeirsson og þeir bræður Geir og Vignir Hlökkverssynir tóku vel á móti fyrir hönd Kjalnesinga en allt kom fyrir ekki. Leikurinn var í jarnum frá upphafi til enda og Skarphédinsmenn voru komnir undir um tíma. Þeir tóku sig þó á og hlutu að lokum annan sætan sigur í blakinu. Úrslitaleikurinn var hápunktur keppinnar á sunnudegi landsmótsins að allra dómi.<sup>305</sup>

Handboltakeppnin fór fram í „heita portinu“ við Barnaskóla Húsavíkur. Það var kallað svo því malbikið varð brennandi heitt í sólinni og féllu á það ófáir svitadropar landsmótsdagana. Liðin voru af ýmsum toga. Mesta athygli vakti markvörður UÍA, Björg Blöndal frá Seyðisfirði, sem var komin yfir fertugt. Björg upplýsti í blaðaviðtali að þær væru kallaðar „kellingaliðið“ fyrir vikið þótt leikmenn væru á ýmsum aldri og sú yngsta 16 ára, en það var einmitt Halldóra dóttir Bjargar.<sup>306</sup> „Kellingarnar“ komust í úrslit gegn frísku liði UMKS sem var að mestu frá Ungmennafélaginu Stjörnunni úr Garðabæ. Kjalnesingar voru í sérflokki á mótinu og unnu leiki sína



*„Kellingaliðið“ frá UÍA sem náði öðru sæti í handboltanum. Markvörðurinn, Björg Blöndal, er lengst til vinstri.*



*Eðvarð Þór Eðvarðsson sundkóngur landsmótsins á fullri ferð.*

með allt að 45 marka mun. Úrslitaleikurinn fór 31-12 Kjalnesingum í vil.

Sundið er mikil jafnréttisgrein á landsmótum ef svo má segja því lengi vel hafa karlar og konur keppt í jafnmörgum greinum og reyndar verið ívið fleiri keppendur í kvennaflokki. Helstu afrekskonur mótsins voru systurnar frá Þorlákshöfn, Húgrún og Bryndís Ólafsdætur. Þær skiptu sundinu systurlega á milli sín og sigruðu í þremur greinum hvor. Þær syntu aldrei saman en það var með ráðum gert til að auka sigurlíkur HSK. Húgrún tók að sér stysta og lengsta skriðsundið og fjórsundið en Bryndís sá um 100 metra skriðsundið, flugsund og baksund. Það eina sem öðrum sundkonum var látið eftir var bringusundið. Í 100 metra bringusundi sigraði Brynja Árnadóttir úr Njarðvíkum og Bolvíkingurinn Ragna L. Garðarsdóttir varð hlutskörpust í 200 metra sundinu.

Stemmingin var góð í brekkunni við laugina þar sem mikill fjöldi áhorfenda skemmti sér vel við að horfa á sporðaköstin. Sundkóngur mótsins var Eðvarð Þór Eðvarðsson úr Njarðvík sem sigraði í þremur greinum. Eðvarð var langfremstur í baksundi og fjórsundi og gerði sér lítið fyrir og sló út bringusundkappann Tryggva Helgason í 200 metra bringusundi. Tryggvi var þar annar en sigraði í 100 metra bringusundinu og flugsundi í staðinn. Magnús Már Ólafsson,

bróðir systranna úr Þorlákshöfn, tapaði 50 metra skriðsundinu naumlega fyrir Jóhanni Björnssyni Njarðvíkingi en sigraði í 100 og 800 metra skriðsundinu. Allt var þetta afreksfólk í þungum æfingum fyrir Evrópumótið í sundi og árangur því lakari en ella. HSK hafði sem fyrr yfirburði í sundkeppninni og hlaut 158 stig. Ungmennafélag Njarðvíkur var með 118 stig og Bolvíkingar nældu í 88 stig. Bestu afrekin unnu Eðvarð Þór fyrir baksund og Húgrún fyrir 50 metra skriðsund.

## **Ping-pong, peðum slátrað og puðað á vellinum**

Í borðtennis fór fram útsláttarkeppni og féllu menn út við annað tap. Kjalnesingurinn Albrect Ehmann sigraði í karlaflokki en næstir komu tveir Keflvíkingar, Bjarni og Hafliði Kristjánssynir. Klerkur Húsvíkinga, Sighvatur Karlsson, náði sjötta sæti og hlaut umsvifalaust viðurnefnið séra Ping-pong! Í kvennaflokki voru Borgfirðingarnir Ragnhildur Sigurðardóttir og Kristín Njálisdóttir eftar.

Í skákinni var umhugsunartími 90 mínútur á 36 leiki og 30 mínútur til að ljúka. Þetta þýddi að meistarar hvítra reita og svartra þurftu að sitja við langa daga í sólinni fyrir norðan. Mikil og djúp kyrrð ríkti í skáksalnum enda hverskyns hávaði illa séður. Enginn vogaði sér stunu né hósta hvað þá það sem meira var. Nú var engin undankeppni og 13 sveitir börðust hart á blóðvöllum peðanna.



*Frá keppni í línubeitingu.*

Keppnin var svo jöfn að elstu menn mundu ekki neitt því líkt. Eyfirðingar sigruðu með jafnmarga vinninga og Skarphéðingsmenn og hálfum vinningi neðar voru Strandamenn og Bolvíkingar. Lið númer sex hafði einum vinningi minna en sigurvegararnir. Mörgum þótti miður hvað Skotta hafði mikið að segja um úrslitin. Skotta er skákdraugur sem settur er á móti stakri sveit og hlýtur hún þá fullt hús í þeirri umferð. Ekki gátu allir teflt við Skottu og munaði um minna í þessari jöfnu keppni.

Í starfsíþróttum voru Þingeyingar á heimavelli og ætluðu sér ekki lítinn hlut. Það gekk eftir því þeir sigruðu og hlutu 54 stig. Eyfirðingar voru með 20 stig en Skarphéðingsmenn hrundu niður í þriðja sæti með 17 stig. Fremstur í flokki Þingeyinga var Vignir Valtýsson sem sigraði í dráttarvélarakstri áttunda mótið í röð, hvorki meira né minna. Hann fékk þó harða keppni að þessu sinni og hugleiddi að stíga af stallinum. Aðspurður sagði Vignir að þetta færi nú að verða gott. Tími væri kominn fyrir aðra að fá að spreyta sig.<sup>307</sup> Þetta var síðasta keppni Vignis en enginn hefur leikið sigurgöngu hans eftir á landsmótum.

Þingeyskar konur sigruðu tvöfalt í þeirri þörfu heimilisíþrótt að leggja á borð. Ekki mátti sjá á milli Drífu Þ. Arnþórsdóttur og Þórdísar Inga-dóttur og báðar voru dæmdar í efsta sæti. Í jurtagreiningu var sigur Þingeyinga þrefaldur. Keppnin var svo jöfn að þrír efstu menn voru með fullt hús stiga. Tíndar voru fram 10 sjaldgæfar plöntur handa þeim að skoða í bráðabana. Þá fengust hrein úrslit. Efstur varð Þröstur Eysteinnsson, annar Viðar Vagnsson og þriðji Ketill Tryggvason sem hafði náð í verðlaunapening á fimm landsmótum en aldrei sigrað.

Kristín Thorberg UMSE sigraði nú í annað sinn í hestadómum og sló við öllum 18 körlunum sem kepptu. Talandi dæmi um sókn kvenna á öllum sviðum. Þær létu línubeitinguna þó alveg vera að þessu sinni. Þar sigraði Strandamaðurinn Ólafur Axelsson en á hæla hans kom Þingeyingurinn Magnús Hreiðarsson. Einnig voru fáar konur meðal keppenda í starfshlaupinu, aðeins þrjár af 44 keppendum.

Starfshlaupið nýtur alltaf mikilla vinsælda enda eru þrautir þátttakenda nýjar af nálinni hverju sinni og stundum allt að því kvikindislegar í þeirra garð. Nú var ætlast til að menn segðu til um ummál hrings, áætluðu flatarmál landskika, festu tölu á segldúk og segðu til um berg-

tegund. Þá áttu menn að bera vikurplötu eftir mjóum planka og naglhreinsa spýtu. Að lokum klæddu menn sig í sláturhúsbuxur og hlupu í mark. Þrautirnar voru hver á sínum stað og menn hlupu á milli á harðaspretti. Gamlir frjálsíþróttagarpar voru áberandi í hópi keppenda og einn þeirra, Arnór Erlingsson, sigraði og innsiglaði frábæra frammistöðu Þingeyinga. Kapparnir í fimmta og sjötta sæti sýndu að lengi lifir í gömlum glæðum. Það voru Sigurður Jónsson HSK og Jón Benónýsson HSB sem börðust um sigurinn í 100 metra hlaupinu á Sauðárkróki árið 1971. Þá var garpurinn í 8. sætinu enginn byrjandi. Það var hinn síungi Guðmundur Hallgrímsson sem hafði keppt á flestum landsmótum frá því á Akureyri 1955.

## Japanskt fang og þjóðaríþróttin

Suðurnesjamenn voru sigursælir í japanska fatafanginu júdó sem fór fram í íþróttahúsinu eftir hádegi á laugardaginn. Búið var að skipta húsinu í þrjú svæði og júdómenn voru innikróaðir milli tveggja körfuboltaleikja. Hávaðinn í aðdáendum körfuboltans truflaði júdómenn í byrjun en eftir því sem fleiri snarpar viðeignir saúst á gólfinu fóru æ fleiri að fylgjast með. Úrslitin áttu óskipta athygli áhorfenda. Í flokki undir 70 kg sigraði Gunnar Jónsson UMSK en gamalkunnir kappar stóðu efstir í hinum flokkunum. Ómar Sigurðsson Keflavík varð hlutskarpastur í flokki undir 78 kg og í þungavigtinni sigraði Sigurður Hauksson sem keppti nú fyrir Ungmennafélag Grindavíkur.

Meira var haft við liðsmenn þjóðaríþróttarinnar því hún fór fram í sal Barnaskólans að viðstöddum fleiri áhorfendum en áður höfðu sést á landsmóti. Þingeyingar áttu einvalalið en Skarphéðingsmenn tefldu fram nýjum hópi eldri og yngri garpa sem hugsuðu sér að bregða fæti fyrir heimamenn. Áhorfendur voru vel með á nótunum og salurinn nötraði af hvatningarópum ungra sem aldinna. Glíman var talin ein sú besta um árabíl. Margir kapparnir sýndu snilldar tilþrif og gamlir karlar sem minnti að þeir hefðu getað tekið hælkrók í gamla daga voru í sjöunda himni með hversu vel var glímt og drengilega.

Skarphéðingsmenn sóttu ekki gull í greipar þingeyiskum glímuköppum sem sigruðu í öllum þyngdarflokkum. Í flokki undir 75 kg sigraði hinn knái Arngeir Friðriksson, bóndasonur úr Reykjadal. Næstur honum gekk Yngvi Ragnar Kristján-



son, sonur Kristjáns Yngvasonar, og svo hver af öðrum. Kristján faðir hans tók sér fri frá mótsstjórninni um stund og brá sér í glímugallann. Hann lagði alla sjö andstæðinga sína í milliþyngdinni og sigraði verðskuldað enda mikill keppnismaður þó hæglátur sé. Í þyngsta flokknum sigraði glímukóngurinn, Eyþór Pétursson, bóndi í Baldursheimi. Mikil rimma varð á milli þeirra Jóhannesar Sveinbjörnssonar á Heiðarbæ í Þingvallasveit en reynsla og fimi Eyþórs réði úrslitum. Næstir voru ekki minni menn en Pétur Yngvason fyrrverandi glímukóngur og Sigurður Jónsson fyrrverandi skjaldarhafi Ármanns sem tók nú fram beltið eftir langt hlé.

## Ánægjubros á öllum andlitum

Hátíðarsamkoman var haldin á leikvangi Húsavíkur á sunnudaginn eins og venja er. Heiðursgestur mótsins voru Stefán Kristjánsson íþróttulltrúi Reykjavíkur og Kristjana Jónsdóttir kona hans. Stefán var gamall Húsavíkingur og þau hjónin höfðu á sínum tíma þjálfað keppnislið Þingeyinga fyrir landsmótið. Eftir ávarp Stefáns kom fimleikafólkið og lét ljós sitt skína. Eitt sérstæð-



Gunnar á Daðastöðum með fjárhunda sína.

asta atriði dagsins var fjárhundasýning Gunnars Einarssonar frá Daðastöðum í Núpasveit. Hann var þarna með þrjá skoska fjárhunda og fjóra íslenska gemlinga. Gemlingunum var sleppt lausum á svokölluðum Skálamel og hundarnir sendir eftir þeim. Gunnar stjórnaði hverri hreyfingu hundanna sem ráku gemlingana þegjandi og hljóðalaust í alls konar krákustíga eins og um var beðið. Áhorfendur fylgdust með dolfallnir. Gamli fjárbændur fengu glampa í augun og hafa eflaust getað hugsað sér að eignast hunda frá Gunnari á Daðastöðum.<sup>308</sup>

Inn á milli dagskráatriða var skotið verðlaunaafhendingum og völdum keppnisgreinum. Hátíðinni lauk með dansatriði sem fimleikafólk frá Gerplu í Kópavogi sýndi. Þá var ekki annað eftir en verðlaunaafhendingin mikla. Það fór sem marga grunaði að Skarphéðinsmenn sigruðu einu sinni enn í heildarstigakeppninni og nú með umtalsverðum yfirburðum. Kjalnesingar komu næstir og voru ekki nema rúmlega hálfdrættingar á við nágranna sína. Mörgum þótti orðið nóg um sigurgöngu Skarphéðins og blaðamaður *Morgunblaðsins* kvaðst hafa heyrt þá uppástungu að skipta HSK upp í tvö héraðssambönd til að aðrir ættu möguleika! Stemmingin meðal Skarphéðinsliðsins var einstök enda var dagskipun forystumanna sú að enginn keppandi væri afskiptur heldur væri alls staðar hópur stuðningsmanna til að hvetja. Hið blágula klapplið HSK með sinn fjörlega baráttusöng og hróp og köll var á hverjum keppnisstað og það bar góðan ávöxt.<sup>309</sup>

Það var glaðbeittur formaður UMFÍ, Pálmi Gíslason, sem lýsti því yfir í mótslok að hann væri einstaklega ánægður með mótið. Honum þóttu áherslubreytingar landsmótsnefndar ánægjulegar, veðrið var frábært og ánægjubros á öllum andlitum.<sup>310</sup> Það voru orð að sönnu og enn í dag kviknar bros á vörum þeirra sem voru á Húsavík þessa sumardaga þegar þeir minnst landsmótsins góða sem haldið var 1987.

Heildarstig sambanda og féлага		stig
1.	HSK	478,5
2.	UMSK	260
3.	Umf. Njarðvíkur	190
4.	UÍA	165
5.	HSP	156
6.	UMSE	125
7.	Umf. Keflavíkur	109
8.	Umf. Bolungarvíkur	96







*Frá setningu landsmótsins.*

## 20. landsmót UMFÍ í Mosfellsbæ 12.-15. júlí 1990



### Haldið á vit Mosfellinga

Lengi voru Kjalnesingar búnir að biða eftir því að fá úthlutað landsmóti hjá UMFÍ og var fyrsta umsókn þeirra borin fram á þingi samtakanna árið 1967. Þeir sóttust þá eftir að halda landsmót árið 1971 en þá hrepptu Skagfirðingar hnossið. Árið 1980 sóttu Kjalnesingar formlega um að halda landsmót árið 1984 í Mosfellssveit en þá urðu Suðurnesjamenn hlutskarpari eins og kunnugt er.<sup>311</sup> Í þriðja sinn fóru Kjalnesingar af stað árið 1985 og sóttu nú um að halda landsmót árið 1990. Þar voru þeir í samkeppni við Austfirðinga sem þremur árum fyrr höfðu lagt inn umsókn um að halda landsmót á sama tíma og fengið jákvæðar undirtektir hjá stjórn UMFÍ.<sup>312</sup> Til stóð að það landsmót yrði haldið í Neskaupstað en þar sem sýnt þótti að aðstaða til mótshaldsins yrði ekki tilbúin í tæka tíð féll UÍA frá umsókn sinni. Eftir

þetta var leiðin greið og hinn 19. apríl 1986 samþykkti stjórn UMFÍ samhljóða að fela UMSK að halda 20. landsmótið í Mosfellsveit árið 1990.<sup>313</sup>

Mosfellingar tóku þessu fagnandi og breyttu sveitinni í kaupstað árið 1987. Næst sneru þeir sér að því að láta rætast hinn 40 ára gamla draum um íþróttaleikvang á Varmá. Þar hafði á sínum tíma verið sléttað svæði fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir en nú skyldi ekkert til sparað. Fljótlega kom upp sú hugmynd að setja gerviefni á hlaupabrautir og atrennubrautir vallarins þó það kostaði mikið fé. Þar með ætlaði hinn 4.259 manna Mosfellsbær að slá við höfuðstaðnum Reykjavík með sína 97.569 íbúa árið 1990.<sup>314</sup> Í Reykjavík hafði verið byggður íþróttavöllur með gerviefni á brautum nokkrum árum fyrr. Hann var gerður af vanefnum og brautirnar voru orðnar ónýtar þegar hér var komið sögu. Mosfellingar hikuðu hvergi en lögðu í þessa vallargerð, sem



*Landsmótsnefnd. Fremri röð: Pálmi Gíslason, Kristján Sveinbjörnsson, Katrín Gunnarsdóttir og Jón Ingi Ragnarsson. Aftari röð: Sæmundur Runólfsson, Halldór Frímansson, Sigurður Þorsteinsson, Hafsteinn Pálsson, Gunnar Páll Pálsson og Þórarinn Jónsson.*

kostaði 100 milljónir króna. Völlurinn var vígður 23. september 1989 og nefndur Varmárvöllur. Þar með voru Mosfellingar komnir með besta frjálsíþróttavöll landsins og annar undirbúningur var eftir því.

UMSK skipaði landsmótsnefnd snemma árs 1988. Formaður hennar var Kristján Sveinbjörnsson, formaður UMSK, sem var mikil driffjöldur í starfi sambandsins og helsti hvatamaður að landsmóttinu. Aðrir nefndarmenn voru Halldór Frímansson, Gunnar Páll Pálsson, Jón Ingi Ragnarsson, Þórarinn Jónsson og Katrín Gunnarsdóttir. Frá UMFÍ kom formaðurinn sjálfur, Pálmi Gíslason, sem var þarna í hópi félaga sinna. Varamenn voru Hafsteinn Pálsson, Sigurður Þorsteinsson og Sigurður Geirdal. Halldór Frímansson og Sigurður Geirdal hættu störfum vorið 1990 og í stað Halldórs kom Guðbjörg Pétursdóttir. Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri UMSK, starfaði með nefndinni allan tímann. Í ársbyrjun 1989 réð nefndin Valgarð S. Halldórsson sem framkvæmdastjóra í hlutastarfi.<sup>315</sup> Hann hætti fljótlega að eigin ósk og við tók Ómar Harðarson sem var þá í fullu starfi en tók sér frí frá 15. ágúst 1989 til 15. febrúar 1990. Hinn 1. ágúst 1989 tók Sæmundur Runólfsson, stjórnarmaður UMFÍ, sér stöðu við hlið Ómars og frá miðjum febrúar 1990 og fram yfir landsmót voru þeir tveir framkvæmdastjórar í fullu starfi hjá UMSK.

Þessir ágætú menn sneru sér á fullum krafti að markaðssetningunni. Tákn mótsins var glað-

hlakkalegur tjaldur sem seinna fékk nafnið Goggi galvaski. Dreift var endurskinsmerkjum og límmiðum í þúsundatali með mynd af Gogga og hann var settur á boli og þeytidiska fyrir utan að leika í teiknimynd sem gerð var fyrir mótið. Þá var samið við Sjónvarpið um beina útsendingu af landsmóttinu.<sup>316</sup>

Fyrir slíka peningahit eins og landsmóttin voru orðin þurfti að útvega völduga styrktaraðila. Það voru heldur engin smáfyrirtæki sem voru þar í fremstu röð. Vífilfell, Mjólkurdagsnefnd, Oliufélagið og heilbrigðisráðuneytið lögðu sitt af mörkum ásamt minni spámönnum. Landsmótsnefndin hélt fundi í tugatali og fjöldi sjálfboðaliða lagði hönd á plóginn eins og alltaf hefur verið á landsmóttum. Ragnar Lár teiknaði merki mótsins sem sýndi stefni víkingaskips fyrir framan Kistufellið í Esjunni.

Á þingi UMFÍ haustið 1989 var mikið rætt um landsmótið og reglugerð þess breytt á margan hátt. Í fyrsta lagi var mótið lengt um einn dag og skyldi nú hefjast á fimmtudegi. Í öðru lagi var tekið upp þátttökugjald og í þriðja lagi var tekinn upp nýr og gjörbreyttur stigaútreikningur. Hann var í stuttu máli á þá leið að áfram var notaður hinn hefðbundni útreikningur í keppnisgrein, 6 niður í 1, til að finna út hvaða samband hlaut flest stig í hverri mótsgrein, það er að segja sundi eða frjálsíþróttum eða fótbolta og svo framvegis. Þegar búið var að raða samböndunum í sín sæti með þessum hætti tók gildi nýr útreikningur um svokölluð landsmótsstig. Þau fóru eftir því hversu margir sambandsaðilar tóku þátt í greininni. Dæmi var tekið af 12 aðilum sem hlutu stig í einhverri grein. Þá hlaut sigurvegarinn 23 stig, númer tvö hlaut 21 stig og síðan tveggja stiga bil á hvern aðila niður í 1 stig. Þessi útreikningur gildi um allar greinar nema frjálsíþróttir og sund en þar var fjögurra stiga munur milli sambanda í stað tveggja stiga í öðrum greinum. Landsmótsstigin voru það sem endanlega gildi í heildarstigagjöfinni.<sup>317</sup>

Þessi nýja stigagjöf var vægast sagt umdeild. Skarphéðinsmenn, sem höfðu haft mikla yfirburði í frjálsíþróttum og sundi, töldu hana setta sér til

höfuðs en aðrir, ekki síst Kjalnesingar, töldu að nýja reiknireglan myndi hvetja til meiri breiddar. Nýjar mótsgreinar voru fimleikar og knattspyrna fyrir kvenþjóðina og bridds sem var ekki kynjaskipt. Nýjar sýningargreinar voru hestaiþróttir og tennis og sem fyrr voru siglingar, karate, golf og íþróttir fatlaðra á sýningarskránni.

## Landsmótið fýkur

Keppnisgreinar landsmótsins voru nú orðnar 73 eða jafnmargar og þátttakendur á mótinu í Haukadalsdal 1940. Skráðir keppendur voru 1998 en þá voru líka taldir með keppendur sýningargreina sem voru á sjötta hundrað talsins. Keppendur í hinum 13 mótsgreinum voru 1466, þar af 874 karlar og 592 konur. Þeim hafði fjölgað um 336 frá Húsavíkurmótinu og munaði mest um 160 knattspyrnu- og 57 fimleikakonur sem bættust við, fyrir utan 94 karla og þrjár konur sem tókust á í geimum og grandu briddsins. Talið er að mótsgestir hafi nálgast töluna 5000 sem var langt undir þeim væntingum sem mótshaldarar höfðu.<sup>318</sup> Þetta þýddi að halli varð af mótinu. Aðgangseyrir hrökk skammt fyrir öllum kostnaðinum en skellurinn varð minni vegna þess að margir lánardrottinnar lækkuðu skuldakröfur sínar eða felldu þær jafnvel niður. Óhætt er að segja að slíkur velvilji endurspegli hug margra til ungmennafélags-hreyfingarinnar. Styrkur sem nam einni milljón króna frá UMFÍ létti einnig róðurinn.<sup>319</sup>

Nú var þjófstart landsmótsins komið yfir á miðvikudag því nokkrir leikir í knattspyrnu kvenna og körfuknattleik fóru fram um kvöldið. Veðurspá var ekki sérlega hagstæð en formaður

landsmótsnefndar blés á slíkar spár og sagði galvaskur að alltaf væri gott veður á landsmóti.<sup>320</sup> Kristján virtist hafa lög að mæla og þegar leið á fimmtudaginn var kominn 16 stiga hiti og sólskin. Veðrið lék við keppendur og gesti sem fór fjölgandi eftir því sem leið á daginn. Þetta vakti athygli og *Landsmótsfréttir* spurðu í fyrrisögn: „Er Kristján göldróttur?“<sup>321</sup> Svarið var nei. Á föstudaginn fór að hvesa og á setningarathöfninni um kvöldið var kominn talsverður strekkingur. Þó ekki meiri en svo að hægt var að standa og klæða hann af sér. Þegar leið á laugardaginn skall hins vegar á ofsaveður. Allt lauslegt fór af stað og fjöldamörg tjöld rifnuðu upp með húð og hælum. Keppendur og gestir reyndu hver sem betur gat að bjarga sínu hafurtaski og björgunarsveitarmenn voru kallaðir út. Flestir flýðu inn í skólastofur sem landsmótsnefndin hafði verið svo forsjál að hafa lausar í bakhöndinni. Líklega gistu um þúsund manns í hinum 44 skólastofum Mosfellsbæjar aðfaranótt sunnudagsins.

Þetta setti strik í reikning mótshaldara því aðsókn á laugardaginn hrapaði niður í ekki neitt. Gestirnir frá Reykjavík, sem vonir stóðu til að brygðu sér í bíltúr til Mosfellsbæjar og litu á landsmótið, komu ekki. Þeir einu sem ekki létu sér bregða voru keppendur og starfsmenn sem bitu á jaxlinn og héldu áfram keppni þótt Kári léti öllum illum látum. Eina greinin sem þurfti að fresta voru siglingar en það var vegna forfalla keppnisstjórans en ekki veðurs sem var reyndar með því betra sem gerist fyrir þessa grein. Á Veðurstofunni fengust þær upplýsingar að í verstu hviðunum í Reykjavík hefði vindi slegið upp í 11 vindstig sem telst ofsarok og nálgast fárviðri.<sup>322</sup>

Samheldni þeirra sem þarna voru við keppni og störf stóðst þetta álag en veðurspámaðurinn Kristján Sveinbjörnsson hefur ekki borið sitt barr eftir þetta.

## Frjálsíþróttir í moldroki og sól

Allt frá miðvikudegi fram á föstudag tándust keppendur og gestir til Mosfellsbæjar og komu sér fyrir í tjöldum. Þeirra fyrsta verk var að kaupa sér leikskrá og kanna hvar þeir ættu að koma sér fyrir. Sameiginlegt fjölskyldu- og



Frá tjaldbúðunum. Flöggin eru sem innrömmuð í rokinu en tjöldin standa enn.





*Nokkrir af þátttakendum Haukadalsmótsins 1940 sem komu á landsmótið. Frá vinstri eru Jón Eiríksson og við hlið hans Hinrik Þórðarson og Stefán Jasonarson. Annar frá hægri er Davíð Guðmundsson glímukappi.*

keppendatjaldsvæði var vestan við meginbyggð bæjarins en unglíngunum var stuggað suður fyrir Álafossverksmiðjuna til öryggis. Þangað gátu þeir sótt dansleiki á hverju kvöldi. Keppnisgreinum var komið fyrir nálægt leikvanginum í eins kílómetra radius svo flestum var vorkunnarlaust að röltu á milli.<sup>323</sup> Eins og fyrr var getið var veðrið fjarri því hagstætt flesta mótsdagana en þó ekki sérlega kalt. Sólskin var flesta dagana en moldrokið byrgði þó sýn á laugardaginn.

Sérstök hátíðardagskrá var á fimmtudagsmorguninn að viðstaddri Vigdísí Finnbogadóttur, forseta Íslands, sem var verndari mótsins. Þá var afhjúpaður minnisvarði um landsmótið. Forsetinn ávarpaði samkomuna og gróðursetti að því búnu nokkrar birkiplöntur við Varmárvöll. Setningarathöfnin var að vanda á föstudagskvöldið en þá voru farnar að ýfast stélfjaðrirnar á Gogga galvaska sem gekk um garða allt landsmótið út í gegn og var orðinn nokkuð vindblásinn í lokin. Nú var hinn góðkenni íþróttakennari Anton Bjarnason stjórnandi skróðgöngunnar sem voru líklega um þúsund manns. Sérstakir heiðursmenn göngunnar voru 37 keppendur frá landsmótinu í Haukadal sem hafði verið boðið sérstaklega. Allir fengu þeir áritað heiðursskjal til minja. Þeir Jón M. Guðmundsson á Reykjum og Stefán Jasonarson í Vorsabæ höfðu haft forgöngu um að smala hópnun saman.

Þegar hinir fríðu flokkar höfðu stillt sér upp á leikvanginum, fánunum prýddir, hófust ávörp. Guðmundur Bjarnason heilbrigðisráðherra og Svavar Gestsson menntamálaráðherra ávörpuðu mótið

og síðan flutti hlaupastelpan Friða Rún Þórðardóttir ávarp íþróttamanna. Þá var komið að Pálma Gíslasyni formanni UMFÍ. Hann gladdist yfir því í setningarræðu sinni að hin gömlu baráttumál ungmennafélaga, skógrækt og umhverfisvernd, voru nú orðin áhugamál almennings og hvatti fólk til að njóta leiksins og gleðinnar. Hafsteinn Þorvaldsson var heiðursgestur landsmótsins. Hann flutti skörulega hvatningarræðu og minnti á að í kjörorði UMFÍ, Íslandi allt, væri fólgin þjóðhollusta en ekki þjóðremba.<sup>324</sup>

Næst sýndi fimleikaflokkur frá UMSK og í kjölfar þeirra komu hinir sígildu dönsku fimleikamenn sem voru orðnir jafn sjálf-sagðir á landsmótum og klukkutíma seinkun á setningarathöfninni. Nýlundan að þessu sinni var sýningarleikur í amerískum ruðningsbolta og svo voru hin hefðbundnu 800 metra hlaup. Þá hófu söngvarar upp raust sína sem lauk með því að óskabarn Mosfellinga, Diddú, söng þjóðsönginn. Þegar þessu var lokið skelltu margir sér á ball á Álafossi. Þar var góð aðsókn á kvöldin alla mótsdagana og bjargaði hún því sem bjargað varð fyrir fjárhag mótsins.

Frjálsíþróttamenn voru kampakátir þegar þeir hófu hlaup og stökk á nýja gerviefninu í Mosfellsbæ. Slíkur lúxus var sjaldgæfur um þær mundir. Nú voru nýjar stjórnur farnar að skína á himni frjálsíþróttanna. Skarphéðinsmenn voru sterkir sem fyrr og fremstan í flokki höfðu þeir Jón Arnar Magnússon, litla drenginn hennar Þuríðar Jónsdóttur, sem nú var orðinn stór og stæltur. Hann varð þó ekki eins sigursæll á mótinu og honum hafði verið spáð og olli því meinleg



*Jón Arnar Magnússon var fremur óheppinn á landsmótinu en hampaði þó þremur gullum fyrir þrístökk og boðhlaup.*



Frá 5000 metra hlaupinu. Fremstur fer Gunnlaugur Skúlason sem sigraði. Næstur er Sigurður P. Sigmundsson sem varð annar. Þá kemur Már Hermannsson og Rögnvaldur Ingþórsson sem varð þriðji.

óheppni. Hann missti af úrslitum 200 metra hlaupsins vegna skyndilegrar magakveisu, en þar bitust um sigurinn gamla kempnan Aðalsteinn Bernharðsson UMSE og nýstirnið Hörður Gunnarsson frá Grundarfirði. Hörður hafði naumlega betur á góðum tíma. Jón Arnar jafnaði sig af kveisunni og náði besta tíma í undanúrslitum 100 metra hlaupsins. Í úrslitum varð hann fyrir því að önnur startblokkinn gaf sig og hann hrasaði meðan aðrir keppendur þutu af stað. Hann dró þá uppi einn af öðrum en átti eftir hinn bráðfljóta Hörð Gunnarsson þegar hlaupinu lauk. Þrístökk var þriðja greinin sem Jón Arnar keppti í og þar tókst honum loks að sigra með góðum yfirburðum á undan hástökkvaranum Unnari Vilhjálmssyni.

Unnar, sem nú keppti fyrir Þingeyinga og var þjálfari þeirra, varð að játa sig sigraðan í hástökkinu fyrir sérlega háfættum og grönnum pilti úr Reykjavík sem keppti fyrir HSK. Þessi drengur var reyndar nýlega búinn að færa Íslandsmetið upp í 2,15 m þegar hér var komið sögu. Þetta var Gunnlaugur Grettisson sem vippaði sér yfir tvo metra meðan Unnar varð að láta sér nægja 1,94 metra sem dugði honum þó í annað sætið. Aðalsteinn Bernharðsson, sem var orðinn 36 ára, náði öðru sæti í 400 metra hlaupinu á prýðilegum tíma, 50,38 sekúndum, en var drjúgum spöl á eftir stæltum strák úr HSK, Friðriki Larsen, sem sigraði. Landsmótsmet Aðalsteins var þó ekki í

neinni hættu. Friðrik var af annarri kynslóð landsmótsgarpa eins og fleiri keppendur á mótinu, sonur Sævars Larsens spretthlaupara úr HSK. Hann var einnig öruggur sigurvegari í 800 metrunum en Húnvetningurinn Daniel Smári Guðmundsson hafði forystu í 1500 metrunum allt til loka. Skagfirðingurinn Gunnlaugur Skúlason varð fyrstur í 5000 metrunum á góðum tíma, 15 mínútum og einni sekúndu.

Í grindahlaupinu var fljúgandi meðvindur og þeir Gísli Sigurðsson UMSS og Hjörtur Gíslason UMSE háðu sentimetrastríð um sigurinn. Gísli sigraði á 14,61

sekúndu en Hjörtur hljóp á 14,63 sekúndum svo munurinn var sem næst enginn. Þriðji varð Ólafur Guðmundsson HSK. Ólafur háði harða baráttu við eldri bróður sinn, Jón Birgi, um sigurinn í langstökki. Jón hafði betur að lokum, stökk 7,08



Boðhlaupssveit HSK sem sigraði í 4×100 metra boðhlaupi. Fremstur er Engilbert Olgeirsson og síðan koma bræðurnir Jón Birgir og Ólafur Guðmundssynir og Jón Arnar Magnússon frændi þeirra.



*Pétur Guðmundsson var orðinn kúluvarpari á heimsmælikvarða og náði frábærum árangri á landsmótinu.*

metra, en Ólafur fór 6,91 metra. Þeir eru úr hinni miklu íþróttafjölskyldu á Selfossi, synir Guðmundar Kr. Jónssonar. Ekki féllu eplin langt frá eikunum hjá þeim frændum, Ólafi, Jóni Birgi og Jóni Arnari. Eins og nærri má geta sigraði HSK tvöfalt í boðhlaupunum með þessa hlaupagarpa innanborðs og þeir settu stórgott landsmótsmet í 1000 metrunum.

Stangarstökkið var sem loftfimleikar í rokinu og það var hreinasta afrek hjá Kristjáni Gissurar-syni að setja landsmótsmet, 4,80 m, við þessar aðstæður. Hann var kominn vel á fertugsaldur og

kepti nú á fyrsta landsmóti sínu fyrir UMSE. Gísli Sigurðsson Skagfirðingur barðist hart við Kristján og stökk hærra en þegar hann setti gamla metið á Akureyri 1981 „þegar ég var ungur og hress,“ eins og hann sagði sjálfur. Nú væri hann bara hress.<sup>325</sup> Eyfirðingurinn Sigurður Matthíasson var yfirburðamaður í spjótkastinu í fjarveru Einars Vilhjálmssonar. Einar lét sér nægja að taka þátt í boðsmóti Visa í spjótkaсти ásamt erlendum köppum. Hann var tæpur af meiðslum og lét eina keppni duga. Eggert Bogason UMSK kom á óvart þegar hann sigraði Íslandsmethafann, Vésteinn Hafsteinsson HSK, í kringlukastinu. Landsmótsmetið fauk veg allrar veraldar þegar Eggert þeytti kringlunni

60,80 metra. Við þessu átti Vésteinn ekki svar en kastaði sjálfur 58,26.

Í kúluvarpinu vissu hinsvegar allir fyrirfram hver myndi sigra. Afarmennið Pétur Guðmundsson, sem nú var aftur kominn í heimahaga HSK, var orðinn kúluvarpari á heimsmælikvarða og til alls líklegur. Kúluvarpið var hápunktur frjálfsíþróttakeppninnar og talið var víst að landsmótsmet Hreins Halldórssonar, 17,71 metrar, myndi fjúka í rokinu. Það kom líka á daginn því strax í öðru kasti varpaði Pétur kúlunni himinhátt og langt. Hún flaug fram yfir 20 metra markið og



*Guðrún Arnardóttir sigrar í 100 metra hlaupi. Önnur í hlaupinu varð Sunna Gestsdóttir (729). Þriðja Snjólaug Vilhelmsdóttir (967) og fjórða Þóra Einarsdóttir sem er í hvarfi við Guðrúnu. Fimmta varð Ágústa Pálsdóttir (11) og sjötta Guðlaug Halldórsdóttir í hvarfi við Þóru. Sjöunda varð Puríður Árnadóttir (985).*



kastið mældist 20,66 metrar. Þetta reyndist sigurkastið og var næstlengsta kast Íslendinga frá upphafi. Aðeins Íslandsmet Hreins, 21,09 metrar, var lengra. „Hreinn fýkur í haust,“ sagði Pétur kampakátur og það reyndust orð að sönnu því þá setti hann Íslandsmet, 21,26 m.<sup>326</sup> Tröllkarlinn Andrés, litli bróðir Péturs, fylgdi honum vel eftir með persónulegu meti upp á 17,64 metra og þriðji maður varð Vésteinn Hafsteinsson með 16,64 m. Prefaldur sigur sterku strákanna hjá HSK og aðrir keppendur voru sem í aukahlutverkum.

Í kvennakeppni frjálsíþróttanna voru nýjar stúlkur að hasla sér völl. Rauðhærði stormsveipurinn Guðrún Arnardóttir UMSK og Sunna Gestsdóttir af Blönduósi höfðu vakið athygli fyrir spretthörku og svo voru þarna gamlar kempur eins og Þórdís Gísladóttir, frænkurnar Ingibjörg Ívarsdóttir og Unnur Stefánsdóttir og ýmsar fleiri. Einvígi þeirra Sunnu og Guðrúnar hófst strax í 100 metrunum. Tími þeirra í undanúrslitum var hnífjafn og úrslitahlaupið æsispennandi. Sunna, sem er dóttir hins knáa kastara Gests Guðmundssonar úr Svarfaðardal, varð þó að láta sér nægja annað sætið á eftir Guðrúnu. Sagan endurtók sig í 200 metrunum. Hin fótfráa Guðrún sigraði einnig í 100 metra grindahlaupinu og varð þar með stígahest kvenna í frjálsíþróttum.

Hin keppnisharða Þórdís Gísladóttir HSK, sem var nýlega búin að eignast dóttur, varð önnur í grindahlaupinu og bætti um betur með því að sigra bæði í langstökki og hástökki. Hástökkið vann hún með yfirburðum en Birgitta Guðjónsdóttir, sem nú var komin í raðir Eyfirðinga, stökk litlu skemur í langstökkinu. Birgitta var öflugur spjótkastari en gerði öll sín köst ógild í meðvindi sem hentaði henni illa. Íris Grönfeldt hafði mikla yfirburði í spjótkastinu og kastaði yfir 50 metra. Íris gerði sér einnig lítið fyrir og sigraði í kúlurvarpi á undan Guðbjörgu Viðarsdóttur HSK og hinni gamalreyndu Guðrúnu Ingólfsdóttur sem nú var aftur kominn í raðir Austur-Skaftfellinga eftir tólf ára veru undir merki KR. Guðrún hafði yfirburði í sérgrein sinni, kringlukastinu og setti nýtt landsmótsmet, 45,14 metra.

Unnur Stefánsdóttir HSK var orðin 39 ára gömul og ennþá hin sprækasta. Hún var farin að keppa á landsmótum áður en flestar stúlkurnar fæddust sem hún var að keppa við í millivegalengdunum. Unnur varð fjórða í 800 metrunum og taldi sig eiga möguleika í 400 metra hlaupinu. Þar tók hún forystuna með dyggum stuðningi frá



*Unnur Stefánsdóttir sprettir úr spori og sigrar í 400 metra hlaupinu.*

klappliði HSK sem hafði nóg að gera á mótinu. Unnur sigraði nokkuð örugglega og var í sigursveit HSK í 1000 metra boðhlaupinu sem setti landsmótsmet. „Vona að árangurinn verði konum hvatning,“ sagði Unnur í blaðaviðtali á mótinu.<sup>327</sup> Hún var frábær fyrirmynd fyrir ungu stúlkurnar og áminning um að aldur er engin hindrun ef áhuginn er fyrir hendi.

Fríða Rún Þórðardóttir sem var að keppa á heimavelli sigraði í 800 metrunum, rétt á undan Ingibjörgu Ívarsdóttur HSK sem sigraði í greininni 15 árum fyrr á landsmótinu á Akranesi. Fríða Rún ætlaði sér einnig sigur í 1500 metrunum en þar kom tággrönn stúlka úr Borgarfirði, Margrét Brynjólfsdóttir, fyrst að marki. Fríða Rún varð önnur, hálfri sekúndu á eftir. Margrét sigraði einnig léttilega í 3000 metra hlaupi sem var ný grein hjá konum og setti landsmótsmet í báðum greinum.



*Unnur Stefánsdóttir var að ljúka löngum og glæsilegum landsmótsferli í Mosfellsbæ.*

HSK vann yfirburðasigur í frjálsíþróttakeppninni, hlaut 203 stig eftir gamla kerfinu – fjórfalt meira en helsti keppinauturinn UMSK sem var í þriðja sæti með 51 stig. UMSE var í öðru sæti með 97




stig. Þegar búið var að umbreyta þessu í landsmótsstig var HSK með 94 slík, UMSE með 90 og UMSK með 86. Sitt sýndist hverjum um þessa útkomu en augljóst var að nýja stigagjöfin myndi breyta miklu.

## Átök innanhúss

Meðan rok og rumba voru allsráðandi utandyra héldu menn sínu striki innanhúss og nutu þess að vera óháðir veðri og vindum. Það virtist þó sem hinn friðsami leikur briddsmanna ætlaði að leysast upp í illindi og kærur strax á fyrsta landsmótinu. Reglur um þátttökurétt voru þröngar og mörgum virtist furðu margir góðir briddsmenn hafa skipt um félag rétt fyrir landsmótið. Þannig voru til dæmis Eyjafjarðarmeistarar í bridds 1990 sem kepptu þá fyrir Ungmennafélag Möðruvallasóknar orðnir liðsmenn hins nýja Ungmennafélags Akureyrar á landsmótinu.<sup>328</sup> Klögumálin gengu á víxl og svo fór að stigatala sumra keppnisliða var lækkuð vegna kærumála. Keppnin var hins vegar afar spennandi og í lokin tókst HSK að tryggja sér sigurinn rétt á undan Ungmennafélaginu Víkverja í Reykjavík. Sautján sveitir spiluðu sem taldist vera ágætis byrjun.

Við skákborðin mættu fjórtán sveitir sem var heldur minna en menn höfðu vænst. Strax í upphafi var ljóst að keppnin myndi standa milli UMSK og Ungmennafélags Akureyrar sem höfðu nokkra yfirburði. Þegar sveitirnar mættust kom styrkleiki Akureyringa í ljós því þeir hlutu þrjá vinninga gegn einum. Liðsmenn UFA töpuðu engri skák en þeir komu reyndar flestir frá Skákfélagi Akureyrar. Þarna voru engin kærumál viðhöfð og utan skákborðanna gekk allt friðsamlega. Fyrir utan tvær efstu sveitirnar var keppnin jöfn og spennandi og munaði til dæmis hálfum vinningi á fimm næstu sveitum.<sup>329</sup>

Borðtenniskeppnin fór fram í íþróttahúsinu á Varmá og var hin frísklegasta. Kunnugir sögðu þetta vera borðtennismót landsbyggðarinnar sem lengst af er í skugga höfuðborgarinnar en fékk nú að njóta sín. Liðsmenn Ungmennafélags Stjörnnunnar í Garðabæ sem kepptu undir merki UMSK voru áberandi og helst voru það Borgfirðingar og Þingeyingar sem veittu þeim keppni. Í karlaflokki sigruðu Stjörnustrákarnir Bjarni Bjarnason og Benedikt Halldórsson tvöfalt. Í kvennaflokki sigraði Sigrún Bjarnadóttir, þrautreynd landsliðshetja úr Borgarfirði, nokkuð óvænt því flestir



*Spáð í spilin í briddskeppninni.*

þjuggust við sigri Lilju Benónýsdóttur UMSK sem varð að láta sér nægja annað sætið.<sup>330</sup>

Fimleikar kvenna fóru nú fram í fyrsta sinn á landsmóti og tókust afar vel. Keppt var í svokölluðum Tromp-fimleikum sem voru nýjung hér á landi en orðnir mjög vinsælir á Norðurlöndum. Þá keppa 6-12 keppendur saman í gólfæfingum og þeir sterkustu úr hópnunum taka þátt í dýnstökkum og trampólínæfingu. Sex hópar kepptu og allir höfðu útbúið eigin leikþátt með tilheyrandi tónlist. Þeir yngstu lifðu sig svo inn í hlutverkið að þeir sungu með tónlistinni sem leikin var undir. Þarna sigruðu Kjalnesingar en næstir komu Keflvíkingar og svo Akureyringar.

Júdómenn tókust hressilega á og sem fyrr voru Suðurnesjamenn sigursælir. Í léttasta flokknum flugust þeir á lengi Gunnar Jóhannesson og Hilmar Kjartansson úr Grindavík í úrslitaviðeign. Gunnar hafði að lokum sigur með sjö stiga bragði. Í hinum flokkunum sigruðu gamlir kunningjar og lögðu alla andstæðinga sína á „ippon“ en svo kallast fullnaðarsigur í júdó. Ómar Sigurðsson Ungmennafélagi Keflavíkur yfirvann þrjá and-



*Hér eigast við elsti og yngsti keppandinn í glímunni. Jóhann R. Sveinbjörnsson HSK og Arngrímur Geirsson HSP. Arngrímur hafði betur þó hann væri 38 árum eldri.*

stæðinga sína í millþyngdinni og í þungavigtinni lagði Sigurður Hauksson Ungmennafélagi Grindavíkur alla sína viðfangsmenn.

Glímukeppnin fór fram á sunnudeginum í íþróttahúsinu að viðstöddum fjölda áhorfenda. Það var uppsveifla í glímunni þessi árin og 18 frískir glímukappar mættir til leiks. Þarna voru bæði kornungir keppnismenn og gamalreyndir jaxlar í bland. Eins og fyrri daginn voru það fyrst og fremst Skarphéðinsmenn og Þingeyingar sem tókust glímütökum. Í léttasta flokknum sigraði Arngeir Friðriksson HSP léttilega og lagði alla sína andstæðinga. Næstur kom Helgi Kjartansson frá Haga í Grímsnesi og þriðji varð Yngvi Ragnar Kristjánsson frá Skútustöðum. Allir glímdu þeir listavel enda fimir menn að eðlisfari. Fjórði varð Arngrímur Geirsson HSP sem nú tók fram glímubeltið 35 árum eftir að hann sýndi glímu með þingeyaska flokknum á Akureyri 1955. Arngrímur var orðinn 53 ára en sýndi að hann hafði engu gleymt og lagði meðal annars yngsta keppandann Jóhann R. Sveinbjörnsson HSK. Jóhann var aðeins 15 ára gamall svo aldursmunur þeirra tveggja

var 38 ár. Þetta sýndi best að glíman er íþrótt allra aldurs hópa. Í henni er ekkert kynslóðabil.

Í millþyngdinni var keppnin hörðust og mátti ekki sjá á milli þriggja efstu manna. Þar var aftur einvígi milli kynslóðanna þegar hinn kornungi Tryggvi Héðinsson HSP, 16 ára gamall, atti kappi við gömlu jaxlana Halldór Konráðsson úr Víkverja og Kristján Yngvason, féлага sinn. Þeir lögðu hver annan í fyrstu umferð og urðu allir jafnir. Í úrslitum tókst Tryggva að leggja báða og tryggja sér sigurinn. Hann var geysilega efnilegur glímumaður en lést því miður nokkrum árum seinna, langt fyrir aldur fram.

Í þyngsta flokknum var Jóhannes Sveinbjörnsson í Heiðarbæ í Þingvallasveit hinn öruggi sigurvegari. Jóhannes var nú orðinn öflugasti glímumaður landsins enda varð hann glímukóngur áður en langt um leið. Hinn kattliðugi Eyþór Pétursson úr Mývatnssveitinni varð annar og þriðji Gunnar Gunnarsson úr Grímsnesi. Þingeyingar sigruðu í stigakeppni glímunnar en augljóst var að sunnamenn myndu veita þeim verðuga keppni í framtíðinni.<sup>331</sup>

Í körfuboltanum voru það nágrannarnir og erki fjendurnir úr Keflavík og Njarðvík sem kepptu til úrslita, og kom fæstum á óvart. Leikurinn var æsispennandi og tvísýnn allt til loka en Njarðvíking-



*Arngeir Friðriksson leggur lausamjöðm á Trausta Sigurjónsson.*

ar voru skarpari á endasprettinum og sigruðu, 97-91. Sigurganga þeirra á landsmótum var nú orðin glæsileg því þetta var sjötti sigur þeirra í röð allt frá Akranesmóttinu 1975.

Í blakinu var mikið um að vera að vanda. Sjö lið komu til leiks og var þeim skipt í tvo riðla. Sigurvegarar riðlanna voru HSK og UÍA og mættust liðin í úrslitaleik síðla sunnudags fyrir troðfullu húsi áhorfenda. Þetta var ein síðasta grein mótsins og klapplið beggja sambandanna voru mætt með mikið lið og frítt. Fyrirliði Austfirðinga var baráttujaxlinn Ólafur Sigurðsson, síðar bæjarstjóri á Seyðisfirði, og þeirra besti maður var Marteinn Guðgeirsson. Fyrir liði Skarphéðins fór hinn nettbyggði stangarstökkvari Torfi Rúnar Kristjánsson með hinn tröllaukna kúluvarpara Andrés Guðmundsson sér við hlið.

HSK vann fyrstu hrinuna eftir mikla baráttu. Austfirðingar bitu í skjaldarrendur og unnu næstu hrinu með yfirburðum, sem kom Skarphéðinsmönnum í opna skjöldu. Nú létu klappliðin til sín taka og þakið ætlaði að rifna af húsinu. Skarphéðinsmenn hófu sókn og tröllslegir skellir Andrésar buldu í gólfi Austfirðinga. Dynjandi trumbusláttur HSK-klappliðsins virtist fara í taugar Austfirðinga sem gerðu fleiri mistök en góðu hófi gegndi. Skarphéðinsmenn sýndu nú styrk sinn á úrslitastundu eins og áður hafði gerst á landsmótum. Þeir unnu þriðju hrinuna og síðan þá fjórðu við gifurleg fagnaðarlæti klappliðsins sem átti sinn drjúga þátt í sigrinum.<sup>332</sup>

## Bolti, sund og sigur að lokum

Nú var konum hleypt inn á knattspyrnuvelli landsmótanna í fyrsta sinn. Það var greinilega kærkomið því þáttökuliðin í forkeppninni voru fleiri en í öllu Íslandsmóttinu 1989. Keppnin fór fram á Tungubökkum í skjóli fyrir veðri, vindum og moldroki. Þau átta lið sem komust í loka-keppnina kepptu í tveimur riðlum og þar sigruðu UMSK og UMSE. Það er skemmst frá því að segja að yfirburðir Kjalnesinga voru þvílíkir að Eyfirðingum tókst aldrei að svara fyrir mörkin 14 sem þeir fengu á sig í úrslitaleiknum. Stór hluti af liði Kjalnesinga voru landsliðsstúlkur Breiðabliks svo sigur þeirra kom ekki á óvart. Spútniklið keppinnar voru stúlkur USÚ frá Hornafirði, sem var eina liðið sem tókst að skora hjá Kjalnesingum.

Í karlakeppninni sáu mörg óvænt úrslit dagsins



Frá blakkeppninni. Andrés Guðmundsson slær boltann.

ljós og hin sigurstrangleustu lið urðu aftarlega á merinni. Það voru Suðurnesjaliðin frá Ungmennafélögum Grindavíkur og Keflavíkur sem léku til úrslita. Keflvíkingar sóttu látlaust að marki Grindvíkinga en allar sóknarlotur strönduðu lengi vel á markverðinum Skúla Jónssyni. Undir lokin tókst Keflvíkingum að læða inn tveimur mörkum og tryggja sér sigurinn.<sup>333</sup>

Í handknattleiknum spáðu flestir liði UMSK sigri enda samanstóð lið þeirra af úrvali frá Gróttu á Seltjarnarnesi, Stjörnunni í Garðabæ og Aftureldingu í Mosfellssveit. Það gekk eftir. Skarphéðinsstúlkur frá Selfossi kepptu við þær til úrslita og UMSK sigraði 18-14.

Í sundinu bar sem fyrr mest á systkinunum frá Þorlákshöfn, Magnúsi Má og Bryndísi Ólafsbörnum. Nú var Huguín systir þeirra ekki með en litli bróðir þeirra, Arnar, var orðinn liðtækur sundmaður. Þeir Magnús Már og Arnar skiptu bróðurlega á milli sín sigrunum í þeim þremur sundgreinum sem hvor mátti keppa í fyrir utan boðsundin. Magnús tók að sér 50 og 100 metra skriðsund og flugsund og Arnar sigraði í fjórundi, baksundi og 800 metra skriðsundi. Þá voru aðeins eftir bringusundin tvö fyrir aðra keppendur og í þeim sigraði Kristján Sigurðsson UMSK. Auðvitað sigraði HSK í boðsundunum og þar komu þrautreyndir keppnismenn eins og Steinþór Guðjónsson og Þröstur Ingvarsson til liðs við bræðurna. Svanur, tvíburabróðir Þrastar, hafði ári áður fallið ofan af húspaki við vinnu sína og var





*Arnar Freyr Ólafsson sundkappi.*

nú lamaður að mitti. Hann var þó ekki hættur íþróttaiðkun og hefur á seinni árum stjórnað sundkeppni á stórmótum UMFÍ af alkunnum skörungsskap.

Bryndís Ólafsdóttir gerði sér lítið fyrir og sigraði í þremur sundgreinum. Það voru 100 og 400 metra skriðsund og flugsund. Hún var eins og Magnús bróðir hennar orðin þrautreynd keppniskona, búin að keppa á Ólympíuleikum og Smáþjóðaleikum með góðum árangri. Þau voru sam-mála um að landsmótin væru skemmtilegustu mót sem hægt væri að finna hér-landis enda höfðu þau góðan sam-anburð. Sigurlín Garðarsdóttir HSK sigraði í fjórsundi og Auður Ásgeirsdóttir Ungmennafélaginu Óðni Vestmannaeyjum í báðum bringusundunum. Hrafnhildur Hákonardóttir UMSK sigraði í bak-sundi og Anna S. Gísladóttir Bolungarvík í 50 metra skriðsundi. Þrátt fyrir minni breidd í liðinu en áður tókst Skarphéðinsstúlkum að sigra í báðum boðsundunum og munaði þar mestu um yfirburði Bryndísar Ólafsdóttur. Nú lauk hins vegar 22 ára sigurgöngu HSK í sundinu því Kjalnesingar hlutu 114 stig á móti 103 stigum Skarphéð-ins. Landsmótsstigin urðu þó ekki

nema 58 og 54 og þótti mörgum það snautlega lítið eftir alla fyrirhöfnina.

Starfsíþróttirnar héldu velli enda fannst mörg-um mótsgestum þessar sérkennilegu íþróttagreinar ómissandi og fylgdust með þeim af miklum áhuga. Nú var aftur tekinn upp pönnukökubakstur sem hafði verið á dagskrá mótanna á Sauð-árkróki 1971 og Akranesi 1975 en síðan ekki sög-una meir. Það var Ólafía Ingólfssdóttir húsfreyja í Vorsabæ, mágkona Unnar Stefánsdóttur, sem bakaði ljúffengustu pönnukökurnar þann daginn fyrir utan að sveifla þeim bæði fljótt og vel á pönnunni. Dómnendarmenn sem höfðu verið í sveltí framan af degi gátu borðað sig vel sadda þegar leið á keppnina og áhorfendur hvöttu kepp-endar óspart með hrópum og köllum.

Í hestadómum sigraði Valdimar Kristinsson UMSK. Veður var napurt meðan keppnin fór fram svo menn stóðu dúðaðir við að klappa gæð-ingunum. Sandbylur og moldrok angraði kepp-endar í línubeitingu seinnipart laugar dagsins. Sennilega hefðu fiskar fúlsað við sandborinni beitunni hefði hún verið lögð í sjó en til þess kom ekki. Það var Bæring Ólafsson, beitningameistari frá Bolungarvík, sem sigraði en keppnin var geysi-hörð. Ekki fór betur um keppendur í dráttarvél-arakstri. Keppnin fór fram á þeim fræga óveðurs-degi, laugardeginum. Starfsmönnum fannst hann tæplega til lukku eins og máltækið segir þar sem þeir stóðu með vitin full af mold yfir keppend-unum. Nú var Vignir Valtýsson ekki meðal kepp-enda og algjör óvissa um sigurvegarann. Hlut-



*Guðmundur Hallgrímsson sýnir hæfni sína í boltakasti í starfshlaupinu.*





*Ketill Tryggvason með langbráðan gullpening um hálsinn.*

skarpastur varð Jón Ingi Sveinsson frá Kálfskinni í Eyjafirði, sonur Sveins bónda, langhlaupara og trésmíðs á staðnum. Jón var frægur vélsleðagarpur og það mun hafa komið honum til góða í moldarkófinu.

Skarphéðinskonur sigruðu tvöfalt í að leggja á borð. Heiðurinn af bestu skreytingunni átti Aðalbjörg Hafsteinsdóttir HSK og fetaði þar í fótspor Ragnheiðar systur sinnar sem sigraði á Selfossi 1978. Í öðru sæti varð Helga Guðmundsdóttir, móðir tvíburanna Svans og Þrastar Ingvarsona og fleiri íþróttagarpa. Í starfshlaupinu voru gamlir frjálsíþróttakappar áberandi eins og oft áður. Fyrir þá voru lagðar ýmsar þrautir af mismiklum kvikindishætti eins og venja er. Mörgum var hin mesta raun að þurfa að þamba hálfan lítra af kóka kóla. Í samanburði við það var ekkert mál að stökkva langstökk, lyfta heybagga, ganga einstigi yfir vatnsgryfju, aka hjólbörum yfir vegasalt og saga planka, fyrir utan að hlaupa eins og veðhlaupahestur milli þrautanna. Guðmundur Hallgrímsson UÍA, sem nú tók þátt í 11. landsmóti sínu, sýndi frábæra takta og varð í fjórða sæti en sigurvegarinn varð Kristján Þorsteinsson UMSE.

Ketill Tryggvason frá Hallgilsstöðum í Fnjóskadal keppti nú á sjötta landsmótinu í röð í jurtagreiningu og var án efa reyndastur keppenda. Alltaf hafði hann náð öðru eða þriðja sæti en aldrei sigrað. Einu sinni tapað í bráðabana fyrir Guðmundi á Kópsvatni. Nú urðu hann og Sesselja Ingólfsdóttir frá Fornhaga í Hörgárdal efst og

jöfn og gripið var til bráðabana. Það felst í því að teknar eru fram nokkrar aukajurtir sem keppendur vita ekki fyrirfram hverjar eru. Og nú tókst Katli loksins að sigra. Líklega hefur þetta verið einn langbráðasti sigur landsmótanna og úthald Ketils sýndi enn og aftur að þeir fiska sem róa og þolinmæðin þrautir vinnur allar.

## **Einveldið rofið**

Þorsteinn Einarsson var ekki hættur að leggja ungmennafélögum lið og á laugardaginn í mesta rokinu stjórnaði hann sýningu á fornum íþróttum og leikjum sem hann hafði undirbúið. Þorsteinn fékk í lið með sér knáa glímumenn úr HSK, klædda þjóðbúningum, til að sýna axlatök, glímu og hryggspennu ásamt fornum smaleikjum. Þá var á vellinum bjálkahús sem var eftirlíking gamallar baðstofu. Jónas Tryggvason fimleikamaður og félagi hans sýndu þar bitaleiki að fornum síð. Þorsteinn stóð með mæki og stjórnaði röggssamlega. Sýningin tókst vel þrátt fyrir veðrið og var sýnd jafnóðum í sjónvarpi. Um leið og henni lauk tókst húsgrindin á loft í einni vindhviðunni og breyttist í spýtnarusl þegar hún lenti.

Á kvöldvöku í íþróttahúsinu á laugardaginn sýndu danskir og íslenskir fimleikahópar listir sínar og hagrýðingar brugðu á leik. Þá stóðu stjórnendur fyrir ýmsu sprelli sem viðkvæmum sálum þótti tæplega nógu þjóðlegt né ungmennafélagslegt. Þar á meðal var Pálma Gíslasyni afhent málverk af fáklæddri konu. Á völdum stöðum voru festar blöðrur og síðan voru ungmennafélagsfrömuðir kallaðir upp og látnir freista þess að sprengja blöðurnar með pílukasti. Hátiðardagskráin á sunnudeginum var hins vegar aflögð með öllu og þótti mörgum sjónarsviptir að henni.

Afhending verðlauna fór fram í íþróttahúsinu á Varmá. Nú voru það gestgjafarnir, Kjalnesingar, sem sigruðu loksins í heildarstigakeppninni með 335 stig. Þeir rufu þar með einveldi Skarphéðinsmanna sem höfðu sigrað á tólf landsmótum, og fögnuðu mjög. Næstir komu Skarphéðinsmenn með 284 stig og þriðju voru Eyfirðingar með 215 stig. Eins og vænta mátti höfðu formenn tveggja efstu sambandanna mismunandi skoðanir á stigagjöfningnum. Hafsteinn Pálsson formaður UMSK var mjög ánægður með árangur sinna manna. Hann taldi stigagjöfina sýna betur breiddina í öllum greinum, ekki bara sundi og frjálsum.



*Kjalnesingar fagna sigri. Hafsteinn Pálsson formaður þeirra hampar verðlaunastyttunni.*

Björn B. Jónsson formaður HSK sagði það vera dálítið merkilegt að tapa á landsmótinu samtímis því að vinna sinn stærsta sigur í frjálsíþróttum frá upphafi. Það hefðu allir verið sammála um að breyta hefði þurft stigagjöfinni til að hindra sigur Skarphéðins í mótinu. Hann kvaðst þess fullviss að stigagjöfinni yrði bráðlega breytt aftur. Ekki í fyrra horf heldur yrði fundinn millivegur.<sup>334</sup> Því er svo við að bæta að hefði fyrri stigaútreikningur verið áfram í gildi hefði HSK hlotið 444 stig en UMSK 360 stig.

Á mótinu var mesti fjöldi keppenda og sýningarfólks til þessa og góður undirbúningur skilaði sér í frábæru landsmóti. Þrátt fyrir vonsku veðurguðanna þessa helgi var Mosfellsbær athvarf ungra og frískra íþróttamanna sem einu sinni enn sönnuðu og sýndu það að meira þarf en nokkrar vindhviður til að feykja burt ungmennafélagsand-  
anum.

#### Heildarstig sambanda og félaga

		stig
1.	UMSK	335
2.	HSK	284
3.	UMSE	215
4.	UMSB	211
5.	HSP	204
6.	Umf. Keflavíkur	200
7.	UÍA	199
8.	USAH	178
9.	HSH	162
10.	USVH	156
11.	HSB	144
12.	UMSS	121
13.	UDN	116
14.	Umf. Akureyrar	107
15.	Umf. Njarðvíkur	97
16.	USÚ	84
17.	HVÍ	57
18.	Umf. Óðinn	56

19.-20.	Umf. Grindavíkur	51	Jón Bjarni Björnsson, sund	UMSB 14
19.-20.	USVS	51	Kristianna Jessen, sund	USVH 14
21.-22.	HSS	50	Unnar Vilhjálmsson, frjáls.	UÍA 14
21.-22.	Umf. Víkverji	50	Ólafur Guðmundsson, frjáls.	HSK 13
23.	UNÞ	47	Sunna Gestsdóttir, frjáls.	USAH 13
24.	Umf. Geisli	43	Daníel Smári Guðmundsson, frjáls.	USAH 12
25.	HHF	36	Erna Jónsdóttir, sund	HSB 12
26.	Umf. Fjölnir	35	Friðrik Larsen, frjáls.	HSK 12
27.	Umf. Djúpverji	30	Hörður Gunnarsson, frjáls.	HSH 12
28.	UÍÓ	29	Ingibjörg Ívarsdóttir, frjáls.	HSK 12
29.	Umf. Þróttur	7	Sigurlín Garðarsdóttir, sund	HSK 12
	<b>Stigahæstu keppendur</b>	<b>stig</b>	Aðalsteinn Bernharðsson, frjáls	UMSE 11
	Arnar Freyr Ólafsson, sund	HSK 18	Fríða Rún Þórðardóttir, frjáls.	UMSK 11
	Bryndís Ólafsdóttir, sund	HSK 18	Gísli Sigurðsson, frjáls.	UMSS 11
	Guðrún Arnardóttir, frjáls.	UMSK 18	Hjörtur Gíslason, frjáls.	UMSE 11
	Magnús Már Ólafsson, sund	HSK 18	Jón Valur Jónsson, sund	UMSB 11
	Auður Ásgeirsdóttir, sund	Umf.Ó 17	Jón Arnar Magnússon, frjáls.	HSK 11
	Íris Grönfeldt, frjáls.	UMSB 17	Lillý Viðarsdóttir, frjáls.	UÍA 11
	Kristján Sigurðsson, sund	UMSK 17	Anna S. Gísladóttir, sund	HSB 10
	Þórdís Gísladóttir, frjáls.	HSK 17	Auðunn Guðjónsson, frjáls.	HSK 10
	Margrét Brynjólfsdóttir, frjáls.	UMSB 16	Ágústa Pálsdóttir, frjáls.	HSÞ 10
	Geir Birgisson, sund	UMSK 15	Guðrún Ingólfssdóttir, frjáls.	USÚ 10
	Halldóra D. Sveinbjörnsdóttir, sund	HSB 14	Jón Birgir Guðmundsson frjáls.	HSK 10
	Hrafnhildur Hákonardóttir, sund	UMSK 14	Kristinn Már Þorkelsson, sund	UMSK 10



Séð yfir mótssvæðið á Laugarvatni við mótsetningu.

## 21. landsmót UMFÍ á Laugarvatni 14.-17. júlí 1994



### Aftur á Laugarvatn

Héraðssambandið Skarphéðinn hafði haldið fjögur velheppnuð landsmót frá endurvakningu þeirra 1940. Tvö þau síðustu á Laugarvatni 1965 og á Selfossi 1978. Nú þótti forystumönnum HSK kominn tími til að halda landsmót á nýjan leik og sóttu um það til UMFÍ vorið 1989. Stefnt var að því að mótið yrði haldið á Laugarvatni sumarið 1993. Stjórnarmenn UMFÍ tóku umsókninni fagnandi og samþykktu hana einróma. Þeir töldu að þetta gæti orðið til að hraða uppbyggingu á Laugarvatni í þágu Íþróttakennaraskólans og Íþróttamiðstöðvar Íslands.<sup>335</sup>

Landsmótsnefnd var skipuð sumarið 1990. Formaður hennar var Guðmundur Kr. Jónsson, þrautreyndur keppandi á fjölda landsmóta og framkvæmdastjóri mótsins á Selfossi 1978. Með honum störfuðu Eyrún Jónasdóttir, Þórir Haraldsson, Erla Guðjónsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir, Þórður G. Arnason og Þráinn Hafsteinsson. Nefndin hóf þegar störf því verkefnið kölluðu.<sup>336</sup>

Helsta forsendan fyrir landsmótshaldi á Laugarvatni var sú að ríkisvaldið fengist til að standa fyrir gerð nýrrar sundlaugar og nýs frjálsíþróttavallar með gerviefni á hlaupabrautum. Vilyrði fékkst fyrir sundlauginni en þar við sat og nú fóru í hönd alþingiskosningar vorið 1991. Þá kom til





*Ólafur Örn Haraldsson framkvæmdastjóri landsmótsins, Hafsteinn Þorvaldsson framkvæmdastjóri landsmótsins 1965 og Þórir Haraldsson formaður landsmótsnefndar.*

sögunnar ný ríkisstjórn og aðrir menn tóku við stjórn þessara mála. Nýi menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, var ekki tilbúinn að skrifa strax undir samning um stuðning ríkisvaldsins fyrir landsmót 1993. Þá var leitað til bæjarstjórnar Selfoss en niðurstaðan var sú að þeir treystu sér ekki til að fara út í þær fjárfestingar sem þyrfti fyrir 1993. Þar sem nú voru aðeins tvö ár til stefnu taldi nefndin ekki verjandi að bíða lengur með að ákveða landsmótsstað. Þar með sagði hún af sér störfum í lok ágúst 1991 og skilaði umboði sínu til stjórnar HSK.<sup>337</sup> Þetta voru þung spor fyrir nefndarmenn sem hefðu viljað sjá aðra niðurstöðu.

Nú voru góð ráð dýr og landsmótið í uppnámi. Ráðið fannst og fólst í því að fresta mótinu um eitt ár. Þar með gafst betri tími til framkvæmda á Laugarvatni. Nú hafði ráðherra tekið við sér og ákveðið að verja allt að 50 milljónum króna til uppbyggingar á staðnum. Þegar þetta lá fyrir skipaði HSK nýja landsmótsnefnd sumarið 1992. Formaður hennar var Þórir Haraldsson, varaformaður UMFÍ. Aðrir nefndarmenn voru Erla Guðjónsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir, Kjartan

Lárusson, Unnur Stefánsdóttir, Þórunn Oddsdóttir og Þráinn Hafsteinsson. Frá UMFÍ kom sjálfur formaðurinn, Pálmi Gíslason, en sterk hefð var orðin fyrir veru formanna UMFÍ í landsmótsnefndum.

Nefndin hóf þegar markviss störf og stefndi að því að minnka umfang mótsins. Það skyldi miðast við aðstæður á Laugarvatni svo keppni í hverri grein fengi notið sín. Haldin var hugmyndasamkeppni um merki mótsins og fyrir valinu varð tillaga Rúnars Gränz á Selfossi. Merki hans minnti á ýmis sérkenni staðarins á Laugarvatni; vatnið, grænar hlíðar, jarðhitann

og burstir Héraðsskólans sem setja sterkan svip á staðinn. Vorið 1993 var Kjartan Lárusson ráðinn starfsmaður mótsins í hlutastarfi fram til hausts. Þá tók við framkvæmdastjóri landsmótsins, Ólafur Örn Haraldsson, sem starfaði allt til loka. Ólafur er fæddur og uppalinn á Laugarvatni og keppti fyrir HSK á landsmótunum 1965-1971. Áður hafði hann starfað sem framkvæmdastjóri Hagvangs og síðar Gallups á Íslandi.<sup>338</sup>

Að mörgu var að hyggja við undirbúning landsmótsins. Öflugir styrktaraðilar voru fengnir. Á Laugarvatni var glæsilegt íþróttahús sem vígt var



*Hafsteinn Þorvaldsson gengur ásamt fánaberum í fararbroddi skríðgöngunnar við mótssetningu.*

1987. Sundlaugin kom í gagnið árið 1993 og íþróttavöllurinn á landsmótsárinu. Mörg voru handtökin og stundum komu hópar sjálfboðaliða til ýmissa verka, eins og þökulagningar við íþróttasvæðið og annars sem þurfti margra handa við. Allt gekk þetta upp og vorið 1994 var völlurinn tilbúinn, fagurgrænn með skínandi rauðum hlaupabrautum. Á svona fallegum stað var sóskaður reykingamanna ekki við hæfi og mótið var auglýst sem reyklaust landsmót.

Einn stærsti kostur Laugarvatns fyrir landsmótshald var sá að þar var allt á sama stað. Tjaldbúðir fyrir fjölskyldur og keppendur voru við aðalleikvanginn. Almennar tjaldbúðir voru innan við þorpið. Keppni í bridds og skák fóru fram í kennslustofum skólanna og innanhússíðir í íþróttahúsinu. Við hlið leikvangsins var malarvöllur fyrir knattspyrnuna og malbikaður völlur fyrir handboltann. Lengsta fjarlægð milli keppnisstaða var um 300 metrar.<sup>339</sup>

Það vita þeir einir sem reynt hafa hversu feikileg vinna felst í því að undirbúa eitt landsmót. Það krefst mikils skipulags því allir hlutir stórir og smáir þurfa að vera tilbúnir á réttum stað og tíma. Eitt lítið atriði af þúsund má nefna: Á mótinu var flaggað fjölda íslenskra og hvítblárra fána allt mótið. Þeir voru dregnir að húni á morgnana og teknir niður á hverju kvöldi og samtals fóru í það 70 klukkutímar hjá umsjónarmanninum, Hilmarí Einarssyni byggingarfulltrúa á Laugarvatni.<sup>340</sup> Landsmótsnefndin gaf út greinargóða leikskrá og stóð fyrir útgáfu *Landsmótsfréttu*. Í síðasta tölublaðinu voru tíunduð öll úrslit mótsins á ýtarlegan hátt. Eftir mótið kom út vönduð skýrsla úrslitanefndar. Allt var þetta vel af hendi leyst og er einn helsti grunnur þessarar frásagnar.

Það fór sem Björn B. Jónsson formaður HSK spáði að stigagjöf landsmótanna var endurskoðuð strax á næsta þingi UMFÍ 1991. Þá var stigagjöf í frjálsíþróttum og sundi færð til fyrri horfs en boðsveitir fengu tvöfalt vægi. Stigagjöf fyrir hópgreinar var hækkuð töluvert en mismikið eftir greinum. Til dæmis gaf fyrsta sæti knattspyrnunnar 79 stig en lækkaði svo um 13 stig fyrir hvert sæti. Meginreglan var sú að sex fyrstu sæti hverrar hópgreinar gáfu stig. Þá voru sett þau viðurlög að ef færri en fimm sambandsaðilar tækju þátt í mótsgrein reiknaðist hún ekki til stiga.<sup>341</sup> Þannig fór fyrir fimleikum og júdó á landsmótinu.

Kept var í 73 greinum eins og í Mosfellsbæ og fyrirhugaðar sýningargreinar voru æskuhlaup, hestaíþróttir, karate og íþróttir fatlaðra. Seinna bættust við stafsetningarkeppni og boðhlaup og boðsund keppenda frá landsmótinu 1965. Skráðir keppendur mótsins voru 1648 en þar voru taldir með þátttakendur í æskuhlaupi og öðrum sýningargreinum. Keppendur í stigagreinum mótsins voru 1410, þar af 919 karlar og 491 kona. Þeim hafði fækkað lítillega frá því í Mosfellsbæ og munaði mest um færri lið í knattspyrnu kvenna.

Vonir brugðust um aðsókn því mótsgestir urðu ekki nema 5000 þegar mest var. Þar af greiddu 1500 aðgangseyri. Óhagstætt veður var talið eiga sök á þessu og einnig að mikið hafði verið um stórar samkomur á Suðurlandi skömmu áður. Þar af leiðandi varð um fimm milljón króna halli á mótshaldinu en sveitarfélögin á svæðinu hlupu undir bagga HSK með rúmlega milljón króna framlagi og Verkefnasjóður UMFÍ lagði til eina og hálf milljón króna.<sup>342</sup>

## Samhugur á landsmóti

Mótið hófst á fimmtudeginum með knattspyrnu, blaki, lýðveldishlaupi og skák. Þann dag var stillt veður og logn og mýflugur gerðu innrás á landsmótið. Á föstudaginn var misvindasamt og vindmælar sýndu frá einum að níu metrum á sekúndu í hlaupunum. Þá fuku allar mýflugur á braut. Þegar líða tók á laugardag fór að súlda af og til og á sunnudagsmorguninn var samfelld væta. Mótsgestir létu það ekki á sig fá enda var sémilega



Séra Sigrún Óskarsdóttir var með helgistund í golunni.

hlýtt í veðri. „Við brosum bara í rigningunni,“ sögðu tvær glaðlegar konur úr Borgarfirði í viðtali við *Skinfaxa*, þær Ósk Ólafsdóttir og Kristín Finndís Jónsdóttir. Viðhorf þeirra var dæmigert fyrir þann góða anda sem ríkti á þessu umhverf-  
isvæna fjölskyldumóti.

Umhverfismál skipuðu stóran sess á landsmóttinu og Landgræðslan var til staðar í stóru tjaldi með tilsögn fyrir þá sem litu inn. Þá voru stungin niður rofabörð á svæðinu og settar niður trjáplöntur. Sorphirða var með ágætum og varla sást bréfsnifsi á staðnum alla helgina.

Þarna var margt við að vera fyrir börnin, svo sem leiktæki og hestaleiga, morgunleikfimi með Magnúsi Scheving og helgistund. Þá var þarna Útileikhúsið af Austurlandi sem skemmti mótsgestum.

Um hádegisbilið á föstudag var ný íþróttavöllurinn vígður. Það þótti vel við hæfi að landsmóts-garparnir Jón H. Sigurðsson og Svanur Ingvarsson, sem báðir eru bundnir hjólastól vígðu völlinn með 100 metra spretti á nýju brautinni. Jón var rúmlega hálfnaður þegar Svanur kom í mark enda er hann atorkumaður mikill. Þeir voru sam-mála um að mikill samhugur einkenndi landsmóttin. „Það er mest varið í mannlega þáttinn á landsmótum og þess vegna stendur það hærra en aðrar íþróttakeppnir,“ sagði Jón.<sup>343</sup>

Þegar búið var að vígja völlinn þustu glaðbeittir frjálsíþróttamenn út á hann og létu til sín taka. Nú var Egill Eiðsson kominn í UMSK eftir þriggja ára dvöl hjá KR og stefndi að þriðja landsmótssigri sínum í 100 metra hlaupi. Hörður Gunnarsson kom í veg fyrir það en bót í máli var að hann keppti einnig fyrir Kjalnesinga. Egill kom að marki hársbreidd á eftir Herði en tryggði sér þriðja sigur sinn í 400 metrunum í staðinn. Borgfirðingurinn hægláti, Sigmar Gunnarsson, varð hlutskarpastur í lengri hlaupunum, 1500 og 5000 metrunum en hinn snaggaralegi Þingeyingur, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, kom fyrstur að marki í 800 metrunum.

Ungur strákur úr Biskupstungum, Tómas Grétar Gunnarsson, stökk hæst í hástökkinu og næstur kom Unnar Vilhjálmsson HSP. Landsmótsmet hans, 2,12 metrar, var þó ekki í neinni hættu. Kraftajötunninn Andrés Guðmundsson HSK sigraði í kúluvarpinu í fjarveru Péturs bróður síns og varð annar í kringlukasti. Þeir Vésteinn Hafsteinsson skiptu þessum greinum bróðurlega milli sín því Vésteinn varð annar í kúlunni en sigraði í



*Vésteinn Hafsteinsson sigraði í kringlukasti og vann besta afrek karla í frjálsíþróttum.*

kringlukastinu. Þar hefndi hann ófaranna frá síðasta móti og setti gott landsmótsmet, 63 metra sléttu. Þriðji Skarphéðinsmaðurinn sem nú keppti reyndar fyrir Kjalnesinga, Unnar Garðarsson, varð þriðji í báðum þessum greinum og sigraði í spjótkaсти. Það var náttúrlega ekki vel séð austanfjalls að keppa fyrir helsta andstæðinginn enda sneri hann heim aftur síðar. Sigurvegarinn í kúluvarpi á landsmóttinu 1965, Sigurbór Hjörleifsson HSH, ætlaði að kasta kúlunni nú eins og á öðrum landsmótum síðan en varð að gefa það frá sér vegna fótarmeiddsla og studdist við hækjur. Hann lét þó ekki hækjurnar aftra sér frá því að starfa við mótið og að sjálfsögðu varð kúluvarpið fyrir valinu.

Ólafur Guðmundsson HSK sigraði í þristökki annað landsmótið í röð en það var frændi hans og jafnaldri Jón Arnar Magnússon sem varð stiga-hæstur karla í frjálsíþróttum. Hann var nú geng-





*Jón Arnar Magnússon sigraði með yfirburðum í 110 metra grindahlaupi.*

inn til liðs við Skagfirðinga undir handleiðslu Gísla Sigurðssonar sem þjálfaði afreksmanninn. Jón Arnar hljóp eins og vindurinn og virtist hafa ómælanlegan stökkkraft. Hann sigraði léttilega í grindahlaupinu og sveif heila 7,36 metra í langstökkinu. Það var mun lengra en landsmótsmetið en meðvindur var aðeins of mikill. Ólafur frændi hans varð að láta sér nægja annað sætið þótt hann stykki líka á áttunda metra. Jón varð hins vegar í öðru sæti í stangarstökkinu á eftir hinum fertuga Kristjáni Gissurarsyni sem nú keppti fyrir Borgfirðinga. Sprettharka Jóns dugði Skagfirðingum í annað sætið í báðum boðhlaupunum en engum kom á óvart sigur Kjalnesinga enda áttu þeir þrjá fyrstu menn í 100 metra hlaupinu. Í báðum boðhlaupunum settu þeir landsmótsmet undir forystu þjálfara síns, Egils Eiðssonar.

Þuríður Jónsdóttir, móðir Jóns Arnars Magnússonar, átti góðar minningar frá keppni sinni fyrir HSK á landsmóttinu á Laugarvatni 29 árum fyrr. Hún var í vandræðum með hvorn hún ætti að styðja þegar þegar frændurnir Jón Arnar og Ólafur Guðmundsson hlupu síðasta sprettinn í 1000 metra boðhlaupinu, Ólafur fyrir HSK og Jón Arnar fyrir UMSS. Þegar þeir komu inn á beinu brautina ákvað hún að gera ekki upp á milli þeirra og hrópaði hátt og snjallt: „Áfram báðir.“<sup>344</sup>

Austur-húnavetnska hlaupadrottningin Sunna Gestsdóttir vann 100 metra hlaupið af öryggi en þar varð Eyfirðingurinn Snjólaug Vilhelmsdóttir í

öðru sæti. Snjólaug kom fyrst í mark í 400 metra hlaupinu og næst henni í báðum hlaupunum var Guðlaug Ósk Halldórsdóttir UMSK. Þórdís Gísladóttir HSK vann grindahlaupið eftir mikla baráttu við Sunnu og Þuríði Ingvarsdóttur félaga sinn frá Selfossi. Þuríður er systir þeirra sundfugla Þrastar og Svans enda íþróttir með afbrigðum ættgengar eins og hver maður veit. Hlaupastúlkan úr Mosfellsbæ, Friða Rún Þórðardóttir, hafði yfirburði í 800, 1500 og 3000 metra hlaupum og setti landsmótsmet í 1500 metrunum. Þar með varð hún stigahæst kvenna í frjálsíþróttum með einu stigi meira en Sunna Gestsdóttir.

Þórdís Gísladóttir hafði lengi borð höfuð og herðar yfir aðra hástökkvara hérlendis og á því varð engin breyting. Þórdís sigraði og stökk 1,80 og næst henni kom Sigríður Anna Guðjónsdóttir frá Selfossi með 1,67 m. Sigríður Anna varð líka önnur í langstökki en sérgrein



*Þórdís Gísladóttir hlaut tvö gull og vann besta afrek kvenna í frjálsíþróttum.*



hennar, þrístökkið, var ekki enn komið á dagskrá landsmótanna. Sunna Gestsdóttir sigraði örugglega í langstökkinu og jafnaði 5,68 metra landsmótsmet Svanhildar Kristjónsdóttur. Reyndar var sigurstökk Sunnu 5,76 metrar en meðvindur of mikill eins og oftast nær á landsmótinu. Í boðhlaupunum sigruðu Eyfirðingar en Skarphéðinsstúlkur komu þeim næstar.

Skagfirðingar eignuðust nú að nýju sigurveg-ara í kúluvarpi þegar Berglind Bjarnadóttir sigraði en árið 1965 á sama stað var Oddrún Guðmundsdóttir UMSS hlutskörpust. Skarphéðinsstúlkur röðuðu sér í þrjú næstu sætin en meðal keppenda var Erla Óskarsdóttir UNÞ sem kastaði þarna á sínu tíunda landsmóti rúmlega fertug að aldri. Guðrún Ingólfssdóttir USÚ vann kringlukastið í fimmta sinn á landsmóti en hún er eina íslenska konan sem hefur látið kringluna svífa yfir 50 metra. Vigdís Guðjónsdóttir HSK vann spjótkaстиð líkt og Unnar frændi hennar. Birgitta Guðjónsdóttir UMSE varð önnur og tókst nú að láta spjótið stingast enda var kastað móti vindi.

Skarphéðinsmenn báru sem fyrr höfuð og herðar yfir önnur sambönd í frjálsíþróttakeppninni og sigur þeirra var aldrei í hættu. Þeir fengu 206 stig en næstir komu Kjalnesingar með 114. Norðlensku samböndin og Borgfirðingar stóðu sig vel en hinsvegar virtust gömul stórveldi Snæfellinga og Austfirðinga hrúna til grunna. Breiddin í greininni var meiri en oft áður og fáir höfðu afgerandi yfirburði, sem var talið árangur af markvissari þjálfun en áður.<sup>345</sup>

## Blautur bolti og bæting í sundinu

Handbolti kvenna hefur jafnan farið fram utanhúss á landsmótum og hefðinni var trúlega fylgt þar sem keppendur áttust við á malbikuðu plani við hlið leikvangsins. Það rigndi af og til meðan keppnin fór fram og blautur boltinn varð þungur og háll. Sumir töldu þessar aðstæður tæplega boðlegar en aðrir sögðu það hluta af stemm- ingunni að keppa utanhúss. Lið Kjalnesinga kom sterkt til leiks og engum kom á

óvart sigur þeirra í öðrum riðlinum. Leikmenn voru allir úr meistaraflokksliði Ungmennafélagsins Stjörnunnar í Garðabæ. Í hinum riðlinum sigraði ungt lið HSK sem var ættað frá Selfossi. Úrslitaleikurinn þótti skemmtilegur þrátt fyrir yfirburði Stjörustúlkna sem sigruðu með 22 mörkum gegn 10.

Kvennakeppnin í knattspyrnu var ekki svipur hjá sjón miðað við landsmótið í Mosfellsbæ því nú mættu aðeins fimm lið til leiks á móti tíu sem þá voru með. Stóran þátt í þessu átti að KSÍ hefur hvorki fyrr né síðar tekið tillit til landsmótanna við röðun leikja í Íslandsmótinu. Landsmótshelgina var heil umferð sett á í 1. deild kvenna sem varð til þess að sum liðin á landsmótinu voru skipuð varamönnum og önnur hreinlega ekki með. Lið UÍA sigraði örugglega í kvennakeppninni en það var að mestu skipað leikmönnum Hattar á Egilsstöðum. UMSS varð í öðru sæti, UMSK því þriðja og HSH náði fjórða sæti.

Í karlakeppninni var svipað uppi á teningnum. Bestu liðin innan ungmennafélaganna voru ekki með vegna annríkis í mótum KSÍ. Njarðvíkingar unnu fremur óvæntan en verðskuldaðan sigur í úrslitaleiknum á nágrönnum sínum í Keflavík. Njarðvíkingar tefldu fram fjórðu-deildarliði sínu en Keflvíkingar voru með sambland af leikmönnum úr 1. og 2. deild Íslandsmótsins. Sú blanda gekk ekki upp gegn sterkri liðsheild Njarðvíkinga sem sigruðu með fimm mörkum gegn einu. Keppnin var fjórleg og mikið skorað. Lið keppninnar var stórskemmtilegt lið Bolungarvíkur sem



Frá knattspyrnukeppninni.



*Ægir Sigurðsson og Eðvarð Þór Eðvarðsson voru stiga-hæstir í sundi.*

lenti í fjórða sæti. Þeir létu leikgleðina ráða og skorðu að meðaltali fimm mörk í leik.

Nú var komin festa í starfsíþróttakeppnina og allar sömu greinar voru með og í Mosfellsbæ. Ellefu konur tóku þátt í að leggja á borð. Þar skipti mestu að setja fram frumlegt en þó einfalt veisluborð. Svandís Guðmundsdóttir HSK sigraði og heillaði dómnefndina með kvöldverðarboði hestamannsins. Keppnin í jurtagreiningu var hnífjöfn eins og fyrri daginn. Þrjú stig skildu að 16 efstu menn. Nú varð spennufall hjá Katli Tryggvasyni eftir sigurinn í Mosfellsbæ og hann varð í fimmta sæti. Fjórir keppendur tóku þátt í bráðabana um fyrsta sætið og þar sigraði Þorsteinn Bergson UÍA.

Í hestadómum sigraði heimamaðurinn Þorkell Þorkelsson örugglega enda alinn upp innan um hesta hjá föður sínum, Þorkeli Bjarnasyni hrossaræktarráðunaut. Jósteyn Hreiðarsson HSP beitti línuna manna best og Garðar Guðmundsson bóndi á Hólum í Landeyjum handlék traktorinn af mestri fimi. Ólafía Ingólfssdóttir í Vorsabæ endurtók sigur sinn í pönnukökubakstrinum og Gunnar Þór Sigurðsson UMSE stóð efstur í starfshlaupinu. Starfshlauparar þurftu að leysa ýmsar þrautir að vanda. Ein þeirra var sú að teikna mynd af Þóri Haraldssyni formanni landsmótsnefndar sem stillti sér upp við stoppistöðina. Samdóma álit dómnefndar var að enginn vegur væri að

þekkja Þóri af myndunum þrátt fyrir skörulegt útlit hans frá náttúrunnar hendi.

Nú var enginn sundpoki á Laugarvatni eins og 1965 heldur hin ágætasta 25 metra útisundlaug. Skarphéðinsmenn léku við hvern sinn ugga í sundkeppninni og sigruðu í 18 greinum af 20. Þrír úr þeirra hópi náðu þeim frábæra árangri að sigra í öllum einstaklingsgreinum sínum og voru með fullt hús stiga. HSK hafði bæst mikilvægur liðsauki frá því á síðasta landsmóti. Eðvarð Þór Eðvarðsson, fyrrverandi landsliðsmaður frá Njarðvík, hafði gengið til liðs við HSK og þjálfað sundliðið með þessum frábæra árangri. Landsmótsmetin féllu í öllum boðsundunum og fjögur í einstaklingsgreinum. Eðvarð Þór sigraði í þremur greinum og þau Ægir Sigurðsson og Vilborg Magnúsdóttir sömuleiðis. Þá sigraði Ævar Örn Jónsson í tveimur greinum og þau Kristgerður Garðarsdóttir, Sigurlín Garðarsdóttir og Guðný H. Rúnarsdóttir í einni grein hvert.

Einu sigurvegarar annarra liða voru Anna Steinunn Jónasdóttir Keflavík sem sigraði í 50 metra skriðsundi með sama tíma og Húgrún Ólafsdóttir HSK, og Hrafnhildur Hákonardóttir UMSK sem var tveimur sekúndubrotum á undan Sigurlín Garðarsdóttur í 100 metra skriðsundi. Það munaði því aðeins þessum tveimur sekúndubrotum að lið HSK sigraði í öllum sundgreinum. Sannarlega glæsilegur árangur hjá Eðvarð Þór þjálfara og hans fólki. Sérgreinarstjórinn, Flemming Jessen, dáðist að samheldni HSK-liðsins og taldi að önnur sambönd ættu að taka hana sér til fyrirmyndar.

Sérstaka athygli vöktu elsti og yngsti keppandi sundmótsins en það voru feðgarnir Unnar Ragnarsson 32 ára og sonur hans Guðmundur 11 ára, sem kepptu fyrir Ungmennafélag Njarðvíkur. Eins og nærri má geta var HSK stigahæst í sundinu með 180 stig en næstir komu Kjalnesingar með 129,5 stig. Önnur sambönd voru talsvert neðar á blaði.<sup>346</sup>

## Fang og fimleikar hugar og handa

Júdomenn áttust við í þremur þyngdarflokkum og eins og fyrri daginn áttu Grindvíkingar sterkuustu mennina. Í léttasta flokki stóð slagurinn á milli gömlu refanna Gunnars Jóhannessonar og Hilmars Björnssonar úr Grindavík. Gunnar endurtók sigur sinn frá síðasta móti en Hilmar varð í öðru sæti sem fyrr. Nú fékk HSK sinn fyrsta sig-



Ólafur Sigurðsson HSK og Stefán Bárðarson UV eigast við í glímunni.

urvegara þegar Bergur Pálsson stóð efstur í millivigtinni en í þyngsta flokknum voru Sigurður Hauksson Ungmennafélagi Grindavíkur og Magnús Hauksson Keflavík í sérflokk. Eftir mikla rímu þeirra á milli hafði hvorugum tekist að skora en Sigurður vann á dómaraúrskurði. Það urðu keppendum hins vegar mikil vonbrigði þegar í ljós kom að engin stig myndu fást fyrir greinina þar sem aðeins voru þátttakendur frá fjórum félögum.

Það var í góðu samræmi við sókn glímunnar að nú hafði keppendum fjölgað um helming frá því í Mosfellsbæ og voru alls 35. Flestir nýliðarnir voru af hinu fríðara kyni því nú voru konur með í fyrsta sinn og kepptu í tveimur þyngdarflokkum. Skarphéðinsstúlkur höfðu mikla yfirburði og sigruðu tvöfalt í þyngri flokknum en þrefalt í þeim léttari. Þar sigraði Karólína Ólafsdóttir en Heiða Björg Tómasdóttir í hinum. Báðar voru þær á heimavelli enda búsettar á Laugarvatni. Nágranni þeirra, Helgi Kjartansson í Haga í Grímsnesi, fylgdi þessu eftir með sigri í léttasta flokknum og heimamaðurinn Torfi Pálsson varð annar. Keppni í þessum flokki var frestað um stund vegna þess að Sigurbjörn Árni Arngrímsson Þingeyingur var að keppa í 1500 metra hlaupi meðan glíman fór fram. Sigurbjörn kom beint í glímuna úr hlaupinu og er óhætt að segja að hann

hafi hitað upp best allra keppenda. Það dugði honum í fjórða sæti.

Arngeir Friðriksson, hinn knái bóndasonur úr Reykjadalnum, var nú kominn upp í milliþyngdina og var hinn öruggi sigurvegari. Arngeir sýndi enn hin ótrúlegu hábrögð sín en það var með ólíkindum hversu hátt jafn lágvaxinn maður sveiflaði stærðar mönnum á klofbragði og lausamjöldm. Jóhannes Sveinbjörnsson HSK hafði betur í viðeign þriggja fyrrverandi glímukóna í þyngsta flokknum. Hann lagði alla sína andstæðinga kirfilega en þar voru ekki minni menn en Þingeyingararnir Eyþór Pétursson og Pétur Yngvason. Skarphéðinsmenn unnu einvígið við Þingeyinga í stigakeppni glímunnar á sterkara kyninu sem var náttúrlega kvenkynið.

Öfugt við knattspyrnuna var mikil aðsókn í körfuboltann og 18 lið skráðu sig til leiks. Því var gripið til forkeppni og átta lið kepptu á sjálfu mótinu. Þar gekk á ýmsu og mest kom á óvart að hið sterka lið Keflavíkur vermdi botnsætið. Það stafaði mest af því hvað liðið var fámenn og í lokin var því dæmdur ósigur í unnum leik vegna ólöglegra leikmanna. Öll Suðurnesjaliðin lentu í sama riðli og tókst Grindvíkingum að slá Njarð-



Ingvaldur Geirsdóttir og Heiða B. Tómasdóttir takast á í glímu.



víkinga út og komast í úrslitaleikinn. Þar lauk sigurgöngu þeirra síðarnefndu sem hafði staðið allt frá 1975. Í hinum riðlinum stóðu Borgfirðingar efstir. Hvergi var gefið eftir í úrslitaleiknum en hann endaði með sigri Grindvíkinga, 83-77.

Mikill áhugi var fyrir blakinu að vanda og áhorfendabekkir þétt setnir. Nú tókst Austfirðingum að koma fram langþráðum hefndum á Skarphéðinsmönnum sem ekki gátu teft fram eins sterku liði og á undanförunum mótum. Austfirðingar höfðu mikla yfirburði í leiknum og sigruðu í B-riðli. Í hinum riðlinum munaði minnstu að Norður-Þingeyingar veltu Kjalnesingum af stalli en þeir töpuðu fyrir þeim með minnsta mun og voru reyndar yfir lengst af. En UMSK vann leikinn og komst í úrslit. Eins og á fyrri landsmótum var mikil spenna í úrslitaleiknum og ekki minnkandi hún við að UÍA vann fyrstu hrinuna. Í liði UMSK voru Íslandsmeistarar HK og ungir strákar úr Stjörnunni og nú tóku þeir á stóra sínum og unnu næstu þrjár hrinur og þar með leikinn. Austfirðingar sýndu frækilega mótspyrnu en urðu að játa sig sigraða að lokum. Skarphéðinsmenn tóku sig á og náðu þriðja sæti eftir hörkuleik við Norður-Þingeyinga sem komu allra liða mest á óvart í blakinu.

Í fimleikunum voru aðeins þrjú keppnislið og þar með reiknuðust þeir ekki til heildarstiga. Keppnin var samt hörkuspennandi og liðin sýndu góð tilþrif. Kjalnesingar sigruðu enda eiga þeir mikla fimleikahefð að baki. Skarphéðinsstúlkur og Keflvíkingar eiga skemmri sögu í fimleikum en lið þeirra stóðu sig vel. HSK varð númer tvö og Keflvíkingar stóðu þeim lítt að baki.

Það var hinn gamalreyndi Albrecht Ehmann UMSK sem sigraði í karlaflokki í borðtennis kominn á fimmtugsaldur en hinn sprækasti. Í kvennaflökki tókst Margréti Hermannsdóttur HSP að sigra Lilju Benónýsdóttur UMSK sem lengi hafði verið í fremstu röð.

Í skákinni voru aðeins tólf lið og fimm umferðir eftir Monrad-kerfi voru látnar duga. Það þýddi að keppnin var enn harðari en áður og hver vinningur skipti miklu máli. Nú náðu Kjalnesingar fram hefndum á Akureyringum frá því í Mosfellsbæ og unnu þá með fjórum vinningum gegn engum. Þeir héldu áfram sigurgöngunni eftir þetta og sigruðu örugglega í mótinu. Liðsmenn Ungmennafélagsins Geisla á Súðavík urðu í öðru sæti og Eyfirðingar í því þriðja.

Í briddskeppninni voru 18 sveitir og spiluðu

allir við alla, átta spil hvert sinn. Í svo stuttum leikjum má ekkert út af bera og mistök geta verið dýr. Þetta var hin stífasta törn við spilaborðin því keppnin hófst á fimmtudegi og lauk ekki fyrr en á hádegi á sunnudag. Það er skemmst frá því að segja að sveit Keflavíkur hélt forystu í keppninni allan tímann og spilaði af miklu öryggi. Borgfirðingar komu næstir og þar á eftir Bolvíkingar sem gerðu fræga ferð á landsmótið og náðu ellefta sæti í heildarstigakeppninni. Það var frábær frammistaða hjá yngsta og fámennasta héraðsambandinu og sýndi að fjöldinn segir ekki allt heldur áhuginn.<sup>347</sup>

## Ljúfir endurfundir

Þegar til stóð að halda landsmót á Laugarvatni leitaði hugur margra til mótsins góða sem haldið var þar 1965. Landsmótsnefndin ákvað að endurvekja stemminguna frá 1965 með því að hafa opið hús á landsmótinu og setja þar upp ljósmyndir og ýmsa muni frá fyrra landsmótinu. Þá var haft samband við alla sem höfðu haft hlutverki að gegna á mótinu '65 og þeir hvattir til að koma. Eitt af skemmtilegum verkefnum bókarhöfundar á þessum tíma var að finna þáverandi heimilisfang allra starfsmanna og sýningarfólks af mótinu 1965. Það reyndist léttara en haldið var í fyrstu því ótrúlega margir bjuggu enn á sama stað. Sumarhús frá Samtak hf. var sett upp „Við hverinn“ á bakka Laugarvatns og dubbað upp sem '65-húsið. Húsráðendur ásamt fleirum voru þær Unnur Stefánsdóttir og Ólöf Halldórsdóttir sem reyndar náði þriðja sæti í kúluvarpi á Laugarvatni 1965. Báðar tóku þær þátt í þjóðdansa- og fimleikasýningum á mótinu. Þetta framtak sló í gegn og margir komu til að rifja upp mótið fyrir 29 árum.

„Fólk hefur komið hér í stórum hópum og hér hafa margir ljúfir endurfundir átt sér stað,“ sögðu þær Unnur Stefánsdóttir og Ólöf Halldórsdóttir frá HSK þegar *Skinfaxi* tók hús á þeim á '65-heimilinu. ... „Það var alveg troðfullt hús hér á laugardagskvöld,“ sagði Ólöf. „Stemmingin var mjög góð og fólk hafði meðal annars mjög gaman af að skoða myndbandið frá landsmótinu á Laugarvatni 1965. ... Fólki finnst svo gaman að hittast og spjalla. Hér hefur því verið boðinn kaffisopi, það skrifar sig í gestabók



og getur þess jafnframt hvað það hafi gert á mótinu '65; hvort sem um var að ræða íþróttakeppni, þjóðdansa eða annað. Þessi gestabók á eftir að verða góð heimild þegar fram líða stundir.<sup>348</sup>

Gamlar stjórnur landsmótsins '65 kepptu sín á milli í 4×25 metra boðsundi. Þrjár sveitir mættu til leiks, frá HSK, UMSB og UMSS. Tvö pör voru í hverri sveit sem syntu með skotthúfur bundnar undir kverk og þurfti hver maður að skila sinni til næsta keppanda. Lið HSK kom fyrst að marki en þar sem einn keppandinn hafði ekki hnýtt húfuna rétt var það dæmt niður í þriðja sæti. Borgfirðingar höfðu þannig sigur á dómaraúrskurði.

Í liði þeirra voru meðal annars tvíburarnir Sigvaldi og Ingimundur Ingimundarsynir sem kepptu fyrir Strandamenn á sólskinsmótinu góða. Þá var einnig keppt í 4×80 metra boðhlaupi á leikvanginum. Þar sigraði HSK örugglega. Í sveitinni voru Ólafur Örn Haraldsson, Sigurður Jónsson, Guðrún Guðbjartsdóttir og Þuríður Jónsdóttir. Allt vakti þetta mikla skemmtun hjá áhorfendum. Til að kóróna stemminguna voru hinir einu sönnu Hljómar endurvaktir og þeir héldu dansleik í samkomutjaldi staðarins á laugardagskvöldið. Mátti víða sjá angurvær andlit þegar þeir tóku gömlu góðu lögin.<sup>349</sup>

## Síðasta sveitalandsmótið

Hin samhenta landsmótsnefnd bryddaði upp á mörgum nýmælum sem mótsgestum var gefinn kostur á að taka þátt í. Þar má nefna Lýðveldis- hlaup, landgræðslu, skógrækt, gönguferðir um staðinn undir leiðsögn og morgunleikfimi undir stjórn Magnúsar Schevings þolfimimeistara. Svo var öllum boðið að keppa í stafsetningu gegn vægu skráningargjaldi. Þar var lesinn upp tyrfinn texti til að skrifa niður og hér kemur lítið sýnishorn:

Óttast var að Vestmannaeyingurinn gyldi fífldirfsku sinnar ef hann klifi þritugan hamarinn þótt svo virtist sem honum yxi



Fjögur úr '65-hópnum fyrir utan '65-heimilið. Sigríður Teitsdóttir, Ólöf Halldórsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir og Hafsteinn Þorvaldsson.

ásmegin við áreynsluna. Hann hnyklaði brýnnar og sneri hryggur heim á leið.<sup>350</sup>

Keppnin varð vinsæl og þarna kviknaði hugmyndin að því að gera stafsetningu að landsmótsgrein sem síðar hefur orðið. Fæstar villur hafði Eyfellingurinn Einar Sigmarsson sem síðar hefur rakað saman gulli í þessari grein.

Setningarathöfn mótsins fór fram á föstudagskvöldið. Hún hófst með skruðgöngu íþróttafólksins inn á leikvanginn undir stjórn Hafsteins Þorvaldssonar. Fánaberi í fararbroddi var Vésteinn Hafsteinsson, fremsti íþróttamaður Skarphéðins um langa hríð. Guðmundur Kr. Jónsson þulur mótsins lýsti skruðgöngunni en Halla Guðmundsdóttir kynnti dagskrána sem hófst með því að kór 150 barna úr Árnessýslu söng þjóðsönginn við undirleik Lúðrasveitar Þorlákshafnar. Þórir Jónsson, formaður UMFÍ, setti mótið og benti á að í hugum margra hefðu landsmótin yfir sér sérstakan spennandi blæ sem einkenndist af samkennd heilu héraðanna með sínu fólki.

Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands flutti ávarp. Hún sagði meðal annars að rekja mætti mörg framfaramál til ungmennafélaganna og í þeim væri stunduð meðvituð mannrækt. Heiðursgestur landsmótsins var hinn virti íþróttakennari á Laugarvatni, Þórir Þorgeirsson, og ávarpaði hann samkomuna. Hástöckvarinn Þórdís Gísla-



Frá setningarathöfn mótsins.

dóttir flutti ávarp íþróttamanna og að lokum var almennur söngur.

Þá voru raðir íþróttamanna leystar upp og hurfu þær af vellinum. Næst fór fram glímusýning og keppni í skoska fanginu *backhold* milli unglíngaliða Skotlands og Íslands. Gestirnir sýndu enga kurteisi og sigruðu okkar menn og svo kom fimleikafólk frá Ármanni og Stjörnunni og sýndi fimleik sinn. Nú var í fyrsta skipti í langan tíma enginn danskur fimleikaflokkur til að teygja á dagskránni en þrátt fyrir það seinkaði athöfninni um hinn hefðbundna klukkutíma. Hlaupagarpar 800 metranna máttu hita upp vel og lengi og veitti ekki af því golan var orðin nöpur og í lokin tók að súlda ofurlítið.

Á kvöldvöku laugardagskvöldsins í íþróttahúsinu var margt á seyði. Ungmennafélagið Axl-*arbjörn* kynnti frumsamið efni sem var nánast ólýsanlegt en afar skemmtilegt. Flinkar stúlkur frá Stjörnunni í Garðabæ sýndu fimleika og Sigga Beinteins söng nokkur lög við mikla hrifningu gesta. Þá var komið að þjóðdönsum undir stjórn Hafsteins Þorvaldssonar úr '65-hópnum. Dansana sýndu átta pör sem dönsuðu á Laugarvatni 1965 og sýndust engu hafa gleymt. Að lokum kom sjálfur silfurheimsmeistarinn Magnús Scheving

og hvatti alla til að lifa lífinu án áfengis. Þá sýndi hann sínar stórkostlegu listir og hreif alla með lífsfjöri og gleði.

Þegar kom að verðlaunaafhendingunni á sunnudag var marga farið að gruna að heimamenn myndu endurheimta gripinn stóra sem er aðalverðlaunagripur mótanna. Það reyndist rétt því Skarphédinn sigraði í stigakeppninni og hlaut 628,5 stig en Kjalnesingar, helsti keppinauturinn, voru þó ekki langt undan með 524 stig. Jón Jónsson formaður HSK var að vonum himinglaður. Síðar lýsti hann þessu augnabliki þannig: „Ég hef átt margar ánægjustundir í störfum fyrir Skarphéðin en að taka við sigurlaunum að loknu landsmóti á Laugarvatni var nokkuð sem ég get ekki lýst.<sup>351</sup>

Þrátt fyrir misgott veður og heldur fáa mótsgesti þótti öllum sem þar voru að landsmótið á Laugarvatni 1994 hefði tekist vel. Það hefur verið kallað síðasta sveitalandsmótið því Laugarvatn er ekki fjölmennur staður. Alltaf síðan hafa landsmótin verið haldin í þéttbýli og flest bendir til að svo verði áfram. Þeir sem komu á Laugarvatn þessa helgi bjuggu þar á tjaldsvæðunum og ræktuðu með sér ungmennafélagsandann sem er hinn sanni lífsandi landsmótanna.

<b>Heildarstig sambanda og félaga</b>		<b>stig</b>	<b>Stigahæstu keppendur</b>	<b>stig</b>
1.	HSK	628,5	Eðvarð Þór Eðvarðsson, sund	HSK 18
2.	UMSK	524	Fríða Rún Þórðardóttir, frjáls.	UMSK 18
3.	HSP	206,33	Vilborg Magnúsdóttir, sund	HSK 18
4.-5.	UÍA	187,5	Ægir Sigurðsson, sund	HSK 18
4.-5.	UMSS	187,5	Jón Arnar Magnússon, frjáls.	UMSS 17
6.	Keflavík	183,5	Sunna Gestsdóttir, frjáls.	USAH 17
7.	UMSB	175,33	Ævar Örn Jónsson, sund	HSK 17
8.	UMSE	131,5	Sigurlín Garðarsdóttir, sund	HSK 16
9.	Umf. Njarðvíkur	129	Ólafur Guðmundsson, frjáls.	HSK 15
10.	HSH	112,5	Þorvaldur Snorri Árnason, sund	UMSK 15
11.	HSB	79	Kristgerður Garðarsdóttir, sund	HSK 14
12.	Umf. Grindavíkur	72	Snjólaug Vilhelmsdóttir, frjáls.	UMSE 14
13.	USVH	46	Unnar Garðarsson, frjáls.	UMSK 14
14.	USAH	45	Anna Steinunn Jónasdóttir, sund	Keflavík 13
15.	Umf. Geisli	32	Guðrún Bára Skúladóttir, frjáls.	HSK 13
16.	UNÞ	26	Hrafnhildur Hákonardóttir, sund	UMSK 13
17.	Umf. Fjölnir	23	Unnar Vilhjálmsson, frjáls.	HSP 13
18.	USÚ	22	Þuríður Ingvarsdóttir, frjáls.	HSK 13
19.	HSS	20,33	Hugrún Ólafsdóttir, sund	HSK 12
20.	Umf. Akureyrar	20	Sigmar Gunnarsson, frjáls.	UMSB 12
21.	UÍÓ	15	Þórdís Gísladóttir, frjáls.	HSK 12
22.	USVS	13	Andrés Guðmundsson, frjáls.	HSK 11
23.	UDN	12	Egill Eiðsson, frjáls.	UMSK 11
24.	HHF	6	Geir Rúnar Birgisson, sund	UMSK 11
25.	Umf. Víkverji	5	Guðný H. Rúnarsdóttir, sund	HSK 11
26.	HVÍ	4	Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, sund	HSK 11
27.-28.	Umf. Vesturhlíð	2	Sigríður Magnúsdóttir, sund	UMSK 11
27.-28.	Umf. Óðinn	2	Tómas Grétar Gunnarsson, frjáls.	HSK 11
			Vésteinn Hafsteinsson, frjáls.	HSK 11
			Guðbjörg Viðarsdóttir, frjáls.	HSK 10
			Sigríður Anna Guðjónsdóttir, frjáls.	HSK 10



Frá setningarathöfn mótsins.

## 22. landsmót UMFÍ í Borgarnesi 3.-6. júlí 1997



### Boðið til Borgarness

Árið 1975 héldu Borgfirðingar veglegt landsmót á Akranesi sem skildi eftir góðar minningar en drjúgan skuldabagga. Tólf árum síðar voru skuldirnar löngu horfnar en minningarnar sátu eftir og lokkuðu til þess að endurtaka leikinn. Borgfirðingar sendu UMFÍ því umsókn um að halda landsmót árið 1996. Þetta var engin skyndiákvörðun því hér var næstum áratugur til stefnu. Umsókn þeirra var bókuð athugasemdalaust í gjörðabók UMFÍ 28. ágúst 1987.<sup>352</sup> Líklega hefur stjórnarmönnum UMFÍ þótt fullsnemmt að taka ákvörðun um þetta mál að sinni. Ári síðar sóttu Austfirðingar um þetta sama landsmót svo nú var komin samkeppni<sup>353</sup>

Stjórn UMSB brást við með því að ítreka umsókn sína vorið 1989 og var þá búin að fá bæjarstjórn Borgarness í lið með sér en þar skyldi landsmótið haldið. Endanleg ákvörðun var svo tekin á stjórnarfundum UMFÍ í janúar 1990 og þar var samþykkt að UMSB skyldi hreppa hnossið en UÍA fengi næsta mót þar á eftir. Jafnframt benti stjórnin á að gerðar yrðu kröfur um fullkominn frjálsípróttavöll með gerviefnum á brautum í Borgarnesi.<sup>354</sup> Stjórn UMSB og bæjarstjórn Borgarness höfðu því sex ár til stefnu að gera klárt fyrir landsmótið og reyndar sjö ár því mótinu á Laugarvatni 1994 seinkaði um ár eins og kunnugt er.

Stjórn UMSB skipaði landsmótsnefnd í júlí 1991. Formaður hennar var Ingimundur Ingi-



mundarson íþróttakennari sem hafði starfað um árabíl sem framkvæmdastjóri sambandsins. Ingimundur var helsti hvatamaður að landsmóttinu í Borgarnesi og mætti kallast guðfaðir þess.<sup>355</sup> Aðrir nefndarmenn voru Rósa Marínósdóttir, Gísli V. Halldórsson, Einar Ole Pedersen, Birgir Þórðarson og Einar K. Jónsson. Síðar hættu Einar K. Jónsson og Birgir Þórðarson í nefndinni en í þeirra stað komu Birgir Karlsson og Hálfán Þórisson. Frá UMFÍ kom Þórir Jónsson, formaður UMFÍ, sem sjálfur er Borgfirðingur. Vorið 1996 kom Kristmar Ólafsson rekstrarfræðingur úr Borgarnesi til starfa sem framkvæmdastjóri mótsins. Undir styrki stjórn hans var starf nefndarinnar skipulagt í stóru sem smáu. Síðasta verk nefndarinnar var að gefa út vandaða skýrslu um mótið. Skýrslan er frábær heimild og þangað er þessi frásögn sótt þar sem annað er ekki tekið fram.<sup>356</sup>

Helstu framkvæmdir sem Borgarnesbær réðst í fyrir landsmótið var uppbygging frjálsíþróttavallar með gerviefni á brautum, bygging útisundlaugar og áhorfendastúku við völinn. Þetta voru dýrar framkvæmdir og í byrjun voru ýmsir í héraðinu lítt hrifnir af þessu tilstandi. En að lokum sigraði metnaður heimamanna og allir lögðust á eitt við undirbúninginn. Uppskeran varð glæsilegt íþróttasvæði sem skilaði margfaldri aðsókn eftir að landsmóttinu lauk frá því sem verið hafði.

Þetta dugði þó ekki til því aðstöðu skorti til að halda allar greinar á staðnum. Þannig fór öll riðlakeppni í knattspyrnu fram á Hvanneyri, einnig bridds og hluti starfsíþróttar. Líflegt var á Hvanneyri meðan mótið fór fram því samtímis var haldin þar mikil landbúnaðarsýning á vegum Bændaskólans. Annað sem skorti í Borgarnesi var stærra íþróttahús. Á Akranesi voru tvö slík og þar var keppt í þremur af fjórum riðlum körfuboltans og riðlakeppnin í blaki fór þar fram. Úrslitaleikirnir í öllum boltagreinum fóru fram í Borgarnesi. Mótsgestum, sem voru góðu vanir, þótti lakari kostur að dreifa móttinu á þrjá staði en hjá því varð ekki komist. Stærð mótsins og sú aðferð að hafa ekki forkeppni í boltagreinum kallaði á þessa lausn.

Í Borgarnesi er landrými af skornum skammti og það kom niður á keppnisliðunum að því leyti að tjaldbúðir þeirra voru utan við bæinn langt frá leikvanginum. Reynt var að bæta úr þessu með strætisvagni sem var í ferðum þarna á milli frá morgni til kvölds. Stóru keppnisliðin voru með samkomutjöld sín að vanda en sökum fjarlægðarinnar komu færri liðsmenn þangað en oft áður.

Þau voru sammála um að annaðhvort væri Borgarnes of lítið eða landsmótið of stórt.<sup>357</sup> Sum stóru samböndin voru með mötuneyti og stunduðu hópefli á kvöldin til að efla ungmennafélagsandann.

Árið 1995 lét stjórn UMFÍ hanna merki sem átti að gilda fyrir öll landsmót og unglingslandsmót í framtíðinni og spara þannig mikla fyrirhöfn. Svo viss var stjórnin í sinni sök að hún setti merkið á forsiðu ársskýrslunnar sem kom út á þingi UMFÍ 1995. Merkið samanstóð af fjórum ferköntuðum römmum sem voru fléttaðir saman líkt og ólympíuhringirnir. Þingfulltrúum leist ekkert á þessa hugmynd stjórnarinnar og kolfelldu hana í atkvæðagreiðslu.<sup>358</sup> Landsmótsnefnd UMBS brá við og fékk Búa Kristjánsson til að teikna merki landsmótsins í snatri. Útkoman var svartskeggjaður víkingur sem átti að tákna Egil Skallagrímsson á yngri árum. Mörgum þótti hann minna töluvert á Þóri Jónsson formann UMFÍ og þessi glaðhlakalegi náungi varð hvers manns hugljúfi í aðdraganda mótsins. Ingimundur formaður bauð mótsgesti velkomna með eftirfarandi ljóði í leikskránni:

Velkomin öll þið verið  
í víðfeðman Borgarfjörð.  
Þar sem Egilssaga hins unga  
öll verður skráð og gjörð.  
Hinn aldni var illur og grimmur,  
hinn ungi er mildur og hlýr.  
En enginn veit þó hvað undir  
annars stakki býr.<sup>359</sup>

*Landsmótsfréttir* komu út reglulega fyrir mótið og sögðu frá gangi mála en *Dagblaðið Brák* kom út mótsdagana með fréttir af móttinu. Væn og hentug *Leikskrá* með öllum helstu upplýsingum var til sölu á mótsstað.

Enn var reglugerðinni breytt og nú var ákveðið að kjarnagreinar landsmóta skyldu vera fjórar:



*Ingimundur Ingimundarson  
formaður landsmótsnefndar.*



*Kristmar Ólafsson framkvæmdastjóri landsmótsins.*

Frjálsíþróttir, starfsíþróttir, sund og glíma. Þar var litið til sögulegrar hefðar og sérstöðu þessara greina. Mótshaldari skyldi að auki velja minnst átta hefðbundnar mótsgreinar sem taldar voru upp en vildi hann bæta fleirum við þurfti stjórn UMFÍ að samþykkja það. Þá var tekin upp ný stigagjöf. Helsta breytingin var sú að nú fengu tíu efstu menn í hverri einstaklingsgrein stig, frá tíu niður í eitt. Í liðakeppnum fengu tíu efstu liðin stig og stigagjöfin var hækkuð. Nú fengu efstu liðin í knattspyrnu og handbolta 120 stig, í blaki og körfu fengust mest 100 stig og 70 fyrir skák, fimleika, bridds, golf og hestadóma. Í síðastnefndu greininni var nú keppt í þriggja manna sveitum í stað einstaklingskeppni. Þá var knattspyrnukeppnin stokkuð upp með gjörbreyttu fyrirkomulagi. Hafðir voru sjö menn í liði og leikið þvert á völlinn eins og í yngri flokkum. Hvert samband mátti senda tvö lið á mótið. Þetta fyrirkomulag sló í gegn og liðum fjölgaði úr 12 í 28 hjá báðum kynjum.<sup>360</sup>

Þá er ótalin stærsta breytingin og hún var sú að ekki var selt inn á mótið. Reynslan frá Mosfellsbæ og Laugarvatni hafði sýnt og sannað að sú aðferð að fjármagna landsmót með aðgangseyri mótsgesta dugði ekki lengur. Í staðinn var þátttökugjaldið hækkað töluvert og það sem upp á vantaði til að fjármagna mótið fengið með auglýsingum og stuðningi styrktaraðila. Leitað var til fyrirtækja í héraði og þau brugðust vel við. Að-

alstyrktaraðilar mótsins voru Afurðasalan Borgarnesi hf., Kaupfélag Borgfirðinga, Sparisjóður Mýrasýslu, Loftorka hf. og Vírnet hf. Þetta voru fimm stærstu fyrirtækin í héraðinu og framlag þeirra tryggði 40 af hundraði teknanna. Kostnaðaráætlun mótsins var 21 milljón króna og stóðst hún fullkomlega. Minjagripasala gaf ekkert af sér frekar en fyrri daginn en landsmótsnefnd til mikillar gleði var fyrrsjáanlegt þegar mótið hófst að af því yrði nokkur hagnaður.<sup>361</sup>

## Sól og regn á Skallagrímssvelli

Keppendur í hinum 14 mótsgreinum voru 1486 sem var mjög svipað og á tveimur síðustu landsmótum. Dálítil fækkun hafði orðið í blaki, skák, starfs- og frjálsíþróttum en fjölgun í sundi og þó einkum körfubolta og fótbolta. Það stafaði ekki síst af því að nú var engin forkeppni í boltagreinum heldur kepptu öll lið á mótinu. Nýjar mótsgreinar voru golf og hestaíþróttir en júdó var fellt niður í staðinn vegna lítillar þátttöku. Nú voru keppnisgreinar orðnar 77 og nýjasta viðbótin í frjálsíþróttum var þristökk kvenna. Sýningargreinar voru æskuhlaup og íþróttir fatlaðra.

Mótið hófst á fimmtudegi eins og nú var orðið síður og strax á miðvikudagskvöldið fór að fjölga í Borgarnesi. Tjaldstæðin tóku á sig mynd og fyrirliðar mættu á fund í Hótel Borgarnesi þar sem farið var ýtarlega yfir hlutina. Á fimmtudaginn



*Gestir við setningarathöfn landsmótsins. Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Guðrún Katrín Þorbergsdóttir forsetafrú, Ólafur Ragnar Grímsson forseti, Þórir Jónsson formaður UMFÍ, Hulda Olgeirsdóttir kona hans og Vilhjálmur Einarsson skólameistari.*



*Björk Ingimundardóttir tendrar landsmótseldinn.*

hófst keppni af fullum krafti og lauk á miðjum sunnudegi að vanda. Veðrið var ekki alveg eins og um var beðið. Strax á fimmtudaginn fór að slíta dropa úr lofti. Rétt fyrir mótssetningu á föstudag gerði hellidembu en hékk þurrt bæði fyrir og eftir það. Á laugardaginn rigndi töluvert og það var fyrst á sunnudag sem sólin tók að skína. Veður var milt og vindur hægur en stundum aðeins of mikill til að afrek í frjálsíþróttum væru lögleg. Þetta hafði sín áhrif á aðsóknina. Talið er að 5000 manns hafi verið viðstatt setningarathöfnina á föstudeginum. Líklegt er talið að heildarfjöldi mótsgesta hafi verið um 7000 manns.

Setningarathöfnin fór fram eftir föstum hirðsiðum á föstudagskvöldið að viðstöddum fjölda manna. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Guðrún Katrín Þorbergsdóttir forsetafrú voru viðstödd og var þeim vel fagnað. Þá gekk íþróttafólkið inn á leikvanginn undir stjórn Hafsteins Þorvaldssonar. Þegar fánahyllingu var lokið flutti Þórir Jónsson formaður UMFÍ setningarræðu sína. Þá kom til sögunnar nýtt atriði, að landsmótseldurinn var tendraður. Oddur Hermannsson landslagsarkitekt á Selfossi hannaði kyndilstæði sem sett var upp við nýju sundlaugina. Á fimm

hliðum þess rísa hallandi málmplötur og á hverri plötu eru skornar útlínur þekktis fjalls úr hverjum landsfjórðungi. Hraundrangi fyrir Norðurland, Herðubreið fyrir miðhálandið og Snæfell fyrir Austurland. Hekla fyrir Suðurland og Snæfellsjökull fyrir Vesturland og Vestfirði. Hlaupargarpurinn Ágúst Þorsteinsson kom hlaupandi með kyndilinn inn á leikvanginn og þar tók hlaupadrottningin Björk Ingimundardóttir við honum. Hún tendraði síðan landsmótseldinn við mikinn fögnuð hátíðargesta. Áður var búið að hlaupa með eldinn á vegum UMFÍ hringinn í kringum landið og hann hafði logað á Smáþjóðaleikunum sem fóru fram mánuði fyrr í Reykjavík. Ákveðið var að þessi athöfn bættist við sem ein af hefðum landsmótanna.

Forseti Íslands ávarpaði samkomuna ásamt öðrum heiðursmönnum og einn af þeim var heiðursgestur mótsins, Vilhjálmur Einarsson íþróttagarpur, sem lengi var formaður UMSB. Íris Grönfeldt spjótkastari og þjálfari Borgfirðinga ávarpaði mótið fyrir hönd íþróttafólks. Þá voru ýmis skemmtiatriði, svo sem kórsöngur, fimleikasýningar og þjóðdansar. Þeir sem höfðu saknað danskra fimleikamanna á síðasta landsmóti gátu tekið gleði sína því þeir voru komnir aftur. Þá fóru fram hin hefðbundnu lokaúrslit í 800 metra hlaupum karla og kvenna.

## Við Brákarsund

Það væsti ekki um áhorfendur á hinum nýuppbyggða Skallagrímssvelli á norðvesturhorni Borgarrestangans rétt við Brákarsund. Þar setti Grímur faðir Egils Skallagrímssonar met í geðvonskasti forðum daga þegar hann stytta lífdaga Brákar fóstru hans með stórum steini. Hér var ekkert slíkt á ferð. Menn brostu blítt þó bleytan hefði mátt vera minni og teygðu úr sér á mjúkum grasbekkjum.

Hinn fjölhæfi Skarphéðinsmaður, Ólafur Guðmundsson, hjó nærri landsmótsmetinu í 100 metrum þegar hann sigraði á 10,87 sekúndum í dauðalogni á sunnudeginum. Þar lék hann eftir afrek föður síns frá landsmótunum 1965 og 1968. Ólafur lét ekki þar við sitja en sigraði einnig í þristökki og varð naumlega annar í kúluvarpi á eftir félaganum sínum Bjarka Viðarssyni. Egill Eirsson UMSK gerði heiðarlega tilraun til að sigra í fjórða sinn í 400 metrunum en varð að sjá á eftir gullinu til félaga síns Inga Þórs Haukssonar. Hinn létt-





*Ólafur Guðmundsson HSK sigrar með yfirburðum í 100 metra hlaupi. Aðrir keppendur talið frá vinstri: Stefán Bjarki Ólafsson UMSB sjötti, Arnar Már Vilhjálmsson UFA þriðji, Hörður Gunnarsson UMSK annar, Kristján Friðjónsson UMSK fjórði og Ingi Þór Hauksson UMSK fimmti.*

stígi Þingeyingur Sigurbjörn Árni Arngrímsson sigraði í 800 og 1500 metra hlaupum en Eyfirdingurinn Rögnvaldur Ingbórsson fylgdi honum eins og skugginn í báðum hlaupunum. Rögnvaldur sigraði aftur á móti í 5000 metrunum eftir harða keppni við Svein Margeirsson UMSS.

Nú höfðu kastgreinarnar dalað mikið miðað við fyrri landsmót. Allir gömlu meistaramenn voru hættir keppni og árangurinn nú var líkari því sem gerðist á áttunda áratugnum áður en kappar á borð við Hrein Halldórsson, Pétur Guðmundsson, Véstein Hafsteinsson og Einar Vilhjálmsson komu fram á sjónarsviðið. Þarna komu fram ungmenn sem lofuðu góðu. Magnús Aron Hallgrímsson HSK sigraði í kringlukasti og Sigmar Vilhjálmsson UÍA, yngsti bróðir Einars, sigraði í spjótkaсти.

Sextán ára ljóshærður piltur, leggjalangur með afbrigðum, vakti mikla athygli í hástökkinu á sunnudaginn. Þetta var Einar Karl Hjartarson USAH og fljótlega varð ljóst að aðrir keppendur áttu enga samleið með honum um háloftin. Hann hélt áfram að stökkva þegar allir hinir voru fallnir úr keppni og hélt á sér hita með því að klæðast þykkum kuldagalla milli tilrauna. Einar lét hækka í 2,13 metra, sem var sentimetra hærra en hið fræga landsmótsmet Unnars Vilhjálmssonar frá því í Keflavík 1984. Einar flaug yfir rána og nýtt

landsmótsmet var staðreynd. Ný stjarna var komin á himininn.

Skærasta stjarna frjálsíþróttakeppninnar var samt tugþrautarkeppinn Jón Arnar Magnússon UMSS sem nú stóð á hátindi frægðar sinnar. Jón gat valið sér greinar til sigurs og þær voru 110 metra grindahlaup, langstökk og stangarstökk. Í grindahlaupinu var hann í sérflokki og setti landsmótsmet, 14,52 sekúndur. Í langstökkinu hafði hann gífurlega yfirburði, stökk 7,89 m, næstum metra lengra en næsti maður. Landsmótsmetið féll þó ekki vegna lítils háttar meðvinds. Stangarstöckið fór fram í hellirigningu á laugardaginn. „Þetta er nú frekar erfitt þegar maður rennur hreinlega niður hálfu stöngina,“ sagði Jón Arnar en lét sig ekki muna um að slá landsmótsmetið



*Jón Arnar Magnússon var yfirburðamaður á landsmótinu.*



og stökkva 4,81 metra. Þá var Jón lykilmaður Skagfirðinga í boðhlaupunum. Hann kom sveitinni í annað sætið í 4×100 metra boðhlaupinu á laugardeginum með því að skjótast fram úr Ólafi Guðmundssyni frænda sínum á marklínu. Það fór vel á því að Jón Arnar ætti lokasprettinn í síðustu grein mótsins, 1000 metra boðhlaupinu. Hann tók við keflinu 25 metrum á eftir Inga Þór Hauksyni, sigurvegara 400 metra hlaupsins, sem hljóp fyrir Kjalnesinga. Hraði Jóns var ótrúlegur og hægt og bítandi minnkaði bilið á milli þeirra. Þegar 100 metrar voru eftir voru enn 10 metrar í keppinautinn. Þá sýndi Jón úr hverju hann er gerður, jók hraðann, geystist fram úr og sigraði. Áhorfendur voru allir staðnir á fætur og höfðu aldrei séð annað eins. Árangurinn var nýtt landsmótsmet og viðeigandi endir á góðum degi.<sup>362</sup>

Sunna Gestsdóttir USAH var hlaupadrottning landsmótsins. Hún var langfyrst í 100 metra hlaupinu og gerði sér lítið fyrir og sigraði einnig í 400 metra hlaupi og langstökki. Þar tókst henni að setja landsmótsmet, 5,71 m, því vindurinn hafði hægt um sig á meðan hún stökk. Segja má að laugardagur mótsins hafi verði Sunnu-dagur því hún hreppti þá fjögur gull, þrjú hin fyrrnefndu og í eitt 4×100 metra boðhlaupi með sveit USAH. Reyndar voru hlaupadrottningar mótsins tvær því Skarphéðinskonan Guðrún Bára Skúladóttir frá Laugarvatni sigraði í 400 og 800 metra hlaupunum og varð þriðja í 400 metrunum. Þær Sunna háðu æsispennandi einvígi í 1000 metra boðhlaupinu sem var næstsíðasta grein mótsins. Guðrún Bára hafði forskot í 400 metra lokaspretti hlaupsins en Sunna dró hana uppi og virtist ætla að fara fram úr skammt frá marki. En Guðrún Bára bætti við sig í blálokin og sigraði þrátt fyrir harða atlögu Sunnu.<sup>363</sup> Í 800 metrunum bætti Guðrún Bára landsmótsmet Rutar Ólafsdóttur UÍA frá mótinu á Húsavík 1987.

Langhlauparinn Fríða Rún Þórðardóttir UMSK varð í öðru sæti í 800 og 1500 metrunum en sig-



*Guðrún Bára Skúladóttir hafði betur í baráttu við Sunnu Gestsdóttur í æsispennandi keppni í 1000 metra boðhlaupi.*

aði örugglega í 3000 metra hlaupinu. Sigurbjörg Hjartardóttir UFA sigraði í grindahlaupinu og Marianna Hansen UMSE í hástökki. Nú var í fyrsta sinn keppt í þristökki kvenna og þar sigraði Íslandsmethafinn, Sigríður Anna Guðjónsdóttir HSK, með fáheyrðum yfirburðum. Hún stökk meira en tveimur metrum lengra en næsti maður, sem var frænka hennar og félagi, Ágústa Tryggvadóttir. Í köstum kvenna var staðan svipuð og hjá körlunum, margar stórstjórnur voru hættaðar keppni eða farnar að minnka við sig. Skagfirðingurinn Berglind Bjarnadóttir vann kúluvarpið og heimastúlkan Hanna Lind Ólafsdóttir kringlukastið. Í spjótkastinu sigraði Vigdís Guðjónsdóttir HSK vel á undan þeim heimakonum, Halldóru Jónasdóttur og lærimeistara hennar, Írisi Ingu Grönfeldt.


Skagfirðingar voru í feikilegri sókn í frjálsíþróttum undir forystu hins dugmikla þjálfara Gísla Sigurðssonar og með trompásinn sjálfan, Jón Arnar Magnússon, í fararbroddi. Þeir náðu öðru sæti í stigakeppninni en voru þó ekki nema rúmlega hálfdrættingar á við hið sterka Skarphéðinslið sem virtist eiga stöðuga uppsprettu góðra íþróttamanna. Kjalnesingar og Borgfirðingar voru skammt á eftir Skagfirðingum og í heild sinni

var frjálsíþróttakeppnin bæði öflug og skemmtileg.

## Keflvíkingar með sundfit og spennandi knattleikir

Ungmennafélag Keflavíkur sameinaðist öðrum félögum árið 1994 og breytti nafni sínu í Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag. Áratugum saman höfðu góðir sundmenn félagsins vakið athygli og staðið sig vel á landsmótum UMFÍ. Í Borgarnesi fóru systkinin Magnús og Eydís Konráðsbörn fremst í flokki fyrir sterkum hópi sundmanna félagsins sem komu til landsmótsins til að standa sig vel og velgja stórveldinu HSK undir ugnum. Keppnin fór fram í hinni nýju útisundlaug Borgnesinga sem var alveg himnesk því presturinn á Borg, séra Þorbjörn Hlynur Árnason, blessaði hana áður en landsmótið hófst.

Sundkeppnin varð hreint einvígi milli HSK og Keflavíkur. Önnur lið fengu ekki sigurvegara. Aldrei fyrr né síðar hafa afrekin verið betri á



*Eydís Konráðsdóttir var sunddrottning landsmótsins.*

landsmóti því hvorki meira né minna en 16 landsmótsmet af 20 féllu á mótinu. Nú var Arnar Freyr Ólafsson einn eftir af hinum vösku sundsystkinum úr Þorlákshöfn og hann varð sundkóngur landsmótsins með þrjá sgra og landsmótsmet í flugsundi og fjórsundi. Magnús Konráðsson gaf honum lítið eftir. Hann sigraði í 50 metra skriðsundi og 200 metra bringusundi og setti landsmótsmet í báðum. Keflvíkingurinn Sævar Örn Sigurjónsson sigraði í 100 metra bringusundi og Skarphéðinsmaðurinn Friðfinnur Kristinsson í 100 metra skriðsundi. Í 800 metra skriðsundinu var Númi S. Gunnarsson HSK í sérflokki og setti landsmótsmet. Skarphéðinsmenn unnu boðsundin nokkuð örugglega og settu landsmótsmet í báðum.

Lára Hrund Bjargardóttir HSK sigraði í bringusundunum og setti landsmótsmet í báðum. Sunna Dís Ingibjargardóttir úr Keflavík sigraði bæði í 100 og 400 metra skriðsundi og setti met í því síðarnefnda. Guðný H. Rúnarsdóttir HSK kom fyrst að marki í 100 metra baksundi á landsmótsmeti. En það var Eydís Konráðsdóttir sem var sunddrottning mótsins. Hún sigraði í þremur sundgreinum og setti landsmótsmet í þeim öllum. Þá voru Keflavíkurstúlkur fljótastar í boðsundunum og settu í þeim landsmótsmet, hvað annað? Hin 19 ára Eydís var þarna á fyrsta landsmóti sínu og var ánægð með árangurinn. Í viðtali við blaðamann *DV* sagði hún að sig hefði lítið langað til að fara á mótið og kúldrast í tjaldi í rigningunni en svo væri þetta bara búið að vera ofsalega gaman.<sup>364</sup> Keflvíkingar unnu sögulegan sigur og hrundu stórveldi Skarphéðins í sundinu. Þeir hlutu 333 stig en HSK var með 298. UMSK hafði 222 stig en heimamenn urðu fjórðu í nýju sundlauginni sinni með 139 stig.

Það voru fleiri sem blotnuðu en sundmenn því handboltakonur léku flesta sína leiki í úrhellisrigningu á laugardaginn. Til úrslita lék UMSK við Keflavík í sól og blíðu á sunnudaginn og þá fór sem fyrr að Kjalnesingar sigruðu. Markatölur voru 25-21. Knattspyrnumenn beggja kynja urðu ekki síður rennvotir á Hvanneyrarengjum en þeir voru öllu vanir og hristu þetta af sér. Kjalnesingar höfðu mikla yfirburði í kvennaflokki en liðin sem léku til úrslita voru bæði frá þeim. Það var B-liðið sem hafði betur og skoraði fjögur mörk hjá A-liðinu sem tókst ekki að svara fyrir sig. Í karlaflokki stóðu Þingeyingar og Fjölnir uppi eftir langa og stranga riðlakeppni 17 liða. Úrslitaleik-



*Handboltakonur tókust á í rigningunni á sunnudaginn.*

urinn var hinn fjörugasti og Fjölnismenn höfðu betur. Þeir skorðu fimm mörk en liðsmenn Magna í Grenivík, sem kepptu fyrir hönd HSB, tókst að svara tvívegis.


Nýja fyrirkomulagið í fótboltnum sem byggðist á stuttum leikjum varð til þess að margir fóru á stúfana þrátt fyrir litla æfingu. Einn af þeim var Finnur Ingólfsson viðskiptaráðherra sem lék með félögum sínum í USVS og hafði gaman af þrátt fyrir heldur óhagstæða markatölu. „Ég tek fyrst og fremst þátt í þessu til að taka þátt,“ sagði Finnur glaðbeittur eftir síðasta leikinn.<sup>365</sup>

Njarðvíkingar höfðu margfaldan titil að verja í körfuboltnum og fóru fremur létt í gegnum riðlakeppnina og í úrslit. Andstæðingar þeirra voru Grindvíkingar sem höfðu sigrað án yfirburða í sínum leikjum. Úrslitaleikurinn var einn darradardans frá upphafi til enda og allt lagt í sölurnar. Hvorugt liðið ætlaði sér að tapa fyrir nágrönnunum og í lokin skildi aðeins eitt stig á milli. Það reyndist vera eign Njarðvíkinga sem þar með fögnuðu sjöunda landsmótstitlinum og náðu hefndum á Grindvíkingum sem höfðu orðið þeim yfirsterkari á síðasta landsmóti. Lokatölur voru 98-97.

Úrslitaleikurinn í blaki var engin undantekning frá reglunni en þeir hafa gegnum tíðina átt mörg spennubrúgnustu augnablik landsmótanna. Nú voru Skarphéðingsmenn ekki lengur í eldlínunni en til úrslita léku Austfirðingar og Kjalnesingar, sömu lið og á Laugarvatni 1994. Þá höfðu Kjalnesingar betur en nú hugðu Ólafur Sigurðsson og hans menn á hefndir. Úrslitaleikurinn fór fram í Borgarnesi á sunnudaginn. Hann var æsispennandi og svo hnífjafn að ekki mátti á milli sjá. Austfirðingar unnu tvær fyrstu hrinurnar í miklum barningi með minnsta mun. Þá tóku Kjalnesingar á öllu sínu og unnu þriðju hrinuna örugglega. Austfirðingar komu aftur eins og grenjandi ljón og það var barist um hvern bolta. Eftir að hafa stokkið, varist, blakað og skellt í næstum tvo klukkutíma hlutu Austfirðingar langþráðan sigur en áhorfendur, sem voru vel með á nótunum, fengu að sjá blak eins og það gerist best.

## Hestar og menn

Nú voru hestaíþróttir í fyrsta skipti með í stiga-keppni landsmótanna og vöktu óskipta athygli. Gárungar sögðu litla sanngirni í því að afhenda knöpunum verðlaunin því auðvitað ættu klárarnir að fá þau. Ekki fer neinum sögum af athugasemdum hestanna við þetta en það voru Kjalnes-



*Frá keppni í pönnukökubakstri.*



ingar sem stóðu sig best í hnakknum og sigruðu samanlagt en heimamenn urðu næstir. Kringla Sigurðar Sigurðarsonar UMSK bar af í töltnu og Óðinn Birgittu Magnúsdóttur félaga hans var fremstur í fjórgangi. Lúta Þórðar Þorgeirssonar í Skarphéðni lá best á skeiði og Hörður Hallgríms Birkissonar félaga hans var dæmdur bestur í fjórgangi. Í hestadómum voru það aftur á móti heimamenn sem stóðu efstir eftir harða keppni við Austfirðinga.

Nú var búið að laga dráttarvélarakstur að nútímanum vegna breytinga í vélvæðingu sveitanna. Nú þurftu menn að grípa til ámoksturstækjanna og færa saltkar af einum aftanivagni yfir á annan og tengja síðan þann vagn við dráttarvélina. Síðan var farið í stórsvigi aftur á bak og áfram um brautina og aldrei mátti snerta hlið. Fyrir utan þessi ósköp þurftu menn að standast krossapróf í dráttarvélafræðum. Benedikt Hjaltason úr Eyjafirði var slyngastur í þessu öllu en keppendur sýndu oft ótrúleg tilþrif og beygðu og bökkðu rétt eins og þeir sætu við stýrið á Austin Mini.<sup>366</sup>

Björn Dúason HSK og Josteinn Hreiðarsson HSB voru efstir og jafnir í línubeitingu og sigurvegarinn í starfshlaupinu var Eyfirðingurinn Gunnar Þór Garðarsson. Þar þurftu menn að sýna leikni sína í að stafla heyböggum, sparka fótboltum í mark, smíða kassa, sauma og hlaupa með hjólbörur, svo eitthvað sé nefnt. Svo þurftu þeir að hlaupa á hardaspretti milli stöðvanna og síðasti spretturinn var meira að segja pokahlaup. Það kom engum á óvart að sjá Austfirðinginn Guðmund Hallgrímsson í starfshlaupinu en hann tók þarna þátt í sínu 13. landsmóti. Guðmundur, sem er rúmlega sextugur, gerði þó betur þegar hann hljóp í skarð UÍA-sveitarinnar vegna forfalla í 1000 metra boðhlaupinu.

Þau tíðindi gerðust í jurtagreiningu að Sesselja Ingólfsdóttir frá Fornhaga í Hörgárdal, sem lengi hafði verið hársbreidd frá sigri, tók nú af skarið og þekkti hverja einustu plöntu bæði í forkeppni og bráðabana. Aðrir keppendur áttu ekkert svar og Sesselja hlaut hið langþráða gull. En það var Húnvetningurinn Guðbjörg Hinriksdóttir sem kom, sá og sigraði í starfsíþróttum. Hún gerði sér lítið fyrir og sigraði bæði í að leggja á borð og pönnukökubakstri. Gárungar höfðu á orði að sá væri heppinn sem kæmist í mat hjá henni. „Fyrir mig verður þetta nú varla betra,“ sagði Guðbjörg glöð að lokinni keppni en tók fram að aðalatriðið væri samt að vera bara með.<sup>367</sup>

Nú voru kylfingar mættir til að berja hvítu kúluna en aðeins níu þriggja manna lið létu sjá sig á golfvelliinum. Það þótti lítið miðað við útbreiðslu íþróttarinnar. Vestlendingar voru skæðastir að hitta holurnar. Borgfirðingar sigruðu í karlaflokki en í öðru sæti í kvennaflokki. Í kvennaflokki snerist þetta við. Þar sigruðu Snæfellingar en urðu númer tvö í karlaflokknum. Keppnin fór fram á golfvelli Borgarness.

Keppendur Ungmennafélagsins Geislans á Súðavík skákuðu mótherjum sínum og sigruðu í skákkeppninni. Keppnin var þó hnífjöfn og á hæla þeim komu Austfirðingar rétt á undan Kjallnesingum og Eyfirðingum. Það bar til á föstudagsmorgninum að rafmagnið fór af Borgarnesi í klukkustund. Rætt var um að skákmenn tækju upp blindskák en niðurstaðan varð sú að teflt var við kertaljós þar til rafmagnið kom aftur.

Í bridds voru 16 sveitir og þar höfðu Þingeyingar sigur eftir miklar setur og strangar en sveit Víkverja varð í öðru sæti. Briddsararnir kepptu á Hvanneyri og voru hæstánægðir með aðstöðuna og skipulagningu mótsins. Þingeyskar konur röðuðu sér í efstu sætin í borðtennis en efstar stóðu Ingunn Þorsteinsdóttir og Margrét Ósk Hermannsdóttir. Albrecht Ehmann UMSK endurtók sigur sinn í karlaflokki og sigraði Jón Karlsson UÍA í úrslitaleik. Kjallnesingar höfðu mikla yfirburði í fimleikum enda löng og mikil fimleikahefð þar á bæ. Næstar voru Skarphéðinsstúlkur og þriðju Keflvíkingar en fleiri tóku ekki þátt í þessari skemmtilegu grein.

Í þjóðariþróttinni stóð slagurinn sem fyrr milli Þingeyinga og Skarphéðins. Síðast unnu Skarphéðinsmenn góðan sigur en nú var Kristján Yngvason mættur með tvo syni sína og valkyrjur úr Mývatnssveitinni og fór heim með glímubikarinn. Helgi Kjartansson hélt uppi heiðri Skarphéðinsmanna með sigri í léttasta flokknum en Arngeir Friðriksson steig ekki feilspor í milliþyngdinni og hreppti öruggan sigur. Í þyngsta flokknum börðust þeir um sigurinn fyrrverandi og núverandi glímukóngar, Jóhannes Sveinbjörnsson HSK og Ingibergur Sigurðsson Víkverja. Hinn ungi Ólafur Sigurðsson HSK hleypti mótinu í uppnám með því að leggja Ingiberg og þá voru þeir þrír jafnir. Ingibergur naut reynslu sinnar og stóð efstur að lokum, Jóhannes annar og Ólafur þriðji. Þingeysku glímukapparnir Inga Gerða Pétursdóttir og Ingibjörg Björnsdóttir sigruðu örugglega í kvennaflokkunum og stigapottur Þing-





*Keppendur í þyngsta flokki í glímu. Frá vinstri: Jóhannes Sveinbjörnsson, Ingibergur Sigurðsson, Ólafur Sigurðsson, Pétur Yngvason, Ólafur Kristjánsson og Kjartan Lárusson. Hjá þeim stendur Einar Ingimundarson sem sigraði í glímu á þremur landsmótum í röð 1949 til 1955.*

eyinga sýndi 107,5 stig á móti 75 stigum Skarphéðinsmanna.

## Ungmennafélagsandinn sigrar vínandann

Menn koma á landsmót með misjöfnu hugarfari en flestir reyna þó að sýna á sér sparihliðina og vera sér og sínum til sóma. Landsmótið í Borgarnesi var reyklaust og skilti voru um allt þar sem fólki var bent á að reykja ekki. Fólk virtist fara vel eftir þessum tilmælum en sinn er siður í landi hverju. Danski fimleikaflokkurinn kom í matsal Hynunnar eins og fleiri. Þar sátu hundruð mótsgesta við mat sinn og kliðurinn var sem í fuglabjargi. Þegar liðsmenn danska flokksins höfðu lokið snæðingi kveiktu flestir þeirra sér í sigarettu. Samstundis datt á dauðþögn og Íslendingar störfu furðu lostnir á reykjandi Danina sem góndu á móti. Einhver tók að sér að útskýra fyrir þeim að hér væri ekki reykt og íþróttamennirnir slökktu

í óþverranum kindarlegir á svip.

Allt var þetta fremur saklaust en öðru máli gegndi um ölvun í keppendatjaldbúðum aðfarar-nótt föstudagsins. Sumir mótsgestir virtust hafa komið með því hugarfari að um drykkjuhátið væri að ræða og einhverjir þeirra töldu sig vera ungmennafélaga. Fjögur ungmennafélög fengu skriflega aðvörun vegna ölvunar á þeirra svæði. Það voru Suðurnesjafélögin Grindavík, Keflavík og Njarðvík og svo Fjölnir í Grafarvogi. Stjórnendur þriggja þeirra síðastnefndu gripu til aðgerða og félögin fengu að vera

áfram í búðunum á ströngu skilorði. Hjá Grindavíkingum voru engir stjórnendur og þeir héldu uppteknum hætti með drykkjulæti kvöldið eftir. Þá var kölluð til lögregla og þeim vísað úr keppendabúðunum.<sup>368</sup>

Gísli Einarsson, síðar fréttamaður RÚV, sem þá var ritstjóri *Vesturlandsþóstsins*, var ómyrkur



*Árni Þorgilsson formaður Skarphéðins tók við verðlaunagripnum fyrir sigur á landsmóti.*

í máli yfir framkomu þeirra sem hlut áttu að máli:

Forsvarsmenn viðkomandi félaga ættu að sjá sóma sinn í að refsa fyrir agabrot af þessu tagi, til dæmis með tímabundnu keppnisbanni. Ef þeir gera það ekki eru þeir ekki starfi sínu vaxnir. Viðkomandi íþróttamönnum er ekki hægt að ráðleggja neitt annað en að skammast sín. Þeir skulda Borgfirðingum og öllum þeim sem tóku þátt í 22. landsmóti UMFÍ afsökunarbeiðni.<sup>369</sup>

Líklega hefur hinum grandvöru landsmótsnefndarmönnum ekki komið til hugar sá möguleiki að ungmennafélagar sjálfir þyrftu að vera undir eftirliti. En þetta var undantekningin sem sannaði regluna. Eftir að vínandanum var vísað á braut ríkti hinn sanni ungmennafélagsandi á landsmótinu. Hins vegar töldu mótshaldarar að skoða þyrfti vandlega hvort umstang, vinna og vanda-mál sem fylgja dansleikjum á landsmótum væru þeirra fáu króna virði sem þeir gæfu í aðra hönd.<sup>370</sup>

Þessi uppákoma fór þó framhjá flestum landsmótsgestum sem höfðu hugann við landsmótið og þá skemmtun sem þar var að finna. Þrátt fyrir misjafnt veður voru flestir sammála um að landsmótið í Borgarnesi hefði tekist sérstaklega vel. Þar skipti sköpum mikil, markviss og skipuleg vinna landsmótsnefndar sem stóð með pálmann í höndunum og átti meira að segja dálítið í handraðanum þegar yfir lauk. Mótsslitin fóru fram um miðjan sunnudaginn í sól og blíðu og það voru brosleitir Skarphéðinsmenn sem tóku á móti bikarnum stóra fyrir sigur í mótinu. Árni Þorgilsson, formaður Skarphéðins, sem gaf gott fordæmi með öðru sæti í starfshlaupinu, gat verið stoltur af sínu harðsnúna liði sem fagnaði sigri einu sinni enn. Næstir komu Kjalnesingar en heimamenn náðu þeim frábæra árangri að verða í þriðja sæti. Með bros á vör í blíðunni kvöddust mótsgestir landsmótsins í Borgarnesi og héldu heim á leið góðum minningum ríkari.

<b>Heildarstig sambanda og félaga</b>		<b>stig</b>
1.	HSK	1552,5
2.	UMSK	1357,25
3.	UMSB	848
4.	Keflavík	688
5.	HSP	568,75
6.	HSH	522,5
7.	UÍA	474,25
8.	UMSE	382
9.	USAH	342,5
10.	UMSS	311,5
11.	Umf. Njarðvíkur	289
12.	HSB	205
13.	Umf. Fjölnir	201
14.	Umf. Grindavíkur	174
15.	USVH	172,5
16.	Umf. Akureyrar	113
17.	HSS	100
18.	Umf. Víkverji	99,5
19.	UNP	88,5
20.	Umf. Geisli	70,75
21.	HVÍ	36,5
22.	Umf. Skipaskagi	26
23.	HHF	23
24.	UDN	18
25.	Umf. Glói	14,5
26.	USVS	9,5
27.	Umf. Óðinn	5,75
28.	Vesturhlíð	0

<b>Stigahæstu keppendur</b>		<b>stig</b>
Arnar Freyr Ólafsson, sund	HSK	30
Eydís Konráðsdóttir, sund	Keflavík	30
Jón Arnar Magnússon, frjáls.	UMSS	30
Sunna Gestsdóttir, frjáls.	USAH	30
Lára Hrund Bjargardóttir, sund	HSK	29
Magnús Konráðsson, sund	Keflavík	29
Ólafur Guðmundsson, frjáls.	HSK	29
Fríða Rún Þórðardóttir, frjáls.	UMSK	28
Guðrún Bára Skúladóttir, frjáls.	HSK	28
Sigríður Anna Guðjónsdóttir, frjáls.	HSK	28
Fríðfinnur Kristinsson, sund	HSK	27
Númi S. Gunnarsson, sund	HSK	27
Rögvaldur Ingþórsson, frjáls.	UMSE	27
Sigurbjörn Árni Arngrímsson, frjáls.	HSP	27



*Heimamenn ganga inn á leikvanginn undir lófaklappi áhorfenda.*

Gunnhildur Hinriksdóttir, frjáls.	HSP	26	Vigdís Guðjónsdóttir, frjáls.	HSK	23
Arnar Már Vilhjálmsson, frjáls.	UFA	25	Örvar Ólafsson, frjáls.	HSK	23
Borghildur Valgeirsdóttir, frjáls.	HSK	25	Berglind Bjarnadóttir, frjáls.	UMSS	22
Margrét Rós Sigurðardóttir, sund	HSK	25	Sigmar Gunnarsson, frjáls.	UMSB	21
Sigurlín Garðarsdóttir, sund	HSK	25	Sigurlaug Níelsdóttir, frjáls.	UMSE	21
Eva Dís Heimisdóttir, sund	Keflavík	24	Guðbjörg Hinriksdóttir, starfs.	USAH	20
Gígja Hrönn Árnadóttir, sund	UMSK	24	Jón Bjarni Björnsson, sund	UMSB	20
Kári Sturlaugsson, sund	USVH	24	Sunna Dís Ingibjargardóttir, sund	Keflavík	20
Þorsteinn Þórsson, frjáls.	UMSS	24	Þorvaldur Snorri Árnason, sund	UMSK	20





Frá setningarathöfn mótsins.

## 23. landsmót UMFÍ á Egilsstöðum 12.-15. júlí 2001



### Til Egilsstaða

Austfirðingar sóttu um að halda 22. landsmót UMFÍ ásamt Borgfirðingum sem höfðu betur. Þegar stjórn UMFÍ tók ákvörðun um þetta í janúar 1990 lýsti hún yfir stuðningi við að UÍA yrði falið að halda 23. landsmótið sem í fyllingu tímans fór fram árið 2001.<sup>371</sup> Allt virtist klappað og klárt en formleg staðfesting barst ekki frá UMFÍ og nú fóru fleiri að sýna mótinu áhuga. Austfirðingar ítrekuðu umsókn sína og höfðu nú fengið samkeppni frá Eyfirðingum, Kjalnesingum og Ungmennafélaginu Fjölni í Grafarvogi. Það var svo í janúar 1996 að stjórn UMFÍ samþykkti einróma að fela UÍA að halda 23. landsmótið á Egilsstöðum árið 2001. Stjórnin lét ekki hjá líða að

benda á nauðsyn þess að varanlegt efni yrði sett á atrennu- og hlaupabrautir leikvangsins á Egilsstöðum og hét stuðningi sínum við að ná því fram.<sup>372</sup>

Það var tímanna tákn hvað farið var að ákveða landsmótin með góðum fyrirvara. Fyrr á árum þurfti stjórn UMFÍ að fara bónarveg að héraðsamböndunum til að fá þau til að halda landsmót og stundum var lítill tími til stefnu. Nú hafði taflað snúist við. Samböndin sóttust eftir landsmótunum meðal annars til að bæta aðstöðu til íþróttá í sínu héraði. Kröfur til landsmótanna voru orðnar slíkar að ekki þýddi að bjóða upp á annað en gerviefni á brautum leikvanga, góðar sundlaugar og rúmgóð íþróttahús. Væru slík mannvirki ekki fyrir hendi þurfti að reisa þau, sem kostaði tíma




og peninga. Þá var eins gott að hafa tímann fyrir sér í viðræðum við ráðamenn sem höfðu fjárráðin.

Strax árið 1997 skipaði UÍA landsmótsnefnd sem einhenti sér í undirbúning mótsins á Egilsstöðum. Formaður hennar var Sveinn Jónsson verkfræðingur á Egilsstöðum. Aðrir nefndarmenn voru Jóhanna Guðmundsdóttir, Jónas Þór Jóhannsson, Þórhallur Eyjólfsson, Gunnar Geirsson, Björn Ármann Ólafsson, Björn Hafþór Guðmundsson, Sigurjón Bjarnason, Ágústa Björnsdóttir og Sigurbjörg Kristjánsdóttir. Fulltrúi UMFÍ var Sigurður Aðalsteinsson bóndi á Vaðbrekku, fyrrverandi formaður UÍA, og varastjórnarmaður UMFÍ. Nefndin tók þegar til starfa og stærstur hluti hennar mætti til landsmóts í Borgarnesi til að kynna sér mótið. Nefndin gekkst fyrir samkeppni um merki landsmótsins og bárust 25 tillögur. Fyrir valinu varð merkið „Kraftur“ sem grafíski hönnuðurinn Guðrún le Sage de Fontenay gerði.<sup>373</sup>

Vorið 2000 var ungur viðskiptafræðingur á Egilsstöðum, Sveinn Birkir Björnsson, ráðinn framkvæmdastjóri mótsins. Hann starfaði aðeins til haustsins en hætti þá að eigin ósk. Þá var leitað til Ingimundar Ingimundarsonar sem hafði verið formaður landsmótsnefndar í Borgarnesi. Ingimundur sló til og kom til starfa sem framkvæmdastjóri landsmótsins í október 2000. Koma Ingimundar var hvalreki fyrir UÍA því reynsla hans og útsjónarsemi höfðu ekki lítið að segja við undirbúning mótsins. Útbúið var skipurit nefndarmanna og þar var nákvæmlega skilgreint hver gerði hvað. Meira en 30 atriði voru sett á blað og sum ekki lítil að vöxtum.<sup>374</sup> Eins og fyrri daginn voru nefndarstörf unnin í sjálfböðavinnu sem fór vaxandi þegar á leið og var undir lokin orðin helsta viðfangsefni nefndarmanna. Ekki var gefin út skýrsla eftir mótið en Ingimundur Ingimundarson tók saman öll úrslit í stigagreinum og birtust þau af myndarskap í *Skinfaxa* skömmu síðar. Þangað er þessi frásögn sótt að stórum hluta til.

Eitt helsta verkefnið var frjálsíþróttavöllurinn á Egilsstöðum. Ljóst var að endurbygging vallarins með gerviefni á hlaupabrautum myndi kosta stórfé og bæjarstjórn á Austur-Héraði sem Egilsstaðir tilheyrðu hafði ekki bolmagn til að kosta hana ein og sér. Málið var í biðstöðu meðan herjað var á fjárveitingarvaldið sem flýtti sér hægt við að taka ákvarðanir. Að lokum fékkst vilryði um aukafjárveitingu eftir áramótin 1999. Þá



*Sveinn Jónsson formaður landsmótsnefndar.*



*Ingimundur Ingimundarson framkvæmdastjóri landsmótsins.*

um vorið samþykkti bæjarstjórnin að ráðast í gerð vallarins og framkvæmdir hófust. Verkið var umfangsmikið og til að mynda þurfti að skipta um tugþúsundir rúmmetra af jarðvegi. Stefnt var að því að fullgera völlinn ári fyrir landsmótið og engin áhætta tekin af síðbúnu vori á landsmótsári eins og gerðist árin 1949 og 1968 sællar minningar. Það gekk eftir og haustið 2000 skartaði völlurinn grænu grasteppi og fagurraudum hlaupabrautum þótt ýmsum frágangi væri ólokið.

Vorið 2001 varð hið besta og sunnudaginn 1. júlí var völlurinn vígður og gefið nafnið Vilhjálmsvöllur til heiðurs Vilhjálm Einarssyni ólympíumethafa í þrístökki. Gárungarnir á Egilsstöðum voru samt ekki lengi að snúa aðeins út úr nafni vallarins og kölluðu hann „Villa Park.“ Völlurinn stendur í hjarta bæjarins umgirtur trjám og er hið fegursta mannvirki.<sup>375</sup> Þá var búið að stækka íþróttahúsið á Egilsstöðum fyrir mótið og hlý og notaleg 25 metra laug beið eftir sundmönnum. Dálíttill munur eða kuldapollarnir á Eiðum, sögðu þeir sem mundu svo langt.

## **Landsmót um alla Austfirði**

Það er þó mála sannast að byggðakjarninn Egilsstaðir með sína 1608 íbúa árið 2001 rúmaði ekki landsmót af þeirri stærð sem nú var orðin raunin.<sup>376</sup> Landlægur héraðsmetnaður Austfirðinga varð til þess að nálægir byggðakjarnar buðust til



*Hjólreiðakapparnir sem tóku þátt í Eldrauninni og hjóluðu í kapp til Egilsstaða.*

Þess hver í kapp við annan að taka að sér landsmótsgreinar. Niðurstaðan varð sú að landsmótið dreifðist að segja má um alla Austfirði. Badminton og boccia fóru fram á Seyðisfirði í 27 km fjarlægð frá Egilsstöðum. Blakað var á Neskaupstað sem er 71 km í burtu þaðan. Borðtennismenn áttust við á Hallormsstað, 30 km frá mótsstað. Handbolti og línubeiting fóru fram á Fáskrúðsfirði í 81 km fjarlægð. Hestaíþróttir voru á Stekkhólma 12 km í burtu. Knattspyrnan var leikin á Reyðarfirði og Eskifirði sem eru 31 og 43 km frá Egilsstöðum. Skotfimi var á Þrándarstöðum og Eiðum sem eru 5 og 13 km frá mótsstaðum. Aðrar keppnisgreinar og úrslit boltagreina fóru fram á Egilsstöðum sjálfum eða þar í grennd.<sup>377</sup> Þetta þýddi að fæstir hinna almennu landsmótsgesta sáu nema brot af því sem fram fór utan Egilsstaða. Sýningargreinararnar æskuhlaup, torfærukeppni, skógarhlaup, kraftakeppni og alþjóðleg stangarstökkkeppni kvenna fóru fram á Egilsstöðum.

Það var kannski engin furða að mótið færi út um víðan völl. Alltaf var verið að fjölga mótsgreinum til stiga og þær voru nú orðnar 17. Ásóknin var töluverð. Allir vildu koma „sinni grein“ að og greinum var stöðugt bætt við í nafni jafnréttis, víðsýni og pólitískrar rétthugsunar. Þær greinar sem bætt var við 2001 voru badminton, skotfimi, blak kvenna og íþróttir fatlaðra. Keppnisgreinum mótsins fjölgaði um 22 og voru orðnar 99. Þar munaði mestu um fjölmargar keppnisgreinar fatlaðra íþróttamanna sem kepptu bæði í

frjálsíþróttum, sundi, boltakasti og boccia. Svo var til dæmis stangarstökki kvenna bætt á listann. Þá var loksins komið jafnrétti karla og kvenna í frjálsíþróttum og bæði kyn með jafnmargar greinar. Þar réð örugglega mestu sigurganga Völu Flosadóttur í greininni og frækileg frammistaða hennar á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000.

Reglugerð landsmótsins var tekin fyrir og einfölduð nokkuð á þingi UMFÍ haustið 1999. Helstu breytingar voru þær að leyfa aðeins eitt lið frá hverju sam-

bandi í liðakeppni og stig tíu efstu liða voru frá 10 upp í 100 í öllum greinum. Sem fyrr hafði mótshaldari nokkurt val um mótsgreinar. Keppendur á mótinu voru 1190 talsins og hafði fækkað um 300 frá því í Borgarnesi. Langmesta fækkinin varð í knattspyrnu þar sem 200 færri kepptu en á fyrra móti. Þá fækkaði umtalsvert í sundi, handbolta, körfubolta, skák og blaki karla. Nýju greinararnar skiluðu 110 keppendum en það dugði ekki til að jafna metin.<sup>378</sup>

Mótshaldarar brydduðu upp á ýmsu til að vekja athygli á mótinu og laða almenning til að láta sjá sig. Efnit var til „Eldraunar,“ kapphjólréiða með landsmótseldinn frá Reykjavík til Egilsstaða. Tvö lið lögðu af stað samtímis og hjólaði annað norður um land en hitt fór suðurleiðina. Sigurliðið, sem samanstóð af „miðaldra skrifstofumönnum,“ fór norðurleiðina og lagði að baki 698 km leið á 24 klst. og 2 mínútum. Þeir sögðu að hitt liðið, skipað landsliðsmönnum, hefði gert ein mistök sem íþróttamenn megi aldrei gera og það var að vanmeta andstæðinginn.<sup>379</sup> Allt var þetta þó á léttu nótonum.

Á stóru veggspjaldi landsmótsins blasti við slagorðið „Landsmót UMFÍ er engu líkt.“ Þar mátti sjá teiknaða mynd af Jóni Arnari Magnússyni með Lagarfljótsorminn í höndum sér og ormurinn gaukaði því að Jóni að Vala Flosa og Þórey Edda ætluðu að keppa í stöng á landsmótinu við frægar stelpur frá útlöndum. Þar var vakin athygli á fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Tjarnargarði á Egilsstöðum alla dag-

ana með leiklist, tónlist, dansi og leiktækjum fyrir börnin. Þá var boðið upp á Óperustúdíó Austurlands, harmonikutónleika, kvöldvöku, varðeld og torfærukeppni.<sup>380</sup> Allt hefur þetta virkað því mótsgestir voru um 12000 að talið er.

## Á Vilhjálmsvelli

Að venju hópuðust keppnisliðin og aðstandendur þeirra á mótssstaðinn á miðvikudaginn og fóru að koma sér fyrir á tjaldstæðunum. Nú voru dagar hinna stóru rútuferðalaga liðnir og flestir komu á einkabílum. Margir drógu á eftir sér tjaldevagna eða fellihýsi og bjuggu þar með fjölskylduna yfir mótshelgina enda var mótið réttilega auglýst sem „stórkostleg íþrótt- og fjölskylduskemmtun.“<sup>381</sup> Flest hinna stærri héraðssambanda settu upp vegleg samkomutjöld og þar stilltu menn saman strengi sína og skipulögðu keppnina og samveru helgarinnar. Innan hópanna voru allt frá ungbörnum og kornungum keppendum upp í gamla jaxla sem mundu tímanna tvenna. Hver hópur var þó sem ein fjölskylda, bros og hlátrar kváðu við, menn heilsuðust og þökkðu fyrir síðasta landsmót ef þeir höfðu ekki hist í millitíðinni. Þetta átti ekki minnstan þátt í þeirri samkennd sem gömlum landsmótsföllum verður tíðrætt um. Þessi tilfinning að vera hluti af heild sem stefnir samtaka að jákvæðu marki er nokkuð sem flestum er minnisstætt og lyftir landsmótunum yfir önnur íþróttamót.

Landsmótið á Egilsstöðum fór fram í sól og blíðu allt til loka. Veðrið lék við mótsgesti nær og fjær en eins og venjulega var athyglin mest á frjálsíþróttum og sundi ásamt helstu boltagreinum. Setningarathöfn mótsins var óvenju glæsileg. Hún fór fram í stillilogni og sól á föstudagskvöldinu að viðstöddum 9000 áhorfendum. Sem fyrr stjórnaði Hafsteinn Þorvaldsson skruðgöngunni. Aðalfánaberi var Petrun Jónsdóttir frá Neskaupstað fyrirliði blakkvenna

ÚÍA. Það var tilkomumikil sjón þegar liðin höfðu stillt sér upp á hinum fagra Vilhjálmsvelli umgirtum trjám með klettabelti á aðra hönd. Efst á klettinum stóð eldstæði landsmótseldsins og beið eftir kyndilberanum en hver hann var vissu fæstir fyrirfram. Þá birtist gamla kempan Guðmundur Hallgrímsson frá Fáskrúðsfirði sem keppti nú á 14. landsmóti sínu 65 ára gamall. Guðmundur hljóp léttilega með kyndilinn að eldstæðinu og tendraði eldinn við mikinn fögnuð mótsgesta. Þórir Jónsson, formaður UMFÍ, setti landsmótið og Hulda Elma Jónsdóttir blakari flutti ávarp íþróttamanna. Viðstaddur var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og flutti ávarp. Forsetinn mærdi ungmennafélagshreyfinguna og sagði meðal annars:

Það er þróttmikil og sókn djörf hreyfing sem hér gengur til móts við nýja tíma, hreykin af sögu sinni og staðráðin í að vera áfram öflugur gerandi á framtíðarbraut íslenskrar þjóðar, hreyfing sem er í senn samgróin mannlífi byggðanna og burðarás í íþróttalífi Íslendinga.<sup>382</sup>



Guðmundur Hallgrímsson hefur tendrað landsmótseldinn.



Gamlir landsmótajaxlar sem voru hættir að sprikla á vellinum blóðöfunduðu yngra fólkið af aðstöðunni enda lét það nú til sín taka. Það leyndi sér ekki að komið var til sögunnar nýtt stórveldi í frjálsíþróttum. Skagfirðingar mættu til leiks með breiðfylkingu ungra og vel þjálfðra íþróttamanna og höfðu að auki tryggt sér liðveislu stórstirna eins og Sunnu Gestsdóttur. Þó snillingurinn Jón Arnar Magnússon væri genginn úr vistinni og kominn yfir til Kjalnesinga virtist það ekki koma að sök. Heiðurinn af þessu áttu margir en sá sem dró vagninn var hinn glaðbeitti og atorkusami þjálfari Gísli Sigurðsson sem var ópreytandi við að hvetja sína menn á mótinu. Gísli ætlaði sínum mönnum sigur og var bara brattur í mótabyrjun. „Við erum með nokkuð breiðan hóp þannig að við fáum stig ansi víða og það telur,“ sagði Gísli og taldi að HSK yrði helsti keppinauturinn.<sup>383</sup> Svo hófust átökin.

Hinn ungi Kjalnesingur, Andri Karlsson, sigr-



*Jón Arnar Magnússon vinnur riðil sinn í grindahlaupi með yfirburðum.*

aði bæði í 100 og 400 metra hlaupum en ungir Skagfirðingar voru í næstu sætum. Skagfirðingar sigruðu þrefalt í 800 metra hlaupinu við setningu mótsins. Björn Margeirsson var fyrstur og setti gott landsmótsmet 1:54,5 mín. Næstur kom Stefán Már Ágústsson og þriðji var Sveinn bróðir Björns sem var ári eldri. Ekki árennileg þrenning þar. Sveinn Margeirsson var yfirburðasigurvegari í 1500 og 5000 metra hlaupum en haggði þó ekki landsmótsmetunum sem Brynjúlfur Hilmarsson og Jón Diðriksson áttu. Ólafur Guðmundsson HSK sigraði í þristökki á þriðja landsmótinu

í röð og Sigurður Óli Ólafsson UMSS stökk hæst í hástökkinu. Nú var Pétur Guðmundsson HSK kominn aftur til leiks í köstunum tæplega fertugur og virtist litlu hafa gleymt. Hann sigraði með yfirburðum í kúluvarpi og kringlukasti en Guðmundur H. Jónsson UMSK lét spjótið fljúga lengst.

Enn sem fyrr var Jón Arnar Magnússon yfirburðamaður á mótinu. Hann var nú rúmlega þrítugur og hafði aldrei verið betri. Jón var í sérflokki í langstökki og setti glæsilegt landsmótsmet, 7,78 metra. Næstur var Ólafur Guðmundsson frændi hans með 7,02 metra sem eitt sinn taldist gott afrek en bliknaði við hliðina á langflugi Jóns Arnars. Reyndar var sigurstökkið, 7,85, í örlitlum meðvindi. Sama gerðist í grindahlaupinu. Þar setti Jón Arnar landsmótsmet á 14,49 sekúndum en Ólafur varð annar á 15,63 sek. og Egill Eiðsson, sem nú taldist með gömlum jöxlum, varð þriðji. Þriðja sigurgrein Jóns Arnars var stangarstökkið og þar stökk hann 4,80 m. Jón Arnar og félagar hans í UMSK sigruðu örugglega í 1000 metra boðhlaupinu, góðum spöl á undan Skagfirðingum. Í stutta boðhlaupinu gerðu Skagfirðingar sér hinsvegar lítið fyrir og sigruðu með jöfnun á landsmótsmeti 42,81 sekúndu. Jón Arnar varð að setta sig við horfa á bakið á fyrri félögum sínum þar og það gerði hann, enda leitun að glaðlyndari manni.

Þegar Jón Arnar flutti í Kópavoginn fyrir nokkru kom ekki annað til greina en ganga í ungmennafélag til að geta

verið með á landsmótunum. „Það er alltaf líf og fjör og frábær stemming á landsmótunum og þetta hér er engin undantekning,“ sagði afreksmaðurinn Jón Arnar glaðbeittur á sunnudaginn. Hann var yfirleitt önnur kafinn við að veita eiginhandaráritanir þegar hann var ekki að keppa.<sup>384</sup>

Þá var hlaupadrottningin Sunna Gestsdóttir ekki síður glöð að leikslokum. Hún keppti í fimm greinum og uppskeran var fimm gull. Sunna sigraði í 100 og 400 metra hlaupum, í langstökki og var í sigursveit beggja boðhlaupanna. Hún setti gott landsmótsmet í 100 metrunum, 12,38 sek.,





Sprethörðustu konur landsmótsins. Frá vinstri: Sólveig Hildur Björnsdóttir, Sunna Gestsdóttir og Sigurbjörg Ólafsdóttir.

og annað ekki síðra í langstökki, 5,94 m. „Þetta er fullkomið, það er ekki hægt að gera betur,“ sagði Sunna hin ánægðasta þegar hún var búin að tryggja sér sigur í síðustu greininni sem var 1000 metra boðhlaupið og setti landsmótsmet ásamt félögum sínum í UMSS. Félagi hennar, Sólveig Hildur Björnsdóttir, vann besta afrek kvenna þegar hún sigraði og setti landsmótsmet í 100 metra grindahlaupi, 14,10 sekúndur. Boðhlaupssveit með slíka hlaupagarpa innanborðs ásamt hlauparanum Þórunni Erlingsdóttur og fjölþrautarkonunni Vilborgu Jóhannsdóttur var að sjálfsgöðu ósigrandi.

Guðrún Bára Skúladóttir HSK sigraði í lengri hlaupunum af miklu öryggi. Hún hljóp stæltum skrefum til sigurs í 800, 1500 og 3000 metra hlaupum og virtist ekki hafa mikið fyrir því. „Þetta er fimmta landsmótið mitt og það er alltaf jafngaman,“ sagði Guðrún Bára og sagðist ekki búin að ákveða framhaldið en taka eitt ár fyrir í einu.<sup>385</sup> Sigríður

Anna Guðjónsdóttir HSK sigraði í þristökkinu naumlega á undan Sólveigu Hildi Björnsdóttur UMSS. Marianna Hansen UMSK sigraði í hástökki en félagi hennar Aðalheiður María Vigfúsdóttir í stangarstökki, sem var nú í fyrsta sinn meðal landsmótsgreina eins og áður segir. Sterku stelpurnar Auður Aðalbjarnardóttir UMSE og Vigdís Guðjónsdóttir sigruðu í kúluvarpi og spjótkaсти en hin fjölhæfa Vilborg Jóhannsdóttir UMSS var sú eina sem slöngvaði kringlunni yfir 40 metra og sigraði. Skagfirðingar sigruðu glæsilega í stigakeppni frjálsíþróttanna og hlutu 412 stig. Skarphéðingsmenn komu næstir með 343 stig og Kjalnesingar þriðju með 260 stig. Þessi niðurstaða var mikill persónulegur sigur fyrir Gísla Sigurðsson sem var maðurinn á bak við yfirburði hins fámenna UMSS yfir risunum HSK og UMSK.

## Íþróttafjölskyldur láta til sín taka

Lengi höfðu konur mátt horfa á karlana leika sér í blakinu en nú voru þær loksins teknar með í leikinn. Karlalið UÍA hlaut langþráðan sigur á síðasta landsmóti og komst nú í úrslit gegn Kjalnesingum. Kjalnesingar sigruðu í þetta sinn en í liði þeirra léku fjórir bræður, Róbert, Vignir, Hlöðver og Ástþór Hlöðverssynir. Það kom í hlut kvennaliðs UÍA að hefna ósigurs karlanna. Kvennalið Þróttar á Neskaupstað var nú orðið stórveldi í blakinu og hafði unnið Íslandsmeistararitla í kippum. Þær kepptu undir merki UÍA á landsmótinu og unnu alla sína leiki með yfirburðum. Úrslita-



Stúlkurnar frá Neskaupstað sigruðu léttilega í blaki.



*Íris Edda Heimisdóttir og Eva Dís Heimisdóttir systir hennar stóðu sig vel í sundinu.*

leikinn gegn Kjalnesingum unnu þær 3-0. Í liðinu voru Hulda Elma Jónsdóttir og móðir hennar Petrún Jónsdóttir meðal sterkustu leikmanna. Móðir Petrúnar og amma Huldu Elmu, Elma Guðmundsdóttir, gerði sér lítið fyrir og var í sveit UÍA sem sigraði í golfi kvenna svo þarna voru þrjár ættliðir með gull. Í karlaflokki sigraði sveit HSK með Karl Gunnlaugsson í fararbroddi. Karl var hreint ekki yngstur keppenda en lunkinn golfari og hafði tekið þátt í landsmótum í alls konar greinum í næstum hálfá öld.

Greinileg lægð var í sundinu því keppendum hafði fækkað um þriðjung. Hægt var að tala um hrun hjá hinum fornu stórveldum HSK og Keflavík. Gömlu meistarnir þar voru hættir og nýir keppendur flestir byrjendur. Nú bitust Kjalnesingar og Njarðvíkingar um sundbikarinn og Vestfirðingar gengu þeim næstir. Vestfirðingurinn Heiðar Ingi Marinósson sigraði í 50 og 100 metra skriðsundi á landsmótsmetum en Hermann Unnarsson úr Njarðvík kom fyrstur í mark í 800 metra skriðsundinu. Félagi hans, Jón Oddur Sigurðsson, hlaut þrefaldan sigur í bringusundum og fjórsundi og vann besta afrek karla með 100 metra bringusundi. Halldór Karl Halldórsson

Keflavík bar af í 100 metra baksundi og Kjalnesingurinn Stefán Karl Sævarsson varð hlutskarpastur í flugsundi.

Íris Edda Heimisdóttir hélt uppi merki Keflavíkinga með sigrum í bringusundum og 50 metra skriðsundi. 200 metra bringusund hennar var besta afrek kvenna og landsmótsmetin stóðust ekki átökin í bringusundunum. Sigurbjörg Gunnarsdóttir úr Njarðvík varð hlutskörpust í 100 metra skriðsundi og 100 metra flugsundi. Félagi hennar Arna Atladóttir bar af í 100 metra baksundi og 200 metra fjórsundi. Nína Dóra Óskarsdóttir var eini sigurvegari HSK á mótinu og mátti liðið muna sinn fífil fegurri. Nína Dóra vann 400 metra skriðsundið. Í boðsundunum sigruðu Njarðvíkingar og Keflavíkingar. Það sérstaka við sigur Keflavíkurstúlkna í 4×100 metra skriðsundi var að allar stúlkurnar í sveitinni voru systur. Þær Eva Dís, Diljá, Karitas og Íris Edda Heimisdætur, sem voru á aldrinum níu til nítján ára, sigruðu örugglega og sýndu ásamt fleirum hvað íþróttir eru félagslega ættgengar. Kjalnesingar hlutu flest stigin, 227,5, eftir æsispennandi baráttu við Njarðvíkinga sem fengu 225 stig.

## Handbragð og hugleikur

Í starfsíþróttum bar að vanda margt fróðlegt fyrir augu og eyru áhorfenda. Nú var stafsetning orðin fullgild keppnisgrein og ábúðarfullir keppendur settust við skólaborð með blað og blýant og spreyttu sig á mismunandi óhræsilegum orðaleikjum. Þingeyingurinn Stefán Jónsson gerði fæstar villur en brást þó bogalistin þegar kom að sjöundadagsaðventistum sem rúmast í einu orði en ekki þremur eins og flestir keppendur töldu. Þrettán keppendur mættu til leiks í listinni að leggja á borð. Þar sigraði gamla frjálsíþróttahetjan Þuríður Ingvarsdóttir frá Selfossi og í þriðja sæti varð móðir hennar, Helga Guðmundsdóttir. Mikla athygli vakti veisluborð eina karlkyns-keppandans, Vígbórs Sjafnars Zophoníassonar sem starfaði sem þjónn á Hallormsstað. Borð hans hét „veisluborð súrrealistans“ og var meðal annars skreytt með gúmmískóm og hausnúpu af lambhrúti. Hann náði 4.-5. sæti fyrir þessa uppstillingu.

Munurinn á fjórum fyrstu keppendum í jurtagreiningu var tæplega mælanlegur en Þorsteinn Bergsson UÍA dæmdist þó efstur rétt á undan Gróu Valgerði Ingimundardóttur HSK. Þar rétt á



*Sigurður Aðalsteinsson bóndi á Vaðbrekku fagnar sigri í starfshlaupi. Næstir honum komu Kjartan Páll Einarsson til vinstri og Hafliði Sævarsson.*

eftir voru Sesselja Ingólfsdóttir UMSE og Vigfús Ingvarsson UÍA. Munurinn á fyrsta og fjórða manni nam eins og einu laufblaði, sögðu menn, en mældist í þremur hundradshlutum úr stigi. Sannarlega jöfn keppni þar. Jósteinn Þór Hreiðarsson HSP bar höfuð og herðar yfir aðra beitningakalla og sigraði í línubaitningu á þriðja landsmótinu í röð og í fjórða skiptið alls. Austfirðingar sigruðu þrefalt í gróðursetningu. Langefstur var Sigfús Víkingsson en í næstu sætum urðu Tómas Bragi Friðjónsson og Helgi Bragason. Í þönnukökubakstri stóð Stefanía Hrafnkelsdóttir húsfreyja á Hallfreðarstöðum í Hróarstungu uppi sem sigurvegari með 96 stig af 100 mögulegum.

Í hestadómum sigraði þriggja manna lið Kjalnesinga. Þeir Halldór Guðnason, Sævar Kristjánsson og Sigurður Sigurðsson voru kræfastir að finna út kosti gæðinganna á pappírnum. Finnur Pétursson HHF varð hlutskarpastur í dráttarvélarakstri en Guðni Einarsson bóndi í Þorisholti í Mýrdal fylgdi honum fast eftir. Áhorfendur fylgdu agnodfá með köppunum þessa á dráttarvélinni þar sem flestum hefði þótt nógu erfitt að leiða reiðhjól um villulaust. Að vanda tók stór hópur þátt í starfshlaupinu og þar voru gamlir frjálsíþróttakappar í meirihluta. Kjartan Páll Einarsson, bróðir Guðna bónda, sigraði 1981 og varð nú í öðru sæti en bóndinn á Vaðbrekku, lands-

mótsnefndarmaðurinn Sigurður Aðalsteinsson, reyndist klókastur í höfði, höndum og fótum og sigraði með einu stigi betur.

Kjalnesingar voru sigursælir í bridds eins og oft áður. Þeir stóðu efstir hinna 15 keppnisliða en næstir komu Skagfirðingar. Í skákinni hafði orðið nokkur fækkun því nú komu aðeins sex sveitir til leiks miðað við tíu á síðasta móti. Akureyringar voru sigursælir eins og stundum áður og höfðu talsverða yfirburði yfir önnur lið. Fatlaðir kepptu í mörgum flokkum í sundi og frjálsíþróttum og þar að auki í boltakasti og boccia. Margir hinna fötl-

uðu kepptu í flestöllum greinum og höfðu einstaklega gaman af að vera orðnir gjaldgengir á landsmóti. Líklega voru þeir einn glaðasti hópur keppenda á staðnum.

Skotfimi var ný íþrótt á landsmóti en keppt var í fjórum greinum hennar. Arnfinnur Auðunn Jónsson UMSK sigraði í keppni með riffli og loftriffli en Anton Konráðsson UÍÓ var hittnastur með skammbyssu og loftskammbyssu. Kjalnesingar voru mestu skyttarnar og hlutu helmingi fleiri stig en Ólafsfirðingar sem komu næstir. Badminton var einnig ný landsmótsíþrótt. Fjögur lið áttust við og Borgfirðingar sigruðu. Næstir komu Keflvíkingar, Skarphéðismenn og Austfirðingar.

Á landsmótum spretta oft fram gamlir meistarar og láta til sín taka. Einn af þeim var Stefán Snær Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, sem hlaut að lokum gullpening í karlaflokki í bordtennis. Hann lék fyrir Ungmennasamband Kjalarnesþings og stóð efstur níu karla en hlutskörpust sex kvenna varð Valdis Vaka Kristjánsdóttir UÍA.

Í handbolta kvenna mættu aðeins þrjú lið til leiks. Það var fækkun um helming frá síðasta landsmóti. Kjalnesingar höfðu umtalsverða yfirburði fram yfir Austfirðinga og Skarphéðinstúlkur. Austfirðingar urðu númer tvö en hið unga



lið HSK varð í þriðja sæti. Í körfuboltanum voru Njarðvíkingar samir við sig. Í úrslitaleiknum sigruðu þeir lið HSK sem var skipað leikmönnum Hamars í Hveragerði, í æsispennandi og skemmtilegum leik fyrir fullu húsi áhorfenda. Þeir voru flestir á bandi HSK enda hefur Ungmennafélag Njarðvíkur verið nær ósigrandi á landsmótunum fyrir utan sigur Grindvíkinga á Laugarvatni 1994. Það dugði þó ekki til og lokatölur urðu 76-72.



Í léttari flokki í glímu kvenna sigraði Hildigunnur Káradóttir HSP. Önnur varð Elisabeth Patriarca, þriðja systir hennar Ingibjörg Gunnarsdóttir og fjórða Halldóra Markúsdóttir. Allar frá HSK.

## Fótbrögð og frumleikur

Til stóð að glímukeppnin færi fram á Reyðarfirði við ófullkomnar aðstæður en glímumenn aftóku það og var hún færð í íþróttahúsið á Egilsstöðum. Keppnin var að vanda fjölbreytt og spennandi. Þar sáust klofbrögð og hælkrókar í öllum regnbogans litum. Í léttari kvennaflokki sigraði þingeyska valkyrjan Hildigunnur Káradóttir en í þeim þyngri Svana Hrönn Jóhannsdóttir úr Dölum. Svana barðist hart við frænkurnar frá Skútustöðum, Soffíu Björnsdóttur og Ingu Gerðu Pétursdóttur, og hafði betur. Í léttþyngd í karlaflokki stóðu feðgar tveir af Reyðarfirði efstir og jafnir eftir fyrstu umferð. Það voru Þóroddur Helgason skólastjóri og sonur hans Snær Seljan Þóroddsson. Báðir fljúgandi flinkir glímumenn en reynsla hins eldri færði honum sigurinn. Í milliþyngdinni voru snjallir menn á ferð. Þar sigraði hinn fötftimi Þingeyingur

Arngeir Friðriksson á fimmta landsmótinu í röð. Næstir honum komu þeir ekki síður bragðfimu Helgi Kjartansson HSK og Pétur Eyþórsson Víkverja. Hinir hávöxnu rauðhærðu garpar Skarphéðins, Ólafur Sigurðsson og Stefán Geirsson, kljádust um sigurinn í þyngsta flokki og þar sig-



Í miðþungaflokki sigraði Arngeir Friðriksson HSP. Annar var Helgi Kjartansson HSK, þriðji Pétur Eyþórsson Víkverja, fjórði Auðunn Gunnarsson UÍA, fimmti Kristján Yngvason HSP og sjötti Árni Þorgilsson HSK.





*Pálmi Gíslason gengur inn á Vilhjálmsvöll í fararbroddi eldri ungmennafélaga við setningarathöfnina.*

aði Ólafur að lokum. Stefáni var þó margt til lista lagt því hann tók þátt í kúluvarpi og gróðursetningu auk glímunnar og fékk stig í öllum greinum. Skarphéðinsmenn höfðu mesta breidd í glímunni og sigruðu nú Þingeyinga í stigakeppninni með 97 stigum gegn 67.

Í fimleikum kvenna var fótbragðið ennþá nettara en í glímunni. Þar áttust við þrjú lið og Kjalnesingar sigruðu sem oftast. Næstar komu Skarphéðinsstúlkur en í þriðja sæti urðu dömur frá Keflavík. Knattspyrnumenn eru þekktir fyrir öfluga fótamennt en þeim hafði fækkað um meira en helming frá síðasta landsmóti. Eftir þátttökusprengjuna á Laugarvatni var nú komið bakslag og liðum hafði fækkað úr 29 í 13. Austur-Húnavetningar stóðu með pálmann í höndunum að lokinni knattspyrnu karla því þeir unnu óvæntan sigur og lögðu HSP í úrslitaleik, 2-0. Í úrslitum kvenna léku UMSK og UÍA. Leikurinn var vel leikinn og sigurinn gat lent hvorum megin sem var. Kjalnesingum tókst að skora eitt mark sem dugði þeim til sigurs.

Meistarar fótbragðanna eru náttúrlega hestarnir. Þeir kepptu sín á milli í skeiði, tölta, fjór- og fimmgangi. Sér til aðstoðar hafði hver hestur valinn knapa sem var skrifaður fyrir árangrinum. Straumur frá Kirkjubæ var bestur í fjórgangi með aðstoð Sigurðar Óla Kristinssonar HSK. Í 150 metra skeiði sigruðu Léttir og Sigurður Óli og í gæðingaskiði var Fölvi frá Hafsteinsstöð-

um fremstur ásamt Sigurði Sigurðarsyni UMSK Tenór frá Ytri-Skógum sigraði í fimmgangi ásamt Vigni Siggeirssyni HSK og Laufi frá Kollaleiru í tölta með Hans F. Kjerúlfi UÍA. Heimamenn sigruðu í stigakeppni hestaiþróttanna en næstir komu Skarphéðinsmenn og þriðju Kjalnesingar.

## Djúp spor

Hópur eldri ungmennafélaga gekk í skrudgöngunni við setningu mótsins íklæddur UMFÍ-peysum með áletruninni: „Hreyfing og lífsreynsla. Aldrei

of seint.“ Pálmi Gíslason, fyrrverandi formaður UMFÍ, stjórnaði hópnum af skörungsskap og meira að segja bókarhöfundur, kornungur maðurinn, var gripinn glóðvolgur og stikaði inn á völlinn með hópnum. Félagar hópsins héldu námskeið á staðnum og kenndu jafnöldrum sínum leikfimi og ýmsa leiki. Keppni 25 þeirra í boccia og pútti var meðal sýningargreina mótsins. Hópurinn hafði afdrep í rúmgóðu tjaldi á staðnum og þar var jafnan heitt á könnunni. Um það sáu þær Stella Guðmundsdóttir og Ragnildur Ingvarsdóttir, eiginkonur Pálma Gíslasonar og Hafsteins Þorvaldssonar. Allir viðstaddir eldri ungmennafélagar voru sammála um að þessi frumraun þeirra á landsmótum væri bara byrjunin.<sup>386</sup>

Sýningargreinin sem mesta athygli vakti var alþjóðleg stangarstökkkeppni kvenna sem haldin var um hádegi sunnudagsins. Hún var til heiðurs íslensku stórstjórnunum Völu Flosadóttur og Þóreyju Eddu Elísadóttur. Ásamt þeim voru mættar bandarísku stúlkurnar Melissa Müller og Kellie Shuttle og Hanna Mia Person frá Svíþjóð. Þegar klukkan var rétt að verða tólf kom helliging og kliður fór um brekkuna þar sem 5000 spenntir áhorfendur höfðu komið sér fyrir. En þetta var aðeins skúr og sólin tók aftur að skína. Svo hófust loftfímleikar hinna stæltu íþróttakvenna. Vala stökk 4,01 m en Þórey Edda og Kellie Shuttle komust einar yfir 4,31 metra. Þórey Edda var vel stemmd og átti góðar tilraunir

við Íslandsmetið, 4,51 metra, en felldi naumlega. Áhorfendur hrifust af þessum afrekskonum og fögnuðu þeim innilega. Þórey Edda og Vala höfðu nóg að gera við að gefa eiginhandarárítanir og litlar stúlkur með stjórnur í augum fylgdu þeim hvert fótstíga. Stangarstöckið var einn af hápunktum mótsins og eftirminnilegt öllum sem á horfðu.

Blíðskaparveður einkenndi landsmótið á Egilsstöðum. Þegar svo tekst til verða allir hlutir léttari í svifum og enginn gerir sér rellu yfir smáhnökrum. Reyndar þótti veðurguðunum, þeim Lofti og Kára, nóg komið og skrúfuðu örlítið frá rigningunni um miðjan sunnudaginn, rétt um það leyti sem mótinu lauk. Það breytti engu, gleðin yfir velheppnuðu móti ljómaði áfram á hverju andliti.

Hinir 1160 keppendur mótsins voru á öllum aldri, frá tíu ára til níraðisaldurs og 27 sambönd og félög reyndu með sér í starfi og leik. Þátttökugjöld af hverjum keppanda voru 4500 krónur og með þeirri upphæð ásamt auglýsingum og styrktaraðilum tókst að fjármagna kostnað mótshaldsins sem var um 30 milljónir króna. Nefndinni tókst með dyggri aðstoð gjaldkerans, Jónasar Þórs Jóhannssonar, að reka mótið með hagnaði sem reyndar var meiriháttar afrek. Á mótinu var afhjúpað merki landsmótanna sem mun verða tákn þeirra í framtíðinni.

Fremur fáir áhorfendur fylgdust með hinni dreifðu keppni landsmótsins víðs vegar um Austfirði en voru þess í stað þaulsætnir í blíðunni á Egilsstöðum. Tólf þúsund gestir eru taldir hafa sótt landsmótið heim í fjórðungnum og flestir létu fara vel um sig á Vilhjálmssvelli. Landsmótið var „nökkurs konar Ólympíuleikar Íslands enda sameinast þar ólíkir íþróttamenn með það að markmiði að gera sitt besta og efla um leið samkenndina sem er svo nauðsynleg fyrir íþróttirnar allar í heild.“<sup>387</sup>

Heiðursgestur mótsins var hinn aldni íþróttagarpur Guttormur Þormar í Geitagerði í Fljótsdal sem gerði garðinn frægan á hlaupabrautum landsmótanna allt frá Hvanneyri 1943 til Akureyrar 1955. Hann var lengi sauðfjárbóndi en stundaði nú skógrækt af kappi og var léttur á fæti ekki síður en 60 árum fyrr.

Forseti Íslands komst svo að orði í leikskránni

að landsmót UMFÍ hefðu jafnan markað djúp spor í mannlífi og menningu byggðanna og verið vettvangur árangurs og afreka sem lengi væru í minnum höfð.<sup>388</sup>

Skarphéðismenn héldu uppteknum hætti og sigruðu nokkuð örugglega í heildarstigakeppninni. Breiddin var þeirra aðalsmerki en HSK var eina sambandið sem hlaut stig í öllum greinum mótsins. Þeir sendu 189 keppendur til leiks og sigruðu í golfi, glímu og íþróttum fatlaðra. Kjalnesingar voru í öðru sæti en heimamenn á Austfjörðum höfðu tekið mikið stökk úr sjöunda sæti á síðasta landsmóti í það þriðja núna. Þetta endurspeglar þann metnað og dugnað sem heimamenn hverju sinni hafa sýnt á landsmótunum. Í minningunni er landsmótið á Egilsstöðum umvafið sólarljóma við landsmótseldinn á Vilhjálmssvelli.

Heildarstig sambanda og félaga		stig
1.	HSK	1899,5
2.	UMSK	1649
3.	UÍA	1469
4.	UMSS	714,5
5.	HSV	560
6.	UMSE	490,5
7.	HSP	490
8.	UMSB	406,5
9.	Umf. Njarðvíkur	375
10.	Keflavík	294
11.	HSB	200
12.	USAH	199,5
13.	Umf. Akureyrar	145
14.	HSH	102,5
15.	Umf. Fjölnir	115
16.	Umf. Víkverji	88
17.	UNP	84,5
18.	UDN	54
19.	UÍÓ	48
20.	Umf. Óðinn	18
21.	USVS	12,5
22.	Umf. Kjalnesinga	12
23.-24.	HHF	10
23.-24.	Umf. Vesturhlíð	10
	HSS	0
	USVH	0
	USÚ	0



*Ólafur Ragnar Grímsson forseti lætur fara vel um sig meðal áhorfenda og spjallar við Kristján Yngvason, Unni Stefánsdóttur og Kristínu Gísladóttur.*

<b>Stigahæstu keppendur</b>		<b>stig</b>			
Guðrún Bára Skúladóttir, frjáls.	HSK	30	Arnar Már Vilhjálmsson, frjáls.	UMSS	24
Íris Edda Heimisdóttir, sund	Keflavík	30	Ágústa Tryggvadóttir, frjáls.	HSK	24
Jón Arnar Magnússon, frjáls.	UMSK	30	Sigurbjörn Á. Arngrímsson, frjáls.	HSK	24
Jón Oddur Sigurðsson, sund	Umf.N	30	Stefán Karl Sævarsson, sund	UMSK	24
Sunna Gestsdóttir, frjáls.	UMSS	30	Theódór Karlsson, frjáls.	UMSS	24
Arna Atladóttir, sund	Umf.N	29	Vilborg Jóhannsdóttir, frjáls.	UMSS	24
Heiðar Ingi Marinósson, sund	HSV	29	Örvar Ólafsson, frjáls.	HSK	24
Sigurbjörg Gunnarsdóttir, sund	Umf.N	29	Auður Aðalbjarnardóttir, frjáls.	UMSE	23
Ólafur Guðmundsson, frjáls.	HSK	28	Ásgeir Haukur Einarsson, sund	UMSK	23
Sólveig Hildur Björnsd., frjáls.	UMSS	28	Elís B. Sigurbjörnsson, frjáls.	UMSS	23
Sveinn Margeirsson, frjáls.	UMSS	28	Gauti Jóhannesson, frjáls.	UMSB	23
Arnar Felix Einarsson, sund	UMSK	27	Sigurður Guðmundsson, sund	UMSB	23
Kristín Birna Ólafsdóttir, frjáls.	Umf.F	25	Þór Sveinsson, sund	HSV	23
Sigurbjörg Ólafsdóttir, frjáls.	UMSK	25	Hermann Unnarsson, sund	Umf.N	22
Vigdís Guðjónsdóttir, frjáls.	HSK	25	Jóhann Árnason, sund	Umf.N	22
Þóra Sigurbjörg Sigurþórsd., sund	Keflavík	25	Rósa Jónsdóttir, frjáls.	Umf.F	22
			Stefanía Ósk Arnardóttir, sund	UMSK	22





Séð yfir mótssvæðið við mótsetningu.

## 24. landsmót UMFÍ á Sauðárkróki 8.-11. júlí 2004



### Til Sauðárkróks um Vestfirði

Eins og fyrr renndu héraðssambönd UMFÍ hýru auga til landsmótshalds með þá frómu ósk bak við eyrað að bæta aðstöðu sína til íþróttaiðkunar og mótahalds. Þegar búið var að úthluta 23. landsmótinu til UÍA fóru menn að huga að því næsta. Þingeyingar tóku af skarið og sendu inn umsókn um mótið haustið 1997. Næstir voru Skagfirðingar sem samþykktu á þingi sínu í apríl 1998 að sækja um 24. landsmótið árið 2004.<sup>389</sup> Nú bættust fleiri í hópinn og haustið 2000 höfðu borist umsóknir um landsmót frá Keflvíkum og Vestfirðingum auk hinna fyrrnefndu. Stjórnarmenn UMFÍ héldu fundi með fulltrúum umsækjendanna og 10. febrúar 2001 samþykktu þeir að fela hinu nýstofnaða Héraðssambandi Vestfjarða að halda landsmót árið 2004 ásamt Héraðssambandi Bolungarvíkur.<sup>390</sup>

HSB og HSV hófu undirbúning mótsins og nefnd var stofnuð en fljótlega kom upp ágreiningur því bæði samböndin vildu fá nýjan leikvang

á sitt heimahlað. Í október 2001 hafði orðið trúnaðarbrestur milli nefndarmanna og þá sögðu fulltrúar HSB sig úr nefndinni. Fulltrúar HSV hugðust halda áfram störfum en þegar Ísafjarðarbær sagði sig frá uppbyggingu nauðsynlegra mannvirkja fyrir landsmótið sáu þeir sína sæng útbreidda og skiluðu umboðinu aftur til UMFÍ. Þetta gerðist í janúar 2002 og málið var aftur komið á byrjunarreit.<sup>391</sup>

Nú voru góð ráð rándýr. Stjórn UMFÍ brást við með því að gefa öllum sambandsaðilum sínum kost á að sækja um landsmótið og bað um skjót viðbrögð. Næstu vikur rigndi inn umsóknum, frá HSB, UMSK, Ungmennafélaginu Fjölni og UMSS. Meira að segja Íþróttabandalag Reykjavíkur sem ekki var innan UMFÍ sótti um að halda landsmót í Reykjavík. Öllum umsóknum fylgdu jákvæðar umsagnir og stuðningsyfirlýsingar sveitarstjórna svo ekki skorti baklandið. Þessar umsóknir voru ræddar mikið og vel á næsta stjórnarfundum UMFÍ en niðurstaðan varð sú að úthluta mótinu til UMSS og halda það á Sauðár-





*Ómar Bragi Stefánsson framkvæmdastjóri landsmótsins fyrir miðju ásamt starfsmönnum landsmótsskrifstofunnar Pétur Friðjónssyni og Guðlaugu Gunnarsdóttur.*

króki.<sup>392</sup> Þessi úthlutun var ekki síst viðurkenning til Skagfirðinga fyrir gott starf í frjálsíþróttum og góða frammistöðu á síðasta landsmóti. Þá hafði Frjálsíþróttasambandið hvatt eindregið til þess að Sauðárkrókur yrði fyrir valinu.<sup>393</sup>

Nú var ekki eftir miklu að bíða og UMSS skipaði þegar landsmótsnefnd. Formaður hennar var Bjarni Jónsson sem var fulltrúi sveitarfélagsins Skagafjarðar. Nefndarmenn frá UMSS voru Haraldur Þór Jóhannsson, Hjalti Þórðarson, Páll Ragnarsson og Svanhildur Pálsdóttir. Nefndarmenn frá UMFÍ voru Björn B. Jónsson, Hildur Aðalsteinsdóttir, Hringur Hreinsson og Sæmundur Runólfsson.

Á vordögum 2003 var Ómar Bragi Stefánsson á Sauðárkróki ráðinn framkvæmdastjóri landsmótsins. Flestir munu telja að þar hafi fengist réttur maður á réttan stað. Eftir mótið setti Ómar Bragi saman ýtarlega skýrslu um aðdraganda þess og framkvæmd. Hún var skrifuð eins og höfundur orðar það „fyrst og fremst til að halda saman þeirri vitneskju sem fengist hefur við undirbúning og framkvæmd 24. Landsmóts UMFÍ þannig að hún geti nýst áfram til mótshaldara.“<sup>394</sup> Skýrslan er líka góð heimild þessarar frásagnar og undirstaða hennar að miklu leyti.

Landsmótsnefndin gerði strax í upphafi hefðbundinn samning við Sveitarfélagið Skagafjörð en innan þess eru öll hin fornu sveitarfélög héraðsins nema Akrahreppur. Nefndin naut mikillar velvildar sveitarstjórnarmanna sem tóku að sér að hafa íþróttamannvirki með öllum búnaði tilbúin fyrir landsmótið. Þar bar hæst íþrótt-

leikvanginn og alla þá framkvæmd sem honum fylgdi. Þetta var reyndar meira en leikvangur – heilt íþróttasvæði með áhaldageymslu og vallahúsi. Upphaflega átti kostnaður við svæðið að nema 78 milljónum en þegar upp var staðið höfðu framkvæmdir kostað næstum helmingi meira eða 147 milljónir króna. Þar af lagði ríkið fram 65 milljónir og UMSS 22 milljónir – að mestu í formi sjálfböðavinnu. Útkoman var

besti frjálsíþróttavöllur á landinu að mati framkvæmdanefndarinnar og reyndar margra fleiri. Hann var afhentur landsmótsnefnd til afnota hinn 6. júlí 2004, degi síðar en ráð var fyrir gert upphaflega.<sup>395</sup>

Þegar í ljós kom að fjarlægja þyrfti mikið magn af jarðvegi í aðalleikvangi þótti tilvalið að nota efnið í mikla jarðvegsmön sem girti fyrir völlinn að norðanverðu. Í möninni var komið fyrir áhaldageymslu sem hægt var að rölta í gegnum ef mönnum sýndist svo. Mönin þjónar þeim tilgangi að skýla vellinum fyrir norðanþepju og auk þess er hún áhorfendastæði. Töluvert var rætt um mönina í samfélaginu og Jón Eiríksson bóndi á Fagnanesi orti eftirfarandi um þá framkvæmd:

Það er opið upp á gátt  
út á bláan sæinn.  
Nú skal banna norðanátt  
að næða gegnum bæinn.<sup>396</sup>

Landsmótsnefndin hafði ekki mikinn tíma til stefnu og lét hendur standa fram úr ermum. Hún hélt fundi í tugatali og skipulagði óteljandi hluti, stóra og smáa. Til þess að þess að allt gengi nú upp þyrfti að fá góða kaupendur að mótinu. Þeir fengust og aðalstyrktaraðilar þess voru Kaupfélag Skagfirðinga, KB-banki, Visa-Ísland og Vátryggingafélag Íslands. Nokkur halli varð á landsmótinu en UMFÍ hljóp undir bagga með því að styrkja UMSS um eina milljón króna úr Verkefnasjóði árið eftir. Reyndar hafa landsmótin oftast verið fremur til frægðar en fjár og sjaldnast



Bjarni Jónsson formaður landsmótsnefndar.

hugsuð sem gróða-fyrirtæki.

Í ársbyrjun 2004 var einsýnt að framkvæmdastjórinn, þó öflugur væri, annaði ekki öllum verkefnum sem til féllu. Þá var bætt við tveimur starfsmönnum, Pétri Friðjónssyni og Guðlaugu Gunnarsdóttur. Kynningarblöð voru gefin út og vönduð leikskrá kom út daginn fyrir mótið.

Þá komu *Landsmótsfréttir* út á hverjum mótsdegi. Þeim var dreift ókeypis á morgnana sneisafullum af fréttum gærdagsins. Fréttafiklar og stigamenn tóku þeim fegins hendi enda ekki á nokkurs manns færi að fylgjast sjálfur með öllu sem gerðist á þessu fjölbreytta móti.

Sauðárkrókur með sína 2632 íbúa var vel í stakk búinn til að taka á móti gestum landsmótsins.<sup>397</sup> Um leið og komið var að bæjarmörkum voru menn komnir inn á landsmót. Þar stóðu sjálfboðaliðar og afhentu bílstjórum kynningarefni. Fánaborgir og skreytingar stóðu við aðalgötu, íþróttavöll og bæjarmörkin. Langflestar íþróttakeppnirnar fóru fram á afmörkuðu svæði við aðalgötu bæjarins. Frjálsíþróttir voru á leikvanginum og knattspyrnan og sundið sitt til hvorrar handar. Íþróttahúsið stendur við enda knattspyrnavallarins og á hina hlið þess er handboltaplanið. Meirihluti íþróttanna var því í góðu göngufæri fyrir mótsgesti og hinar voru skammt undan nema borðtennis, boccia og badminton sem fóru fram í Varmahlíð. Tjaldbúðir keppenda og annarra mótsgesta voru uppi á Nöfunum ofan við leikvanginn. Flest var því á sama stað, sem er óskastaða hvers landsmótshaldara.

## Bandalögunum boðið á landsmót

Enn var farið yfir landsmótsreglugerðina á þingi UMFÍ 2003 og henni breytt töluvert. Undirrótin var hin mikla umræða sem lengi hafði staðið um hugsanlega inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ. Lengi hafði það verið keppikefli bestu íþróttamanna landsins að keppa á landsmótum. Brögð

voru að því að liðsmenn íþróttafélaga utan UMFÍ gengju í ungmennafélög á landsmótsárum til að geta verið með á þessum „íslensku Ólympíuleikum“ eins og mótin voru stundum kölluð. Forsvarsmenn íþróttabandalaga sögðu litla sanngirni í því að útiloka liðsmenn þeirra frá landsmótunum. Árið 1994 svaraði Þórir Jónsson, formaður UMFÍ, þessari gagnrýni svo í *Skinfaxa*:

Landsmótin hafa að minnsta kosti undanfarna áratugi verið eingöngu fyrir ungmennafélaga og tel ég svo eiga að vera áfram. Það eiga að vera forréttindi ungmennafélaga fram yfir aðra íþróttamenn að geta tekið þátt í þeirri glæsilegu menningar- og íþróttahátíð sem landsmótin eru.<sup>398</sup>

Eftirmaður Þóris í formannsstóli, Björn B. Jónsson, var hlynntur inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ með þeim skilyrðum að sátt næðist um skiptingu lottótekna og að lög þeirra samræmdust lögum hreyfingarinnar. Um þetta náðist ekki samstaða og tillögu formannsins á þinginu 2003 var hafnað. Hins vegar var samþykkt að bandalögin mættu senda keppendur á landsmót til jafns við héraðssamböndin. Hér var um róttæka breytingu að ræða en sleginn var sá varnagli að eingöngu sambandsaðilar UMFÍ gætu orðið sigurvegarar landsmótanna. Þá var þeim einstaklingsgreinum sem hverjum keppanda stóð til boða fjölgað í fimm og samböndin máttu nú senda fjóra keppendur í hverja grein.<sup>399</sup>

Þetta fjölgaði keppendum töluvert og þeir urðu 1560 sem er mesti fjöldi frá upphafi. Þeim hafði fjölgað um nákvæmlega 400 frá síðasta móti, sem reyndar var það fámennasta frá 1987. Keppendur íþróttabandalaganna voru þó aðeins 202 svo ekki er beinlínis hægt að segja að þeir hafi flykkst á mótið. Nú bættust við þrjár nýjar mótsgreinar. Það voru körfubolti kvenna, siglingar og dans og þar fjölgaði um 88 keppendur. Mótsgreinar voru nú orðnar 19 og keppnisgreinar þeirra 117. Auk hinnar hefðbundnu mótsgreina voru ýmsar sýningargreinar í boði. Þar má nefna Æskuhlaup, Fjallahlaup og íþróttir eldri ungmennafélaga. Þeir kepptu í þútti, boccia og sýndu dans. Fyrirhuguð júdókeppni féll niður þar sem fáir keppendur gáfu sig fram.

Hinir 202 keppendur íþróttabandalaganna voru um 13 af hundraði keppenda á landsmótinu. Þeir voru hins vegar djarftækari en hinir til verðlauna

Því í þeirra hlut komu 22 af hundraði verðlaunapeninganna. Það bendir til þess að hlutfallslega fleiri þjálfaðir keppnismenn hafi komið úr röðum bandalaganna. Sérhæfing keppenda hafði líka aukist. Nú var orðið sjaldgæft að þátttakandi keppti í fleiri en einni mótsgrein eins og var algengt lengi vel frá 1940. En hvernig sem þátttöku manna var varið stefndi mikill mannfjöldi að Sauðárkróki þegar leið að landsmótsdögum.



## Skín við sólu Skagafjörður

*Sunna Gestsdóttir var í sérflokki á landsmótinu og sigraði í fimm greinum. Hún kemur hér fyrst í mark í 100 metra hlaupi.*

Veðrið lék við landsmótsgesti á Sauðárkróki og þegar keppni hófst á fimmtudaginn var logn og 20 stiga hiti. Þetta frábæra veður hélst alla helgina út í gegn og átti ekki minnsta þáttinn í vel heppnuðu móti. Setningarathöfnin á föstudagskvöldið fór fram í stafalogni og sólskini. Tónlist var leikin úr hljóðkerfi meðan áhorfendur komu sér fyrir

í brekkunum umhverfis völlinn. Fremst við aðra langhliðina sátu helstu fyrirmenn á langbekkjum með forseta Íslands á milli sín. Karlakórinn Heimir stóð á palli og kyrjaði þjóðsöng heimamanna, „Skín við sólu Skagafjörður,“ sem var einstaklega viðeigandi á þessum stað og stundu. Þá voru kynntir heiðursgestir mótsins, þeir sem voru í landsmótsnefnd landsmótsins á Sauðárkróki 1971. Þarna voru Stefán Pedersen, Magnús Sigurjónsson, Gísli Felixson, Stefán Guðmundsson og Sigurður R. Guðmundsson.

Nú hafði Hafsteinn Þorvaldsson tekið sér frí eftir að hafa stjórnað skrúðgöngum á fjölda landsmóta. Hinn þekkti frjálsíþróttamaður Unnar Vilhjálmsson stjórnaði inngöngu þeirra um það bil þúsund ungmennafélaga sem marseruðu inn á völlinn þrúðir og frjálsglegir í fasi. Fánaberi var heimamaðurinn Sveinn Margeirsson, fremsti langhlaupari landsins. Fremstir fóru þrír menn á hestum, hver með sinn þjóðfána. Þegar liðin höfðu raðað sér upp langsum á vellinum heilsaði Sveinn með fánakveðju og Heimismenn fluttu þjóðsönginn. Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ, setti mót-ið og stórfáni UMFÍ var dreginn að hún eins og venja er.

Þá kom hin áhrifaríka stund þegar tendra skyldi landsmótseldinn. Að vanda hvíldi mikil leynd yfir væntanlegum kyndilbera og ýmsar getgátur voru á lofti. Svo birtist frísklegur maður í íþróttabúningi UMSS með kyndil í hendi og þá kenndu flestir knattspyrnukappann og heimamanninn



*Eyjólfur Sverrisson tekur ofan fyrir áhorfendum eftir að hafa tendrað landsmótseldinn.*





*Silja Úlfarsdóttir sigraði í 400 metra grindahlaupi.*

Eyjólf Sverrisson. Eyjólfur hljóp tígulega að eldstæðinu fyrir enda vallarins og tendraði eldinn umkringdur ungum skagfirskum íþróttamönnum.

Afreksskona síðustu landsmóta, Sunna Gestsdóttir, flutti ávarp íþróttamanna og fyrimenn fluttu sín ávörp. Ólafur Ragnar Grímsson forseti dáðist mjög að hinni glæsilegu aðstöðu og sagði í léttum tón að það stýttist í að Skagfirðingar gætu sótt um að halda Ólympíuleikana! Danskur flokkurinn „Heimslíðið“ sýndi listir sínar og svo fóru fram hin hefðbundnu úrslit í 800 metra hlaupum kvenna og karla. Allt var þetta tímasett af mikilli nákvæmni og það furðulega gerðist að áætlunin stóðst. Eftir nákvæmlega einn og hálfan tíma var formlegri dagskrá lokið. Þá var afhjúpaður minnisvarði um mótið og sá Ólafur Ragnar Grímsson forseti um það. Danskur sýningarflokkur sýndi listir sínar og athöfninni var lokið. Hún þótt einstaklega hátíðleg og vel heppnuð og stemmingin var góð hjá hinum 9000 áhorfendum undir skagfirskri sól.

Með tilkomu íþróttabandalaganna komu nýir og sterkir keppendur inn á landsmótin en þeir gömlu stóðu líka fyrir sínu. Sunna Gestsdóttir UMSS var nú að keppa á fimmta landsmóti sínu

og hafði aldrei verið sterkari. Hún sigraði í 100 metra hlaupinu á glæsilegu landsmótsmeti, 11,99 sekúndum, langt á undan öðrum keppendum. Hún var í sérflokki í 200 metra hlaupinu og uppskeran var nýtt landsmótsmet þar einnig. Tíminn var 23,99 sekúndur. Hinn ágæti hlaupari Sigurbjörg Ólafsdóttir UMSS, sem varð önnur í báðum hlaupunum, var sem í aukahlutverki. Sagan endurtók sig í langstökkinu. Þar stökk Sunna 5,99 metra en meðvindur var aðeins of mikill. Sigurbjörg varð önnur með 5,77 metra sem einhvern tíma hefði dugað vel til sigurs.

Sunna kórónaði frammistöðu sína með því að sigra í báðum boðhlaupunum ásamt félögum sínum úr UMSS. Hún tók því með sér fimm gull yfir á Blönduós þar sem hún bjó en ók alltaf á Sauðárkrók til æfinga. Þessi mikla afrekkona landsmótanna og burðarás í landsliðinu hafði slegið hvert Íslandsmetið af öðru undanfarið og stefndi á Ólympíuleika þótt hún nyti engra styrkja frá íþróttahreyfingunni. „Ég er enn að bæta mig og meðan svo er heldur maður áfram að mæta á landmót, maður tímur ekki að hætta. Þau eru frábær, margir áhorfendur og stemming,“ sagði Sunna ánægð að lokinni keppni.<sup>400</sup>

Í 400 metra hlaupi sigraði Reykvíkingurinn Kristín Birna Ólafsdóttir og í 400 metra grindahlaupi var Silja Úlfarsdóttir úr Hafnarfirði fremst. Lengri hlaupin voru hreint einvígi á milli Írisar Önnu Skúladóttur Fjölni og Eygerðar Ingu Hafþórsdóttur ÍBH. Hart var barist en Eygerður Inga hafði sigur í 800 og 3000 metra hlaupunum. Íris Anna skaust fram fyrir hana í 1500 metrunum en hin gamalreynda Fríða Rún Þórðardóttir úr Mosfellsbæ var í þriðja sæti í öllum þremur hlaupunum. Fríða Rún var nú að keppa á sjötta landsmótiinu og hafði komist á verðlaunapall á þeim öllum. Tími Eygerðar Ingu í 800 metrunum, 2:14,88 mínútur, var nýtt frábært landsmótsmet.

Í 100 metra grindahlaupi kvenna sigraði hin skagfirska Vilborg Þórunn Jóhannsdóttir. Hún var ekki einhöm því hún varð fjórða í hástökki og kúluvarpi, önnur í kringlukasti og í öðru til fjórða sæti í stangarstökki. Sannarlega fjölhæf stúlka og þetta dugði henni til að verða stigahæst kvenna í frjálsíþróttum. Dagrún Inga Þorsteinsdóttir ÍBR sigraði í hástökki og í þristökkinu fór Jóhanna Ingadóttir ÍBR lengst frá plankanum. Í stangarstökki voru stórstjörnurnar fjarri en Fanney Björk Tryggvadóttir ÍBR sigraði og setti landsmótsmet, 3,40 metra. Auður Aðalbjarnardóttir





*Jón Arnar Magnússon sigrar áreynslulaust í riðlakeppni í 200 metra hlaupi og setur landsmótsmet.*

UMSS sigraði í kúluvarpi en Borgfirðingurinn Hallbera Eiríksdóttir í kringlukasti. Vigdís Guðjónsdóttir úr HSK sigraði að venju í spjótkastinu en fékk þó harða keppni hjá hinum tíu árum yngri Ásdísi Hjálmsdóttur ÍBR og Sigrúnu Fjeldsted ÍBH. „Jú, jú, stelpurnar eru aðeins farnar að láta blóðið í manni renna, það er bara fínt að fá keppni og þær eiga eftir að veita hana enn frekar á næstu árum,“ sagði Vigdís sem sigraði nú í fjórða sinn og brosti breitt.<sup>401</sup>

Hinn þrítugi Reykvíkingur Reynir Logi Ólafsson sigraði í 100 metra hlaupinu á 10,75 sekúndum og bætti landsmótsmet Aðalsteins Bernharðssonar frá 1984. Í 200 metra hlaupinu varð hinn 35 ára gamli Jón Arnar Magnússon vel fyrstur á 22,20 sekúndum og setti landsmótsmet. Gamla kempan Jón Arnar keppti í sex greinum á mótinu og uppskeran var fimm gull og eitt silfur. Jón sigraði í grindahlaupinu á góðum tíma og var í sigursveit UMSK í 4×100 metra boðhlaupi sem setti landsmótsmet. Þá vann hann auðveldan sigur í langstökki og annan í stangarstökki. Þar bætti hann eigið landsmótsmet og stökk 4,90 metra. Eina greinin sem hann hlaut ekki sigur í var spjótkast. Þar varð hann í öðru sæti á eftir Jónasi Hlyni Hallgrímssyni ÍBH. „Nú taka bara við æfingar,

meistaramótið, enn meiri æfingar og Ólympíuleikar,“ sagði þessi mikli afreksmaður sæll og glaður með velheppnað mót.<sup>402</sup>

Í 800 og 1500 metra hlaupum börðust þeir hart Sigurbjörn Árni Arngrímsson sem genginn var til liðs við Skagfirðinga og Gauti Jóhannesson úr Borgarfirði. Sigurbjörn hafði betur í bæði skiptin og setti landsmótsmet í 1500 metrunum af miklu harðfylgi á 3:56,85 mínútum. Sveinn Margeirsson UMSS sigraði í 5000 metrunum en landsmótsmet Jóns Diðrikssonar stóð óhaggað eftir. Í 400 metra grindahlaupi sigraði Björgvin Víkingsson ÍBH og setti landsmótsmet enda var það ný grein á landsmóti. Háfætti Húnvetningurinn Ein- ar Hjartarson, sem nú keppti fyrir ÍBR, sigraði með yfirburðum í hástökkinu og vippaði sér yfir 2,10 metra. Ólafur Guðmundsson sem lengi hafði keppt fyrir HSK var nú kominn í hinn fjölmenna hóp skagfirskra frjálsíþróttamanna undir stjórn Gísla Sigurðssonar. Ólafur sigraði í fjórða sinn í þristökkinu og var drjúgur við stigasöfnun eins og fyrri daginn.

Magnús Aron Hallgrímsson UMSK sigraði í kringlukasti en Pétur Guðmundsson HSK gerði sér lítið fyrir og sigraði í kúluvarpinu einu sinni enn. Pétur var nú orðinn 42 ára gamall og kastaði



*Mikil keppni í 5000 metra hlaupinu.*

16,30 metra. Hinn ungi og efnilegi Óðinn Björn Þorsteinsson úr Hafnarfirði varð að sætta sig við annað sætið með 16,18 metra. Í 1000 metra boðhlaupinu sigruðu Kjalnesingar örugglega þó Jón Arnar tæki sér hvíld. Skagfirðingar áttu tvær næstu sveitir svo nóg var breiddin á þeim bænum.

Sveit Hafnfirðinga í boðhlaupunum vakti verðskuldaða athygli. Í henni voru þeir bræður Ólafur Sveinn, Björn og Bjarni Þór Traustasynir ásamt föður sínum Trausta Sveinbjörnssyni. Sem sönnum leiðtoga sæmði hljóp Trausti sjálfur endasprettinn í styttra boðhlaupinu og skilaði sveitinni í mark. Í lengra boðhlaupinu þótti vissara að láta hann hlaupa fyrsta sprettinn sem er stystur. Áhorfendur fögnuðu þessum fræknu feðgum vel og lengi og sérstaklega ættföðurnum sem gerði garðinn frægan á landsmótum áður fyrr og sigraði í 400 metra hlaupi á Eiðum 1968. Trausti sagði að vissara hefði verið fyrir þá að nota tækifærið og hlaupa saman á landsmóti því það gerðist ekki aftur. Synirnir voru ekki eins vissir um sig en allveg öruggir um að karlinn yrði klár í slaginn á næsta móti. Dæmigert fyrir léttleikann og gleðina sem ríkti þarna á vellinum á landsmótinu.<sup>403</sup>

Árangur frjálsíþróttamanna var frábær og mörg

glæsileg landsmótsmet voru sett. Skagfirðingar héldu stöðu sinni sem sterkasta frjálsíþróttaliðið. Þeir fengu 427,5 stig. Næst kom Íþróttabandalag Reykjavíkur með 395 stig, Kjalnesingar með 349 og Skarphéðingsmenn með 194,5 stig. Marga rak í rokastans þegar þeir sáu nýju æfingagallana hjá þeim síðastnefndu. Hingað til höfðu Skarphéðingsmenn verið bláir og gulir og mjög áberandi bæði meðal áhorfenda og í keppni enda sést guli liturinn vel. Nú brá svo við að þeir mættu til leiks í bláum og svörtum göllum og skáru sig því ekkert úr.<sup>404</sup>

## **Bolti, bridds og bragðfimi**

Boltaíþróttir voru margar og fjölbreyttar á landsmótinu. Í bordtennis voru Reykvíkingarnir Matthías Stephensen og Halldóra Sigurlaug Ólafs hlutskörpust.

Í blakinu tóku þátt tíu lið í karlaflokki. Nú voru gömlu stórveldin HSK og UÍA komin niður á hælana því HSK endaði í sjötta sæti og UÍA í níunda. Kjalnesingar voru sterkir sem fyrr og sigruðu annað af tveimur liðum Reykjavíkur í úrslitum af talsverðu öryggi. Hjá konunum voru tólf lið að berjast og nú tókst Kjalnesingum að hefna fyrir ósigurinn gegn Austfirðingum á síðasta móti. Úrslitaleikurinn var hörkuspennandi og liðin unnu hvort sína hrinu í upphafi. Lokahrinuna unnu Kjalnesingar 15-11 eftir mikla baráttu og harðar sóknir á báða bóga.

Golfið gekk vel í blíðunni eins og aðrar utanhússgreinar mótsins. Golfkappar Skagfirðinga voru svo sannarlega á heimavelli og sigruðu bæði í karla- og kvennaflokki. Ekki væsti heldur um konurnar í handboltanum sem leikinn var á malbiki utanhúss að vanda. Ekki mættu nema fimm lið til leiks, þar af voru tvö frá UMSK en hin frá Þingeyingum, Keflavík og heimamönnum. Lið Kjalnesinga höfðu yfirburði en Keflvíkingar gengu þeim næstir. Í liði Keflavíkur kepptu systurnar Björg Ásta og Guðný Petrína Þórðardætur ásamt móður sinni Þuríði Þorkelsdóttur. „Þetta



*Frá körfuboltakeppninni.*

eru alveg frábær mót og þau eru orðin fjölskyldu-skemmtun,“ sagði Þuríður um landsmótin og gat trútt um talað.<sup>405</sup>

Nú hafði aðeins fjölgað í knattspyrnu karla og þar áttust við 11 lið. Hjá konunum voru liðin ekki nema fjögur og kepptu öll í einum riðli. Til úrslita léku Keflavík og Vestfirðingar. Suðurnesjastúlkur sigruðu 2-0 enda mikil knattspyrnuhefð á þeim bænum. Í karlaflokki áttust Bolvíkingar og Austfirðingar við í úrslitum. Leikurinn var hnífjafn og fór í framlengingu. Þar tókst Austfirðingum að knýja fram sigur með þremur mörkum gegn einu.

Í körfubolta karla urðu tíðindi. Njarðvíkingar, sem áttu áratuga sigurgöngu að baki, enduðu nú í fjórða sæti. Þeir töpuðu fyrsta leik sínum gegn Snæfellingum naumlega og einnig leik um þriðja sætið gegn Akureyringum. Snæfellingar voru með sterkasta liðið og sigruðu Kjalnesinga í úrslitum 69-58. Konur kepptu í körfubolta í fyrsta sinn á landsmóti. Fimm jöfn lið mættu til leiks og léku hvert við annað. Þar urðu Reykvíkingar efstir, Snæfellingar aðrir og Skarphéðinsmenn í þriðja sæti.

Fjölmennt var í briddsinu að vanda og 18 sveitir settust við spilaborðin í Háskólanum á Eyrinni. Keppnin var löng og hörð og jöfn en Skarphéð-



*Frá briddskeppninni. Gunnlaugur Karlsson HSK spáir í spilin.*

insmenn stóðu efstir þegar búið var að telja alla slagi, geim og grönd. Reyndar var það HSK 2 sem sigraði en fimm sambönd nýttu sér að senda tvö lið í keppnina. Í öðru sæti urðu Þingeyingar rétt á undan Reykvíkingum. Í skákinni sigruðu Fjölismenn en Skarphéðnar og Kjalnesingar fylgdu þeim fast eftir. Skákmenn tefldu 30 mínútna atskákir og náðu sumir að afgreiða allt að fimm slíkar á dag.

Glímumenn fengu fyrir náð og miskunn að þreyta fangið í íþróttahúsinu gegn því að spenna á sig beltin að kvöldi fimmtudagsins. Einhverjir yggldu sig yfir því en fjöldi áhorfenda og mikil hvatning þeirra reið þó baggamuninn og allir voru kátir að leikslökum. Í léttari flokki kvenna var Inga Gerða Pétursdóttir hinn öruggi sigurvegari. Í þyngri flokknum voru það systurnar frá Hlíð í Miðdölum, Svana Hrönn og Sólveig Rós Jóhannsdætur, sem tókust á um sigurinn. Svana sigraði í úrslitaglímu og í þriðja sæti var Soffía Björnsdóttir HSP.



Í léttasta karlaflokki kom Daníel Pálsson HSK til leiks eftir nokkurt hlé og lagði alla andstæðinga sína. Arngeir Friðriksson HSB vann sjötta sigurinn í röð á landsmóti þegar hann lagði alla sína andstæðinga í millþyngdinni kirfilega. Sannarlega glæsilegur ferill hjá Arngeiri. Annar varð glímukóngurinn Pétur Eyþórsson ÍBR sem lagði alla nema Arngeir. Í þyngsta floknum voru átta hraustir menn mættir á völinn. Hinn kornungi Þingeyingur Pétur Þórir Gunnarsson kom á óvart þegar hann lagði Stefán Geirsson HSK snemma í mótinu. Stefán fékk ekki fleiri byltur og sigraði í floknum en Pétur varð í öðru sæti. Gömlum glímuköppum leist drengurinn efnilegur og ekki skorti keppnissskapið. Þriðji varð fyrrverandi glímukóngur, Ólafur Sigurðsson HSK, enda voru hér engin smámenni á ferð.

## Fótamennt og fleira

Nú var dansinn kominn á dagskrá landsmótanna sem keppnisgrein. Hér var ekki verið að tala um polka og ræla og valsa heldur hina suðuramerísku dansa Samba, Rumba, Jive og Chachacha. Tólf pör skelltu sér á dansgólfið í bóknámshúsinu á Sauðárkróki og voru þau frá UMSB, UMSK og heimamönnum í UMSS. Kjalnesingar röðuðu sér í efstu sætin. Þau Ísak Halldórsson og Helga Dögg Helgadóttir báru af í öllum dönsunum og voru ótvíræðir sigurvegarar. Í fimleikum voru fimm lið í leiknum og tóku þátt í trompfimleikum. UMSK-stúlkur eiga mikla fimleikahefð enda sigruðu þær með nokkrum yfirburðum. Í öðru sæti urðu HSK-stúlkur en Keflavíkurdömur þriðju.

Í hestaíþróttum urðu þau tíðindi að Skarphéðinsmenn skákuðu skagfirskum hestamönnum á heimavelli íslenska hestsins! Þar léku stórt hlutverk þeir Sigurður Sigurðarson og Sigursteinn Sumarliðason sem sviptu inn stigunum bæði í gæðinga- og flugskeiði. Þá var Sigurður Óli Kristinsson drjúgur. Agnar Snorri Stefánsson UMSE sigraði bæði í fjór- og fimmgangi en Anton Páll Nielsson bjargaði heiðri heimamanna með sigri í tólti. Það hefur lengi verið sígilt umræðuefni í kaffistofum norðlenskra hesthúsa hvernig þetta gat gerst en engin skýring hefur fundist.

Skotmenn þrumuðu með haglabyssum á leirdufur á skotsvæði Jóns Ósmanns. Mikla einbeitingu þarf við að skjóta og einn keppandinn orð-

aði það svo: „Maður byrjar að undirbúa sig áður en farið er á pallinn og það kemst ekkert annað en dúfa, dúfa, dúfa í hausinn á manni.“ Eins og nærri má geta áttu dúfurnar litla möguleika í þessu stríði. Skotmenn úr Reykjavík og Hafnarfirði fjölmenntu og efstur með haglabyssuna stóð Hilmar Árnason í Reykjavík. Eyjólfur Óskarsson ÍBR var hinsvegar slyngastur að skjóta liggjandi með riffli. Gunnar Hallbergsson ÍBR hitti best með loftskammyssu en það var eina konan í hópnum, Jórunn Harðardóttir ÍBR, sem skaut áberandi best með loftriffli.

## Sund og starfsíþróttir

Ennþá fækkaði keppendum í sundi og nú voru snöggjum færri konur sem syntu en á Egilsstöðum. Margt af besta sundfólki landsins var ekki með á mótinu og í heildina var sundið lakara en á undanförunum árum enda voru engin landsmótsmet slegin. Heiðar Ingi Marinósson úr Hafnarfirði sigraði í þremur sundgreinum karla og bætti landsmótsmet sín frá Egilsstöðum naumlega. Þeir Sigurður Guðmundsson UMSB og Hjalti Rúnar Oddsson HSK sigruðu í sínum tveimur greinum hvor. Arnar Einarsson úr UMSK sigraði í einni grein en Skarphéðinsmenn og Njarðvíkingar skiptu á milli sín boðsundunum. Einn af elstu keppendum var Sigurjón Þórðarson alþingismaður sem



*Pétur Þórir Gunnarsson leggur Ólaf Sigurðsson.*





*Stefán Geirsson leggur Ólaf Kristjánsson á kloffbragði.*

nældi í fimm stig fyrir UMSS þó orðinn væri fertugur.

Keflavíkurstúlkur sigruðu í báðum boðsundum kvenna og fyrir þeim fór Þóra Björg Sigurþórsdóttir sem var þrefaldur sigurvegari. Hildur Karen Ragnarsdóttir UMSK kom fyrst að bakka í tveimur greinum og félagi hennar Elfa Sigurðardóttir í einni. Þær Heiða Björk Jóhannsdóttir ÍBR og Þorgerður J. Sveinbjarnardóttir úr Eyjafirði sigruðu svo sín í hvorri greininni. Kjalnesingar héldu uppteknum hætti og sigruðu í stigakeppni sundsins en Skarphéðismenn höfðu braggast frá því síðast og náðu öðru sæti. Þriðju voru svo Njarðvíkingar og heimamenn skammt á eftir þeim.

Margir segja að starfsíþróttir séu hinar einu sönnu landsmótsíþróttir. Þær vekja alltaf mikla athygli enda margar sérkennilegar svo ekki sé meira sagt. Keppni í að leggja á borð þótti æsispennandi. Þar sigraði Hrönn Sigurðardóttir HSP og sigurborð hennar hét „Stemming við bæjarlækinn.“ Það stóð sannarlega undir nafni því allt á því var fengið úr bæjarlæknum hjá Hrönn á Stóru-Tjörnum í Ljósavatnshreppi. Hjón úr Eyjafirði voru meðal keppenda. Eiginkonan, Ragnheiður Friðgeirsdóttir, varð í þriðja sæti og hlaut átta stig en eiginmaðurinn, Sævar Freyr Ingason, nældi í þrjú stig í áttunda sæti.<sup>406</sup>

Það var Gróa Valgerður Ingimundardóttir í

Skarphéðni sem sigraði í jurtagreiningunni en móðir hennar, Þórunn Kristjánsdóttir, var í áttunda sæti. Þær mæðgur eru búsettar á Vatnsenda í Villingaholtshreppi og æfðu sig jöfnum höndum á jurtnum í sveitinni. Tími var tekinn á keppendum þannig að ef einhverjir voru jafnir réð tíminn. Gróa Valgerður greindi allar jurtirnar rétt á fjórum mínútum og nítján sekúndum sem gerði gæfumuninn því margir voru mun lengur að leysa verkefnið.

Minnst var þátttakan í línubeitingu enda segja kunnugir að hún hafi runnið sitt skeið og vélar séu teknar við að mestu leyti. Aðeins sjö keppendur létu sig hafa það að krækja beitu á önglana og það var sérgreinarstjórinn sjálfur, Valgarð Valgarðsson UMSS, sem krækti í gullið. Hann var þar einu stigi á undan Jósteini Hreiðarssyni HSP sem oftast hafði hrósað sigri í þessari grein. Sumum þótti stílbrot að stjórnandinn skyldi vera með í leiknum en öðrum þótti það bara sniðugt. Sjálfur hafði hann efasemdir um að greinin ætti framtíð fyrir sér og lagði til að næst yrði keppt í handflökun.<sup>407</sup>

Í gróðursetningu þurftu menn að hafa hraðar hendur og fima fætur til að koma 100 trjáplöntum í jörð á hálf tíma. Allar þurftu þær að standa í beinni röð og til að gera málið flóknara fengu menn bæði birki og lerki í hendurnar og urðu að velja hverri plöntu réttan stað. Arnar Sigurbjörnsson UÍA kom fyrstur í mark á 13:17 mínútum og það dugði til sigurs. Félagi hans að austan, Sigfús Ingi Víkingsson varð annar og í þriðja sæti varð heimamaðurinn Erlingur Garðarsson.

Keppendur í stafsetningu máttu sæta illri meðferð íslenskufræðinga og fengu í hendur ýmsa orðaleppa. Engum tókst til dæmis að komast í gegnum örnefnið Kvígildisdal svo vel væri en efstir og jafnir stóðu Hlynur Þór Magnússon HSV, blaðamaður af Ísafirði, og Einar Sigmarsson HSK íslenskufræðingur undan Eyjafjöllum. Eins og alltaf vissu allir allt sem þeir voru ekki spurðir um en sumt af hinu vafðist fyrir þeim. Þannig fór fyrir bókarhöfundu sem hafnaði í fjórða sæti og hrapaði mjög í eigin álitu við niðurstöðuna.

Pönnukökubaksturinn fór fram í reiðhöllinni Svaðastöðum og þar var fyrsta flokks aðstaða fyrir keppendur, dómara, tímaverði og áhorfendur. Pönnukökur þykja sérgrein kvenna enda voru 17 af 20 keppendum kvenkyns. Það var þó einn af hinum þremur körlum sem stóð að lokum með

pálmann og pönnuna í höndunum. Gunnar Ómar Gunnarsson HSP þótti bæði flinkur með pönnuna og svo var framleiðslan mjög ljúffeng að mati dómara. Næstar voru Helgur tvær. Helga Baldursdóttir HSK varð önnur og Helga Hjálmarsdóttir UMSS þriðja.

Dráttarvélaraksturinn hefur sífellt orðið flóknari eftir því sem vélarnar sjálfar verða fullkomnari. Þetta hafði alltaf verið hreinræktuð karlaíþrótt en fyrsta konan, Sigrún Hinriksdóttir UMSK, var skráð til leiks að þessu sinni. Það fór þó ekki vel því henni mistókst að hengja gafflana á dráttarvélinu og hætti keppni. Skagfirðingar unnu tvöfalt því bræðurnir Bessi Freyr og Grétar Vésteinsynir komu best út í þrautabrautinni enda á heimavelli.

Í hestadómum unnu keppendur saman tveir og tveir. Sigurvegarar voru þau Birna Káradóttir og Sigurður Óli Kristinsson HSK rétt á undan annarri skagfirsku sveitinni. Þá var ekki eftir nema starfshlaupið. Nú reyndi lítið á getspeki manna en þess meira á krafta og þol því keppnin var sniðin eftir hreystikeppni þrekmenna. Meðal annars þurfti að snara bobbingum upp á olíutunnur, rúlla dekki, hlaupa með hlaðnar hjólbörur og hlaupa afturábak næstum 100 metra. Lokaþrautin var að leggja á hest og það reyndist þrautin þyngri. Kynnir mótsins, Jón Hallur Ingólfsson, sem var sérlega lifandi og fjörugur við að lýsa frjálsíþróttunum, fór á kostum við starfshlaupið við mikla kátínu áhorfenda. Eyfirðingurinn Jón Ingi Sveinsson sigraði að lokum í þessu erfiða hlaupi en keppendur voru 33.<sup>408</sup>

## Áfram landsmót

Eldri ungmennafélagar ásamt Félagi áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) fjölmenntu á Sauðárkrók og tóku virkan þátt í mótinu. Á laugardegnum tóku þeir þátt í boccia og púttkeppni en hápunkturinn var hópsýning 120 eldri borgara sem dönsuðu samræmdan fimleikadans á leikvanginum. Áhorfendum þótti sýningin glæsileg og dáðust að þrótti þessara fullorðnu unglinga. Hjörtur Þórarinnsson, stjórnarmaður FÁÍA, minntist þessarar stundar með eftirfarandi limru:

Á skagfirskri glæstri grundu  
glæbeittir hópar sér undu.  
Eldra ungmennaliðið  
með æskusvip steig upp á sviðið  
og lék sér á líðandi stundu.<sup>409</sup>



*Frá keppni í gróðursetningu.*

Kvöldvökur voru á hverju kvöldi í Reiðhöllinni Svaðastöðum meðan á landsmótinu stóð. Þar sýndu skagfirskir hestamenn og hestar listir sínar ásamt karlakórnum Heimi. Á laugardagskvöldið voru Stuðmenn þar með dansleik. Á Flæðunum, sem eru inni í miðjum bæ, voru kvöldvökur á föstudags- og laugardagskvöld þar sem þjóðkunnir skemmtikraftar komu fram. Þar má nefna Geirmund Valtýsson, Á móti sól, Latabæ, Stuðmenn og Álftagerðisbræður. Þar hafa gestirnir væntanlega raulað viðlagið í nýja landsmótslaginu sem var á þessa leið: „Landsmót, nú líður mér vel, lengi hef ég beðið þín. Í sumri og sól, á Sauðárkróki Tindastól.“ Að sögn lögreglunnar voru tíu þúsund manns í bænum á föstudagskvöldið og enn fleiri kvöldið eftir. Allt fór þó vel fram og friðsæll ungmennafélagsandinn sveif yfir vötnunum.

Lokafundur landsmótsnefndar á sunnudagsmorgni var tíðindalítill. „Þetta er ótrúlegt, það er ekkert um að tala, engin vandamál, allt hefur gengið upp samkvæmt áætlun,“ sagði Björn B. Jónsson formaður UMFÍ. Eftir að hafa drukkið

einn kaffibolla og horft hver á annan um stund gengu nefndarmenn af fundi og tóku til við að fylgjast með dagskrá mótsins.<sup>410</sup>

Við lokaathöfnina um miðjan dag á sunnudegi voru hátt í 5000 manns viðstaddir og létu ekki á sig fá þótt aðeins færi að sudda undir lok athafnarinnar. Þar var mikið bikaraflóð því glæsilegur bikar fékkst fyrir sigur í hverri grein. Stigahæstu keppendur og afreksfólk hlutu bikara og hvert einasta samband fékk einhvern grip til að taka með sér heim. Það var Valdimar Leó Friðriks-son, formaður UMSK, sem tók stoltur á móti nýjum aðalverðlaunagrip mótsins því nú hafði sambandið betur í einvígi sínu við HSK. Skagfirðingar lyftu grettistaki og voru í öðru sæti stigakeppninnar. Það var einstakt afrek hjá áttunda fjölmennasta sambandi UMFÍ en Skagfirðingar sýndu það og sönnuðu með landsmótshaldinu hvers þeir voru megnugir. Skarphéðinsmenn voru í þriðja sæti og þurfti að leita allt aftur til 1946 til að finna hliðstæðu.

Björn B. Jónsson formaður UMFÍ hélt ræðu og þakkaði gestum komuna og mótshaldara fyrir framkvæmdina og sleit mótinu. Landsmótsfáninn var dreginn niður og gestir héldu heim á leið. Skúli Unnar Sveinsson, blaðamaður *Morgunblaðsins*, sendi frá sér marga skemmtilega pistla af mótinu um helgina og á hér lokaorðin:

Mótið á Sauðárkróki var einstaklega vel heppnað. Skipulagið frábært og öll aðstaða til fyrirmyndar svo ekki sé nú minnst á veðrið. ... Að lokum til þeirra sem hafa litið Landsmót hornauga, þá held ég að sé óhætt að taka undir með einum sveitunga mínum úr UÍA sem sagði: Það er enginn maður með mönnum nema hafa farið á landsmót!

Íslandi allt, lifi landsmótin!<sup>411</sup>



*Eldri ungmennafélagar sýna dans á íþróttavellinum.*

#### Heildarstig sambanda og félaga

	stig
1. UMSK	1986,75
2. UMSS	1775,75
3. HSK	1653
4. ÍBR	1445,5
5. HSP	667,5
6. Keflavík	525
7. UÍA	500,25
8. UMSE	427,75
9. ÍBH	321
10. UMSB	304,5
11. Umf. Njarðvíkur	280
12. HSV	276,5
13. ÍBA	248
14. HSH	202
15. Umf. Fjölur	184
16. UÍÓ	119
17.-18. USAH	90
17.-18. HSB	90
19. UDN	56
20. USVH	28
21. USVS	13,5
22.-24. UNÞ	10
22.-24. Umf. Vesturhlíð	10
22.-24. USÚ	10
25. HHF	4



Séð yfir íþróttasvæðið í átt að sundlauginni.

**Stigahæstu keppendur**

		<b>stig</b>			
Jón Arnar Magnússon, frjáls.	UMSK	49	Eygerður Inga Hafþórsdóttir, frjáls.	ÍBH	29
Hildur Karen Ragnarsdóttir, sund	UMSK	46	Rúnar Rafn Ægisson, sund	UMSK	29
Vilborg Þ. Jóhannsdóttir, frjáls.	UMSS	41	Íris Anna Skúladóttir, frjáls.	Umf.F	28
Hjalti Rúnar Oddsson, sund	HSK	38	Áslaug Jóhannsdóttir, frjáls.	UMSS	27
Ólafur Guðmundsson, frjáls.	UMSS	37	Sigurbjörg Ólafsdóttir, frjáls.	UMSK	27
Heiða Björk Jóhannsdóttir, sund	ÍBR	36	Hildur Kristín Stefánsdóttir, frjáls.	ÍBR	25
Elfa Sigurðardóttir, sund	UMSK	35	Laufey Sif Lárusdóttir, sund	HSK	25
Arnar M. Vilhjálmsson, frjáls.	UMSS	34	Theódór Karlsson, frjáls.	UMSS	25
Ágústa Tryggvadóttir, frjáls.	HSK	34	Unnsteinn Grétarsson, frjáls.	ÍBR	25
Sigurður Guðmundsson, sund	UMSB	34	Auður Aðalbjarnardóttir, frjáls.	UMSS	24
Arnar Einarsson, sund	UMSK	32	Fríða Rún Þórðardóttir, frjáls.	ÍBR	24
Bjarni Þór Traustason, frjáls.	ÍBH	30	Sigrún Helga Davíðsdóttir, sund	UMSK	24
Heiðar Ingi Marinósson, sund	ÍBH	30	Halldór Lárusson, frjáls.	UMSK	23
Sunna Gestsdóttir, frjáls.	UMSS	30	Þóra Kristín Pálsdóttir, frjáls.	ÍBR	23
Þorgerður J. Sveinbjarnardóttir, sund	UFA	30	Þórunn Kristín Kjærbo, sund	Keflavík	23
Þóra Björg Sigurþórsdóttir, sund	Keflavík	30	Þorsteinn Ingvarsson, frjáls.	HSP	22





Séð yfir mótssvæðið við mótsetningu.

## 25. landsmót UMFÍ í Kópavogi 5.-8. júlí 2007



### Risalandsmót í Kópavogi

Þegar 24. landsmóti UMFÍ var úthlutað á sínum tíma vildu ekki færri en fjórir sambandsaðilar hreppa hnossið. Það mátti því búast við að margir hefðu hug á 25. mótinu. Nú fór UMFÍ þá leið að auglýsa samtímis eftir mótshöldurum tveggja næstu móta. Á útmánuðum 2003 var auglýst eftir mótshöldurum 2007 og 2009. Í auglýsingunni kom fram að árið 2007 yrði UMFÍ 100 ára og að árið 2009 væru 100 ár liðin frá fyrsta landsmótinu.<sup>412</sup>

Von bráðar bárust umsóknir frá UMSK sem sótti um landsmót í Kópavogi 2007 og HSK sem sótti um landsmót á Selfossi 2007. HSK sótti til vara um landsmót árið 2009 í Þorlákshöfn og

UMSE og UFA sóttu sameiginlega um mótið 2009 á Akureyri. Fulltrúar þessara aðila voru kallaðir á fund UMFÍ til að kynna umsóknir sínar í janúar 2004 og þóttu standa sig vel. Stjórn UMFÍ átti úr vöndu að ráða en á næsta fundi í febrúar samþykkti hún að úthluta mótinu 2007 til Kjalnesinga og mótinu 2009 til Eyfirðinga og Akureyringa.<sup>413</sup>

Nú var skipuð landsmótsnefnd. Formaður hennar var Gunnar Birgisson bæjarstjóri sem var fulltrúi Kópavogsbæjar. Nefndarmenn frá UMSK voru Valdimar Leó Friðriksson, Þórður Guðmundsson, Ester Jónsdóttir, Jón Finnbogason og Ómar Geir Þorgeirsson. Nefndarmenn frá UMFÍ voru Björn B. Jónsson, Sæmundur Runólfsson og Anna R. Möller. Birgir Ari Hilmarsson, fram-



Björn Hermannsson framkvæmdastjóri landsmótsins.

kvæmdastjóri UMSK, sat alla fundi nefndarinnar og ritaði fundargerðir hennar. Nefndin hélt fyrsta fund í febrúar 2005 og ári síðar var Björn Hermannsson ráðinn framkvæmdastjóri mótsins.<sup>414</sup>

Strax í upphafi lögðu heimamenn áherslu á að landsmótið í Kópavogi yrði fjölmennara, meira og betra en fyrri landsmót og í samræmi við það var því valið heitið „Risalandsmót UMFÍ.“ Talið var að þetta myndi skapa meiri áhuga fyrir mótinu og leiða af sér betri árangur keppenda.<sup>415</sup> Útbúnir voru 400 stuttermabolir í risastærð með áletraðri dagsetningu mótsins og slagorðinu *allir með*. Þeir voru settir upp í íþróttamannvirkjum landsins og vöktu verðskuldaða athygli. Gárungar töldu að þeir hefðu verið framleiddir fyrir Gunnar Birgisson, formann landsmótsnefndar, sem er maður ekki ýkja nett-vaxinn. Mörgum þótti það bera keim af yfirlæti að setja forskeytið „Risa-“ fyrir framan landsmótið. „Risa-hvað?“ sagði Hafsteinn Þorvaldsson, fyrrverandi formaður UMFÍ. „Ég held að landsmótið á Laugarvatni 1965 hafi verið hið eina sanna risalandsmót.“<sup>416</sup> Gísli Páll Pálsson, formaður HSK, spurði á sambandsráðsfundi UMFÍ 2006 hvort næsta landsmót á Akureyri yrði þá kallað „Litla-landsmótið“, „Dverga-landsmót“ eða eitthvað í þá áttina. Allt um það var mikil vinna lögð í að kynna mótið og til að mynda mættu starfsmenn þess á hvert einasta þing sambandsaðila UMFÍ með ýtarlega kynningu.

Eins og nærri má geta var mótið ekki haldið ókeypis og kostnaðaráætlun þess hljóðaði upp á 57 milljónir króna. Helstu styrktaraðilar mótsins, sex að tölu, voru Norvik, Vífilfell, Bónus, Toyota, Rúmfatalagerinn og Sparisjóður Kópavogs. Samkvæmt samningi UMFÍ og UMSK bar það síðarnefnda fjárhagslega ábyrgð á mótinu en UMFÍ tók að sér að kosta setningarhátíðina.<sup>417</sup> UMSK og Kópavogsbær sömdu um að öll íþróttamannvirki bæjarins, stór og smá, yrðu landsmótsnefnd til reiðu þegar til þyrfti að taka. Þar var fyrst og

fremst um að ræða endurbyggingu íþróttavallarins og nýja áhorfendastúku sem tekin var í notkun við upphaf mótsins.

Kjalnesingar höfðu lýst því yfir að þeir ætluðu sér að „poppa landsmótið upp“ til að draga að fleiri keppendur og áhorfendur. Ekki veitti af því mótin væru að ganga sér til húðar og orðin hallærisleg.<sup>418</sup> Til að fylgja þessu eftir setti landsmótsnefndin upp „Menningarhátíð Kópavogs“ til að laða fólk að. Á henni voru margir nýstárlegir dagskrárliðir. Þar bar hæst landsleik nörda í knattspyrnu milli Svíþjóðar og Íslands og tilraun til að setja heimsmet í vatnsbyssuslag. Reyndar var ekki alveg ljóst hvar hátíðin endaði og landsmótið byrjaði en óhætt er að segja að fjölmargt var á seyði. Mótsgestum stóð til boða að taka þátt í götuhlaupi, strandblaki, sparkvallarbolta, hjólríðum, tennis og frísbíggolfi svo eitthvað sé nefnt. Allir áttu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Mótsgreinum hafði fækkað um eina því badminton var látið róa. Keppendur voru 1250 og hafði fækkað um 310 frá síðasta móti. Þar mundaði mestu um hrun knattspyrnunnar og kvenna-handboltans en blak, sund, starfsíþróttir, fimleikar og golf höfðu einnig látið á sjá. Einu greinarnar sem voru í framför voru körfubolti og dans. Keppendum íþróttabandalaganna hafði fjölgað lítið eitt og voru nú 272 og þar með 22 af hundraði heildarfjöldans. Í þeirra hlut komu að þessu sinni 26 af hundraði verðlaunapeninganna. Eldri ungmennafélögum hafði líka vaxið fiskur um hrygg. Þeir tóku þátt í sýningargreinum eins og boccia, pútti, dansi og nýja leiknum ringó sem er náskyldur blaki. Mörgum þótti skemmtileg danssýning þeirra á laugardaginn. Þessir fullorðnu unglingar svifu í léttum dansi hálf tannað hundrad talsins og tóku sig vel út á grasteppi leikvangsins.

## Setningarhátíð

Keppni landsmótsins hófst snemma morguns á fimmtudegi og stóð fram á miðjan sunnudag. Hátíðin hófst með opnun 100 ára sögusýningar UMFÍ í Gerðarsafni klukkan sex á fimmtudaginn. Þar höfðu starfsmenn UMFÍ tekið saman texta um myndir og muni undir stjórn Björns Björnssonar sýningarstjóra.

Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ, bauð gesti velkomna og notaði tækifærið til að sæma Gunnar Birgisson bæjarstjóra gullmerki UMFÍ fyrir



*Björn B. Jónsson sæmir Gunnar Birgisson formann landsmótsnefndar gullmerki UMFÍ.*

framlag hans til landsmótsins. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, flutti ávarp og lagði áherslu á kraft frumherjanna og þá staðreynd að ungmennafélögin hafa haldið velli þrátt fyrir miklar breytingar í þjóðlífinu í heila öld. Gestir fóru um sýninguna og dáðust að glæsilegum gripum eins og Grettisbeltinu, Hjálmshorninu og Skarphéðinsskildinum en glímunni var þarna gert hátt undir höfði. Í miðjum sal var stúkað af kvikmyndatjald. Þar gátu gestir sest niður og fylgst með kvikmyndasýningu af hápunktum landsmótanna frá 1943-1965 sem Marteinn Sigurgeirsson hafði sett saman. Veglegar myndir og valdir textar úr sögu UMFÍ prýddu veggina.

Ánægðir gestir flýttu sér því næst út á Kópavogsvöll í Smárahvammi því nú stóð setningarathöfn fyrir dyrum. Ákveðið var að hafa hana á fimmtudegi í stað föstudags til að gefa íbúum suðvesturhornsins tækifæri til að vera með. Margir þekktust boðið en þó færri en vonast var eftir. Áhorfendur fengu sér sæti í glénýrri stúku sem var vígð við þetta tilefni. Þar var hvert sæti skipað og einnig í gömlu stúkunni. Á völdum stað voru fyrimenni landsins, ráðherrar og forseti, ásamt stjórnarmönnum UMFÍ. Örn Árnason stórleikari kynnti hvert atriðið af öðru. Danskir fimleikaflokkar frá Åbybro og Silkeborg léku listir sínar á vellinum en rétt fyrir klukkan átta rýmdu þeir til fyrir keppendum mótsins sem gengu

skrúðgöngu í skipulegum röðum inn á völlinn undir stjórn hins nýja göngustjóra, Önnu Ragnheiðar Ingólfssdóttur. Athöfnin var í leikstjórn Valgeirs Skagfjörðs og þótti lukkast vel. Ávörpin voru snjöll og stutt og sjónrænu atriðin tóku sig vel út. Veður var hlýtt en skýin héngu yfir allt í kring og einstaka dropar féllu. Menn krosslögðu fingur og höfðu heppnina með sér því engin kom skúrin.

Mörgum þóttu raðir göngumanna þunnskipaðar og liðsmenn sumra sambandanna mátti telja á fingrum annarrar handar. Skrúðgangan var sú fámennasta um áratugaskeið og aðeins 600 manns gengu inn á völlinn þegar allir voru taldir. Fremstur gekk fánaberinn, Dýri Kristjánsson fimleikamaður, en síðastir komu heimamenn í UMSK. Göngustjóranum tókst lipurlega að beina fólki á réttar brautir þó hún væri ekki með gjallarhorn. Liðin skipuðu sér í beinar raðir á vellinum sem alltaf er tilkomumikil sjón. Gunnar bæjarstjóri flutti ávarp og talaði hlýlega til ungmennafélags-hreyfingarinnar. Björn formaður UMFÍ setti mót-ið með skörulegri ræðu. Ræðumenn stóðu á yfirbyggðum hljómsveitarpalli handan vallarins en öflug hljómteki fluttu raddir þeirra skilmerkilega til áhorfenda.

Næst var Hvítbláinn dreginn að húni á hárrí stöng. Þá kom ungur maður hlaupandi með logandi kyndil í hendi. Það var Arnar Sigurðsson, tenniskappi og afreksmaður UMSK, sem tendr-



*Björn B. Jónsson setur landsmótið.*





*Arnar Sigurðsson tendrar landsmótseldinn.*

aði landsmótseldinn við norðurenda vallarins. Margs konar tónlistaratriði voru framin og Ólafur Ragnar Grímsson forseti óskaði UMFÍ til hamingju með afmælið. Göngumenn gengu nú af velli og settust í brekkuna austan megin leikvangsins. Hópur fimleikastúlkna úr Gerplu sýndi listir sínar og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra flutti hressilega ræðu eins og hennar var von og vísa.

Örn Árnason blandaði sér nú í dagskrána með nýju lagi um líkamsrækt sem hann söng með tilþrifum enda stórsöngvari ekki síður en sönghóparnir sem næstir komu fram. Mörgum þótti sem söngfólkið væri á alröngum stað að geta ekki stunið upp einu einasta lagi á íslensku en þó kastaði tólfunum þegar tenórarnir þrír kyrjuðu með tilþrifum: „I wanna be in America.“ Menn voru þó staddir í Kópavogi á 100 ára afmæli UMFÍ!

Afrekskonan Sigurbjörg Ólafsdóttir í Kópavogi ávarpaði íþróttafólkið og hvatti það til dáða. Hún sagði frá því að helming ævinnar hafði hún

verið í landsliði og heimsótt tugi landa í keppnisferðum. En skemmtilegustu mótin sem hún hefur tekið þátt í eru landsmótin, þau eru einstök. Þá var klukkan farin að ganga tíu en hlýtt kvöldloftið lék við gesti og bros var á hvers manns vörum.

Nú fóru fram sterkustu riðlar í 800 metra hlaupum karla og kvenna. Sex stúlkur hlupu af stað grannar og léttbyggðar. Bergur Hallgrímsson tók nú við af Erni sem kynnir og lýsti hlaupunum á líflegan hátt í hljóðkerfinu. Helga Kristín Harðardóttir UMSK tók strax forystu og bætti við hana jafnt og þétt til loka. Næst henni kom félagi hennar Herdís Helga Arnalds en þær voru í nokkrum sérflokki.

Strax eftir hlaupið kom Gunnar Birgisson í ræðustól og sagði frá því að á landsmótinu á Laugarvatni 1965 hefði komið til keppni ungur maður og frísklegur úr Kópavogi. Hann vann þar til verðlauna og varð síðar framkvæmdastjóri UMFÍ. Enn síðar varð hann bæjarstjóri í Kópavogi og allt til dauðadags. Þessi maður var eins



*Björn Margeirsson sigrar í 800 metra hlaupi.*





Reykblysin slógu rauðum bjarma yfir umhverfið.

og allir vita Sigurður Geirdal og nú það Gunnar ekkju hans, Ólafíu Ragnarsdóttur, að afhjúpa minningarskjöld um Sigurð sem settur verður á nýju stúkuna sem mun bera nafn hans.

Léttfærir menn fóru nú að hita upp fyrir 800 metra hlaup karla. Þar voru þekktir kappar eins og Sigurbjörn Árni Arngrímsson HSP og Björn Margeirsson Hafnarfirði svo einhverjir séu nefndir. Bókarhöfundur spurði Þráin Hafsteinson frjálsíþróttافرömuð hver myndi vinna hlaupið og ekki stóð á svari: „Björn Margeirsson vinnur þetta. Hann kemur ekki hingað nema hann sé viss um að vinna. Annars er hann bara meiddur.“ Garparnir hlupu nú af stað og fóru greitt. Bergur lýsti hlaupinu og fataðist hvergi. Björn var í miðjum hópnum og lét ekki til sín taka. Á seinni hring fóru þeir Sigurbjörn Árni að færa sig fram- ar og þurftu að fara í þriðju röð til að komast fram úr. Þegar 100 metrar voru eftir var Sigurbjörn Árni orðinn fyrstur en þá tók Björn óstöðvandi endasprett sem hann linnti ekki fyrr en í marki sem sigurvegari. Sannspár var Þráinn.

Nú var tekið að líða að lokum setningarhátíðarinnar og mikil skrautsýning fór í gang. Nornir í bláum síðkjólum sátu í rólum sem héngu í mikilli hæð í stórum krana við hlið stúkunnar. Dansarar og skuggaverur með máluð andlit skutust fram og aftur um völlinn og sumar spúðu eldi. Næst gekk sex manna glímuflokkur inn á völlinn og sýndi listir sínar en þær drukknuðu að mestu í at-ganginum. Tveir voru í þjóðbúningum og sýndu

lausatök en ungir drengir og röskir karlar sýndu glímu. Að lokum kom fjölmenn röð rauð-klæddra Kjalnesinga eftir hlaupabrautinni með reykblys í höndum sem þeir beindu inn á völlinn. Síðast var 600 blöðrum með hvítum og bláum lit UMFÍ sleppt í loftið og þar með lauk tilþrifamikilli setningaráhátíð 25. landsmótsins.

## Við Smárahvamm

Framan af föstudegi var nokkur gola en hlýtt í veðri. Um miðjan daginn var komið sólskin. Þeir sem ætluðu að eignast leikskrá mótsins til að glöggva sig á keppendum og

keppnisgreinum urðu nokkuð langleitir þegar í ljós kom að engin slík var til staðar. Er það í fyrsta sinn á landsmóti síðan 1940 að leikskrá er ekki prentuð. Í stjórnstöð mótsins var bent á netið til upplýsingar og vísað á tölvur í Smáranum. Þar var sumt að finna en margt vantaði og til dæmis fyrirfannst enginn keppendalisti fyrir greinarnar. Þá voru fæstir mótsgesta með nettengda fartölvu undir hendinni og því tafsamt fyrir þá að nálgast upplýsingar þar sem þeir voru staddir á keppnisstöðunum. Þá söknuðu margir *Landsmótsfrétta* sem voru ekki gefnar út.

Menningarhátíðin var í fullum gangi um allan Kópavog. Hægt var að sækja rokkónleika utan- húss á kvöldin, tónleika í Salnum á daginn og stunda götuleikhús, leiktæki og sprell. Í Kópavogsdalnum voru árabátar á tjörninni, tónlistaratriði, andlitsmálun og hoppukastalar fyrir þá yngstu. Sirkusinn Flik Flak kom frá Danmörku og sýndi listir sínar á laugardaginn en hann er aðallega skipaður börnum og unglingum.

Hápunktur menningarhátíðarinnar og „aðal- gíggið“ á landsmótinu að sögn Loga Ólafssonar þjálfara var landsleikur nördanna milli Íslands og Svíþjóðar á föstudagskvöldið.<sup>419</sup> Íslensku nördarnir hefndu harma karlalandsliðsins sem þá stefndi hraðbyri á botnsæti heimsfótboltans og rótburstuðu þá sænsku með 7-0. Þá var sett heimsmet í vatnsbyssustríði á laugardaginn. Til þess þurfti að fá minnst 1200 byssuglaða sjálfboðaliða. Eftir nokkuð langa bið sem reyndi heilmikið á taugar



*Heimsmet í vatnsbyssuslag slegið í Kópavogi.*

þeirra yngstu fór stríðið af stað. Um það bil 2000 byssumenn blotnuðu töluvert og heimsmetið féll.

Frjálsíþróttamenn hófu undanrásir og forkeppni á fimmtudaginn á hinum nýja leikvangi Kópavogs. Völlurinn er glæsilegur en áhorfendur fundu strax á honum slæman galla: Nýja stúkan er svo nærri hlaupabrautunum að þrjár ystu brautirnar þeim megin sjást ekki úr henni. Undarleg ráðstöfun það, því nóg er plássíð. Reyndar voru áhorfendur á mótinu sárafáir og oft innan við 300 manns. Þeir sátu flestir í brekkunni austan við völinn en stúkurnar voru tómar. Nýja stúkan af því að sólin var til óþæginda og gamla stúkan af því að þar var fólki bannað að sitja. Verðir stugguðu burtu þeim sem hugðust tylla sér þar niður og fylgjast með langstökki og þrístökki þeim megin á vellinum.

Nú vantaði bæði kónginn og drottninguna ef svo mátti segja því mesta afreksfólk síðustu landsmóta, þau Jón Arnar Magnússon og Sunna Gestsdóttir, höfðu lagt skóna á hilluna eftir frækleган feril. Ungt og efnilegt keppnisfólk er líklegt til að feta í fótspor þeirra í fyllingu tímans og í nokkrum greinum náðist betri árangur en á toppmótinu á Sauðárkróki. Silja Úlfarsdóttir úr Hafnarfirði var hin ókrýnda hlaupadrottning landsmótsins. Hún sigraði í 200 og 400 metra hlaupum og í 400 metra grindahlaupi. Í 400 metra hlaup-

inu hljóp hún á 56,45 sek. og sló landsmótsmet Svanhildar Kristjónsdóttur frá 1987 með tveimur sekúndubrotum. Þessi ljóshærða víkingastúlka hafði mikla yfirburði í hlaupunum og var langt á undan næstu keppendum. Sigurbjörg Ólafsdóttir, ræðukona fimmtudagsins, sigraði í 100 metra hlaupinu og leiddi sveit Kjalnesinga til sigurs í báðum boðhlaupunum. Í styttra boðhlaupinu tókst þeim að hnekkja landsmótsmeti Skagfirðinga frá Egilsstöðum 2001.

Hinn ungi og efnilegi Sveinn Elías Elíasson úr Fjölni var kóngurinn í spretthlaupum karla. Þessi eitilharði keppnismaður gerði sér lítið fyrir og sigraði í 100, 200 og 400 metra hlaupum landsmótsins. Sveinn Elías, aðeins 17 ára gamall, jafnaði landsmótsmet Jóns Arnars Magnússonar í 200 metra hlaupinu og hjó nærri metinu í 100 metrunum. Hann varð annar í 400 metra grindahlaupi skammt á eftir Brynjari Gunnarssyni úr Reykjavík. Sveinn varð langfyrstur í 400 metra hlaupinu en var þó góðan spöl frá landsmótsmetinu frá 1984. Eigandi metsins, Aðalsteinn Bernharðsson, sat í stúkunni og fylgdist með af áhuga. „Ég spái nú að metið standi áfram,“ sagði hann fyrir hlaupið og glotti við tönn.<sup>420</sup>

Í langstökki karla stóð hinn 18 ára Þorsteinn Ingvarsson HSP best að vígi. Hann fékk umbeðið taktfast klapp frá áhorfendum og þakkaði fyrir



*Sveinn Elías Eliasson kemur fyrstur í mark.*

sig með 7,13 metra stökki og sigraði. Á meðan stukku stúlkurnar hástökk. Hver af annarri felldu þær 1,64 m nema Guðrún María Pétursdóttir UMSK sem ein komst yfir. Það reyndist vera sigurstökkið en fimm stúlkur stukku 1,61 svo jöfn var keppnin. Þingeyingar sigruðu einnig í langstökki kvenna því þar hafði Hafdís Sigurðardóttir yfirburði og stökk 5,80 metra í næst síðasta stökki. Engri tókst að höggva nærri risastökki Hafdísar sem var örlítið yfir meðvindsmörkum til að teljast gilt.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir, hin hávaxna stæltá stjarna Vestur-Húnavetninga, 15 ára gömul, þurfti ekki nema eitt kast upp á tólf og hálfan metra til að sigra í kúluvarpi. Næst henni kom Ágústa Tryggvadóttir, hin fjölhæfa keppniskona Skarphéðins, sem varð önnur í hástökkinu og sigraði í þristökki. Arndís Ýr Hafþórsdóttir í Fjölni kom örugglega fyrst í mark í 1500 og 3000 metra hlaupum en Kristín Birna Ólafsdóttir ÍBR sigraði í 100 metra grindahlaupi á góðum tíma. Önnur varð hin fjölhæfa Helga Margrét sem talin er mesta efni í sjöprautarkonu hérlendis. Hún varð einnig önnur í spjótkastinu en þar sigraði Vigdís Guðjónsdóttir HSK í fimmta sinn í röð. Vigdís hafði lítið æft í tvö ár en stóðst ekki mátið og æfði í mánuð fyrir mótið og það dugði. Sandra Pétursdóttir Reykjavík sigraði í kringlukasti en næstar komu konur sem voru byrjaðar að kasta áður en hún fæddist, Guðrún Ingólfsdóttir USÚ

og Unnur Sigurðardóttir ÍBH. Þannig eru landsmótin, ekkert kynslóðabil.

Í stangarstökki karla var heldur ekkert kynslóðabil. Þar var gamla brýnið Kristján Gissurarson UMSK enn í baráttunni, orðinn sextugur að aldri. Hann náði öðru sæti á eftir Skagfirðingnum Gauta Ásbjörnssyni og stökk fjóra metra. Vissulega afreksverk hjá Kristjáni.

Verðlaunaveitingar voru öðru hvoru með tilheyrandi tónlist og nafnakalli. Þulur mótsins hafði nóg að gera en gallinn var sá að hann virtist alveg ókunnugur frjálsíþróttum og upplýsingar hans af skornum skammti. Menn

söknuðu Bergs Hallgrímssonar eða annars álíka en hann var reyndar sjálfur að keppa og ekki á lausu.

Á fimmta tíma laugardagsins brá vallargestum óþyrmilega því þá hófust fyrirvaralaust rokktonleikar á sviði rétt utan við leikvanginn. Hávaðinn var slíkur að ekki heyrðist mannsins mál. Vonlaust var að halda áfram íþróttum enda sagðist leikstjórinn, hinn gamalreyndi Magnús Jakobs-



*Helga Margrét Þorsteinsdóttir var hæstánægð með árangur sinn.*





*Ólafur Guðmundsson sigraði í þristökki á 5. landsmótinu í röð.*

son, flauta keppnina af ef þessu linnti ekki. Í stappi stóð um stund en loks var skrúfað fyrir hávaðann og íþróttir hófust á ný. Óánægðir vallargestir sögðu að nú hefði „Menningarhátíðin“ yfirgæft landsmótið á táknrænan hátt. Skömmu síðar tóku menn eftir því að landsmótseldurinn var dauður og starfsmenn komu á vettvang með gaskúta. Einn þeirra klifraði upp stiga með sígarettukveikjara og aftur logaði landsmótseldurinn. Vandlætarar hristu höfuðið en aðrir glottu.

Í 4×100 metra boðhlaupi karla voru taugarnar spennar því margt getur farið úrskaiðis. Þannig fór hjá Kjalnesingum sem mistókst skipting og lentu langt á eftir. Þeir unnu tapið upp með harðfylgi og náðu öðru sæti rétt á undan Hafnfirðingum. Fjölnismenn voru öruggir sigurvegarar á 42,65 sek. og fögnuðu vel enda tókst þeim að jafna landsmótsmet Kjalnesinga frá síðasta landsmóti.

Íslandsmethafinn í kúluvarpi, Pétur Guðmundsson, sem orðinn er 45 ára, gerði sér lítið fyrir og sigraði með rúmlega 16 metra kasti. Pétur hafði yfirburði og kastaði vel á annan metra lengra en næsti maður. Hann var nú farinn að þjálfa hjá ÍR og keppti fyrir ÍBR. Ólafur Guðmundsson, elstur keppenda í þristökkinu, sýndi hinum ungu hvernig átti að stökkva og náði sigurstökki í síðustu umferð. Ólafur er frá Selfossi en keppti fyrir HSP. Hann sigraði á fimmta landsmóti sínu í röð sem er frábært afrek.

Eftir hádegi á sunnudaginn sást hópur tröllvaxinna afarmenna kjaga inn á leikvanginn. Þetta voru erlendir kringlukastarar á heimsmælikvarða sem ætluðu að reyna að setja heimsmet á sérstöku boðsmóti. Þeim var vel fagnað og sá besti þeirra, Gert Kanter frá Eistlandi, kastaði 70,36 metra sem mældist lengsta kringlukast sem sést hefur á Íslandi. Þórey Edda Elísdóttir reyndi sig við erlendar keppiskonur í stangarstökki á sérstöku boðsmóti sama dag. Hún náði sér ekki á strik og stökk 4,15 m sem er langt frá hennar besta. Hin bandaríska Mary Vincent stökk hæst, 4,30 m, og sömu hæð fór Kristina Gadschiew frá Þýskalandi. Í þriðja sæti var gamall kunningi, Hanna Mia Person frá Svíþjóð, sem stökk sömu hæð og Þórey Edda. Hanna Mia tók þátt í sams konar boðsmóti á Egilsstöðum 2001 og var því orðinn rötgróinn landsmótskeppandi.

Sérstæðasti keppandi mótsins var Oscar Pistorius frá Suður-Afríku því hann er fótalaus. Á hann vantaði báða fætur fyrir neðan hné en stoðfyrirtækið Össur hafði smíðað fyrir hann gervifætur og á þeim náði hann ótrúlegum hraða. Oscar keppti í 400 metra hlaupi við fullfríska keppendur á sunnudeginum og hafði betur. Afrekið var ekki minna fyrir þær sakir að keppinautarnir byrjuðu 50 metrum framur en það dugði þeim ekki til. Áhorfendur voru dolfallnir yfir getu þessa íþróttamanns sem sýndi hvað hægt er að gera þrátt fyrir fötlun.

Í 5000 metra hlaupinu lögðu fimmtán hlauparar af stað. Fremstur í flokki var Kári Steinn



*Oscar Pistorius sprettir úr spori á gervifötum sínum.*



Karlsson UMSK sem stakk aðra keppendur af á fyrsta hring. Kári hringaði alla hlauparana og suma tvívegis. Hann skeiðaði langfyrstur í mark á frábærum tíma, 14:54,3 mínútum. Næstir komu félagar hans tveir, Stefán Guðmundsson og Þorbergur Ingi Jónsson. Hver af öðrum komu keppendur í mark og þegar allir nema einn höfðu lokið hlaupinu átti sá síðasti einn hring eftir. Það var Ingvar Garðarsson HSK, tæplega fimmtugur Skeiðamaður. Þegar tilkynnt var í hljóðkerfi að Ingvar væri nú að ljúka 5000 metra hlaupi á tíunda landsmótinu í röð fékk hann mikið klapp frá áhorfendum, og ekki minna en sigurvegari. Ingvar var líka sigurvegari, nýstigin upp úr erfíðum meiðslum, og hefur verið með frá því á landsmótinu á Selfossi 1978.

Þeir Jón Bjarni Bragason UMSK og Jónas Hlynur Hallgrímsson ÍBH sigruðu í kringlukasti og spjótkaсти en Skarphéðinsmenn sigruðu þrefalt í hástökki. Hæst stukku Björgvin Reynir Helgason og Örn Davíðsson, 1,88 metra. Flugíð var hærra á hástökkvurum á árum áður en þar skiptast á hæðir og lægðir eins og jafnan í íþróttum. Björn



Ingvar Garðarsson tók þátt í 5000 metra hlaupi í 10. sinn á landsmóti.

Margeirsson sigraði í 1500 metrunum eftir mikla keppni við Kára Stein Karlsson. Þingeyingurinn snjalli, Þorsteinn Ingvarsson, var sprækastur í 110 metra grindahlaupi og var í silfursveit 1000 metra boðhlaupsins. Boðhlaupið sjálft, sem var síðasta mótsgreinin, var dramatískt. Kjalnesingum mistókst skipting og lentu langt á eftir. Verr fór fyrir Fjölnismönnum sem misstu keflið og voru úr leik. Trompás þeirra, Sveinn Elías, fékk ekki tækifæri til að bæta við fimmta gullinu og var ekkert yfir sig ánægður með það. Fjölnismenn gátu þó vel við unað. Þeir voru í þriðja sæti stigakeppninnar í frjálsíþróttum á eftir Íþróttabandalagi Reykjavíkur og Kjalnesingum. Gamla stórveldið HSK var í fjórða sæti skammt á undan Þingeyingum.

Þegar frjálsíþróttakeppninni var lokið á sunnudaginn hófst á vellinum knattspyrnuleikur karla frá ÍBR og UMSK sem kunnugir upplýstu að væru í raun og veru knattspyrnufélögin Leiknir og Augnablik. Stúkan tæmdist næstum af áhorfendum en nokkrir áhugasamir fylgdust með Reykvíkingum sigrá nággranna sína 2-1. Þetta var úrslitaleikurinn en svo undarlega vildi til að sigurvegarnir voru ekki á vellinum. Skýringin var sú að þriðja liðið, HSK, hafði lokið sínum leikjum en sigraði á markahlutfalli.

Knattspyrnan á landsmótinu var ekki svipur hjá sjón. Aðeins þrjú lið mættu í karlaflokki og eitt frá UMSK í kvennaflokki. Annað lið frá UMSK var fengið til að keppa við féлага sína utan stigakeppni. Nú voru aftur 11 menn í liði en ekki fjölgaði keppnisliðum við það. Á sama veg fór með ákafar tilraunir landsmótsnefndarmanna til að fá KSÍ til að hliðra til fyrir landsmótinu í skipulagi sínu. Niðurstaðan varð sú að ekki væri pláss þar fyrir heilt knattspyrnumót yfir hásumarið.<sup>421</sup>

Í körfuboltanum var allt aðra sögu að segja. Landsmótið virtist kjörið sem upphaf á æfingátímabilinu og stórliðin mættu öll nema sigursælasta liðið frá upphafi, Njarðvík, sem var fjarri góðu gamni. Karlaliðin voru tólf en kvinnaliðin sjö. Í Smáranum var leikinn körfubolti á tveimur völlum langt fram á kvöld alla daga. Undankeppnin var lífleg enda leikirnir stuttir og mótið með hraðmótsfyrirkomulagi. Boltinn gekk endimarka á milli með fitonshraða og skorið var hátt. Í leik ónefndra liða voru stigin jöfn lengst af og kappið mikið. Tveir hlupu saman og steinlágu báðir tveir. Annar fékk villu, varð hvumsa við og

hljóp á eftir dómara-num. „Dómari bíddu, ha, villa?!“ hrópaði hann furðu lostinn en veraldarvanur dómari- ninn virti hann ekki viðlits. Félagi hans hvæsti á hann að taka því rólega og von bráðar var leikurinn í algleymingi. Menn hlupu, köstuðu, dripluðu og tróðu. Og öskruðu. Ekki mátti gleyma að láta vita af sér, enda íþrótt án snertingar.

Á sunnudaginn léku sex efstu liðin í hvorum flokki um sæti. Úrslitaleikur karla milli Keflavíkur og Fjölnis var hnífjafn og æsispennandi. Jafnt var að loknum leiktíma en slíkt taka körfubolta- menn ekki í mál og þá var framlengt. Fjölnismenn sigruðu 47-45 en sigurinn hefði getað lent hvor- um megin sem var. Hjá konunum voru það Kefl- víkingar og Hafnfirðingar, eða réttara sagt Haukar, sem áttust við í úrslitum. Það var ójafn leikur. Hafnfirðingar fóru á kostum og sigruðu 47-21 enda unnu þeir alla sína leiki með yfirburðum.

Á laugardagsmorguninn fór fram götuhlaup í Smárahvammi. Vænn hópur hlaupagarpa hitaði upp fyrir utan Smáráskóla. Röskleg kona með hljóðnema stjórnaði þessari upphitun undir dúndr-



Frá skákkeppninni.

andi tónlist og teygði hún nokkuð á taugum bridds- og skákmanna sem stunduðu íþrótt sína innan við múrvegginn. Hlaupararnir undu sér á tá og hæl með bros á vör og höfðu greinilega gaman af. Svo hlupu þeir af stað í þremur hópum, allt frá einum og upp í tíu kílómetra spöl. Komu til baka misjafnlega snemma en allir fengu verðlauna- pening.

Inni í skólanum áttust skákmenn við ábúðar- fullir. Yfir þeim stóðu liðsstjórar og stuðnings- menn með mismikinn áhyggjusvip eftir því hvernig mönnum þeirra vegnaði. Sumir glottu sigurvissir. Hver skák stóð í 25 mínútur og stund- um gerðist margt á síðustu sekúndunum. Menn féllu á tíma með unnið tafl og sumir urðu mát. Fjölnismenn sigruðu nokkuð örugglega með samtals 14 vinninga en Akureyringar komu næstir með 10.

Briddsmenn sátu í næstu stofum og handléku spjöld og spil. Loftið var mettað af skarplegum hugsunum og snjóllum áætlunum. Kjalnesingar sigruðu og í þeirra hópi var gamli glímukóngur- inn Ármann J. Lárusson sem hóf keppni á lands- mótum í Hveragerði 1949 og náði þá þriðja sæti í glímu. Þá keppti hann fyrir Ungmennafélag Reykjavíkur en nú fyrir Ungmennafélagið Breiðablik í Kópavogi. Ármann sem er 75 ára sagði briddsið henta mjög vel þegar menn væru komnir á hans aldur.<sup>422</sup>

## Út um víðan völl

Þótt margt væri á seyði við Smárahvamm var einnig verið að keppa í fjölmörgum greinum á 14 öðrum stöðum út um allan Kópavog. Keppt var í Smáralind, Gláðheimum, Versólum, Digranesi, Fagralundi, Kópavogslaug, Iðavöllum, Vesturvör, Bókasafni, Náttúrufræðistofu, Vífilsstaðavelli, Snælandsskóla, Lindaskóla og Leirdal.

Margir mótsgestir töldu að því stærri sem lands- mótstveitvangurinn væri, því meiri hætta væri á að landsmótið týndist, jafnvel „risalandsmót“ eins og aðstandendur mótsins vildu kalla það. Margir keppnisstaðir í margra kílómetra fjarlægð hver frá öðrum eru ekki vel til þess fallnir að skapa þá heild sem margir telja miklu skipta á landsmótunum. Slíkt verður þó oftast raunin með sérhæfðar greinar eins og til dæmis golf, sund og hestaiþróttir. Hins vegar stóð eitt stærsta íþróttahús landsins, Fífan, ónotuð meðan mótið fór fram. Reyndir landsmótamenn hafa sagt: Ef

keppnisstaður er ekki í göngufæri við aðalleikvanginn er það ávisun á minni aðsókn.

Það sýndi sig í glímunni sem fyrirvaralaust var færð úr Smáranum við hlið leikvangsins út í Lindaskóla. Á undanförunum landsmótum hafði verið húsfyllir áhorfenda en nú skiptu þeir aðeins nokkrum tugum. Keppnin var aftur á móti líflæg og hörð. Í léttasta flokki karla sigraði Snær Seljan Þóroddsson UÍA eftir harða keppni við Bjarna Þór Gunnarsson Þingeying og Skarphédinsmanninn Helga Kjartansson. Mikil snerpa og tækni einkenndi glímu þessara manna og mátti vart á milli sjá. Í miðþungaflokki urðu þau tíðindi að Ólafur Sigurðsson HSK lagði glímukónginn, Pétur Eypórsson, og sigraði nokkuð óvænt. Í þriðja sæti varð bóndinn úr Reykjadalnum, Arngeir Friðriksson, sem á einstaka sigurgöngu í glímunni og hefur sigrað á sex landsmótum í röð.

Í þyngsta flokki karla var mikil keppni. Ólafur Kristjánsson HSP lagði Stefán Geirsson HSK en þeir voru taldir sigurstranglestir. Heljarmennið Sindri Freyr Jónsson frá Reyðarfirði kom á óvart og lagði Ólaf. Þá fór í hönd úrslitaglíma þeirra Ólafs og Stefáns sem hefndi byltunnar og lagði Ólaf á herðarnar með hraustlegu klofbragði. Í þyngri flokki kvenna sigraði Sólveig Jóhannsdóttir úr Dölum eftir úrslitakeppni við Guðrúnu Magnúsdóttur ÍBR, sem varð önnur, og Berglindi Kristinsdóttur HSK, sem varð þriðja. Í léttari flokknum sigraði hin fótlima Silvía Ósk Sigurðardóttir HSP.



Hjörtur Sæland HSK leggur hælkrók á Júlíus Björnsson HSP.

Skarphédinsmenn voru sigursælir í starfsíþróttum og áttu marga liðsmenn í verðlaunasætum. Þeir hlutu sigur í öllum greinum nema pönnukökubakstri og gróðursetningu. Í gróðursetningunni var Ólafur Sigfús Björnsson UÍA snjallastur enda Austfirðingar skógræktarmenn frá fornu fari. Sigríður Jónsdóttir sem keppti fyrir sameiginlegt lið UMSE og UFA bakaði bestu pönnukökurnar í Smáralind en þar fór keppnin fram.

Skarphédinskonur hafa lengi verið vel borðleggjandi og það breyttist ekki nú. Ólöf Sæmundsdóttir stóð efst og Helga Guðmundsdóttir náði þriðja sæti. Í jurtagreiningu sigraði Gróa Ingimundardóttir, eins og á síðast landsmóti, og skammt á eftir fylgdu Þórunn Kristjánsdóttir móðir hennar og Kristín Stefánsdóttir frá Hurðarbaki. Allar eru búsettar í Villingaholtshreppi hinum forna og efalaust leitun að lítilli sveit þar sem þekkingin á jurtum landsins er meiri. Sveitunni þeirra, Jón Valgeir Geirsson í Lyngholti, var hins vegar manna flinkastur með dráttarvélina. Ung stúlka frá Hvanneyri, Anna Lóa Sveinsdóttir, varð fyrsta konan sem lauk dráttarvélarakstri og stóð sig vel. Hún varð í sjötta sæti af 16 keppendum. Eyfellingurinn Einar Sigmarsson sigraði í stafsetningu í þriðja sinn og deildi nú sigrinum með Mariu Björk Kristjánsdóttur frá Akureyri. Hvorugt gerði villu í keppninni og aðrir keppendur máttu sín lítils. Gísli Páll Pálsson, formaður HSK, kórónaði svo frammistöðu sinna manna með því að sigra í starfshlaupinu á laugardaginn.

Blakið fór fram í Digranesi á morgnana. Erki-fjendurnir HSK og UMSK áttust við til úrslita í karlaflokknum en þar sigruðu Kjalnesingar án þess að tapa hrinu. Í kvennaflokki sigruðu Reykvíkingar en þarnæst komu fyrrnefnd sambönd. Keppnin var fámenn því aðeins fjögur lið kepptu í karlaflokki og fimm hjá konum.

Nú átti að gera vel við handboltakonur og koma þeim í húsaskjól en eins og kunnugt er hafa þær kastað boltanum á milli sín í sól og regni á landsmótum allt frá því á Laugum 1946. Sumum þótti það hluti af sjarma landsmótanna að keppa utanhúss og voru mótfallnir þessari breytingu. Hver sem ástæðan var brá svo við að ekkert kvennalið lét sjá sig á landsmótinu og keppnin féll niður í fyrsta sinn í 60 ár. En nú voru karlarnir með í fyrsta skipti og fjögur lið áttust við í Digranesi. Leikin var einföld umferð og Kjalnesingar sigruðu. Í öðru sæti urðu Skarphédinsmenn. Fyrirliði þeirra Sævar Þór Gíslason, betur þekkt-



ur sem knattspyrnumaður, tók son sinn Bjarka Þór níu ára gamlan með sér í einn leikinn. Bjarki Þór gerði sér lítið fyrir og skoraði mark og er vafalaust yngsti markaskorari landsmótanna.

Í Snælandsskóla voru hvítar kúlur slegnar ótt og títt yfir grænum borðum. Þau Magnea Ólafsdóttir og Magnús Finnur Magnússon úr Reykjavík báru sigurorð af öðrum borðtennismönnum sem flestir komu frá UMSK og HSK. Sömu lið reyndu með sér í fimleikum kvenna en þar höfðu Kjalnesingar yfirburði að vanda. Skarphéðinstúlkur frá Selfossi mörðu sigur yfir þeim reykvísku sem voru í þriðja sæti og fleiri lið sendu ekki keppendur í fimleika.

Í golfinu var þó meira um að vera því samtals voru 20 sveitir með kylfur á lofti á Vífilsstaðavelli um helgina. Tvær sveitir kepptu frá hverju sambandi og samanlagður höggafjöldi réð úrslitum. Kjalnesingar nutu þess að vera á heimavelli og sigruðu bæði í karla- og kvennaflokki. Skarphéðinsmenn komu næstir í karlaflokki en Reykvíkingar í kvennaflokki.

Skarphéðinsmenn sigruðu þrefalt í orustu haglabyssumanna við leirdúfurnar og þeirra efstur var Hákon Þór Svavarsson. Reyndar þurfti bráðabana til að skera úr á milli hans og Gunnars Gunnarssonar sem varð annar. Sömuleiðis voru



Frá pönnukökubakstri í Smáralind.

þrír Reykvíkingar bestir í að munda skammbyssuna og fremstur meðal jafningja var Þorsteinn Þór Guðjónsson. Arnfinnur Jónsson UMSK bar af í liggjandi skotfimi með riffli og eina konan í hópnum, Jórunn Harðardóttir ÍBR, sló körlunum við með loftskammbyssu.

Í Smáralindinni hljómuðu ljúfir tónar þegar 25 pör reyndu með sér í suður-amerískum dönsum. Þarna sáuust mörg glæsileg spor og sprettir og venjulegir stírdættir áhorfendur fóru hjá sér. Tvenn pörin báru af. Björn Pálsson og Hanna Rún Óladóttir ÍBH sigruðu í helmingi dansanna og þau Gunnar Hrafn Gunnarsson og Melissa Ortiz-Gomes UMSK tóku að sér hinn helminginn. Þetta voru jafnframt sigursælustu samböndin í fótamenntinni en Reykvíkingar voru í þriðja sæti.

Skarphéðinsmenn höfðu titil að verja í hestaíþróttum eftir sigur sinn á Sauðárkróki. Þeir gerðu sér lítið fyrir og sigruðu í öllum greinum, enda miklir gæðingar þar á ferð. Í gæðingaskeiði var Sigurður Sigurðarson fremstur á Drífu frá Hafsteinsstöðum. Sigurður Óli Kristinsson gerði það gott á Sleipni frá Gunnarsholti því þeir sigruðu bæði í tölti og fjörgangi. Í flugskeiði voru bestir þeir Sigursteinn Sumarliðason á Flugari frá Holtsmúla og í fimmgangi sigraði Ísleifur Jónasson á Sval frá Blönduhlíð. Náttúrlega voru Skarphéðinsmenn og -hestar stigahæstir eftir þessa glæsilegu frammistöðu. Kjalnesingar komu næstir en skagfirskir hestamenn sátu heima.

Enn hafði sundfólki fækkað og varð að leita allt aftur til landsmótsins á Laugum 1961 til að finna færri keppendur í sundi. Alls stungu 52 sér í Kópavogslauginu og voru flestir frá Keflavík og heimamönnum sem báru höfuð og herðar yfir önnur lið. Engin landsmótsmet voru slegin en þau Ingibjörg Kristín Jónsdóttir ÍBH og Guðni Emilsson Keflavík hjuggu nærri þeim í 50 metra skriðsundi. Ingibjörg sigraði einnig í 100 metra skriðsundi en keflvískar stúlkur einokuðu aðrar greinar. Elfa Ingvadóttir sigraði í baksundi og 400 metra skriðsundi, Marín Hrund Jónsdóttir varð fyrst í flugsundi og Jóna Helena Bjarnadóttir stóð sig best í fjórsundi. Lilja Ingimarsdóttir var sterkust í bringusundunum. Eins og nærri má geta sigruðu Keflavíkurmeyjar í boðsundi en nú var aðeins keppt í einu slíku.

Kjalnesingurinn Júlíus Valdimarsson varð fyrstur í 800 metra skriðsundi og Davíð H. Aðalsteinsson Keflavík var fljótastur í baksundi og flugsundi. En Guðni Emilsson úr Keflavík var





*Tjaldsvæði landsmótsins voru þunnskipuð.*

óumdeildur sundkóngur mótsins. Hann sigraði í 50 og 100 metra skriðsundum, fjórsundi og báðum bringusundunum. „Þetta er frekar aukamót sem þjálfarinn sendi mig á og hér þarf að safna stigum fyrir félagið,“ sagði Guðni. Óhætt er að segja að það hafi tekist en hann var langsamlega stigahæstur í sundinu með 50 stig.<sup>423</sup> Það voru þó Kjalnesingar sem komu fyrstir að bakka í boðsundi karla eftir æsilega baráttu við Keflvíkinga. Munurinn var 18/100 úr sekúndu. Keflvíkingar voru hlutskarpari í stigakeppni sundsins með 374 stig en Kjalnesingar voru skammt undan með 366 stig. Þriðju voru Borgfirðingar með 97 stig.

## Landsmót í borg

Mörgum þótti annar bragur á landsmótinu en þeir áttu að venjast og landsmótsandinn víðs fjarri þarna á miðju höfuðborgarsvæðinu. Þar var þó ekki við mótshaldara að sakast, þeir höfðu gert sitt besta til að skapa landsmót þar sem aðstæður voru ekki hentugar til slíks. Í þéttbýli Kópavogssins brotnaði landsmótið upp í lítil íþróttamót hér og þar en landsmótsheildin var ekki til staðar. Aðstaða til íþróttakeppni var hins vegar fyrsta flokks og hefur líklega aldrei verið betri. Af því geta Kjalnesingar verið stoltir.

Tjaldbúðalífið á Kópavogstúni endurspeglaði þá staðreynd að mótið var á höfuðborgarsvæðinu því fámennt var í tjaldbúðunum. Þar var eitt og eitt tjald á stangli og tjaldsvæði margra sambanda voru alveg auð. Mótsgestir einfaldlega gistu hjá vinum og ættingjum eða óku heim til sín að kvöldi, þeir sem skemmra áttu að sækja.

Þingeyingar og Skarphéðismenn voru einu

samböndin með samkomutjöld á svæðinu og á kvöldin söfnuðust þeir þar saman til að fagna keppni dagsins og spá í spil morgundagsins. Um tíuleytið á föstudagskvöldið hafði nokkur hópur fólks frá öðrum samböndum safnast að HSK-tjaldinu enda hafði þeim verið boðið í kaffi. Nóg var á borðum, allt frá meinhollu grænmeti úr Hveragerði til sætabrauðs frá Selfossi. Halldóra Gunnarsdóttir, hinn skeleggi liðsstjóri Skarphéðins, dreif fólkið inn til að þiggja góðgerðir. Tjaldið fylltist en þegar Halldóra og fleiri fóru að syngja baráttusöng HSK tæmdist það jafnskjótt aftur.

Skemmtanir voru með ýmsu sniði á kvöldin. Stórtónleikar voru haldnir við Smárann á laugardagskvöldið með heimsfrægum íslenskum listamönnum. Þar voru að sjálfsögðu allir í stuði. Eldri ungmennafélagar héldu harmonikkuball í Kópavogslaug og dönsuðu þar í sundfötum. Mótsslitin fóru fram á Kópavogsvelli á miðjum sunnudegi í ágætu veðri. Þar var búið að stilla upp bikurum í löngum röðum og svo voru kallaðir upp þeir sem þá skyldu hljóta. Býsna margir virtust þó farnir af staðnum því helmingur bikaranna varð eftir í lokin.

Það var sigurglaður formaður UMSK, Valdimar Leó Friðriksson, sem hampaði helsta verðlaunagrip mótsins í lokin. Kjalnesingar sendu keppendur í allar greinar mótsins nema glímu og sigruðu glæsilega á eigin landsmóti með 2143 stig. Skarphéðismenn endurheimtu annað sætið og Reykvíkingar voru þriðju.

## Að lokum

Eins og stundum áður lagði landsmótsnefndin upp með miklar væntingar um þátttöku og aðsókn sem ekki gengu eftir. Keppendum hafði fækkað og áhorfendur voru fáir miðað við staðsetningu mótsins. Aðstæður til íþróttu voru hvergi betri en í Kópavogi en samt var mótinu tæplega lokið þegar gagnrýnisraddir upphófust í fjölmiðlum. Sigurbjörn Árni Arngrímsson langhlaupari og landsmótskeppandi lýsti vonbrigðum sínum í sjónvarpi og sagði: „Þetta mót er týnt!“ Hann gagnrýndi þá miklu áherslu sem lögð var á menningarhátíðina. Landsmótið hefði mætt afgangi og fólkið hefði vantað á svæðið. Jón Jónsson, fyrrverandi formaður HSK, var ekki sérstaklega hrifinn þegar sjónvarpsmenn spurðu hann álits á mótinu:



*Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK fagnar sigri með liðsmönnum sínum.*

Þetta var ekki fjölmennt mót. Tjaldsvæðin voru tóm. Aldrei hef ég séð jafnfáa að fylgjast með íþróttum á landsmóti og svo er það bara einhver nördaleikur og vatnsbyssuslagur sem er aðalatriðið á mótinu en ekki landsmótið sjálft.<sup>424</sup>

Björn Hermannsson, framkvæmdastjóri mótsins, svaraði þessu og sagði mótið hafa verið nútímalegt og flott. Það hefði verið stærsta, besta og fjölmennasta landsmót sem haldið hefði verið. Þeir sem ætluðu sér að leita að einhverri gamaldags sveitarómantik yrðu að fara eitthvað annað. Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ, sagði ekki hægt að sakast við mótshaldara þó fáir hefðu sótt tjaldstæðin. Líklega færi þó best á því að halda landsmót á höfuðborgarsvæðinu á 100 ára fresti!<sup>425</sup> Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, taldi hins vegar að ekki væri hægt að útiloka þeirra heimavöll.<sup>426</sup>

Athygli vakti að mörg héraðssambönd innan UMFÍ voru tæplega sjáanleg á landsmótinu. Ingimundur Ingimundarson, sem hefur haft hönd í bagga með framkvæmd tveggja landsmóta, taldi það vera vegna þess að búið var að opna landsmótin fyrir íþróttabandalögunum. Einstaklingar

sem búi við erfiðar aðstæður til íþróttaiðkunar sjái engan tilgang í að mæta til keppni við fólk sem æfi við fullkomnar aðstæður.<sup>427</sup> Líklega talaði Björn B. Jónsson fyrir munn margra þegar hann sagði að „trúlega sé ekki hægt að mynda hina einu og sönnu landsmótsstemmingu í borg.“<sup>428</sup>

Eitt er þó ónefnt. Þegar farið var að halda Unglingalandsmót UMFÍ árlega jókst álagið á héraðssamböndin og mörg þeirra virðast hafa tekið þá stefnu að einbeita sér fremur að litlu landsmótunum en hinum stóru. Tvö landsmót með mánadag millibili virðist meira en sum þeirra treysta sér til að ráða við. Allt kemur þetta skýrar í ljós í framtíðinni en þessi tilhneiging er greinilega komin fram.

Margt var gott um landsmótið í Kópavogi en sumt orkaði tvímælis eins og gengur. Margir munu bíða spenntir eftir landsmótinu á Akureyri 2009 sem haldið verður í minningu íþróttamótsins 100 árum fyrr. Þá mun hugsanlega koma í ljós hvert þróun landsmótanna stefnir. Væntanlegir mótshaldarar sem voru í Kópavogi sögðust mundu leggja sig alla fram við að skapa hinn sanna landsmótsanda á Akureyri. Í trausti þess er tímaþætt að slá botninn í hina 98 ára löngu sögu landsmóta UMFÍ.

<b>Heildarstig sambanda og félaga</b>		<b>stig</b>	<b>Stigahæstu keppendur</b>	<b>stig</b>
1.	UMSK	2143	Guðni Emilsson, sund	Keflavík 50
2.	HSK	1740,7	Elfa Ingvadóttir, sund	Keflavík 46
3.	ÍBR	1539,7	Jóna Helena Bjarnadóttir, sund	Keflavík 44
4.	UMSE/UFA	618,7	Ágústa Tryggvadóttir, frjáls.	HSK 43
5.	Keflavík	554	Elías Kjartan Bjarnason, sund	UMSK 43
6.	ÍBH	517,5	Ragnar Björnsson, sund	UMSK 39
7.	HSP	489,9	Sveinn Elías Eliasson, frjáls.	Umf.F 39
8.	Umf. Fjölur	460	Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, sund	Keflavík 37
9.	ÍBA	384,5	Guðlaug Edda Hannesdóttir, sund	UMSK 33
10.	ÍRB	276	Marín Hrunn Jónsdóttir, sund	Keflavík 36
11.	UMSB	259	Júlíus Valdimarsson, sund	UMSK 33
12.	UMSS	192,5	Bjarni Malmkvist Jónsson, frjáls.	Umf.F 32
13.	Umf. Njarðvíkur	154	Hafdís Sigurðardóttir, frjáls.	HSP 32
14.	HSH	150	Helga Margrét Þorsteinsdóttir, frjáls.	USVS 32
15.	UÍA	149	Herdís Helga Arnalds, frjáls.	UMSK 31
16.	Umf. Víkverji	80	Þorsteinn Ingvarsson, frjáls.	HSP 30,5
17.-18.	Umf. Vesturhlíð	60	Sigurður Örn Ragnarsson, sund	UMSK 30
17.-18.	Umf. Grindavíkur	60	Silja Úlfarsdóttir, frjáls.	ÍBH 30
19.	HSV	56	Þórkatla Dagný Þórarinsdóttir, sund	UMSB 29
20.	USÚ	37	Berglind Óskarsdóttir, frjáls.	Umf.F 28
21.	USVH	32	Ingibjörg Kristín Jónsdóttir, sund	ÍBH 28
22.	UDN	27	Sigrún Helga Davíðsdóttir, sund	UMSK 27
23.	ÍA	26	Sveinbjörg Zophoníasdóttir, frjáls.	USÚ 25
24.	USVS	21	Brynjar Gunnarsson, frjáls.	ÍBR 24,5
25.	USAH	12	Linda Björk Lárusdóttir, frjáls.	UMSK 24,5
26.	HSS	3	Gauti Ásbjörnsson, frjáls.	UMSS 24
			Kristinn Ásgeir Gylfason, sund	Umf.N 24
			Hjörtur Methúsalemsson, sund	UMSK 23
			Ólafur Guðmundsson, frjáls.	HSP 23
			Anna Steinunn Ingólfssdóttir, sund	UMSK 22
			Kristín Birna Ólafsdóttir, frjáls.	ÍBR 22
			Þorbergur Ingi Jónsson, frjáls.	UMSK 22

## Skammstafanir sambandsaðila UMFÍ

FS	Fjórðungssamband Sunnlendingafjórðungs	(starfaði 1908 til 1922)
FV	Fjórðungssamband Vestfirðingafjórðungs	(starfaði 1912 til 1922)
FN	Fjórðungssamband Norðlendingafjórðungs	(starfaði 1908 til 1922)
FA	Fjórðungssamband Austfirðingafjórðungs	(starfaði 1908 til 1916)
UMSK	Ungmennasamband Kjalarnesþings	stofnað 1922
UMSB	Ungmennasamband Borgarfjarðar	stofnað 1912
HSH	Héraðssamband Snæfells- og Hnappadalssýslu	stofnað 1922
UDN	Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga	stofnað 1917
UNB	Ungmennasamband Norður-Breiðfirðinga	(starfaði 1936 til 1970)
UÍVB	Ungmenna- og Íþróttasamband V-Barðastrandasýslu	(starfaði 1944 til 1970)
HHF	Héraðssambandið Hrafna-Flóki	stofnað 1971
HVÍ	Héraðssamband Vestur-Ísfirðinga	(starfaði 1922 til 1998)
HSV	Héraðssamband Vestfjarða	stofnað 2000
HSB	Héraðssamband Bolungarvíkur	stofnað 1982
HSS	Héraðssamband Strandamanna	stofnað 1927
USVH	Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga	stofnað 1931
USAH	Ungmennasamband Austur-Húnvetninga	stofnað 1912
UMSS	Ungmennasamband Skagafjarðar	stofnað 1910
UÍÓ	Ungmenna- og Íþróttasamband Ólafsfjarðar	stofnað 1977
UMSE	Ungmennasamband Eyjafjarðar	stofnað 1922
HSP	Héraðssamband Suður-Þingeyinga	(starfaði 1914 til 2006)
UNÞ	Ungmennasamband Norður-Þingeyinga	(starfaði 1915 til 2006)
HSP	Héraðssamband Þingeyinga	stofnað 2006
HF	Héraðssamband Fljótshéraðs	(starfaði 1917 til 1927)
UÍA	Ungmenna- og Íþróttasamband Austurlands	stofnað 1941
UAS	Ungmennasamband Austur-Skaftafellssýslu	(starfaði 1915 til 1921)
USÚ	Ungmennasambandið Úlfjótur	stofnað 1932
USVS I	Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu	(starfaði 1914 til 1925)
USVS II	Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu	(starfaði 1948 til 1956)
UMSM	Ungmennasamband Mýrdælinga	(starfaði 1954 til 1956)
USVS III	Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu	stofnað 1970
HSK	Héraðssambandið Skarphéðinn	stofnað 1910
Umf.G	Ungmennafélag Grindavíkur	stofnað 1935
Umf.K	Ungmennafélag Keflavíkur	stofnað 1929
Keflavík	Keflavík ungmenna- og íþróttafélag	nafnbreyting 1994
Umf.N	Ungmennafélag Njarðvíkur	stofnað 1944
Umf.Þ	Ungmennafélagið Þróttur Vogum	stofnað 1932
UV	Ungmennafélagið Víkverji Reykjavík	stofnað 1964
V	Ungmennafélagið Vesturhlíð Reykjavík	stofnað 1987
Umf.F	Ungmennafélagið Fjölur Reykjavík	stofnað 1988
Umf.Kj.	Ungmennafélag Kjalnesinga Reykjavík	stofnað 1938
USK	Ungmennafélagið Skipaskagi Akranesi	stofnað 1961
UGS	Ungmennafélagið Geisli Súðavík	stofnað 1977
UFG	Ungmennafélagið Glói Siglufirði	stofnað 1994
UFA	Ungmennafélag Akureyrar	stofnað 1988
Umf.Ó	Ungmennafélagið Óðinn Vestmannaeyjum	stofnað 1989



## Landsmót UMFÍ í tölum

Ár	nr.	staður	móts- greinar	kepp. greinar	kepp. karlar	kepp. konur	kepp. alls	sýn.- fólk	mótsgestir
1909	1	Akureyri	4	14	55	0	55	8	1500
1911	2	Reykjavík	7	25	58	12	70	34	4000
1914	3	Reykjavík	3	19	80	11	91	29	4000
1940	4	Haukadalur	3	11	59	8	67	23	1500
1943	5	Hvanneyri	3	19	114	6	120	28	3000
1946	6	Laugar	3	18	105	57	162	68	3000
1949	7	Hveragerði	4	18	122	68	190	70	5000
1952	8	Eiðar	4	25	161	71	232	52	4000
1955	9	Akureyri	5	35	183	80	263	15	4000
1957	10	Þingvellir	4	24	141	73	214	147	5000
1961	11	Laugar	6	45	229	133	362	105	8000
1965	12	Laugarvatn	6	42	245	129	374	399	20000
1968	13	Eiðar	7	42	286	152	438	238	7000
1971	14	Sauðárkrókur	7	47	303	192	495	198	8000
1975	15	Akranes	8	59	371	217	588	410	10000
1978	16	Selfoss	10	60	488	232	720	300	13000
1981	17	Akureyri	11	61	562	280	842	280	10000
1984	18	Keflavík	11	62	705	295	1000	225	8000
1987	19	Húsavík	11	66	786	344	1130	471	15000
1990	20	Mosfellsbær	13	73	874	592	1466	573	5000
1994	21	Laugarvatn	13	73	919	491	1410	324	5000
1997	22	Borgarnes	14	77	941	545	1486	229	7000
2001	23	Egilsstaðir	17	99	736	424	1160	130	12000
2004	24	Sauðárkrókur	19	117	918	642	1560	451	12000
2007	25	Kópavogur	18	110	811	439	1250	630	12000

## Landsmótsmet í frjálsíþróttum

### Karlar

100 m hlaup	10,75	Reynir Logi Ólafsson	ÍBR	Sauðárkróki	2004
200 m hlaup	22,20	Jón Arnar Magnússon	UMSK	Sauðárkróki	2004
“ “	22,20	Sveinn Elías Eliasson	Umf.F	Kópavogi	2007
400 m hlaup	47,9	Aðalsteinn Bernharðsson	UMSE	Keflavík	1984
800 m hlaup	1:54,5	Björn Margeirsson	UMSS	Egilsstöðum	2001
1500 m hlaup	3:56,85	Sigurbjörn Á. Arngrímsson	UMSS	Sauðárkróki	2004
5000 m hlaup	14:39,6	Jón Diðriksson	UMSB	Akureyri	1981
110 m grind.	14,52	Jón Arnar Magnússon	UMSS	Borgarnesi	1997
400 m grind.	53,93	Björgvin Víkingsson	ÍBH	Sauðárkróki	2004
4x100 m boð.	42,65	UMSK	UMSK	Sauðárkróki	2004
“ “	42,65	Umf.F	Umf.F	Kópavogi	2007
1000 m boð.	1:57,29	UMSS	UMSS	Borgarnesi	1997
Langstökk	7,78	Jón Arnar Magnússon	UMSK	Egilsstöðum	2001
Hástökk	2,13	Einar Karl Hjartarson	USAH	Borgarnesi	1997
Þrístökk	14,93	Karl Stefánsson	UMSK	Eiðum	1968
Stangarstökk	4,90	Jón Arnar Magnússon	UMSK	Sauðárkróki	2004
Kúluvarp	20,66	Pétur Guðmundsson	HSK	Mosfellsbæ	1990
Kringlukast	63,00	Vésteinn Hafsteinsson	HSK	Laugarvatni	1994
Spjót kast	82,96	Einar Vilhjálmsson	UÍA	Húsavík	1987

**Konur**

100 m hlaup	11,99	Sunna Gestsdóttir	UMSS	Sauðárkróki	2004
200 m hlaup	23,99	Sunna Gestsdóttir	UMSS	Sauðárkróki	2004
400 m hlaup	56,45	Silja Úlfarsdóttir	ÍBH	Kópavogi	2007
800 m hlaup	2:14,88	Eygerður Inga Hafþórsdóttir	ÍBH	Sauðárkróki	2004
1500 m hlaup	4:38,96	Fríða Rún Þórðardóttir	UMSK	Laugarvatni	1994
3000 m hlaup	10:03,50	Fríða Rún Þórðardóttir	UMSK	Laugarvatni	1994
100 m grind.	14,10	Sólveig Hildur Björnsdóttir	UMSS	Egilsstöðum	2001
400 m grind.	62,00	Silja Úlfarsdóttir	ÍBH	Sauðárkróki	2004
4x100 m boð.	48,85	UMSK	UMSK	Kópavogi	2007
1000 m boð.	2:15,91	UMSS	UMSS	Egilsstöðum	2001
Langstökk	5,94	Sunna Gestsdóttir	UMSS	Egilsstöðum	2001
Hástökk	1,81	Þórdís Gísladóttir	HSK	Mosfellsbæ	1990
Þrístökk	11,64	Jóhanna Ingadóttir	ÍBR	Sauðárkróki	2004
Stangarstökk	3,40	Aðalheiður M. Vigfúsdóttir	UMSK	Egilsstöðum	2001
“ “	3,40	Fanney Björk Tryggvadóttir	ÍBR	Sauðárkróki	2004
Kúluvarp	14,65	Guðbjörg Gylfadóttir	USAH	Húsvík	1987
Kringlukast	45,14	Guðrún Ingólfsdóttir	USÚ	Mosfellsbæ	1990
Spjót kast	53,78	Vigdís Guðjónsdóttir	HSK	Borgarnesi	1997

**Landsmótsmet í sundi****Karlar**

50 m skrið.	24,32	Heiðar I. Marinósson	ÍBH	Sauðárkróki	2004
100 m skrið.	53,71	Heiðar I. Marinósson	ÍBH	Sauðárkróki	2004
800 m skrið.	8:50,88	Númi S. Gunnarsson	HSK	Borgarnesi	1997
100 m bring.	61,1	Eðvarð Þór Eðvarðsson	HSK	Laugarvatni	1994
200 m bring.	2:24,05	Jón Oddur Sigurðsson	Umf.N	Egilsstöðum	2001
100 m bak.	59,12	Eðvarð Þór Eðvarðsson	HSK	Laugarvatni	1994
100 m flug.	58,57	Arnar Freyr Ólafsson	HSK	Borgarnesi	1997
200 m fjór.	2:09,89	Arnar Freyr Ólafsson	HSK	Borgarnesi	1997
4x100 m skrið.	3:41,72	HSK	HSK	Borgarnesi	1997
4x100 m fjór.	4:09,15	HSK	HSK	Borgarnesi	1997

**Konur**

50 m skrið.	28,03	Eydís Konráðsdóttir	Keflavík	Borgarnesi	1997
100 m skrið.	61,33	Bryndís Ólafsdóttir	HSK	Mosfellsbæ	1990
400 m skrið.	4:32,50	Sunna Dís Ingibjargardóttir	Keflavík	Borgarnesi	1997
100 m bring.	73,42	Íris Edda Heimisdóttir	Keflavík	Egilsstöðum	2001
200 m bring.	2:37,47	Íris Edda Heimisdóttir	Keflavík	Egilsstöðum	2001
100 m bak.	70,63	Guðný H. Rúnarsdóttir	HSK	Borgarnesi	1997
100 m flug.	64,65	Eydís Konráðsdóttir	Keflavík	Borgarnesi	1997
200 m fjór.	2:22,87	Eydís Konráðsdóttir	Keflavík	Borgarnesi	1997
4x100 m skrið.	4:07,99	Keflavík	Keflavík	Borgarnesi	1997
4x100 m fjór.	4:36,20	Keflavík	Keflavík	Borgarnesi	1997



### **3. HLUTI**

## **Unglingalandsmót UMFÍ**





# 1. unglíngalandsmót UMFÍ á Dalvík 10.-12. júlí 1992



## Upphafið

Árið 1991 kom upp sú hugmynd hjá Ungmennasambandi Eyjafjarðar að halda landsmót fyrir unglínga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Þessi hugmynd hafði reyndar komið upp áður en ekki orðið af framkvæmdum. Aðdragandinn var sá að UMSE tók að sér að halda Íslandsmeistarasmót 14 ára og yngri í frjálssíþróttum á Akureyri sumarið 1991. Þegar það var í undirbúningi kviknaði sú hugmynd að gaman væri að halda stórt mót með þátttöku krakka úr fleiri en einni íþróttgrein. Stjórn UMSE ákvað að kanna áhuga fyrir slíku móti sem jafnframt gæti verið afmælistmót sambandsins sem yrði 70 ára 1992. Strax þótti fýsilegur kostur að bjóða félögum og samböndum UMFÍ að vera með og upp úr því var farið að tala um unglíngalandsmót UMFÍ sem haldið yrði með nokkurra ára fresti í framtíðinni.

Upphafsmáður þessarar hugmyndar er Jón Sævar Þórðarson sem þá hafði verið framkvæmdastjóri UMSE um tíma. Jón er þekktur fyrir atorku og þarna fékk hann verkefni við hæfi. Hann má því vel kallast frumkvöðull unglíngalandsmótanna. Strax í upphafi kom fram sú hugsun að mótið ætti ekki fyrst og fremst að miðast við toppárangur í einstökum greinum því einnig yrði góður skammtur af skemmtun í boði fyrir ungdóminn. Blandað yrði saman keppni og kvöldvökum, skemmtun og útivist og þarna yrði eitthvað fyrir alla. Hugmyndin var fyrst kynnt í *Fréttabréfi UMFÍ* í júlí 1991 og á haustfundi samtak-



*Jón Sævar Þórðarson frumkvöðull unglíngalandsmóta UMFÍ.*

anna á Hallormsstað urðu fjörugar umræður um málið. Síndist sitt hverjum og sumum þótti fjöldi móta orðinn mikill en flestir voru þó afar jákvæðir.<sup>1</sup>

Stjórn UMFÍ þótti hugmyndin áhugaverð og málið var tekið fyrir á þingi þess á Húnavöllum haustið 1991. Það kom í hlut Jóhanns Ólafssonar, bónda

á Ytra-Hvarfi í Svarfaðardal og fyrrum formanns UMSE, að fylgja málinu eftir í nefnd. Að sögn Jóhanns var hart barist í nefndinni og róðurinn



*Frá mótsetningu.*



*Haukur Björnsson HSK sigrar í 800 metra hlaupi.*

nokkuð þungur, enda ekkert smámál til umræðu. Að lokum lagði Jóhann fram tillögu um að fela stjórn UMSE að standa fyrir unglíngalandsmóti sumarið 1992 í samráði við stjórn UMFÍ. Allir sem til orða tóku voru hlyntir þessu framtaki og tillagan var einróma samþykkt. Reglugerð um landsmótið var lögð fram á þinginu. Þar var lagt til að mótið yrði þriggja daga mót sem yrði haldið þriðja hvert ár. Lögð skyldi áhersla á fjölbreytta skemmtidagskrá fyrir alla aldurshópa en keppendur yrðu 16 ára og yngri. Þáttökufjöldi í keppnisgreinum var ótakmarkaður og lágmörk engin. Engin stigakeppni skyldi vera á mótinu en þrjár efstu í hverri grein fengju verðlaun. Mótsgreinar væru 5-8 talsins en alltaf skyldi keppt í frjálsíþróttum, knattspyrnu, sundi og skák. Aðrar greinar átti mótshaldari að velja.<sup>2</sup>

Í umræðum á þinginu kom upp sú djarflega hugmynd að halda mótið um verslunarmannahelgi. Stjórn UMSE þótti forvitnilegt að kanna þennan möguleika og gerði bréflega könnun meðal sambandsaðila UMFÍ. Af þeim tólf sem svöruðu vildu átta hafa mótið snemma í júlí en fjórir um verslunarmannahelgina.<sup>3</sup> Hér átti talsvert vatn eftir að renna til sjávar en eins og flestum mun kunnugt voru unglíngalandsmótin síðar færð yfir á verslunarmannahelgina með góðum árangri.

## Mótið undirbúið

UMSE skipaði unglíngalandsmótsnefnd og var formaður hennar var Jóhann Ólafsson ritari UMFÍ og fyrrverandi formaður UMSE. Frá UMFÍ komu tveir stjórnarmenn í nefndina, þau

Kristján Yngvason og Sigurlaug Hermannsdóttir. Nefndarmenn frá UMSE voru Niels Helgason, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Bjarni Gunnarsson, Þuríður Árnadóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Sigurgísli Sveinbjörnsson og Jón Sævar Þórðarson, maðurinn sem kom öllu af stað.

Nefndin hélt sinn fyrsta fund í febrúar 1992 og marga eftir það fram að mótinu enda þurfti nú mörgu að sinna. Fljótlega var Katrín Sigurjónsdóttir ráðin framkvæmdastjóri mótsins og þá var fyrir alvöru farið að skipuleggja framkvæmdina. Landsmót UMFÍ voru að sumu leyti fyrirmynd en að mörgu leyti var vinnan við þetta fyrsta mót frumkvöðlastarf.

Strax í upphafi var tekin sú ákvörðun að aðgangur yrði ókeypis en rífleg þáttökugjöld keppenda myndu fjármagna mótið að mestu. Þau voru 4000 krónur og fyrir það mátti hver keppandi keppa eins og hann lysti innan sinna aldursflokka. Innifalið var morgunverður á laugardag og sunnudag og fríar ferðir milli keppnisstaða. Ekki dugðu gjöldin til að standa undir mótinu og var reynt að klóra í bakkann með auglýsingasöfnun. Það gekk upp og ofan enda ULM ekki búið að geta sér neinnar frægðar þegar hér var komið sögu. Helstu styrktaraðilar voru sparísjóðirnir við Eyjafjörð, Vífilfell og Kaupfélag Eyfirðinga. Lítils háttar framlag fengu mótshaldarar hjá UMFÍ en framkvæmdin stóð undir sér og skilaði svolitlum hagnaði.

Ákveðið var að mótsgreinar yrðu átta: Frjálsíþróttir, knattspyrna, sund, skák, glíma, golf, hestaíþróttir og borðtennis. Yfirleitt voru tveir árgangar saman í flokki en stundum þrjár og var þá farið eftir reglum sérsambandanna. Mótið var lagt upp sem fjölskylduhátíð þar sem foreldrarir kæmu ásamt börnunum. Þá var þátttakan ekki fast bundin við héraðssamböndin heldur máttu einstök ungmennafélög senda keppendur í eigin nafni. Þetta var vel hægt vegna þess að á mótinu var engin stigakeppni.

Mikið var lagt í kynningu mótsins, merki þess var útbúið og veggspjaldi dreift víða. Mitt í þessum önnum sagði Jóhann Ólafsson af sér formennsku í nefndinni sökum annríkis við bústörf og Guðmundur Víðir Gunnlaugsson tók við formannsstörfum. Nefndarmenn sendu frá sér tíðar fréttir um gang mála þegar líða tók að mótinu og lokaorðin voru þau að hvetja alla sem vettlingi



*Keppendur í tölti 12 ára og yngri.*

gætu valdið að mæta nú í sólina fyrir norðan og gleyma ekki tjaldinu, svefnpokanum, þvottapokanum, grillinu og tannburstanum.<sup>4</sup>

## Góð mæting og glímuhringur

Sérsamböndin sýndu þessu nýja móti mismikinn áhuga. Framlag Glímusambandsins var einstakt því stjórnarmenn þar á bæ buðust til að sjá alfarið um glímukeppnina. Þeir gerðu meira því Rögnvaldur Ólafsson formaður GLÍ og Kjartan Lárusson framkvæmdastjóri tóku sig til og fóru hringferð um landið til að kynna þjóðariþróttina í tilefni af unglíngalandsmótinu. Á 30 dögum kynntu þeir glímu á 44 stöðum víðsvegar um landið fyrir 504 ungmennum sem þeir hvöttu til að keppa á Dalvík. Þeir félagar hlutu lítills háttar framlag hjá UMFÍ en glímuhringurinn reyndist þó vera launalaust sjálfböðastarf því tekjur og gjöld voru svipuð að dýrleika.<sup>5</sup>

Héraðssamböndin lögðu greinilega mismikla áherslu á að taka þátt í mótinu. Sum sendu fjölmennt lið til Dalvíkur í eigin nafni en önnur létu félög sín um hituna. Athygli vakti að stóru samböndin tvö sem börðust um sigur á landsmótum UMFÍ sýndu mótinu lítinn áhuga. Frá HSK komu ekki nema 14 keppendur og hinir 76 keppendur Kjalnesinga kepptu undir merkjum félaganna Aftureldingar, Breiðabliks og HK. Sama var uppi hjá UÍA. Sex af félögum þess komu með liðsmenn sína en sambandið var ekki skráð með keppendur. Í nágrenni mótsins var annað uppi á teningnum. Öll norðlensku samböndin komu með

væna hópa á landsmótið en heimamenn UMSE voru í sér-flokki með 247 skráða keppendur. Þá var hið fámenna vestfirska samband Hrafna-Flóki mætt á staðinn með 59 glaðbeitta unglínging. Alls voru 1078 keppendur skráðir til leiks á unglíngalandsmótið sem var glæsileg byrjun.<sup>6</sup>

Síðustu dagana fyrir mótið mætti fjöldi sjálfböðaliða út á Dalvík til að gera það sem gera þurfti til að mótið gæti hafist 10. júlí. Það var fyrst og fremst verið að gera íþróttavöllinn kláran til keppni. Harðsnúinn hópur helstu aðstandenda lagði nótt við dag bæði fyrir mótið og meðan á því

stóð, og allt gekk upp á endanum.

## Mótið

Keppni hófst eftir hádegi á föstudaginn og stóð til sunnudags. Rigning var á föstudaginn en síðan stytta upp og sólin skein í heiði á sunnudaginn. Mótið var formlega sett á föstudagskvöldið með skrudgöngu keppenda inn á leikvanginn sem búíð var að lagfæra töluvert, en þarna voru engar hlaupabrautir úr tartani heldur bara venjulegar malarbrautir. Hafsteinn Þorvaldsson stjórnaði skrudgöngunni og rúmlega þúsund keppendur trítuðu inn á völlinn glaðir og reifir. Formaður landsmótsnefndar bauð menn velkomna og Pálmi Gíslason formaður UMFÍ setti mótið. Þegar Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri hafði lokið ávarpi sínu gerðu krakkarnir bylgjuhreyfingar þar sem þau stóðu og svo var sungið. Í lokin var látið illa með fararstjórana hjá liðunum og þeir látnir keppa hver við annan í ólíklegustu greinum. Allt vakti þetta mikinn fögnuð hinna ungu keppenda sem léku við hvern sinn fingur.

Svo var það keppnin. Langflestir voru í frjális-íþróttum og sem dæmi má nefna að 120 stelpur 12 ára og yngri tóku þátt í 60 metra hlaupi. Halldóra Jónasdóttir spjótkastari úr Borgarfirði setti Íslandsmet í meyjaflokki 15-16 ára og bætti met þjálfara síns, Írisar Grönfeldt, um rúmlega þrjátíu sentimetra. Keppnisgreinar flokkanna, sem hver spannaði tvö ár, voru spretthlaup, langhlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp og spjótkast. Alls voru 46 greinar hjá flokkunum sex. Í stað stigakeppn-





*Þrír efstu menn í glímu 13-14 ára: Lárus Kjartansson, Kjartan Kárason og Jóhannes Héðinsson.*

innar fékk það samband bikar til eignar sem hlaut flesta verðlaunapeninga í hverri mótsgrein. Í frjálsíþróttum var það Héraðssamband Suður-Þingeyinga sem bikarinn hlaut með sína 27 verðlaunapeninga.

Keppendur í sundi voru líka býsna margir og til dæmis kepptu 48 í 50 metra skriðsundi meylla 11-12 ára. Í sundinu nældu Suður-Þingeyingar sér í 30 verðlaunapeninga og hlutu sundbikarinn. Í hinum greinunum sex voru keppendur mun færri. Í golfi sigraði USAH með níu verðlaunapeninga og hlaut bikarinn. Heimamenn Eyfirðinga voru sigursælastir í hestaiþróttum með 17 verðlaunapeninga og bikarinn fór til þeirra. Í borðtennis báru Þingeyingar 11 verðlaunapeninga úr bítum og bikarinn með. Í skákinni var Ungmennafélag Akureyrar með flesta vinninga og í knattspyrnu voru heimamenn bestir. Hinir fáu keppendur Skarphéðins stóðu sig best í glímunni og hrepptu níu verðlaunapeninga eða helm-inginn.<sup>7</sup>

Þarna kom fram ungt og efnilegt íþróttafólk sem síðar átti eftir að láta að sér kveða á landsmótum sérsambanda og UMFÍ. Keppendur voru í hæstánægðir og létu vel af sér í viðtölum við blaðamenn. Lárus Kjartansson HSK tók til dæmis þátt í glímu og frjálsíþróttum drengja 13-14 ára og var ekkert stúrin yfir útkomunni:

Mér hefur gengið ágætlega. Ég sigraði í glímunni og varð 4. í kúluvarpi og spjóti og svo var ég einnig með í boðhlaupi og þar urðum við í 3. sæti. Svo maður er

sáttur. Nei, ég hef aldrei komið hingað áður og ég kann mjög vel við mig hérna því stemmingin er frábær og mun ég seint gleyma þessum dögum á Dalvík.<sup>8</sup>

Sveinþór Arason frá Skagaströnd, níu ára, lýsti mótinu þannig:

Ég keppti í langstökki og kúluvarpi og mér gekk bara vel. Langstökkið fannst mér skemmtilegast. Annars erum við núna að fara á ballið í tjaldinu. Það eru svo svaka-lega mörg tjöld og margt fólk.<sup>9</sup>

Þótt stærstur hluti mótsins færi fram á Dalvík þurfti að fara víðar til að koma mótinu fyrir. Á Dalvík var fyrst og fremst að finna frjálsíþróttir, knattspyrnu, skák, glímu og borðtennis. Knattspyrna fór einnig fram á Árskógsvelli og í Hrísey. Sundkeppnin var í Þelamörk, golfið á Arnarholtsvelli og hestaiþróttir í Svarfaðardal. Áætlaður gestafjöldi á Dalvík var um 3000 og víðlend tjaldborg reis fyrir sunnan bæinn. Eftir að keppni lauk var slegið upp mikilli grillveislu með pylsur í aðalrétt, sem hurfu hratt og örugglega ofan í keppendahópinn.

Á föstudagskvöldið fengu ungir mótsgestir að spreyta sig í karóki. Þetta fór fram í stóru tjaldi sem sett var upp á staðnum og þar var haldið ball fyrir alla þátttakendur á laugardagskvöldið. Hjóm-sveitin „1000 andlit“ sá um fjörið og var alveg frábær að sögn krakkanna. Þar var hoppað og skoppað og stappað og hóað og allir virtust í sjöunda himni. Pálmi Gíslason, formaður UMFÍ, var í sjöunda himni þegar blaðamenn gripu hann glóðvolgan í mótslok. Pálmi hafði þetta að segja:

Öll framkvæmd er til mikillar fyrirmyndar, þátttaka frábær og skemmtilegt að sjá hvað margir foreldrar hafa komið með börnunum sínum til mótsins. Ætli það séu ekki svona 500 til 600 tjöld hérna og mér heyrir vera mikil ánægja allra þátttakenda með allt fyrirkomulag.<sup>10</sup>

Svo virtist að boðskapur umhverfisverkefna UMFÍ sem voru í algleymingi um þessar mundir hefði skilað sér vel til mótsgesta því það þótti tíðindum sæta hversu hreinlega var gengið um mótssvæðið. Fjölmennur flokkur hreinsunarmanna var sendur á tjaldsvæðið en þurfti frá að hverfa fimm mínútum síðar því engin fundust verkefni.





*Pálmi Gíslason afhendir Valdimari Gunnarssyni fyrirmyndarbikarinn.*

Íþróttanefnd ríkisins gaf fagran keramikbikar til mótsins og hlaut hann heitið Fyrirmyndarbikarinn. Hann skyldi veitast því keppnisliði sem væri til fyrirmyndar fyrir háttvísi og góða umgengni á mótsstað. Það var Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri Héraðssambandsins Hrafna-Flóka sem hlaut þann heiður að taka á móti bikarnum úr hendi Pálma Gíslasonar fyrir hönd sinna unglunga. Þegar mótinu lauk gátu Eyfirðingar verið stoltir af sínu framtaki og það voru glaðir unglingar og fullorðnir sem héldu heim af fyrsta unglungalandsmótinu á Dalvík 1992.

## Skráðir keppendur félaga og sambanda fjöldi 1078

UMSE	247
HSP	111
UMSS	81
UNP	64
HHF	59
USAH	53
USVH	51
UMSB	49
Umf. Afturelding (UMSK)	46
Umf. Akureyrar	42
HSH	32
Íf. Þróttur (UÍA)	29
Umf. Fjölnir	27
UÍÓ	22
Umf. Bolungarvíkur	22
HSS	21
HK (UMSK)	20
USVS	19
Íf. Huginn (UÍA)	19
HSK	14
UDN	12
Umf. Breiðablik (UMSK)	10
Umf. Valur (UÍA)	10
Umf. Þróttur	9
Umf. Höttur (UÍA)	3
Umf. Óðinn	3
Umf. Neisti (UÍA)	1
Umf. Leiknir (UÍA)	1
Umf. Hrafnkell Freysgoði (UÍA)	1



## 2. ungingalandsmót UMFÍ á Blönduósi 14.-16. júlí 1995

### Húnavetningar bjóða heim

Unglingalandsmótið á Dalvík 1992 var tíma-mótaatburður innan UMFÍ. Óhætt er að segja að það hafi slegið í gegn og þeir sem voru staddir á Dalvík þessa skemmtilegu júlíhelgi voru sannfærðir um að það væri komið til að vera. Þessu voru forystumenn ungmennafélagshreyfingarinnar sammála og samþykktu á sambandsráðsfundi UMFÍ haustið 1992 að halda næsta ungingalandsmót árið 1995.<sup>11</sup> Þar með var ungingalandsmótið eða ULM, eins og það er skammstafað, komið á kortið og nú var bara eftir að vita hverjir vildu taka upp þráðinn frá Eyfirðingum. Ekki stóð á því og vorið 1993 höfðu bæði UÍA og USAH sótt um að halda næsta mót. Reyndar sótti Ungmennafélagið Fjöltnir í Grafarvogi einnig um



*Valdimar Guðmannsson formaður USAH.*

en sú umsókn barst of seint. Stjórn UMFÍ tók málið fyrir á fundi í október og samþykkti einróma að USAH yrði mótshaldari 1995.<sup>12</sup>

Á þingi UMFÍ haustið 1993 var farið yfir reglugerð mótsins og hún gerð einfaldari. Mótsgreinar skyldu ekki vera fleiri en sjö talsins og engin fyrirmæli voru gefin um hverjar þær væru. Aldursflokkar voru fastsettir 11-12 ára, 13-14 ára og 15-16 ára hjá báðum kynjum. Þá var felld út ákvæði um viðurkenningu til þess félags sem stæði sig best í hverri grein. Hin harða barátta um stigin sem einkenndi stóru landsmótin var hér með gerð útlæg á ungingalandsmótunum. Þetta líkaði mörgum vel og enginn mælti á móti þessari meðferð mála.<sup>13</sup>

Á haustdögum 1994 tók ungingalandsmótsnefnd USAH formlega til starfa. Formaður hennar var Valdimar Guðmannsson formaður sambandsins. Aðrir nefndarmenn voru Rut Jónasdóttir, Sigurlaug Ragnarsdóttir og Guðrún Jónsdóttir. Svo var Sigurlaug Hermannsdóttir fyrrverandi formaður USAH í nefndinni sem fulltrúi UMFÍ enda var hún í stjórn samtakanna. Þetta var samhentur hópur sem þekktist vel og fundaði næstum vikulega allt fram að mótinu. Um vorið 1995 kom Sigurbjörg Kristjánsdóttir til starfa sem framkvæmdastjóri USAH og varð þá jafnframt sjálfkrafa framkvæmdastjóri mótsins. Þetta var óneitanlega nokkuð djarfmannlegt framtak hjá héraðssambandi sem ekki taldi nema 853 félagsmenn.<sup>14</sup>

Nefndin gaf út tvö fréttabréf um veturinn sem send voru út til hreyfingarinnar. Þar var tíundað hvernig öllu skyldi fyrirkomuð. Þar var meira að segja að finna heilan brag um tilvonandi mót eftir Rúnar Kristjánsson sem hófst á þessa leið:



*Fánaberar í fararbroddi skríðgöngu við mótsetningu.*

Í yndislegum sólarsal  
á sumrinu okkar næsta  
í Húnaþingi haldið skal  
með heiðri mótið glæsta.

Þá mun öllu tjaldað til  
sem táp og gleði vekur  
er kröftugt fólk með æskuyll  
á orku sinni tekur.<sup>15</sup>

Einstakir nefndarmenn gerðu ítrekaðar tilraunir til að fá ýmis fyrirtæki og stofnanir sem starfa á landsvísi sem styrktaraðila en það eina sem lét tilleiðast var Mjólkur dagsnefnd. Þáttur fyrirtækja í heimabyggð var aftur á móti góður og sérstaklega voru samvinnufélögin í sýslunni rausnarleg. Sæmilegur hagnaður varð af mótinu og réð þar mestu hin góða þátttaka. Þátttökugjald var óbreytt frá fyrra landsmóti eða 4000 krónur á keppanda. Innifalið í því var tjaldstæði, morgunmatar laugardag og sunnudag, grillveisla, kvöldvaka, dansleikur, ferðir milli keppnisstaða og minjagripur.<sup>16</sup>

Ákveðið var að hinar sjö keppnisgreinar mótsins yrðu frjálsíþróttir, golf, hestaíþróttir, knattspyrna, körfubolti, sund og skák. Þegar stjórnarmenn Glímu-

sambandsins fréttu að þjóðaríþróttin væri utangarðs brugðu þeir skjótt við og sendu bréf til stjórnar UMFÍ í janúar 1995. Þar hvöttu þeir til að glíman yrði meðal keppnisgreina. Rök þeirra voru margvísleg og þar á meðal þessi:

UMFÍ beitir sér fyrir slagorðinu „Veljum íslenskt“ og hvað er íslenskara en glíman? Með fullri virðingu fyrir öðrum ágætum íþróttum sem stundaðar eru á landinu eru þær allar innfluttar en glíman er þjóðareign.<sup>17</sup>

Stjórn UMFÍ studdi beiðni GLÍ heilshugar og eftir áskorun hennar var glímunn bætt inn sem áttundu greininni með því skilyrði að glímumenn sæju alfarið um keppnina. Þeir samþykktu það með ljúfu geði. GLÍ stóð fyrir glímunámskeiðum á Blönduósi og Skagaströnd fyrir mótið með þeim árangri að keppendur urðu 49 talsins og þar með mun fleiri en á Dalvík.<sup>18</sup>

Hér kom upp hinn sígildi vandi mótshaldara því fjarri fór að hægt væri að hafa íþróttakeppnina á einum stað. Mótið dreifðist nokkuð víða: Stjórnstöðin var á Blönduósi. Frjálsíþróttirnar fóru fram á íþróttavelli Vorboðans skammt norðan við Blönduós og þar hjá voru tjaldstæði móts-



*Markdómarar og tímaverðir á Vorboðavelli.*



*Boðhlaupsveitir stelpna.*

gesta. Skammt þar frá var einnig golfið. Körfuboltinn fór fram í íþróttahúsi Blönduóss en hestaíþróttir við Húnaver. Glíman og skákin fóru fram á Skagaströnd en synt var á Hvammstanga. Eftir á viðurkenndu nefndarmenn að mótið hefði verið alltof dreift en við svo búið varð að standa.

Mikil vinna lá að baki við að bæta aðstöðuna þegar mótið hófst. Allt áhorfendasvæðið á Vorboðavelli var þökulagt og gerviefni lagt á atrennubrautir fyrir langstökk, hástökk og spjót-kast. Ekki var viðlit vegna kostnaðar að setja gerviefni á hlaupabrautirnar svo þar var sett leirblanda sem kom ágætlega út. Þá var vellingur á Blönduósi breytt úr malarvelli í grasvöll á örskotsstund með þökulagningu fjölmargra sjálfboðaliða.<sup>19</sup> Ódrepanði bjartsýni og dugnaður Valdimars Guðmannssonar og annarra nefndarmanna gerði það að verkum að vel tókst að virkja hina almennu félagsmenn til starfa því fólkið hreifst með. Svo þegar í hönd fór þriðja helgi júlímánaðar var allt tilbúið að taka á móti landsmóts-gestum.

## Mótið stækkar

Það leyndi sér ekki þegar móts-gestir tóku að streyma til Blöndu-

óss úr öllum áttum að mótið á Dalvík hafði spurst vel út því nú komu flestir til leiks sem þá létu sig vanta. Austfirðingar, Skarphéðingsmenn og Kjalnesingar fjölmenntu á mótið og flest hinna sambandanna komu með stærri hópa en fyrr. Alls voru skráðir keppendur mótsins 1488 en hafa líklega verið eitthvað færri vegna forfalla eins og gengur. Flestir voru keppendur í knattspyrnu og frjálsíþróttum, um 400 í hvorri grein. Í körfubolta voru 40 lið eða 300 keppendur og 1000 skráningar í sundi deildust á 250 keppendur. Í öðrum greinum voru mun færri. Það mæddi því töluvert á starfsmönnum mótsins

en allt gekk eftir áætlun og tímaseðillinn stóðst.

Talið var að allt að 4000 manns hafi komið á mótið og hefðu eflaust orðið fleiri ef ekki hefði andað köldu að norðan þessa helgi. Veður var þó þurr og þökkalegt og mótsgestir létu það ekkert á sig fá þó Kári blési duglega á laugardagskvöldið og sunnudaginn. Lítið var um skjól við völlinn svo það var ekkert annað að gera en klæða sig vel. Veður var þó skaplegt á föstudagskvöldið þegar Þórir Jónsson setti mótið á Vorboðavelli. Allir keppendur þeirra 24 sambanda sem mættu til leiks gengu í skrudfýlkingu inn á völlinn undir



*Keppendur í fjörgangi 13 til 16 ára: Anna Sif Ingimarsdóttir UMSS, Eyþór Einarsson UMSS og Karen Gunnarsdóttir UMSE.*





*Glimustúlkur 11 til 12 ára: Inga Gerða Pétursdóttir HSP, Andrea Pálsdóttir HSK, Brynja Hjörleifsdóttir HSP, Þórunna Måsdóttir HSK og Soffía Björnsdóttir HSP.*

lúðraþyt. Séra Hjálmar Jónsson vígði völlinn en svo var haldið niður í fjöruna við Selvík. Þar logaði varðeldur fram eftir kvöldi og hópurinn söng og skemmti sér.

Víða voru fjölmennir hópar mættir við rásmark en flestir þó í 60 metra hlaupi stelpna 12 ára og yngri sem voru 70 talsins. Eitt Íslandsmet féll á mótinu þegar Snæfellingurinn Guðrún Pétursdóttir stökk 1,53 metra í hástökki. Guðrún var aðeins 13 ára svo þetta var umtalsvert afrek. Eini atvinnumaðurinn í keppninni var Kristinn Ólafsson frá Blönduósi. Þegar hann var kominn fyrstur í mark í 60 metra hlaupi stráka galaði hann hástöfum: „Yeeees, tvær pítsur og kók!“ Þegar leitað var skýringa kom í ljós að tvær stelpur höfðu heitið á hann þessari máltíð ef hann ynni hlaupið og það gekk eftir.<sup>20</sup> Íþróttafólk Kjalnesinga og Austfirðinga var sigursælast í frjálsíþróttum enda áttu þeir langflesta keppendur.

Þrjátíu lið áttust við í knattspyrnunni og leikið var samtímis á fjórum völlum. Það veitti því ekki af helginni til að klára keppnina. Galvaskir keppendur frá Leiftri voru sammála um að unglingslandsmótið ætti að verða árlegur viðburður í íþróttalífinu.<sup>21</sup> Þeir voru sjálfsgagt ekki einir um þá skoðun. Þá var ekki lítið um að vera í körfuboltanum. Á Blönduósi var leikinn körfuknattleikur á tveimur völlum óslitið frá morgni til kvölds í tvo daga og gekk mikið á. Leiktími var

2×15 mínútur hjá öllum flokkum.

Sundfólkinu þótti það að sönnu nokkuð afskekkt á Hvammstanga en ekki var um annað að ræða því betri sundlaug var ekki að finna í héraðinu. Glíman gekk vel á Skagaströnd. Stjórn Glímusambandsins mætti eins og hún lagði sig og sá um keppnina. Skákin var ekki eins fjölmenn og Valdimar Guðmannsson lagði til að henni yrði breytt í einstaklingskeppni til að útiloka ekki efnilega unglinga frá minni félögunum.<sup>22</sup>

Ólafur Guðmundsson HSH sem sigraði í piltaflokki í golfi 13-14 ára var hinn ánægðasti. Reynir eldri bróðir hans var einnig sigursæll því hann vann sinn flokk á mótinu. „Það eru eiginlega allir í fjölskyldunni sem

stunda golf og þeir fáu sem voru heilbrigðir eru smám saman að fá golfbakteríuna,“ sagði Ólafur.<sup>23</sup> Keppnin var fjölbreytt í hestaíþróttum og hestarnir meira að segja látnir spreya sig í tvíkeppni, bæði íslenskri og ólympískri. Í unglingsaflokki voru Jónas, Sölvi og Tinni bestir en reyndar voru það hestarnir sem hétu þessum nöfnum en ekki keppendurnir.<sup>24</sup>

Að lokinni keppni á laugardaginn var heljarmikil grillveisla við Vorboðavöll. Þar snæddu keppendur heilt tonn af lambakjöti og ókjörin öll af pylsum og öðru góðgæti. Þá var farið í leiki og hljómsveitirnar Upplýfting og BCLB frá Blönduósi sáu um fjörið. Mótinu var slitið í íþróttahúsinu á Blönduósi á sunnudaginn. Í lokaræðu sinni sagði Þórir Jónsson að fjöldi þátttakenda og andinn í þessari keppni sýndi að hún væri komin til að vera og ástæða væri til þess að skoða þá hugmynd að halda mótin oftar.<sup>25</sup>

Þá voru afhent ýmis verðlaun og loks var tilkynnt hvaða lið fengi fyrirmyndarbikarinn góða. Það reyndist vera keppnishópur Snæfellinga sem hafði verið til sannrar fyrirmyndar á mótinu. Klæddir sínum laglegu hvítu og rauðu búningum gengu þeir fram, 61 að tölu, og veittu bikarnum viðtöku.

Það leyndi sér ekki að vakning hafði orðið í afstöðu til unglingslandsmótsins. Þeir sem áður voru tvístígandi komu nú af fullum metnaði til



Frá skríðgöngunni. Liðsmenn Skarphéðins ganga inn á völlinn.

leiks og foreldrar og leiðtogar fylgdu unglingunum og tóku þátt í sigrum þeirra og ósigrum. Þarna sköpuðust góð kynni á milli keppenda sem áttu eftir að eflast á komandi árum og mótum. Mótshaldarar voru líka kátir að leikslökum. Þegar formaður mótsnefndar var spurður hvort hann myndi halda annað unglingalandsmót á Blönduósi svaraði hann: „Já alveg hiklaust, því fyrr því betra.“<sup>26</sup>

### Skráðir keppendur félaga og sambanda fjöldi 1488

UÍA	174
UMSK	142
USAH	108
UMSE	100
UMSB	86
HSK	85

USVH	84
Umf. Fjölur	79
UMSS	75
HSP	62
UNÞ	62
HSH	61
HHF	57
Keflavík	57
UÍÓ	44
HSS	43
Umf. Njarðvíkur	41
UDN	29
USVS	29
Umf. Glói	23
Umf. Akureyrar	18
Umf. Grindavíkur	15
USÚ	11
Umf. Óðinn	3

### 3. unglíngalandsmót UMFÍ í Grafarvogi 3.-5. júlí 1998



#### Velkomin í Grafarvog

Haustið 1993 sótti hið unga og uppvaxandi ungmennafélag Fjöltnir í Grafarvogi um að halda unglíngalandsmót árið 1995 en sú umsókn var ekki metin gild því frestur var útrunninn. Fjöltnismenn voru ekki af baki dottnir og vorið 1994 sóttu þeir bæði um að halda unglíngalandsmót 1998 og landsmót UMFÍ árið 2000. Stjórn UMFÍ fór sér hægt við að taka ákvörðun enda var góður tími til stefnu. Ekki bárust fleiri umsóknir og 18. október 1996 samþykkti stjórn UMFÍ einróma að fela Ungmennafélaginu Fjölni að halda ULM sumarið 1998. Þetta var tilkynnt í upphafi sambandsráðsfundarins daginn eftir við mikinn fögnuð Fjöltnismanna sem og annarra.

Ingólfur Narfason, einn af forystumönnum Fjölnis, var hinn reifasti á fundinum og kastaði fram fyrriparti. Jóhann Ólafsson úr Eyjafirði botnaði í tilefni þess að landsmót stóð fyrir dyrum í Borgarfirði. Vísan varð svona:

Geggað fjör í Grafarvogi  
gaman væri þig að sjá.  
Byrja skaltu í Borgarfirði  
botninn finna' og undir slá.<sup>27</sup>

Reglugerð mótsins var endurskoðuð á fundinum. Unnendur þjóðaríþróttarinnar ákváðu að forða henni frá svipuðum hremmingum og á síðasta móti. Samþykkt var að mótsgreinar skyldu vera fimm hið fæsta en ekki fleiri en tíu og alltaf skyldi keppt í glímu. Ekki var hróflað við markmiði móttanna sem hefur staðið óbreytt frá 1993:



Frá mótssetningu innanhúss. Ungmennafélagar í Skipaskaga kynna sig.

Markmiðið með móttinu er að ná til sem flestra ungmennafélaga á unglíngsaldri. Stuðla að þátttöku þeirra í íþróttum og efla félagslega samkennd þeirra. Lögð skal áhersla á fjölbreytta dagskrá sem höfði jafnt til keppenda sem og annarra gesta landsmótsins.<sup>28</sup>

Þrátt fyrir ungan aldur var ungmennafélagið Fjöltnir eitt af öflugustu aðildarfélögum UMFÍ. Aðeins UMSK, HSK og Keflavík voru fjölmennari.<sup>29</sup> Búið var að byggja upp veglega aðstöðu til íþróttar á félagssvæðinu með leikvangi, íþróttahúsi og sundlaug, allt á sama blettinum. Fjöltnismenn voru því hvergi bangnir við að halda ULM og hugðu gott til glóðarinnar.

Í ársbyrjun 1998 var skipuð framkvæmdanefnd fyrir mótið. Farin var sú leið að velja hana úr öllum deildum félagsins. Formaður nefndarinnar var Hreinn Ólafsson, frjálsíþróttadeild. Aðrir



*Svo var leikin knattspyrna.*

nefndarmenn voru Jón Þorbjörnsson, formaður félagsins, körfuknattleiksdeild, Sigurrós Erlendsdóttir, handknattleiksdeild, Ólafur Gunnlaugsson, knattspyrnu- og sunddeild, og þeir Kristján Ágústsson og Ingólfur Narfason fyrir hönd almenningsdeildar. Frá stjórn UMFÍ kom Anna R. Möller inn í nefndina. Framkvæmdastjóri Fjölnis, Aðalsteinn Örnólfsson, einbeitti sér að undirbúningi mótsins síðustu mánuðina og var í raun framkvæmdastjóri þess.

Það fyrsta sem nefndin gerði var að ákveða keppnisgreinarnar. Þær voru frjálssípróttir, handbolti, körfubolti, fót-bolti, golf, glíma, sund og skák. Fengnir voru sérgreinarstjórar fyrir hverja grein og voru sumir þeirra einnig í landsmötsnefndinni. Nefndarmenn unnu mikla undirbúningsvinnu fyrir mótið og almennir félagsmenn tóku saman höndum.<sup>30</sup>

Talvert var reynt til að fá tjaldsvæði á landi Keldna en þau fengust ekki svo engin tjöld voru í Grafarvogi um helgina. Úr þessu var leyst með því að bjóða gistingu í skólum Grafarvogs og gistu þar um 600 þátttakendur. Þáttökugjaldið var enn óbreytt, 4000 krónur á keppanda. Þátttaka varð talsvert minni en vonir stóðu til en

hvorki varð tap eða gróði af mótinu. Sérstaka athygli vakti hversu lítið nágrannar Fjölnismanna í UMSK sinntu mótinu. Og þá ekki síður að á Essó-móti unglunga í knattspyrnu á Akureyri um þessa helgi voru keppendur frá Fjölni.

Alls voru keppendur 744 frá 23 aðilum innan UMFÍ og þar að auki voru 167 frá ÍBR svo alls voru þeir 911. Á þingi UMFÍ 1997 var nefnilega samþykkt tillaga þess efnis að Fjölnir mætti bjóða keppendum frá ÍBR að keppa sem gestir á ULM. Ekki voru allir sáttir við þessa gestrisni og voru fimm á móti.<sup>31</sup>

## Sól og regn við Dalhús

Föstudagurinn heilsaði þátttakendum unglingalandsmötsins með rigningu sem kom sér náttúrlega ekki vel. Dálitlir hnökrar komu í ljós í byrjun sem fljótlega var þó kippt í lag. Til dæmis biðu stelpur í einu knattspyrnuliðinu rennbautar í klukkutíma eftir liði sem síðan var ekki til. Á öðrum stað byrjaði ein stúlkan að keppa í langstökki þegar hún áttaði sig á að hún var í strákaflokknum. Hún fékk þó fljótlega að skipta yfir í sinn flokk.<sup>32</sup> Þegar komið var kvöld var knattspyrnuvöllurinn tekinn úr umferð vegna álags og eftir það var leikið á malarvelli. Keppendur tóku því ágætlega enda var komin sól



*Keppt í körfubolta.*





*Keppt í langhlaupum.*

og blíða á laugardaginn sem hélst síðan út allan mánuðinn.

Þegar veðrið er gott verða vandamálin léttvæg enda var létt yfir mótsgestum sem talið er að hafi verið 1200 manns að meðtöldum keppendum. Mótið var sett klukkan átta á föstudagskvöldið. Þar sem keppendur voru orðnir nokkuð blautir var athöfnin færð inn í íþróttamiðstöðina í Dal-

húsum en skróðgöngunni sleppt. Þegar Þórir Jónsson formaður UMFÍ hafði sett mótið og helstu aðstandendur látið til sín heyra var öllum boðið í sundlaugina sem fylltist samstundis. Þá var diskótek í félagsmiðstöðinni Fjörgyn í Foldaskóla og þar var mikið fjör og stappað í húsið.

Í sól og blíðu laugardags og sunnudags lá vel á öllum. Fjölmargir sprækir krakkar hlupu, stukku og hentu ýmsum áhöldum úti á velli, en ekki þó hvert í annað. „Þetta er bara rosalega skemmtilegt,“ sagði Steinunn Pála Guðmundsdóttir frá Stöðvarfirði sem tók þátt í frjálssíþróttunum. Fjörvið var svo mikið að minna varð um svefn. „Ég fór ekki að sofa fyrr en tvö fyrstu nóttina en þá hraut vinkona mín svo að ég gat ekki sofíð og svo voru stelpurnar alltaf að tala og hlæja,“ sagði Steinunn Pála glöð í bragði.<sup>33</sup> Þarna voru líka sprækir strákar frá Sauðárkróki sem nutu þeirra forréttinda að æfa með tugþrautarkappanum Jóni Arnari Magnússyni.

„Ég hef lært mjög mikið af honum, til dæmis í stangarstökki,“ sagði Árni Geir Sigurbjörnsson og Gauti Ásbjörnsson tók undir það, enda á hann sjálfur drengjamei í stangarstökki sem er 2,35 utanhúss. Árni Geir sagðist eiga nokkrar eiginhandar-



*Lið Norður-Þingeyinga með fyrirmyndarbikarinn.*

áritanir hjá Jóni Arnari. „Kannski er það vegna þess að það er svo létt fyrir mig að fá þær.“<sup>34</sup>

Í sundlauginni við hlið leikvangsins var mikið um að vera. Þar var synt allt frá 50 metrum upp í 400 metra skriðsund en keppendur voru þó mun færri en á vellinum. Í körfuboltanum skorti ekki keppendur. Þar voru leiknir 70 leikir á tveimur völlum sem tóku 24 klukkutíma alls. Þarna lék sameiginlegt lið Austur- og Vestur-Húnvetninga. Nágrannasamböndin brugðu á það ráð að rugla saman reitum sínum í flestum íþróttagreinum og gáfu þar tóninn fyrir seinni tíma ULM. Austur-Húnvetningar æfðu körfubolta á Skagaströnd og Vestur-Húnvetningar á Hvammstanga og svo var liðunum púslað saman í Grafarvogi. Í fyrstu leikjunum gekk á ýmsu en svo fór að ganga betur og flest lið Húnvetninga náðu verðlaunasæti.

Skákin og glíman fóru fram í Húsaskóla sem er steinsnar frá vellinum. Skákmenn Eyfirðinga komu aðallega til að hirða verðlaunin á öðru borði að eigin sögn en gekk svo vel að þeir enduðu í fyrsta sæti. Vaskur hópur glímukrakka beitti brögðum á mjúkum dýnuklæddum velli í íþróttasalnum. Júlíus Jakobsson var eini keppandinn frá Ungmennafélaginu Víkverja en hann átti gott erindi á mótið og sigraði í fjölmennasta flokknum.<sup>35</sup> Golfarar slógu kúlurnar á Korpúlfsstaðavelli sem var nokkurn spöl í burtu en þó ekki lengra en það að röskir menn fengu sér göngutúr þangað. Engum sögum fer af handboltanum og hann virðist hafa fallið niður.

Verðlaunahafar voru kallaðir fram að verðlaunapalli við undirspil tónlistar og þetta setti skemmtilegan svip á mótið. Á laugardagskvöldið var grillveisla neðarlega í Kotmýrinni við Keldur og var það ein ánægjulegasta stund mótsins. Það var sól og rjómalíða og allir fengu eins og þeir gátu í sig látið af gosi, pylsum og pítsum. Svo var náttúrlega partí í sundlauginni og diskótek í Fjörgyn. Eftir miðnætti var þó komin ró í flestum skólaflokkum þar sem unglingsarnir lágu eins og hráviði á dýnum í svefnpokunum.

Keppni lauk um hádegi á sunnudag og mótinu var slitið skömmu síðar. Alltaf ríkir nokkur forvitni um það hverjir fá fyrirmyndarbikarinn. Það sem lagt var til grundvallar var klæðaburður, hegðun utan vallar sem innan og gott keppnisfólk. Þriggja manna dómnefnd var ekki í vafa og útnefndi Norður-Þingeyinga „prúðasta lið mótsins.“ Þórir Jónsson, formaður UMFÍ, afhenti bikarinn og tilkynnti síðan að næsta unglingslands-mót UMFÍ yrði í umsjá Héraðssambandsins Hrafna-Flóka árið 2000. Þetta vakti ómældan fögnuð Vestfirðinga og annarra viðstaddra sem eftir þetta fóru að hugsa sér til heimferðar eftir viðburðaríka og skemmtilega helgi í Grafarvogi.

## Keppendur sambanda og félaga fjöldi 911

ÍBR	167
Umf. Fjölnir	150
HSH	67
HSK	62
UMSB	52
UÍA	50
HVÍ	44
USAH	42
USVH	37
UMSS	32
Umf. Akureyrar	29
USVS	27
HSS	26
UDN	19
UMSE	19
HSP	17
UNÞ	17
Umf. Afturelding (UMSK)	11
Umf. Breiðablik (UMSK)	11
Umf. Glói	11
HHF	9
Umf. Skipaskagi	6
UÍÓ	5
UV	1

## 4. unglíngalandsmót UMFÍ í Vesturbyggð og á Tálknafirði 4.-6. ágúst 2000



### Halda skal á Tálknafjörð og í Vesturbyggð

Unglíngalandsmóttin höfðu gert mikla lukku meðal yngri og eldri ungmennafélaga og nú var ákveðið að fjölga mótunum og hafa þau á tveggja ára fresti. Eina sambandið sem sótti um ULM árið 2000 var Héraðssambandið Hrafna-Flóki á Vestfjörðum. Í lok mótsins í Grafarvogi staðfesti Þórir Jónsson, formaður UMFÍ, að næsta mót yrði í umsjá HHF. Á þingi UMFÍ haustið 1999 var talað um að lítil aðsókn að móttinu í Grafarvogi hefði stafað af ónógri kynningu. Nú var sett undir þann leka og bætt inn í reglugerð mótsins ákvæði um að stjórn UMFÍ kæmi verulega að kynningu mótsins og kostaði hana að hluta til.<sup>36</sup>

Héraðssambandið Hrafna-Flóki er fámennnt samband á suðurluta Vestfjarða með sex félög innan sinna vébanda og félagsmenn þess voru

743 talsins árið 2000.<sup>37</sup> Þéttbýlisstaðir svæðisins eru þrír, Tálknafjörður, Patreksfjörður og Bíldudalur við Arnarfjörð. Tveir þeir síðarnefndu tilheyra sveitarfélaginu Vesturbyggð en Tálknafjörður er sérstakt sveitarfélag mitt á milli hinna tveggja. Á þessum þremur stöðum var mótið síðan haldið. Aðstaða til íþróttaiðkunar og keppni var ekki upp á marga fiska víðast hvar og þurfti mikilla lagfæringa við. Byggðarlögin lögðu sitt af mörkum og einnig fengust peningar frá hinu opinbera svo margt færðist til betri vegar þegar nær dró móttinu. Þetta endaði sem allsherjar andlitslyfting. Íbúar á stöðunum hrifust með og ólíklegasta fólk sást vera að snyrta og snurfusa í kringum hús sín.

Unglíngalandsmótsnefnd HHF var skipuð með góðum fyrirvara í desember 1998. Formaður hennar var Skjöldur Pálmason á Patrekfirði. Aðrir nefndarmenn voru Stefán Jóhannes Sigurðs-



*Frá setningu mótsins.*



*Hlaupið í mark.*

son Tálknafirði, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir Tálknafirði og Ásdís Guðjónsdóttir Bíldudal. Stefán Jóhannes lést af slysförum þann 23. janúar 1999 og í hans stað kom Helga Jónasdóttir Tálknafirði. Fulltrúi UMFÍ í nefndinni var Kristín Gísladóttir fyrrverandi formaður HHF. Til að byrja með starfaði Brynjar Þór Þorsteinsson framkvæmdastjóri sambandsins með nefndinni en í apríl árið 2000 var Valdimar Gunnarsson íþróttakennari frá Bíldudal ráðinn framkvæmdastjóri landsmótsins. Reyndar var Valdimar með í ráðum allt frá byrjun og hafði meðal annars gert áætlun um verklegar framkvæmdir byggðarlaganna snemma árs 1999. Hann skrifaði góða skýrslu um mótið sem er undirstaða þessarar greinar.<sup>38</sup>

## Á síðustu stundu

Á Patreksfirði var gerður nýr knattspyrnuvöllur á grunni hins gamla í miðjum bænum. Á vellinum á Bíldudal voru steiptar atrennubrautir undir allar tegundir af stökkum og köstum frjálsíþróttar og skyldu þær lagðar gerviefni. Mótsnefnd og framkvæmdastjóri voru ekki laus við áhyggjur þegar þýskt verktakafyrirtæki sem skyldi leggja gerviefnið lét bíða eftir sér. Þegar Valdimar hafði samband við Þjóðverjana lofuðu þeir fyrst að koma þremur vikum fyrir mótið, síðan tveimur og loks kom hátíðlegt loforð um að ljúka verkinu mánudaginn fyrir mótið. Skemmst er frá því að segja að þessir menn eru ekki komnir enn. Þegar það lá fyrir var gert allsherjar útkall og safnað saman öllum gúmmídúk sem hægt var að finna á land-

inu. Hann kom á miðvikudegi og aðfararnótt fimmtudags vann hópur manna fram undir morgun við að leggja dúkinn á brautirnar. Þannig var mótinu bjargað á síðustu stundu.<sup>39</sup>

Merki mótsins var fjórlit mynd af hönd sem hélt á kyndli. Ákveðið var að fara nýstárlegar leiðir í kynningu mótsins. Keyptar voru hafnaboltakylfur, þær voru brenni-merktar mótinu og sendar í hvern einasta grunnskóla landsins ásamt leiðbeiningum. Þetta vakti mikla athygli og á mótinu léku menn sér í hafnabolta en ekki var þó um eig-

inlega keppni að ræða. Svo var haldinn blaðamannafundur þar sem Vala Flosadóttir mætti. Hún var þá orðin einn þekktasti íþróttamaður landsins og átti mikinn þátt í góðri umfjöllun fjölmiðla. Ungmennafélagar dreifðu veggspjaldi mótsins og heilsíðuauglýsingar birtust í blöðum.

Fljótlega fóru menn að velta fyrir sér hvaða dagsetning hentaði mótinu. Strax kom í ljós að flestar helgar sumarsins voru ásettar vegna Kristnitökuhátiðar og ýmissa hátiða vítt og breitt um landið. Þá kom upp sú hugmynd að halda mótið um verslunarmannahelgina og láta á það reyna hvort hægt væri að halda íþróttamót þessa mestu ferða- og útivistarhelgi landsmanna. Fáum leist vel á hugmyndina í byrjun og töldu vonlaust að svo margir kæmu að mótið bæri sig fjárhagslega. Eftir því sem á leið voru þó fleiri og fleiri tilbúnir að gera þessa tilraun til að komast út úr þeirri hefð um dýrkun Bakkusar sem ríkt hefur um verslunarmannahelgar. Ákveðið var að leggja allt undir og gera mótið samkeppnishæft við hin- ar stóru útihátíðir helgarinnar hvað snerti dagskrá og skemmtun. Þau markmið voru sett að ná 2500 mótsgestum en menn gerðu sér grein fyrir að það gæti þó alveg eins orðið messufall.<sup>40</sup>

Þátttökugjöld voru ákveðin 5500 krónur með matarpakka en 4000 krónur án hans. Innifalið í gjaldinu var íþróttakeppnin, frítt í sund, frítt á alla viðburði mótsins, grillveisla, ferðir milli keppnisstaða, skótaska, drykkjarbrúsi og mótsbolur. Þegar leitað var til styrktaraðila kom í ljós að menn voru hrifnir af þeirri hugmynd að vera með mótið þessa helgi. Margir aðilar styrktu mótið en stór-



tækast var Áfengis- og vímuvarnarráð sem lagði fram eina milljón króna. Fjöldi fyrirtækja, bæði á landsvísi og í héraði, lagði fram fjármuni eða vörur sem hægt var að koma í verð og flutninga-fyrirtæki fluttu vörur og fólk ókeypis. Þar sem keppendur voru í færra lagi varð lítilsháttar tap á landsmótinu. UMFÍ hljóp undir bagga með 250 þúsund króna framlagi úr Verkefnasjóði og þar með stóð mótið á sléttu.<sup>41</sup>

Þegar verslunarmannahelgin gekk í garð var allt eins tilbúið og orðið gat. Vellirnir biðu tilbúnir. Tjaldstæðið var skipulagt og sjálfboðaliðar stóðu í röðum. Ekki skorti samkeppnina. Ásamt unglingslandsmótinu voru skipulögð hátíðarhöld á hvorki fleiri né færri en 20 stöðum á landinu. Allir buðu unga fólkið velkomið og lofuðu því ómældri skemmtun um helgina. Það var því ekki sjálfgefið að unglingarnir myndu streyma í Vesturbyggð og Tálknafjörð þessa helgi.

Mótsgreinar voru sjö. Knattspyrna, körfubolti, sund, frjálsíþróttir, skák, golf og glíma. Keppendur voru nokkuð færri en vonast hafði verið eftir og þegar upp var staðið reyndust þeir vera 750. Góðu fréttirnar voru þær að fjöldi annarra móts-gesta var miklu meiri og foreldrarnir fylgdu börnum sínum á mótið. Þetta var sannkölluð fjölskylduhátíð. Áhyggjur mótshaldara af að elstu keppendurnir, 15-16 ára, myndu ekki láta sjá sig hurfu eins og döggr fyrir sólu því þátttaka

þeirra var mjög góð. Talið er að 2500 manns hafi verið á tjaldstæðunum og um 4000 manns hafi heimsótt mótið þessa verslunarmannahelgi.

## Vala skýjum ofar

Mjög gott veður var alla mótsdagana nema hvað það rigndi örlítið á laugardagsmorguninn. En hann reif fljótt af sér og sólin fór aftur að skína. Vitanlega var útilokað að fylgjast með öllum íþróttum jafnt á þessu þrískipta móti en bót var í máli að vegirnir á milli keppnisstaða voru fljót-farnir enda var umferðin töluverð um helgina. Mótið hófst á föstudaginn með keppni í körfu-bolta á Tálknafirði, frjálsíþróttum á Bíldudal og knattspyrnu á Patreksfirði. Þar var keppt á tveimur völlum samtímis undir stjórn Heiðars Jóhannssonar. Ari Hafliðason hafði umsjón með körfu-boltanum en Valdimar Gunnarsson sá sjálfur um frjálsíþróttirnar.

Mótið var sett um kvöldið í blíðskaparveðri á velli á Bíldudal. Setningarathöfnin var glæsileg og gengu keppendur inn á völinn í skrudgöngu undir fánum félaga sinna og sambanda. Síðan var stiginn dans fram eftir kvöldi á Tálknafirði.

Glíman fór fram á Patreksfirði á laugardegnum. Eins og stundum áður voru Glímusambandsmenn ekki langt undan. Þeir félagar Rögnvaldur Ólafsson og Kjartan Lárusson sáu tveir



*Vala Flosadóttir skýjum ofar á Bíldudal.*



*Vala fagnar sigri.*

einir um keppnina. Þeim var málið skylt því þeir fóru hinn fræga glímuhring fyrir fyrsta landsmótið á Dalvík 1992 og tókst þar með að festa glímunu í sessi á unglingslandsmótunum. Keppendur voru í öllum flokkum og frá sjö aðilum sem var meira en nokkru sinni fyrr. Stundum var mikill stærðarmunur á keppendum en það voru þeir litlu, léttu og fimu sem oftar en ekki héldu velli. Þetta vakti kátínu fjölmargra áhorfenda sem skemmtu sér vel.<sup>42</sup>

Sundkappar svömluðu í sundlauginni á Tálknafirði og þar voru heimamenn langmest áberandi ásamt Skagfirðingum og Borgfirðingum. Þegar keppni lauk fylltist laugin af landsmótsgestum en keppendur máttu fara frítt í laugina. Þá var vinsælt að taka salíbunu í nýju vatnsrennibrautinni sem var sett upp rétt fyrir mótið. Golfið fór fram á golfvöllinum í Bíldudal. Mikil keppni var hjá strákunum en pláss hefði verið fyrir nokkrar stúlkur í viðbót því aðeins ein þeirra kom til leiks í elsta flokki. Þeir sem ekki voru að keppa gátu prófað getu sína í bogfimi eða blaki og brugðið sér á kajak eða í sjóstangaveiði. Svo voru hoppukastalar og kassabílar fyrir þá yngstu.

Keppni hófst í öllum greinum á laugardaginn

og lauk um miðjan daginn en þá streymdu allir mótsgestir til Bíldudals. Þar fór fram keppni kraftakarla en hún var aðeins upphitun fyrir það sem allir voru komnir til að sjá. Það var alþjóðleg íþróttakeppni þar sem Vala Flosadóttir, „dóttir Bíldudals,“ mætti til leiks við erlendar stórstjörnur í stangarstökki. Íbúafjöldi Bíldudals fimmtánfaldaðist því talið er að 4000 manns hafi fylgst með keppninni sem var hápunktur mótsins. Charlotte Carlsson og Marie Redin Svíþjóð stukku 3,70 metra. Hollenski methafinn, Monique de Wilt, felldi byrjunarhæð sína 3,80 metra en Vala fór auðveldlega yfir þessar hæðir. Það var mögnuð sjón að sjá stúlkurnar svífa yfir rána með hrikaleg vestfirsk fjöllin í bakgrunni. Áhorfendur hvöttu stúlkurnar ákaft og þá ekki síst Völu. Sumir héldu niðri í sér andanum þegar þessi stælta stúlka sveif í háloftunum. Hún brást ekki vonum fólksins og sigraði með því að stökkva 4 metra og átti ágætar tilraunir við 4,20 metra. Það var tilfinningaþrungin stund þegar ljóst var að stúlkan sem átti uppruna sinn í litla þorpinu á Bíldudal, hafði sigrað þar í alþjóðlegri keppni, og sjá mátti tár blikka á vöngum sumra viðstaddra.<sup>43</sup>

Vala lék á als oddi og gaf eiginhandarárítanir á báða bóga. Áhorfendur þyrptust að henni, ungir sem gamlir, en fyrst og fremst börnin. Kannski hafa litlar telpur ákveðið á þessari stundu að verða „stangarstökkskonur“ eins og ein lítil hnáta orðaði það á staðnum. Allir Bílddælingar með tölu voru staddir á vellinum meðan keppnin fór fram og í glugga sjoppunnar var skilti sem tæplega á sér margar hliðstæður. Þar stóð einfaldlega: „Lokað vegna stangarstökkkeppni.“<sup>44</sup>



*Valdimar mótsstjóri hafði ástæðu til að vera kampakátur.*



*Allir skemmtu sér konunglega án áfengis á unglingslandsmótinu.*

## Allir glaðir

Um kvöldið var síðan kvöldvaka á Tálknafirði og tónleikar þar sem hljómsveitin „Í svörtum fötum“ lék og náði fram ótrúlegri stemmingu í hópnum. Deginum lauk niður við sjávarmál en þar var haldin vegleg brenna. Ungir sem aldnir undu þar í sátt og samlyndi og skemmtu sér við að fleyta kerlingar á spegilsléttum sjónum.<sup>45</sup> Hvergi var svo mikið sem bjórdós sjáanleg og ungmennafélagsandi en ekki vínandi sveif yfir fjöruborðinu.

Keppni sunnudagsins fór fram á öllum stöðum og lauk um miðjan daginn. Mótinu var svo slitíð um sexleytið. Nú lá ekkert á því frídagur var að morgni. Þá var afhentur fyrirmyndarbikarinn góði. Fyrirmyndarliðið var að þessu sinni frá Ungmennasambandi Skagafjarðar. Þeir þóttu hafa verið til sóma og fyrirmyndar bæði utan vallar og innan. Síðan var haldin heljarmikil grillveisla og kvöldinu lauk með útdansleik þar sem „svartklæddir“ hljómsveitarmenn sáu um tónlistina við frábærar undirtektir unglingsanna.

Íris Grönfeldt, héraðsþjálfari Borgfirðinga, sagðist aldrei hafa upplifað skemmtilegra íþróttamót í yngri aldursflokkum en þau væru orðin nokkuð mörg síðustu 25 árin.<sup>46</sup> Fjöldi fólks sem

sótti dansleiki helgarinnar lýsti undrun sinni og gleði yfir því sem þarna fór fram. Það sagðist aldrei hafa haldið að það ætti eftir að upplifa verslunarmannahelgi sem þessa. Þarna sást ekki vín á nokkrum manni og fjörið þvílíkt bæði hjá ungum og öldnum. Einn viðmælandi framkvæmdastjórans, 87 ára gamall, sagðist aldrei hafa lent í öðru eins stuði.

Umgengni í tjaldbúðunum var til sérstakrar fyrirmyndar og það rusl sem tínt var saman í mótislok komst fyrir í innkaupapoka. Síðasta attriðið á dagskránni var glæsileg flugeldasýning sem lyfti hugum mótsgesta til himins. Leiftur í öllum regnbogans litum þutu um himinhvolfið og skotgnýrinn bergmálaði lengi milli hárra fjallanna.<sup>47</sup> Það voru glaðir og reifir mótsgestir sem tóku á sig náðir þegar líða fór á nóttina. Þeir höfðu upplifað sérstakan atburð og voru sammála um að unglingslandsmót um verslunarmannahelgi væru framtíðin.

## Keppendur sambanda og félaga fjöldi 750

Skráningartölur keppenda fundust ekki fyrir 4. unglingslandsmótið.





## 5. unglíngalandsmót UMFÍ í Stykkishólmi 2.-4 ágúst 2002

### Í Stykkishólmi

Það er hvergi ofsagt að ungmennafélagar hafi verið ánægðir með niðurstöðu þeirrar tilraunar að halda unglíngalandsmót um verslunarmannahelgina. Reynslan af þeirri áfengis- og vímuefnalaus útihátíð sem fram fór í Vesturbyggð og á Tálknafirði í ágústbyrjun árið 2000 var slík að hún þaggaði fullkomlega niður í efasemdarröddum sem hafa ekki heyrst síðan. Þvert á móti voru margir, bæði utan sem innan ungmennafélagshreyfingarinnar, sem hvöttu til að slík mót yrðu haldin árlega. Slíkt var þó ekki talið tímabært að sinni. Næstir að sækja um ULM voru Snæfellingar og á stjórnarfundum UMFÍ sem haldinn var á Patreksfirði um verslunarmannahelgina 2000 var samþykkt að úthluta 5. unglíngalandsmótinu árið 2002 til HSH.<sup>48</sup>

Á þingi UMFÍ haustið 2001 hvatti fráfarandi formaður UMFÍ, Þórir Jónsson, til þess að unglíngalandsmótin yrðu opnuð fyrir félögum utan



*Haukur Björnsson framkvæmdastjóri mótsins.*

UMFÍ. „Það hlýtur að vera markmið okkar að ná til sem flestra ungmenna í landinu og leyfa þeim að upplifa hinn eina sanna ungmennafélagsanda,“ sagði Þórir í ávarpi sínu.<sup>49</sup> Þessu voru þingfulltrúar samála og reglugerð mótsins var breytt þannig að keppendum innan íþróttabandalag-

anna var nú leyft að vera með á sömu forsendum og liðsmönnum ungmennafélaganna. Einnig var nú ákveðið að keppt skyldi í hverjum árgangi fyrir sig í einstaklingsgreinum.<sup>50</sup> Við þessar breytingar fjölgaði keppnisgreinum umtalsvert og keppendum einnig svo mótin urðu umfangsmeiri.

Unglíngalandsmótsnefnd HSH hóf störf haustið 2000 og ákvað strax í upphafi að mótið yrði haldið í Stykkishólmi um verslunarmannahelgina. Formaður nefndarinnar og fulltrúi UMFÍ var Kjartan Páll Einarsson Stykkishólmi. Aðrir nefndarmenn voru Lilja Stefánsdóttir Ólafsvík, Guðmundur Sigurðsson Hraunholti, Guðrún Anna Gunnarsdóttir Stykkishólmi og Gunnar Svanlaugsson Stykkishólmi.

Í desember 2001 var Jóhann *Haukur* Björnsson ráðinn framkvæmdastjóri ULM. Haukur er, að segja má, fæddur inn í hreyfinguna því hann er sonur formanns UMFÍ, Björns B. Jónssonar, og hafði starfað um tíma á skrifstofu samtakanna.



*Kjartan Páll Einarsson formaður mótsnefndar.*

Reyndar sagði hann upp störfum þar þegar faðir hans varð formaður haustið 2001 til að koma í veg fyrir hagsmunarékkstra. Þá sá ULM-nefndin sér leik á borði og réð hann til starfa.<sup>51</sup> Haukur samdi síðar greinargóða skýrslu um mótið og er hún helsta heimildin um þessa samkomu.<sup>52</sup>



## Allt á einum stað

Menn einhentu sér í skipulag mótsins og kynningu. Prentaðir voru 40 þúsund bæklingar sem dreift var til allra grunnskólanemenda á aldrinum 11-16 ára. Veggspjald var prentað og heimasíða opnuð. Þá var 2. tölublað *Skinfaxa* um vorið til-einkað unglingsmótinu og fjölmiðlar óspart mataðir. Þetta skilaði sér í góðri mætingu þegar upp var staðið.

Stykkishólmur með sína 1200 íbúa var vel í stakk búinn til mótshalds og aðstaða fyrir svo gott sem allt mótið á einum stað.<sup>53</sup> Eina undantekningin var riðlakeppni í knattspyrnu sem fór fram á Skildi í Helgafellssveit, 8 km fyrir utan mótssvæðið. Þangað gekk strætó reglulega meðan á mótinu stóð. Í Stykkishólmi var ágætur leikvangur, nýlegt íþróttahús og spánný sundlaug. Keppnisgreinar mótsins voru átta: Frjálsíþróttir, knattspyrna, körfubolti, sund, skák, golf, glíma og hestaíþróttir.

Þá var mikil flóra dagskráratriða ætluð þeim sem ekki voru að keppa hverju sinni. Þar mátti nefna barnaleiksýningar, akstur körtubíla, leiktæki, leiki og þrautir á sérstöku leiksvæði. Svo var hægt að taka þátt í Íslandsmóti í stígvélakasti og hjólreiðaþrautakeppni. Gönguferðir á Helga-

fell til að óska sér og á Drápuhlíðarfjall stóðu til boða með leiðsögumönnum og auðvitað voru dansleikir á kvöldin. Síðast en ekki síst gátu þeir sem ekki voru íþróttalega sinnaðir tekið þátt í hæfileikakeppni í leiklist, tónlist, dansi og rímnaflæði (rappi). Það þurfti því engum að leiðast á landsmótinu í Stykkishólmi.

Keppendur mótsins voru 1126 og flestir komu frá UMSK sem nú bættu um betur frá Grafarvogsmótinu og fjölmenntu með 127 keppendur. Skagfirðingar komu 114 og heimamenn litlu færri. Frá gestgjöfum síðasta móts, Hrafna-Flóka, komu 72 keppendur sem var vel af sér vikið hjá þessu litla sambandi. Það vakti þó athygli að aðeins 50 keppendur komu frá íþróttabandalögunum á Reykjavíkursvæðinu. Var það í litlu samræmi við yfirlýsingar þeirra um mikinn áhuga á aðild að UMFÍ og þar með landsmótunum. Þar virtist hugur ekki fylgja máli. Svo komu danskir unglingar frá DGI og tóku þátt í keppninni og tékkneskir unglingar sýndu fimleika.

Flestir kepptu í frjálsíþróttum, 530 talsins. Í knattspyrnu voru um 300, körfu 250 og sundi 150 en færri í öðrum greinum. Margir tóku þátt í fleiri en einni mótsgrein og hlupu bara á milli enda stutt að fara fyrir þá sem ekki voru í fótboltanum. Annars var tímaseðli raðað þannig upp að flestir



Frá mótssetningu.

gætu tekið þátt í því sem þá lysti. Tjaldsvæðin voru á svonefndu Víkurtúni við sjóinn austan bæjarins. Þau voru ekki nema 500 metra frá leikvanginum en segja má að flestir mótsgestir hafi getað dvalist allan tímann á tæpum ferkílómetra. Stemmingin var fyrir vikið nánari milli mótsgesta sem voru allt að 6000 að sögn mótshaldara og allir skemmtu sér vel í heillandi umhverfi.<sup>54</sup>

Þátttökugjaldið var 5000 krónur að þessu sinni. Innifalið í því var afþreyingin, matur fyrir keppendur, barmmerki, bolur og fleira. Helstu styrktaraðilar mótsins voru Stykkishólmsbær, Forvarnasjóður, Áfengis- og vímuvarnarráð, Landssíminn, Búnaðarbankinn og Ragnar og Ásgeir/Flytjandi. Þegar upp var staðið kom í ljós að mótið skilaði ofurlitlum hagnaði.

## Rigningarmótið mikla

Því er ekki að leyna að veðrið setti mark sitt á unglingslandsmótið. Um helgina gekk á með skúrum og úrhellisrigning á sunnudeginum sló öll landsmótsmet. Þá mældist mesta úrkoma í Stykkishólmi í næstum hálfri öld. Það rigndi nær látlaust og áður en yfir lauk virtust hlaupabrautirnar á leikvanginum frekar henta fyrir sundkeppni en hlaup. Svo vel vildi til að hlýtt var úti og oftast hæglætisveður svo dagskrá mótsins fór ekki úr skorðum. Frjálsíþróttakeppnin var í öruggum höndum hins gamalkunna landsmótakappa, Sigurþórs Hjörleifssonar kúluvarpara.

Þrátt fyrir veðrið var



*Frá skruðgöngunni. Liðsmenn Hrafna-Flóka ganga inn á völlinn.*

keppnin lífleg og sprækir krakkar létu að sér kveða. Þeir sem sköruðu fram úr eru margir komnir í hóp afreksfólks um þessar mundir. Þar má nefna Helgu Margréti Þorsteinsdóttur frá Reykjum í Hrutafirði sem sigraði í fjórum greinum í 11 ára flokki stelpna og hlaut ein þriðju verðlaun. Þá var Sveinn Elías Elíasson úr Grafarvogi atkvæðamikill meðal 13 ára pílta og þannig mætti áfram telja. Frjálsíþróttir voru að vanda fjölmennastar og tóku mestan tíma. Margir blotnuðu hressilega á íþróttavellinum þessa helgi en létu það ekkert á sig fá.



*Stúkan rúmaði ekki alla áhorfendur við setningu mótsins.*

Sundfólkið lét ríginguna ekki trufla sig enda fylgir mikil bleyta þeirri íþrótt. Keppt var í sundlaug Stykkishólms fimm tíma hvorn dag á laugardegi og sunnudegi. Þegar sundkeppninni lauk tók við önnur keppni um að komast í heita laugina eftir vosbúðina yfir daginn. Röð sundlaugargesta var langt út úr dyrum báða dagana allt fram að lokun og hleypt var inn í hópum.

Körfuboltafólk lék sér að knettinum á tveimur völlum samtímis alla helgina í Íþróttahúsi Stykkishólms. Keppt var í þremur aldursflokkum hjá hvoru kyni. Í hestaíþróttum voru flokkarnir tveir hjá kynjunum, fjórir alls. Hestaíþróttirnar voru aðeins 600 metra frá íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi svo enginn þurfti að missa af þeim. Golfið fór fram á nýendurgerðum Golfvelli Stykkishólms undir stjórn Ríkharðs Hrafnkelssonar körfuboltakappa. Allir fótboltaleikir í elstu flokkum og úrslitaleikir fóru fram á leikvanginum í Stykkishólmi. Borgnesingar og KR-ingar voru sigursælir í skákinni sem fram fór í Grunnskólanum í Stykkishólmi.

Glímukeppnin fór fram á laugardaginn og var keppt í þremur flokkum drengja og stúlkna. Nokkrir hressir krakkar frá Danmörku settu á sig glímubelti og tóku þátt í keppninni sér til skemmtunar. Flestir þeirra áttu stutta viðdvöl á glímuvellinum og voru jafnharðan lagðir að velli af íslenskum jafnöldrum sem óneitanlega höfðu nokkurt forskot í þjóðariþróttinni. Keppt var undir stjórn Kristjáns Yngvasonar á stóru yfirbyggðu sviði.

Síðasta keppnisgrein mótsins og sú nýstárlegaasta var hæfileikakeppnin. Hún var haldin í samvinnu við Samfés, sem eru Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, og Nokia, sem framleiðir síma. Keppnin fór fram á stóra sviðinu á kvöldvöku laugardagsins frammi fyrir þúsundum áhorfenda. Úrslit voru afdráttarlaus. Það var Borgfirðingurinn Bergþóra Bergsdóttir sem söng lagið „Nei sko,“ úr smíðju Spilverks þjóðanna með slíkum tilþrifum að aðrir komu tæplega til greina.



*Börnin þyrpast að sviðinu hjá hljómsveitinni á laugardagskvöldið.*

Mótssetningin klukkan átta á föstudagskvöldi hófst að viðstöddum 5000 áhorfendum. Þegar glæsilegri inngöngu var lokið tóku við ræðuhöld, skemmtiatriði og tendrun landsmótseldsins. Búið var að flytja eldstæðið frá Egilsstöðum til Stykkishólms og Sigurður Helgason, heiðursfélagi HSH, tendraði eldinn með hjálp snæfellskra ungmenna. Eftir setninguna sýndu tékkneskir gestir glæsilega rokkfímleika í íþróttahúsinu. Komust færri að en vildu þótt hver fermetri væri staðinn og setinn. Þá var diskótek í matartjaldinu til miðnættis.

Eftir kvöldmat á laugardegi hófst fyrsta Íslandsmótið í stígvélakasti með rúmlega hundrað keppendum. Að síðasta kasti loknu tóku tónleikar hljómsveitarinnar Sagaklass við. Þeir léku við góðar undirtektir til miðnættis. Á sunnudagskvöld var mótinu slitið. Þá voru afhent verðlaun fyrir ýmsar keppnir og úrslit hæfileikakeppninnar voru tilkynnt við gríðarleg fagnaðarlæti mótsgesta. Keppendur frá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu fengu fyrirmyndarbikarinn fyrir bestu framkomu innan vallar sem utan meðan á mótinu stóð. Þá tók við dansleikur með hljómsveit mótsins, Sagaklass, sem stóð fram undir miðnætti. Að lokum var flugeldasýning sem innrammaði lok þessa votviðrasama en gleðiríka móts.

Umgengni var til fyrirmyndar. Í þau örfáu skipti sem gæslumenn mótsins helltu niður áfengi eða slökktu í vindlingum reyndist ekki vera um mótsgesti að ræða. Undir kvöld á mánudaginn var tæplega hægt að sjá á mótssvæðinu að þar

hefði mótið farið fram, svo vel leit svæðið út. Stjórnendur töldu því fulla ástæðu til að þakka gestum fyrir góða hegðun og fyrirmyndar umgengni. Um það bil 300 sjálfboðaliðar sáu til þess að allt gengi snurðulaust fyrir sig með fórnfúsu starfi og ósérhlífni alla helgina. Ungmennafélagsandinn stóð af sér rigninguna og allir fóru glaðir heim.

### **Keppendur sambanda og félaga fjöldi 1126**

UMSK	127
UMSS	114
HSH	106
UMSB	83
Umf. Fjölnir	82
HHF	72
UÍA	69
HSP	58
HSV	56

USVH	52
UMSE	44
UDN	37
ÍR (ÍBR)	32
UFA	26
HSS	24
HSB	22
USAH	20
ÍA	18
USVS	17
Keflavík	15
HSK	13
Víkingur (ÍBR)	10
UNP	9
Umf. Þróttur	9
ÍBR	4
USÚ	3
KR (ÍBR)	2
FH (ÍBH)	1
SH (ÍBH)	1



## 6. unglíngalandsmót UMFÍ á Ísafirði 1.-3. ágúst 2003



### Til Ísafjarðar

Unglingalandsmótið í Stykkishólmi þótti hafa heppnast frábærlega vel þrátt fyrir rysjótt veður og nú vildu margir stíga skrefið til fulls og halda ULM á hverju ári. Mikill áhugi stjórnvalda, það er að segja menntamálaráðuneytisins og Áfengis- og vímuvarnarráðs, sem áttu sína fulltrúa í Stykkishólmi var forystumönnum UMFÍ veruleg hvatning í þessu efni. Sérstakt framlag ríkisvaldsins til ULM á fjárlögum reið svo baggamuninn. Á sambandsráðsfundi UMFÍ haustið 2002 var samþykkt að 6. mótið yrði haldið um verslunarmannahelgina 2003 og að auglýst yrði eftir framkvæmdaradila.<sup>55</sup>

Nú stóð ekki á tilboðum í unglíngalandsmótið. Strax eftir fundinn lágu fyrir hvorki fleiri né færri en fimm umsóknir um ULM 2003: UMSE vildi halda mót á Dalvík, HSV á Ísafirði, Umf. Fjöltnir í Grafarvogi, UÍA á Egilsstöðum og HSP á Húsa-



Jón Pétur Róbertsson framkvæmdastjóri mótsins.

vík. Atkvæði voru greidd á fundi UMFÍ í janúar 2003 og í fyrstu atrennu fengu UMSE og HSV jafnmörg atkvæði. Í annarri tilraun fékk HSV einu atkvæði fleira og hreppti hnosið. Samþykkt var eftirfarandi bókun – væntanlega með reynslu undangenginna landsmóta í huga:



Ingi Þór Ágústsson formaður mótsnefndar

„Stjórnin óskar eftir því við HSV að halda mótið sem mest á Ísafirði.“<sup>56</sup>

Ákveðið var að UMFÍ myndi kosta og ráða framkvæmdastjóra sem skyldi vinna fyrstu mánuði undirbúningsins á skrifstofu UMFÍ í Reykjavík og síðan á Ísafirði. Um áramótin var auglýst eftir framkvæmdastjóra og í framhaldi af því var Jón Pétur Róbertsson, íþrótt- og tómsundafræðingur frá Selfossi, ráðinn frá 20. janúar og fram til 31. ágúst 2003. Jón Pétur skilaði ýtarlegri skýrslu um mótið að því loknu, sem er helsta heimild þessa þáttar og er ekki vitnað til hennar sérstaklega.<sup>57</sup>

Unglingalandsmótsnefndin var fjölskipuð. Formaður hennar og fulltrúi Ísafjarðarbæjar var Ingi Þór Ágústsson bæjarfulltrúi og formaður íþrótt- og tómsundanefndar. Fulltrúar HSV voru Kristinn Jón Jónsson, Björgmundur Örn Guðmundsson, Hermann Óskarsson og Eyrún Harpa Hlynsdóttir. Frá UMFÍ sátu í nefndinni þau

Helga Guðjónsdóttir, Kjartan Páll Einarsson og Sigurður Viggósson. Þegar á leið var skipaður einn varamaður, Kristján Pálsson. Strax á fyrsta fundi var lagt til að aldur keppenda yrði hækkaður í 18 ár þar sem nýbúið væri að hækka sjálfræðisaldurinn upp í þann aldur. Stjórn UMFÍ

samþykkti þessa undanþágu og þar með var aldurshópur keppenda orðinn 11-18 ára. Skráning fór fram í gegnum netið sem nú var orðin algild regla.

Íbúar Ísafjarðar voru rúmlega 2700 árið 2003.<sup>58</sup> Þar var engin aðstaða fyrir frjálsíþróttir en bæjaryfirvöld lögðu sig í líma við að bæta úr því fyrir mótið. Íþróttasvæðið á Torfnesi var það lítið að þar var ekki hægt að koma fyrir fullbúnum frjálsíþróttavelli. Til að bjarga málinu voru settar upp brautir fyrir spretthlaup og stökk og þær lagðar gerviefni. Þá var settur

upp nýr gervigrasvöllur og eldri mannvirki endurbætt. Aðalmótssvæðið á Torfnesi var á 500 metra kafla við aðalgötuna inn í bæinn og við gamla sjúkrahúsið var sett upp sérstakt hátíðarleiksvið fyrir sýningar og útidansleiki. Rétt við Menntaskólann var komið fyrir landsmótsþorpi með veitingatjöldum, verslunum, upplýsingamiðstöð mótsins og allskonar leiktækjum.

Helstu styrktaraðilar mótsins voru Ölgerðin, VISA, 66° norður, Flugfélag Íslands, B&L og Íslandsbanki. Einnig komu vegleg framlög frá fyrirtækjum í héraði og á landsvísu. Keppnisgreinar voru átta og allar nokkuð hefðbundnar. Það voru frjálsíþróttir, knattspyrna, körfubolti, handbolti, sund, skák, golf og glíma. Þá voru boccia og badminton meðal sýningargreina að ógleymdu grískrómværsku fangi sem sænskir fangbragðamenn kynntu fyrir mótsgestum. Einnig var skipulögð foreldraþraut á mótssvæðinu með ágætum árangri. Körtubíla- og kajakleigur voru opnar um helgina og einnig var hægt að bregða sér á sæpotu og sjóskíði. Það var því aldeilis nóg við að vera hjá mótsgestum.

Ekki var slegið slöku við kynninguna. Veggspjaldi og kynningarbæklingi var dreift um allt landið og miðin. Þá var haldið uppteknum hætti og gefið út sérstakt tölublað af *Skinfaxa* tileinkað mótinu. Blaðinu var dreift í 20 þúsund eintökum



*Glatt á hjalla. Þórólfur Þórlindsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Dorritt Moussaieff og Sigríður Björk Guðjónsdóttir.*

en Guðfinna Hreiðarsdóttir sagnfræðingur hafði veg og vanda af blaðinu. Skráningargjald mótsins var 4500 krónur sem var lægra en í Stykkishólmi, en nú var ákveðið að sleppa matarumstangi og láta keppendur sjálfráða um að næra sig á mótinu. Tjaldstæði voru inni í Tungudal um þrjá kílómetra frá mótssvæðinu. Þar var héraðssamböndum raðað upp eftir þeirra hentisemi og keppendafjölda. Einstefnuakstur gegnum svæðið gerði alla umferð mjög þægilega og strætó sá fyrir ferðum í bæinn.

Eins og nærri má geta var í mörg horn að líta fyrir þetta mót eins og öll landsmót á vegum UMFÍ fyrr og síðar. Margir voru þarna að störfum sem ekki voru mjög reynslumiklir í slíkri framkvæmd. En eins og Ingi Þór Ágústsson, formaður ULM-nefndar sagði þá voru öll mál leyst á einn veg – farsællega.<sup>59</sup>

## Á Torfnesi

Tæplega þúsund keppendur, nánar tiltekið 968, hófu keppni á föstudaginn á nýja íþróttasvæðinu á Torfnesi. Talið er að 7000 manns hafi heimsótt Ísafjörð þessa helgi. Veðrið lék ekki við landsmótsgesti í byrjun en fór dagbatnandi. Talsvert rigndi á föstudaginn, stytta upp á laugardaginn og á sunnudaginn var einmuna blíða, sannkallað



*Hnífjöfn keppni í 100 metra hlaupi.*

landsmótsveður. Sagt var að bumbusar hefðu þá rífið sig úr að ofan og margir spókuðu sig léttklæddir í glampanði sólskini sunnudagsins.

Hápunktur föstudagsins var mótssetningin. Hermann Niélssson stjórnaði inngöngu keppenda af mikilli festu og tókst hún vel. Mikill fjöldi gesta var viðstaddur og heiðursgestir voru forsetahjónin, Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff. Ólína Þorvarðardóttir, rektor Menntaskólans, var kynnrir. Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ, setti mótið og forsetinn flutti ávarp ásamt ýmsum framámönnum. Hin aldna íþróttakempa Gunnar Pétursson á Ísafirði tendraði landsmótseldinn. Forsetahjónin settu mikinn svip á mótshaldið og voru á ferðinni alla helgina. Þau spreyttu sig í ýmsum leikjum og skemmtunum og vöktu almenna gleði með nærveru sinni. Dagskránni á föstudag lauk með kvöldvöku þar sem ísfirskar hljómsveitir fóru fyrir skemmtiatriðum fram undir miðnætti.

Daginn eftir tók keppnin við að nýju. Í fótboltanum voru sjö saman í liði og leikið var á þremur völlum,

ýmist á alvörugrasi eða gervigrasi. Nú var tekin upp sú nýbreytni að þeir sem vildu keppa og voru einir á báti gátu skráð sig gegnum netið og svo var raðað í lið af handahófi á staðnum. Unglingarnir voru til í tuskið og þarna spratt upp fjöldi óvissuliða en mótshaldari útvegaði þeim öllum liðsstjóra til halds og trausts. Alls voru leiknir 120 leikir í fótboltanum og 13 vaskir dómara höfðu nóg að gera því á svona móti eru það ekki bara keppendur sem þurfa leið-

sagnar við heldur foreldrarnir líka. Ekki vantaði keppnisskapið í krakkana en þegar keppni lauk voru allir orðnir vinir á ný – líka þeir sem voru í hinu liðinu.

Í frjálsíþróttakeppninni var hlaupið, stokkið og kastað alla daga frá morgni til kvölds. Ekki var keppt í hringhlaupum en þess í stað í víðavangshlaupum í nokkrum vegalengdum sem reyndar urðu eins konar götuhlaup. Frjálsíþróttir voru að vanda vinsælasta greinin og skráningar voru að berast fram á síðasta dag. Svo mikil aðsókn var



*„Var það ég eða þú sem vann glímuna?“ Dorritt forsetafrú er ekki alveg viss um reglurnar. Hjálmur Sigurðsson dómari fylgist með og hefur gaman af.*





*Áhorfendur mótsins voru hinir þrúðustu og síður en svo atvinnuskapandi fyrir ísfríska lögreglumenn.*

til dæmis í spjótkaðið að 30 keppendur bættust við á síðustu stundu. Það varð til þess að ekki tókst að ljúka keppninni í tæka tíð en þó voru spjótin borin á höndum sér og kastað 1400 sinnum á föstudeginum! Keppninni lauk með einstaklega óhefðbundnu boðhlaupi sem vakti mikla lukku. Allt að 16 lið kepptu samtímis og hlupu fram og til baka yfir völlinn endilangan og skiptu á miðjum velli. Í staðinn fyrir boðhlaupskefli hlupu keppendur með vatnsbrúsa í höndum og spennan var engu minni en á Ólympíuleikum. Flottur endir á frábærri keppni sem Sigmundur Þórðarson á Þingeyri hafði veg og vanda af.

Körfuboltinn gekk eins og í sögu að sögn Baldurs Inga Jónassonar sérgreinarstjóra. Hann tók sérstaklega fram að allir keppendur, foreldrar og liðsstjórar hafi ætlað sér að hafa gaman af þessu móti og engin leiðinleg atvik eða ummæli í garð umsjónarmanna hafi sést eða heyrst. Áhorfendur voru vel með á nótunum og hvöttu leikmenn óspart svo undir tók í húsinu. Handboltinn gekk líka fljótt fyrir sig því hann féll niður vegna þátttökuleysis. Golfið hefði þolað fleiri þátttakendur og það var að hluta til vegna þess að Golfsambandið var með unglíngalandsmót í sömu vikunni og landsmótið. Þótti mörgum að GSÍ hefði farið þar full-sparlega með tillitsseminu í garð væntanlega keppenda á Ísafirði.

Glímukeppnin fór fram úti á grasi íþróttavallarins að gömlum og góðum sið og Hjálmur Sig-

urðsson, fyrrum glímukóngur, sá um dómgæsluna. Forsetahjónin fylgdust með af miklum áhuga og þá sérstaklega frú Dorrit Moussaieff. Hjálmur bauð henni að setja á sig glímubelti og reyna nokkur brögð á móti Guðlaugu Hörpu Harðardóttur UDN sem sigraði í flokki 14 ára stúlkna. Dorrit var til í það og eftir tilsögn hjá Hjálmi glímdu þær hressilega um stund. Forsetafrúin þótti sýna glæsilega glímutakta og hún skemmti sér konunglega ekki síður en allir viðstaddir.

## Allsgáðir ungmennafélagar

Hin vinsæla gleðisveit, Á móti sól, var aðalhljómsveit unglíngalandsmótsins. Sólararmenn réðust í hljómleikaferð í kringum landið og hvöttu alla til að mæta á Ísafirði en þar yrði hápunktur sumarsins hjá þeim. Hljómsveitin kom fram á laugardaginn og sunnudaginn á fyrirfram ákveðnum tímum og vakti stormandi lukku meðal mótsgesta. Þá voru hljómsveitirnar BMX og Svítabandið með í leiknum og allar slógu þær í gegn á kvöldvökunum. Mikil dagskrá var öll þrjú kvöldin og náðu kynnar kvöldsins, hinir landsfrægu Simmi og Sveppi, upp rífanði stemmingu ásamt Sólararmönnum. Sagt var að þeir fáu foreldrar sem höfðu laumað einum bjór með inn á mótsvæðið hefðu komið með hann aftur heim. Í þetta sinn voru það börnin sem stóðu vörð um foreldrana og minntu þá reglulega á fyrir hvað hátíðin stendur.<sup>60</sup>

Þáttur löggæslufirvalda á Ísafirði var kapituli út af fyrir sig. Sýslumaðurinn á Ísafirði, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, upplýsti fyrirfram að löggæslukostnaður þessa helgi myndi nema einni og hálfri milljón króna og Ungmennafélagi Íslands bæri að borga þriðjung hans eða hálfu milljón króna. Forsvarsmönnum UMFÍ brá í brún því aldrei hafði slík krafa borist áður enda höfðu fyrri unglíngalandsmót síður en svo verið atvinnuskapandi fyrir lögreglumenn. Þeir sögðu sem var að



hér væri um að ræða íþróttamót en ekki útihátíð og að björgunarsveitarmenn á vegum UMFÍ sæju um gæslu á mótinu.<sup>61</sup>

Það fór sem ungmennafélagar höfðu spáð. Viðbúnaður lögreglunnar var að öllu leyti óþarfur. Öndur Jónsson, yfirlögregluþjónn staðarins, upplýsti eftir helgina að landsmótsgestir hefðu verið til stakrar fyrirmyndar og þeir fáu sem voru það ekki hefðu verið heimamenn.<sup>62</sup> Sýslumaður hélt málinu þó til streitu og UMFÍ varð að greiða kostnaðinn en mótmælti innheimtunni harðlega. Ekki tók betra við árið eftir því þá hugðist Ríkharður Mátsson, sýslumaður á Sauðárkróki, innheimta himinháan löggæslukostnað af landsmótunum þar. Mótin voru í uppnámi en á síðustu stundu féll sýslumaður frá öllum aðgerðum. Eftir það hefur ekki hvarflað að neinum að innheimta löggæslukostnað af landsmótum UMFÍ enda leitun að friðsælli samkomum.<sup>63</sup>

Lokaathöfn sunnudagsins hófst með því að öllum var boðið til grillveislu. Grillaðar voru 2000 Goðapylsur og Egils-appelsín gefið til að skola

góðgætinu niður. Þá var tilkynnt hverjir hlytu fyrirmyndarbikarinn fyrir að vera prúðasta lið mótsins og reyndust það vera Suður-Þingeyingar. Forsetahjónin afhentu hinum hæstánægðu Þingeyingum bikarinn og annan bikar til eignar. Þá héldu Á móti sól og Svitabandið uppi fjöri langt fram undir miðnætti en þá datt allt í dúnalogn. Mannfjöldinn þyrptist út að Ísafjarðarpólli og nú var tekið mjög að rökkva. Lóðsinn sigldi hægt og hljótt inn á pollinn og nú var skotið flugeldum samtímis af þilfari hans og frá hafnarbakkanum. Sýningin var stórkostleg upplifun þar sem hljóðið og ljósið frá henni magnaðist í fjöllum kringum Ísafjarðarbæ. Frábæru unglíngalandsmóti var lokið.

## **Keppendur sambanda og félaga fjöldi 968**

Skráningartölur keppenda fundust ekki fyrir 6. unglíngalandsmótið.



## 7. unglíngalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki 30. júlí-1. ágúst 2004

### Tvö mót á Sauðárkróki

Á þingi UMFÍ haustið 2003 var endanlega ákveðið að unglíngalandsmótin yrðu haldin á hverju ári



Ómar Bragi Stefánsson framkvæmdastjóri mótsins.

og reglugerðinni breytt til samræmis við það.<sup>64</sup> Nú stóð fyrir dyrum landsmót UMFÍ á Sauðárkróki 2004 og þá var eftir að vita hvar ULM yrði haldið. Skagfirðingar voru hvergi smeykir hjörs í þrá en sóttu um að halda ULM einnig á Sauðárkróki að loknu landsmótinu. Austfirðingar sóttust líka eftir mótinu og um þetta var kosið á fundi UMFÍ

í desember 2003. Eftir umræður um kosti og galla þess að halda ULM og landsmótið á sama stað á landsmótsári ákváðu menn að láta slag standa og afhentu Skagfirðingum umboðið. Þar sem vitað var að landsmótsnefnd UMSS var skipuð afburðafólki var óskað eftir því að hún tæki einnig að sér unglíngalandsmótið, svona í leiðinni. Það var nú kannski fullmikið af því góða svo Páll Kolbeinsson framkvæmdastjóri var fenginn sem formaður nefndar unglíngalandsmótsins. Nýir nefndarmenn voru Vilhjálmur Árnason frá UMSS og Ásdís Guðmundsdóttir frá Sveitarfélaginu Skagafirði. Nýir fulltrúar UMFÍ voru Hringur Hreinsson og Sæmundur Runólfsson.

og reglugerðinni breytt til samræmis við það.<sup>64</sup> Nú stóð fyrir dyrum landsmót UMFÍ á Sauðárkróki 2004 og þá var eftir að vita hvar ULM yrði haldið. Skagfirðingar voru hvergi smeykir hjörs í þrá en sóttu um að halda ULM einnig á Sauðárkróki að loknu landsmótinu. Austfirðingar sóttust líka eftir mótinu og um þetta var kosið á fundi UMFÍ



Páll Kolbeinsson formaður mótsnefndar.

Þeir sem héldu áfram nefndarstörfum frá landsmótinu voru Haraldur Þór Jóhannsson, Páll Ragnarsson og Hjalti Þórðarson frá UMSS og Ingi Þór Ágústsson, Hildur Aðalsteinsdóttir og Björn B. Jónsson frá UMFÍ.

Þannig bar það til að í stað þess að hvíla lúin bein eftir landsmótið

máttu sex gamlir nefndarmenn ásamt hinum fimm nýju fulltrúum spýta í lófana og hespa af heilu unglíngalandsmóti þremur vikum síðar.<sup>65</sup> Sama gildi um framkvæmdastjóra beggja móttanna sem var Ómar Bragi Stefánsson. Honum til aðstoðar á þessum lokaspretti störfuðu Páll Guðmundsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, og Ingi Þór Ágústsson stjórnarmaður.<sup>66</sup> Það var því í mörg horn að líta á Sauðárkróki sumarið 2004.

Undirbúningur unglíngalandsmótsins féll á margan hátt saman við undirbúning landsmótsins fyrr um sumarið og allar framkvæmdir á staðnum komu því til góða. Hið glæsilega íþróttasvæði á Sauðárkróki var því til reiðu þegar verslunarmannahelgin rann upp. Þá höfðu margir starfsmenn mótsins öðlast mikla reynslu á landsmótinu, sem kom sér vel við þetta tækifæri. Á móti kom að nokkuð hafði fækkað í hópnum. Þrír sérgreinastjórar voru þeir sömu og á landsmótinu en í fimm greinum komu nýir menn til skjalanna.



*Við mótssetningu.*

Keppnisgreinar mótsins voru átta hinar sömu og oftast áður: Frjálsíþróttir, glíma, golf, hestaíþróttir, knattspyrna, körfubolti, skák og sund. Samið var við ungmenna- og íþróttafélögin í Skagafirði um að taka að sér framkvæmd mótsgreinanna og tókst það með ágætum.

## Fjöldmenni á Króknum

Keppnin hófst á föstudagsmorguninn og þá þegar var sýnt að aðsóknin myndi verða góð. Samtals greiddu 1242 keppendur þátttökugjald sem var 4500 krónur. Innifalið var gjafapakki frá móts höldurum og aðgangur að allri skemmtun og afþreyingu á mótinu.<sup>67</sup> Þetta tryggði afkomu mótsins sem kom út með hagnaði. Veðrið lék við móts gesti og talið er að tíu þúsund manns hafi heimsótt Sauðárkrók í tilefni mótsins. Það var fyrst og fremst fjölskyldufólk sem naut þess að vera með börn sín á skemmtilegum og friðsælum stað um helgina þar sem ölvun og ódámar voru víðs fjarri.

Setningarathöfnin á föstudagskvöldið hófst klukkan 20.30 og lauk innan við klukkutíma síðar. Allir keppendur gengu fram fylktu liði undir



*Áncægðir mótsgestir við leikvanginn.*

merkjum sinna félaga. Formaður UMFÍ flutti ávarp og einnig Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar alþingis. Þá ávarpaði Páll Kolbeinsson nefndarformaður móts gesti ásamt dóttur sinni Bryndísi Ýri Pálsdóttur. Arndís María Einarsdóttir tendraði landsmótseldinn við hátíðlega athöfn.

Stúlkurnar í hljómsveitinni Nylon komu við á leið sinni til Akureyrar og tóku lagið. Aðdáendur þyrptust að og sviðið hreinlega færðist úr stað við atganginn. Í ávarpi sínu tilkynnti Björn formaður að næsta unglíngalandsmót UMFÍ færi fram í Vík í Mýrdal árið 2005 og þar-

næsta á Laugum í Reykjadal árið 2006.<sup>68</sup> Ekki veitti mótshöldurum af að fá þessa staðfestingu með góðum fyrirvara því undirbúningur mótanna varð sífellt umfangsmeiri.

Sauðárkrókur er að mörgu leyti eins og kjörinn fyrir landsmótahald. Langflestar íþróttirnar fóru fram á litlu svæði og hægt var að hvíla bílinn að mestu. Sunnan strekkingur var á föstudaginn en í móti kom að það var „20 stiga hiti og sólarglennur,“ eins og Haraldur Þór Jóhannsson bóndi í Enni lýsti veðurfarinu.<sup>69</sup> Veðrið lægði þó eftir því sem leið á helgina og á sunnudaginn var komið blankalogn og rjómalíða.

Frjálsíþróttir og knattspyrna voru fjölmennastar eins og fyrri daginn. Ekki færri en 90 starfsmenn þurfti til að manna allar stöður við frjálsíþróttakeppnina og dugði þó varla til. Hátt í 600 keppendur voru í knattspyrnunni og þurfti næstum því 200 leiki á sex völlum til ljúka henni á þessum þremur dögum. Skagfirskir fótboltastrákar höfðu sigur í öllum aldursflokkum nema einum og voru ekki lítið upp með sér. Ekki spillti það gleðinni þegar Eyjólfur Sverrisson fyrrverandi landsliðsfyrirliði í greininni var mættur til að afhenda þeim verðlaun sín ásamt stalla sínum Guðna Bergssyni.<sup>70</sup> Körfuboltinn var einnig fjölmennur og þar dugðu ekki minna en 100 leikir. Ekki var hægt að ganga að því vísu að keppni þessara tveggja greina rækist ekki á eins og var á Stykkishólmi og Ísafirði. Það mun hafa stafað af mikilli fjölgun keppenda síðustu dagana fyrir mótið og þar af leiðandi heldur fáum starfsmönnum. Mikið álag var á starfsmönnum mótsins og þeir hinir sömu mótsgestir sem hrósuðu framkvæmd landsmótsins þremur vikum fyrr voru ekki eins ánægðir með hlutina á ULM.<sup>71</sup>

Að vanda sáu Glímusambandsmenn um þjóðaríþróttina. Kristján Yngvason formaður sambandsins var glímustjóri en forveri hans, Jón M. Ívarsson, sá um dómgæsluna. Stórveldi glímunnar, HSP og HSK, voru sigursælust en fjölmennasti hópurinn kom úr Dalasýslu. Golfarar léku 18 holur í garranum á föstudaginn en margir náðu ágætu skori.

Þótt unglíngalandsmótið hafi tekist vel voru



Keppendur framtíðarinnar spreyttu sig í langstökki.

flestir ungmennafélagar á því að ekki væri heppilegt að halda bæði landsmótin á sama stað á sama ári. Álagið á mótshaldara væri of mikið og þeir kæmu þreyttir til verks. Nauðsynlegt hefði verið að gera þessa tilraun og nú væri svarið komið.<sup>72</sup>

## Fjör á Flæðunum

Tjaldbúðir mótsgesta voru uppi á Nöfunum svokölluðu rétt fyrir ofan leikvanginn. Vel var hugsað um íbúana og björgunarsveitir slógu skjaldborg um þá á kvöldin til að tryggja frið og spekt sem brást heldur ekki. Mikil áhersla var lögð á að kynna nýstárlegar og skemmtilegar greinar á mótinu. Margskonar smíðjur voru í gangi þar sem leiðbeinendur veittu tilsögn þeim sem hana vildu þiggja. Þar má nefna ýmsa sirkusleiki sem Marion Ladich loftfílmleikameistari frá Þýskalandi kynnti. Ivano Tasin frá Ítalíu kynnti brasilísku sjálfsvarnarlistina *capoeira* og Sigurlína Guðjónsdóttir stjórnaði þrautabraut í hreysti. Ef þetta var ekki nóg þá var hægt að spreyta sig í grjóna-bolta, fjallahjólreiðum, körfubolta, hipp-hoppi, klifurvegg og strandblaki svo eitthvað sé nefnt. Það var því ekki vandi fyrir mótsgesti að finna sér eitthvað nýtt og skemmtilegt við hæfi.

Svo voru haldnar kvöldvökur á Flæðunum svokölluðu á laugardags- og sunnudagskvöld. Þar komu fram landsþekktar hljómsveitir svo sem Quarashi, Írafár, Mammút, Hip Razikal og Börnin þagna. En það var Birgitta Haukdal söngkona sem átti sviðið með hljómsveitinni Írafár á kvöldvökunum. Hún var án alls vafa vinsælasta söngstjarna landsins um þær mundir og var sjálf hæstánægð með undirtektir unglínganna. „Stemmingin var góð. Það sungu allir með og hoppuðu þannig að það var ofsalega gaman. ... Veðrið var frábært þannig að þetta var æðislegt, sagði Birgitta“ í viðtali í *Skinfaxa*.<sup>73</sup>

Unglíngalandsmótið var vímuefnalaust og ótíðindalaust. Þar undu fjölskyldurnar glaðar við sitt. Fréttir af mótinu voru ekki fyrirferðarmiklar í fjölmiðlum. Víkverja *Morgunblaðsins* þótti ástæða til að vekja athygli á þessu í pistli sínum:



Um leið og ölvunarfréttir af útihátíðum voru tíund- aðar fór heldur lítið fyrir umfjöllun í fjölmiðlum um helgina af Unglingalands- mótinu. Getur ástæðan verið sú að þar var enginn fullur, tómar fangageymslur, enginn í annarlegu ástandi, engir stútar undir stýri? Bara edrú og lífsglaðir ungl- ingar að keppa í íþróttum? „Uss, það er engin frétt,“ myndi kannski einhver segja. Jú Víkverji telur það nokkra frétt um þessa miklu drykkjuhelgi.<sup>74</sup>



Það var fjör á Flæðunum á Sauðárkróki 2004.

Mótinu var slitið seint á sunnu- dagskvöld í einstakri veður- blíðu. Mannfjöldinn hópaðist þúsundum saman á leikvanginn og Björn B. Jónsson gerði uppskált hvaða lið hefði hlotið fyrirmyndarbikarinn. Ung- ir Skarphéðinsmenn reyndust hafa verið prúðast- ir um helgina og tóku við bikarinn úr höndum Björns. Mótinu lauk um miðnætti með magnaðri flugeldasýningu sem naut sín vel í rökkrunu neð- an við Nafirnar á Sauðárkróki. Fjöldinn horfði fagnandi á með stjörnur í augum. Síðan tindust mótsgestir í tjaldbúðirnar í lognkyrrunni glaðir í hjarta yfir enn einu vel heppnuðu unglingsalands- móti.

## Keppendur sambanda og félaga fjöldi 1227

UMSS	211	USVH	45
UMSK	132	UNÞ	41
HSP	86	USAH	37
HSV	85	ÍBR	32
Umf. Fjölnir	82	UDN	31
UMSB	66	USVS	31
HSH	56	UFA	30
HHF	48	HSK	28
UMSE	46	UÍÓ	22
		HSS	18
		ÍA	18
		Umf. Kjalnesinga	15
		Utan félaga	15
		Keflavík	14
		UÍA	14
		ÍBH	7
		USÚ	6
		Umf. Óðinn	2
		Umf. Njarðvíkur	2
		ÍBA	2
		HSB	1
		ÍBV	1
		ÍRB	1
		Umf. Grindavíkur	1
		Umf. Glói	1



## 8. unglingalandsmót UMFÍ í Vík 29.-31. júlí 2005

### Vík tekur stakkaskiptum

Þegar búið var að auglýsa eftir mótshaldara fyrir ULM 2005 kom í ljós að bæði UMSE/UFA og USVS höfðu áhuga á mótinu. Hér þurfti náttúrulega að velja á milli og sumarið 2004 var ákveðið að næsta mót yrði haldið í Vík í Mýrdal undir stjórn Vestur-Skaftfellinga.<sup>75</sup> Unglingalandsmótsnefnd var skipuð strax um haustið og formaður hennar var Sædis Íva Elíasdóttir formaður USVS. Aðrir fulltrúar sambandsins voru Þorgerður Einarsdóttir, Jóhann Vignir Hróbjartsson, Þorsteinn Kristinsson og Þórunn Júlíusdóttir. Fulltrúi Mýrdalshrepps var Elín Einarsdóttir. Frá UMFÍ komu Björn B. Jónsson, Helga Guðjónsdóttir og Sæmundur Runólfsson.

Um þessar mundir var Ómar Bragi Stefánsson ráðinn landsfulltrúi UMFÍ og framkvæmdastjórn unglingsmóta var eitt af hans verkefnum. Þar sem Ómar Bragi er búsettur á Sauðárkróki



*Sædis Íva Elíasdóttir formaður mótsnefndar.*

þótti hentugt að fá annan starfsmann við hlið hans að mótinu. Í ársbyrjun 2005 var Sandra Brá Jóhannsdóttir ráðin verkefnisstjóri mótsins, fyrst í hlutastarfi en í fullu starfi frá 15. apríl. Til að byrja með starfaði hún í Reykjavík en hafði seinna aðsetur í Vík. Þau Ómar tóku saman



*Sandra Brá Jóhannsdóttir verkefnisstjóri mótsins.*

skýrslu eftir mót-ið og er hún aðalheimild fyrir þessari frásögn.<sup>76</sup>

Í upphafi lagði ríkisvaldið rausnarlega fjárhæð til mótsins og einnig fékkst styrkur úr Forvarnasjóði. Það var því ekki þörf á að hækka skráningargjaldið sem var 4500 krónur. Mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins voru meðal styrk-

araðila. Nú vissu flestir orðið fyrir hvað unglingsmótin standa og það létti róðurinn. Mikil vinna var lögð í kynningu mótsins. Veggspjald, kynningarbæklingur og 2. tölublað *Skinfaxa* var lagt undir í kynninguna og skilaði góðum árangri. Helst þótti aðstandendum á skorta að fjölmiðlar gerðu mótinu skil sem íþróttamóti en ekki bara skemmtun um verslunarmannahelgina.

Strax heyrðust efasemdarraddir um að svo lítið sveitarfélag og héraðssamband réðu við að halda stórmót á borð við þetta en á þær var ekki hlustað. Í febrúar 2005 ákvað 500 manna sveitarfélagið Mýrdalshreppur að ráðast í að gera nýjan íþróttaleikvang með fyrirmyndaraðstöðu fyrir frjálsíþróttir. Þar með voru sett ný viðmið fyrir ULM því hingað til höfðu sæmilegir vellir með malarbrautum verið látnir duga.

Það er ekki að orðlengja það að nokkru fyrir mótið var tilbúinn glæsilegur frjálsíþróttavöllur



Frá mótssetningu.

með tartanbrautum og þeirri bestu aðstöðu sem hægt var að finna til frjálsíþróttar. Hér er þó ekki allt talið því ný sundlaug var tekin í notkun haustið áður og nýr völlur fyrir hestaíþróttir um sumarið. Þegar endurbættum golfvelli og nýlegu íþróttahúsi er bætt við þessa upptalningu verður ljóst að Skautfélagið stóðu vel að vígi þegar leið að unglingsmóti.

Öll sú gríðarlega sjálfboðavinna sem unnin var við þessar framkvæmdir og annað sem þurfti að gera fyrir mótið og meðan á því stóð verður aldrei metin til fulls. Smæð samfélagsins þjappaði fólkinu saman þegar á þurfti að halda. Hver hinna 286 íbúa í Vík virtist vera margra manna maki og auðvitað tóku allir héraðsmenn þátt í starfinu.<sup>77</sup> Stundum komu svo margir til starfa að erfitt var að finna verkefni fyrir alla. Nágrannarnir í Skarphéðni réttu oft hjálparhönd og óhætt er að segja að í Vík ríkti samhugur í verki.

Þegar verslunarmannahelgin gekk í garð var allt tilbúið og veðrið lék við mótsgesti um helgina. Vík skartaði sínu fegursta, alls staðar var búið að snyrta og fegra og fánar blöktu hvarvetna við hún. Ungmennafélag Íslands lagði til risavaxið samkomutjald sem tjaldað var í fyrsta sinni fyrir mótið. Það er um það bil 1400 fermetrar og kom sannarlega að góðum notum þessa helgi. Allt var því klappað og klárt þegar gestir tóku að

streyma til Víkur á fimmtudaginn.

## Á Víkurvelli

Gestir mótsins fengu hlýjar móttökur á tjaldsvæðinu í Vík. Björgunarsveitarmenn stöðvuðu hvern bíl, buðu gesti velkomna og gáfu þeim poka með korti af Mýrdal, dagskrá mótsins og öðrum nauðsynjum. Keppendur mótsins voru tæplega eitt þúsund og talið er að mótsgestir hafi verið um 7000. Unglingalandsmótið voru orðinn góður kostur fyrir þá sem vildu eiga vímulausa verslunarmannahelgi með fjölskyldu og vinum. Ekkert sást af vímuefnum í Vík þessa helgi og augljóst að þeir sem voru í slíkum hugleiðingum fóru eitthvað annað.<sup>78</sup>

Vel var fylgst með því að allt færi vel fram og þegar einn af kvenskörungum heimamanna sá til konu með vindling í hendi á tjaldsvæði þeirra gerði hún sér lítið fyrir og rak hana af tjaldsvæðinu.<sup>79</sup> Þetta mun þó hafa verið einsdæmi á landsmóti.

Keppni hófst í flestum greinum á föstudaginn í ágætu veðri og við góðar aðstæður. Fremur var hægt að tala um nálægðir en fjarlægðir milli keppnisstaða því allt var á sama blettinum nema golf, hestaíþróttir og knattspyrna sem voru þó aðeins stuttan spöl frá leikvanginum. Tjaldsvæðið var á sléttri flöt við aðalgötuna þarna mitt á milli og vel fór um alla því nóg var plássíð.

Setningarathöfnin fór fram á níunda tímanum um kvöldið og var með hefðbundnu sniði. Ungir íþróttamenn gengu inn á völlinn að viðstöddum fjölda áhorfenda. Björn B. Jónsson setti mótið og séra Haraldur Kristjánsson blessaði íþróttavöllinn. Kyndilberi var Arnar Gíslason, íþróttamaður ársins hjá USVS, og tendraði hann landsmótseldinn við mikinn fögnuð áhorfenda. Nokkur eftirvænting ríkti við setninguna því búið var að gefa út að þá yrði upplýst hvar ULM yrði haldið árið 2007. Fagnaðarlæti brutust út meðal Austur-Skaftfellinga þegar Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ, tilkynnti að það yrði haldið á Höfn í umsjá Ungmennasambandsins Úlfjóts. Söngstjarnan





*Alls staðar voru sjálfboðaliðar að störfum.*

Hildur Vala lauk svo athöfninni með því að syngja nokkur lög.

Íþróttagarpurinn Kári Jónsson stjórnaði frjálsíþróttakeppninni af festu og röggsemi. Athygli vakti að allir 70 starfsmenn vallarins voru klæddir gulum sjálflýsandi vestum með áletruninni: „Ég er sjálfboðaliði UMFÍ.“ Margir ráku upp stór augu og sögðust ekki hafa áttað sig á því fyrr hvað sjálfboðaliðar á svona mótum eru margir. Greinarstjórar voru með talstöðvar og allt gekk létt og liðugt fyrir sig. Keppendur voru 446 talsins og skráningar 1541 sem gerði mótið að stærsta frjálsíþróttamóti landsins á árinu.

Keppt var í 12 aldursflokkum og keppnisgrein-

ar voru 94 svo hér var ekki lítið um að vera. Dómarar kenndu þátttakendum sem voru óruggir með kunnáttuna og tóku mildilega á brotum þeirra. Þetta var í samræmi við þá hugmyndafræði ULM að þátttakan væri aðalatriðið en afrekin í öðru sæti. Svo var hlaupið og stokkið og kastað af kappi alla helgina. Skemmtileg tilbreyting var víðavangshlaup hringinn í kringum íþróttavallarsvæðið í fjölbreyttu landslagi byggðarinnar.

Sundkeppnin var ekki síður umfangsmikil því keppt var í 54 greinum um helgina. Svanur Ingvarsson sundkappi hélt utan um keppnina öruggum höndum og þau atriði sem ekki voru á hreinu voru farsælega leyst á sundlaugarbakkanum. Í skákinni voru 22 keppendur frá öllum landshornum og skákdeild Ungmennafélagsins Fjölnis sá um slaginn á svarthvítu borðunum. Í körfunni voru leiknir 60 leikir sem gekk ótrúlega vel miðað við að húsið var ekki tiltakanlega stórt. Í hestaíþróttum voru 12 keppendur tví- og fjórfættir og kepptu í tölti og fjórgangi. Í golfinu var allt í góðu lagi nema það vantaði helminginn af verðlaunapeningunum því allir kepptu bæði með og án forgjafar. Þessu höfðu menn ósýktir af golfbakteríunni ekki áttað sig á. Því var kippt í liðinn síðar. Sjö voru í hverju knattspyrnuliði og mikið var sparkað.

Þá var keppt í „fitness“ sem var ný og spennandi keppnisgrein á unglíngalandsmótum. Kraftajötunninn Andrés Guðmundsson hafði veg og



*Frá langstökkkeppninni.*





Frá knattspyrnukeppninni.

vanda af þessari grein sem nú er yfirleitt kölluð *hreysti*. Það voru líka hraustir krakkar sem brenndu í gegnum þrautabrautina sem Andrés upplýsti að væri nú bara „gamli góði Tarsanleikurinn.“ Þátttakendur þurftu að leysa 11 þrautir á leiðinni og þar á meðal klifra í apastiga, klifa netvegg og hlaupa í dekkjum. Lokaprautin var að klifra upp lausan kaðal sem er það sem skilur menn frá drengjum og konur frá telpum að sögn Andrésar. Þátttakendur voru 122 og sýndu frábær tilþrif. Áhorfendur höfðu gaman af og þótti keppni bæði spennandi og skemmtilegur kostur.<sup>80</sup>

Fyrir mótið var ákveðið að gera glímunnari hátt undir höfði á landsmótinu. Glímunnari var valinn staður í risatjaldinu og keppendur voru 37 frá ýmsum héruðum. Að henni lokinni voru settar upp svokallaðar glímusmiðjur þar sem boðið var upp á sýningar og kennslu og allir viðstaddir gátu skorað á keppendurnar að reyna við sig. Þetta vakti miklar vinsældir og 300 börn og unglingar tóku þátt í glímusmiðjunum á laugardag og sunnudag. Lárus Kjartansson, framkvæmdastjóri GLÍ, hafði veg og vanda af glímunnari en frumkvæðið að þessu öllu kom frá Valdimari Gunnarssyni landsfulltrúa UMFÍ.

## Fjölskylduhátíð

Margt fleira var í boði en hefðbundnar íþróttir. Auk þeirra

voru kynntar ýmsar jaðariþróttir eins og frístældans, kassaklifur, bogfimi og leikhússport. Allt var þetta í umsjá sérfræðinga og margir spreyttu sig með bros á vör og misgóðum árangri. Kvöldvaka á föstudagskvöldið var óhefðbundin því margir voru þreyttir eftir langt ferðalag. En karóki var til reiðu fyrir þá sem það vildu og margir þöndu sig við hljóðnemann. Söngstjarnan Hildur Vala hitaði upp með tveimur lögum og eftir það gátu allir sungið.

Hæfileikakeppni var í gangi í risatjaldinu á föstudaginn og þar komu margir verðandi snillingar fram. Sem fyrr segir lék veðrið við móts gesti allan tímann nema það súldaði aðeins á laugardagskvöldið og þá kom stærsta tjald á Íslandi sér vel. Þar var kvöldvaka þar sem hljómsveitirnar Á móti sól og Svitabandið spiluðu við mikinn fögnuð gesta. Þarna dönsuðu krakkarnir af fjöri en á lengdar stóðu foreldrarnir og spjölluðu saman eða dönsuðu líka. Sannkölluð fjölskylduhátíð. „Þetta var ofsalega gaman, allir svo glaðir og jákvæðir og framkoma keppenda og gesta var alveg til fyrirmyndar,“ sagði Sædis Íva Elíasdóttir nefndarformaður alsæl í mótslok.<sup>81</sup>

Lögreglan hafði að vanda lítið að gera nema fylgjast með umferð enda liggur þjóðvegur eitt í gegnum Vík. Björgunarsveitin Víkverji sá um þrif á salernum, ruslatínslu og flugeldasýningu í mótslok. Allt mótið í Vík var á rölegum nótum og samdóma álit allra að það hafi heppnast vel. Skarphéðinn var valið prúðasta lið landsmótsins annað árið í röð og Kári Jónsson, formaður ULM-nefndar sambandsins, tók stoltur við fyrirmynd-



Unglingalið HSK með fyrirmyndarbikarinn ásamt liðsstjóra sínum Kára Jónssyni.

arbikarnum. Lokaorðin koma beint úr skýrslu stjórnendanna, Ómars Braga og Söndru Brár:

Mótsslitin voru um 23:30 á sunnudagskvöldinu. Björn B. Jónsson sleit mótinu meðformlegumhættiáíþróttaleikvanginum, slökkt var á landsmótseldinum og glæsileg flugeldasýning tók við í blíðskaparveðri. Eftir flugeldasýninguna fóru íbúar Vestur-Skaftafellssýslu út á miðjan íþróttavöllinn og buðu mótsgestum upp í dans, sem endaði með að allir dönsuðu konga og mynduð var 400 metra keðja á hlaupabrautinni við mikinn fögnuð. Óhætt er því að segja að mótsgestir hafi kvatt Vík með bros á vör.<sup>82</sup>

### **Keppendur sambanda og féлага fjöldi 910**

UMSK	132
Umf. Fjölnir	112
USVS	80
HSK	64
UMSB	58

HSH	52
HSP	51
ÍBR	33
ÍA	30
HSV	29
HSS	28
UDN	27
UMSS	27
HHF	26
USAH	24
UÍA	23
USVH	22
Keflavík	21
USÚ	18
Umf. Kjalnesinga	11
UMSE	9
USK	9
UFA	7
UNÞ	7
ÍBH	5
Umf. Glói	2
HSB	1
Umf. Njarðvík	1
Umf. Þróttur	1

## 9. unglíngalandsmót UMFÍ á Laugum 4.-6. ágúst 2006



### Haldið til Lauga

Eins og fyrr var rakið var tilkynnt við mótsslit unglíngalandsmótsins á Sauðárkróki 2004 að ULM árið 2006 yrði haldið á Laugum í umsjá Suður-Þingeyinga. Fleiri komu þó til greina því bæði Austur-Skaftfellingar og Eyfirðingar höfðu hug á mótinu. Eftir miklar umræður varð niðurstaðan sú að mótið færi norður í Þingeyjarsýslu.<sup>83</sup>

Nú höfðu Þingeyingar tvö ár til stefnu að undirbúa mótið og létu hendur standa fram úr ermum. Unglíngalandsmótsnefnd var skipuð þegar í ársbyrjun 2005. Formennsku í henni hafði Baldur Daníelsson. Aðrir nefndarmenn voru Arnór Benónýsson og Jóhanna Harpa Gunnarsdóttir frá HSP, Haraldur Bóasson frá Þingeyjarsveit og Valgerður Gunnarsdóttir frá Framhaldsskólanum á Laugum. Fulltrúar UMFÍ voru formaðurinn, Björn B. Jónsson, framkvæmdastjórinn, Sæmundur Runólfsson og Hringur Hreinsson stjórnarmaður.

Þá starfaði Anna Gerður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri HSP, náið með nefndinni allan tíman og var í raun níundi nefndarmaðurinn. Eins og að undanfögnu var landsfulltrúi UMFÍ, Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móts-



*Baldur Daníelsson formaður mótsnefndar.*

ins. Á vordögum 2005 var síðan Friðrikka Illuga-dóttir ráðin sem verkefnastjóri.<sup>84</sup> Íþróttakeppni mótsins var hefðbundin. Keppt var í frjálsíþróttum, knattspyrnu, körfubolta, skák, glímu, sundi og hestaíþróttum. Skráningargjaldið var 5500 krónur á keppanda og var að vanda eina gjaldið sem var innheimt.



*Friðrika Björk Illuga-dóttir verkefnisstjóri mótsins.*

Fordæmi Skaftfellinga að gera fullkominn íþróttavöll fyrir unglíngalandsmótið var sterkt og fjárstuðningur ríkisvaldsins og Forvarnasjóðs sérlega hvetjandi. Sveitarfélagið Þingeyjarsveit sem varð til 2001 við sameiningu fjögurra sveitahreppa var velviljað mótinu. Það kom því af sjálfu sér að ákveðið var að gera fullkominn frjálsíþróttavöll á Laugum. Hinir 699 íbúar Þingeyjarsveitar stóðu þétt að baki HSP í þessu máli enda hefur naflastrengurinn á milli þess og Lauga aldrei slitnað gegnum tíðina.<sup>85</sup> Upp reis glæsileg aðstaða fyrir íþróttir á gamla íþróttasvæðinu sem hafði hýst tvö landsmót UMFÍ á árum áður. Á Laugum er ágætt íþróttahús og skólahúsin voru notuð fyrir íþróttakeppni ásamt risatjaldi UMFÍ sem kom að góðum notum.

Þegar verslunarmannahelgin gekk í garð var allt tilbúið en gestir voru svo ódfúsir að njóta þingeysskrar gestrisni að þeir tóku að streyma á



*Frá mótssetningu.*

staðinn þegar á miðvikudegi. Aðsóknin um helgina varð svo mikil að hin víðáttumiklu tjaldsvæði á túnunum kringum Lauga fylltust gersamlega en þó urðu engin stórvandræði. Það sem hafði breyst var að í stað tjalda voru nú hjól- og fellihýsi orðin algengur gistimáti og tóku að sama skapi meira pláss. Allt gekk þó vel og allir voru kátir.

## Litast um á Laugum

Á föstudaginn var himinblíða á Laugum og staðurinn skartaði sínu fegursta. Það leyndi sér ekki að margar hendur höfðu starfað undanfarið við að fullgera aðstöðuna á staðnum. Árangurinn var glæsilegur. Nýr iðagrænn íþróttavöllur með fagurrauðum hlaupabrautum, fjöldi sparkvalla og ný sundlaug blöstu við mótsgestum sem streymdu að í þúsundatali. Laugar voru sem sniðnar fyrir mótið því allar íþróttir fóru fram á sama blettinum nema hestaiþróttirnar sem voru þó skammt undan.

Talið var að tíu þúsund manns hefðu dvalist á Laugum þessa helgi og keppendur mótsins voru um þúsund. Á setningu mótsins um kvöldið voru forsetahjónin sérstakir heiðursgestir ásamt Ólafi

Rafnssyni forseta ÍSÍ og Valgerði Sverrisdóttur ráðherra. Björn B. Jónsson setti mótið og tilkynnti að ULM 2008 yrði haldið í Þorlákshöfn. Í ávarpi sínu sagði forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, meðal annars.

Landsmótið er kröftugur vitnisburður um uppeldisstarfið sem ungmennafélögin kappkosta að efla, vettvangur þar sem ögun og þjálfun skila margháttuðum ávinningi, fyrirheit um ógleymanlega gleðidaga. Landsmótin eru líka áréttung um að samverustundir við heilbrigða iðju gefa okkur veganesti alla ævi, eru öflug forvörn þegar hættur steðja að ungu fólki úr mörgum áttum.<sup>86</sup>

Skrúðganga keppendanna var löng og tignarleg og þakti völlinn þegar göngumenn staðnæmdust á honum miðjum. Þorsteinn Ingvarsson langstökkvari tendraði landsmótseldinn. Þessi fremsti íþróttamaður þingeyskrar æsku lötraði reyndar með kyndilinn að eldstæðinu. Hann áréddi ekki að hlaupa því þá gæti sloknað á loganum sem virtist pasturslítill. En það var tilkomumikil sjón





Það var freistandi að kæla sig í Reykjadalssánni í 22 stiga hita.

Þegar eldurinn spratt upp úr eldstæðinu með tákmynd hinna fimm íslensku fjalla í bakgrunni.

Um kvöldið var blankalogn og háværir tónar úr hljóðfærum unglíngahljómsveitar í risatjaldinu rufu kvöldkyrrðina fram að miðnætti. Eftir það var hljóðlát á svæðinu. Hvergi heyrðust öskur drukkinnna ungmenna því þau var hvergi að finna. Hins vegar voru ungir og gamlir sem ölvaðir af fegurð staðarins og friðsældinni sem andaði af hverjum runna, hverju grasstrái. Bros sáust á hvers manns vörum og blik í augum. Þetta var unglíngalandsmót á Laugum.

Svefnléttir tjaldbúar á Laugum vöknudu um miðja nótt aðfaranótt laugardags við að hellirigning buldi á tjöldunum. Mörgum brá í brún en morguninn eftir voru allar áhyggjur á braut því sólin skein og golan gældi við vanga. Íþróttakeppnin var í fullum gangi liðlangan daginn. Á vellinum fína var hlaupið, stokkið og kastað, hver sem betur gat. Áhorfendur fylltu brekkuna og hvöttu sína menn. Frjálsíþróttir eru mannfrekasta íþróttin, bæði meðal keppenda og starfsmanna, og sérgreinarstjórinn, Gunnar Sigurðsson bóndi á Stóru-Ökrum, reiknaði út að sjálfböðavinnan á vellinum mótsdagana hefði verið 1500 klukkustundir. „Ég leyfi mér að segja að það eru rík samtök sem geta státað af svo mikilli óeigingirni félagsmanna,“ sagði Gunnar, þegar hann var búinn að reikna dæmið til enda.

Glíman fór fram í risatjaldinu á laugardaginn.

Margir glímdu liðlega og þarna mátti sjá glímukónga og -drottningar framtíðarinnar ef marka mátti Eyþór Pétursson, bónda í Baldursheimi í Mývatnssveit og fyrrverandi glímukóng. Eyþór brá sér í hlutverk þular og fór á kostum þegar hann lýsti tilþrífum glímukappanna fyrir áhorfendum sem voru fjölmargir. Eftir keppni var öllum viðstöddum gefinn kostur á að taka þátt í bændaglímu. Þarna var glímt af gleði og í lokin mættust bændurnir. Það voru Arngeir Friðriksson, bóndi af

næsta bæ, og einn besti glímumaður síðustu áratuga og félagi hans, hinn 18 ára Pétur Þórir Gunnarsson frá Baldursheimi, sem þykir líklegur handhafi Grettisbeltisins í framtíðinni. Glíman var eldfjörug en Pétur sigraði að lokum.

Knattspyrnan var fjölmenn og hún fór fram á fjöldamörgum samliggjandi sparkvöllum sunnan við leikvanginn. Þar var sparkað af lífi og sál, strákar og stelpur, yngri og eldri. Sum liðin hétu kunnuglegum nöfnum félaga og héraðssambanda. Önnur voru samtíningur og hétu ýmsum nöfnum. Það skemmtilega við knattspyrnuna og körfuboltann var að þar var áhugasömum einstaklingum gefið færi á að mynda lið saman.

Foreldrar og aðrir stuðningsmenn stóðu á hliðarlínunum og hvöttu sína menn. „Áfram gular,“ hrópaði æst móðir til liðsmanna sonar síns sem voru að leika við rauðklædda andstæðinga. Hún mundi ómögulega hvað liðið hét en það skipti ekki máli. Nú bar hvatning mömmunnar árangur og þeim gulklæddu tókst að setja mark. Næst skorudu þeir rauðklæddu og þannig gekk þetta sitt á hvað. Sjö voru í hvoru liði og leikurinn tók hálf tíma. Þá komu ný lið inn á völinn og þannig gekk leikurinn linnulítið til klukkan sex en þá var hvíld til morguns.

Sundkeppnin fór fram í nýju sundlauginni undir skeleggri stjórn Ingimundar Ingimundarsonar og Svans Ingvarssonar. Hvarvetna voru starfsmenn í skærgulum vestum með áletrun á brjósti: „Ég er sjálfböðaliði UMFÍ.“ Keppnin gekk lið-



*Frá sundkeppninni.*

lega og strangur tímaseðill stóðst í hvívetna. Sundmagar stungu sér án afláts í laugina og syntu fram og til baka í vatninu sem kulvísu sundlaugargestum óaði við um morguninn eftir næturregnið. Laugin var þó funheit miðað við tjörnina sem synt var í á Laugum á landsmótunum forðum daga. Sundmenn voru glaðir og reifir að vanda bæði fyrir ofan og neðan vatnsborð.

Á næsta bóndabæ við Laugar, Einarstöðum, fóru fram hestapróttir á laugardaginn. Þar voru klárarnir teknir til kosta á tölti og fjörgangi. Margir hinna 17 keppenda voru byrjendur og fengu þarna ágætt tækifæri til að prófa sig og sinn hest í keppni. Keppt var í fjórum flokkum og keppninni lokið á einum degi.

Skákin fór fram í Litlaugaskóla og ekki mættu nema 27 keppendur af 47 skráðum. Þegar búíð var að raða upp á nýtt og skipta í tvo hópa var þeirni leikið fram og allt fór í fullan gang. Umhugsunartími var 10 mínútur á mann og oft var darradardans undir lokin eins og hendir í hraðskákum. Forsetahjónin, Ólafur og Dorrit, fylgdust með skákinni af áhuga talsverða stund keppendum til ánægju og gleði.

Í körfuboltanum var leikið á tveimur völlum samtímis.



*Frá frjálsíþróttakeppninni.*

Hjónin Bárður Eypórsson og Alda Pálsdóttir úr Stykkishólmi sáu um keppnina að öllu leyti og máttu hafa sig öll við í byrjun því hér sem endranær var skráningarforriti greinarinnar mjög ábótavant. Rúmlega 30 keppnislið úr öllum aldurshópum reyndu með sér alla þrjá mótisdagana og allt gekk sem smurt þegar hjólin fóru að snúast.

## Mótslok

Á Laugum var ekki svo mikið sem eina bjórdós að finna og tæplega að nokkur reykti á staðnum. Unglingalandsmótin voru búin að sanna gildi sitt í augum foreldranna sem heilbrigð fjölskylduhátíð. Ung móðir talaði líklega fyrir munn margra þegar hún sagði: „Ég kem til með að koma á ungingalandsmótin allavega næstu 15 árin,“ og þar með var það mál útrætt.

Öll kvöldin léku hljómsveitir í risatjaldinu og þar safnaðist mannfjöldinn saman. Innst á pallinum var hljómsveitin og lék allt hvað af tók af fullum styrkleika. Þar fyrir framan var benda af unglungum sem hoppaði og dansaði með hendur á lofti og filaði augnablikið í tætlur. Allir voru með sjálflysandi men frá Símanum um hálsinn sem blikkuðu án afláts. Þar fyrir framan stóðu eldri unglingar og héldust í hendur, tvö og tvö með bros á vör. Bros þess sem unir hag sínum vel og vorkennir einstæðingunum sem röltu fram og aftur í þrönginni „í sveita andlitis að leita að andliti sem gefur góða von,“ eins og Ómar Ragnarson orðaði það svo snaggaralega í textanum um sveitaballið. Utan við hópinn og oftast utan við

tjaldið stóð eldri kynslóðin og vogaði sér ekki í návígi við hávaðann. Allir voru glaðlegir á svip og sammála um að þeir væru staddir á bestu og heilbrigðustu skemmtun þessarar verslunarmannahelgar.

Á sunnudaginn var loftþungbúið en þurrt fram yfir hádegi. Þá fór að rigna lítilsháttar og var að slíta úr honum fram eftir degi. Veður var sæmilegt að öðru leyti og mótsgestir létu það ekki raska ró sinni. Frjálsíþróttamenn hlupu því hraðar, köstuðu lengra og stukku hærra sem regndropunum fjölgaði og einbeittir knattspyrndrengir og stúlkur börðust um knöttinn af ákafa. Svo stytti upp og um kvöldið var blankalogn og hálfskýjað, óskaveður fyrir flugeldasýninguna miklu sem hefðin býður að fram skuli fara í lok hvers unglingsmóts.

Klukkan hálf-tólf um kvöldið hætti hljómsveitin að spila í risatjaldinu og allur mannfjöldinn þrammaði þúsundum saman inn á íþróttavöllinn og kom sér fyrir í brekkunni. Rámur söngvari með gítar lét í sér heyra meðan beðið var eftir flugeldunum. Lagaval hans hefði sennilega betur átt heima á þjóðhátíð í Eyjum en unglingsmóti en allt var það gleymt þegar Björn B. Jónsson formaður UMFÍ tók til máls við mótsslitin og tilkynnti að Snæfellingar hefðu verið valdir prúðasta liðið á mótinu eftir harða keppni.

Svo hófst flugeldasýningin og flugeldarnir þutu mót himni. Þar leystust þeir upp í öllum regnbogans litum og fylltu himininn með stjörnum og strikum. Þrumurnar tóku undir í hæðunum í kring og þetta var tilkomumikið sjónarspil. Þannig lauk unglingsmótinu á Laugum 2006 en mótsgestir tíndust á braut glaðir í sinni.

## Keppendur sambanda og félaga fjöldi 1029

HSP	158
UMSK	139
Umf. Fjölnir	66
ÍBR	57



*Lið Snæfellinga sem hlaut fyrirmyndarbikarinn.*

HSH	49
UMSE	49
UMSS	48
UMSB	47
UNÞ	46
UÍA	35
USAH	35
HSS	34
UFA	32
USVH	32
USVS	32
HSK	31
HHF	29
UDN	25
HSV	22
Keflavík	12
USÚ	12
ÍBA	11
ÍBH	10
ÍA	5
Umf. Kjalnesinga	3
Umf. Skipaskagi	3
Umf. Grindavíkur	2
Umf. Njarðvíkur	2
Umf. Þróttur	2
ÍBV	1





## 10. unglíngalandsmót UMFÍ á Höfn 3.-5. ágúst 2007

### Haldið til Hafnar

Nú var komin upp sú hefð að tilkynna hvar unglíngalandsmót yrðu haldin með tveggja ára fyrirvara. Ekki veitti af þessum fyrirvara því nú var farið að leggja meira í undirbúning en áður og fyrir tvö síðustu mótin höfðu verið gerðir fullkomnir frjálssíþróttavellir sem voru stórvirki fámennra sveitarfélaga. Þessi þróun er komin til að vera og ULM á frumstæðum gras- og malarvöllum virðist liðin tíð. Umsækjendur um ULM 2007 voru þrír. Það voru HSK sem vildi halda mót í Þorlákshöfn, USÚ sem hugðist halda mót á Höfn og USAH sem vildi endurtaka leikinn frá 1995 og halda mótið á Blönduósi. Stjórn UMFÍ átti völinu sem fyrr og valdi að fela Austur-Skaftfellingum að halda mótið. Þetta var tilkynnt í mótslok í Vík í Mýrdal 2005.

Heimamenn voru býsna glaðir yfir þessum málalokum eins og þessi bókun í fundargerð UMFÍ sýnir: „Formaður flutti sérstakar þakkir til stjórnar UMFÍ frá sveitarfélaginu og ungmennasambandinu fyrir þá áráðni að þora að fara með unglíngalandsmótið á Höfn 2007.“<sup>87</sup>



Ragnhildur Einarsdóttir formaður mótsnefndar.

Ungmennasambandið Úlfjótur (USÚ) skipaði unglíngalandsmótsnefnd um haustið. Formaður hennar var Ragnhildur Einarsdóttir formaður USÚ. Aðrir nefndarmenn voru Hjalti Þór Vignisson,

Hulda Laxdal Hauksdóttir, Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir, Jóhanna Kristjánsdóttir, Kjartan Hreinsson og Matthildur Ásmundardóttir. Fulltrúar UMFÍ voru Björn B. Jónsson, Sæmundur Runólfsson og Jóhann Tryggvason. Sem fyrr var Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, framkvæmdastjóri mótsins en verkefnisstjóri var ráðinn Valdemar Einarsson.

Hornfirðingar hikuðu hvergi en tóku strax ákvörðun um að byggja fullkominn frjálssíþróttavöll fyrir mótið. Framkvæmdin gekk vel og fyrir verslunarmannahelgina gátu þeir lítið stoltir yfir glæsilegan leikvang. Öðruvísi fór með fyrirhugaða sundlaug. Á Höfn er lítil sundlaug sem komin var til ára sinna og nú þótti tilvalið að byggja nýja við hlið Heppuskóla. Framkvæmdir hófust en fljótlega kom í ljós að ansi djúpt var niður á fasta klöpp. Þá var gryfjan fyllt upp með jarðvegspúða úr mól sem átti að síga hæfilega mikið. Þegar til kom hélt púðinn áfram að síga langt fram úr öllum tímamörkum og loks var sá kostur



Valdemar Einarsson verkefnisstjóri mótsins.

vænstur að fresta byggingunni. Sundkeppnin fór svo fram í litlu lauginni og gekk vel. Einna best tókst til með tjaldstæðin í bænum. Þar voru áður ljótar mýrar, en eftir uppþurrkun og lagfæringar eru þar nú hin fegurstu tún. Mótkrossbraut var fullgerð fyrir mótið og golfvöll-





Frá setningu mótsins á Sindravelli.

urinn nýlega endurbyggður svo aðstaðan á Höfn var orðin eins og best mátti verða.<sup>88</sup>

## Afmælistót

Unglingalandsmótið bar upp á aldarafmæli Ungmennafélags Íslands og var afmælisdagurinn, fimmtudagurinn 2. ágúst 2007, daginn áður en mótið hófst. Þann dag fyrir 100 árum var UMFÍ stofnað og mótið var með sérstökum hátíðarbrag í tilefni þessara tímamóta. Að vanda voru allir stjórnarmenn UMFÍ á mótinu og gengu í ýmis störf. Stjórnarfélagið Anna R. Möller og Einar Haraldsson sáu til dæmis um alla verðlaunaafhendingu á íþróttavellinum og glöggur maður reiknaði út að þau hefðu marsað átta kílómetra með verðlaunahöfum á leið sinni til og frá verðlaunapallinum.

Höfn var komin í hátíðarbúning á föstudaginn og við íþróttavöllinn fina stóðu fánaborgir styrktaraðilanna. Landsbankinn, VÍS, N1 sem áður hét Esso, Nettó, Prentmet, Egils og Síminn trónuðu þarna við hlið Hvítbláins og Þjóðfánans. Leikvangur frjálsíþróttanna var eins og alltaf miðpunktur landsmótsins en þaðan var stutt að fara í aðrar íþróttir. Fólk var á ferð fram og aftur um svæðið. Foreldrar fylgdust með börnum sínum og börn fylgdu foreldrum. Gamlir landsmótarefir og -tófur hittust og rifjuðu upp gamla daga brosandir út að eyrum.

Allir þátttakendur fengu afhenta pokatösku

með vel þegnu innihaldi. Þar mátti finna handklæði, drykkjarbrúsa, gosflösku, vasaúvarp merkt UMFÍ og regnslá. Ekki ónýtt það. Veðurfræðingar spáðu illviðri á Höfn um helgina en mótshaldarar voru alveg áhyggjulausir því áttirnar voru hagstæðar að sögn gamalla veðurspekinga á staðnum. Og „veðurfræðingar ljúga,“ eins og stendur í textanum hjá Sigtryggi Baldurssyni því helgarveðrið var alveg prýðilegt þótt lognið væri hreyfanlegt á köflum.

Setningarathöfnin hófst á föstudagskvöldið klukkan átta. Norðaustangola og lítilsháttar rigningarsuddi heilsaði göngu-

fólki. Fremst af rúmlega 800 unglungum í skrúðgöngunni var fánaberinn, Iðunn Tara Ásmundsdóttir frá Höfn. Björn B. Jónsson bauð fólk velkomið á ULM og sagði að mótunum hefði verið markvisst dreift um landið frá því fyrsta 1992. Snæfellingar kættust mjög þegar hann tilkynnti svo að ULM 2009 yrði haldið á Grundarfirði. Fylkingar sumra félaganna stóðu þrúðbúnar og keikar undir ræðu formannsins en aðrir keppendur skvöldruðu og jafnvel flugust á. Líklega stefndu þeir ekki á fyrirmyndarbikarinn.

Kyndilberinn, Hilmar Ólafsson, kom skokkandi og stillti sér upp við eldstæði landsmótseldsins. Þar spratt rauður loginn fram og brann til loka mótsins. Ung söngkona staðarins, Nanna Halldóra Imsland, kom nú fram og söng með röddu engils hinn nýja þjóðsöng ungmennafélaga, „Ísland er land þitt“ Eftir ávörp fyrirmanna var röðin komin að Ragnhildi Einarsdóttur formanni USÚ. Lokaorð hennar voru: „Krakkar, þetta er helgin ykkar, við erum stolt af því að þið hafið valið að koma til Hafnar um verslunarmannahelgina.“ Athöfninni lauk með 200 metra vígsluhlaupi vallarins með þátttöku fjögurra ungra íþróttamanna. Þá voru liðnir þrír stundarfjórðungar frá því athöfnin hófst.

Strax að lokinni setningunni skunduðu Björn B. Jónsson og Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri á Höfn og afhjúpuðu nýjan vatnspóst rétt utan við völlinn. Hann var gjöf UMFÍ til Hornfirðinga í tilefni af 100 ára afmælinu. Bæjarstjórinn end-



*Hjalti Þór Vignisson og Björn B. Jónsson vígja nýja vatnspóstinn.*

urgalt gjöfina með afmælisboði til ungmennafélaga og þar flugu margar góðar ræður af vörum. Síðastur talaði Hafsteinn Þorvaldsson, hinn aldni en síungi leiðtogi ungmennafélaga, og fór á kostum. Hann sagði það glæsilegt hjá UMFÍ að halda unglíngalandsmótin um allt land og byggja upp staðina í leiðinni. Næst væru það Þorlákshöfn og Grundarfjörður „með hjálp ykkar ráðamanna,“ sagði hann og beindi orðum til þingmanna og ráðherra á staðnum sem tóku vel undir þetta.

Laugardagur landsmóta er jafnan mesti keppnisdagurinn og þá var allt í algleymingi. Áhorfendastúkan og brekkan við leikvanginn var fullskipuð enda var þá margt að gerast á frjálsíþróttavellinum. Frísklegir unglíngar í litfögnum aðskornum búningum hlupu og stukku, stæltir og fjaðurmagnaðir.

Þar við hliðina var sparkað í bolta á fimm knattspyrnuvöllum. Sum liðin báru nöfn héraðsambanda en önnur hétu lítt þekktum nöfnum. Hugrún Lilja var eina stelpa í strákaliðinu Bros en reyndar var hún fyrirliðinn því hún stofnaði liðið sem var fengið héðan og þaðan. „Ákveðnir Bros-menn,“ hrópaði einn þabbinn. „Já áfram svona Jonni. Glæsilegt!“ Boltinn flaug fram og aftur. Hörkusókn, stangarskot og vonbrigðastuna fór um aðstandendaskarann. Tvö lið léku þvert á völlinn og á hinum helmingi vallarins höfðu stúlkalið lokið leiknum. Sigurliðið myndaði hringdans og söng ólei, ólei, ólei af miklum fögnuði. Hitt liðið gekk þegjandi af velli.

Í íþróttahúsinu var körfuboltinn á fullu. Gulklæddir Fjölnismenn á móti svartklæddum Húnavetningum. Minnsti drengurinn í liðinu tók frákast við körfu Fjölnismanna, þaut upp völlinn á milli drengja og stúlkna sem voru höfði hærri og skoraði. Já, stúlkur. Í liði USVH (Kormáks) voru tvær stúlkur sem gáfu drengjunum ekkert eftir. Hér ríkti annars algert félagafrelsi. Tveir drengir sem ekki komust í lið Njarðvíkinga skráðu sig með HSK. „Já og á landmótinu í Vík spilaði hann með Ungmennafélaginu Drangi,“ upplýsti þabbi annars þeirra, Sigurður Hjörleifsson, gamall frjálsíþrótt- og körfuboltakappi. Þessi

stefna á ULM að taka þátttökuna og leikgleðina fram yfir fastbundna félagsaðild og stigakeppni hinna eldri skilar sér í ánægju og keppnisgleði hjá þeim yngri.

Tuttugu og fimm piltar slógu hvítu kúluna á golfvöllinum en stúlkurnar létu ekki sjá sig. Strákarnir munduðu kylfurnar á föstudag og laugardag og þá var leiknum lokið. Árangur var prýðilegur enda voru þarna drengir með ágæta forgjöf. Skákin fór fram í Nýheimum og á sunnudaginn gátu þeir sem vildu tefla meira spreytt sig í fjöltefli í risatjaldinu gegn ungum skákmeistara Fjölnis, Davíð Kjartanssyni. Flestir andstæðinganna voru ungir að árum en nokkrir gamlir sem voru að fylgjast með létu tilleiðast að taka sæti við skákborðin þegar þeir heltust úr lestinni. Ungi meistarinn var fljótur að afgreiða flesta andstæðingana en einum af 33 tókst þó að ná jafntefli. Hinir eiga framtíðina fyrir sér nema bókarhöfundur sem tapaði á met tíma.

Í hestaíþróttum voru margir að hefja ferilinn og ekki sérstaklega keppnisvanir. Hér voru það stúlkurnar sem höfðu töglin og hagldirnar öfugt við golfið. Allmargar þeirra mættu með gæðinga sína en aðeins einn drengur. Glíman fór fram í risatjaldinu og keppendur fengu mjúkar byltur á dýnulögðum velli. Þeir voru frá átta samböndum og heimamaðurinn Felix Þór Gíslason skráði nafn sitt í glímusöguna sem fyrsti keppandi USÚ. Langmesta fjörið var þó hjá stúlkunum. Áslaug



Frá frjálsíþróttakeppninni.

Yr Bragadóttir HSK og Sýlvía Ósk Sigurðardóttir HSP háðu einvígi í 16 ára flokki sem lauk með sigri Áslaugar eftir tvær snarpar viðeignir.

Sundkeppnin gekk liðlega og fumlaust undir handleiðslu Svans Ingvarssonar sem sat í hjólastólnum með hljóðnemann og stjórnaði styrkri röddu. Sundkappar stungu sér hver af öðrum og þeir öflugustu voru komnir yfir laugina eftir örfá sundtök enda er hún bara 12,5×6 metrar að stærð. Ekki komust nema þrír að til að synda í einu en það gerði ekkert til. Veður var þokkalegt og létt yfir keppendum. Síðast voru boðsundin og þá var líf í tuskunum. Keppendur voru „Úr öllum áttum,“ en það var einmitt nafn einnar sveitarinnar. „Skutlurnar,“ „Pæjurnar,“ og „Tútturnar“ komu fram á sjónarsviðið hjá stelpunum ásamt fleiri sveitum. Hjá strákonum sigruðu „Mömmustrákararnir“ keppnislaust en „Rauðhærðu álfarnir“ gerðu ógilt. Hefðbundnu liðin voru líka með í leiknum en vöktu einhvern veginn minni athygli.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, varaformaður UMFÍ, hengdi verðlaunapeninga um háls hinna sigursælu. Bros ljómaði á andlitum verðlaunahafanna sem sumir voru ekki háir í loftinu. Sundkeppninni lauk á slaginu klukkan tólf á hádegi sunnudagsins eins og stóð í dagskránni enda Svanur Ingvarsson nákvæmnismaður.

Krakkablað var ný keppnisgrein á ULM. Búið var að setja upp tvo velli fyrir utan risatjaldið og þar var blakað fram og aftur í blíðunni á laugardaginn. Strákar og stelpur voru saman í liði og

leikgleðin var mikil. Sumir voru byrjendur og þar sem reglurnar eru þannig að það má grípa boltann í miðju kafi gekk allt vel. Áhorfendur flatmögðu í brekkunni fyrir ofan og létu fara vel um sig.

Svo var mótokross alveg splunkuný grein sem vakti mikla athygli. Torfærukeppni á mótörhjólum. Hún fór fram við Drápskletta rétt utan við bæinn en allir komu jafngóðir úr þeim leik. Áhorfendur sátu í grasi gróinni hlíð og fylgdust með köppunum þeysa á vélfákum sínum. Þarna þeystu þeir hring eftir hring og minntu helst á geimfara í búningum sínum, hjálmklæddir með hlífðargler-

augu. Miklar drunur, brúmm og prump fylltu loftið. Brautin var mishæðótt og þeir flugu í háloftunum svo oft voru margir á lofti í senn.

## Sjöstökk og súkkulaðikaka

Óhefðbundnar íþróttir voru líka stundaðar á Höfn. Þar bar hæst Þórbergsleika, kennda við þann nafnkunna sérvitring og ofvita Þórberg Þórðarson. Á Þórbergsleikum voru ýmsar þrautir í anda skáldsins frá Hala. Fyrst átti að stökkva



Boðsundkappar stinga sér.





*Svanur Ingvarsson stjórnaði sundinu af röggsemi.*

sjöstökk á öðrum fæti en því næst var grindahlaup yfir misháar grindur. Müllersæfingar voru að sjálfsögðu á listanum og ýmsar orðaþrautir. Keppnin fór fram hér og þar á mótssvæðinu og tíu efstu þátttakendur fengu bækur Þórbergs í verðlaun og aðgöngumiða að hinu nýstofnaða Þórbergsetri á Hala.

Hljómsveitir léku í risatjaldinu öll kvöldin. Gleðisveitirnar Glyz, Minsk, Tveir leikmenn og Parket að ógleymdu Svitabandinu, komu blóðinu á hreyfingu og náðu upp mikilli stemmingu hjá yngri kynslóðinni. Hvergi sást vín á manni og ánægð móðir sem kom á ULM í fyrsta skipti með afkvæmi sitt tilkynnti í blöðunum að hún yrði örugglega í Þorlákshöfn að ári.<sup>89</sup> Golf- og knattþrautir fyrir alla og leiktæki fyrir börnin stóðu til boða víðs vegar. Aðrir gátu prófað stafagöngu eða tekið þátt í fuglamerkingum. Allir gátu því fundið eitthvað við sitt hæfi.

Skammt frá leikvanginum var þyrping stórra tjalda á vegum UMFÍ. Þar var kynning á málefnum eins og „Flott án fíknar,“ „Evrópu

unga fólksins,“ og íþróttum aldraðra. Hornafjarðarmanni var á dagskrá í einu tjaldinu. Þar stjórnaði Albert Eymundsson, fyrrverandi bæjarstjóri staðarins, og kenndi hundruðum áhugasamra mótsgesta hvernig á að spila hinn eina sanna Hornafjarðarmanna. Á sunnudeginum kepptu svo 250 manns í risatjaldinu og Íslandsmetið hélt naumlega velli. Strax á eftir bauð UMFÍ til afmælisveislu í risatjaldinu. Þar var 15 metra löng afmælisveisla á borðum og stjórnarmenn UMFÍ röðuðu sér upp og skáru sneiðar handa öllum viðstöddum sem skiptu þúsundum. Viðstaddir fengu hollasta drykk í heimi, nefnilega mjólk, til að renna herlegheitunum niður og um það bil 3600 manns voru fljótir að gera kökunni góð skil.<sup>90</sup>

Keppendur mótsins voru 949 en talið er að 7000 manns hafi heimsótt Höfn um þessa helgi og bæst við hina 1666 íbúa staðarins.<sup>91</sup> Að sögn lögreglumanna á Höfn voru mótsgestir til mikillar fyrirmyndar. „Við hefðum alveg getað verið í fríi þessa helgi,“ sagði einn þeirra í útvarpi eftir helgina.<sup>92</sup> Fíkniefnamál og líkamsárásir voru ekki á dagskrá á Höfn eins og vildi brenna við á öðrum útihátíðum landsins.

Mótsslitin fóru fram í blankalogni á sunnudagskvöldið. Mikill mannfjöldi kom sér fyrir á áhorfendasvæði leikvangsins og naut veðurblíðunnar. Björn B. Jónsson formaður UMFÍ var hæstánægður og þakkaði gestum fyrir komuna. Skemmtilegt vandamál kom upp við að velja fyrir-



*Gleðin ríkti á unglíngalandsmótinu á Höfn.*



myndarliðið því minnsta kosti þrjú lið komu til greina. Það sem gerði útslagið var þrúðmennska Snæfellinga sem leiddust hönd í hönd við mótssetninguna. Þar með hlutu þeir fyrirmyndarbikarinn annað árið í röð og hlupu allir uppábúnir inn á völlinn ásamt formanni sínum og framkvæmdastjóra, þeim Garðari Svanssyni og Unni Maríu Rafnsdóttur, og veittu bikarnum viðtöku. Mótinu lauk á hefðbundinn hátt með glæsilegri flugeldasýningu sem naut sín vel í kvöldrökkrinu. Flugeldar í öllum regnbogans litum þutu til himins og dreifðust þar í allar áttir á stórfenglegan hátt. Gleðibros var á öllum þegar þeir yfirgáfu staðinn. Enn einu velheppnuðu unglingslandsmóti var lokið.

### **Keppendur sambanda og félaga fjöldi 939**

USÚ	127
UMSK	124
ÍBR	71

HSH	60
Umf. Fjölnir	59
HSK	58
HSP	44
Ýmis félag	38
USVS	35
USVH	34
HSS	32
UMSB	32
UMSS	26
USAH	26
Keflavík	23
UÍA	23
UFA	22
UDN	22
UMSE	22
HSV	21
HHF	20
ÍBH	13
ÍA	4
Umf. Glói	2
Umf. Þróttur	1





## **4. HLUTI**

### **Þrastaskógur**





# Þrastaskógur



Merki Prastaskógar árið 1930

## Dálítillandspilda

Árið 1911, þegar UMFÍ hafði starfað í fjögur ár átti það lítið í sjóðum og engar fasteignir. Úr því rættist á óvæntan hátt þegar hinn landskunnir at-hafnamaður Tryggvi Gunnarsson afhenti samtök-unum gjafabréf sem hann hafði undirritað á 76 ára afmælisdegi sínum 18. október. Gjafabréfið er svohljóðandi:

Mér hefur þótt vænt um þá frétt að Ungmennafélögin vildu leggja stund á skógrækt til þess að reyna að bæta landinu upp það sem harðæri og hugsunarleysi landsbúa hafa liðnar aldir afklætt landið. Sú hugsun er fögur að vilja klæða landið aftur, þótt ekki sé meir en á smáblettum fyrst í stað. Þeir blettir, þótt smáir séu, geta verið öðrum til uppörvunar og eftirbreytni.

Þessa hugsun vil ég styðja og hef þvi keypt dálitla landspildu úr Öndverðarnes-torfunni í Árnassýslu sem ég með bréfi þessu gef og afsala Ungmennafélagi Íslands til fullrar eignar og afnota með öllum þeim réttindum sem ég hef eignast, nefnt landssvæði. Sem er að stærð 140½ vallardagsláttu og álitid hentugt til skógræktar. Eignarskjöl fylgja hér með er sýna landamerki og stærð. Óska ég svo hinum nýju eigendum til hamingju að þeim með ástundun heppnist að klæða þessa landspildu í grænt skrud, sér sjálfum til ánægju og öðrum til fyrirmyndar.

Hina afhentu landspildu má Ungmennafélagið ekki selja né veðsetja. En skyldi mót von minni fara svo að félagið upphefjist, eða þreytist á að rækta blettinn, áskil ég


að hann gangi til Landssjóðs Íslands og verði hans eign til skógræktar.

Reykjavík 18. október 1911.  
Tryggvi Gunnarsson.<sup>1</sup>

Hér var um stórgjöf að ræða og það sem var ekki minna um vert, stórkostlega viðurkenningu í garð UMFÍ. Guðbrandur Magnússon, formaður UMFÍ, sem skýrði frá tíðindunum í *Skinfaxa* sagði að þetta væri stærsta gjöf sem ungmennafélögin hefðu hlotið og hún sýndi best hvert traust góðir menn bæru til þeirra og hverjar vonir fylgdu þeim. Hann bætti við að nú væri það ungmennafélaga að sýna að þeir væru traustsins verðir. Og þá fyrst væri Tryggva Gunnarssyni fullþökkuð gjöfin þegar þetta landssvæði stæði með þeim fyllstum blóma er Ísland bæri í skauti sínu.<sup>2</sup>

## Tryggvi Gunnarsson

Þetta voru orð að sönnu en hver var þessi Tryggvi Gunnarsson sem svo rausnarlega og óvænt færði UMFÍ þessa gjöf? – gjöf sem bæði þá og síðan hefur verið talin ein dýrmætasta gróðurperla landsins, ómetanleg til fjár, og dýrasta djásnið í eigu Ungmennafélags Íslands. Guðmundur G. Hagalín, ritstjóri *Skinfaxa*, ritaði grein í blaðið árið 1960



Tryggvi Gunnarsson.

um Tryggva undir nafninu „Þjóðskörungur og siðbótarmaður,“ og er þetta upphaf hennar:

Tryggvi Gunnarsson var stórbrotið og fjölhæft mikilmenni, allt í senn: Barnslega hrein hjartaður hugsjónamaður, afburða dugnaðar- og framkvæmdamaður – og fjármálamaður með ágætum. Slíkir menn eru sjaldgæfir og þeirra er aldrei of oft minnst. Það eru einmitt menn með sama hugsunarhætti og hjartalagi og hann sem ungmennafélögin eiga að ala upp. Þau mega sannarlega minnstast hans með þakklæti og virðingu. Fyrst og fremst sakir hugsjóna hans og afreka í þágu alþjóðar, en einnig vegna þess að hann gaf þeim Þrastaskóg.<sup>3</sup>

Tryggvi Gunnarsson (1835-1917) var annálaður athafnamaður um sína daga. Ungur varð hann bóndi og dugandi trésmiður á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal og hreppstjóri fyrr en varði. Einhver hefði látið sér þetta nægja en það dugði ekki Tryggva. Hann gerðist kaupstjóri Gránufélagsins fræga og fluttist í framhaldi af því til Kaupmannahafnar og bjó þar árum saman. Starf hans hjá Gránufélaginu vakti athygli en frægur varð hann fyrst fyrir alvöru þegar hann tók að sér að standa fyrir smíði Ölfusárbrúarinnar við Selfoss árið 1891. Brúarsmíðin tókst vel og vinnuskúr Tryggva, sem nefndist Tryggvaskáli, stendur enn við brúarsporðinn. Að vísu búið að byggja við hann mörgum sinnum en hann mun vera elsta hús í þeim vaxandi Selfossbæ.

Tryggvi var bankastjóri Landsbankans í 16 ár, fram á áttæðisaldur, en var þá settur af í pólitískri orrahríð. Hann lét sér annt um dýravernd og gaf út blaðið *Dýravinninn* í þrjá áratugi. Hann beitti sér fyrir stofnun Dýraverndunarfélags Íslands og arfleiddi það að öllum eigum sínum eftir sinn dag. Tryggvi sat á alþingi hátt í fjóra áratugi og hafði meðal annars umsjón með byggingu Alþingishússins. Hann ræktaði upp garðinn við Alþingishúsið af mikilli natni og þar var hann að lokum jarðsettur, einn allra Íslendinga.<sup>4</sup>

## Þrastaskógur

Til að byrja með var landspildan úr Öndverðar- nestorfunni nafnlaus og aðeins nefnd „skóglendi ungmennafélaganna.“ Innan þeirra sýndi einn maður þessari nýju eign UMFÍ sérstakan áhuga.



Guðmundur Davíðsson gróðursetti fyrstur tré í Þrastaskógi.

Það var Guðmundur Davíðsson sem árið 1914 varð formaður UMFÍ. Guðmundur tók að sér ásamt fleirum að girða svæðið af sumarið 1912. Girðingin var 732 fæðma löng og kostaði uppkomin rúmlega 1000 krónur sem þótti allmikið fé á þeim tíma.<sup>5</sup> Girðingin var sérstaklega vönduð, til dæmis


voru staurarnir úr járni og entust því vel.

Árið eftir birti Guðmundur litla grein í *Skinfaxa* þar sem hann gaf landsvæðinu nafn. Lýsing Guðmundar á náttúru skógarins er lifandi og það er næstum hægt að heyra vængjaþyt fuglanna:

*Þrastaskóg* skulum við kalla hann, Ungmennafélagsskóginn í Öndverðarnesi. Skógarþrestirnir virðast kunna þar sérstaklega vel við sig. Þeir verpa þar á vorin undir bjarkarkjarrinu og á haustin hópa þeir sig svo hundruðum skiptir yfir skóginum og leika feluleik í greinum hans. Undir kjarrinu við rætur þess er vaggan. Í liminu upp yfir er leikvöllurinn. Þaðan má heyra vængjaþyt, hvísl og tíst. – Hjarta slær þar í hverjum runni.<sup>6</sup>

Þessi ágæti rökstuðningur Guðmundar fyrir nafninu var að sjálfsögðu tekinn gildur og stendur enn.<sup>7</sup>

Þrastaskógur stendur á fleygmynduðum tanga sem er afgirtur á tvo vegu af Álftavatni og Soginu en á einn veg með girðingu. Hann mun vera sem næst 45 hektarar að stærð og allur vaxinn skógi nema íþróttavallarsvæðið sem rutt var árið 1961. Skógurinn er í hlýlegu umhverfi. Álftavatnið bjarta er í norðri með mörgum fögrum vikum og eyjum en þaðan rennur bergvatnsáin Sogið meðfram skóginum til suðurs. Í baksýn eru fjöllin fagurblá, Ingólfsfjall og Búrfell. Gróðurinn í skóginum er óvenjumikill og fjölskrúðugur sem stafar af því að hann er alfriðaður og hefur að mestu verið laus við ágang sauðfjár og annars búsmala í heila öld. Margar tegundir villijurta þrífast þar í



Þetta kort af Prastaskógi birtist í *Skinfaxa* árið 1925. Girðingin er táknud með punktalínu.

skjóli lauf- og barrtrjáa. Í bollum og lautum vaxa mosar og grös og óvenju skjólsamt er inni á svæðinu þótt vindar blási utan þess. Mikið fuglalíf er í skóginum og fiskigengd mikil í Sogi og Álftavatni.

Prastaskógur blasir við frá Sogsbrúnni og stendur norðan við þjóðveginn. Þessi þéttvaxni skógur sker sig úr að því leyti að hann er óbyggður nema þar stendur veitingahúsið Prastalundur. Allt í kring hafa sumarbústaðir sprottið upp síðustu áratugi en Prastaskógi hefur verið hlíft við slíku og þar fær náttúran að njóta sín. Mikil ásókn hefur verið í að fá að byggja sumarhús í skóginum en stjórn UMFÍ hefur þvertakið fyrir slíkt hvort sem í hlut hafa átt menn innan hreyfingarinnar eða þeir sem hafa boðið fúlgur fjár fyrir greiðann. Þar með hefur tekist að halda Prastaskógi ósnortnum að mestu leyti frá þeirri röskun í náttúrunni sem alltaf fylgir mannabygð.



Aðalsteinn Sigmundsson, skógarvörður Prastaskógar 1924 til 1938.

## Aðalsteinn Sigmundsson skógarvörður

Strax sumarið 1913 hófst Guðmundur Davíðsson handa um að undirbúa skógrækt í Prastaskógi. Vopnaður stunguskóflu réðst hann á jarðveginn og tvíþældi upp 160 fermetra landsvæði fyrir trjágræðlinga. Þá vann hann við grisjun

skógarins og var það í fyrsta sinn sem slík snyrt-ing fór fram.

Lítið gerðist í málefnum Prastaskógar næstu árin, sem stafaði af sigildum krankleika UMFÍ, nefnilega peningaleysi. Hinir litlu fjármunir samtakanna voru ætlaðir öðrum verkefnum og framkvæmdir í Prastaskógi sátu á hakanum. Guðmundur Davíðsson, formaður UMFÍ, hafði þó ýmsar hugmyndir á þrjónunum og lýsti þeim í *Skinfaxa* um sumarið 1917 undir fyrirsögninni: „Framtíð Prastaskógar.“ Guðmundur taldi þjóðráð fyrir ungmennafélögin að reisa veitingahús við Sogsbrúna við hinn fjölfarna þjóðveg sem lá upp Grímsnesið og til Laugarvatns. Hann sá staðinn fyrir sér sem samkomustað ungmennafélaga, þar væri hægt að halda ársþing UMFÍ, skógræktarnámskeið og ýmis mannamót. Þessa skoðun sína ítrekaði Guðmundur nokkrum árum síðar í *Skinfaxa* en rödd hans virtist rödd hrópandans í eyðimörkinni því fáir tóku undir með honum.<sup>8</sup>

Prastaskógur var í vanhírðu en á þingi UMFÍ árið 1921 var samþykkt að láta gera við girðinguna við skógin hið fyrsta. Eftirfarandi var bókad: „Þá var Aðalsteini Sigmundssyni gefið umboð til að verja Prastaskóg fyrir ágangi við konungsförina.“<sup>9</sup> Kristján kóngur 10. var þá í opinberri heimsókn á Íslandi og vissara þótti að föruneyti hans héldi sig utan skógarins. Þetta var upphafið að margra ára starfsemi Aðalsteins í Prastaskógi og á næsta þingi UMFÍ árið 1924 var svohljóðandi samþykkt gerð:

Þingið samþykkir að fenginn sé maður til þess að dvelja í Prastaskógi yfir þann tíma





*Aðalsteinn Sigmundsson skógarvörður Prastaskógar annar frá vinstri í hópi málara og trésmiða sem unnu við að fullgera Prastalund sumarið 1928. Fyrir miðju í annarri röð stendur Þórður J. Pálsson.*

sem þar er mest um ferðafólk. Skal hann gæta skógarins og jafnframt vinna að grisjun og lagfæringu girðingar. Kostnaður við þetta greiðist af því fé sem skóginum kann að áskotnast og úr sambandssjóði það sem til vantar.<sup>10</sup>

Þetta sumar kom Aðalsteinn Sigmundsson, kennari á Eyrarbakka, og síðar formaður UMFÍ til starfa í Prastaskógi samkvæmt ofangreindri tillögu, en reyndar var hann sjálfur flutningsmaður hennar. Aðalsteinn var sem kjörinn til verksins og hann átti eftir að vinna þar ómetanleg störf næstu árin við ræktun og vörslu skógarins og móttöku gesta. Nú var farið að halda samkomur á vegum sunnlenskra ungmennafélaga í skóginum og loksins virtist gjöf Tryggva Gunnarssonar vera orðin ungmennafélögum til ánægju eins og hann vonaðist eftir.



*Þetta barmmerki með mynd af syngjandi þresti gildi sem aðgöngumiði að Prastaskógi á fjórða áratugnum og kostaði fimmtíu aura.*

Aðalsteinn lét vel af framförum Prastaskógar í lítilli grein sem hann skrifaði í *Skinfaxa* snemma árs 1927. Þá var hann búinn að dveljast þrjú sumar í skóginum og margir höfðu komið í heimsókn. Aðalsteinn sagði: „Prastaskógi fer nú sífellt fram og má sjá á honum glöggan mun hin síðari ár síðan farið var að sýna honum sóma.“ Þá sagði Aðalsteinn frá því að hann væri að setja á stofn smávegis happdrætti fyrir Prastaskóg og taldi upp ungmennafélög sem höfðu stutt þessa starfsemi með frjálsum framlögum.<sup>11</sup>

Sumarið 1927 kom Aðalsteinn enn til skógarvörslu í Prastaskógi en nú var hann ekki einn. Með honum var ungur maður, Kjartan Sveinsson síðar arkitekt, og unnu þeir reglulega átta stundir á dag við að grisja skóginn. Þar að auki var Þórður J. Pálsson, fóstursonur Aðalsteins, með þeim Kjartani. Þórður var aðeins sex ára gamall þetta sumar en hann átti eftir að eiga margar stundir í skóginum síðar. Þórður skráði síðar brot af minningum sínum úr Prastaskógi og sendi UMFÍ. Honum fannst gaman að sofa í tjaldi þetta sumar en þoldi hins vegar illa mývarginn á staðnum og hét því að koma ekki aftur. Það heit hélt hann um tíma en sumarið 1928 var hann þó kominn aftur og þá til lengri dvalar. Þá var verið að byggja veitingahúsið Prastalund og þar bjuggu þeir Aðalsteinn. Sumarið 1931 var Þórður að mestu einn í Prastaskógi. Hann bjó í Prastalundi og seldi aðgang að skóginum. Þá kostaði 50 aura að fara inn í skóginn svo tekjur urðu nokkrar.

Sumarið 1933 dvaldist Ríkarður Jónsson myndskeri, aldavinur Aðalsteins, með þeim Þórði í Prastaskógi um tíma. Það var glatt á hjalla hjá þeim vinunum og þeir ortu marga gamanbragi



sem ekki áttu að fara lengra. Þeim þótti lítið til koma hvernig Elín Egilsdóttir auglýsti ágæti veitingahússins í útvarpinu: „Í Þrastalundi er gott að dvelja, danskur þjónn og danskur kokkur, allt fyrsta flokks.“ Þeir félagar voru ekki eins sannfærðir um ágæti kokksins og ortu um hann langan brag. Þórður man eftir einni vísu:

Kokkurinn situr klovvega á kokkhúströppum  
danskur er hann og dinglar löppum.  
Dárlegur þykir hann Íslands köppum.<sup>12</sup>

Sumarið 1934 var Þórður orðinn aðalskógarvörður 13 ára gamall með Hjálmar Kjartansson, jafnaldr sinn, með sér. Starf þeirra var að líta eftir skóginum, grisja trén og viðhalda girðingum. Þetta var síðasta sumarið að sinni sem Þórður dvaldist í Þrastaskógi. Næstu fjögur árin var Aðalsteinn þar einn um hituna en sumarið 1939 tók Rannveig Þorsteinsdóttir, starfsmaður UMFÍ, að sér skógarvörsluna. Næsta sumar var Alfreð Eyjólfsson að störfum í Þrastaskógi og sumarið 1941 sá Jón Þórðarson kennari um staðinn. Sumarið 1942 var enginn skógarvörður ráðinn enda voru þar þá breskir hermenn allsráðandi og hleyptu engum inn í skógin.

Þórður J. Pálsson hafði brennandi áhuga fyrir vexti og viðgangi Þrastaskógar og birti grein í *Skinfaxa* árið 1935, þá aðeins 14 ára gamall. Þar sagði hann meðal annars frá frægasta trénu í skóginum:

Í Þrastaskógi eru tvær reyniviðarhríslur. Þær eru ekki afskaplega háar en mjög fallugar. Önnur þeirra, sú stærri, er þrír stofnar og margar greinar út frá þeim og mjög jafnháar. Og ef maður stendur undir henni er hún eins og regnhlíf, svo eru blöðin þétt. Hún er sjö metrar á hæð og heitir *Tryggvatré* eftir Tryggva Gunnarssyni.<sup>13</sup>

Að lokum benti Þórður á ýmis verkefni sem þyrfti að vinna í framtíðinni: Gerð göngustíga, grisjun og fleira. En athyglisverðust er tillaga hans um að slétta stóra flöt við Tryggvatré í dalverpi norðan við Þrastalund. Þar gæti orðið leikvöllur og samkomustaður ungmennafélaga. Þetta varð síðar að veruleika en aldarfjórðungur leið áður en hafist var handa.

Síðla árs 1937 skrifaði Aðalsteinn Sigmundsson í *Skinfaxa* um málefni Þrastaskógar sem voru honum alltaf hugleikin:



*Tryggvatré árið 1922. Aðalsteinn Sigmundsson tók myndina.*

Elstu barrtrén í Þrastaskógi eru 10 ára. Eitt laugardagskvöld í september 1927 kom Helgi Valtýsson austur í skóg með nálega 60 furuplöntur sem hann gaf skóginum. Settum við þær niður um messutímamann daginn eftir og töldum okkur fremja góða guðsþjónustu. Furur þessar hafa vaxið ágætlega og líta mjög vel út.<sup>14</sup>

Þórður J. Pálsson sagði að þessar fjallafurur hefðu verið nefndar „messutré“ og hefðu verið leiðarljós þeirra sem tóku við af Aðalsteini í Þrastaskógi enda fyrsti raunverulegi árangurinn á þeirri leið að koma upp fallegum skógi á þessu friðlýsta svæði. Árið 1943 mældi Þórður „messutrén“ og var hið hæsta þeirra 2,70 metrar, en sumarið 1963 var hæsta tréð orðið 6,25 metrar.

Á fjórða áratugnum hófst reglubundin gróðursetning trjáplanta í skóginum. Fram að þessu höfðu menn verið á þeirri skoðun að skógurinn græddi sig upp sjálfur með grisjun og umhirðu en nú hafði komið í ljós að svo myndi ekki verða. Þá var ákveðið að snúa sér að ræktun barrtrjáa eftir hina góðu reynslu af „messutrjánum.“<sup>15</sup>

Vorið 1937 voru gróðursettar 2700 trjáplöntur í Þrastaskógi sem var meira en nokkru sinni áður. Ungmennafélagið Velvakandi í Reykjavík, Ungmennafélag Skeiðamanna og Ungmennasamband



*Aðalvík við Álftavatn, nyrst í Þrastaskógi. Búrfell í baksýn. Myndina tók Aðalsteinn Sigmundsson árið 1922.*

Dalamanna sendu félagasína til að vinna að gróðursetningunni. Dalamenn og Velvakandi fengu meira að segja úthlutað afmörkuðum svæðum sem þau sáu alfarið um að planta í. Allmörg ungmennafélög fetuðu í slóð þeirra síðar.<sup>16</sup>

## Veitingahúsið Þrastalundur

Í ársbyrjun 1928 fór loks að komast skriður á þá hugmynd Guðmundar Davíðssonar að hús risi í Þrastalundi. Elín Egilsdóttir, veitingakona í Reykja-

vík, fór fram á það við stjórn UMFÍ að fá að reisa „gesthús“ eins og segir í *Skinfaxa* frá þessum tíma. Samningar tókust og átti UMFÍ að fá forkaupsrétt að húsinu. Leigumáli var að Elín skyldi leggja skógarverði og aðstoðarmanni hans til gott herbergi án endurgjalds og selja þeim fæði á lágu verði. Í vetrarlok árið 1928 var byrjað á húsinu og það var byggt á methraða. Tæpum tveimur mánuðum síðar var það opnað almenníngi og fullgert í júlilok. Húsið var reisulegt timburhús, byggt í burstastíl og teiknað af Þorleifi Eyjólfsyni húsa-meistara. Ungmennafélagar

voru hæstánægðir með þetta fallega hús og eiganda þess og í niðurlagi fréttar í málagnihreyfingarrinnar var þessi hrósyrði að finna:

Er Þrastalundur fyllilega samboðinn vorum fagra Þrastaskógi. Enda hefur Elín Egilsdóttir ekkert látið til sparað að svo mætti vera. Hún hefur unnið með fullum skilningi þess að hún var að vinna í helgidómi íslenskrar æsku. Á hún skilið óskoraða virðingu og þökk ungmennafélaga fyrir það.



*Veitingahúsið Þrastalundur.*

Megi fyrirtæki hennar blessast sem best og njóta vinsælda og viðskipta góðra manna.<sup>17</sup>

UMFÍ lét ekki lengi biða að njóta þessarar nýfengnu aðstöðu. Aukaþingið 1929 var haldið í hinum nýja Þrastalundi. Þar lýsti þingheimur yfir ánægju sinni með samning stjórnarinnar við Elínu veitingahúseiganda. Þá ávarpaði Kristján Karlsson, formaður UMFÍ Elínu „og þakkaði henni fyrir það hve þryðilegt hús hennar væri og gagn það er hún með því ynni ungmennafélögum.“ Undir þetta tóku þingfulltrúar með því að rísa úr sætum.<sup>18</sup>

Sumarið 1930 var girðingin um Þrastaskóg endurnýjuð og sett á hana gönguhlið við þjóðveginn með veglegum steinstólpum. Hliðið var gert eftir teikningu listamannsins Ríkarðs Jónssonar. Á næsta þingi, árið 1933, sem var að sjálf-sögðu haldið í Þrastalundi, voru samþykktar sva-kallaðar „Reglur fyrir Þrastaskóg.“ Þar var mælt fyrir um skyldu UMFÍ að vernda og hirða skóginn, um skógarvörslu á sumrin og fjárframlög til skógarins frá samtökunum. Síðasta greinin kvað á um að skógarvörður skyldi jafnframt vera eftirlitsmaður Þrastalundar.<sup>19</sup>

Elín Egilsdóttir rak Þrastalund til ársins 1938 en þá vildi hún selja húsið og bauð UMFÍ að neyta forkaupsréttarins. Á þingi UMFÍ í Þrastalundi kom þetta til tals en þingmenn töldu það ekki hagkvæmt fyrir samtökin. Hér réð staðsetningin eflaust mestu því UMFÍ vantaði fremur húsnæði í Reykjavík en fyrir austan fjall. Svo fór að Sigurður Jónsson forstjóri eignaðist Þrastalund en seldi hann aftur Páli B. Melsted veitingamanni haustið 1940.<sup>20</sup>

Breska setuliðið sem hér dvaldist á stríðsárunum tók Þrastalund til sinna nota síðla vetrar 1941 og fékk eigandinn ekki nema tvo daga til að rýma húsið. Ungmennafélagar voru uggandi yfir þessu og töldu óséð hvað af því myndi hljótast. Afleiðingarnar létu ekki á sér standa því ári síðar brann Þrastalundur til kaldra kola.<sup>21</sup> Þetta var ungmennafélögum talsvert áfall en við svo búíð

varð að standa. Í stað hins fagra Þrastalundar var komin brunarúst og að sama skapi varð nokkurt bakslag í þróun Þrastaskógar.

## Þórður J. Pálsson skógarvörður

Aðalsteinn Sigmundsson lést vorið 1943 en þá tók Þórður J. Pálsson upp merki hans og sótti um sem skógarvörður í Þrastaskógi. Hann hafði fetað í fótspor Aðalsteins og menntast sem kennari. Þetta hentaði honum því vel sem sumarstarf. Þórður unni skóginum og hafði lært af föstra sínum að umgangast náttúruna með alúð og virðingu. Hann var nýkvæntur um þetta leyti og fékk leyfi til að byggja sér bústað á völdum stað í skóginum. Það var eina undantekningin frá reglunni um bann við sumarbústöðum á staðnum enda má segja að nauðsyn hafi brotið lög. Þar var síðan aðsetur Þórðar á sumrin næstu 27 árin eða allt til 1970. Árslaunin voru aðeins 360 krónur í upphafi en silungsveiði í Soginu og Álftavatni fylgdi með sem hlunnindi. Samningur Þórðar og UMFÍ var þannig í stuttu máli:

Þórður J. Pálsson tekur að sér gæslu Þrastaskógar fyrir átroðningi manna og dýra og að sjá um viðhald girðingarinnar umhverfis skóginn en UMFÍ leggur til girðingar efni. Hann skuldbindur sig til að dvelja þar að minnsta kosti 2-3 mánuði ársins að sumrinu og fara í eftirlitsferðir þangað að minnsta kosti tvisvar til þrisvar hinn hluta



Þórður J. Pálsson með bát sinn við Aðalvík í Þrastaskógi árið 1944.



ársins. Þá tekur hann að sér að grisja skóginn og hreinsa, gróðursetja nýgræðlinga og annast um þá, enda útvegi UMFÍ árlega all margar plöntur til gróðursetningar. Ennfremur skuldbindur hann sig til þess að vera hjálplegur við mót og aðra þá starfsemi er UMFÍ kann að hafa með höndum í Þrastaskógi.<sup>22</sup>

Aðkoman að Þrastaskógi var ekki glæsileg til að byrja með. Liðsmenn breska heimsveldisins höfðu skilist illa við staðinn. Þrastalundur var brunarúst, girðingar lágu niðri og rusl var úti um allan skóg. Þegar Þórður var búinn að hreinsa til tók hann að byggja bústað sinn í svokölluðu Jóku-gerði en það var ekki auðvelt því enginn akvegur lá um skóginn. Þórður leysti vandann þannig að hann keypti sér bát og flutti allt byggingarefnið á honum yfir Sogið. Bústaðurinn varð fokheldur um haustið og Þórður fullgerði hann árið eftir. Þá plantaði hann reynitrjám við bústaðinn, sem árið 1986 voru orðin allt að 10 metra há.<sup>23</sup>

Árið 1945 hófst nýr kafli í sögu Þrastaskógar



Þórður við fræsöfnun við eitt af „messutrjámum“ árið 1944.

þegar ungmennafélagar í Hvöt í Grímsnesi komu um vorið og gróðursettu trjáplöntur í skóginum. Eftir þetta fóru ungmennafélög að skipuleggja hópferðir til gróðursetningar á vorin í samvinnu við skógarvörðinn. Þórði varð ljóst að gróðursetningin þurfti að fara skipulega fram svo hann gerði uppdrátt af skógarsvæðinu og teiknaði inn á hann hugmyndir sínar um skipulag Þrastaskógar. Þær voru í stuttu máli þær að endurreisa Þrastalund á rústum hins gamla, gera hringveg frá húsinu að Álftavatni og til baka og gera íþróttavöll miðsvæðis í skóginum við Tryggvatré.

Þórður lét ekki gróðursetja í 40 metra breiða spildu við Sogið því þar hugsaði hann sér að vegur yrði lagður. Auk þess gerði hann ráð fyrir byggingum og bílastæðum við íþróttavöllinn ásamt minnisvörðumumbrautryðjendurungmennafélaganna í brekkunni þar fyrir ofan. Þórður kynnti þessa áætlun sína fyrir stjórn UMFÍ en þar voru skiptar skoðanir um ágæti hennar. Það var þó ekki um annað að ræða fyrir Þórð en fara eftir henni því önnur var ekki fyrir hendi.

Mörg ungmennafélög fjölmenntu til gróðursetningar ár eftir ár og þeim úthlutaði Þórður jafnbreiðum spildum samhliða girðingunni allt frá Þrastalundi til íþróttavallarins. Hvert félag gróðursetti árlega í sinn skika og oft var glatt á hjalla í Þrastaskógi þegar ungt fólk í tugatali fór um skóginn með skóflur og haka og lagði litlar plöntur í jörð sem nú eru orðnar að stórum trjám. Bókarhöfundur man eftir mörgum ferðum í Þrastaskóg á unglingsárum sínum á sjöunda áratugnum. Þórður skógarvörður sá sérstaka ástæðu til að þakka félögunum í Flóanum, Baldri, Samhygð, Eyrarbakka og Stokkseyrar ásamt Hvöt og Skeiðamönnum fyrir sérstakan dugnað við trjáplöntun þann tíma sem hann hafði umsjón með skóginum. Öll eiga þau sína reiti sem hafa síðar verið merktir inn á kort af skóginum. Þar til viðbótar eru reitir sem bera nöfn Ungmennafélagsins Vöku, Velvakanda, Ölfusinga og Ungmennasambands Kjalarnesþings.

Verkefni Þórðar voru hvert voru fyrst í stað að lagfæra girðinguna eftir veturinn. Girðingin liggur frá norðri til suðurs og endar að norðanverðu í Álftavatni og sunnanverðu í Soginu. Þar setti Þórður á hverju ári út kláfa fyllta af grjóti til að halda girðingunni í skefjum og notaði bátinn til að flytja grjótið. Næst lá fyrir að boða ungmennafélögin til gróðursetningar og mæla út svæði þar sem skyldi planta trjám. Árlega voru gróður-



settar frá 3000 til 12000 plöntur í skóginum og þegar mest var árið 1959 voru 98 ungmennafélagar eitt sinn samtímis við gróðursetningu. Þegar líða tók á sumarið fólst starfið mest í að leiðbeina gestum um tjaldsvæði, hreinsa rusl og grisja kringum ungar plöntur. Á þeim tíma sem Þórður var í Þrastaskógi voru gróðursettar þar rúmlega 150 þúsund plöntur af mörgum tegundum og með tímanum kom í ljós hverjar þeirra hent- uðu best í skóginum.

Þórður var skógarvörður í Þrastaskógi fram til ársins 1970 en þá var honum sagt upp störfum. Þá voru sjón- armið stjórnar UMFÍ og skóg- arvarðarins hætt að eiga samleið. Þarna hafði Þórður haft sitt annað heimili í kyrrð og friðsæld skógarins en nú voru framkvæmdir og mannvirki farin að raska þeirri ró. Þar skildi leiðir og eftir þetta sagðist Þórður lítið hafa komið í Þrastaskóg enda var hann ekki sáttur við uppsögnina. Sextán árum síðar sýndi hann það vinarbragð að afhenda UMFÍ merkar ljósmyndir úr Þrastaskógi úr fór- um föstra síns, Aðalsteins Sigmundssonar. Þar með fylgdi söguágríp sem hann tók saman um veru sína í skóginum í 36 sumur og hefur verið mikils virði við samantekt þessarar frásagnar.<sup>24</sup> Þórður var sæmdur gullmerki UMFÍ árið 1985.

## Minnisvarði Aðalsteins Sigmundssonar

Með árunum fjölgaði trjámum í Þrastaskógi og þau hækkuðu í loftinu en ungmennafélagshreyf- ingin virtist ekki geta gert það upp við sig hvað ætti að gera við þessa náttúruperlu. Ályktanir á þingum og skrif í blöðum breyttu litlu. Fjármagn- ið vantaði til að gera hlutina. Draumurinn var náttúrlega að endurreisa Þrastalund en það virtist handan við hið mögulega lengi vel. Umhverfið var fagurt og vingjarnlegt en aðstöðuna skorti.

Á þingi UMFÍ sem haldið var á Akureyri 30. júní og 1. júlí 1955 var ályktað um að sýna Þrasta- skógi enn meiri rækt en gert hefði verið. „Girðing verði treyst, gróðursetning aukin,“ stendur orð-



*Skógarvarðarbústaðurinn við Jókuvík. Sogið og Ingólfsfjall í baksýn.*

rét í ályktun fundarins. Girðingin um Þrastaskóg var þá orðin 25 ára gömul og farin að láta á sjá en gróðursetning var töluverð á þessum árum. Til dæmis voru gróðursettar tíu þúsund plöntur árið 1953 samkvæmt heimildum Þórðar J. Pálssonar. Á þinginu var einnig samþykkt að reisa Aðalsteini Sigmundssyni minnisvarða í Þrastaskógi.<sup>25</sup> Að- alsteinn lést af slysförum árið 1943 og var harm- dauði öllum sem hann þekktu. Hann hafði verið einn af ötulustu forystumönnum UMFÍ og jafnan látið sér mjög annt um Þrastaskóg. Aðalsteinn var



*Þórður J. Pálsson kannar stað fyrir minnisvarðann árið 1955.*

umsjónarmaður skógarins í 14 ár frá 1924 til 1938 og hóf uppgræðslu hans með trjáplöntun og grisjun á sínum tíma. Það var því vel við hæfi að reisa honum minnisvarða á þessum stað.

Sérstök nefnd á vegum UMFÍ vann að þessu verkefni. Í henni voru Sigurður Greipsson skólastjóri í Haukadal, Ólafur Ágúst Ólafsson bóndi á Valdastöðum í Kjós, Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn í Reykjavík, Ingimar Jóhannesson fulltrúi í Reykjavík og Axel Jónsson sundlaugavörður í Reykjavík. Minnisvarðanefndin leitaði til allra ungmennafélaga landsins um fjárframlög og varð vel ágengt. Fyrir þessi framlög var minnisvarðinn reistur og greitt það sem greiða þurfti. Þá er ógetið framlags Ríkarðs Jónssonar listamanns sem vann manna mest að málinu og allt án endurgjalds. Þannig minntist hann vinar síns Aðalsteins. Ríkarður réð gerð minnisvarðans sem er þriggja metra hár stuðlabergsdrangur sem var fluttur austan úr Vörðufelli á Skeiðum og settur niður skammt frá Tryggvatré. Ríkarður valdi staðinn en það kom í hlut Þórðar J. Pálssonar að grafa fyrir varðanum. Mikil og erfið vinna var að koma stuðlabergsdrangnum inn í veglausan skóginn en hafðist að lokum með krana og vörubíl. Ríkarður gerði vangamynd úr bronsi af Aðalsteini og er hún greypt í varðann. Kringum stuðlabergsdranginn er raðað öðrum minni sem mynda umgerð um hann að neðanverðu.

Minnisvarðinn var afhjúpaður við hátíðlega afhöfn í Þrastaskógi 15. september 1957 að við-

stöddu fjölmenni. Það var Jóhanna Sigmundsdóttir, systir Aðalsteins, sem afhjúpaði varðann en eftir athöfnina hafði UMFÍ boð á Selfossi þar sem gömlum vinum og skyldmönnum Aðalsteins var boðið. Þar voru margar ræður fluttar og Aðalsteins minnst með þökk og virðingu.<sup>26</sup>

## Þrastaskógarnefnd tekur til starfa

Í dalverpinu miðsvæðis í Þrastaskógi var svenefnt samkomurjóður. Þar voru stundum haldnar samkomur og stundum var það leigt ýmsum samtökum til skemmtana. Ungmennafélagið Hvöt í Grímsnesi og Félag ungra framsóknarmanna í Árnessýslu virðast hafa notið sérstakrar velvildar því félögin fengu leyfi til að reisa sameiginlega danspall í rjóðrinu og þar voru haldnar útskemmtanir á sumrin á sjötta áratugnum.<sup>27</sup> Ekki virðast þær skemmtanir allar hafa lukkast vel því á fundi stjórnar UMFÍ 21. júní 1958 var samþykkt að leigja skóginn ekki út til skemmtanahalds framvegis. Þó var gerð sú undantekning að ungir framsóknarmenn fengu undanþágu þetta sumar og það næsta.<sup>28</sup>

Starfið í kringum minnisvarðann virðist hafa ýtt við mönnum að auka veg Þrastaskógar. Á stjórnarfundum UMFÍ í desember 1958 var Stefáni Ólafi Jónssyni gjaldkera og Skúla Þorsteinessyni framkvæmdastjóra falið að ræða við fjárveitinganefnd Alþingis um styrk til skógræktar í Þrastaskógi.<sup>29</sup> Styrkurinn fékkst árið eftir, heilar 15 þús-

und krónur, og var honum varið til að girða skóginn. Stefán tók sjálfur að sér girðingarvinnuna vorið 1959 og fékk Gísla Vilmundarson mág sinn í lið með sér. Þeir rifu niður gömlu girðinguna sem var gjörónýt og settu upp nýja. Tjald sitt settu þeir upp á danspallinum og höfðu þar ágæta aðstöðu. Verkið unnu þeir í sjálfböðavinnu og nýja girðingin markaði upphaf endurreisnarstarfs í Þrastaskógi.<sup>30</sup>

Á þingi UMFÍ haustið 1959 var nokkuð rætt um Þrastaskóg. Þar mætti Þórður J. Pálsson skógarvörður og lagði til að samdar yrðu regl-



Við afhjúpun minnisvarðans 15. september 1957. Frá vinstri: Þórður J. Pálsson, Jóhanna Sigmundsdóttir og Ingimar Jóhannesson.

ur um skemmtanahald og umgengni í skóginum sem honum mun hafa þótt ábótavant. Í framhaldi af því var samþykkt að kjósa fimm manna nefnd til til tveggja ára til að skipuleggja framkvæmdir í Þrastaskógi. Skyldi nefndin vinna í samráði við stjórn UMFÍ.<sup>31</sup>

Nefndin var kosin á þinginu og völdust í hana þessir menn: Þórður J. Pálsson Reykjavík, Stefán Jasonarson í Vorsabæ í Flóa, Böðvar Pálsson á Búrfelli í Grímsnesi, Ólafur Ágúst Ólafsson á Valdastöðum í Kjós og Ólafur H. Guðmundsson í Hellnatúni í Ásahreppi. Allir voru þeir bændur nema Þórður og þekktir að áhuga á skógræktarmálum. Fyrsta fundur nefndarmanna hinn 22. maí 1960 í sumarbústað Þórðar J. Pálssonar og kusu hann formann nefndarinnar. „Áður en fundur hófst gengu fundarmenn um skóginn, athuguðu vöxt hans og aðstæður til mannvirkja-gerðar í skóginum,“ segir í fundargerð ritarans, Stefáns Jasonarsonar.

Fundarmenn voru á einu máli um að byggja þyrfti sem fyrst leikvang í dalverpinu við Tryggvatré og leggja að honum malarborinn veg. Þá var talið nauðsynlegt að áður en langt um liði yrði komið upp byggingum í Þrastaskógi sem gætu skapað þar „aðstöðu til hollra skemmtana og sumardvalar í lengri eða skemmri tíma en þjóni ekki „sjoppuhlutverki“ við þjóðveginn,“ eins og segir í fundargerðinni.<sup>32</sup>

## Leikvangur í Þrastaskógi

Þar með var nefndin raunar búin að ljúka hlutverki sínu og tillögur sínar afhenti hún stjórn UMFÍ til úrvinnslu. Stjórnin átti nú í fyrsta sinn svigrúm til framkvæmda því ríkisstyrkurinn til Þrastaskógar, 15 þúsund krónur, hélst árlega til 1965 og fékkst þá hækkaður í 45 þúsund krónur. Sú upphæð hélst til 1969 en var þá felld niður á tímum samdráttar í þjóðfélaginu og síðan hefur UMFÍ ekki fengið sérstakar fjárveitingar til Þrastaskógar.<sup>33</sup>

Stjórnin hófst nú handa eftir óskalista nefnd-



*Þrastaskógarnefnd á sínum fyrsta fundi árið 1960. Nefndarmenn hafa sest niður í hliði gamla Þrastalundar. Frá vinstri: Böðvar Pálsson, Þórður J. Pálsson, Stefán Jasonarson, Ólafur Ágúst Ólafsson og Ólafur H. Guðmundsson.*

arinnar og lét leggja veg meðfram girðingunni inn að samkomustaðnum við Tryggvatré sumarið 1961. Síðan var farið að jafna flötina þar með það í huga að gera íþróttavöll. Sumum ungmennafélögum hafði meira að segja dottið í hug að þarna gæti orðið framtíðarstaður fyrir landsmót UMFÍ. Þau höfðu verið haldin hér og þar á landinu við misjafnar aðstæður og stundum lent hálfvegis á hrakhólum eins og til dæmis mótið 1949 sem endaði í Hveragerði með þriggja vikna fyrirvara.<sup>34</sup>

Vallargerðin gekk hins vegar seint og tók mörg ár að fullgera hann því jarðvegurinn var erfðari en menn höfðu talið. Árið 1961 var unnið með jarðýtum og jarðvegnum ýtt til hliðar en þá komu í ljós hraunhólar sem þyrfti að sprengja burtu. Við þetta unnu allt að sjö menn um tíma og voru í fæði hjá Þórði skógarverði og konu hans. Þetta ár gerði UMFÍ nýjan samning við Þórð sem fólst í því að kaupið var hækkað í 7500 krónur á ári en silungsveiðin tekin af að mestu leyti. Þórði þótti það heldur miður því silungurinn hafði verið honum góð búbot.<sup>35</sup>

Þórður sinni vel trjágróðrinum í Þrastaskógi og það vakti athygli skógræktarmanna. Sumarið 1963 var Þórði boðið á aðalfund Skógræktarfélags Íslands og þar var honum afhentur silfur-bikar sem heiðursviðurkenning fyrir góð störf á sviði skógræktar í Þrastaskógi.<sup>36</sup>

Áfram var haldið með íþróttavöllinn ár eftir ár





*Séð yfir syðri hluta Þrastaskógar í átt til Selfoss árið 1989. Fyrir miðri mynd er íþróttavöllurinn, skógarvarðarbústaðurinn til hægri og skálinn Þrastalundur við Sogsbrúna lengst til vinstri.*

þótt hægt miðaði. Nokkurt hlé var gert árin 1964 og 1965 meðan byggingarframkvæmdir stóðu yfir við Þrastalund hinn nýja. Vallarteikninguna gerði Gísli Halldórsson arkitekt og íþróttaleiðtogi en Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi ríkisins, var mikill hvatamaður að gerð leikvangsins og helsti ráðgjafi UMFÍ við byggingu hans. Sumarið 1966 var talið að búið væri að ná þeirri stærð fyrir leikvanginn sem hægt væri með góðu móti og þá var jarðveginum ýtt yfir hann aftur. Árið eftir var ekið á völlinn 70 bílhössum af gróðurmold frá Tannastöðum og 20 bílhössum af skeljasandi frá Eyrarbakka.

Næstu tvö árin varð hlé á framkvæmdum vegna fjárskorts hjá UMFÍ en lokaáfanginn hófst í júlímánuði 1970. Driffjöðrin í þeim framkvæmdum var Hafsteinn Þorvaldsson sem var vakinn og sofinn yfir högum Þrastaskógar. Aðalráðgjafi hans var Ólafur Tr. Ólafsson garðyrkjumaður á Stuðlum í Ölfusi. Þarna unnu 30 manns viðstöðulaust í 36 vinnudaga. Til að byrja með þurfti að bæta við miklum jarðvegi því landið hafði sigið verulega. Þá var jarðveginum aftur ýtt til hliðar og á annað hundrað bílhössum af bruna ekið í völlinn. Brun-

inn var allur fenginn úr námu Selfosshrepps sem tók enga greiðslu fyrir. Þá var moldinni jafnað aftur yfir og sett holræsi við brekkuræturnar til að taka á móti regnvatni þaðan. Lokajöfnun vallarins fór þannig fram að Hafsteinn Þorvaldsson, sem þá var orðinn formaður UMFÍ, smíðaði mikinn tréfleka og festi aftan í jeppa sinn. Síðan ók hann óteljandi ferðir fram og til baka um svæðið með flekann í eftirdragi og allt varð rennislétt að lokum.

Áfanganum lauk með því að lagðar voru túnþökur yfir allt svæðið. Við verkið unnu margir sjálfboðaliðar úr röðum ungmennafélaga en mestan hluta þess vann Hafsteinn formaður sjálfur ásamt fimm 13 ára drengjum úr unglingavinnuflokki Selfosshrepps. Hafsteinn og drengir hans hlóðu einnig upp áhorfendastæði í brekkunni fyrir ofan. Útkoman varð góð. Grasflöt vallarins er rennislétt og þakin iðagrænu grasi.<sup>37</sup>

Margar og miklar hugmyndir voru á lofti um leikvanginn í Þrastaskógi á sínum tíma. Breyttar kröfur og hugmyndir um íþróttavelli gerðu þó að verkum að þar hefur verið lítið um íþróttamat. Völlurinn þótti hins vegar tilvalinn sem æfinga-





*Aðstoðarmenn Hafsteins Þorvaldssonar sem unnu við að þökuleggja íþróttavöllinn haustið 1970. Frá vinstri: Þráinn Hafsteinsson, Garðar Reynisson, Kristinn Bárðarson, Ólafur Sigurðsson og Kristján Larsen.*

svæði fyrir knattspyrnulið og Ungmennafélag Selfoss notaði völlinn mikið um tíma. Þangað komu börn sem tóku þátt í leikjanámskeiðum og staðurinn var vinsæll fyrir ættarmót. Síðustu árin hefur þessi fallega grasflöt þjónað sem tjaldsvæði fyrir gesti Þrastaskógar.

## Veitingaskálinn Þrastalundur

Á fjórða áratugnum hófust málaferli milli UMFÍ og Árna Jónssonar, bónda í Alviðru, vegna veiðiréttinda í Soginu. Lögfræðingur Árna bað um frest sem varði í meira en aldarfjórðung því málið dagaði uppi. Stefán Ólafur Jónsson, gjaldkeri UMFÍ, kom málinu af stað aftur og sigur vannst í því fyrir Hæstarétti árið 1961.<sup>38</sup> Stjórnarmenn UMFÍ glöddust yfir þessu en heldur sló á gleðina þegar kom í ljós að veiðirétturinn var ekki nema 2/3 úr stöng á dag. Þeir leituðu þá til Jörundar Brynjólfssonar bónda í Kaldaðarnesi, sem var formaður Veiðifélags Árnesinga, og hann kippti þessu í liðinn. Síðan hafa veiðihlunnindin verið leigð út og UMFÍ haft af þeim nokkrar tekjur. Til viðbótar veiðiréttinum í Soginu á UMFÍ rétt til silungsveiði í Álftavatni meðfram strandlengjunni sem er um það bil einn kílómetri. Veiðistaðir fyrir landi Þrastaskógar eru fáir en gjöfuleir þeim

sem vel þekkt til. Hinn 16. júlí 1974 veiddist til að mynda 22 punda lax við Sogsbrúna. Það ár voru skráðir 27 laxar í veiðibókina og dálítið af silungum.<sup>39</sup>

Á þing UMFÍ í Reykjavík árið 1963 mætti Þórður J. Pálsson skógarvörður og flutti langt erindi þar sem hann rakti sögu Þrastaskógar. Hann upplýsti að fólk leitaði mjög í skóginn sér til hvíldar og hressingar á góðviðrisdögum en hefði lítið við að vera og gæti hvergi fengið vott né þurrt. Í lokin lagði hann fram tillögu um Þrastaskóg. Hún kvað á um að fela stjórn UMFÍ að athuga möguleika á „að koma upp greiðasölu í Þrastaskógi á því svæði sem Þrastalundur hafði áður og verði stefnt að því að hafa þar bækistöð fyrir ungmennafélagsskapinn.“ Tillagan var samþykkt samhljóða.<sup>40</sup>

Stjórn UMFÍ kaus þegar í stað þriggja manna nefnd í málið. Hún var skipuð þeim Skúla Þorsteinssyni framkvæmdastjóra UMFÍ og Ármanni Péturssyni gjaldkera samtakanna. Þriðji nefndarmaðurinn var Skúli H. Norðdahl arkitekt. Nú gerðust hlutirnir hratt og eftir skamma stund var bæði búið að ákveða að byggja veitingaskála í Þrastaskógi og Skúli H. Norðdahl búinn að teikna skálann. Yfirsniður var ráðinn Þórður Jónsson frá Selfossi en Hafsteinn Þorvaldsson, sem þá sat í varastjórn UMFÍ, hafði daglega umsjón með byggingunni. Smíðin hófst fyrrihluta sumars 1964 og ári síðar var skálinn tilbúinn til starfrækslu. Hann hlaut að sjálfsgöðu nafnið Þrastalundur þótt óneitanlega væri þessi 100 fermetra bráðabirgðaskúr lágrestari bygging en veitingahúsið Þrastalundur var á sínum tíma með sínar tígulegu burstir.

Olíufélagið hf., betur þekkt undir nafninu Esso, gerði bygginguna mögulega með því að lána UMFÍ allt það fé sem þurfti til að koma byggingunni upp enda fékk félagið aðstöðu til bensínsölu við skálann þegar hann var fullbúinn. Skálinn var reistur á grunni gamla Þrastalundar. Ýtt var með jarðýtu niður á grunninn, gamla gólfíð sópað og notað óbreytt. Meira að segja voru vatnslagnirnar og frárennslið í gamla grunninum notað því það var í góðu lagi eftir öll þessi ár. Vatnið var tekið úr Soginu og þar voru settar upp dælur til að koma því í húsið. Rafmagn varð að leggja nokkra vegalengd sem kostaði töluvert en allt annað var fremur ódyrt enda var ekki mikið í húsið lagt.<sup>41</sup>

Nú var komin greiðasalan en þá vantaði einhvern til að reka staðinn. Hafsteinn Þorvaldsson



*Veitingaskálinn Þrastalundur.*

tók það að sér fyrir UMFÍ ásamt Ragnhildi Ingvarsdóttur eiginkonu sinni fyrsta sumarið. Að sögn Hafsteins var þetta afskaplega ófullkomið til að byrja með og mikið lagt á Ragnhildi því börn þeirra voru ung þegar þetta var. Hún þurfti jafnvel að fara tvær þrjár ferðir daglega á Selfoss, bæði vegna barnanna og til ýmissa innkaupa og erinda. „Svo byrjuðum við um verslunarmannahelgina og það var fullt út úr dyrum alla daga. Það var ekki auðvelt en hún stóð sig eins og hetja.“<sup>42</sup>

Síðar þetta sumar vakti Eysteinn Þorvaldsson, ritstjóri *Skinfaxa*, athygli á hinum nýja Þrastalundi í grein í blaðinu og sagði meðal annars:

Segja má að Þrastalundur sé lykillinn að Þrastaskógi, sem um árabíl hefur verið í hálfgerðri gleysku, enda þótt þarna sé einn fegursti og gróskumesti staður sunnanlands. Þegar fólk kemur í Þrastalund opnast því sýn inn í skóginn og það er vilji ungmennafélaganna að almenningur fái að njóta þeirrar ánægju sem náttúruvegur Þrastaskógar veitir öllum sem þangað koma.<sup>43</sup>

Þrastalundur var aðeins starfræktur á sumrin og árið eftir tók Héraðssambandið Skarphéðinn skálann á leigu. Hafsteinn og Ragnhildur sáu um reksturinn en sjálfbodaliðar frá ungmennafélög-

unum voru fengnir til að starfa allar helgar sumarsins. Það var góður vinnukraftur og oft glatt á hjalla að sögn Hafsteins.

Eftir það var skálinn leigður einkaaðilum nema eitt sumar þegar UMSK hafði hann á leigu. Hinn kunnir íþróttamaður og kúluvarpari Sigfús Sigurðsson og kona hans Esther Einarisdóttir ráku Þrastalund á árunum 1967 til 1970 við góðan orðstír. Ýmsir höfðu þar skamma viðdvöl en sumarið 1974 kom til skjalanna Trausti Víglundsson sem lengst allra sá um reksturinn. Trausti var framreiðslumaður á Hótel Sögu, og félagi hans var Þórarinn Stefánsson, starfsmaður Flugleiða. Þórarinn hvarf til annarra starfa fljótlega en Trausti og Kristín Harðardóttir, kona hans, ráku staðinn sameiginlega langa hríð. Síðustu fimm árin var Sigrún Árnadóttir á Selfossi með þeim í rekstrinum. Allan tímann var Trausti jafnframt starfsmaður Hótel Sögu en kom næstum daglega á staðinn og tók þátt í störfunum. Kristín var alltaf á staðnum með börnum þeirra og sá um gestina. Þau komu á staðinn í sumarbyrjun á hverju ári og voru fram í september. Margir nágrannar þeirra sögðu að þeim þætti sumarið ekki byrjað fyrr en fáni UMFÍ var farinn að blakta við hún í Þrastalundi.

Staðurinn var vinsæll enda verði stillt í hóf og Emmess-ísinn þótti hnossgæti á heitum sumardögum. Talsvert var um að fólk tjaldaði á flötinni



Trausti Víglundsson og Kristín Harðardóttir ráku veitingaskálann Þrastalund með myndarbrag í rúmlega tvo áratugi.

inni í skóginum og sumarbústaðaeigendur í nágrenninu tóku ástfóstri við staðinn. Allir sem fóru Þingvallahringinn stönsuðu í Þrastalundi og stundum var umferðin mikil. Staðurinn varð eftirsóttur sýningarstaður myndlistarmanna og dró það síst úr aðsókninni. Helsti gallinn var húsið sjálf sem var ekki vandað í upphafi og eltist fremur illa. Það var lengst af heldur lítið og þó var byggt við það þrisvar. Það hékk uppi af gömlum vana þegar Trausti og Kristín hættu rekstrinum og samstarfsmenn þeirra tóku við.<sup>44</sup> Trausti Víglundsson sá um reksturinn í Þrastalundi í 21 ár til ársins 1995 og þótti reka hann með sóma. Hann var sæmdur starfsmerki UMFÍ árið 1985.

## Nýjar Þrastaskógarnefndir

Á þingi UMFÍ sem haldið var á Laugarvatni 1. og 2. júlí 1965 var kosin þriggja manna nefnd til að gera tillögur um framtíðarverkefni Þrastaskógar. Í hana voru kjörnir þeir Stefán Jasonarson í Vorsabæ, Böðvar Pálsson á Búrfelli og Snorri Þorsteinsson á Hvassafelli í Norðurárdal. Stjórn UMFÍ tilnefndi Stefán sem nefndarformann og bætti síðar þeim Úlfari Ármannssyni og Skúla H. Norðdahl í nefndina.<sup>45</sup>

Stefán var vel kunnugur Þrastaskógi því árum saman hafði hann staðið fremstur í flokki ungmennafélaga við gróðursetningu þar á vorin. Hann

gerði grein fyrir störfum nefndarinnar á næsta sambandsráðsfundi sem haldinn var á Sauðárkróki 1966. Þar urðu mjög fjörugar umræður um uppbyggingu Þrastaskógar og fram kom ótti manna við að kostnaðurinn við hana myndi draga úr annarri starfsemi UMFÍ. Slíkt var þó óþarfi því aðeins átti að verja eigin tekjum staðarins til framkvæmda fyrst um sinn og til viðbótar því fé sem tækist að fá að láni eða með frjálsum framlögum.

Stefán skrifaði grein í *Skinfaxa* þar sem hann raki sögu Þrastaskógar og sagði frá störfum nefndarinnar. Hann brýndi ungmennafélaga til dáða að starfa í skóginum og sagði vissulega margt hafa áunnist á síðustu árum. Þar hefði fórnfýsi einstaklinga og félagsheilda markað merk spor. Svo gladdi hann menn með því að nóg væri framundan:

Og hamingjunni sé lof að enn eiga ungmennafélögin óþrjótandi verkefni er bíða úrlausnar í Þrastaskógi. Þrastaskógur verður ávallt dýrmæt eign sem ungmennafélögin mega ekki vanrækja. Þessi fagri blettur verður annað og meira en afgirtur skógarteigur sem aðeins fáir útvaldir fá inn í að komast. Hann verður að vera miðstöð menningarlífs þess sem ungmennafélögin ávallt eiga að tileinka sér – opinn öllum al-





*Stefán Jasonarson sat lengi í Þrastaskógarnefnd og kom árlega með hóp ungmennafélaga til gróðursetningar í skóginum.*

menningi. Áningarstaður eldri og yngri í leik og starfi.<sup>46</sup>

Nefndin hélt áfram störfum um sinn og lagði fram ýmsar tillögur sem flestar strönduðu á fjárskorti. Á þingi UMFÍ haustið 1971 virðist þolinmæði manna farin að minnka því þá var samþykkt að heimila stjórninni að leita samstarfs við fjársterka aðila um uppbyggingu staðarins gegn afnotarétti í tilskilinn tíma.<sup>47</sup>

Ekki hefur frést af því hvort stjórnin gerði mikla leit að „fjársterkum aðilum“ eða hvort þeir voru á annað borð tagtækir því ekkert heyrðist meira af þessum fyrirætlunum. Um þetta leyti var verið að ganga frá íþróttavellinum og í framhaldi af því var unnið að því að kortleggja allt svæðið í Þrastaskógi. Fyrirtækið Forverk hf. sá um verkið sem hófst árið 1971 og lauk árið eftir. Talið var skynsamlegt að fresta öllum framkvæmdum þar til því væri lokið.<sup>48</sup>

Þar með lauk nefndin störfum og næsta Þrastaskógarnefnd var skipuð 1972. Í henni voru Hafsteinn Þorvaldsson, formaður og Gunnar Sveinsson gjaldkeri UMFÍ ásamt Stefáni Jasonarsyni.<sup>49</sup> Um þetta leyti keypti UMFÍ sumarbústaðinn í Jókugerði af Þórði J. Pálssyni og notaði hann talsvert á næstu árum þegar unnið var í skóginum. Bústaðurinn var lítið timburhús klætt bárujárni og hafði ekki verið mikið í hann borið upp-haflega.

Sumarið 1973 gerðist UMSK leigutaki Þrastalundar og þá notaði Kjalnesingurinn Sigurður Geirdal, framkvæmdastjóri UMFÍ, tækifærið til að hrinda í framkvæmd tilraun með rekstur vinnuskóla í Þrastaskógi. Sigurður dvaldist í Þrastaskógi um fjögurra vikna skeið ásamt konu sinni, Ólafíu Ragnarsdóttur, og hélt fjögur námskeið sem hvert um sig tók viku. Á hverju námskeiði voru um það bil 10 börn sem eyddu dögum í Þrastaskógi í vinnu við skógin, leiki og íþróttir undir stjórn Sigurðar. Börnunum líkaði svo vel að þriðjungur þeirra kom á fleiri en eitt námskeið en ekki varð framhald á þessari starfsemi sökum annríkis Sigurðar.<sup>50</sup>

Enn var skipuð ný nefnd haustið 1979. Formaður hennar var Hafsteinn Þorvaldsson en aðrir nefndarmenn Pálmi Gíslason og Páll Aðalsteinson. Árið 1982 hættu Hafsteinn og Pálmi í nefndinni en í staðinn komu Kristján Jónsson skógarvörður og Böðvar Pálsson á Búrfelli. Páll tók þá að sér formennsku í nefndinni.



*Börn í vinnuskóla Sigurðar Geirdal lagfæra veginn inn í Þrastaskóg sumarið 1973.*





Páll Aðalsteinsson við tiltekt í Þrastaskógi ásamt Gunnari syni sínum.

Nefndarmenn gerðu áætlun um ýmsar lagfæringar en urðu að sníða stakk eftir vexti því ekki voru peningar reiddir í þverpokum frekar en fyrri daginn.<sup>51</sup>

Sumarið 1980 sá Páll Aðalsteinsson um viðhald og umhirðu skógarins en hann var mikill áhugamaður um vöxt og viðgang Þrastaskógar. Það var þó fyrst árið 1981 að aftur var ráðinn skógarvörður í stað Þórðar J. Pálssonar sem hætti 11 árum fyrr. Fyrir valinu varð Kristján Jónsson, fyrrverandi formaður HSK. Kristján bjó á Selfossi og hélt ekki til í skóginum enda var bústaðurinn í Jókugerði orðinn hrörlegur. Kristján endurbætti bústaðinn töluvert og gerði hann íbúðarhæfan. Hann sá um skóginn í aukavinnu og á kvöldin rak hann burtu kindur sem höfðu laumast inn í kjölfar skemmdra girðinga eftir ferðamenn. Kristján lagfærði girðingarnar og smíðaði töluvert af stigum yfir þær þar sem fólkið sótti mest í að klifra yfir. Kristján var skógarvörður fimm sumur, 1981-1984, og svo aftur árið 1987. Ferðamenn sóttu talsvert



Kristján Jónsson skógarvörður.

í skóginn og gengu misjafnlega vel um. Stundum voru þó fáir á ferli því mývargurinn var svo aðgangsharður.

Sumarið 1983 kom Páll Aðalsteinsson formaður Þrastaskógarnefndar í sjálfböðavinnu Kristjáni til aðstoðar til að koma skikki á vatnsmálin. Sett var upp ný rotþró en sú gamla var að hrúni komin. Neysluvatn staðarins var fengið úr Soginu og eftir því sem bústöðum fjölgaði ofan við Þrastalund varð vatnið mengaðra. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands var farið að gera athuga-

semdir og ekki varð undan því vikist að gera eitt-hvað í málinu. Páll fór á stúfana og útvegaði nauðsynleg leyfi og svo var hafist handa. Þeir félagar fengu skurðgröfumann sér til fulltingis og lögðu vatnsleiðslu ofan úr Ingólfsfjalli undir Sogsbrúna og yfir í Þrastalund. Þetta var talsverð vinna og hafði ekki verið nefnt í starfslýsingu Kristjáns upphaflega. Þegar hann spurði Sigurð Geirdal hvort eitthvað yrði greitt fyrir þetta aukalega var framkvæmdastjórinn fljótur til svars: „Þetta tilheyrir skógarvörslunni,“ og svo var málið útrætt.<sup>52</sup>

## Sumarhús Kjalnesinga

Á ársþingi UMFÍ sem haldið var á Þingvöllum í september 1977 var flutt tillaga frá stjórn þess efnis að héraðssamböndin innan UMFÍ stefndu að því að koma upp sumar- og orlofshúsum í Þrastaskógi.<sup>53</sup> Hugmyndin var komin frá Hafsteini Þorvaldssyni, formanni UMFÍ. Hafsteinn dáði þennan stað og vildi auka starfsemi ungmennafélaganna þar. Hann fylgdi hugmyndinni eftir með grein í *Skinfaxa* þar sem hann ræddi um Þrastaskóg og hlutverk hans. Hafsteinn hitti naglann á höfuðið þegar hann lýsti afdrifum flestra hugmynda um framkvæmdir í Þrastaskógi:

Um Þrastaskóg hefur oft verið rætt og ritað. Samþykktir hafa verið gerðar á þingum UMFÍ, nefndir verið skipaðar milli þinga,

jafnt sem á þingunum sjálfum, allt í þeim tilgangi að efla, bæta og nýta þessa eign ungmennafélaganna. Stórhuga áform hafa lítið dagsins ljós, sum þeirra hafa komist svo langt að birtast á prenti, önnur jafnvel örlítið lengra, en flestum er það sam-eiginlegt að hafa kafnað í fæðingunni.

Hinn almáttugi áhrifavaldur þegar stórhuga áform eru annars vegar – fjármagns-skorturinn – hefur átt stærstan þátt í þessari kæfingu, þótt eflaust komi fleira til. Ekki má skilja orð mín svo að ekkert hafi verið gert í Þrastaskógi frá því að hann komst í eigu UMFÍ 1911 en hins vegar er það ljóst að það sem þar hefur verið áorkað hefur að mestu verið bundið atorku og elju einstakra áhugamanna innan hreyfingarinnar sem borið hafa hag skógarins fyrir brjósti frekar en að um samstillt átak heildarinnar hafi verið að ræða.<sup>54</sup>

Hafsteinn mátti trútt um tala því hann var sjálfur einn af þessum mönnum. Síðar í greininni lagði hann fram ýmsar hugmyndir um það sem hægt væri að gera í skóginum án þess að það kostaði mikla fjármuni. Þar var hann fyrst og fremst með í huga vinnuskóla í líkingu við þann sem Sigurður Geirdal starfrækti sumarið 1973. Þar mætti slá tvær flugur í einu höggi. Unglingarnir fengju tækifæri til að vinna starf sem væri metið að verðleikum og skógurinn fengi á sig svip umhirðu og ræktunar.

Hafsteinn taldi að til þess að héraðssamböndin gætu komið á slíkri starfsemi þyrftu þau, hvert og eitt, að eignast



Hafsteinn Þorvaldsson lagði sig allan fram við að auka veg Þrastaskógar.

sitt sumarhús sem komið yrði fyrir á skipulögðu svæði þegar búið væri að samþykkja slíkt skipulag í skóginum. Þá upplýsti Hafsteinn að fyrsta sumarhúsið væri þegar komið í skóginn. Þetta var lítið timburhús sem UMSK hafði fengið að gjöf tveimur árum fyrr frá Ingva Guðmundssyni

húsasmíðameistara „en hafði verið á hrakhólum með endanlega staðsetningu þess.“ Það var sett niður til bráðabirgða rétt fyrir innan Þrastalund en til stóð að flytja það síðar á fyrirhugað svæði sambandanna.<sup>55</sup>

Ekki voru allir sammála þessum hugmyndum. Nokkru síðar kom önnur grein í *Skinfaxa* og var höfundur hennar Þórður J. Pálsson, fyrrverandi skógarvörður í Þrastaskógi. Þórður taldi mjög varhugavert að fara út á þá braut að setja upp fjölda húsa í skóginum. Það myndi raska öllum þeim fallega gróðri sem þar hefði vaxið upp í skjóli friðunar um áratugaskeið. Þórður benti á að gróðurinn í Þrastaskógi væri að mörgu leyti sérstakur og þar væru sjaldgæfar jurtir sem óvída væru til á Íslandi. Sem dæmi nefndi hann að þegar Akureyringar komu sér upp grasagarði hefði komið maður frá þeim í Þrastaskóg til að ná í hjartatvíblöðku því skógurinn væri einn af örfáum stöðum á landinu þar sem hana er að finna. Þórður var því andvígur öllum framkvæmdum sem myndu raska gróðurlífi svæðisins en því var hann vel kunnugur eftir áratuga starf í skóginum.

Þórður var einnig ósáttur við hvernig staðið var að verki við að koma sumarhúsi UMSK fyrir í skóginum. Það var sett niður í grenilund sem félagar í Ungmennafélagi Eyrarbakka gróðursettu vorið 1952 og til þess að koma því fyrir voru söguð niður mörg fjögurra metra há barrtré. Þórður taldi réttara að vinna í því að koma upp aðstöðu við væntanlegan íþróttavöll fremur en dreifa smáhysum um skóginn eins og nú væri byrjað á með sumarhúsi UMSK. Hann lauk máli sínu með þessum orðum:

En umfram allt skemmið ekki gróður sem fórnfúsir ungmennafélagar hafa komið upp í Þrastaskógi á undanförunum áratugum. Þrastaskógur á að vera „gróðurreitur íslenskrar æsku“ en ekki staður fyrir sumarhús sem eitthvert sambandanna í UMFÍ er á hrakhólum með.<sup>56</sup>

Hús Kjalnesinga kom að ágætum notum fyrstu árin eftir að það kom í Þrastaskóg. Páll Aðalsteins-son kom þangað oft um helgar á sumrin með ungl-inga úr félögum UMSK. Hópurinn gisti í húsinu á nóttum en vann í skóginum á daginn undir stjórn Páls. Mikið var unnið við grisjun og hreinsun og til dæmis þurfti að fjarlægja nokkur hundruð rauðgrenitré sem höfðu drepist. Þá gerðist það oft



*Ungir Kjalnesingar við sumarhús sitt í gróðursetningarferð í Þrastaskógi sumarið 1979.*

að Hafsteinn Þorvaldsson birtist með jeppa sinn og kerru og ók ruslinu á haugana.<sup>57</sup>

Sumarið 1979 var að nýju tekið til við trjáplöntun í Þrastaskógi. Þá gróðursettu unglingar úr vinnuskóla Mosfellsuveitar undir stjórn Páls Aðalsteinssonar 2000 birkiplöntur og 600 greniplöntur í skóginum. Þá voru liðin tíu ár frá því síðast var gróðursett þar undir stjórn Þórðar J. Pálssonar.<sup>58</sup> Næstu árin gróðursettu stjórnarmenn UMFÍ og aðrir velunnarar skógarins lítilsháttar af plöntum árlega en árið 1985 var plantað á fimmta þúsund trjám undir stjórn Páls. Þá um sumarið var Sigþór Erlendsson kennari á Selfossi skógarvörður í Þrastaskógi.<sup>59</sup>

Páll Aðalsteinsson tók sjálfur að sér skógarvörsluna árið 1986 og árið eftir var Kristján Jónsson skógarvörður. Bæði árin var nokkuð plantað í skóginum. Skógarvinnan hafði tekið sinn toll hjá Páli sem var ekki heilsuhraustur og baksjúkdómur varð til þess að hann varð að hætta störfum í Þrastaskógi. Eftir það varð minna um skógræktarferðir Kjalnesinga í Þrastaskóg og sumarhúsið lenti smám saman í niðurníðslu. Það er nú talið ónýtt og verður væntanlega rífið innan skamms.<sup>60</sup> Hugmyndin um sumarhúsabyggð héraðssambandanna varð ekki að veruleika enda hætt við að þá yrðu sambandsaðilar í næsta nágrenni einir um hituna en aðrir út undan. Því var fremur horft til þess að reisa eitt rúmgott hús í skóginum og það var meðal þeirra hugmynda sem ræddar voru næstu árin.

## Hugmyndasamkeppni um Þrastaskóg

Á stjórnarfundum UMFÍ sem var haldinn í Vik í Mýrdal í maí 1988 var skipuð ný Þrastaskógarnefnd, sú fimmta í röðinni. Formaður hennar var Sæmundur Runólfsson varastjórnarmaður UMFÍ. Aðrir nefndarmenn voru Finnur Ingólfsson og Egill Heiðar Gíslason. Lengi var búið að ræða um nauðsyn þess að skipuleggja Þrastaskóg og nú fékk nefndin það verkefni að láta til skarar skriða.

Nefndin undirbjó verk sitt mjög ýtarlega og hélt marga fundi með framkvæmdastjórn UMFÍ og fagfólki í skipulagi

landslags. Þá var haldinn fundur með þeim mönnum sem best þekktu til í Þrastaskógi og þeir gáfu góð ráð og bendingar. Ákveðið var að efna til hugmyndasamkeppni um skipulag svæðisins og Arkitektafélag Íslands fengið til að sjá um hana.<sup>61</sup>

Í dómnefndina var skipað einvalalið. Arkitektafélag Íslands tilnefndi arkitektana Gunnar Friðbjörnsson og Bergljótu Einarsdóttur en UMFÍ lagði til Sæmund Runólfsson, Finn Ingólfsson og Hafstein Pálsson. Dómnefndin hélt marga fundi og lagði fram skilyrði sín fyrir þátttakendur. Gert var ráð fyrir að svæðið yrði nýtt til íþróttaiðkunar og útivistar fyrir almenning. Þá var reiknað með húsnæði sem gæti hýst allt að 40 manns á vegum ungmennafélaganna við leiki og störf. Áhersla var lögð á að tekið væri tillit til trjágróðurs og náttúrukosta svæðisins. Þegar farið var að meta tillögurnar var einkum litið til eftirfarandi atriða: Nýtingar svæðisins fyrir útivist og samkomuhald. Staðsetningar og gerðar mannvirkja. Verndunar náttúrlegs umhverfis og aðlögunar bygginga að því. Gerðar göngustíga og akvega um svæðið.<sup>62</sup>

Fjórtán tillögur bárust í samkeppnina sem bar vott um mikinn áhuga landslagsarkitekta. Það var heldur ekki á hverjum degi sem þeim bauðst að skipuleggja ósnortið land á borð við Þrastaskóg. Niðurstaða dómnefndarinnar var lögð fram á þingi UMFÍ í Mosfellsbæ haustið 1989. Þrjár bestu tillögurnar voru verðlaunaðar og ein að auki keypt til hugsanlegra nota. Höfundar fyrstu verðlauna-



tillögunnar voru arkitektarnir Björn Skaptason og Pálmar Kristmundsson. Þar var meðal annars að finna þjónustumiðstöð miðsvæðis, veg þangað meðfram girðingunni og bátabryggju við Álftavatn. Suðurhluti svæðisins var hafður ósnortinn en kerfi vega og göngustíga var vel fyrir komið. Hugmynd að aðaltjaldsvæði þótti góð en dálítið fyrirferðarmikil. Höfundar skýrðu markmið sín á þessa leið:



Við hönnun svæðisins hefur verið sett að markmiði að virða staðhætti svo sem gróður, legu lands gagnvart sólaráttum og hæðarmismun.

Dreifing mannvirkja og skipulagðra svæða miðar að því að takmarka ániðslu lands og gróðurs og stuðla að upplifun Þrastaskógar í vissum skömmtum sem til samans mynda eina heild. Áhersla er lögð á þarfir almennings á öllu svæðinu, að allt svæðið sé opið umferð almennings og hvergi að henni þrengrt.<sup>63</sup>

Strax og hugmyndasamkeppninni lauk var skipuð sjötta Þrastaskógarnefndin og formaður hennar var Finnur Ingólfsson. Nefndin hafði það hlutverk að vinna úr öllum verðlaunatillögum heildstæða áætlun um framkvæmdir í Þrastaskógi. Á sambandsráðsfundi UMFÍ árið 1990 var samþykkt tillaga nefndarinnar að skipulagi Þrastaskógar. Samkvæmt tillögunni var Þrastaskógi skipt í fjögur svæði:

1. Þrastalund.
2. Suðursvæði, sem er landið frá Þrastalundi inn að íþróttavelli.
3. Miðsvæði, sem er íþróttavöllurinn og næsta nágrenni.
4. Norðursvæði, sem er landið norðan íþróttavallarins.<sup>64</sup>

*Dómnefndin sem sá um framkvæmd hugmyndasamkeppninnar um Þrastaskóg ásamt aðstoðarmönnum. Frá vinstri: Auður Sveinsdóttir ráðgjafi nefndarinnar, Egill Heiðar Gíslason ritari nefndarinnar, Bergljót S. Einarsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Finnur Ingólfsson, Gunnar Friðbjörnsson og Sæmundur Runólfsson.*

Því fer fjarri að búið sé að hrinda í framkvæmd öllum þeim hugmyndum sem komu fram í þessari samkeppni enda um risavaxið verkefni að ræða. Sú leið var farin að vinna eftir verðlaunatillögunni stig af stigi og mest áhersla lögð á gerð göngustíga um skóginn til að byrja með.

## Vesturhlíð í Þrastaskógi

Sjöunda Þrastaskógarnefndin hóf störf í apríl 1991 og formaður hennar fyrstu árin var Gunnar Páll Pálsson. Þessi fimm manna nefnd hefur með nokkrum mannbreytingum haldið velli til þessa dags og haft það hlutverk að sjá um framkvæmdir í Þrastaskógi.

Viðmiðun UMFÍ hefur verið sú að nota tekjurnar af Þrastaskógi jafnóðum til uppbyggingar á svæðinu. Þær eru ekki miklar, en árvissar, og nýtast vel ásamt sjálfboðavinnu velunnara staðarins. Skipulagsstofnun ríkisins samþykkti aðalskipulag Þrastaskógar árið 1992 og hefur það síðan verið haft að leiðarljósi.

Strax árið 1992 voru sett upp bílastæði við íþróttavöllinn sem þar með breyttist í tjaldstæði. Þar voru sett upp vatnssalerni og vaskar með rennandi vatni. Um þetta leyti voru trjágreinar sagaðar úr göngustígum svo nú var hægt að ganga hindrunarlaust um skóginn þveran og endilang-





*Tjaldstæðin í Þrastaskógi.*

an.<sup>65</sup> Sumarið 1994 urðu umbætur við tjaldsvæðið. Þar voru settar upp fánastengur og komið fyrir bekkjum, ruslafötum og þessháttar. Gamli skógarvarðarbústaðurinn sem kominn var að fótum fram var rifinn niður og fjarlægður eftir 50 ára dvöl í skóginum. Það verk unnu félagar í Ungmennafélaginu Vesturhlíð í sjálfboðavinnu.<sup>66</sup> Eftir þessa niðurrifsstarfsemi áttu þeir eftir að gera marga uppbyggilega hluti í Þrastaskógi en þetta mátti líka kallast hreinsunarstarf.

Allt frá árinu 1981 hafa skógarverðir starfað í Þrastaskógi á hverju sumri. Árin 1988 til 1989 var Gunnar Guðmundsson frá Selfossi skógarvörður en árið 1990 tók Bryndís Böðvarsdóttir frá Búrfelli við skógarvörslunni. Bryndís gætti skógarins í átta sumur og þótti standa sig með mikilli þryði. Hún fór í gönguferðir um skóginn með hópum gesta og sagði þeim sögu hans í leiðinni. Þetta gerði hún með glæsibrag og átti það eflaust sinn þátt í aukinni aðsókn að tjaldstæðunum. Í skýrslu Bryndísar árið 1996 kemur fram að stærstu hóparnir voru af ýmsum toga: Björgunarsveitir, JC-hreyfingin, Lionsklúbbar, nokkur ættarmót, fimmtugsafmæli, Karlakór Reykjavíkur og harmóníkuunnendur af öllu landinu. Oft var kveiktur varðeldur þegar farið var að skyggja og þá var leitun að rómantískari stað en Þrastaskógi. „Erfitt er að segja til um hvort söngur karlákórsins eða hljómur harmoníkuunnar sé fegurri á þeim stundum,“ sagði Bryndís Böðvarsdóttir.<sup>67</sup>

Þegar Bryndís hætti störfum með eftirsjá

Þrastaskógarnefndar tók Oddur Óskar Kjartansson að sér skógarvörsluna næstu tvö árin, 1998 og 1999. Þá unnu Ragnhildur Magnúsdóttir á Selfossi og Hörður S. Óskarsson fyrrverandi starfsmaður UMFÍ sameiginlega sem skógarverðir í tvö ár. Árið 2002 kom Hans Hilmarsson í Hveragerði til starfa með Herði og 2003 var Pétur Björnsson úr Garðabæ samstarfsmaður hans. Frá 2004 hefur Pétur séð einn um skógarvörsluna. Allir fengu þessir skógarverðir hina bestu umsögn Þrastaskógarnefndar fyrir sín handaverk.

Árið 1990 var hafin gerð svokallaðs Forsetalundar í Jókugerði við hlið gamla skógarvarðarbústaðarins. Hann var síðar fullgerður eftir endalok bústaðarins og í skóginum hafa tveir forsetar landsins, Vigdís Finnbogadóttir og Ólafur Ragnar Grímsson, plantað vöxtulegum trjám. Oddur Hermannsson landslagsarkitekt hefur útfært hugmyndir að lundinum, gróðri umhverfis tjaldstæðin og staðsetningu nýrra tjaldstæða í skóginum.

Þegar Gunnar Páll Pálsson hætti formennsku í Þrastaskógarnefnd árið 1997 tók Þórunn D. Oddsdóttir við í tvö ár. Í nóvember 1999 var Þrastaskógarnefndinni síðan breytt á þá leið að stjórn



*Bryndís Böðvarsdóttir skógarvörður.*

Ungmennafélagsins Vesturhlíðar tók að sér starf nefndarinnar. Strax í upphafi var Einar K. Jónsson formaður Vesturhlíðar kosinn formaður nefndarinnar og hefur verið það síðan. Fulltrúi UMFÍ þennan tíma hefur verið Björn B. Jónsson, skógarverkfræðingur og formaður UMFÍ.



*Einar K. Jónsson formaður Ungmennafélagsins Vesturhlíðar og Björn B. Jónsson formaður UMFÍ á hlaði gamla Þrastalundar.*

Reyndar höfðu félagar í Vesturhlíð séð um umhirðu og rekstur skógarins að miklu leyti frá árinu 1996 svo hér var verið að staðfesta orðinn hlut. Allt frá upphafi félagsins árið 1987 höfðu félagsmenn látið sér annt um Þrastaskóg og unnið þar ýmis handtök.

Nú urðu kaflaskipti í sögu Þrastaskógar því Vesturhlíðingar hafa verið býsna verkadrjúgir undir forystu Einars K. Jónssonar sem hefur leitt starfið af miklum dugnaði. Þeir hafa líka verið duglegir að útvega fjármagn og framlög frá bönkum og sjóðum. Þar með hafa framkvæmdir stóraukist og búið er að gróðursetja og umplanta tugþúsundum trjáplanta frá árinu 1999. Landsvirkjun hefur stutt Þrastaskóg árlega með verkefninu „Margar hendur vinna létt verk.“ Það felst í því að unglingar í sumarvinnu hjá fyrirtækinu koma og vinna við göngustígagerð og hreinsun í skóginum.

Lengi var það vandamál að regnvatn safnaðist fyrir á tjaldstæðinu og stundum urðu gestirnir að flýja skóginn vegna þessa. Nú var gert mikið átak og settar regnvatnslagnir í tjaldstæðið með þeim

árangri að það er þurr og þokkalegt alla daga. Einnig voru veglegar tröppur lagðar að minnisvarða Aðalsteins Sigmundssonar. Þá var settur skjöldur á minnisvarðann með ýtarlegum texta. Forsetalundur var tyrfður og gerður var minningarlundur um Pálma Gíslason – Pálmalundur – þar sem áður voru tjaldstæði í nánd við Þrastalund. Tunnugrill voru sett upp fyrir gesti og öll aðstaða stórbætt. Allir göngustígar hafa verið grjóthreinsaðir og borið í þá kurl og rauðamöl. Göngustígum hafa verið gefin nöfn eftir þeim trjátegundum sem eru ríkjandi í nágrenninu. Til dæmis Asparstígur, Birkistígur, Eikarstígur og svo framvegis.

Árið 2005 lét Þrastaskógarnefnd gera gönguleiðakort fyrir Þrastaskóg þar sem merktir eru allir 13 göngustígar skógarins með vegalengdum, samtals sex kílómetrar og níu metrar. Þar eru merkt flest örnefni skógarins um 50 að tölu en mörg þeirra munu vera gömul. Vellankatla, Smalavík, Kálfagil, Jókuhellir og Raftatangi gefa í skyn fróðlega sögu frá fyrri tíð.

Allt þetta starf hefur skilað sér í því að nú koma 12 til 15 þúsund ferðamenn árlega í Þrastaskóg og dveljast þar um lengri eða skemmri tíma. Áætlað er að gera leiksvæði fyrir börn á nokkrum stöðum í skóginum og leiktæki eru þegar komin sums staðar. Þá er fyrirhugað að koma upp ljósa-staurum og setja upplýsingaskilti á hentuga staði.<sup>68</sup> Þegar þessu er lokið verður náttúruperlan Þrastaskógur orðin útivistarparadís fyrir almenn-ing, en það er lokatakmarkið.

## Þrastalundur hinn nýi

Þegar komið var fram undir síðustu aldamót var orðið aðkallandi að byggja nýtt hús í stað veitingaskálans Þrastalundar sem teljast mátti ónýtur. Á þingi UMFÍ á Laugarvatni haustið 1993 var samþykkt tillaga þar sem stjórn og Þrastaskógarnefnd voru hvött til að halda áfram framkvæmdum samkvæmt skipulagi og „leita leiða til að endurnýja veitingaskálann.“<sup>69</sup> Þær leiðir munu ekki hafa fundist því ekki heyrðist meira af þessu máli um hríð.

Hin kraftmikla Þrastaskógarnefnd Vesturhlíðarmanna sýndi byggingarmálum Þrastalundar mikinn áhuga og nú tók hún frumkvæði í málinu. Á vormánuðum ársins 2000 komu til landsins á þeirra vegum tveir af forystumönnum fyrirtækis í Finnlandi sem framleiðir bjálkahús og skoðuðu



*Þrastalundur hinn nýi.*

aðstæður í Þrastaskógi. Árið eftir kom verðtilboð frá hinum finnsku aðilum í 999 fermetra bjálkahús sem átti að kosta 15,7 milljónir króna. Húsið var hið reisulegasta, byggt í sama stíl og hinn fyrsti Þrastalundur en talsvert stærra. Framleiðendur voru tilbúnir til að lána andvirðið í allt að 40 ár á lágum vöxtum. Þetta tilboð lögðu Vesturhlíðarmenn fyrir stjórn UMFÍ en hún ákvað að ganga ekki að því. Ástæðan var umsagnir íslenskra byggingarmanna sem töldu slík hús ekki henta fyrir íslenskar aðstæður og töluðu þar af reynslu.<sup>70</sup>

En Þrastalundur lagaðist lítið með árunum og á hverju vori var lappað upp á hann svo að dygði til haustsins. Jarðskjálftarnir 17. júní 2000 léku húsið illa og nú var ekki lengur stætt á því að láta við svo búið standa. Þriggja manna byggingarnefnd Þrastalundar hafði starfað frá árinu 1998 undir forsæti Þóris Jónssonar en árið 2002 tók Finnur Ingólfsson við formennskunni og með honum störfuðu Sæmundur Runólfsson og Sigurbjörn Gunnarsson. Síðar bættist Snorri Hjaltason í nefndina og Sigurbjörn tók við formennskunni. Allan tímann starfaði Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ, náið með nefndinni og þegar framkvæmdir hófust varð hann einn af nefndarmönnum.

Nefndin skoðaði ýmsar leiðir í byggingarmálum en niðurstaðan varð alltaf hin sama: Að UMFÍ yrði að standa sjálft fyrir byggingunni. Árið 2003 leituðu nefndarmenn til fjögurra byggingarverktaka og báðu þá að koma með hugmyndir að sem hagkvæmasti byggingu.<sup>71</sup>

Allar voru hugmyndirnar athyglisverðar en þegar búið var að skoða þær ofan í kjölinn kom í ljós að TAP ehf. – Trésmiðja Agnars Péturssonar á Selfossi, var með hagstæðasta tilboðið. Gengið var til samninga við hana og framkvæmdir hófust í nóvember 2003. Nú var loks búið að finna þær leiðir til endurnýjunar sem leitað var árið 1993. Þær reyndust liggja til Landsbanka Íslands sem fjármagnaði bygginguna að stærstum hluta með langtímaláni.

Agnar Pétursson og menn hans brettu upp ermarnar og byggingin reis með undrahræða. Tilboð þeirra var 57 milljónir króna og allir samningar stóðu sem stafur á bók. Byggingarnefndin var afskaplega ánægð með samstarfið og lauk miklu lofsorði á verktakana. Gamli Þrastalundur nýttist sem vinnuskúr um veturinn og var svo fjarlægður vorið 2004 þegar nýja húsið var risið af grunni.

Þrastalundur hinn nýi var vígður við hátíðlega athöfn 12. júní 2004 að viðstöddu fjölmenni.

Veitingahúsið er glæsilegt rúmlega 400 fermetra steinhús og nýtur sín vel á bakka Sogsins. Björn B. Jónsson sagði í vígsluræðu sinni að Þrastalundur hefði útsýni sem fáir staðir gætu státað af. „Vatnið, skógurinn, hraunið, fjallið og kyrrðin ásamt mörgu öðru gera Þrastaskóg að unaðsreit fyrir alla þá sem unna náttúru landsins,“ sagði Björn.

Heiðursgestur vígsludagsins var Hafsteinn Þorvaldsson, fyrrverandi formaður UMFÍ. Veitingasalurinn í Þrastalundi var við þetta tækifæri nefndur Hafsteinsstofa í höfuðið á honum. Björn B. Jónsson sagði að stjórn UMFÍ hefði þótt vel við hæfi að salurinn væri nefndur eftir einum kraftmesta forystumanni UMFÍ. Björn bætti við:

Þegar ég kom í salinn í fyrsta sinn sá ég Hafstein fyrir mér. Hár og bjartur yfirlitum með mikið vísýni, hlýr en þó mest um allt vert, traustur.<sup>72</sup>

Hafsteinn tók snemma ástfóstri við Þrastaskóg og hefur átt þar margar yndisstundir. Hann tók saman sögu staðarins árið 1979 og afhenti síðar höf-

undi þessarar bókar til frjálsrar ráðstöfunar. Sú saga er helsta undirstaða þessarar frásagnar um Þrastaskóg. Hafsteinn hélt merka ræðu vígsludaginn og rakti þessa sögu í örstuttu máli en þar var af miklu að taka. Hafsteinn gerði ekki endasleppt við Þrastalund því föstudaginn 25. júní 2004 var vígt nýtt og glæsilegt píanó í Hafsteinsstofu sem hann gaf staðnum. Hann sagðist hafa saknað þess að ekkert var sungið við opnun Þrastalundar og nú bætti hann úr því með því að taka nokkur lög með gestum.<sup>73</sup>

Rekstur Þrastalundar hefur verið leigður einkaðilum og þar hefur UMFÍ fengið umtalsvert fjármagn til uppbyggingar á staðnum. Fljótlega var gert mikið átak í frágangi umhverfis húsið og gengið frá því á myndarlegan hátt með malbikuðum bílastæðum, hellulögn og fánastöngum þar sem Hvítbláinn blaktir við hún. Þetta glæsilega hús, Þrastalundur, er ungmennafélögum til sóma og nú er sá tími skammt undan að þetta landsvæði standi með þeim fyllstum blóma er Ísland ber í skauti sínu. Þá væri Tryggva Gunnarssyni fullþökkuð gjöfin.



# Tilvísanir

## 1. kafli

- 1 Guðmundur Finnbogason: *Skýrsla um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903-1904*, bls. 33-35.
- 2 Þorsteinn Einarsson: *Félagatal ungmenna- og íþróttafélaga...*, bls. 3,6-3,7.
- 3 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 124.
- 4 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 92.
- 5 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 90-91.
- 6 Hér. Ak. F-1/1. Gjörðabók Umf. Akureyrar 1906-1907.
- 7 *Lög fyrir Ungmennafélag Akureyrarkaupstaðar* 1906, bls. 1.
- 8 Hér. Ak. F-1/1. Gjörðabók Umf. Akureyrar 1906-1907.
- 9 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*; Gísli Halldórsson/Jón M. Ívarsson: *Íslendingar á Ólympíuleikum*, bls. 46-51.
- 10 *Héraðssamband Suður-Þingeyinga*, bls. 110-123.
- 11 *Lög fyrir Ungmennafélag Akureyrarkaupstaðar* 1906, bls. 2. Sjá *Lög „Ungmennafél. Reykjavíkur.“* 1906, bls. 2.
- 12 Hér. Ak. F-1/1. Gjörðabók Umf. Akureyrar 15. mars 1908; *Templar* 18. febrúar 1908, bls. 27.
- 13 *Lög fyrir Ungmennafélagið „Íðunn“* 1908, bls. 3.
- 14 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 92-96.
- 15 Jón M. Ívarsson: *Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006*.
- 16 Lýður Björnsson: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi II*, bls. 154-160.
- 17 Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 31.
- 18 *Fjallkonan* 14. júní 1907, bls. 96. Sjá *Reykjavík* 15. júní 1907, bls. 146.
- 19 Jón M. Ívarsson: *Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006*.
- 20 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 110.
- 21 *Unga Ísland* aukablað ágúst 1907, bls. 69-70.
- 22 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 137; *UMFÍ 1907-1937*, bls. 25.-26.
- 23 *Ísafold* 9. maí 1908, bls. 95; *Norðurland* 16. maí 1908, bls. 160; *Þjóðólfur* 15. maí 1908, bls. 86.
- 24 *Fjallkonan* 3. júlí 1908, bls. 106.
- 25 Þorkell Clementz: „Stjórnarfyrríkomulag UMFÍ.“ bls. 51-52.
- 26 Þorkell Clementz: „Stjórnarfyrríkomulag UMFÍ.“ bls. 51-52.
- 27 Brynleifur Tobiásson: *Hver er maðurinn I*, bls. 297; *Óðinn* mars 1908, bls. 3; *Skinfaxi* 10:1911, bls. 74-75; *Skinfaxi* 2:1971, bls. 5-6.
- 28 Helgi Valtýsson: „Sambandsþing 1911.“ bls. 18-20.
- 29 *Fjórðungsblað Sunnlendingafjórðungs* 25. júlí 1909, bls. 18.
- 30 Skýrslur FS til UMFÍ 1915.
- 31 *Austri* 26. september 1908, bls. 126.
- 32 *Snæfell* 1981, bls. 14.
- 33 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1908-1921, eftirskrift.
- 34 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 11-12.
- 35 Hér. Ís. 138. Gjörðabók FV. 1913-1925; Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1908-21 eftirskrift.
- 36 Hér. Ís. 138. Gjörðabók FV. 1913-1925.
- 37 *Skinfaxi* 2:1914, bls. 28.
- 38 *Skinfaxi* 7:1914, bls. 91-92.
- 39 Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Snorri Sturluson og goðafræðin*, bls. 23-24.
- 40 Helgi Valtýsson: „Til ungmennafélaga Íslands.“ bls. 1.
- 41 *Skinfaxi* 2:1914, bls. 20.
- 42 *Skinfaxi* 5:1914, bls. 69.
- 43 *Skinfaxi* 10:1912, bls. 73-75.
- 44 *Skinfaxi* 7:1913, bls. 50-52.
- 45 *Skinfaxi* 10:1915, bls. 111-113.
- 46 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 175.
- 47 Jón M. Ívarsson: *Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006*.
- 48 *Lög fyrir Samband Ungmennafélaga Íslands* 1911, bls. 7.
- 49 *Skinfaxi* desember 1919, bls. 95.
- 50 Jón M. Ívarsson: *Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006*.
- 51 *Skinfaxi* 12:1918, bls. 93.
- 52 Magnús Jónsson: „Ágrip af sögu bankanna á Íslandi.“ bls. 62.
- 53 Jón M. Ívarsson: *Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006*; *Skinfaxi* 3:1923, bls. 29.
- 54 *Skinfaxi* 10:1922, bls. 80.
- 55 *Skinfaxi* 10:1909, bls. 4.
- 56 Skj. UMFÍ. Kassabók UMFÍ 1911-1937, bls. 1-22.
- 57 Jón M. Ívarsson: *Íþrótt- og ungmennafélagatal á Íslandi 1863-2006*; Skj. UMFÍ. Skýrslur félaga.

- 58 *Skinfaxi* 1:1957, bls. 7; *Skinfaxi* 5-6:1974, bls. 27-28; Andrés Kristjánsson: *Íslenskir kaupfélagsstjórnar 1882-1977*, bls. 42; Lbs. 2759, 4to. *Skinfaxi*, handskrifað blað Umf.R. 1908-1918.
- 59 *Norðurland* 17. ágúst 1907, bls. 204.
- 60 Guðmundur Hjaltason: *Æfisaga*, bls. 308.
- 61 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1908-1921.
- 62 Guðmundur Hjaltason: *Æfisaga*; *Skinfaxi* 6:1922, bls. 42-43; Bragi Jóseppson: *Lýðskólamaðurinn Guðmundur Hjaltason og ritverk hans*, bls. 7-17. Einnig á forsiðu rits Braga.
- 63 *Dagskrá* 13. mars 1897, bls. 251-252.
- 64 *Dagskrá* 3. ágúst 1897, bls. 114.
- 65 *Fáninn*, bls. 28-30.
- 66 Einar Benediktsson: „Til fánans.“ bls. 31-33.
- 67 Jón Emil Guðjónsson: *Hvitbláinn*, bls. 8.
- 68 Hér. Ak. F-1/1. Gjörðabók Umf. Akureyrar 1906-1907.
- 69 *Skinfaxi* 1:1953, bls. 18-19.
- 70 *Norðurland* 23. maí 1907, bls. 161.
- 71 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 25.
- 72 *Vísir* 13.-15. júní 1913; *UMFÍ 1907-1937*, bls. 26-27.
- 73 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 94-95.
- 74 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 95.
- 75 Lbs. 2759, 4to. *Skinfaxi*, handskrifað blað Umf. Reykjavíkur, 1. mars 1908.
- 76 *Templar* 25. júlí 1906, bls. 55.
- 77 Hér. Ak. F-1/1. Gjörðabók Umf. Ak. 28. október 1906; Hér. Ak. F-1/2. Gjörðabók Umf. Ak. 22. september 1907. Guðmundur var mágur Jóhannesar Jósefssonar.
- 78 *Templar* 27. maí 1908; *Templar* 7. júní 1924.
- 79 Gunnar Benediktsson: *Stiklað á stóru*, bls. 37.
- 80 *Byggðir Eyjaflarðar* I, bls. 269.
- 81 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga.
- 82 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 229-230; Gunnar Halldórsson, Skeggjastöðum. Viðtal 1. maí 1992.
- 83 *Ungmennasamband Skagaflarðar 50 ára*, bls. 12; *Héraðssamband Suður-Pingeyinga*, bls. 15.
- 84 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1924-1963, bls. 130.
- 85 *Ársrit UMSE 1962*, bls. 8.
- 86 Gils Guðmundsson: „Rán eða ræktun...“ bls. 143-168.
- 87 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 127.
- 88 Lbs. 2759, 4to. *Skinfaxi*, handskrifað blað Umf. Reykjavíkur.
- 89 *Sambandslög Ungmennafélaga Íslands 1907*.
- 90 *Lög Ungmennafélags Íslands 1975*.
- 91 Ólafur Þ. Kristjánsson: *Kennaratal á Íslandi* I, bls. 401-402; *Skinfaxi* 1909-1922; Guðjón Friðriksson: *Með sverðið í annarri hendi og plóginn í hinni*. Guðjón Friðriksson: *Dómsmála-ráðherrann*; Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld*, bls. 110-139.
- 92 Hermann Jónasson: *Þegnaskylduvinna*, bls. 1 og 27.
- 93 *Skinfaxi* 4:1911, bls. 26.
- 94 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1908-1921.
- 95 Guðmundur Davíðsson: „Enn um þegnaskylduna og ungmennafélögin.“ bls. 92.
- 96 *Stjórnartíðindi* 1941 A, bls. 86-87.
- 97 Páll J. Árdal: *Ljóðmæli, gömul og ný*, bls. 106; Hermann Jónasson: *Þegnaskylduvinna*, bls. 17.
- 98 Hér. Ak. F-1/1. Gjörðabók Umf. Akureyrar 1906-1907.
- 99 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga árin 1913, 1915 og 1916.
- 100 *Viljinn* fjölritað blað Umf. Samhygðar, aukablað 1973, bls. 8; Viðtal við Magnús Guðmundsson.
- 101 Lbs. 2759, 4to. *Skinfaxi* 3. bók 1912-1914.
- 102 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga 1913-1993.
- 103 *UMSB 80 ára 1992*, bls. 18.
- 104 *Sambandslög Ungmennafélaga Íslands 1907*.
- 105 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1908-1921.
- 106 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1908-1921.
- 107 Lbs. 2759, 4to. *Skinfaxi* 1. bók 1906-1909. 24. febrúar til 28. apríl 1907.
- 108 Tryggvi Þórhallsson: „Að fegra og hreinsa móðurmálið.“ bls. 2-3.
- 109 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 228.
- 110 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 328.
- 111 Hér. Skag. Skýrslur félagsins til SMFS 1911-1918.
- 112 *Byggðir Eyjaflarðar* I, bls. 233.
- 113 Skj. UMFÍ. Skýrslur félaganna til UMFÍ 1915.
- 114 Skj. UMFÍ. Skýrsla Umf. Baldurs til UMFÍ 1916.
- 115 *Skinfaxi* 9:1910, bls. 69.
- 116 *Íslensk fornrit* I, bls. 5.
- 117 Björn B. Jónsson. Viðtal 14. september 2007.
- 118 *Fjallkonan* 3. júlí 1908, bls. 106.
- 119 Helgi Valtýsson: *Litill leiðarvísir í skógrækt*, bls. 11.
- 120 *Skinfaxi* 2:1909, bls. 16.
- 121 Guðmundur Davíðsson: *Skógræktarrit*, bls. vii.
- 122 Skj. UMFÍ. Bréf Umf. Gnúpverja 29. maí 1910.
- 123 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 175-176.
- 124 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga 1912-1994.
- 125 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 277.
- 126 Geir Sigurðsson: *Minningar frá morgni aldar*, bls. 127-128.
- 127 Hér. Árn. Fundargerðabók Umf. Samhygðar 21. júní 1944.

- 128 Hér. Árn. Starfsskýrsla Umf. Samhygðar 1944.
- 129 Jón M. Ívarsson: Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006.
- 130 *Skinfaxi* 1:1909; *Skinfaxi* 3:1909; *Skinfaxi* 4:1910; *Skinfaxi* 11:1910; Greinar Helga Valtýssonar.
- 131 *Skinfaxi* 8:1911, bls. 59.
- 132 *Skinfaxi* 1:1912, bls. 3.
- 133 *Skinfaxi* 11:1913, bls. 88; *Skinfaxi* 12:1913, bls. 96.
- 134 *Skinfaxi* 10:1914, bls. 123-124.
- 135 *Skinfaxi* 12:1915, bls. 133-134.
- 136 Steinn Steinarr: *Kvæðasafn og greinar*, bls. 129.
- 137 *Skinfaxi* 9:1916, bls. 112.
- 138 *Héraðssamband Suður Þingeyinga*, bls. 88-90; Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 43.
- 139 *Skinfaxi* 3:1916, bls. 29.
- 140 *Skinfaxi* 7:1918, bls. 55-56.
- 141 *Skinfaxi* 12:1922, bls. 92-93.
- 142 Gils Guðmundsson: *Íþróttasamband Íslands 75 ára*, bls. 77-79.
- 143 *Skinfaxi* 2-3:1967, bls. 23.
- 144 Árni Sveinsson: „Frá vordegi ungmennafélaganna.“ bls. 43.
- 145 Hér. Árn. Gjörðabók Umf. Baldurs 16. ágúst 1908.
- 146 Hér. Árn. Gjörðabók Umf. Biskupstungna 1909.
- 147 *Skinfaxi* 2:1911, bls. 12-13.
- 148 *Ungmennafélagið Brúin 70 ára*, bls. 55.
- 149 Jón Sigurðsson: „Ungmennasamband Skagafjarðar 50 ára.“ bls. 12-13.
- 150 *Skinfaxi* 10:1913, bls. 76.
- 151 Hér. Hús. Gjörðabók SÞU 1915-1925.
- 152 *Bóndi er bústólpi* III, bls. 306.
- 153 *Skinfaxi* 8:1931, bls. 157-158.
- 154 Þorsteinn Einarsson: *Drög að sögu íslenskra íþróttar*, bls. 7.
- 155 *Sundbók ÍSÍ*, formáli.
- 156 *Skinfaxi* 11:1913, bls. 85.
- 157 Lárus J. Rist: *Synða eða sökkva*, bls. 182-185.
- 158 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga 1908-1932.
- 159 *Betur má ef duga skal*. Bæklingur um vígslu sundskálans 1. ágúst 1909.
- 160 Lbs. 2759, 4to. *Skinfaxi* 22. júní 1910.
- 161 Lbs. 485, fol. Gjörðabók Umf.R 7. maí 1918.
- 162 *Ísafold* 3. ágúst 1910, bls. 194.
- 163 *Ísafold* 17. ágúst 1910, bls. 206.
- 164 UMFÍ 1907-1937, bls. 303-304; *Viljinn* blað Umf. Mýrahrepps 2:1962, bls. 15.
- 165 UMFÍ 1907-1937, bls. 55.
- 166 UMFÍ 1907-1937, bls. 16-20 og 331.
- 167 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga 1915-1920; UMFÍ 1907-1937.
- 168 *Ársskýrsla UMSB 2001*, bls. 41.
- 169 Snorri Sigurðsson, Borgarnesi. Bréf 28. september 2006.
- 170 *Suðurland* 14. maí 1980.
- 171 Sigurgeir Ingólfsson í Hlíð. Viðtal 26. september 2006.
- 172 *Norðanfari* 29. apríl 1875, bls. 48.
- 173 *Dagskrá* 3. ágúst 1897, bls. 114.
- 174 *Suðurland* 14. júlí 1910, bls. 19.
- 175 Ingimar Jóhannesson: *Skarphéðinn 1910-1950*, bls. 267-272.
- 176 UMFÍ 1907-1937, bls. 98.
- 177 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 128.
- 178 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 131.
- 179 *Norðri* 15. janúar 1908, bls. 9.
- 180 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 145.
- 181 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 149-150.
- 182 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 140-154.
- 183 Jón M. Ívarsson: Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006.
- 184 *Skinfaxi* 6:1911, bls. 43.
- 185 Hér. Ís. 151. Skýrsla ritara UMFÍ 1908-1911.
- 186 Hér. Ís. 151. Skýrsla ritara UMFÍ 1908-1911; Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1908-1921.
- 187 *Birkibeinar* júní 1912, 41-43.
- 188 Skj. ÍSÍ. Gjörðabók ÍSÍ 28. janúar 1912, ljósrit.
- 189 Guðmundur Björnsson: „Íþróttir á Íslandi.“ bls. 19.
- 190 *Sydsvenska dagbladet* 8. júlí 1912; *Aftonbladet* 8. júlí 1912.
- 191 Gísli Halldórsson: *Íslendingar á Ólympíuleikum*, bls. 56-67.
- 192 Skj. UMFÍ. Þingskjal nr. 16 á þingi UMSK 1923.
- 193 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 4. og 6. júlí 1922; *Skinfaxi* 9:1922, bls. 72.
- 194 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 11. maí 1923.
- 195 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 1918-1924.
- 196 Skj. UMFÍ Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 16.-19. júní 1924.
- 197 *Morgunblaðið* 2. júní 1982, bls. 56-57; *Skinfaxi* 2:1982, bls. 9; *Tíminn*, 7. febrúar 1920.
- 198 Jónas Þorbergsson: „Heimboð vestan um haf.“ bls. 82.
- 199 Guðjón Arngrímsson: *Annað Ísland*, bls. 213-215.
- 200 Viðar Hreinsson: *Andvökuskáld*, bls. 104-107.
- 201 Jónas Þorbergsson: „Heimboð vestan um haf.“ bls. 83.
- 202 *Skinfaxi* 12:1916, bls. 140.
- 203 Viðar Hreinsson: *Andvökuskáld*, bls. 231.
- 204 Viðar Hreinsson: *Andvökuskáld*, bls.
- 205 *Skinfaxi* 10:1917, bls. 76.
- 206 Vigfús Guðmundsson: „Minningar.“ bls. 77-79.
- 207 Skoðað 12. ágúst 2005; Bjarni Guðráðsson í Nesi Reykholtssdal. Viðtal 12. ágúst 2005.
- 208 *Byggðir Eyjafjarðar I*, bls. 309.

- 209 Skoðað 31. júlí 2005.
- 210 Guðni Halldórsson: „Ófeigur í Skörðum fer í bíó.“ bls. 123-152.
- 211 Skýrsla Umf. Baldurs til UMFÍ 1932.
- 212 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 223.
- 213 Jón Eiríksson: „Brautarholtsskóli sextugur,“ bls. 75-81.
- 214 *Sunnlenskar byggðir V*, bls. 428.
- 215 Jón M. Ívarsson: *Spor ungmennafélaga*, bls. 35.
- 216 Jón M. Ívarsson: *Spor ungmennafélaga*, bls. 36.
- 217 Finnboogi Jónsson: „Ungmennafélagið Vísir í Múlasveit.“ bls. 228-252.
- 218 Björn Pálsson: „Hveragerði ...“ bls. 9-62. Síðar Hótel Hveragerði.
- 219 *Byggðir og bú Suður-Pingeyinga 1985*, bls. 569.
- 220 Jón M. Ívarsson: *Spor ungmennafélaga*, bls. 37.
- 221 *Suðurland* 14. júlí 1910, bls. 19.
- 222 *Ungmennafélagið Einingin 110 ára*, bls. 5.
- 223 Hjördís Kristjánsdóttir: „Ungmennafélagið Einingin 100 ára.“ bls. 64.
- 224 Svanhvít Ingvarsdóttir: „Gamla fundarhúsið við Grásiðu.“ bls. 151-152.
- 225 Páll Lýðsson: *Ungmennafélag Selfoss 40 ára*, bls. 20.
- 226 *Ungmennafélagið Brúin 70 ára*, bls. 67-68.
- 227 Þórður Kárason: „Húsið á blettinum.“ bls. 16.
- 228 Sigurjón Einarsson: *Undir hamrastáli*, bls. 126-127.
- 229 Arndís G. Jakobsdóttir: „Leikstarfsemi á vegum Aftureldingar.“ bls. 42.
- 230 Ingibjörg Dagsdóttir: „Holl og göfgandi verkefni til hagsbóta fyrir land og lýð.“ bls. 19.
- 231 Arndís G. Jakobsdóttir: „Leikstarfsemi á vegum Aftureldingar.“ bls. 44.
- 232 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 207.
- 233 *Tindastóll* 1:1960, bls. 9.
- 234 *Ungmennafélagið Tindastóll 1907-1982*, bls. 24.
- 235 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 322.
- 236 Helgi J. Halldórsson: *Ungmennafélag Reykdæla 75 ára*, bls. 52-57.
- 237 Helgi Valtýsson: „Skautfími.“ bls. 10.
- 238 Helgi Valtýsson: „Skautfími.“ bls. 11.
- 239 *Skinfaxi* 4:1913, bls. 31.
- 240 Lbs. 2759, 4to. Guðmundur Davíðsson: „Skíðabrautin og Umf.R.“ *Skinfaxi* 22. maí 1912.
- 241 Lbs. 2764, 4to. Gjörðabók Umf.R 20. nóvember 1922; *UMFÍ 1907-1937*, bls. 71-72.
- 242 Haraldur Sigurðsson: *Skíðakappar fyrr og nú*, bls. 101-115; *Skinfaxi* 2:1915, bls. 23.
- 243 Hér. Ak. F-1/2. Fundargerðabók Umf. A 10. og 24. mars 1912.
- 244 *Skinfaxi* 4:1914, bls. 56.
- 245 Haraldur Sigurðsson: *Skíðakappar fyrr og nú*, bls. 114.
- 246 *Skinfaxi* 5:1914, bls. 67.
- 247 Ingimar Jóhannesson: *Skarphéðinn 1910-1950*, bls. 42-45.
- 248 Hér. Ak. F-1/2 Gjörðabók Umf. A 20. mars 1909, 13. febrúar 1910, 6. janúar 1911, 24. febrúar 1911, 5. maí 1912, 1. júní 1913, 19. október 1913, annan í páskum 1914.
- 249 Jón M. Ívarsson: Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006; *Skinfaxi* 5:1929, bls. 68.
- 250 *Skinfaxi* 3:1927, bls. 73.
- 251 *Skinfaxi* 3:1928, bls. 39-40; *Skinfaxi* 6:1928, bls. 90.
- 252 Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld*, bls. 81-85.
- 253 *Skinfaxi* 7:1928, bls. 107.
- 254 *Skinfaxi* 4:1927, bls. 129-139.
- 255 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 59.
- 256 *Skinfaxi* 7:1930, bls. 156.
- 257 *Skinfaxi* 7:1924, bls. 52-53.
- 258 *Skinfaxi* 2:1925, bls. 2.
- 259 *Skinfaxi* 5:1928, bls. 66.
- 260 *Skinfaxi* 8:1929, bls. 125.
- 261 *Skinfaxi* 2:1936, bls. 114-115.
- 262 *Skinfaxi* 12:1910, bls. 93.
- 263 Guðmundur Jónsson frá Mosdal: „Heimilisiðnaður.“ bls. 98.
- 264 Magnús Jónsson: *Alþingishátíðin 1930*, bls. 368-369.
- 265 Halldóra Bjarnadóttir: „Heimilisiðnaður. Landsýningin 1930.“ bls. 53.
- 266 *Morgunblaðið* 2.-8. apríl 1932.
- 267 Þórhallur Björnsson: „Heimboð og heimsóknir,“ bls. 3.
- 268 Friðrik A. Friðriksson: „Um höfundinn.“ bls. ix-xxii.
- 269 Þórhallur Björnsson: „Heimsókn og hugleiðingar.“ bls. 135.
- 270 *Skinfaxi* 2:1935, bls. 137.
- 271 *Skinfaxi* 2:1939, bls. 167.
- 272 *Skinfaxi* 1-2:1943, bls. 5-11; Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 335 og 223-230.
- 273 *Skinfaxi* 1-2:1943, bls. 13.
- 274 Skj. UMFÍ. Kassabók UMFÍ 1911-1137, bls. 8; Gjörðabók sambandsþinga 1914. Tekjur UMFÍ voru kr. 805,20 en ferðakostnaður fulltrúa nam 466,45 krónum.
- 275 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1917.
- 276 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 24. júní 1908.
- 277 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 20.-24. júní 1908.
- 278 *Pinggerð Sambands UMFÍ 1924*, bls. 1-9.
- 279 *Pinggerð 7. sambandsþings Ungmennafélaga Íslands árið 1927*, bls. 16.



- 280 *Skinfaxi* 3:1927, bls. 75.
- 281 Þinggerð sambandsþings Ungmennafélaga Íslands 1929.
- 282 *Skinfaxi* 7:1930, bls. 155-156.
- 283 *Þinggerð 10. sambandsþings ungmennafélaga Íslands árið 1933*, bls. 16-17.
- 284 *Þinggerð 11. sambandsþings ungmennafélaga Íslands árið 1936*, bls. 12.
- 285 *Skinfaxi* 2:1936, bls. 110.
- 286 *Þinggerð 12. sambandsþings ungmennafélaga Íslands árið 1938*, bls. 14.
- 287 *Skinfaxi* 2:1909, bls. 15.
- 288 *Skinfaxi* 1:1912, bls. 3.
- 289 *Skinfaxi* 3:1916, bls. 28.
- 290 *Skinfaxi* 6:1916, bls. 71-73.
- 291 *Skinfaxi* 4:1917, bls. 25-26.
- 292 *Skinfaxi* 9:1919, bls. 65.
- 293 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 12 desember og 28. desember 1921.
- 294 Ólafur Þ. Kristjánsson: *Kennaratal á Íslandi I*, bls. 237; Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 27. maí 1923.
- 295 *Skinfaxi* 4:1925, bls. 118-119.
- 296 *Hagskinna*, bls. 85.

## 2. kafli

- 1 *Ísafold* 19. júní 1907, bls. 165.
- 2 *Fjallkonan* 26. júní 1908, bls. 103.
- 3 *Norðurland* 19. júní 1909, bls. 96.
- 4 *Norðurland* 10. júlí 1909, bls. 107.
- 5 *Vísir* 20. júní 1911, bls. 85.
- 6 Hér. Árn. Gjörðabók Umf. Samhygðar 5. júní 1911.
- 7 *Þinggerð 11. þings UMFÍ* 13-14. júní 1936, bls. 23.
- 8 Aðalsteinn Sigmundsson o.fl.: *17. júní*, bls. 1-31.
- 9 Guðmundur Ingi Kristjánsson: *17. júní 1941*, bls. 5.
- 10 *Skinfaxi* 1:1944, bls. 8-33.
- 11 Eiríkur J. Eiríksson: „Ísland frjálst.“ bls. 5.
- 12 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1908-1921.
- 13 Páll Lýðsson: *Sigurður Greipsson og Haukadals-skólinn*, bls. 21-69.
- 14 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1924-1963, bls. 129.
- 15 Páll Lýðsson: *Sigurður Greipsson og Haukadals-skólinn*, bls. 151.
- 16 Hér. Árn. Nemendatal Haukadals-skóla; Páll Lýðsson/Jón M. Ívarsson: *Sigurður Greipsson og Haukadals-skólinn*, bls. 180.
- 17 Skj. ÍSÍ. Skýrslur aðildarfélaga til ÍSÍ 1920-1938.
- 18 Aðalsteinn Sigmundsson: „Íþróttalögin.“ bls. 25.
- 19 *Skinfaxi* 1:1936, bls. 1-2.
- 20 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 14. júní 1936.
- 21 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1940. A-deild*, bls. 69-73.
- 22 *Skinfaxi* 1:1945, bls. 12; *Hagskinna*, bls. 85.
- 23 *Skinfaxi* 2:1944, bls. 109-111.
- 24 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 11. mars 1949; Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 30. júní 1949.
- 25 Gunnar Ólafsson: „Þjálfun íþróttamanna.“ bls. 149-150.
- 26 *Skinfaxi* 1941, bls. 40.
- 27 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 8. febrúar 1941.
- 28 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 4. júlí 1946.
- 29 *Árbók íþróttamanna 1946-1947*, bls. 39-57.
- 30 *Skinfaxi* 2:1946, bls. 77.
- 31 *Árbók íþróttamanna 1943-1950*.
- 32 *Skinfaxi* 2:1945, bls. 122-130.
- 33 *Skinfaxi* 2:1946, bls. 135.
- 34 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga 1938-1969; Þorsteinn Einarsson: *Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1983*, bls. 3-13.
- 35 Skj. UMFÍ. Skýrsla Umf. Neista 1944.
- 36 *Skinfaxi* 10:1913, bls. 76.
- 37 *Skinfaxi* 9:1914, bls. 119.
- 38 *Norðri* 26. júní 1915, bls. 55.
- 39 Hér. Árn. Steindór Björnsson: Skrifleg skýrsla um héraðsmótið 1926.
- 40 Hér. Árn. Mótabók Skarphéðins 1923-1948.
- 41 *Árbók íþróttamanna 1946-1951*.
- 42 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga 1930-1969; Þorsteinn Einarsson: *Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1983*, bls. 35-38.
- 43 *Skinfaxi* 2:1909, bls. 10.
- 44 *UMFÍ 1907-1937*, bls. 228.
- 45 Eysteinn Hallgrímsson: *Íþróttir í Umf. Geisla 1908-1968*, bls. 11.
- 46 Eysteinn Hallgrímsson: *Geisli*, bls. 37.
- 47 *Þróttur* apríl 1921, bls. 64.
- 48 Gestur Kristjánsson. Viðtal 16. ágúst 2007.
- 49 Hér. Árn. Starfsskýrslur Umf. Samhygðar. 1940-1955; *Suðurland* 19. nóvember 1955.
- 50 *Skinfaxi* 6:1921, bls. 24.
- 51 *Skinfaxi* 1:1927, bls. 32.
- 52 *Skinfaxi* 1: 1937, bls. 87.
- 53 Skj. ÍSÍ. Skýrslur félaga til ÍSÍ 1937.
- 54 Skj. UMFÍ. Þorsteinn Einarsson: Greinargerð um íþróttir og UMFÍ, bls. 30.
- 55 Skj. UMFÍ. Umburðarbréf ÍSÍ 17. apríl 1946.

- 56 Eiríkur J. Eiríksson: „Afmælishugleiðingar.“ bls. 81.
- 57 Skj. UMFÍ. Umburðarbréf ÍSÍ 17. apríl 1946.
- 58 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 5. júlí 1946.
- 59 Skj. UMFÍ. Bréf UMFÍ til ÍSÍ 15. febrúar 1951.
- 60 Gíls Guðmundsson: *Íþróttasamband Íslands 75 ára*, bls. 120.
- 61 *Skinfaxi* 2:1954, bls. 75-78.
- 62 *Ársskýrsla ÍSÍ 1941-1942*, bls. 26-28.
- 63 Jón M. Ívarsson: Íþrótt- og ungmennafélagatal á Íslandi 1863-2006.
- 64 Gísli Halldórsson arkitekt. Viðtal 1. júlí 2005.
- 65 Gísli Halldórsson. Viðtal 3. janúar 2007.
- 66 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 4. júlí 1946.
- 67 *Skinfaxi* 2:1947, bls. 140-141.
- 68 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 30. júní 1949.
- 69 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1. júlí 1949.
- 70 Gjörðabók Umf. Njarðvíkur 27. maí 1951 í vörslu félagsins.
- 71 *Þinggerð Héraðsþings Skarphéðins 1955*, bls. 18.
- 72 *Þinggerð 34. þings UMSK 1957*, bls. 21.
- 73 Skj. UMFÍ: Gjörðabók UMFÍ 18. september 1958.
- 74 *Þinggerð Héraðsþings Skarphéðins 1959*, bls. 25.
- 75 *Aðalfundargerð HSP 1959*, bls. 6.
- 76 *Aðalfundargerð HSP 1956*, bls. 6.
- 77 *Þinggerð Héraðsþings Skarphéðins 1960*, bls. 14.
- 78 Wiehe, Jörgen: „Handritadeilan séð frá dönskum sjónarhóli.“ bls. 8.
- 79 *Jensen, Jens Marinus*: „Íslensku handritin.“ bls. 78.
- 80 Bjarni M. Gíslason: „Handritin og danska þjóðargjöfin.“ bls. 28-29.
- 81 *Tíminn* 17. janúar 1987, bls. 12-14; *Skinfaxi* 2:1930, bls. 32.
- 82 *Morgunblaðið* 17. janúar 1987, bls. 50. Frásögn séra Guðmundar Óla Ólafssonar.
- 83 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 18. júní 1924.
- 84 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 15. júní 1927.
- 85 *Árbók Héraðssamb. Skarphéðins 1928*, bls. 7.
- 86 Þorkell Jóhannesson: „Um rannsóknir á íslenskri menningar- og hagsögu.“ bls. 59.
- 87 *Skinfaxi* 3:1930, bls. 68.
- 88 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 25. júní 1943.
- 89 Kristján Eldjárn: „Örnefnaskráning U.M.F.“ bls. 37.
- 90 Kristján Eldjárn: „Nokkrar leiðbeiningar um örnefnasöfnun.“ bls. 45-51.
- 91 Jónína Hafsteinsdóttir: „Starf örnefnasafnarans.“ Nefnir, vefrit Örnefnastofnunar Íslands, skoðað 23. október 2006.
- 92 Skj. Örnefnastofnunar. Örnefnasafn Skeiðahrepps skráð af Jóni Eiríkssyni.
- 93 Skj. Örnefnastofnunar. Örnefnasafn Villingaholtsahrepps skráð af Sigurði Guðmundssyni.
- 94 Stefán Jasonarson í Vorsabæ. Viðtal 1. maí 1980.
- 95 Skj. Örnefnastofnunar. Örnefni í Norðfjarðarhreppi. Skráð árið 1931 af Eyþóri Þórðarsyni.
- 96 Jón Eiríksson í Vorsabæ. Viðtal 22. október 2006.
- 97 Skj. Örnefnastofnunar. Örnefnasafn Hrunamannahrepps skráð af Ingimundi Einarssyni.
- 98 Tómas Guðmundsson: *Fagra veröld*, bls. 98-99.
- 99 Reynir Reimarsson. Viðtal 25. júlí 2005. Reynir hefur búið í bragganum áratugum saman.
- 100 Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsgoga*, bls. 17-18.
- 101 Bragi Benediktsson í Grímstungu. Viðtal 30. júlí 2005. Bragginn stendur ennþá sem vélageymsla.
- 102 Kjartan Lárusson í Austurey. Viðtal 8. september 2005; *Öldin okkar 1951-1960*, bls. 54.
- 103 Hreppsækur Þverárhrepps í vörslu Agnars Levýs í Hrisakoti.
- 104 Sigurður Norland: *Nokkur kvæði og vísur*, bls. 116.
- 105 Agnar Levý, Hrisakoti. Viðtal 7. maí 2006.
- 106 *Ungmennafélag Njarðvíkur 40 ára 1984*.
- 107 Sigtryggur Þorsteinsson á Þorsteinsstöðum. Viðtal 5. maí 2006.
- 108 *Skýrsla íþróttanefndar ríkisins fyrir tímabilið 1946-1949*, bls. 25-26.
- 109 Þ.Í. Mmrn. 1991 DA/32. Reikningar Félagsheimilasjóðs.
- 110 Jón M. Ívarsson: *Gísli Halldórsson, minningar, menn og málefni*, bls. 143-144.
- 111 Friðrik G. Olgeirsson: *Langnesinga saga* II, bls. 113-114.
- 112 Þórarinn Guðvarðsson á Minnirreykjum. Viðtal 3. ágúst 2005.
- 113 Óli E. Björnsson: *Hólmavíkurbók*, bls. 71-72 og 198-199.
- 114 *Skinfaxi* 2:1946, bls. 145.
- 115 Hér. Árn. Gjörðabækur Umf. Samhygðar.
- 116 Þ.Í. Mmrn. 1991 DA/8: Bréf Sigurðar Blöndals 29. október 1957.
- 117 Þ.Í. Mmrn. 1991 DA/8: Bréf Sigurðar Blöndals 29. desember 1959.
- 118 Þ.Í. 1991 DA/8: Gögn Félagsheimilasjóðs.
- 119 Eysteinn Jónsson: „Formáli.“ bls. 5-7.
- 120 *Hagskinna*, bls. 81. Árið 1950 voru íbúar sveitarinnar 256; Skj. UMFÍ. Félagar Samhygðar 1950 voru 96 talsins.

- 121 Hér. Árn. Ársskýrsla Umf. Samhygðar 1949 í gjörðabók félagsins.
- 122 Stefán Jasonarson. Viðtal 26. maí 1980.
- 123 *Ráðstefna Fjörðungssambands Norðurlands*, bls. 1-12.
- 124 *Stjórnartíðindi 1950 B-deild*, bls. 599. Reglur um félagsheimili Austra í Eskifirði. Samhljóða ákvæði er að finna í reglugerðum tólf félagsheimila í *Stjórnartíðindum 1951-1974 B-deild*.
- 125 Böðvar Pálsson í Búrfelli. Viðtal 5. maí 2006.
- 126 *Tíminn* 16. júlí 1959, bls. 3.
- 127 Böðvar Pálsson. Viðtal 5. maí 2006.
- 128 Þ.Í. Mmrn. 1991 DA/41. Bréf húsnefndar Hnitbjarga.
- 129 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 1938-1947, bls. 5 og 25.
- 130 *Skinfaxi* 1:1941, bls. 43.
- 131 Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 287.
- 132 Helgi Konráðsson: „Um leiklist á Sauðárkróki.“ bls. 46.
- 133 *Ársskýrsla UMFÍ 1959*, bls. 2.
- 134 *Skinfaxi* 2:1960, bls. 57.
- 135 *Ársskýrsla UMFÍ 1967*, bls. 10; *Ársskýrsla UMFÍ 1969*, bls. 17.
- 136 Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 291-292.
- 137 Sigurbjörg Hreiðarsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir: *Á fjöllumum*, bls. 5.
- 138 Sigurbjörg Hreiðarsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir: *Á fjöllumum*, bls. 5-12.
- 139 Sigurbjörg Hreiðarsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir: *Á fjöllumum*, bls. 11.
- 140 Sigurður R. Guðmundsson. Viðtal 20. febrúar 2007.
- 141 *Viljinn* 1:1962, bls. 7. Viðtal við Valdimar Örnólfsson.
- 142 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1963.
- 143 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 2. apríl 1964.
- 144 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 5. nóvember 1964.
- 145 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 19. febrúar 1965; *Hagskinna*, bls. 610.
- 146 *Ársskýrsla UMFÍ 1969*, bls. 16-17.
- 147 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 12. febrúar 1969.
- 148 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 25. júní 1943.
- 149 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1940.
- 150 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1943.
- 151 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1946.
- 152 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1949.
- 153 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1952.
- 154 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1955.
- 155 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1957.
- 156 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1959.
- 157 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1961.
- 158 *Morgunblaðið* 10. september 1963, bls. 22.
- 159 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1963.
- 160 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1965.
- 161 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1967.
- 162 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 1969.
- 163 *Skýrsla UMFÍ 1937*.
- 164 *Skýrsla UMFÍ 1947*.
- 165 *Dreifibréf UMFÍ* 1. október 1940.
- 166 Skj. UMFÍ: Skýrslur félaga til UMFÍ 1937.
- 167 Skj. UMFÍ. Skýrslur félaga til UMFÍ 1957.
- 168 *Skinfaxi* 11:1911, bls. 82-84.
- 169 *Skinfaxi* 1:1925, bls. 15-16; Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 264.
- 170 Sigurður Greipsson: „Noregsförin 1925.“ bls. 94.
- 171 Guðbjörn Guðmundsson: „Noregsför ungmennafélaga.“ bls. 67-68.
- 172 Haukur Jörundsson: „Norges Ungdomslag 50 ára.“ bls. 88.
- 173 Eiríkur J. Eiríksson: „Noregsför vorið 1947.“ bls. 68-96.
- 174 Skj. UMFÍ. Stefán Runólfsson: Skýrsla til UMFÍ um heimsókn finnska þjóðdansaflokksins sumarið 1951.
- 175 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 1947-1963, bls. 3.
- 176 Sjödin, Eric H.: *NSU 1946-1986*, bls. 16-28.
- 177 Jensen, Jens Marinus: *Ad nordlige veje*, bls. 74-76.
- 178 Daníel Ágústínusson: „Æskulýðsmótið að Krogurup.“ bls. 89-93.
- 179 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1. júlí 1949, bls. 302.
- 180 Grímur Norðdahl á Úlfarsfelli. Viðtal 17. október 1991.
- 181 Stefán Ólafur Jónsson: „Norræna æskulýðsvikan 1952.“ bls. 103.
- 182 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 3. október 1952.
- 183 Guðjón Jónsson: „Norræna æskulýðsmótið á Laugarvatni 1954.“ bls. 104.
- 184 Guðjón Jónsson: „Norræna æskulýðsmótið á Laugarvatni 1954.“ bls. 97-107.
- 185 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 1. apríl 1959.
- 186 *Skinfaxi* 1:1954, bls. 4-12.
- 187 Sjödin, Eric H.: *NSU 1946-1986*, bls. 89-92.
- 188 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 15. júní 1938.
- 189 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 1. október 1951.
- 190 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 18. október 1954 og 11. mars 1956.
- 191 Eysteinn Þorvaldsson. Viðtal 8. janúar 2007.
- 192 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 6. september 1965.
- 193 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 12. júní 1967 og 28. sept. 1967.
- 194 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 9. febrúar 1968.
- 195 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 30. maí 1968, 21. júní 1968 og 8. janúar 1969.

- 196 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 12. febrúar 1969.  
 197 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 22. júní 1969, bls. 65.  
 198 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 11. október 1969.  
 199 Jón M. Ívarsson: Íprótta- og ungmennafélagatal á Íslandi 1863-2006.  
 200 *Hagskinna*, bls. 85.

### 3. kafli

- 1 *Samtíðarmenn*, bls. 273; Hafsteinn Þorvaldsson, Selfossi. Viðtal 18. jan. 2007; *Mbl*. 22. des. 2006.
- 2 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 6. mars 1970.
- 3 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 18. janúar 2007.
- 4 *Skinfaxi* 2:1987, bls. 29.
- 5 Sigurður Geirdal: „Haldið vökunni, ungmennafélagar.“ bls. 21.
- 6 *Skinfaxi* 2:1957, bls. 53.
- 7 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 22. júní 1969, bls. 65.
- 8 Skj. UMFÍ. Reglugerð um Félagsmálaskóla UMFÍ 1. febrúar 1970.
- 9 *Skinfaxi* 1:1970, bls. 7.
- 10 *Skinfaxi* 1:1970, bls. 6.
- 11 *Fundargerð Sambandsráðsfundar 1970*, bls. 26.
- 12 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 3.
- 13 *Skinfaxi* 6:1970, bls. 5-7.
- 14 *Skinfaxi* 1:1973, bls. 5.
- 15 *Skinfaxi* 1:1973, bls. 6-7.
- 16 *Skinfaxi* 3:1974, bls. 5-7; Guðmundur Guðmundsson, Selfossi. Viðtal 19. maí 2007.
- 17 *Skinfaxi* 1:1975, bls. 5-6.
- 18 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 12. febrúar 1982.
- 19 Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir: *Stelpan frá Stokkseyri*, bls. 64.
- 20 *Ársskýrsla UMFÍ 1977-1979*, bls. 12.
- 21 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 1. mars 2007.
- 22 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 26. júní 1969.
- 23 Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 84.
- 24 Skj. UMFÍ. Skýrsla Hafsteins Þorvaldssonar 20. maí 1969.
- 25 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 27. ágúst 1969.
- 26 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 9. janúar 1970.
- 27 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 1.
- 28 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 29. júní 1970.
- 29 Jón M. Ívarsson: Íprótta- og ungmennafélagatal á Íslandi 1863-2006.
- 30 *Skinfaxi* 4:1970, bls. 13-16.
- 31 *Ársskýrsla UMFÍ 1969-1971*, bls. 17.
- 32 *Snæfell* 1979, bls. 11-12.
- 33 *Snæfell* 1979, bls. 12; Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 18. janúar 2007.
- 34 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 17.
- 35 *Þinggerð HSP 1970*, bls. 1; Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 18. janúar 2007.
- 36 *Skinfaxi* 2:1987, bls. 30.
- 37 *Morgunblaðið* 7., 10. og 13. desember 2004; Jóhann Geirdal. Viðtal 22. janúar 2007.
- 38 Andrés Arnalds: „Landgæði á Íslandi fyrr og nú.“ bls. 13.
- 39 Aðalsteinn Sigmundsson: „Landvörn.“ bls. 87-89.
- 40 *Skinfaxi* 4:1966, bls. 11-12.
- 41 *Skinfaxi* 2-3:1967, bls. 10.
- 42 *Ársskýrsla UMFÍ 1969*, bls. 12-13.
- 43 Guðjón Ingimundarson: „Æska og ábyrgð.“ bls. 5-6.
- 44 *Skinfaxi* 6:1969, bls. 5-6.
- 45 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 5.
- 46 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 5.
- 47 *Skinfaxi* 2:1972, bls. 11.
- 48 *Ársskýrsla HSK 1969*, bls. 8.
- 49 Sveinbjörn Dagfinnsson: „Rausnarleg gjöf.“ bls. 175-178.
- 50 Sveinn Runólfsson: „Landgræðslustörf áhugafélks.“ bls. 197-199.
- 51 *Vasasöngbókin*, bls. 189.
- 52 Hafsteinn Þorvaldsson: „Vasasöngbókin.“ bls. 5.
- 53 *Fjórðungsblað Sunnlendingafjórðungs* september 1909, bls. 21.
- 54 *Söngvar handa ungmennafélögum Íslands*.
- 55 *Skinfaxi* 4:1915, bls. 46; *Söngvar handa ungmennafélögum Íslands*.
- 56 *Skinfaxi* 5:1916, bls. 61.
- 57 *Skinfaxi* 5:1916, bls. 62.
- 58 *Vasasöngbókin* [1946].
- 59 Hafsteinn Þorvaldsson: „Vasasöngbókin.“ bls. 5-6.; Hafsteinn Þorvaldsson: „Formáli.“ bls. 4-5.
- 60 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 2. júlí 1965, bls. 12.
- 61 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 18. desember 1966.
- 62 *Ársskýrsla UMFÍ 1967*, bls. 9.
- 63 Viðar Hreinsson: *Saga Landsmóta*, bls. 289.
- 64 *Skinfaxi* 4:1968, bls. 14.
- 65 *Skinfaxi* 3:1969, bls. 18-19.
- 66 *Skinfaxi* 4-5:1969, bls. 30-31.
- 67 *Ársskýrsla UMFÍ 1979*, bls. 28.
- 68 *Þinggerð UMFÍ 1979*, bls. 7.
- 69 *Ársskýrsla UMFÍ 1965*, bls. 7.
- 70 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 12.
- 71 *Ársskýrsla UMFÍ 1975*, bls. 27-29.
- 72 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 18. janúar 2007.
- 73 *Ársskýrsla UMFÍ 1975*, bls. 28-29.
- 74 *Skinfaxi* 4:1976, bls. 17-18.
- 75 *Ársskýrsla UMFÍ 1979*, bls. 36.
- 76 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 6. september 1959, bls. 422.
- 77 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 5. desember 1960.



- 78 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 18. mars 1961.
- 79 Sigurður Helgason: „För til Vejle“ bls. 14-20.
- 80 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsráðsfunda 6. september 1964, bls. 37.
- 81 *Ársskýrsla UMFÍ 1965*, bls. 7.
- 82 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 2. júlí 1965, bls. 11.
- 83 *Þinggerð UMFÍ 1967*, bls. 11.
- 84 *Fundargerð 17. Sambandsráðsfundar 1970*, bls.
- 85 Sigurður Geirdal: „Danmerkurferð UMFÍ.“ bls. 34-37.
- 86 *Skinfaxi 3:1972*, bls. 6.
- 87 *Skinfaxi 3:1973*, bls. 16-19.
- 88 *Samþykktir 28. Sambandsþings UMFÍ 1973*, bls. 3.
- 89 *Skinfaxi 5:1981*, bls. 17; *Skinfaxi 4:1982*, bls. 16-17.
- 90 *Skinfaxi 4:1982*, bls. 16.
- 91 *Ársskýrsla UMFÍ 1987*, bls. 21.
- 92 *Skinfaxi 3:1976*, bls. 7-9.
- 93 *Skinfaxi 4:1985*, bls. 6.
- 94 *Ársskýrsla UMSK 1985*, bls. 20.
- 95 *Skinfaxi 4:1990*, bls. 33; *27. Sambandsráðsfundur UMFÍ 1990*, bls. 17.
- 96 *Þinggerð UMFÍ 1973*, bls. 9.
- 97 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 24. júní 1973.
- 98 Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 325.
- 99 *Skýrsla sambandsráðsfundar UMFÍ 1982*, bls. 13.
- 100 *Ársskýrsla UMFÍ 1993*, bls. 73.
- 101 Sigurður Þorsteinsson. Viðtal 13. febrúar 2007.
- 102 *Ársskýrsla UMFÍ 1997*, bls. 47; Sigurður Þorsteinsson. Viðtal 12. febrúar 2007.
- 103 *Skinfaxi 9-12:1920 og 1-2:1921*.
- 104 Bjarni Guðmundsson: *Halldór á Hvanneyri*, bls. 30; *Alþingismannatal 1845-1995*, bls. 272.
- 105 Lárus J. Rist: *Synda eða sökka*, bls. 143.
- 106 *Þinggerð UMFÍ 1975*, bls. 7 og 17.
- 107 *Stjórnartíðindi 1977*, bls. 105-107. Lög um Skálholtsskóla.
- 108 *Ársskýrsla UMFÍ 1979*, bls. 12.
- 109 *Skinfaxi 3:1979*, bls. 5-9.
- 110 Jón G. Guðbjörnsson, Lindarhvoli. Viðtal 15. febrúar 2007.
- 111 *Stjórnartíðindi 1993 A-deild*, bls. 104. Lög um Skálholtsskóla.
- 112 Jón G. Guðbjörnsson. Viðtal 15. febrúar 2007.
- 113 *Hagskinna*, bls. 610; Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 69-70.
- 114 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 24. október 1943.
- 115 *Skýrsla UMFÍ 1946-1948*, bls. 7.
- 116 *Hagskinna*, bls. 610; Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 70.
- 117 *Ársskýrsla UMFÍ 1969*, bls. 1-2; *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 1; *Ársskýrsla UMFÍ 1979*, bls. 7.
- 118 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 1. mars 2007.
- 119 *Ársskýrsla UMFÍ 1969*, bls. 17.
- 120 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 7-9 og 28.
- 121 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 3. janúar 1976.
- 122 *Ársskýrsla UMFÍ 1985*, bls. 62; *Fréttabréf UMFÍ 1:1987*, fylgibréf.
- 123 Jón M. Ívarsson: *Gísli Halldórsson*, bls. 236.
- 124 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 5. okt., 16. nóv. og 30. nóv. 1976.
- 125 *Skinfaxi 7:1924*, bls. 53.
- 126 *Skinfaxi 3:1927*, bls. 74.
- 127 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 25. júní 1933.
- 128 *Skinfaxi 2:1936*, bls. 109-110.
- 129 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 28. júní 1957.
- 130 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 29. desember 1958.
- 131 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 16. febrúar 1959.
- 132 Skj. UMFÍ. Fundargerð ritnefndar 31. júlí 1959; Gjörðabók sambandsþinga 6. september 1959.
- 133 *Skinfaxi 2-3:1967*, bls. 13.
- 134 *Skinfaxi 5-6:1974*, bls. 20.
- 135 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 6. júlí 1976.
- 136 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 3. júlí 1977; *Þinggerð UMFÍ 1977*, bls. 9.
- 137 *Vísir 4. júní 1963*, bls. 12
- 138 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 1. mars 2007.
- 139 *Þjóðviljinn 13. júní 1973*, bls. 9.
- 140 *Tíminn 13. júní 1973*, bls. 17.
- 141 *Vor í dal*, skýrsla framkvæmdanefndar UMFÍ.
- 142 *Þinggerð UMFÍ 1938*, bls. 11-12.
- 143 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 21. júní 1940.
- 144 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 18. janúar 2007.
- 145 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 29. mars 1965; *Ársskýrsla UMFÍ 1965*, bls. 1.
- 146 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 1.
- 147 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 28. júní 1957.
- 148 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 15. janúar 1971.
- 149 *Þinggerð UMFÍ 1977*, bls. 9.
- 150 *Ársskýrsla UMFÍ 1979*, bls. 46.
- 151 *Skinfaxi 1:1978*, bls. 8.
- 152 *Skinfaxi 3:1978*, bls. 22-25.
- 153 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ. Fundur framkvæmdastjórnar 4. júlí 1978.
- 154 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 6. nóvember 1978.
- 155 *Skinfaxi 5:1978*, bls. 4-5.
- 156 Esther Óskarsdóttir á Selfossi. Viðtal 23. janúar 2007.
- 157 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 2-3.

- 158 *Skinfaxi* 3:1974, bls. 4; *Skinfaxi* 4:1974, bls. 5-9.
- 159 *Ársskýrsla UMFÍ* 1973, bls. 2; Skj. UMFÍ, Gjörðabækur framkvæmdastjórnar 1973-1976; Sigurveig Stefánsdóttir. Viðtal 21. maí 2007.
- 160 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 19. mars 1974.
- 161 *Þinggerð UMFÍ* 1977, bls. 5.
- 162 Lilja Steingrimsdóttir í Reykjavík. Viðtal 21. maí 2007.
- 163 Guðlaug Ásbjörnsdóttir í Reykjavík. Viðtal 21. maí 2007.
- 164 Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands*, bls. 5-6; *Ársskýrsla UMFÍ* 1979, bls. 7.
- 165 *Ársskýrsla UMSK* 1966, bls. 18.
- 166 *Reikningar UMSE* 1969.
- 167 *Ársskýrsla UMSB* 1975, bls. 1.11.
- 168 *Reikningar HSH* 1973.
- 169 *Ársskýrsla HSH* 1991, bls. 3.
- 170 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga. Árið 1961 voru félagsmenn HSP 868 en HSK 1884.
- 171 *Starfskýrsla HSP* 1963-64, bls. 5.
- 172 *Ársrit UMSE* 1964 [1963], bls. 2.
- 173 Sveinn Jónsson á Kálfsskinni. Viðtal 7. apríl 2007; *Ársrit UMSE* 1962-1976.
- 174 Viðar Hreinsson: *Saga Landsmóta; Skinfaxi* 4:1989, bls. 6.
- 175 *Ársskýrsla HSK* 1967, bls. 4.
- 176 *Ársskýrsla UMSK* 1971-1973.
- 177 *Ársskýrsla UMSK* 1980, bls. 2.
- 178 *Ársskýrsla UMSK* 1981, bls. 7-8.
- 179 *Ársskýrslur UMSK* 1982-1993.
- 180 *Ársskýrsla USÚ* 1978, bls. 3.
- 181 *Ársskýrslur USAH* 1975-1977.
- 182 *Skinfaxi* 2:1981, bls. 23.
- 183 *Ársskýrsla UMSS* 1992, bls. 11.
- 184 Skj. UMFÍ. *Ársskýrslur félaga* 1964.
- 185 Björgvin Guðmundsson: „Ávarp.“ bls. 3.
- 186 *Afmælisblað UBK* 1960, bls. 13.
- 187 *Ársskýrsla Breiðabliks* 1979.
- 188 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 1. mars 2007.
- 189 Páll Lýðsson: *Umf. Selfoss 40 ára afmælisrit*, bls. 148-149.
- 190 Páll Lýðsson: *Umf. Selfoss 40 ára afmælisrit*, bls. 152-153.
- 191 Skj. UMFÍ. *Ársskýrsla Umf. Selfoss* 1965.
- 192 Skj. UMFÍ. *Ársskýrsla Umf. Selfossi* 1979.
- 193 *Ársskýrsla Umf. Selfoss* 1972, bls. 2-3.
- 194 Skj. UMFÍ: *Skýrslur ungmennafélaga* 1969.
- 195 Skj. UMFÍ: *Skýrslur ungmennafélaga* 1979.
- 196 *Ársrit UMSE* 1967, bls. 5.-6.
- 197 *Ársrit UMSE* 1968, bls. 5.-6.
- 198 *Ársskýrsla HSK* 1968, bls. 6 og 36; *Hagskinna*, bls. 611.
- 199 *Ársskýrsla HSP* 1969, bls. 10.-11.
- 200 *Ársskýrslur USVH* 1978-1990; *Húni* 1978-1991.
- 201 *Ársskýrsla USAH* 1970, bls. 2.
- 202 *Ársskýrsla UMSB* 1981, bls. 1.22 og 3.6.
- 203 *Ársrit ÚÍA* 1978, bls. 10.-11.
- 204 *Snæfell* 1980, bls. 32.
- 205 *Ársrit ÚÍA* 1987, bls. 7.
- 206 *Ársrit UMSE* 1971-1972, bls. 4.
- 207 *Ársskýrsla HSK* 1973, bls. 8.
- 208 *Ársrit HSP* 1987, bls. 24-25.
- 209 *Ársskýrsla HSK* 2003, bls. 16.
- 210 *Morgunblaðið* 3. ágúst 1960, bls. 12.
- 211 Árni Björnsson: „Þjóðminningardagar.“ bls. 138.
- 212 *Morgunblaðið* 3. ágúst 1960.
- 213 *Morgunblaðið* 9. ágúst 1961, bls. 1.
- 214 *Morgunblaðið* 9. ágúst, bls. 23.
- 215 *Tíminn* 9. ágúst 1961, bls. 1.
- 216 *Tíminn* 3. ágúst 1962, bls. 1.
- 217 *Ársrit UMSE* 1964, bls. 4; *Tíminn* 5. ágúst 1964, bls. 15.
- 218 *Ársrit UMSE* 1969, bls. 5.
- 229 *Ársskýrsla HSP* 1972, bls. 6.
- 220 *Morgunblaðið* 8. ágúst 1984, bls. 46; *Ársrit HSP* 1973-1984.
- 221 *Ársskýrsla UMSB* 1967, bls. 5.
- 222 *Vísir* 8. ágúst 1967, bls. 2 og 10.
- 223 *Vísir* 5. ágúst 1969, bls. 1; *Morgunblaðið* 6. ágúst 1969, bls. 10-11; *Hagskinna*, bls. 610.
- 224 *Morgunblaðið* 6. ágúst 1969, bls. 11.
- 225 *Ársskýrslur UMSB* 1972-1988.
- 226 *Morgunblaðið* 4. ágúst 1965, bls. 8.
- 227 *Morgunblaðið* 8. ágúst 1984, bls. 70.
- 228 *DV* 14. júlí 2001, bls. 23.
- 229 *Morgunblaðið* 8. ágúst 1984, bls. 70.
- 230 *Morgunblaðið* 3. ágúst 1988, bls. 69.
- 231 Sveinbjörn Grétarsson. Viðtal 18. apríl 2007.
- 232 Kristján Viðar Haraldsson: *Útihátíð*.
- 233 *Morgunblaðið* 9. ágúst 1972, bls. 14.
- 234 *Skinfaxi* 6:1981, bls. 9-10.
- 235 *Alþýðublaðið* 2. ágúst 1973, baksíða.
- 236 *Alþýðublaðið* 3. ágúst 1973, baksíða.
- 237 *Alþýðublaðið* 8. ágúst 1973, bls. 1.
- 238 *Ársskýrsla HSK* 1984, bls. 10.
- 239 *Ársskýrsla UMSK* 1984, bls. 2.
- 240 *Ársrit UMSE* 1962, bls. 8.
- 241 *Röðull* 1:1936, bls. 1.
- 242 *Viljinn* 1962-1965; Bergur Torfason á Ísafirði. Viðtal 1. maí 2007.
- 243 Ingimar Jóhannesson: *Skarphéðinn 1910-1950*.
- 244 *Héraðssamband Suður-Þingeyinga*.
- 245 *Skinfaxi* 5-6:1974, bls. 29.
- 246 *Fréttabréf UMFÍ* 3:1992.
- 247 *Snæfell* 1979, bls. 4.
- 248 *Húnavaka* 1961-2006; Stefán Á. Jónsson á Kagaðarhóli. Viðtal 11. apríl 2007.

## 4. kafli

- 1 *Morgunblaðið* 29. júlí 2001, bls. 34-35; 1. ágúst 2001, bls. 36-38; Stella Guðmundsdóttir, Heydal, *Viðtal* 19. apríl 2007.
- 2 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 21. október 1979.
- 3 *Skinfaxi* 1:1980, bls. 7.
- 4 *Skinfaxi* 1:1980, bls. 7.
- 5 *Ársskýrsla UMFÍ 1981*, bls. 15.
- 6 *Ársskýrsla UMFÍ 1981*, bls. 15; *Skinfaxi* 5:1980, bls. 17; *Þríhyrningur*. Göngulýsing UBH 1980.
- 7 Skj. UMFÍ: Skýrsla Umf. Þróttar um göngudaginn 1980; Kolbrún Þórarinsdóttir, Reykjavík. *Viðtal* 26. apríl 2007.
- 8 Skj. UMFÍ: Skýrslur Umf. Stafholtstungna og Dagsbrúnar af göngudeginum 1980.
- 9 *Skinfaxi* 5:1981, bls. 7.
- 10 *Skinfaxi* 3:1982, bls. 6-7.
- 11 Skj. UMFÍ: Skýrsla Umf. Dögunar Fellsströnd um göngudaginn 1983.
- 12 *Ársskýrslur UMFÍ 1982-1992*.
- 13 *Ársskýrsla UMFÍ 2001*, bls. 53.
- 14 *Lög UMFÍ 1907*.
- 15 *Pinggerð UMFÍ 1975*, bls. 11.
- 16 Skj. UMFÍ. Auglýsingaherferð UMFÍ 1976.
- 17 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 25. maí 1976
- 18 Sæmundur Runólfsson, Reykjavík. *Viðtal* 25. mars 2007.
- 19 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 12. febrúar 1982.
- 20 *Eflum íslenskt*. Kynningarblað UMFÍ júní 1982, bls. 2.
- 21 Skj. UMFÍ. Skýrsla UMFÍ um herferðina 1982
- 22 *Skinfaxi* 3:1982, bls. 9.
- 23 *Morgunblaðið* 13. júlí 1982, bls. 16; *Ársskýrsla UMFÍ 1985*, bls. 30.
- 24 Skj. UMFÍ. Bréf stjórnar UMFÍ til sýnenda á Iðnsýningu 2. september 1983.
- 25 *Ársskýrsla UMFÍ 1985*, bls. 30.
- 26 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 6. nóvember 1979.
- 27 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 2. 12. 1980; *Ársskýrsla UMFÍ 1981*, bls. 7.
- 28 *Ársskýrsla UMSK 1981*, bls. 8; *Ársskýrsla UMSK 1982*, bls. 10.
- 29 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 21. ágúst og 31. okt. 1984.
- 30 *Fundargerð Sambandsráðsfundar 1984*, bls. 7; Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 9. nóv. 1984.
- 31 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 10. og 12. desember 1984.
- 32 *Ársskýrsla UMSK 1984*, bls. 2
- 33 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 13. feb. 1985.
- 34 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 21. ágúst 1985.
- 35 *Pinggerð UMFÍ 1985*, bls. 20.
- 36 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 24. febrúar 1986.
- 37 *Ársskýrsla UMFÍ 1987*, bls. 14.
- 38 *Ársskýrsla USÚ 1986*, bls. 7.
- 39 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 19. apríl 1986 og 23. janúar 1987; Gjörðabók framkvæmdastjórnar 5. mars 1986.
- 40 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 27. janúar 1987.
- 41 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 23. janúar 1987.
- 42 *Ársskýrsla UMFÍ 1987*, bls. 10.
- 43 *Skinfaxi* 1:1988, bls. 6.
- 44 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 31. ágúst 1989.
- 45 Sigurður Þorsteinsson. *Viðtal* 8. maí 2007; Helgi Gunnarsson. *Viðtal* 10. maí 2007.
- 46 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 30. september 1980.
- 47 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 18. nóvember 1986.
- 48 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 7. ágúst 1986.
- 49 Sigurður Þorsteinsson. *Viðtöl* 9. og 17. maí 2007.
- 50 *Ársskýrslur UMFÍ 1986-1992*.
- 51 *Skinfaxi* 6:1987, bls. 22.
- 52 *Skinfaxi* 6:1987, bls. 24; *Ársskýrsla UMFÍ 1988*, bls. 29.
- 53 *Skinfaxi* 5:1987, bls. 5.
- 54 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 24. febrúar 1987; *Morgunblaðið* 15. júlí 1987, bls. 55.
- 55 *Fréttabréf UMSS* 1:1973.
- 56 *Fréttabréf UMFÍ* [án titils] 18. nóvember 1985.
- 57 *Fréttabréf UMFÍ* 2:1997.
- 58 *Fréttabréf UMFÍ* 7:1991.
- 59 *Skinfaxi* 3:1989, bls. 6; *Ársskýrsla UMFÍ 1989*, bls. 20-21.
- 60 Matthías Lýðsson: „Af jörðu ertu kominn.“ bls. 35.
- 61 *Fundargerð Sambandsráðsfundar 1990*, bls. 9.
- 62 *Skinfaxi* 3:1991, bls. 9; Skj. UMFÍ. Skýrsla Guðrúnar Sveinsdóttur 1991.
- 63 *Pinggerð UMFÍ 1975*, bls. 16.
- 64 *Skinfaxi* 1:1984, bls. 18-19.
- 65 Gunnar Sveinsson, Keflavík. *Viðtal* 6. maí 2007.
- 66 *Skinfaxi* 3:1987, bls. 30; *Ársskýrsla UMFÍ 1987*, bls. 34.
- 67 *Pinggerð UMFÍ 1991*, bls. 7.
- 68 *Breiðablik 30 ára*, bls. 55-57.
- 69 Gunnar R. Magnússon, Kópavogi. *Viðtal* 26. maí 2007.
- 70 *Hagskinna*, bls. 77-84; Jón M. Ívarsson: Íþrótt og ungmennafélagatal 1863-2006.

- 71 *Skinfaxi* 1:1988, bls. 7; *Skinfaxi* 3:1988, bls. 26.
- 72 Sigurður Þorsteinsson. Viðtal 9. maí 2007.
- 73 *DV* 14 desember 1988, bls. 41.
- 74 *DV* 16. desember 1988, bls. 33.
- 75 *DV* 19. desember 1988, bls. 32.
- 76 *Stofnfundargerð Fjölnis* 11. febrúar 1988; *Ársskýrsla Fjölnis 2005*.
- 77 *Ársskýrsla UFA 2006*, bls. 1-10.
- 78 *Ungmennafélagið Óðinn. Tíu ára afmælisblað 1999*, bls. 9 og 19.
- 79 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 19. febrúar 1991; *Skinfaxi* 1:1991, bls. 32.
- 80 *Ungmennafélagið Glói 10 ára 1994-2004*.
- 81 *Ársskýrsla ÍSÍ 1972*, bls. 41-42; *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 25.
- 82 *Ársskýrsla ÍSÍ 1972*, bls. 41-47.
- 83 *Ársskýrsla UMFÍ 1972-1986*.
- 84 *Þinggerð ÍSÍ 1984*, bls. 17.
- 85 *Fundargerð Sambandsstjórnarfundar ÍSÍ 1987*, bls. 5.
- 86 *Ársskýrsla ÍSÍ 1986*, bls. 125 og 150-151.
- 87 *Þinggerð UMFÍ 1987*, bls. 15 og 21-23.
- 88 *Ársskýrsla UMSB 1987*, bls. 24; *Ársskýrsla UMSB 1988*, bls. 2-20.
- 89 *Ársskýrsla HSH 1987*, bls. 2-3.
- 90 *Ársskýrsla HSK 1987*, bls. 2.
- 91 *Ársskýrsla UÍA 1987*, bls. 12.
- 92 *Ársskýrsla UMSE 1987*, bls. 3.
- 93 *Ársskýrsla USVS 1987*, bls. 2.
- 94 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 20. október 1987; *Ársskýrsla UMFÍ 1987*, bls. 51.
- 95 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 20. nóvember 1987.
- 96 *Tíminn* 20. nóvember 1987, bls. 7.
- 97 Sigurður Þorsteinsson. Viðtal 9. maí 2007.
- 98 *Þinggerð UMFÍ 1989*, bls. 16.
- 99 *Ársskýrsla HSS 1990*, bls. 1.
- 100 Sæmundur Runólfsson. Viðtal 10. maí 2007.
- 101 *Þinggerð UMFÍ 1999*, bls. 37-38.
- 102 *Skinfaxi* 1:1943, bls. 14.
- 103 *Skinfaxi* 1:1943, bls. 14-17; *Hagskinna*, bls. 610.
- 104 *Ársskýrsla UMFÍ 1967*, bls. 11.
- 105 *Ársskýrsla UMFÍ 1989*, bls. 50.
- 106 *Þinggerð UMFÍ 1987*, bls. 23.
- 107 *Ársskýrsla UMFÍ 1989*, bls. 49.
- 108 *Ársskýrsla UMFÍ 1991*, bls. 51.
- 109 *Ársskýrsla UMFÍ 1991-2006*.
- 110 Skj. UMFÍ. Gjörðabækur stjórnar 1987-2007.
- 111 *Fréttabréf UMFÍ* 5:1990.
- 112 *Þinggerð UMFÍ 1991*, bls. 19.
- 113 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 28. mars 1992; *Ársskýrsla UMFÍ 1993*, bls. 18; *Skinfaxi* 4:1992, bls. 34.
- 114 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 18. ágúst 1992; *Ársskýrsla UMSK 1992*, bls. 15.
- 115 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 11. janúar 1996.
- 116 *Ársskýrsla UMFÍ 1995*, bls. 8.
- 117 *Skinfaxi* 1:1980, bls. 3.
- 118 Ásta Katrín Helgadóttir. Viðtal 30. maí 2007.
- 119 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 27. febrúar 1985.
- 120 *Ársskýrsla UMFÍ 1984*, bls. 5.
- 121 *Ársskýrsla UMFÍ 1988*, bls. 7.
- 122 Þórir Haraldsson. Bréf 1. júní 2007.
- 123 *Ársskýrsla UMFÍ 1993*, bls. 13.
- 124 *Ársskýrsla UMFÍ 1993*, bls. 13; Sigurður Þorsteinsson. Bréf 21. maí 2007.
- 125 *Ársskýrsla HSK 1987*, bls. 2.
- 126 *Ársskýrsla UMFÍ 1994*, bls. 11.
- 127 *Fréttabréf UMFÍ* 1995 og 1996.
- 128 *Ársskýrsla UMFÍ 1993*, bls. 13.
- 129 Gunnar Kristjánsson, Grundarfirði. Viðtal 28. maí 2007.
- 130 *Ársskýrsla UMFÍ 1980*, bls. 4.
- 131 *Skinfaxi* 1:1986, bls. 3-5.
- 132 *Skinfaxi* 3:1986, bls. 3.
- 133 *Ársskýrsla UMFÍ 1987*, bls. 28; Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 15. janúar 1988.
- 134 *Skinfaxi* 5:1988, bls. 6.
- 135 *Skinfaxi* 5-6:1989, bls. 9.
- 136 *Þinggerð UMFÍ 1989*, bls. 11-12.
- 137 *Fréttabréf UMFÍ* 1:1990, bls. 4.
- 138 *Skinfaxi* 1-4:1990.
- 139 *Fréttabréf UMFÍ* 7:1992, bls. 4; *Ársskýrsla UMFÍ 1992*, bls. 6.
- 140 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 5. febrúar 1993; Gjörðabók framkvæmdastjórnar 24. jan. 1994.
- 141 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 4. júní 1996; *Hæstaréttardómar 1996*, bls. 1945-1954.
- 142 *Skinfaxi* 4:1992, bls. 5.
- 143 Jóhanna Sigþórsdóttir, Reykjavík. Viðtal 1. júní 2007.
- 144 *Ársskýrsla UMFÍ 1988*, bls. 30.
- 145 *AppleFréttir* 2:1990, bls. 1.
- 146 *Ársskýrsla UMFÍ 1988*, bls. 30; Sigurður Þorsteinsson. Bréf 6. júní 2007.
- 147 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 19. júlí 1988.
- 148 Sigurður Þorsteinsson. Bréf 6. júní 2007.
- 149 *Ársskýrsla UMFÍ 1988*, bls. 30.
- 150 *Fréttabréf UMFÍ* 5:1996, bls. 3.
- 151 *Ársskýrsla UMFÍ 1992*, bls. 16-18.
- 152 Helgi Gunnarsson. Viðtal 29. maí 2007.
- 153 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 20. nóvember 1990.
- 154 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 6-8.



- 155 *Ársskýrsla UMFÍ 1993*, bls. 55.
- 156 Hallur Pálsson, Nausti. Viðtal 18. maí 2007; Sigurður Aðalsteinsson, Vaðbrekku. Viðtal 18. maí 2007; Jónas Þór Jóhannesson, Egilsstöðum. Viðtal 18. maí 2007.
- 157 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 5. febrúar 1994.
- 158 Skj. UMFÍ. Kvittun Jóhanns Sigurðssonar pr. 17. des. 2005.
- 159 Gísli Halldórsson. Viðtal 1. maí 2005.
- 160 *Skinfaxi 2:1946*, bls. 145.
- 161 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 2. september 1988.
- 162 *Skinfaxi 1:1994*, bls. 20.
- 163 Gísli Sigurðsson þjálfari. Viðtal 26. maí 2007.
- 164 Hörður Gunnarsson þjálfari. Viðtal 26. maí 2007.
- 165 Stefán Jasonarson: *Alltaf glaðbeittur*, bls. 223-225.
- 166 *Morgunblaðið* 10. júlí 1993, bls. 5; Sæmundur Runólfsson. Viðtal 1. júní 2007.
- 167 *Skinfaxi 3:1993*, bls. 6.
- 168 *Dagblaðið Vísir* 15. júlí 1993.
- 169 *Sunnlenska fréttablaðið* 22. júlí 1993.
- 170 *Skinfaxi 3:1993*, bls. 6-7.
- 171 Sæmundur Runólfsson. Viðtal 1. júní 2007. Sögn Sigursteins Ólafssonar.
- 172 *Skinfaxi 3:1993*, bls. 7.
- 173 *Ársskýrsla UMFÍ 1993*, bls. 61.
- 174 *Ársskýrsla UMFÍ 1981*, bls. 20-21.
- 175 *Ársskýrsla UMFÍ 1981*, bls. 22.
- 176 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 1. og 22. júní 1982.
- 177 *Skinfaxi 4:1982*, bls. 11-13.
- 178 Skj. UMFÍ. Gjörðabók framkvæmdastjórnar 12. okt. 1982; *Skinfaxi 5:1982*, bls. 13-15.
- 179 *Ársskýrsla UMFÍ 1985*, bls. 23-24.
- 180 *Skinfaxi 2:1986*, bls. 13.
- 181 *Skinfaxi 4:1986*, bls. 29; *Ársskýrsla UMFÍ 1987*, bls. 20-21.
- 182 *Skinfaxi 4:1989*, bls. 19-20.
- 183 *Skinfaxi 6:1987*, bls. 18-19.
- 184 *Ársskýrsla UMFÍ 1991*, bls. 40; *Ársskýrsla UMFÍ 1993*, bls. 78.
- 185 *Ársskýrsla UMFÍ 1991*, bls. 41.
- 186 *Ársskýrsla UMFÍ 1993*, bls. 76-77.
- 187 *Ársskýrslur USVS 1977-1983*; Sæmundur Runólfsson. Viðtal 11. september 2007.
- 4 *Ársskýrsla UMFÍ 1991*, bls. 48; Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 10. júní 2007.
- 5 *Ársskýrsla UMFÍ 1995*, bls. 65; Jón M. Ívarsson: *Gísli Halldórsson*, bls. 311-312.
- 6 *Ársskýrsla UMFÍ 1987-1997*; *Ársskýrsla ÍSÍ 2000*, bls. 7.
- 7 Fundargerð framkvæmdastjórnar 27. nóvember 1991; Sigurður Þorsteinsson. Bréf 8. maí 2007.
- 8 *Morgunblaðið* 28. janúar 1992 B, bls. 4-5.
- 9 *Morgunblaðið* 2. febrúar 1992, bls. 34.
- 10 *Þinggerð ÍSÍ 1997*, bls. 3.
- 11 *Þinggerð UMFÍ 1997*, bls. 10 og 16-18.
- 12 *Þinggerð UMFÍ 1997*, bls. 13, 21-22 og 32.
- 13 *Þinggerð ÍSÍ 1997*, bls. 11.
- 14 *Þinggerð ÍSÍ 1997*, bls. 23.
- 15 *Fundargerð Sambandsráðsfundar UMFÍ 2000*, bls. 9.
- 16 *Fundargerð Sambandsráðsfundar UMFÍ 2000*, bls. 6.
- 17 *Fundargerð formannafundar ÍSÍ 16. apríl 1999*, bls. 6-8; Jón M. Ívarsson, minnisþingur.
- 18 *Þinggerð UMFÍ 1999*, bls. 20-21 og 36-37.
- 19 *Þinggerð ÍSÍ 2000*, bls. 37-38 og 70; *Skinfaxi 1:2001*, bls. 36; *Þinggerð UMSB 2001*, bls. 3.
- 20 *Úttekt vinnuhóps*, bls. 2.
- 21 *Úttekt vinnuhóps*, bls. 4, Niðurstöður Gunnars Jóhannessonar.
- 22 *Skinfaxi 4:2000*, bls. 9.
- 23 *Morgunblaðið* 23. febrúar 2001, bls. 44-45.
- 24 *Skinfaxi 1:2001*, bls. 36-37.
- 25 *Þinggerð UMSK 2001*, bls. 8.
- 26 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 9.-10. febrúar 2001.
- 27 *Morgunblaðið* 17. febrúar 2001, bls. B1.
- 28 *Morgunblaðið* 14. febrúar 2001, bls. B1.
- 29 *Morgunblaðið*, 23. febrúar 2001, bls. B2.
- 30 Skj. UMFÍ. Skýrslur ungmennafélaga 2000.
- 31 *Þinggerð HSK 2001*, bls. 11.
- 32 *Þinggerð UMFÍ 2001*, bls. 6, 9-11, 13 og 23.
- 33 *Skýrsla skipulagsnefndar UMFÍ 2003*.
- 34 *Þinggerð ÍSÍ 2002*, bls. 4.
- 35 *Þinggerð UMFÍ 2003*, bls. 34-36.
- 36 *Þinggerð ÍSÍ 2006*, bls. 7.
- 37 Jón Kristján Sigurðsson: Fréttavefur UMFÍ, skoðað 27. júní 2006.
- 38 *Ársskýrsla UMFÍ 1994*, bls. 64-65.
- 39 *Fréttabréf UMFÍ 7:1994*, bls. 3.
- 40 *Landshreyfing '95. Skýrsla*.
- 41 *Skinfaxi 3:1995*, bls. 6-7.
- 42 *Skinfaxi 3:1995*, bls. 37.
- 43 *Umhverfið í okkar höndum. Umhverfisverkefni UMFÍ 1995*.
- 44 Anna Margrét Jóhannesdóttir: *Umhverfið í okkar höndum. Skýrsla*, bls. 17.
- 45 Berghildur Erla Bernharðsdóttir: *Flöggum hreinu landi*. bls. 16.

## 5. kafli

- 1 *Afmælisrit UMSB 2002*, bls. 6-7; Þórir Jónsson. Viðtal 10. september 2007.
- 2 Stefán Ólafur Jónsson í Reykjavík. Viðtal 10. maí 2007.
- 3 Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 10. maí 2007; Gísli Halldórsson. Viðtal 10. maí 2005.

- 46 Berghildur Erla Bernharðsdóttir: *Flöggum hreinu landi*.
- 47 *Ársskýrsla UMFÍ 1996*, bls. 45.
- 48 *Skinfaxi 2:1999*.
- 49 *Ársskýrsla UMFÍ 2002*, bls. 41.
- 50 *Skinfaxi 3:2000*, bls. 8.
- 51 *Ársskýrsla UMFÍ 1994*, bls. 78.
- 52 *Ársskýrsla UMFÍ 1995*, bls. 69-71.
- 53 *Ársskýrsla UMFÍ 1996*, bls. 58.
- 54 *Ársskýrsla UMFÍ 1997*, bls. 52.
- 55 Sæmundur Runólfsson. Viðtal 25. mars 2007.
- 56 Sæmundur Runólfsson. Viðtal 12. september 2007.
- 57 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 2. maí 1998.
- 58 *Skinfaxi 3:2000*, bls. 18-19; *Fréttabréf UMFÍ 2:2000*, bls. 1-2.
- 59 *Skinfaxi 2:2002*, bls. 30.
- 60 Valdimar Gunnarsson. Viðtal 12. september 2007.
- 61 *Ársskýrsla UMFÍ 2004*, bls. 40.
- 62 *Ársskýrsla UMFÍ 2002*, bls. 53.
- 63 *Skinfaxi 3:2000*, bls. 14-15; María Stefánsdóttir: *Loftskipið*.
- 64 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 25. janúar 1992.
- 65 *Ársskýrsla UMFÍ 1992*, bls. 20-21; Björn B. Jónsson. Bréf 14. september 2007.
- 66 Björn B. Jónsson: *Skógrækt aðildarfélaga UMFÍ 1992-1993*.
- 67 Björn B. Jónsson. Bréf 14. september 2007; Jón M. Ívarsson. Spor ungmennafélaga.
- 68 *Göngum um Ísland. Leiðabók*. [2002], bls. 1.
- 69 *Göngum um Ísland. Leiðabók*. [2007], bls. 42.
- 70 *Göngum um Ísland. Leiðabók*. [2007], bls. 1.
- 71 *Göngum um Ísland. Leiðabók*. [2002], bls. 30.
- 72 *Skinfaxi 4:2002*, bls. 7.
- 73 *Fréttabréf UMFÍ 1:2004*, bls. 4.
- 74 *Skinfaxi 4:2004*, bls. 16.
- 75 Ásdís Helga Bjarnadóttir. Viðtal 19. september 2007.
- 76 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 19. október 2001.
- 77 *Þinggerð UMFÍ 2005*, bls. 22.
- 78 Sæmundur Runólfsson. Viðtal 24. september 2007.
- 79 Skj. UMFÍ. Kaupsamningur 31. janúar 2007.
- 80 Valdimar Gunnarsson. Viðtal 21. mars 2007.
- 81 Þ.Í. Mmrn. 1991 DA/7. Bréf frá Sveini Þórarinssyni verkfræðingi 11. mars 1978.
- 82 Rúnar Hálfðánarson: „Dagrenning.“ bls. 2.2.
- 83 Þ.Í. Mmrn. 1991 DA/143. Könnun á stöðu og rekstrarmöguleikum félagsheimila.
- 84 Þ.Í. Mmrn. 1991 DA/143. Svar frá Skildi í Helgafellssveit við spurningum nefndarinnar.
- 85 Þ.Í. Mmrn. 1991 DA/143. Svar frá Sævangi í Kirkjubólshreppi við spurningum nefndarinnar.
- 86 Sigurður Guðmundsson, Sviðugörðum. Viðtal 1. maí 2006.
- 87 Vettvangskönnun höfundar á félagsheimilum landsins í júlí 2005.
- 88 Margrét Arnadóttir, Hallfreðarstöðum. Viðtal 26. apríl 2006.
- 89 Jón M. Ívarsson: Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006.
- 90 *Ársskýrsla UMSB 1981*, bls. 2.12.
- 91 Jón M. Ívarsson: Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006.
- 92 www.kosningar.is Vefur dómsmálaráðuneytisins, skoðað 19. sept. 2006.
- 93 Ari Jósavínsson, Auðnum. Viðtal 2. ágúst 2005.
- 94 *Fréttablaðið* 8. október 2005, bls. 4.
- 95 *Hagskinna*, bls. 77-81; Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ; Jón M. Ívarsson: Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006.
- 96 *Skinfaxi 1:1991*, bls. 33.
- 97 Jón M. Ívarsson: Íþrótt- og ungmennafélagatal 1863-2006.
- 98 *Fréttabréf UMFÍ 1:1997*, bls. 1.
- 99 *Ársskýrslur UMFÍ 1997-2005*.
- 100 Guðrún Nielsen. Viðtal 25. september 2007.
- 101 Skj. UMFÍ. *Námskeið Leiðtogaskólans*.
- 102 *Ársskýrslur UMFÍ 2004-2006*.
- 103 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga. Þing 1927.
- 104 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga. Þing 1933.
- 105 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga. Þing 1969.
- 106 *Þinggerð UMFÍ 1993*, bls. 17-18.

## 2. hluti

- 1 Hér. Ak. F-1/1 Gjörðabók Umf. Akureyrar 15. júní 1907.
- 2 *Norðurland* 17. ágúst 1907, bls. 204.
- 3 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 1908-1921.
- 4 Hér. Ak. F-1/1 Gjörðabók Umf. Akureyrar 31. janúar 1909.
- 5 *Norðurland* 3. apríl 1909, bls. 51.
- 6 *Norðurland* 12. júní 1909, bls. 91.
- 7 *Norðurland* 17. apríl 1909, bls. 57.
- 8 *Hagskinna*, bls. 89.
- 9 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 28.
- 10 *Norðurland* 19. júní 1909, bls. 95.
- 11 Þorfinnur Kristjánsson: *Í útlegð*, bls. 116-118.
- 12 *Norðurland* 19. júní 1909, bls. 95-96.
- 13 Lárus J. Rist: *Synda eða sökkva*, bls. 186-187.
- 14 *Norðri* 24. júní 1909, *Tilhögunarskrá íþróttamótsins 1909*.

- 15 Hér. Ak. F-12. Gjörðabók Umf. Akureyrar 7. nóvember 1909.
- 16 *Skinfaxi* 2:1942, bls. 91.
- 17 Leikskrár landsmótanna 1946 og 1949.
- 18 Gísli Halldórsson. Viðtal 2. maí 2005; Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 1. mars 2007.
- 19 *Skinfaxi* 1:1948, bls. 49; Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 10. maí 2007.
- 20 *Ársskýrsla UMFÍ 1989*, bls. 48.
- 21 Ingimar Jóhannesson: *Skarphéðinn 1910-1950*, bls. 26-32.
- 22 *Skinfaxi* 11:1915, bls. 124.
- 23 Skj. Ármann. Gjörðabók Ármanns 7. janúar 1906, (ljósrit); *Lögrjetta* 13. febrúar 1907.
- 24 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 25.
- 25 *Lögrjetta* 5. ágúst 1909, bls. 150.
- 26 *Ingólfur* 5. ágúst 1909, bls. 102.
- 27 *Ísafold* 13. maí 1911, bls. 123.
- 28 *Skinfaxi* 9:1910, bls. 68.
- 29 *Skinfaxi* 2:1909, bls. 16.
- 30 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, bls. 121.
- 31 *Skinfaxi* 6:1911, bls. 45.
- 32 *Leikskrá íþróttamóts UMFÍ 1911*, bls. 3-4.
- 33 *Leikskrá íþróttamóts UMFÍ 1911*, bls. 3-4.
- 34 *Leikskrá íþróttamóts UMFÍ 1911*.
- 35 *Vísir* 13. júní 1911, bls. 58.
- 36 *Vísir* 15. júní 1911, bls. 66.
- 37 *Ísafold* 14. júní 1911, bls. 141.
- 38 *Ísafold* 21. júní 1911, bls. 158.
- 39 *Eimreiðin* 1912, bls. 190-191.
- 40 *Vísir* 18. júní 1911, bls. 81.
- 41 *Eimreiðin* 1912, bls. 196.
- 42 *Ísafold* 21. júní 1911, bls. 158.
- 43 *Leikskrá íþróttamóts UMFÍ 1911*, bls. 13 með athugasemdum Sigurjóns Péturssonar.
- 44 Ólafur Sveinsson: „Upphaf frjálsra íþróttá á Íslandi.“ bls. 7-8.
- 45 Tryggvi Haraldsson. Viðtal 5. ágúst 1993.
- 46 *Skinfaxi* 3:1912, bls. 22.
- 47 *Skinfaxi* 3:1912, bls. 22.
- 48 *Skinfaxi* 4:1912, bls. 26.
- 49 *II. Leikmót UMFÍ. Leikskrá*, bls. 2.
- 50 *Skinfaxi* 12:1913, bls. 93.
- 51 Viðar Hreinsson o.fl. *Saga landsmóta*, bls. 40.
- 52 *II. Leikmót UMFÍ. Leikskrá*, bls. 3.
- 53 *Leikmót ÍR 1913. Leikskrá*.
- 54 Þ.Í. Gjörðabók ÍSÍ. Undirbúningsfundur 18. janúar 1912.
- 55 *Dagskrá II. leikmóts UMFÍ 17.-24. júní 1914*.
- 56 *Vísir* 18. júní 1914, bls. 1; *Morgunblaðið* 19. júní 1914, bls. 1050.
- 57 *Vísir* 18. júní 1914, bls. 1 og 4.
- 58 *Vísir* 18. júní 1914, bls. 4; *Morgunblaðið* 19. júní 1914, bls. 1050.
- 59 *Skinfaxi* 7:1914, bls. 94; Kjartan B. Guðjónsson: *Íslensk glíma og glímumenn*, bls. 135-136.
- 60 *Morgunblaðið* 20. júní 1914, bls. 1054.
- 61 *Morgunblaðið* 21. júní 1914, bls. 1064.
- 62 *Vísir* 23. júní 1914, bls. 2.
- 63 *Vísir* 21. júní, bls. 1.
- 64 *Vísir* 23. júní 1914, bls. 2.
- 65 *Morgunblaðið* 24. júní 1914, bls. 1075.
- 66 *Vísir* 27. júní 1914, bls. 3.
- 67 *Vísir* 27. júní 1914, bls. 3.
- 68 *Skinfaxi* 8:1914, bls. 99.
- 69 Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld*, bls. 57.
- 70 *Ísafold* 13. janúar 1917, bls. 2-3.
- 71 *Skinfaxi* 1:1917, bls. 7.
- 72 *Skinfaxi* 7:1917, bls. 49.
- 73 *Skinfaxi* 6:1917, bls. 46.
- 74 *Skinfaxi* 5-6:1920, bls. 21.
- 75 *Vísir* 18., 20., og 21. júní 1921; *Leikmót Íslands 1921*. Leikskrá mótsins.
- 76 *Leikskrá Allsherjarmóts* 1922-1946.
- 77 *Þinggerð UMFÍ 1936*, bls. 15.
- 78 *Þinggerð UMFÍ 1938*, bls. 14.
- 79 *Skinfaxi* 1:1939, bls. 67.
- 80 Hér. Ak.: F-1/17 Gjörðabók Umf. Akureyrar 19. mars 1939.
- 81 *Tíminn* 4. júní 1940, bls. 7.
- 82 Ingimar Jóhannesson: *Minningarrit*, bls. 256.
- 83 *Skinfaxi* 2:1990, bls. 21.
- 84 *Tíminn* 25. júní 1940, bls. 1.
- 85 Þorsteinn Einarsson. Viðtal 18. ágúst 1991.
- 86 *Morgunblaðið* 16. júlí 1994, bls. 21.
- 87 *Landsmótsblað HSK 1981*, bls. 2-3; Markús Ívarsson. Viðtal 14. apríl 2007.
- 88 *Tíminn* 28. júní 1940, bls. 3.
- 89 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 62-69.
- 90 Guðmundur Oddsson. Viðtal 18. júní 1988.
- 91 Grímur Norðdahl. Viðtal 17. október 1991.
- 92 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 18. september 1940; *Skinfaxi* 1:1942, bls. 47.
- 93 *Skinfaxi* 2:1940, bls. 99.
- 94 *Skinfaxi* 2:1941, bls. 88-89.
- 95 *Skinfaxi* 2:1942, bls. 91.
- 96 Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 6. september 2007.
- 97 Davíð Guðmundsson frá Miðdal. Viðtal 1. nóvember 1991.
- 98 Sigurður Einarsson. Viðtal 30. apríl 2007.
- 99 Grímur Norðdahl. Viðtal 17. október 1991.
- 100 *Skinfaxi* 1943, bls. 64.
- 101 Skj. UMFÍ. sambandsráðsfundur UMFÍ 24. júní 1944.
- 102 *Héraðssamband Suður-Þingeyinga*, bls. 40-63.
- 103 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga landsmóta*, bls. 91-100

- 104 Skj. UMFÍ. Úrslitaskýrslur í handknattleik ásamt leikskrá mótsins.
- 105 Skj. UMFÍ. Úrslitaskýrslur mótsins.
- 106 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga landsmóta*, bls. 100-102; *Leikskrá 5. landsmóts UMFÍ 1946*.
- 107 *Skinfaxi* 2:1946, bls. 106-107.
- 108 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga landsmóta*, bls. 102-103.
- 109 *Skinfaxi* 2:1946, bls. 111-113; Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga landsmóta*, bls. 104.
- 110 *Skinfaxi* 1-2:1965, bls. 18.
- 111 *Skinfaxi* 2:1946, bls. 105-106.
- 112 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 17. janúar 1948.
- 113 *Skinfaxi* 2:1946, bls. 119.
- 114 *Skinfaxi* 2:1946, bls. 125.
- 115 Jón M. Ívarsson: Íprótta- og ungmennafélagatal á Íslandi 1863-2007.
- 116 *Skinfaxi* 2:1947, bls. 100-102; *Leikskrá 7. landsmóts UMFÍ 1949*.
- 117 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 6. október 1948.
- 118 *Skinfaxi* 2:1948, bls. 107-108.
- 119 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 10. júní 1949.
- 120 *Skinfaxi* 2:1949, bls. 83; Skj. UMFÍ. Landsmótskvikmynd.
- 121 Skj. UMFÍ. Úrslitaskýrslur mótsins.
- 122 *Morgunblaðið* 1. júlí 1949, bls. 7.
- 123 *Leikskrá 7. landsmóts UMFÍ 1949*.
- 124 Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 10. maí 2007.
- 125 Skj. UMFÍ. Landsmótskvikmynd Sörens Sörenson.
- 126 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga landsmóta*, bls. 121; Skj. UMFÍ. Landsmótskvikmynd.
- 127 Jóhannes Guðmundsson. Viðtal 18. ágúst 1991.
- 128 *Skinfaxi* 2:1949, bls. 86-92; Landsmótskvikmynd Sörens Sörenson.
- 129 Einar Ingimundarson. Viðtal 4. júlí 2007; *Skinfaxi* 2:1949, bls. 92-93; Landsmótskvikmynd.
- 130 *Skinfaxi* 2:1949, bls. 93-95.
- 131 *Tíminn* 5. júlí 1949, bls. 1.
- 132 *Viljinn aukablað* 1973, bls. 10.
- 133 *Vísir* 13. júlí 1949, bls. 4; *Tíminn* 5. júlí 1949, bls. 2; *Viljinn aukablað* 1973, bls. 10.
- 134 *Skinfaxi* 2:1949, bls. 124.
- 135 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsráðsfundar UMFÍ 24. september 1950.
- 136 Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 10. maí 2007.
- 137 *Skinfaxi* 1:1952, bls. 17.
- 138 *Tíminn* 4. júlí 1949, bls. 1.
- 139 *Skinfaxi* 3:1951, bls. 142-152; *Leikskrá 8. landsmóts UMFÍ 1952*.
- 140 *Skinfaxi* 3:1952, bls. 114; Landsmótskvikmynd.
- 141 Landsmótskvikmynd.
- 142 *Skinfaxi* 3:1952, bls. 130; Landsmótskvikmynd; Margrét Hallgrímsdóttir. Viðtal 5. júlí 2007.
- 143 Margrét Hallgrímsdóttir. Viðtal 5. júlí 2007.
- 144 *Umf.K-blaðið* desember 1989, bls. 17.
- 145 Einar Ingimundarson. Viðtal 14. nóvember 1997.
- 146 *Árbók íþróttamanna 1953*, bls. 231-234.
- 147 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga landsmóta*, bls. 140.
- 148 *Skinfaxi* 3:1952, bls. 120-123.
- 149 Landsmótskvikmynd.
- 150 *Skinfaxi* 1:1949, bls. 39-41.
- 151 *Skinfaxi* 3:1952, bls. 114-115.
- 152 Landsmótskvikmynd.
- 153 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 16. apríl 1953.
- 154 Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 10. maí 2007.
- 155 *Þjóðviljinn* 1. júlí 1955, bls. 8.
- 156 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 16. apríl 1953.
- 157 *Leikskrá 9. landsmóts UMFÍ 1955*.
- 158 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 5. mars 2007, eftir frásögn Þorsteins Einarssonar.
- 159 Eiríkur Þorgeirsson. Viðtal 25. júlí 2007.
- 160 *Dagrenningur* 1:1959, bls. 29.
- 161 *Skinfaxi* 2:1956, bls. 78-83.
- 162 *Landsmótsblað HSK 1981*, bls. 30.
- 163 Hildur Björnsson. Viðtal 11. júlí 2007.
- 164 *Vísir* 4. júlí 1955; Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 166.
- 165 *Skinfaxi* 3:1955, bls. 113-114; *Leikskrá 9. landsmóts UMFÍ 1955*, bls. 44.
- 166 *Landsmótsfréttir* 1:1984, bls. 6.
- 167 Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 6. september 2007.
- 168 *Skinfaxi* 3:1955, bls. 105-115.
- 169 Skj. UMFÍ. Bréf Jóhannesar Jósefssonar dags. 22. júní 1955.
- 170 Skj. UMFÍ. Stefán Ólafur Jónsson. Bréf 1. maí 2007.
- 171 Skj. UMFÍ. Dagbók Landsmótsnefndar 1957.
- 172 Skj. UMFÍ. Stefán Ólafur Jónsson. Bréf 1. maí 2007.
- 173 *Tíminn* 16. júní 1957, bls. 2.
- 174 *Skinfaxi* 2:1957, bls. 39-44 og 57.
- 175 *Landsmótsblað HSK* júlí 1984, bls. 23.
- 176 *Skinfaxi* 2:1957, bls. 57.
- 177 *Alþýðublaðið* 25. júní 1957, bls. 8; Skj. UMFÍ. Úrslit mótsins.
- 178 *Skinfaxi* 2:1957, bls. 57-58.
- 179 *Skinfaxi* 2:1957, bls. 40-41.
- 180 *Vísir* 6. júlí 1957, bls. 7.
- 181 Skj. UMFÍ. Handskrifuð úrslitablöð mótsins.
- 182 Skj. UMFÍ. Stefán Ólafur Jónsson. Bréf 1. maí 2007.
- 183 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsráðsfunda UMFÍ 28. september 1958.
- 184 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 5. september 1959.
- 185 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 200.
- 186 *Leikskrá 11. landsmóts UMFÍ 1961*, bls. 2.
- 187 *Leikskrá 11. landsmóts UMFÍ 1961* með leiðréttri skráningu Þorsteins Einarssonar.



- 188 *Skinfaxi* 1-2:1961, bls. 26-29.
- 189 *Morgunblaðið* 7. júlí 1961, bls. 3; Landsmótskvikmynd.
- 190 *Landsmótsblað HSK 1984*, bls. 23.
- 191 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 216-218.
- 192 Skj. UMFÍ. Handskrifuð úrslit mótsins; *Skinfaxi* 1-2:1961, bls. 30-31.
- 193 Skj. UMFÍ. Handskrifuð úrslit mótsins; *Skinfaxi* 1-2:1961, bls. 18-19.
- 194 Guðjón Vigfússon. Viðtal 13. júlí 2007.
- 195 *Skinfaxi* 1-2:1961, bls. 26-31.
- 196 Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 10. maí 2007.
- 197 *Dagur* 5. júlí 1961, bls. 5.
- 198 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 203.
- 199 Stefán Jónsson: *Krossfiskar og hrúðurkarlar*, bls. 7.
- 200 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 13. nóvember 1962.
- 201 *Tíminn* 5. júlí 1961, bls. 2.
- 202 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 19. maí 1963.
- 203 Stefán Jasonarson. Viðtal 20. júní 1965; Stefán Jasonarson: *Alltaf glaðbeittur*, bls. 200.
- 204 Stefán Jasonarson: *Alltaf glaðbeittur*, bls. 200.
- 205 Skj. UMFÍ. Úrslitaskýrslur mótsins; *Skýrsla 12. landsmóts UMFÍ 1965*, bls. 66.
- 206 Brynjólfur Guðmundsson frá Galtastöðum. Viðtal 16. júlí 2007.
- 207 *Fálkinn* 27:1965, bls. 21-23; Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 252
- 208 *Fálkinn* 27:1965, bls. 21-23.
- 209 *Skýrsla 12. landsmóts UMFÍ 1965*, bls. 24-37.
- 210 *Skýrsla 12. landsmóts UMFÍ 1965*, bls. 44-47.
- 211 Hörður S. Óskarsson. Viðtal 16. júlí 2007.
- 212 *Fálkinn* 27:1965, bls. 26-27; *Skýrsla 12. landsmóts UMFÍ 1965*, bls. 49-53.
- 213 Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 10. maí 2007.
- 214 *Fálkinn* 27:1965, bls. 31.
- 215 *Skinfaxi* 3-4:1965, bls. 3.
- 216 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 1. mars 2007.
- 217 *Tíminn* 6. júlí 1965, bls. 8.
- 218 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 1. mars 2007; *Skinfaxi* 3-4:1965, bls. 13.
- 219 *Skinfaxi* 3-4:1965, bls. 38.
- 220 *Snæfell* 1979, bls. 11.
- 221 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 6. september, 4. desember og 16. desember 1965.
- 222 *Skinfaxi* 1:1967, bls. 3.
- 223 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 16. ágúst 1967.
- 224 *Skinfaxi* 4:1967, bls. 21 og 1:1968, bls. 5.
- 225 *Skinfaxi* 2:1968, bls. 4.
- 226 *Tíminn* 2. júlí 1968, bls. 1.
- 227 Skj. UMFÍ. Úrslitaskýrslur mótsins.
- 228 *Morgunblaðið* 16. júlí 1968, bls. 12.
- 229 Jón Guðlaugsson. Viðtal 14. júlí 1968.
- 230 *Skýrsla 13. landsmóts UMFÍ 1968*, bls. 77.
- 231 *Skinfaxi* 4: 1967, bls. 9; Sigurður Skarphéðinsson. Viðtal 20. júlí 2007.
- 232 *Alþýðublaðið* 26. júlí 1968, bls. 1.
- 233 *Hagskinna*, bls. 87-89.
- 234 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 10. nóvember 1970.
- 235 Stefán Pedersen. Viðtal 19. júlí 2007.
- 236 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 10. janúar 1970.
- 237 Skj. UMFÍ. Úrslitaskýrslur mótsins; *Leikskrá 14. landsmóts UMFÍ 1971*.
- 238 *Leikskrá 14. landsmóts UMFÍ 1971*, bls. 38-42.
- 239 Stefán Pedersen. Viðtal 21. júlí 2007.
- 240 *Tíminn* 13. júlí 1971, bls. 1.
- 241 *Landsmótsblað HSK 1981*, bls. 33.
- 242 *Íþróttablaðið* 6:1971, bls. 133-134.
- 243 *Tíminn* 15. júlí 1971, bls. 18.
- 244 *Ársskýrsla UMSK 1971*, bls. 11.
- 245 *Þjóðviljinn* 14. júlí 1971, bls. 16.
- 246 *Alþýðublaðið* 12. júlí 1971, bls. 8.
- 247 *Íþróttablaðið* 6:1971, bls. 124.
- 248 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 310.
- 249 *Landsmótsblað HSK 1981*, bls. 30.
- 250 *Skinfaxi* 4-5:1971, bls. 11-12.
- 251 *Þinggerð UMFÍ 1971*, bls. 14-15.
- 252 *Fundargerð Sambandsráðsfundar UMFÍ 1972*, bls. 6-9; Gísli V. Halldórsson. Viðtal 24. júlí 2007.
- 253 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 17. nóvember 1972.
- 254 *Þinggerð UMSB 1973*, bls. 6.
- 255 *Skýrsla 15. landsmóts UMFÍ 1975*, bls. 3-4.
- 256 *Þjóðviljinn* 11. júlí 1975, bls. 6.
- 257 *Morgunblaðið* 15. júlí 1975, bls. 13.
- 258 *Landsmótsfréttir* 11., 12. og 13. júlí 1975; *Tíminn* 15. júlí 1975, bls. 11; *Leikskrá 15. landsmóts UMFÍ 1975*.
- 259 *Morgunblaðið* 15. júlí 1975, bls. 15.
- 260 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 337.
- 261 *Þinggerð UMFÍ 1975*, bls. 23. Vísurnar komu fram á þingi UMFÍ haustið 1975.
- 262 *Landsmótsfréttir* 13. júlí 1975, bls. 20.
- 263 *Fundargerð Sambandsráðsfundar UMFÍ 1976*, bls. 9.
- 264 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 13. febrúar 1977.
- 265 *Þinggerð UMFÍ 1977*, bls. 13-16.
- 266 *Þjóðviljinn* 25. júlí 1978, bls. 12.
- 267 Skj. UMFÍ. Úrslitaskýrslur mótsins; *Skinfaxi* 4:1978, bls. 14.
- 268 *Skinfaxi* 4:1978, bls. 7-8.
- 269 *Vísir* 24. júlí 1978, bls. 16.
- 270 *Vísir* 24. júlí 1978, bls. 16.
- 271 *Landsmótsblað HSK* 1:1984, bls. 26-27.
- 272 *Morgunblaðið* 25. júlí 1978, bls. 29.
- 273 *Morgunblaðið* 25. júlí 1978, bls. 22-23.
- 274 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 2. september 1978.

- 275 Skj. UMFÍ. Bréf UMSE 6. febrúar 1979; *Leikskrá 17. landsmóts UMFÍ 1981*, bls. 4-5.
- 276 *Þinggerð UMFÍ 1979*, bls. 19-22.
- 277 *Landsmótsfréttir 1-4*. tbl. 1981; *Morgunblaðið* 14. júlí 1981, bls. 19
- 278 *Leikskrá 17. landsmóts UMFÍ 1981*, bls. 34-35.
- 279 *Morgunblaðið* 11. júlí 1981, bls. 35.
- 280 *Landsmótsblað HSK 2:1981*, bls. 38.
- 281 *Tíminn* 14. júlí 1981, bls. 21.
- 282 *Morgunblaðið* 14. júlí, bls. 29; Aðalsteinn Bernharðsson. Viðtal 27. júlí 2007.
- 283 *Þinggerð UMFÍ 1979*, bls. 22.
- 284 *Tíminn* 14. júlí 1981, bls. 11.
- 285 *Landsmótsblað HSK 1981*, bls. 3.
- 286 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 26. janúar 1980 og 6. febrúar 1981.
- 287 *Skýrsla landsmótsnefndar 1984*, bls. 2-3.
- 288 *Fundargerð sambandsráðsfundar UMFÍ 1982*.
- 289 *Hagskinna*, bls. 115.
- 290 *Skýrsla Landsmótsnefndar 1984*, bls. 13 og 27; *Landsmótsfréttir 1-3:1984*.
- 291 Skj. UMFÍ. Landsmótskvikmynd Austfirðinga.
- 292 *Landsmótsblað HSK 2:1984*, bls. 31.
- 293 Skj. UMFÍ. Ávarp Þorsteins Einarssonar 15. júlí 1984.
- 294 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 433.
- 295 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 9. september 1983.
- 296 *Skýrsla Landsmótsnefndar 1987*, bls. 12-15.
- 297 Skj. UMFÍ. Greinargerð um landsmótskvikmynd 1987.
- 298 *Vikurfréttir* 15. júlí 1987, bls. 1.
- 299 *Skýrsla Landsmótsnefndar 1987*.
- 300 *Tíminn* 8. júlí 1987, bls. 1.
- 301 *Skýrsla Landsmótsnefndar 1987*, bls. 23.
- 302 *Skýrsla Landsmótsnefndar 1987*, bls. 46-76; *Morgunblaðið* 15. júlí 1987, bls. 55.
- 303 *Tíminn* 11. júlí 1987, bls. 10.
- 304 Skj. UMFÍ. Setningarathöfn 19. landsmótsins. Kvikmynd.
- 305 *Skinfaxi* 4:1987, bls. 8.
- 306 *Morgunblaðið B* 14. júlí 1987, bls. 9.
- 307 *Landsmótsfréttir 3:1987*, bls. 3.
- 308 *Vikurblaðið* 15. júlí 1987, bls. 7.
- 309 *Morgunblaðið B* 14. júlí 1987, bls. 3.
- 310 *Landsmótsfréttir 4:1987*, bls. 6-7.
- 311 Skj. UMFÍ. Bréf stjórnar UMSK dags. 30. júní 1980.
- 312 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 17. september 1982 og 5. september 1985.
- 313 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 19. apríl 1986; *Þinggerð UÍA 1986*, bls. 3.
- 314 *Hagskinna*, bls. 114.
- 315 *Ársskýrsla UMSK 1988*, bls. 20.
- 316 *Ársskýrsla UMSK 1989*, bls. 24-26.
- 317 *Landsmótsreglugerð 1989*.
- 318 *Landsmótsfréttir 1-4:1990*
- 319 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 5. október 1990.
- 320 *Morgunblaðið* 11. júlí 1990, bls. 19.
- 321 *Landsmótsfréttir 1:1990*, bls. 1.
- 322 *DV* 16. júlí 1990, bls. 6.
- 323 *Leikskrá 20. landsmóts UMFÍ 1990*, bls. 13.
- 324 *Skinfaxi* 3:1990, bls. 6-9.
- 325 *Dagur* 16. júlí 1990, bls. 6.
- 326 *Morgunblaðið B* 17. júlí 1990, bls. 6.
- 327 *DV* 16. júlí 1990, bls. 20.
- 328 *Dagur* 8. ágúst 1990, bls. 5.
- 329 *Dagur* 8. ágúst 1990, bls. 5; *Skinfaxi* 3:1990, bls. 33.
- 330 *Skinfaxi* 3:1990, bls. 24.
- 331 *Skinfaxi* 3:1990, bls. 23-33.
- 332 *DV* 16. júlí 1990, bls. 21.
- 333 *Skinfaxi* 3:1990, bls. 30-31.
- 334 Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta*, bls. 529.
- 335 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 20. maí 1989.
- 336 *Ársskýrsla HSK 1990*, bls. 9-10.
- 337 *Ársskýrsla HSK 1991*, bls. 5.
- 338 *Ársskýrsla HSK 1992*, bls. 4; *Fréttabréf UMFÍ 1-4:1993*.
- 339 *Leikskrá 21. landsmóts UMFÍ 1994*, bls. 4-11.
- 340 *Ársskýrsla HSK 1994*, bls. 17.
- 341 *Landsmótsreglugerð 1991*, bls. 3.
- 342 *Ársskýrsla HSK 1994*, bls. 6; *Ársskýrsla UMFÍ 1995*, bls. 43.
- 343 *Morgunblaðið* 16. júlí 1994, bls. 21; Jón H. Sigurðsson. Viðtal 9. ágúst 2007.
- 344 *Morgunblaðið C* 19. júlí 1994, bls. 13.
- 345 *Skinfaxi* 3:1994, bls. 8-11; *Landsmótsfréttir 4:1994*.
- 346 *Skinfaxi* 3:1994, bls. 16-27; *Landsmótsfréttir 4:1994*.
- 347 *Skinfaxi* 3:1994, bls. 14-26; *Landsmótsfréttir 4:1994*.
- 348 *Skinfaxi* 3:1994, bls. 28.
- 349 *Morgunblaðið C* 19. júlí, bls. 14; *Skinfaxi* 4:1994, bls. 7.
- 350 Skj. UMFÍ. Stafsetningarverkefni landsmótsins 1994.
- 351 *Ársskýrsla HSK 1994*, bls. 1; *Landsmótsfréttir 2:1994*, bls. 1; *Skinfaxi* 3:1994, bls. 6-7.
- 352 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 28. ágúst 1987.
- 353 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 11. nóvember 1988.
- 354 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 20. maí 1989 og 26. janúar 1990.
- 355 *Skinfaxi* 3:1997, bls. 6.
- 356 *Skýrsla Landsmótsnefndar UMSB vegna 22. Landsmóts UMFÍ*.
- 357 *Ársskýrsla HSP 1997*, bls. 24; *Ársskýrsla UMSK 1997*, bls. 16.
- 358 *Þinggerð UMFÍ 1995*, bls. 38.

- 359 *Leikskrá 22. landsmóts UMFÍ 1997*, bls. 9.  
360 *Landsmótsreglugerð 1996*.  
361 *Skýrsla Landsmótsnefndar UMSB vegna 22. Landsmóts UMFÍ*.  
362 *Morgunblaðið B* 8. júlí 1997, bls. 8.  
363 *DV* 7. júlí 1997, bls. 24.  
364 *DV* 7. júlí 1997, bls. 25.  
365 *Dagur-Tíminn* 8. júlí 1997, bls. 15.  
366 *DV* 7. júlí 1997, bls. 24-25.  
367 *DV* 7. júlí 1997, bls. 24.  
368 *Dagur-Tíminn* 8. júlí 1997, bls. 1.  
369 *Vesturlandsþósturinn* 9. júlí 1997, bls. 2.  
370 *Skýrsla Landsmótsnefndar UMSB vegna 22. Landsmóts UMFÍ*, bls. 17.  
371 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 26. janúar 1990.  
372 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 26. janúar 1996.  
373 *Snæfell* 1:1999, bls. 9-10; *Leikskrá 23. landsmóts UMFÍ 2001*, bls. 3 og 110.  
374 *Snæfell* 1:2000, bls. 14-17.  
375 *Morgunblaðið* 1. júlí 2001, bls. 25.  
376 www.hagstofa.is, skoðað 16. ágúst 2001.  
377 *Leikskrá 23. Landsmóts UMFÍ 2001*, bls. 12-14.  
378 *Skinfaxi* 3:2001, bls. 14-32.  
379 *Morgunblaðið* 10. júlí 2001, bls. 25.  
380 *Veggspjald 23. landsmóts UMFÍ 2001*.  
381 *Veggspjald 23. landsmóts UMFÍ 2001*.  
382 *Skinfaxi* 3:2001, bls. 11.  
383 *Morgunblaðið* 12. júlí 2001, bls. 25.  
384 *DV* 16. júlí 2001, bls. 17.  
385 *Morgunblaðið B* 17. júlí 2001, bls. 6.  
386 Guðrún Nielsen. Viðtal 8. september 2007.  
387 *DV* 16. júlí 2001, bls. 17.  
388 *Leikskrá 23. landsmóts UMFÍ 2001*, bls. 7.  
389 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 24. október 1997; *Ársskýrsla UMSS 1997*, bls. 9.  
390 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 10. febrúar 2001.  
391 Skj. UMFÍ. Bréf HSV til UMFÍ 29. janúar 2002.  
392 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 22. febrúar 2002.  
393 Skj. UMFÍ. Bréf FRÍ til UMFÍ 21. febrúar 2002.  
394 *Skýrsla framkvæmdastjóra 24. landsmóts UMFÍ*, bls. 4.  
395 www.skagafjordur.is *Íþróttaleikvangur á Sauðárkróki*, skoðað 20. ágúst 2007.  
396 www.skagafjordur.is *Íþróttaleikvangur á Sauðárkróki*, skoðað 20. ágúst 2007.  
397 www.hagstofa.is, skoðað 20. ágúst 2007.  
398 *Skinfaxi* 4:1994, bls. 14.  
399 *Þinggerð UMFÍ 2003*, bls. 6-39.  
400 *Morgunblaðið B* 12. júlí 2004, bls. 6-7.  
401 *Morgunblaðið B* 12. júlí 2004, bls. 6.  
402 *Morgunblaðið B* 12. júlí 2004, bls. 5.  
403 *Morgunblaðið B* 12. júlí 2004, bls. 8.  
404 *Morgunblaðið B* 12. júlí 2004, bls. 6.  
405 *Morgunblaðið B* 12. júlí 2004, bls. 6-7.  
406 *Morgunblaðið B* 10. júlí 2004, bls. 1.  
407 *Skýrsla framkvæmdastjóra 24. landsmóts UMFÍ*, bls. 160.  
408 *Morgunblaðið B* 9-12. júlí 2004.  
409 *Morgunblaðið* 29. júlí 2004, bls. 35.  
410 www.umfi.is. Bókun á heimasíðu UMFÍ frá 10. júlí 2004, skoðað 20. ágúst 2007.  
411 *Morgunblaðið B*. 12. júlí 2004, bls. 7.  
412 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 8. febrúar 2003.  
413 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 13. febrúar 2004.  
414 Skj. UMFÍ. Fundargerðir landsmótsnefndar 9. feb. 2005 og 24. feb. 2006.  
415 Skj. UMFÍ. Fundargerð landsmótsnefndar 31. ágúst 2006.  
416 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 3. ágúst 2007.  
417 Skj. UMFÍ. Samningur UMFÍ og UMSK 12. september 2006.  
418 *Skinfaxi* 4:2004, bls. 9.  
419 *DV* 6. júlí 2007, bls. 31.  
420 Aðalsteinn Bernharðsson. Viðtal 7. júlí 2007.  
421 Skj. UMFÍ. Fundargerð landsmótsnefndar 27. september 2005.  
422 *Fréttablaðið* 6. júlí 2007, bls. 12.  
423 *Morgunblaðið* 9. júlí 2007, bls. 6.  
424 Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Jón Jónsson. Kvöldfréttir RÚV í sjónvarpi 8. júlí 2007.  
425 Björn Hermannsson og Björn B. Jónsson. Kvöldfréttir RÚV í sjónvarpi 9. júlí 2007.  
426 *Morgunblaðið* 11. júlí 2007, bls. 8.  
427 *Morgunblaðið* 21. júlí 2007, bls. 26.  
428 *Morgunblaðið* 11. júlí 2007, bls. 8.

### 3. hluti

- 1 *Fréttabréf UMFÍ* 4:1991, bls. 4; Drög að Reglugerð unglíngalandsmóts 1992.
- 2 *Þinggerð UMFÍ 1991*, bls. 32 og 55-57; *Skýrsla UMFÍ 1992*, bls. 22.
- 3 *Skýrsla UMFÍ 1992*, bls. 22.
- 4 Skj. UMFÍ. Fundargerðir unglíngalandsmótsnefndar 1.-10; *Fréttabréf UMFÍ* 4:1992, bls. 3.
- 5 Skj. UMFÍ. Fundargerð GLÍ 8. júlí 1992.
- 6 *Leikskrá Unglíngalandsmóts 1992*, bls. 25-36.
- 7 *Leikskrá Unglíngalandsmóts 1992*; *DV* 14. júlí 1992, bls. 18.
- 8 *DV* 15. júlí 1992, bls. 26.
- 9 *DV* 14. júlí 1992, bls. 18.
- 10 *DV* 15. júlí 1992, bls. 26.
- 11 *Fundargerð Sambandsráðsfundar UMFÍ 1992*, bls. 7.
- 12 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 22. október 1993.
- 13 *Þinggerð UMFÍ 1993*, bls. 21-22.
- 14 Skj. UMFÍ. Ársskýrslur ungmennafélaga 1995; *Ársskýrsla USAH 1995*, bls. 13-15.
- 15 *Fréttabréf Unglíngalandsmótsnefndar USAH* 1:1995, bls. 8.



- 16 *Ársskýrsla USAH 1995*, bls. 17 og 22; *Fréttabréf UMFÍ 3:1995*, bls. 4.
- 17 Skj. UMFÍ. Bréf stjórnar GLÍ til UMFÍ 31. janúar 1995.
- 18 *Skýrsla Glimusambands Íslands og glímuárbók 1995*, bls. 18.
- 19 *Skinfaxi 4:1994*, bls. 17.
- 20 *Morgunblaðið C 19. júlí 1995*, bls. 2.
- 21 *Morgunblaðið C 19. júlí 1995*, bls. 2.
- 22 *Skinfaxi 3:1995*, bls. 31.
- 23 *Morgunblaðið C 19. júlí 1995*, bls. 2.
- 24 Skj. UMFÍ. Úrslit mótsins.
- 25 *Morgunblaðið C 19. júlí 1995*, bls. 2.
- 26 *Skinfaxi 3:1995*, bls. 31.
- 27 *Fréttabréf UMFÍ 5:1996*, bls. 4.
- 28 *Fundargerð Sambandsráðsfundar UMFÍ 1996*, bls. 6.
- 29 Skj. UMFÍ. Ársskýrslur ungmennafélaga 1998.
- 30 *Skýrsla ULM í Grafarvogi 1998*, bls. 4.
- 31 *Þinggerð UMFÍ 1997*, bls. 21.
- 32 *DV 13. júlí 1998*, bls. 40.
- 33 *DV 13. júlí 1998*, bls. 40.
- 34 *Morgunblaðið B 7. júlí 1998*, bls. 4.
- 35 *DV 13. júlí 1998*, bls. 40.
- 36 *Þinggerð UMFÍ 1999*, bls. 36.
- 37 Skj. UMFÍ. Ársskýrslur ungmennafélaga árið 2000.
- 38 Skj. UMFÍ. Framkvæmda- og kostnaðaráætlun fyrir íþróttamannvirki í Vesturbyggð 1999-2000.
- 39 Valdimar Gunnarsson. Viðtal 3. september 2007.
- 40 Valdimar Gunnarsson. *Skýrsla um 4. unglíngalandsmót UMFÍ*.
- 41 *Ársskýrsla UMFÍ 2001*, bls. 35.
- 42 *Ársskýrsla GLÍ 2000*, bls. 51-52; Markús Ívarsson. Viðtal 1. september 2007.
- 43 *Morgunblaðið 20. ágúst 2000*, bls. 14; Valdimar Gunnarsson. Viðtal 31. ágúst 2007.
- 44 *Snæfell 2:2000*, bls. 16; Íbúar Bíldudals voru 262 árið 2000 skv. heimasíðu Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.
- 45 *Skinfaxi 3:2000*, bls. 23.
- 46 *Skessuhorn 24. ágúst 2000*, bls. 4.
- 47 Valdimar Gunnarsson: *Skýrsla um 4. Unglíngalandsmót UMFÍ*.
- 48 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 4. ágúst 2000.
- 49 *Skýrsla UMFÍ 2001*, bls. 5.
- 50 *Þinggerð UMFÍ 2001*, bls. 15.
- 51 *Skessuhorn 4. janúar 2002*, bls. 2.
- 52 Haukur Björnsson: *Skýrsla undirbúningsnefndar 5. unglíngalandsmóts UMFÍ í Stykkishólmi*, bls. 2.
- 53 Heimasíða Hagstofu Íslands www.hagstofa.is, skoðað 6. september 2007.
- 54 *Morgunblaðið 7. ágúst 2002*, bls. 16; *Ársskýrsla UMFÍ 2002*, bls. 42.
- 55 *Fundargerð sambandsráðsfundar UMFÍ 2002*, bls. 16.
- 56 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 6. desember 2002 og 17. janúar 2003.
- 57 Jón Pétur Róbertsson: *Skýrsla unglíngalandsmótsnefndar 2003*, bls. 2.
- 58 Heimasíða Hagstofu Íslands 6. september 2007.
- 59 *Skinfaxi 2:2003*, bls. 18.
- 60 *Skinfaxi 2:2003*, bls. 3.
- 61 *DV 25. júlí 2003*, bls. 24.
- 62 RÚV-fréttir kl. 18, 4. ágúst 2003.
- 63 *Morgunblaðið 9. júlí 2004*, bls. 52; Sæmundur Runólfsson. Viðtal 7. september 2007.
- 64 *Þinggerð UMFÍ 2003*, bls. 31-33.
- 65 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 6. desember 2003; Skj. UMFÍ. Upplýsingar um ULM 2004.
- 66 *Ársskýrsla UMFÍ 2004*, bls. 43.
- 67 *Ársskýrsla UMFÍ 2004*, bls. 43.
- 68 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 30. júlí 2004.
- 69 www.umfi.is. Frétt á heimasíðu UMFÍ 30. júlí 2004.
- 70 *Morgunblaðið 5. ágúst 2004*, bls. C2.
- 71 *Skinfaxi 4:2004*, bls. 9.
- 72 *Fundargerð Sambandsráðsfundar UMFÍ 2004*, bls. 2-4; *Skinfaxi 4:2004*, bls. 8-9.
- 73 *Skinfaxi 3:2004*, bls. 20.
- 74 *Morgunblaðið*, bls. 4. ágúst 2004, bls. 32.
- 75 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 12. júní 2004.
- 76 *Skýrsla 8. unglíngalandsmóts UMFÍ 2005*.
- 77 Heimasíða Hagstofu Íslands 6. september 2007.
- 78 *Morgunblaðið 2. ágúst 2005*, bls. 6.
- 79 *DV 2. ágúst 2005*, bls. 38.
- 80 Andrés Guðmundsson. Viðtal 6. september 2007.
- 81 www.umfi.is Frétt 31. júlí 2005.
- 82 *Skýrsla 9. unglíngalandsmóts UMFÍ 2005*, bls. 5.
- 83 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 30. júlí 2004.
- 84 *Skýrsla unglíngalandsmóts UMFÍ 2006*.
- 85 Heimasíða Hagstofu Íslands 6. september 2007; *Skarpur 26. október 2005*, bls. 5.
- 86 www.forseti.is Ávarp forseta Íslands við setningu ULM 2006.
- 87 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 1. júlí 2005.
- 88 Valdemar Einarsson. Viðtal 7. september 2007.
- 89 *Morgunblaðið 20. ágúst 2007*, bls. 30.
- 90 Björn B. Jónsson. Viðtal 8. september 2007.
- 91 www.hagstofa.is Mannfjöldi 1. desember 2006.
- 92 RÚV. Fréttir kl. 16, 6. ágúst 2007.

#### 4. hluti

- 1 *Skinfaxi 10:1911*, bls. 76.
- 2 *Skinfaxi 10:1911*, bls. 76.
- 3 *Skinfaxi 1:1960*, bls. 3.
- 4 *Alþingismannatal 1845-1995*, bls. 413.
- 5 *Skinfaxi 7:1912*, bls. 51-52 og 8:1912, bls. 64.
- 6 *Skinfaxi 7:1913*, bls. 55.



- 7 Hafsteinn Þorvaldsson: Þrastaskógur, óbirt handrit.
- 8 *Skinfaxi* 2:1917, bls. 11; *Skinfaxi* 6:1922, bls. 43-45.
- 9 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga 28. júní 1921.
- 10 *Þinggerð UMFÍ 1924*, bls. 5.
- 11 *Skinfaxi* 1:1927, bls. 7.
- 12 Skj. UMFÍ. Þórður J. Pálsson: Þrastaskógur frá 1927-1970, óbirt handrit.
- 13 *Skinfaxi* 2:1935, bls. 84-85.
- 14 *Skinfaxi* 2:1937, bls. 166.
- 15 Skj. UMFÍ. Þórður J. Pálsson: Erindi flutt á ársþingi UMFÍ í Reykjavík 8. september 1963.
- 16 *Skinfaxi* 2:1937, bls. 167.
- 17 *Skinfaxi* 1:1930, bls. 4.
- 18 *Þinggerð UMFÍ 1929*, bls. 11.
- 19 *Þinggerð UMFÍ 1933*, bls. 24-25.
- 20 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 19. september 1940.
- 21 Hafsteinn Þorvaldsson: Þrastaskógur.
- 22 Skj. UMFÍ. Samningur UMFÍ við Þórð J. Pálsson um gæslu í Þrastaskógi 1. júlí 1943.
- 23 Þórður J. Pálsson: Þrastaskógur frá 1927-1970.
- 24 Þórður J. Pálsson: Þrastaskógur frá 1927-1970.
- 25 *Skinfaxi* 3:1955, bls. 146.
- 26 Hafsteinn Þorvaldsson. Þrastaskógur. Þórður J. Pálsson. Þrastaskógur frá 1927-1970.
- 27 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 11. maí 1952.
- 28 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 21. júní 1958 og 26. ágúst 1959; Böðvar Pálsson. Viðtal 16. september 2007.
- 29 Skj. UMFÍ. Gjörðabók UMFÍ 2. desember 1958.
- 30 Stefán Ólafur Jónsson. Viðtal 16. september 2007.
- 31 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 6. september 1959.
- 32 Skj. UMFÍ. Fundargerðabók Þrastaskógarnefndar 22. maí 1960.
- 33 *Ársskýrslur UMFÍ 1959-1969*.
- 34 Jóhannes Sigmundsson. Viðtal 16. september 2007.
- 35 Þórður J. Pálsson: Þrastaskógur frá 1927-1970.
- 36 *Ársskýrsla UMFÍ 1961*, bls. 5.
- 37 Hafsteinn Þorvaldsson: Þrastaskógur.
- 38 Þórður J. Pálsson: Erindi flutt á ársþingi UMFÍ í Reykjavík 8. september 1963.
- 39 Skj. UMFÍ. Veiðibók Þrastalundar 1974.
- 40 Skj. UMFÍ. Gjörðabók sambandsþinga UMFÍ 7. september 1963.
- 41 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 1. mars 2007.
- 42 Hafsteinn Þorvaldsson. Viðtal 1. mars 2007.
- 43 *Skinfaxi* 3-4:1965, bls. 39.
- 44 Trausti Víglundsson. Viðtal 16. september 2007.
- 45 Skj. UMFÍ. Fundargjörðabók Þrastaskógarnefndar 27. ágúst 1966.
- 46 Stefán Jasonarson: „Dýrmæt eign ungmennafélaganna.“ bls. 9.
- 47 *Þinggerð UMFÍ 1971*, bls. 13.
- 48 *Ársskýrsla UMFÍ 1971*, bls. 7.
- 49 *Skinfaxi* 5-6:1972, bls. 10.
- 50 Hafsteinn Þorvaldsson: Þrastaskógur.
- 51 Skj. UMFÍ. Fundargerðabók Þrastaskógarnefndar II, fundir 22. sept. 1979 - 27. apríl 1982.
- 52 Kristján Jónsson. Viðtal 16. september 2007.
- 53 *Þinggerð UMFÍ 1977*, bls. 8.
- 54 *Skinfaxi* 3:1978, bls. 13.
- 55 *Skinfaxi* 3:1978, bls. 16-17.
- 56 *Skinfaxi* 6:1978, bls. 21-22.
- 57 Páll Aðalsteinsson. Viðtal 17. september 2007.
- 58 Hafsteinn Þorvaldsson: Þrastaskógur; *Skinfaxi* 3:1980, bls. 12.
- 59 *Ársskýrsla UMFÍ 1985*, bls. 60.
- 60 Páll Aðalsteinsson. Viðtal 17. september 2007; Einar K. Jónsson. Viðtal 17. september 2007.
- 61 *Ársskýrsla UMFÍ 1988*, bls. 15.
- 62 *Framtíð Þrastaskógar*; 1. verðlaunatilaga, bls. 4.
- 63 *Framtíð Þrastaskógar*; 1. verðlaunatilaga, bls. 5
- 64 *Skinfaxi* 4:1990, bls. 29.
- 65 *Ársskýrsla UMFÍ 1992*, bls. 9.
- 66 *Ársskýrsla UMFÍ 1994*, bls. 53.
- 67 Skj. UMFÍ. Bryndís Böðvardsdóttir: Þrastaskógur 1996, bls. 3.
- 68 *Ársskýrslur UMFÍ 1991-2006*; Einar K. Jónsson. Bréf 17. september 2007.
- 69 *Þinggerð UMFÍ 1993*, bls. 15.
- 70 *Ársskýrsla UMFÍ 2000*, bls. 44 og 2001, bls. 44; Björn B. Jónsson. Viðtal 18. september 2007.
- 71 *Ársskýrsla UMFÍ 2002*, bls. 14 og 2003, bls. 37; Anna Möller. Viðtal 18. september 2007.
- 72 *Skinfaxi* 2:2004, bls. 29.
- 73 *Skinfaxi* 2:2004, bls. 32.



# Heimildaskrá

## Prentaðar heimildir

- Aðalfundargerð HSP*, 1956-1959.  
Aðalsteinn Sigmundsson o.fl.: *17. júní*, Reykjavík, 1937.  
Aðalsteinn Sigmundsson: „Íþróttalögin.“ *Skinfaxi* 1:1940, bls. 14-27.  
Aðalsteinn Sigmundsson: „Landvörn.“ *Skinfaxi* 2:1938, bls. 87-98.  
*Afmælisblað UBK 1960*.  
*Afmælisrit UMSS 2002*.  
*Aftonbladet* 1912.  
*Alþingismannatal 1845-1995*. Vigdís Jónsdóttir o.fl. tóku saman, Reykjavík, 1996.  
*Alþýðublaðið 1957-1973*.  
Andrés Arnalds: „Landgæði á Íslandi fyrr og nú.“ *Græðum Ísland. Landgræðslan 80 ára*, Ritstjóri: Andrés Arnalds, 1988, bls. 13-32.  
Andrés Kristjánsson: *Íslenskir kaupfélagsstjórar 1882-1977*, Akureyri, 1978.  
*AppleFréttir* 1990.  
Arndís G. Jakobsdóttir: „Leikstarfsemi á vegum Aftureldingar.“ *Dagrenningur* 1:1979, bls. 42-44.  
*Austri* 1908.  
Arni Björnsson: „Þjóðminningardagar.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1984, bls. 111-156.  
Arni Sveinsson: „Frá vordegi ungmennafélanna.“ *Ungmennasamband Skagafjarðar 50 ára. 17. apríl 1910-17. apríl 1960*, Sauðárkrúkur, 1960, bls. 42-43.  
*Árbók Héraðssamb. Skarphéðins 1928*, Reykjavík, 1928.  
*Árbók íþróttamanna*, Reykjavík, 1943-1953.  
*Ársrit HSP*, Húsavík, 1973-1992.  
*Ársrit UÍA*, Egilsstaðir, 1978-1987.  
*Ársrit UMSE*, Akureyri, 1962-1990.  
*Ársskýrsla Breiðabliks*, Reykjavík, 1979.  
*Ársskýrsla Fjölnis*, Reykjavík, 2005.  
*Ársskýrsla HSH*, Stykkishólmur, 1987-1991.  
*Ársskýrsla HSK*, Selfoss, 1967-2003.  
*Ársskýrsla HSS 1990*, Hólmavík, 1990.  
*Ársskýrsla HSP*, Húsavík, 1969-1997.  
*Ársskýrsla ÍSÍ*, Reykjavík, 1941-2002.  
*Ársskýrsla UFA*, Akureyri, 2006.  
*Ársskýrsla UMFÍ*, Reykjavík, 1965-2006.  
*Ársskýrsla Umf. Selfoss*, Selfoss, 1965-1979.  
*Ársskýrsla UMSS*, Borgarnes, 1967-2001.  
*Ársskýrsla UMSE 1987*, Akureyri, 1987.  
*Ársskýrsla UMSK*, Reykjavík, 1966-1997.  
*Ársskýrsla UMSS*, Sauðárkrúkur, 1992-1997.  
*Ársskýrsla USAH*, Blönduós, 1970-1995.  
*Ársskýrsla USÚ*, Höfn, 1978-1986.  
*Ársskýrsla USVH*, Hvammstangi, 1978-1990.  
*Ársskýrsla USVS*, Vík, 1977-1987.  
Berghildur Erla Bernharðsdóttir: *Flöggum hreinu landi. Skýrsla*, Reykjavík, 1996.  
Björn Bjarnason: *Betur má ef duga skal*, Reykjavík, 1909.  
*Birkibeinar* 1912.  
Bjarni M. Gíslason: „Handritin og danska þjóðargjöfin.“ *Skinfaxi* 3:1968, bls. 20-29.  
Bjarni Guðmundsson: *Halldór á Hvanneyri. Saga fræðara og frumkvöðuls í landbúnaði á tuttugustu öld*, Hvanneyri, 1995.  
Björgvin Guðmundsson: „Ávarp.“ *Afmælisblað UBK 1960*, bls. 3.  
Björn B. Jónsson: *Skógrækt aðildarfélaganna UMFÍ 1992-1993*, Reykjavík, 1993.  
Björn Pálsson: „Hveragerði og upphaf mannvistar þar.“ *Árnesingur*, 1996, bls. 9-62.  
*Bóndi er bústólpi. Sagnir af nokkrum góðbændum*, III. bindi. Guðmundur Jónsson sá um útgáfuna, Reykjavík, 1982.  
Bragi Jósepsson: *Lýðskólamaðurinn Guðmundur Hjaltason og ritverk hans*, Reykjavík, 1986.  
*Breiðablik 30 ára. 1950-1980*, Ritnefnd: Guðmundur Ingimarsson o.fl., Kópavogur, 1980.  
Brynleifur Tóbiasson: *Hver er maðurinn. Íslendingaævir*, I. bindi, Reykjavík, 1944.  
*Byggðir Eyjafjarðar*, I. bindi, Ritnefnd: Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson og Sveinn Jónsson, Akureyri, 1973.  
*Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, ritnefnd: Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson, án útgáfustaðar, 1985.  
*Dagblaðið Vísir* 1993.  
*Dagrenningur* 1959.  
*Dagskrá* 1897.  
*Dagskrá II leikmóts UMFÍ 17.-24. júní 1914*, Reykjavík, 1914.  
*Dagur* 1961-1990.  
*Dagur-Tíminn* 1997.  
Daníel Ágústínusson: „Æskulýðsmótið að Kroge-rup.“ *Skinfaxi* 2:1948, bls. 89-102.  
*Dreifibréf UMFÍ* 1940.  
*DV* 1988-2007.

- Eflum íslenskt* 1982.
- Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, Reykjavík, 2000.
- Eimreiðin* 1912.
- Einar Benediktsson: „Til fánans“. *Fáninn*, 1906, bls. 31-32.
- Eiríkur J. Eiríksson: „Afmælishugleiðingar“, *Skinfaxi* 2:1945, bls. 73-83.
- Eiríkur J. Eiríksson: „Ísland frjálst.“ *Skinfaxi* 1:1944, bls. 4-8.
- Eiríkur J. Eiríksson: „Noregsför vorið 1947.“ *Skinfaxi* 2:1947, bls. 68-96.
- Eysteinn Hallgrímsson: *Geisli. Afmælisrit 1908-1978*, Laugar S-Þing., 1978.
- Eysteinn Hallgrímsson: *Ípróttir í Umf. Geisla 1908-1968*, Laugar S-Þing., 1968.
- Eysteinn Jónsson: „Formáli.“ *Félagsheimili. Leiðbeiningar um bygging þeirra og rekstur*, Reykjavík, 1950, bls. 5-7.
- Fálkinn* 1965.
- Fáninn* Reykjavík, 1906.
- Finnbogi Jónsson: „Ungmennafélagið Visir í Múlasveit. Barn síns tíma“ *Árbók Barðastrandarsýslu*, 2005, bls. 228-252.
- Fjallkonan* 1907-1908.
- Fjórðungsblað Sunnlendingafjórðungs* 1909.
- Framtíð Þrastaskógar. I. verðlaunatillega*, Reykjavík, 1990.
- Fréttablaðið* 2005-2007.
- Fréttabréf UMFÍ* 1985-2004.
- Fréttabréf UMSS* 1973.
- Fréttabréf Unglingalandsmótsnefndar USAH* 1995.
- Friðgeir G. Olgeirsson: *Langnesinga saga. Saga byggðar á Langanesi frá 1918-2000*, II. bindi, Reykjavík, 1998.
- Friðrik A. Friðriksson: „Um höfundinn.“ Jakobína Johnson: *Kertaljós*, Reykjavík, 1956, bls. ix-xxvii.
- Fundargerð formannafundar ÍSÍ 16. apríl 1999*. Reykjavík, 1999.
- Fundargerð Sambandsráðsfundar UMFÍ*, Reykjavík, 1970-2004.
- Fundargerð Sambandsstjórnarfundar ÍSÍ* 1987, Reykjavík, 1987.
- Geir Jónasson: *UMFÍ 1907-1937. Minningarrit*, Reykjavík, 1938.
- Geir Sigurðsson: *Minningar frá morgni aldar*, Reykjavík, 1983.
- Gils Guðmundsson: „Rán eða ræktun. Guðmundur Davíðsson, frumkvöðull náttúruverndar á Íslandi.“ *Andvari*, 1995, bls. 143-168.
- Gils Guðmundsson: *Ípróttasamband Íslands 75 ára. 1912-1987*, Reykjavík, 1987.
- Gísli Halldórsson/Jón M. Ívarsson: *Íslendingar á Ólympíuleikum*, Reykjavík, 2003.
- Guðbjörn Guðmundsson: „Noregsför ungmennafélaga.“ *Skinfaxi* 3:1931, bls. 62-68.
- Guðjón Arngrímsson: *Annað Ísland. Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, Reykjavík, 1998.
- Guðjón Friðriksson: *Saga Jónasar Jónssonar frá Hriflu. Dómsmálaráðherrann*, Reykjavík, 1991-1993.
- Guðjón Friðriksson: *Saga Jónasar Jónssonar frá Hriflu. Með sverðið í annarri hendi og plóginn í hinni*, Reykjavík, 1991-1993.
- Guðjón Ingimundarson: „Æska og ábyrgð.“ *Skinfaxi* 3:1969, bls. 5-6.
- Guðjón Jónsson: „Norræna æskulýðsmótið á Laugarvatni 1954.“ *Skinfaxi* 3:1954, bls. 97-109.
- Guðmundur Björnsson: „Ípróttir á Íslandi.“ *Lög-rjetta* 24. janúar 1912, bls. 19.
- Guðmundur Davíðsson: „Enn um þegnskylduvinnuna og ungmennafélögin.“ *Skinfaxi*, 7:1916, bls. 91-93.
- Guðmundur Davíðsson: *Skógræktarrit*, Reykjavík, 1912.
- Guðmundur Finnbogason: *Skýrsla um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903-1904*, Reykjavík, 1905.
- Guðmundur Hjaltason: *Æfisaga Guðmundar Hjaltasonar og þrjú fyrirlestrar*, Reykjavík, 1923.
- Guðmundur Jónsson frá Mosdal: „Heimilisiðnaður“, *Skinfaxi* 7:1914, bls. 97-98.
- Guðmundur Ingi Kristjánsson: *17. júní 1941*, Reykjavík, 1941.
- Guðni Halldórsson: „Ófeigur í Skörðum fer í bíó.“ *Árbók Þingeyinga*, 1997, bls. 122-152.
- Gunnar Benediktsson: *Stiklað á stóru. Frá bernsku til brauðleysis*, Reykjavík, 1976.
- Gunnar Kristjánsson: *Ræktun lýðs og lands. Ungmennafélag Íslands 75 ára. 1907-1982*, Reykjavík, 1983.
- Gunnar Ólafsson: „Þjálfun ípróttamanna.“ *Skinfaxi* 2:1937, bls. 149-156.
- Göngum um Ísland. Leiðabók*, Reykjavík, 2002.
- Göngum um Ísland. Leiðabók*, Reykjavík, 2007.



- Hafsteinn Þorvaldsson: „Formáli.“ *Vasasöngbók-in*, Reykjavík, 1974, bls. 4-5.
- Hafsteinn Þorvaldsson: „Vasasöngbókin.“ *Skinfaxi* 5-6:1974, bls. 5-7.
- Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, Ritstjórar: Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Reykjavík, 1997.
- Halldóra Bjarnadóttir: „Heimilisiðnaður. Landsýningin 1930.“ *Hlín*, 1930, bls. 42-56.
- Haraldur Sigurðsson: *Skíðakappar fyrir og nú*, Akureyri, 1981.
- Haukur Björnsson: *Skýrsla undirbúningsnefndar 5. unglíngalandsmóts UMFÍ í Stykkishólmi*, Stykkishólmur, 2002.
- Haukur Jörundsson: „Norges Ungdomslag 50 ára.“ *Skinfaxi* 2:1946, bls. 84-94.
- Helgi J. Halldórsson: *Ungmennafélag Reykdæla 75 ára*, [Reykholtsdalshreppur], 1983.
- Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld*, Reykjavík, 2002.
- Helgi Konráðsson: „Um leiklist á Sauðárkróki.“ *Tindastóll* 3:1961, bls. 42-46.
- Helgi Valtýsson: „Sambandsþing 1911.“ *Skinfaxi* 3:1911, bls. 18-20.
- Helgi Valtýsson: „Skautfími.“ *Skinfaxi* 2:1909 bls. 10-11.
- Helgi Valtýsson: „Til ungmennafélaga Íslands.“ *Skinfaxi* 1:1909, bls. 1-2.
- Helgi Valtýsson: *Litill leiðarvísir í skógrækt*, [Hafnarfjörður], 1909.
- Hermann Jónasson: *Þegnskylduvinna*, Reykjavík, 1908.
- Héraðssamband Suður-Þingeyinga. 50 ára afmælisrit*, ritnefnd: Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson, Þórður Jónsson, Akureyri, 1965.
- Hjördís Kristjánsdóttir: „Ungmennafélagið Einingin 100 ára.“ *Árbók Þingeyinga 1992*, bls. 46-64.
- Húnavaka* 1961-2006.
- Húni. Frásagnir, ljóð og annar fróðleikur* 1978-1991.
- Hæstaréttardómar 1996*, Reykjavík, 1996.
- Ingibjörg Dagsdóttir: „Holl og göfgandi verkefni til hagsbóta fyrir land og lýð.“ *Brot úr 50 ára sögu Umf. Samhygðar*, bls. 18-20.
- Ingimar Jóhannesson: *Skarphéðinn 1910-1950. Minningarit*, Reykjavík, 1955.
- Ingólfur* 1909.
- Ísafold* 1907-1917.
- Íslensk fornrit*, I. bindi. Reykjavík, 1933-2007.
- Íþróttablaðið* 1971.
- Jensen, Jens Marinus: *Ad nordlige veje*, Óðinsvé, 1950.
- Jensen, Jens Marinus: „Íslensku handritin.“ *Skinfaxi* 2:1950, bls. 74-79.
- Jón Eiríksson: „Brautarholtsskóli sextugur.“ *Sveitarstjórnarmál*, 1995, bls. 75-81.
- Jón Emil Guðjónsson: *Hvítbláinn. Drættir úr sögu fánamálsins*, Reykjavík, 1941.
- Jón M. Ívarsson: *Gísli Halldórsson. Minningar, menn og málefni*, Reykjavík, 2005.
- Jón M. Ívarsson: *Spor ungmennafélaga. Samkomuhús og félagsheimili*. Reykjavík, 2006.
- Jón Sigurðsson: „Ungmennasamband Skagafjarðar 50 ára.“ *Ungmennasamband Skagafjarðar 50 ára. 17. apríl 1910-17. apríl 1960*, Sauðárkrúkur, 1960, bls. 6-16.
- Jón Pétur Róbertsson: *Skýrsla unglíngalandsmótsnefndar 2003*, Reykjavík, 2003.
- Jónas Þorbergsson: „Heimboð vestan um haf.“ *Skinfaxi*, 7:1916, bls. 82-83.
- Kjartan B. Guðjónsson: *Íslensk glíma og glímumenn*, Reykjavík, 1993.
- Kristján Eldjárn: „Nokkrar leiðbeiningar um örnefnasöfnun.“ *Skinfaxi* 1:1945, bls. 45-50.
- Kristján Eldjárn: „Örnefnaskráning U.M.F.“ *Skinfaxi* 1:1944, bls. 34-39.
- Kristján Viðar Haraldsson: *Útihátíð* [tónlist], 1986.
- Landsshreyfing '95. Skýrsla*, Reykjavík, 1995.
- Landsmótsblað HSK* 1981-1984.
- Landsmótsfréttir* 1975-1994.
- Landsmótsreglugerð*, Reykjavík, 1989-1996.
- Lárus J. Rist: *Synda eða sökkva. Endurminningar*, Akureyri, 1947.
- Leikmót ÍR 1913*, Reykjavík, 1913.
- Leikmót Íslands 1921*, Reykjavík, 1921.
- Leikskrá Allsherjarmóts*, Reykjavík, 1922-1946.
- Leikskrá Landsmóts UMFÍ*, Reykjavík, 1943-2004.
- Leikskrá íþróttamóts UMFÍ 1911*, Reykjavík, 1911.
- Leikskrá Unglíngalandsmóts 1992*, Dalvík, 1992.
- Lýður Björnsson: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*, II. bindi, Reykjavík, 1972-1979.
- Lög „Ungmennafél. Reykjavíkur.“ Reykjavík, 1906.
- Lög fyrir Samband Ungmennafélaga Íslands, Reykjavík, 1911.
- Lög fyrir Ungmennafélag Akureyrarkaupstaðar, Akureyri, 1906.
- Lög fyrir Ungmennafélagið „Íðunn“, Reykjavík, 1908.

- Lög Ungmennafélags Íslands, Reykjavík, 1975.  
*Lögrjetta 1907-1912.*
- Magnús Jónsson: „Ágrip af sögu bankanna á Íslandi.“ *Álit millipinganefndar um bankamál 1925. Álit meirihlutans*, Fylgiskjal II, Reykjavík, 1926, bls. 1-80.
- Magnús Jónsson: *Alþingishátiðin 1930*, Reykjavík, 1943.
- María Stefánsdóttir: *Loftskipið. Skýrsla*, Reykjavík, 2000.
- Matthías Lýðsson: „Af jörðu ertu kominn.“ *Skinfaxi 2*:1989, bls. 34-35.
- Morgunblaðið 1914-2007.*
- Norðanfari 1875.*
- Norðri 1908-1915.*
- Norðurland 1907-1909.*
- Óðinn 1908.*
- Ólafur Þ. Kristjánsson: *Kennaratal á Íslandi, I. bindi*, Reykjavík, 1985.
- Ólafur Sveinsson: „Upphaf frjálsra íþróttanna á Íslandi.“ *Árbók frjálsíþróttamanna*, Reykjavík, 1942-1943.
- Óli E. Björnsson: *Hólmavíkurbók. Gefin út af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps í tilefni af 100 ára verslunarfæli Hólmavíkur 1990*, [Hólmavík], 1990.
- Páll J. Árdal: *Ljóðmæli, gömul og ný*, Akureyri, 1923.
- Páll Lýðsson: *UMF Selfoss 40 ára. Afmælisrit. Saga ungmennahreyfingarinnar á Selfossi og nágrenni*, Selfoss, 1976.
- Páll Lýðsson/Jón M. Ívarsson: *Sigurður Greipsson og Haukadalsskólinn*, Selfoss, 1997.
- Reikningar HSH 1973*, Stykkishólmur, 1973.
- Reikningar UMSE 1969*, Akureyri, 1969.  
 Reykjavík 1907.
- Rúnar Hálfðanarson: „Dagrenning.“ *Ársskýrsla UMSE 1984*, bls. 2.2.
- Röðull 1936.*
- Sambandslög Ungmennafélaga Íslands*, Reykjavík, 1907.
- Samtíðarmenn. Upplýsingar um ævi og störf tvö þúsund Íslendinga*, Ritsstjóri: Vilhelm G. Kristinsson, Reykjavík, 1993.
- Sigurbjörg Hreiðarsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir: *Á fjölnum. Saga leikstarfsemi í Hrunamannahreppi á 20. öldinni*, Reykjavík, 2006.
- Sigurður Geirdal: „Danmerkurferð UMFÍ.“ *Skinfaxi 4-5*:1971, bls. 34-40.
- Sigurður Geirdal: „Haldið vökunni ungmennafélagar.“ *Skinfaxi 6*:1969, bls. 21.
- Sigurður Greipsson: „Noregsförin 1925.“ *Skinfaxi 2*:1926, bls. 82-94
- Sigurður Helgason: „För til Vejle.“ *Skinfaxi 1-2*:1961, bls. 14-20.
- Sigurður Norland: *Nokkur kvæði og vísur*, Reykjavík, 1965.
- Sigurjón Einarsson: *Undir hamrastáli. Uppvaxtar-saga og mannlífsmyndir úr Arnarfirði*, Reykjavík, 2006.
- Sjödin, Eric H.: *NSU 1946-1986. Minnen och tankar*, Katrineholm, 1986.
- Skarpur 2005.*
- Skessuhorn 2002.*
- Skinfaxi 1909-2004.*
- Skýrsla framkvæmdastjóra 24. landsmóts UMFÍ, Sauðárkrúkur*, 2004.
- Skýrsla Glimusambands Íslands og glímuárþing*. Reykjavík 1995-2000.
- Skýrsla Landsmóts UMFÍ*, Reykjavík, 1965-1975.
- Skýrsla Landsmótsnefndar*, Reykjavík, 1984-1987.
- Skýrsla Landsmótsnefndar UMSE vegna 22. Landsmóts UMFÍ*, Borgarnes, 1997.
- Skýrsla íþróttanefndar ríkisins fyrir tímabilið 1946-1949*, Reykjavík, 1949.
- Skýrsla sambandsráðsfundar UMFÍ*, Reykjavík, 1966-2006.
- Skýrsla skipulagsnefndar UMFÍ 2003*, Reykjavík, 2003.
- Skýrsla unglíngalandsmóts UMFÍ*, Reykjavík, 2005-2006.
- Skýrsla ULM í Grafarvogi 1998*, Reykjavík, 1998.
- Snæfell 1979-2000.*
- Starfsskýrsla HSP 1963-64*, Húsavík, 1964.
- Stefán Jasonarson: *Alltaf glaðbeittur. Endurminningar Stefáns í Vörsabæ*, [Reykjavík], 1991.
- Stefán Jasonarson: „Dýrmæt eign ungmennafélaganna.“ *Skinfaxi 3*:1966, bls. 7-9.
- Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg. Minningar glímukappans*, Reykjavík, 1964.
- Stefán Jónsson: *Krossfiskar og hrúðurkarlar*, Reykjavík, 1961.
- Stefán Ólafur Jónsson: „Norræna æskulýðsvikan 1952.“ *Skinfaxi 3*:1952, bls. 99-103
- Steinn Steinarr: *Kvæðasafn og greinar*, Reykjavík, 1982.
- Stjórnartíðindi*, Reykjavík, 1940-1977.
- Stofnfundargerð Fjölnis*, Reykjavík, 1988.

- Sveinbjörn Dagfinnsson: „Rausnarleg gjöf.“ *Græðum Ísland. Landgræðslan 80 ára*, Ritstjóri: Andrés Arnalds, 1988, bls. 175-178.
- Sveinn Runólfsson: „Landgræðslustörf áhugafélks.“ *Græðum Ísland. Landgræðslan 80 ára*, Ritstjóri: Andrés Arnalds, 1988, bls. 197-202.
- Suðurland 1910-1980*.
- Sundbók ÍSÍ fyrir hvern mann*, Reykjavík, 1920-1921.
- Sunnlenska fréttablaðið* 22. júlí 1993.
- Sunnlenskar byggðir*, V. bindi, *Rangárþing vestan Eystri Rangár*, ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson, [Selfoss], 1980-1987.
- Svanhvít Ingvarsdóttir: „Gamla fundarhúsið við Grásiðu. Einskonar eftirmæli“ *Árbók Þingeyinga 1995*, bls. 146-155.
- Sydsvenska dagbladet* 1912.
- Söngvar handa ungmennafélögum Íslands*, Eyrarbakka, 1910.
- Templar 1906-1924*.
- Tilhögunarskrá íþróttamótsins 1909*, Akureyri, 1909.
- Tindastóll* 1960.
- Tíminn* 1920-1987.
- Tómas Guðmundsson: *Fagra veröld*. Reykjavík, 1968.
- Tryggvi Þórhallsson: „Að fegra og hreinsa móðurmálið.“ *Skinfaxi* 1:1912, bls. 2-3.
- Umf. K-blaðið* 1989.
- Umhverfið í okkar höndum. Umhverfisverkefni UMFÍ 1995*, Ritstjóri: Anna Margrét Jóhannesdóttir, Reykjavík, 1995.
- UMSB 80 ára 1992*, Borgarnes, 1992.
- Unga Ísland* 1907.
- Ungmennafélagið Brúin 70 ára*, Ritstjóri: Sigurður Guðmundsson, Borgarfjörður, 1982.
- Ungmennafélagið Einingin 110 ára. Annáll 1892-2002*, án útgáfustaðar, 2002.
- Ungmennafélagið Glói 10 ára 1994-2004*, [Siglufjörður], 2004.
- Ungmennafélag Njarðvíkur 40 ára 1. desember 1984*, Njarðvík, 1984.
- Ungmennafélagið Óðinn. Tíu ára afmælisblað 1999*, Vestmannaeyjar 1999.
- Ungmennafélagið Tindastóll 1907-1982. Afmælisrit*, [Sauðárkrókur], 1982.
- Ungmennasamband Skagafjarðar 50 ára. 17. apríl 1910-17. apríl 1960*, Sauðárkrókur, 1960.
- Úttekt vinnuhóps vegna hugsanlegrar sameiningar ÍSÍ og UMFÍ*, Reykjavík 2000.
- Valdimar Gunnarsson: *Skýrsla um 4. unglingslandsmót UMFÍ*, Reykjavík, 2000.
- Vasasöngbókin*, Reykjavík, 1946.
- Vasasöngbókin*, Reykjavík, 1974.
- Vesturlandspósturinn* 1997.
- Viðar Hreinsson, Jón Torfason og Höskuldur Þráinsson: *Saga Landsmóta UMFÍ 1909-1990*, Reykjavík, 1992.
- Viðar Hreinsson: *Andvökuskáld. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar*, II. bindi, Reykjavík, 2003.
- Vigfús Guðmundsson: „Minningar“ *UMFÍ 1907-1937. Minningarrit*, bls. 77-79.
- Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Snorri Sturluson og goðafræðin. Gylfaginning og þættir um trú og list í goðsögum*, Reykjavík, 1941-1942.
- Viljinn* [blað Umf. Mýrahrepps] 1962-1965.
- Viljinn* [fjölritað blað Umf. Samhygðar] 1973.
- Vikurblaðið* 1987.
- Vikurfréttir* 1987.
- Vísir* 1911-1978.
- Vor í dal*, Reykjavík, 1973.
- Þinggerð Héraðspings Skarphéðins*, Selfoss, 1955-1960.
- Þinggerð HSK*, Selfoss, 2001.
- Þinggerð HSP*, Húsavík, 1970-2006.
- Þinggerð ÍSÍ*, Reykjavík, 1997-2006.
- Þinggerð Sambands UMFÍ 1924*, Reykjavík, 1924.
- Þinggerð sambandsþings Ungmennafélaga Íslands*, Reykjavík, 1927-1938.
- Þinggerð UÍA 1986*, Egilsstaðir, 1986.
- Þinggerð UMFÍ*, Reykjavík, 1967-2005.
- Þinggerð UMSB*, Borgarnes, 1973-2001.
- Þinggerð UMSK*, Reykjavík, 1957-2001.
- Þjóðólfur* 1908.
- Þjóðviljinn* 1955-1978.
- Þorfinnur Kristjánsson: *Í útleög. Endurminningar*, [Reykjavík], 1956.
- Þorkell Clementz: „Stjórnarfyrikkomulag UMFÍ,“ *Skinfaxi* 7:1910, bls. 51-52.
- Þorkell Jóhannesson: „Um rannsóknir á íslenskri menningar- og hagsögu.“ *Samvinnan* 24:1930, bls. 26-59.
- Þorsteinn Einarsson: *Drög að sögu íslenskra íþrótta*, Reykjavík, 1977.
- Þorsteinn Einarsson: *Félagatal ungmenna- og íþróttafélaga sem stofnuð voru 1854-1994 og upplýsingar um samtök þeirra*, Reykjavík, 1997.

Þorsteinn Einarsson: *Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1983*. [Reykjavík], 1984.

Þórður Káráson: „Húsið á blettinum.“ *Ungmennafélag Staðarsveitar 80 ára. 1912-1992*, 1992, bls. 15-18.

Þórhallur Björnsson: „Heimboð og heimsóknir,“ *Skinfaxi* 1:1934, bls. 2-4.

Þórhallur Björnsson: „Heimsókn og hugleiðingar.“ *Skinfaxi* 2:1935, bls. 133-136.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir: *Stelpan frá Stokks-eyri. Saga Margrétar Frimannsdóttur*, Reykjavík, 2006.

*Þríhyrningur*, [Göngulýsing UBH], Hvolsvöllur, 1980.

*Þróttur* 1921.

*Öldin okkar. Minnisverð tíðindi 1951-1960*, Gils Guðmundsson tók saman, Reykjavík, 1975.

*II. Leikmót UMFÍ. Leikskrá*, Reykjavík, 1914.

## Óprentaðar heimildir

### Héraðsskjalasafn Akureyrar: (Hér. Ak.)

Gjörðabækur Umf. Akureyrar 1906-1939.

### Skjalasafn Ármanns: (Skj. Ármanns)

Gjörðabók Ármanns 7. janúar 1906.

### Héraðsskjalasafn Árnesinga: (Hér. Árn.)

Gjörðabók Umf. Baldurs 1908.

Gjörðabók Umf. Biskupstungna 1909.

Gjörðabækur Umf. Samhygðar 1911-1949.

Mótabók Skarphéðins 1923-1948.

Nemendatal Haukadalskóla 1927-1970.

Starfsskýrslur Umf. Samhygðar 1940-1955.

Steindór Björnsson: Skrifleg skýrsla um héraðsmótið 1926.

### Héraðsskjalasafn Húsavíkur: (Hér. Hús.)

Gjörðabók SÞU 1915-1925.

### Héraðsskjalasafn Ísafjarðar: (Hér. Ís.)

Gjörðabók FV. 1913-1925.

Skýrsla ritara UMFÍ 1908-1911.

### Héraðsskjalasafn Skagafjarðar:

(Hér. Skag.)

Skýrslur til SMFS 1911-1918.

### Landsbókasafn (Lbs.)

2759, 4to. Skinfaxi, handskrifað blað Umf. Reykjavíkur 1908-1918.

2764, 4to. Gjörðabók Umf. Reykjavíkur 20. nóvember 1922.

485, fol. Gjörðabók Umf. Reykjavíkur 7. maí 1918.

### Skjalasafn Íþróttasambands Íslands (Skj. ÍSÍ)

Skýrslur aðildarféлага til ÍSÍ 1920-1938.

### Skjalasafn Ungmennafélags Íslands (Skj. UMFÍ)

Auglýsingaherferð UMFÍ 1976.

Ávarp Þorsteins Einarssonar 15. júlí 1984.

Bréf FRÍ til UMFÍ 21. febrúar 2002.

Bréf HSV til UMFÍ 29. janúar 2002.

Bréf Jóhannesar Jósefssonar 22. júní 1955.

Bréf stjórnar GLÍ til UMFÍ 31. janúar 1995.

Bréf stjórnar UMFÍ til sýnenda á Iðnsýningu 2. september 1983.

Bréf stjórnar UMSK dags. 30. júní 1980.

Bréf Umf. Gnúpverja 29. maí 1910.

Bréf UMFÍ til ÍSÍ 15. febrúar 1951.

Bréf UMSE 6. febrúar 1979.

Bryndís Böðvarsdóttir: Þrastaskógur 1996.

Dagbók Landsmótsnefndar 1957.

Drög að Reglugerð unglíngalandsmóts 1992.

Framkvæmda- og kostnaðaráætlun fyrir íþróttamannvirki í Vesturbyggð 1999-2000.

Fundargerð GLÍ 8. júlí 1992.

Fundargerð Landsmótsnefndar 27. september 2005.

Fundargerðarþækkur Þrastaskógarnefndar 1960-1982.

Fundargerð landsmótsnefndar 31. ágúst 2006.

Fundargerðir unglíngalandsmótsnefndar 1992.

Fundargerð ritnefndar UMFÍ 1959.

Gjörðabækur framkvæmdastjórnar UMFÍ 1973-2006.

Gjörðabækur sambandsþinga UMFÍ 1908-1969.

Gjörðabækur sambandsráðsfunda UMFÍ 1944-1992.

Gjörðabækur stjórnar UMFÍ 1918-2007.

Greinargerð um landsmótskvikmynd 1987.

Kassabók UMFÍ 1911-1937.

Kaupsamningur 31. janúar 2007.

Kvittun Jóhanns Sigurðssonar pr. 17. des. 2005.

Landsmótskvikmyndir 1943-1984.

Námskeið Leiðtogaskólans.

Reglugerð um Félagsmálaskóla UMFÍ 1. febrúar 1970.

Samningur UMFÍ við Þórð J. Pálsson um gæslu í Þrastaskógi 1. júlí 1943.



Samningur UMFÍ og UMSK 12. september 2006.  
Skýrsla Guðrúnar Sveinsdóttur 1991.  
Skýrsla Hafsteins Þorvaldssonar 20. maí 1969.  
Skýrsla Umf. Dögunar Fellsströnd um göngudaginn 1983.  
Skýrsla UMFÍ 1937-1964.  
Skýrsla UMFÍ um herferðina 1982.  
Skýrsla Umf. Þróttar um göngudaginn 1980.  
Skýrslur FS til UMFÍ 1915.  
Skýrslur ungmennafélaga til UMFÍ 1915-2000.  
Skýrslur Umf. Stafholtstungna og Dagsbrúnar af göngudeginum 1980.  
Stafsetningarverkefni landsmótsins 1994.  
Stefán Ólafur Jónsson: Bréf 1. maí 2007.  
Stefán Runólfsson: Skýrsla til UMFÍ um heimsókn finnska þjóðdansaflokksins sumarið 1951.  
Umburðarbréf ÍSÍ 17. apríl 1946.  
Upplýsingar um ULM 2004.  
Úrslitaskýrslur landsmóta 1943-1990.  
Veiðibók Þrastaskógar 1974.  
Þingskjal nr. 16 á þingi UMSK 1923.  
Þorsteinn Einarsson: Greinargerð um íþróttir og UMFÍ.  
Þórður J. Pálsson: Erindi flutt á ársþingi UMFÍ í Reykjavík 8. september 1963.  
Þórður J. Pálsson: Þrastaskógur frá 1927-1970.

### **Skjalasafn Ungmennafélags Njarðvíkur (Skj. UMFN)**

Gjörðabók Umf. Njarðvíkur 27. maí 1951.

### **Skjalasafn Örnefnastofnunar (Skj. Örn.)**

Örnefnasafn Hrunamannahrepps skráð af Ingimundi Einarssyni.  
Örnefnasafn Skeiðahrepps skráð af Jóni Eiríkssyni.  
Örnefnasafn Villingaholtshrepps skráð af Sigurði Guðmundssyni.  
Örnefni í Norðfjarðarhreppi. Skráð 1931 af Eyþóri Þórðarsyni.

### **Þjóðskjalasafn Íslands (Þ. Í.)**

Gjörðabók ÍSÍ. Undirbúningsfundur 18. janúar 1912 og fundur 28. janúar 1912.  
Mmrn. 1991 DA/7. Bréf frá Sveini Þórarinssyni verkfræðingi 11. mars 1978.  
Mmrn. 1991 DA/8: Bréf Sigurðar Blöndal og gögn Félagsheimilassjóðs.  
Mmrn. 1991 DA/32. Reikningar Félagsheimilassjóðs.

Mmrn. 1991 DA/41. Bréf húsnefndar Hnitbjarga.  
Mmrn. 1991 DA/143. Könnun á stöðu og rekstrararmöguleikum félagsheimila.  
Mmrn. 1991 DA/143. Svör við spurningum þingnefndar 1982.

### **Aðrar óúttefnar heimildir**

Björn B. Jónsson: Bréf 14. september 2007.  
Einar K. Jónsson: Bréf 17. september 2007.  
Hafsteinn Þorvaldsson: Þrastaskógur.  
Hreppsþækur Þverárhrepps, í vörslu Agnars Levý í Hrísakoti.  
Jón M. Ívarsson: Dagþækur 1957-2007.  
Jón M. Ívarsson: Íþróttar- og ungmennafélagatal 1863-2006.  
Jón M. Ívarsson, minnisþæktar.  
Sigurður Þorsteinsson: Bréf 8. maí, 21. maí og 6. júní 2007.  
Snorri Sigurðsson, Borgarnesi: Bréf 26. september 2006.  
Þórir Haraldsson, Selfossi: Bréf 1. júní 2007.

### **Munnlegar heimildir**

Aðalsteinn Bernharðsson lögreglumaður.  
Agnar Levý, Hrísakoti.  
Andrés Guðmundsson aflraunamaður.  
Anna R. Möller stjórnarmaður UMFÍ.  
Ari Jósavinsson, Auðnum.  
Ásdís Helga Bjarnadóttir stjórnarmaður UMFÍ.  
Ásta Katrín Helgadóttir starfsmaður UMFÍ.  
Bergur Torfason á Ísafirði.  
Bjarni Guðrúðsson í Nesi Reykholtssdal.  
Björn B. Jónsson skógarverkfræðingur.  
Bragi Benediktsson, Grímsstungu.  
Brynjólfur Guðmundsson frá Galtastöðum.  
Böðvar Pálsson, Búrfelli.  
Davið Guðmundsson frá Miðdal.  
Einar Ingimundarson, Keflavík.  
Einar K. Jónsson formaður Umf. Vesturhlíðar.  
Eiríkur Þorgeirsson, Túnsbergi.  
Esther Óskarsdóttir, Selfossi.  
Eysteinn Þorvaldsson prófessor.  
Gestur Kristjánsson, Forsæti.  
Gísli Halldórsson arkitekt.  
Gísli V. Halldórsson, Borgarnesi.  
Gísli Sigurðsson þjálfari.  
Grímur Norðdahl, Úlfarsfelli.  
Guðjón Vigfússon, Húsatóftum.  
Guðlaug Ásbjörnsdóttir, Reykjavík.

Guðmundur Guðmundsson, Selfossi.  
Guðmundur Oddsson frá Tungu.  
Guðrún Nielsen íþróttakennari.  
Gunnar Halldórsson, Skeggjastöðum.  
Gunnar Kristjánsson, Grundarfirði.  
Gunnar R. Magnússon, Kópavogi.  
Gunnar Sveinsson, Keflavík.  
Hafsteinn Þorvaldsson, Selfossi.  
Hallur Pálsson, Nausti.  
Helgi Gunnarsson starfsmaður UMFÍ.  
Hildur Björnsson, Grjótnesi.  
Hörður Gunnarsson þjálfari..  
Hörður S. Óskarsson starfsmaður UMFÍ.  
Jóhann Geirdal, Keflavík.  
Jóhanna Sigþórsdóttir, Reykjavík.  
Jóhannes Guðmundsson, Arnarhóli.  
Jóhannes Sigmundsson, Syðra-Langholti.  
Jón Eiríksson, Vorsabæ.  
Jón G. Guðbjörnsson, Lindarhvoli.  
Jón Guðlaugsson maraþonhlaupari.  
Jón H. Sigurðsson frá Úthlíð.  
Jónas Þór Jóhannesson, Egilsstöðum.  
Kjartan Lárusson, Austurey.  
Kolbrún Þórarinsdóttir, Reykjavík.  
Kristján Jónsson, Selfossi.  
Lilja Steingrimsdóttir, Reykjavík.  
Magnús Guðmundsson í Dalbæ.  
Margrét Árnadóttir, Hallfreðarstöðum.  
Margrét Hallgrímsdóttir íþróttakennari.  
Markús Ívarsson, Vorsabæjarhóli.  
Páll Aðalsteinsson kennari.  
Reynir Reimarsson, Breiðdalsvík.  
Sigtryggur Þorsteinsson, Þorsteinsstöðum.  
Sigurður Aðalsteinsson, Vaðbrekku.  
Sigurður Einarsson, Reykjavík.  
Sigurður Guðmundsson, Sviðugörðum.  
Sigurður R. Guðmundsson skólastjóri.  
Sigurður Skarphéðinsson, Mosfellsbæ.  
Sigurður Þorsteinsson, Reykjavík.  
Sigurgeir Ingólfsson í Hlíð.

Sigurveig Stefánsdóttir, Akranesi.  
Stefán Jasonarson í Vorsabæ.  
Stefán Á. Jónsson, Kagaðarhóli.  
Stefán Ólafur Jónsson, Reykjavík.  
Stefán Pedersen, Sauðárkróki.  
Stella Guðmundsdóttir, Heydal.  
Sveinbjörn Grétarsson tónlistarmaður.  
Sveinn Jónsson á Kálfsskinni.  
Sæmundur Runólfsson, Reykjavík.  
Trausti Víglundsson veitingamaður.  
Tryggvi Haraldsson, Reykjavík.  
Valdemar Einarsson, Höfn.  
Valdimar Gunnarsson íþróttakennari.  
Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi.  
Þórarinn Guðvarðsson, Minnireykjum.  
Þórir Jónsson formaður UMFÍ.

## Vefsíður

*Forseti Íslands*, vefslóð: [www.forseti.is](http://www.forseti.is).  
*Hagstofa Íslands*, vefslóð: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).  
*Íþróttaleikvangur á Sauðárkróki*. Vefslóð: [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is).  
Jón Kristján Sigurðsson: *Fréttavefur UMFÍ*, vefslóð: <http://umfi.is/veftre/frettir/>.  
Jónína Hafsteinsdóttir: „Starf örnefnasafnarans.“  
*Nefnir. Vefrit Örnefnastofnunar*, vefslóð: <http://nefnir.is/>.  
*Sveitarstjórnarkosningar*, Vefslóð: [www.kosningar.is](http://www.kosningar.is).  
*Ungmennafélag Íslands*, vefslóð [www.umfi.is](http://www.umfi.is),

## Aðrar heimildir

Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Jón Jónsson.  
Kvöldfréttir RÚV í sjónvarpi 8. júlí 2007.  
Björn Hermannsson og Björn B. Jónsson. Kvöldfréttir RÚV í sjónvarpi 9. júlí 2007.  
RÚV-fréttir kl. 18, 4. ágúst 2003.  
RÚV-fréttir kl. 16, 6. ágúst 2007.

# Nafnaskrá

- Adam Jakobsson HSP 374.  
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir HSK 467-468, 477, 515, 588.  
Aðalbjörg Valdimarsdóttir USAH 330.  
Aðalbjörn Gunnlaugsson UNP 330.  
Aðalheiður Böðvarsdóttir USVH 329.  
Aðalheiður Héðinsdóttir Keflavík 490.  
Aðalheiður María Vigfúsdóttir UMSK 547, 584.  
Aðalsteinn Bernharðsson UMSE 458, 467-468, 471, 474, 480, 486-487, 492, 496-497, 503, 508, 517, 559, 572, 583.  
Aðalsteinn Jónsson UMFÍ 315.  
Aðalsteinn Sigmundsson kennari 86, 90, 92, 95, 97-98, 103-106, 113, 119, 121, 135, 149-150, 167, 246-248, 315-316, 641-643, 645, 647-648, 660.  
Aðalsteinn Steinþórsson UÍA 252.  
Aðalsteinn Örnólfsson Fjölni 598.  
Adolf Guðmundsson UÍA 244-245.  
Agnar Pétursson byggingameistari 661.  
Agnar Snorri Stefánsson UMSE 562.  
Agnes Antonsdóttir HSK 256.  
Albert Eymundsson USÚ 331, 634.  
Albert H. N. Valdimarsson UMSK 328.  
Alda Helgadóttir UMSK 328.  
Alda Pálsdóttir starfsmaður UMFÍ 302-303, 628.  
Alexíus Lúthersson UMSK 366.  
Alfreð Eyjólfsson skógarvörður 643.  
Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi 241-242.  
Andersson, Mauritz fangkappi 65.  
Andrea Pálsdóttir HSK 595.  
Andrés Guðmundsson kraftajötunn 488-489, 499, 510, 513, 521, 529, 622-621.  
Andrés Kristjánsson blaðamaður 189-190.  
Andri Karlsson UMSK 546.  
Angantýr Jónasson HVÍ 458, 467.  
Anna Erlendsdóttir frá Odda 135.  
Anna S. Gísladóttir HSB 514, 517.  
Anna Gerður Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri 625.  
Anna Hannedóttir UÍA 467-468, 474.  
Anna Sif Ingimarsdóttir UMSS 594.  
Anna Margrét Ingólfssdóttir UMSK 285.  
Anna Steinunn Ingólfssdóttir UMSK 581.  
Anna Jóhannsdóttir starfsmaður UMFÍ 198.  
Anna Margrét Jóhannsdóttir starfsmaður UMFÍ 283-285.  
Anna S. Jónasdóttir Keflavík 524, 529.  
Anna Jónsdóttir UMSE 223.  
Anna Leópoldsdóttir starfsmaður UMFÍ 198.  
Anna S. Mikaelssdóttir HSP 330.  
Anna R. Möller UMFÍ 7, 289-291, 303, 311, 321-323, 328, 567, 569, 598, 631.  
Anna Lóa Sveinsdóttir UMSB 577.  
Anna Margrét Tómasdóttir starfsmaður UMFÍ 302, 309-310.  
Anton Bjarnason íþróttakennari 507.  
Anton Konráðsson UMSK 549.  
Anton Páll Nielsson UMSS 562.  
Ari Guðmundsson UMSK 174.  
Ari Hafliðason HHF 603.  
Ari Kristinsson HSP 374.  
Ari Teitsson HSP 419, 422.  
Ari Þorgilsson fróði 50.  
Arna Atladóttir Umf.N 548, 553.  
Arnaldur Mar Bjarnason HSP 162, 164, 318-319, 330.  
Arnar Felix Einarsson UMSK 553, 562, 566.  
Arnar Gíslason USVS 621.  
Arnar Ingólfsson Reykjavík 231.  
Arnar Freyr Ólafsson HSK 513-514, 517, 536, 540, 584.  
Arnar Sigurbjörnsson UÍA 563.  
Arnar Sigurðsson UMSK 569-570.  
Arnar Már Vilhjálmsson UFA 534, 541, 553, 566.  
Arnbjörg Jónsdóttir frá Seljamýri 69.  
Arndís Björnsdóttir UMSK 440, 449.  
Arndís María Einarsdóttir UMSS 617.  
Arndís Erlingsdóttir Galtastöðum 399, 405.  
Arndís Ýr Hafþórsdóttir Fjölni 573.  
Arndís G. Jakobsdóttir 77.  
Arndís Sigurðardóttir HSK 392, 396.  
Arnfinnur Auðunn Jónsson UMSK 549, 578.  
Arngeir Friðriksson HSP 501, 512, 525, 538, 550, 562, 577, 627.  
Arngrímur Fr. Bjarnason kaupmaður 26, 412.  
Arngrímur Geirsson HSP 330, 493-494, 511.  
Arngrímur Jónsson HSP 489.  
Arnold, Franz leikritahöfundur 131.  
Arnór Benónýsson HSP 320, 323, 327, 330, 625.  
Arnór Erlingsson HSP 471, 501.  
Arnór Karlsson á Bóli 185.  
Arreboe Clausen Fram 350, 354.  
Atli Lillendahl HSK 470.

- Atli Pálmason HSK 489.  
 Auðunn Guðjónsson HSK 497, 503, 517.  
 Auðunn Gunnarsson UÍA 550.  
 Auður Aðalbjarnardóttir UMSE 547, 553, 558, 566.  
 Auður Ásgeirsdóttir Óðni 514, 517.  
 Auður Guðjónsdóttir Keflavík 428, 434.  
 Auður Sveinsdóttir ráðgjafi 658.  
 Auður Þórsdóttir Borgarnesi 293.  
 Axel Jónsson frá Hvítanesi 151, 316, 327, 364, 366, 367, 400, 406-407, 648.  
 Axel Tulinius sýslumaður 66, 352.  
 Ágúst Ásgrímsson HSH 108, 178, 386, 388, 393, 400, 410, 416, 427.  
 Ágúst Eyjólfsson í Hvammi 62.  
 Ágúst Jónsson frá Varmadal 145.  
 Ágúst Sigurðsson HSK 402, 405, 411.  
 Ágúst Þorsteinsson UMSB 468, 474, 477, 533.  
 Ágústa Björnsdóttir UÍA 543.  
 Ágústa Hauksdóttir Selfossi 172.  
 Ágústa Pálsdóttir HSP 509, 517.  
 Ágústa Tryggvadóttir HSK 535, 553, 566, 573, 581.  
 Áki Gränz Njarðvík 485.  
 Ármann Bjarnason UMSB 328.  
 Ármann Halldórsson kennari 384, 391.  
 Ármann J. Lárusson glímukappi 388, 419-420, 426, 430-431, 442, 451-452, 576.  
 Ármann Pétursson UMFÍ, 139, 152, 317, 327, 406-407, 415, 424, 651.  
 Árni Arnsteinsson UMSE 330, 475-476.  
 Árni Guðmundsson skólastjóri 425, 453.  
 Árni Helgason sundmaður 60.  
 Árni Johnsen alþingismaður 192, 210, 214.  
 Árni Jóhannesson biskupsritari 27-28, 315.  
 Árni Jónsson í Alviðru 651.  
 Árni Magnússon handritasafnari 118.  
 Árni Pálsson Keflavík 328.  
 Árni Sighvatsson ÍR 346.  
 Árni Geir Sigurbjörnsson UMSS 599.  
 Árni Þorgilsson HSK 331, 539-540, 550.  
 Árni Þorsteinsson á Reykjum 80.  
 Árný Heiðarsdóttir Óðni 242, 331.  
 Ársæll Þórðarson Vesturhlíð 239-240.  
 Ása Marinósdóttir UMSE 330.  
 Ásbjörn Morthens tónlistarmaður 495.  
 Ásdís Helga Bjarnadóttir UMSB 277, 298-299, 309, 322-323, 329.  
 Ásdís Guðjónsdóttir HHF 602.  
 Ásdís Guðmundsdóttir UMSS 616.  
 Ásdís Hjálmsdóttir ÍBR 559.  
 Ásdís Kristinsdóttir UMFÍ 256.  
 Ásdís Ríkharðsdóttir Umf.R 148.  
 Ásgeir Ásgeirsson forseti 391, 409, 433.  
 Ásgeir Haukur Einarsson UMSK 553.  
 Ásgeir Sigurðsson hárskeri 431, 473.  
 Ásgerður Halldórsdóttir UMSK 328.  
 Ásgerður Ingimarsdóttir ÖBÍ 182.  
 Áskell Egilsson HSP 402, 411.  
 Áslaug Ýr Bragadóttir HSK 632-633.  
 Áslaug Jóhannsdóttir UMSS 566.  
 Áslaug Stefánsdóttir Laugarvatni 110, 378-379, 382.  
 Ásmundur Gíslason USÚ 202, 331.  
 Ásmundur Guðmundsson biskup 387.  
 Ásmundur Jónsson í Geirshlíðarkoti 369-370.  
 Ásta Katrín Helgadóttir UMFÍ 251-252.  
 Ásta Karlsdóttir USAH 179.  
 Ástvaldur J. Arthúrssón UMSK 488.  
 Ástþór Hlöðversson UMSK 547.  
 Ásvaldur Guðmundsson HVÍ 329.  
 Bach, Ernst, leikritahöfundur 131.  
 Baldur Danielsson HSP 330, 625.  
 Baldur Haraldsson USVH 329.  
 Baldur Ingi Jónasson HSV 614.  
 Baldur Ragnars UMSE 205.  
 Bára Eiríksdóttir UMSK 463.  
 Bárður Eypórsson körfuboltaþjálfari 628.  
 Beinteinn Bjarnason skíðamaður 80.  
 Benedikt Halldórsson UMSK 511.  
 Benedikt Hjaltason UMSE 538.  
 Benedikt Jóhannsson UÍA 331.  
 Benedikt Jónasson Eiðum 172.  
 Benedikt Sigurðsson HSP 452.  
 Benedikt Sveinsson alþingismaður 39.  
 Benedikt G. Wåge kaupmaður 55, 101, 103, 105, 114-115, 274, 344, 346-347.  
 Berghildur Erla Bernharðsdóttir UMFÍ 285.  
 Berglind Bjarnadóttir UMSS 523, 535, 541.  
 Berglind Kristinsdóttir HSK 577.  
 Berglind Óskarsdóttir Fjölni 581.  
 Bergljót Einarisdóttir arkitekt 657-658.  
 Bergur Hallgrímsson UÍA 410.  
 Bergur Hallgrímsson UMSK 570-571, 573.  
 Bergur Pálsson HSK 525.  
 Bergur Torfason HVÍ 215, 247, 318-320, 327.  
 Bergþór Halldórsson HSK 439.  
 Bergþóra Benónýsdóttir HSP 458-459, 468, 474, 477.  
 Bergþóra Bergsdóttir UMSB 609.  
 Bergþóra Sigmundsdóttir UMSK 328.



Bernharð Stefánsson alþingismaður 26, 42, 138, 327, 412.  
 Bertelsen, Andreas ÍR 345.  
 Bessi Freyr Vésteinsson UMSS 564.  
 Birgir Már Bragason Keflavík 328.  
 Birgir Guðjónsson UMSS 428, 434.  
 Birgir Guðmundsson mjólkurbússtjóri 470.  
 Birgir Gunnlaugsson Fjölni 322-323, 327.  
 Birgir Ari Hilmarsson UMSK 328, 567.  
 Birgir Ingibergsson Keflavík 327.  
 Birgir Karlsson UMSB 531.  
 Birgir Marinósson UMSE 178, 330, 416.  
 Birgir Steingrímsson HSP 493-494.  
 Birgir Þorgilsson UMSB 371-372, 374, 386, 389.  
 Birgir Þórðarson UMSB 531.  
 Birgir Þórðarson UMSE 330.  
 Birgitta Guðjónsdóttir HSK/UMSE 330, 488, 492, 498, 503, 510, 523.  
 Birgitta Haukdal söngkona 618.  
 Birgitta Jónsdóttir Keflavík 441, 443.  
 Birgitta Magnúsdóttir UMSK 538.  
 Birna Káradóttir HSK 564.  
 Bjarki Guðmundsson HSK 489.  
 Bjarki Gíslason UFA 241.  
 Bjarki Þór Sævarsson HSK 578.  
 Bjarki Viðarsson HSK 533.  
 Bjarney S. Snævarsdóttir Keflavík 328.  
 Bjarnheiður Fossdal HSS 329.  
 Bjarni Andrésón HSH 137.  
 Bjarni Ásbjörnsson Vesturhlíð 240.  
 Bjarni Bjarnason skólastjóri 424-425, 433.  
 Bjarni Bjarnason UMSK 511.  
 Bjarni Böðvarsson tónlistarmaður 381.  
 Bjarni Felixson fréttamaður 494.  
 Bjarni M. Gíslason rithöfundur 118, 120, 442.  
 Bjarni Valtýr Guðjónsson UMSB 216, 328.  
 Bjarni Gunnarsson UMFÍ 302, 309.  
 Bjarni Gunnarsson UMSE 588.  
 Bjarni Þór Gunnarsson HSP 577.  
 Bjarni Halldórsson Króki 47, 366.  
 Bjarni Jónsson UMSS 330, 555-556.  
 Bjarni Jónsson frá Vogu 66-67, 352.  
 Bjarni Malmkvist Jónsson Fjölni 581.  
 Bjarni Kristjánsson Keflavík 489, 500.  
 Bjarni G. Sigurðsson UMSB 328, 456.  
 Bjarni Skarphéðinsson UMSB 328.  
 Bjarni Þór Traustason ÍBH 560, 566.  
 Bjarni Vilmundarson UMSB 328.  
 Bjarni G. Þórmundsson UMSK 328.  
 Bjartmar Guðlaugsson trúbador 491.  
 Björg Aradóttir HSP 386.  
 Björg S. Blöndal UÍA 331, 499.  
 Björg Jónsdóttir HSP 450-451.  
 Björg Jónsdóttir Umf.N 503.  
 Björg Ásta Þórðardóttir Keflavík 560.  
 Björgmundur Örn Guðmundsson HSV 611.  
 Björgvin Guðmundsson UMSK 203.  
 Björgvin Reynir Helgason HSK 575.  
 Björgvin Jóhannesson UMSK 463.  
 Björgvin Víkingsson ÍBH 559, 583.  
 Björk Ingimundardóttir UMSB 417, 427, 434, 448, 458-459, 533.  
 Björn Arnórsson Akureyri 338.  
 Björn Ágústsson UÍA 247, 318-320, 327.  
 Björn Bjarnason ráðherra 275, 532.  
 Björn Bjarnason frá Viðfirði 344.  
 Björn Dúason HSK 538.  
 Björn R. Einarsson tónlistarmaður 411.  
 Björn Eiríksson Vogagerði 223.  
 Björn Friðriksson USVS 450.  
 Björn Friðþjófsson UMSE 330.  
 Björn Gíslason rakari 331.  
 Björn Guðmundsson skólastjóri 30, 86, 92, 95, 119, 315, 327.  
 Björn Hafþór Guðmundsson UÍA 543.  
 Björn Halldórsson UMSK 469.  
 Björn Helgason HSV 329.  
 Björn Hermannsson framkvæmdastjóri 568, 580.  
 Björn Ingimarsson UMSE 330.  
 Björn Ingólfsson skólastjóri 217.  
 Björn Jakobsson skólastjóri 59, 104, 138, 327, 343, 345-346, 350, 352, 354, 369, 378, 381.  
 Björn Jónsson ráðherra 341.  
 Björn Jónsson UMFÍ 316.  
 Björn Jónsson úr Firði 373, 387, 396, 421.  
 Björn B. Jónsson skógarverkfræðingur 7, 268, 276-277, 281-282, 289-291, 294, 298, 301, 311-312, 321-323, 331, 516, 520, 555-557, 564-565, 567-569, 580, 606, 613, 616-617, 619-621, 625-626, 629-632, 634, 659-662.  
 Björn Magnússon UÍA 370, 373-374, 436, 438, 442, 443, 446.  
 Björn Margeirsson UMSS 546, 570-571, 575, 583.  
 Björn Ármann Ólafsson UÍA 279, 281, 322, 331, 543.  
 Björn Þór Ólafsson UÍÓ 330.  
 Björn Pálsson ÍBH 578.  
 Björn Sigurbjörnsson USAH 329.  
 Björn Sigurðsson í Úthlíð 424, 439.  
 Björn Skaptason arkitekt 658.  
 Björn Skúlason UÍA 467-468, 474.

- Björn Traustason ÍBH 560.  
 Björn Ingi Þorgrímsson USVH 329.  
 Borghildur Valgeirsdóttir HSK 541.  
 Borgþór Þórhallsson UÍA 373.  
 Bóas Emilsson íþróttakennari 384-385.  
 Bóas Jónsson UÍA 486, 492.  
 Bragi Benediktsson í Grímstungu 122.  
 Brák ambátt í Borgarnesi 533.  
 Bryndís Böðvarsdóttir skógarvörður 659.  
 Bryndís Jónasdóttir HSH 329.  
 Bryndís Ólafsdóttir HSK 489-490, 492, 500, 503, 513-514, 517, 584.  
 Bryndís Ýr Pálsdóttir Sauðárkróki 617.  
 Bryndís Schram fegurðardrottning 408.  
 Brynhildur Sigursteinsdóttir Fjölni 328.  
 Brynhildur Þráinsdóttir HSP 493-494.  
 Brynja Árnadóttir Umf.N 500.  
 Brynja Hjörleifsdóttir HSP 595.  
 Brynjar Gunnarsson ÍBR 572, 581.  
 Brynjar Gunnlaugsson UNÞ 330.  
 Brynjar Jenson HSH 178, 422.  
 Brynjar Þór Þorsteinsson HHF 602.  
 Brynjólfur Guðmundsson á Galtastöðum 399.  
 Brynjólfur Kjartansson Fram 354.  
 Brynjólfur Hilmarsson UÍA 478, 483, 486, 492, 497, 503, 546.  
 Búi Kristjánsson teiknari 531.  
 Bæring Ólafsson HSB 514.  
 Böðvar Pálsson á Búrfelli 305, 649, 653-654.  
  
 Capes, Geoff kraftajötunn 495-496.  
 Carl Ryden Reykjavík 348.  
 Carlsson, Charlotte stangarstökkvari 604.  
  
 Daði Kristjánsson UMSK 460, 464.  
 Dagmar Viðarsdóttir UMFÍ 267.  
 Dagný Ingólfssdóttir HSP 451.  
 Dagrún Inga Þorsteinsdóttir ÍBR 558.  
 Dagur Jóhannesson í Haga 205, 494.  
 Daníel Ágústínusson bæjarstjóri 98, 104, 114-115, 121, 135-137, 148, 150, 155, 243, 315-316, 327, 340, 368-370, 377, 382, 384-385, 387, 398, 404, 456, 463.  
 Daníel Benediktsson sundkennari 60.  
 Daníel Einarsson UMFÍ 148, 316.  
 Daníel Smári Guðmundsson USAH 508, 517.  
 Daníel Pálsson HSK 562.  
 Davíð H. Aðalsteinsson Keflavík 578, 581.  
 Davíð Guðmundsson glímukappi 366-367, 372-374, 507.  
 Davíð Herbertsson HSP 422.  
  
 Davíð Jónsson HSK 480.  
 Davíð Kjartansson skákmaður 632.  
 Davíð Oddsson borgarstjóri 229.  
 Davíð Sigurðsson íþróttakennari 370.  
 Davíð Stefánsson skáld 404.  
 Davíð Valgarðsson Keflavík 418, 422, 428, 434, 440, 443.  
 Diðrik Haraldsson prentari 164, 227, 247, 252, 254, 256, 318-320, 323, 327.  
 Diðrik Jóhannsson UMSB 328.  
 Diljá Heimisdóttir Keflavík 548.  
 Dorrit Moussaieff forsetafrú 612-614, 628.  
 Dóra Gunnarsdóttir UÍA 165, 239, 247, 319-321, 327.  
 Dóra Þórhallsdóttir Skálholti 185-186, 319.  
 Drífa Þ. Arnþórsdóttir HSP 501.  
 Dýri Kristjánsson UMSK 569.  
  
 Edda Jónasdóttir Selfossi 227.  
 Edda Lúðvíksdóttir UMSS 449, 454.  
 Edda Sigurðardóttir UMFÍ 286-287, 301.  
 Eðvarð Þór Eðvarðsson sundkappi 472, 481, 483, 490, 492, 500, 503, 524, 529, 584.  
 Eggert Bogason UMSK 509.  
 Eggert Eggertsson UMSB 223.  
 Eggert Guðmundsson HSK 487-489, 497.  
 Eggert Haukdal alþingismaður 213, 331.  
 Egill Eiðsson UÍA/UMSK 478, 483, 486-487, 496, 503, 521-522, 529, 533, 546.  
 Egill Heiðar Gíslason Vesturhlíð 231, 239, 254, 657-658.  
 Egill Guttormsson Umf.R 315, 350.  
 Egill Skúli Ingibergsson borgarstjóri 228.  
 Egill Jónasson HSP 381.  
 Egill Skallagrímsson fornkappi 531.  
 Ehmman, Albrect UMSK 500, 526, 538.  
 Eiður Björnsson HSH 329.  
 Einar Arnórsson ráðherra 32.  
 Einar Ásgeirsson UMSK 499.  
 Einar Benediktsson skáld 38-39, 64, 98.  
 Einar Jón Geirsson UDN 322.  
 Einar Halldórsson í Klængsseli 53.  
 Einar Haraldsson Keflavík 238, 322, 327, 631.  
 Einar Karl Hjartarson USAH 534, 559, 583.  
 Einar Ingimundarson glímukappi 388-389, 393-394, 403-404, 539.  
 Einar K. Jónsson Vesturhlíð 327, 329, 531, 659-660.  
 Einar H. Kvaran rithöfundur 133.  
 Einar Magnússon HSK 165.  
 Einar Óskarsson UMSK 181.

- Einar Ole Pedersen UMSB 235, 328, 531.  
 Einar Pétursson iðnrekandi 40.  
 Einar Sigfússon HSK 428 .  
 Einar Sigmarsson HSK 527, 563, 577.  
 Einar Sigurðsson UMSK 328, 505.  
 Einar Vilhjálmsson spjótkastari 468, 478, 483,  
 488, 497-498, 509, 534, 583.  
 Einar G. Wåge ÍR 354, 357.  
 Einar Þór Þorsteinsson prestur 442.  
 Eiríkur J. Eiríksson prestur 90, 93, 95, 98, 101,  
 113, 115-116, 119-120, 135, 137, 139-141,  
 147-151, 153, 155, 157, 164, 189, 274, 316-  
 317, 327, 340, 362-363, 366, 368, 370, 374,  
 377, 380, 382, 385, 387-388, 390-391, 395,  
 397, 404, 419-420, 426, 436-438, 453, 473.  
 Eiríkur Karlsson UÍA 402-403, 405, 411-412,  
 416, 432.  
 Eiríkur Magnússon Eyrarbakka 119.  
 Eiríkur Sigurjónsson UMSK 366.  
 Eiríkur Þorgeirsson Túnsbergi 385-386, 389, 392,  
 399, 471.  
 Eiríkur Þorsteinsson Víkverja 470.  
 Elfa Ingvadóttir Keflavík 578, 581.  
 Elfa Sigurðardóttir UMSK 563, 566.  
 Elías Kjartan Bjarnason UMSK 581.  
 Elías Halldórsson HSV 92.  
 Elías Pálsson HSK 470.  
 Elín Egilsdóttir veitingamaður 643-645.  
 Elín Einaradóttir USVS 331, 620.  
 Elín Tómasdóttir Selfossi 207.  
 Elínborg Gunnarsdóttir HSK 460, 463-464.  
 Elínborg Kristinsdóttir Reykjavík 299.  
 Elís B. Sigurbjörnsson UMSS 553.  
 Elísabet Sveinbjörnsdóttir HSH 427.  
 Elísabeth Patriarca HSK 550.  
 Ellert B. Schram ÍSÍ 275-278, 281-282, 310, 327.  
 Elma Guðmundsdóttir UÍA 318, 436, 441, 548.  
 Elsa Jónsdóttir UMSK 328.  
 Elvar Ríkharðsson Skipaskaga 451, 454.  
 Emil Ásgeirsson í Gröf 57, 133.  
 Emil Björnsson prestur 151.  
 Emma Eyþórsdóttir HSK 450.  
 Engilbert Olgeirsson HSK 201, 207, 278, 331,  
 508.  
 Erla Guðjónsdóttir HSK 518-519.  
 Erla Gunnarsdóttir HSK 472, 474.  
 Erla Ingólfssdóttir HSK 441.  
 Erla Óskarsdóttir HSP/UNÞ 422, 498, 523.  
 Erlendur Ó. Pétursson formaður KR 400.  
 Erling Jóhannesson HSH 427, 434, 439.  
 Erlingur Garðarsson UMSS 563.  
 Erlingur Jóhannsson UMSK 486-487, 496-497,  
 503.  
 Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn 114, 315, 344,  
 347-348.  
 Erlingur Friðjónsson framkvæmdastjóri 29, 61,  
 336.  
 Erna Jónsdóttir HSB 517.  
 Erna Þórarinsdóttir HSK 388-389.  
 Esther Einaradóttir Selfossi 652.  
 Esther Jónsdóttir UMFÍ 302.  
 Ester Jónsdóttir UMSK 328, 567.  
 Esther Óskarsdóttir starfsmaður UMFÍ 196-197.  
 Eva Dís Heimisdóttir Keflavík 541, 548.  
 Eva Vilhjálmssdóttir EUF 303.  
 Eydís Konráðsdóttir Keflavík 536, 540, 584.  
 Eygerður Inga Hafþórsdóttir ÍBH 558, 566, 584.  
 Eygló Gísladóttir UMFÍ 315.  
 Eyjólfur V. Gunnarsson USVH 329.  
 Eyjólfur Óskarsson ÍBR 562.  
 Eyjólfur Árni Rafnsson Vesturhlíð 239.  
 Eyjólfur Sverrisson UMSS 557-558, 618.  
 Eyrún Harpa Hlynsdóttir HSV 322, 611.  
 Eyrún Jónasdóttir HSK 518.  
 Eysteinn Hallgrímsson Grímshúsum 330.  
 Eysteinn Jónsson ráðherra 123, 387.  
 Eysteinn Sigurjónsson á Húsavík 376-377.  
 Eysteinn Þorvaldsson prófessor 151-153, 157,  
 159, 167, 190, 331, 438, 445, 652.  
 Eyþór Einarsson HSK 316.  
 Eyþór Einarsson UMSS 594.  
 Eyþór Pétursson HSP 462, 480, 489, 502, 512,  
 525, 627.  
 Eyþór Þórðarson UÍA 122.  
 Fanney Björk Tryggvadóttir ÍBR 558, 584.  
 Fanney Vigfúsdóttir Fellabæ 292.  
 Felix Bergsson leikari 212.  
 Felix Þór Gíslason USÚ 632.  
 Finnboði Harðarson UDN 329.  
 Finnur Garðarsson Skipaskaga 440, 443.  
 Finnur Ingólfsson ráðherra 198, 226-227, 254,  
 268, 319-320, 323, 327, 657-658, 661.  
 Finnur Pétursson HHF 549.  
 Flemming Jessen USVH 319, 321, 524.  
 Frank, Axel fangkappi 65.  
 Freygarður Þorsteinsson Vesturhlíð 240.  
 Freyr Bjarnason HSP 330.  
 Freysteinn Þorbergsson skákmaður 174.  
 Friðbjörn Aðalsteinsson Akureyri 338.  
 Friðfinnur Kristinsson HSK 536, 540.  
 Friðgeir Björnsson borgardómari 415.

- Friðrik Gunnarsson Fram 354.  
 Friðrik Jónasson Helgastöðum 381, 388.  
 Friðrik Larsen HSK 508, 517.  
 Friðrik Ólafsson skákmeistari 173, 213, 397.  
 Friðrik Ólafsson Umf.N 328.  
 Friðrik Ágúst Ólafsson ÍBH 278.  
 Friðrik Þórarinnsson HSK 470.  
 Friðrikka Illugadóttir verkefnisstjóri 625.  
 Friðþjófur Thorsteinsson Fram 347.  
 Friða Rún Þórðardóttir UMSK 507, 510, 517,  
 522, 529, 535, 540, 558, 566, 584.  
 Frímánn Ásmundsson UÍA 427.  
 Frímánn Guðbrandsson UMSS 330.  
 Frímánn Helgason blaðamaður 114.
- Gadschiew, Kristina stangarstökkvari 574.  
 Garðar Guðmundsson HSK 524.  
 Garðar Óskarsson Skipaskaga 328, 456, 463.  
 Garðar Reynisson Selfossi 651.  
 Garðar Svansson HSH 329, 635.  
 Garðar Vigfússon Húsatóftum 331.  
 Gaukur Trandilsson fornkappi 214.  
 Gauti Ásbjörnsson UMSS 573, 581, 599.  
 Gauti Jóhannesson UMSB 553, 559.  
 Geir Birgisson UMSK 517, 529.  
 Geir Hlöðversson UMSK 499.  
 Geir Jónasson sagnfræðingur 93, 97, 189, 361-  
 362.  
 Geir Jón Jónsson kennari 344, 347-349.  
 Geir Sigurðsson frá Skerðingsstöðum 52.  
 Geirmundur Valtýsson tónlistarmaður 564.  
 Georg Þorsteinsson glímumaður 84.  
 Gestur Andrésson Hálsi 315-316.  
 Gestur Guðmundsson UMSE 393, 396, 400, 405,  
 410, 413, 510.  
 Gestur Guðmundsson UMSK 317, 328.  
 Gestur Halldórsson USÚ 331.  
 Gestur Jónsson á Skeiði 76.  
 Gestur Kristjánsson í Forsæti 112.  
 Gestur Þorsteinsson UMSS 439, 446.  
 Gils Guðmundsson rithöfundur 142.  
 Gígja Hrönn Árnadóttir UMSK 541.  
 Gígja Sigurðardóttir UMFÍ 321.  
 Gísli Andrésson Hálsi 137, 139, 317, 327, 364,  
 366-367.  
 Gísli Einarsson fréttamaður 539.  
 Gísli Felixson UMSS 388-389, 445, 557.  
 Gísli Gíslason í Gröf 223.  
 Gísli Guðmundsson kennari 133.  
 Gísli Guðmundsson yfirlögregluþjónn 470.  
 Gísli Gunnlaugsson UDN 329.
- Gísli Halldórsson arkitekt 115, 124, 188, 243,  
 274-275, 327, 650.  
 Gísli V. Halldórsson UMSB 328, 531.  
 Gísli Jóhannsson Keflavík 327.  
 Gísli H. Kolbeins prestur 139.  
 Gísli Kristjánsson íþróttakennari 381.  
 Gísli Magnússon íþróttakennari 331, 466.  
 Gísli Pálmason UMSK 253, 450.  
 Gísli Pálsson UMSE/UFA 330.  
 Gísli Páll Pálsson formaður HSK 568, 577.  
 Gísli Sigurðsson lögregluþjónn 55.  
 Gísli Sigurðsson UMSS 261, 478, 483, 508-509,  
 517, 522, 535, 546-547, 559.  
 Gísli Vilmundarson simvirki 648.  
 Gísli Þór Þorvaldsson HSH 434.  
 G. Kristín Jóhannesdóttir UMSS 330.  
 Greipur Sigurðsson HSK 449.  
 Gretar D. Pálsson HSH 329.  
 Grettir Ásmundsson fornkappi 338.  
 Gréta Jóhannesdóttir HSK 388-389, 394.  
 Grétar Vésteinsson UMSS 564.  
 Grímur Kveldúlfsson fornkappi 533.  
 Grímur Magnússon UÍA 331.  
 Grímur Norðdahl Úlfarsfelli 137, 148, 316, 366-  
 367, 373.  
 Gróa Valgerður Ingimundardóttir HSK 548, 563,  
 577.  
 Grundtvig, Nikolaj, lýðháskólafrömuður 119,  
 184.  
 Guðbjartur Guðmundsson USAH 329.  
 Guðbjartur Gunnarsson HSH 426, 454.  
 Guðbjörg Bjarnadóttir HSK 481, 483, 489-490,  
 492.  
 Guðbjörg Gylfadóttir USAH 498, 584.  
 Guðbjörg Hinriksdóttir USAH 538, 541.  
 Guðbjörg Pétursdóttir UMSK 505.  
 Guðbjörg Skúladóttir HSP 451.  
 Guðbjörg Viðarsdóttir HSK 510, 529.  
 Guðbjörn Guðmundsson prentari 83-84, 92, 145-  
 146.  
 Guðbjörn Jakobsson UMFÍ 316.  
 Guðborg Þorsteinsdóttir UMFÍ 316.  
 Guðbrandur Magnússon prentari 26, 33, 35, 46,  
 79, 138, 315, 327, 344, 348, 350-351, 359,  
 639.  
 Guðfinna Guðmundsdóttir í Vorsabæ 128, 262,  
 295.  
 Guðfinna Hreiðarsdóttir sagnfræðingur 612.  
 Guðfinna Steingrímsdóttir UMSE 330.  
 Guðjón Axelsson Keflavík 328.  
 Guðjón Friðriksson rithöfundur 44.



- Guðjón Guðmundsson Skipaskaga 440, 460, 464.
- Guðjón Guðmundsson UMSB 329.
- Guðjón Ingimundarson UMSS 139, 164-165, 169-170, 229, 233-234, 317-319, 327, 372, 398, 428, 435, 444-446, 475-476.
- Guðjón Jónsson frá Fagurhólsmýri 149-151, 189.
- Guðjón Jónsson UÍA 392.
- Guðjón Vigfússon Húsatóftum 418.
- Guðjón M. Þorsteinsson HSV 329.
- Guðlaug Ásbjörnsdóttir UMFÍ 198, 251.
- Guðlaug Gunnarsdóttir UMSS 555-556.
- Guðlaug Ósk Halldórsdóttir UMSK 509, 522.
- Guðlaug Edda Hannesdóttir UMSK 581.
- Guðlaug Harpa Harðardóttir UDN 614.
- Guðlaug Steingrimsdóttir USAH 179, 417, 422.
- Guðlaugur Guðmundsson bæjarfógeti 24, 337.
- Guðmunda Guðmundsdóttir HSK 440-441, 443, 451, 454, 472.
- Guðmundur Albertsson verslunarmaður 57.
- Guðmundur Ágústsson glímukappi 112, 364, 367, 370, 372-373.
- Guðmundur Benediktsson UMSE 330.
- Guðmundur Benediktsson UMSK 92.
- Guðmundur Bjarnason á Hæli 56.
- Guðmundur Bjarnason ráðherra 507.
- Guðmundur Björnsson landlæknir 66, 347.
- Guðmundur Davíðsson kennari 32, 41, 45, 51, 67-68, 91, 315, 640-641, 644.
- Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri 186.
- Guðmundur Finnbogason landsbókavörður 21, 120.
- Guðmundur Gilsson á Mosvöllum 80.
- Guðmundur Gíslason ritstjóri 255-256, 266.
- Guðmundur Gíslason UMSK 162-163, 183, 191, 197-198, 201, 318, 323.
- Guðmundur Guðlaugsson ritstjóri 26-27, 42, 138, 315, 461.
- Guðmundur Víðir Gunnlaugsson UMSE/UFA 330, 588.
- Guðmundur Guðmundsson skólaskáld 50.
- Guðmundur Kr. Guðmundsson glímukappi 54-55, 105, 346-347, 350, 353-357, 359.
- Guðmundur Guðmundsson frá Vorsabæjarhjáleigu 152-153, 162-164, 194, 201, 264, 318.
- Guðmundur Gunnarsson UDN 329.
- Guðmundur G. Gunnarsson HSK 464.
- Guðmundur Hafsteinsson HSK 470.
- Guðmundur G. Hagalín rithöfundur 132, 151, 639.
- Guðmundur Hallgrímsson HSP 178, 416.
- Guðmundur Hallgrímsson UÍA 178, 409-410, 413, 416, 482, 501, 514-515, 538, 545.
- Guðmundur Hjaltason kennari 27, 31, 36-38, 68, 93, 97.
- Guðmundur Ingimarsson HSK 489.
- Guðmundur Jóhannesson HSH 439, 448.
- Guðmundur Jóhannesson í Útverkum 112.
- Guðmundur Jónasson USAH 137.
- Guðmundur Jónsson Hvanneyri 316.
- Guðmundur Jónsson óperusöngvari 404.
- Guðmundur Jónsson UMSE 442.
- Guðmundur Jónsson UMSK 364, 366.
- Guðmundur Jónsson frá Brennu 67-68, 91, 315.
- Guðmundur Jónsson frá Mosdal 31, 68, 86-88, 92-93, 95, 189, 315, 327.
- Guðmundur Jónsson á Kópavatni 431, 450, 480, 515.
- Guðmundur H. Jónsson UMSK 546.
- Guðmundur Kr. Jónsson HSK 244, 281, 331, 426-428, 434, 438, 443, 446-448, 454, 458, 466, 479, 482, 488, 491, 497, 509, 518, 527.
- Guðmundur Kamban rithöfundur 76.
- Guðmundur G. Kristinsson Fjölmi 256, 328.
- Guðmundur Ingi Kristjánsson skáld 101, 108-109, 138, 142.
- Guðmundur Nikulássson HSK 479.
- Guðmundur Oddsson í Tungu 53, 366-367.
- Guðmundur Pálsson HSK 92.
- Guðmundur Runólfsson HSH 329.
- Guðmundur Sigurðsson HSH 606.
- Guðmundur Sigurðsson Keflavík 411, 418, 422.
- Guðmundur Sigurðsson UMSB 328.
- Guðmundur Sigurðsson UMSS 487, 492.
- Guðmundur H. Sigurðsson USAH 202, 247, 320, 327.
- Guðmundur Sigurjónsson íþróttakennari 54, 64, 66, 93, 343, 346, 359.
- Guðmundur Sigurmonsson HSH 162.
- Guðmundur Snorrason Umf.N 328.
- Guðmundur Stefánsson glímukappi 22, 338.
- Guðmundur Steindórsson glímukappi 420, 422, 430-431, 442, 450, 452, 462, 470.
- Guðmundur Sveinsson UMSS 330.
- Guðmundur Theodórsson UNÞ 449, 454.
- Guðmundur Tyrfingsson sérleyfishafi 227.
- Guðmundur Unnarsson Umf.N 524.
- Guðmundur Vilhjálmsón UÍA 391.
- Guðmundur B. Þorkelsson HSK 461.
- Guðni Bergsson knattspyrnumaður 618.
- Guðni Einarsson USVS 165, 331, 549.
- Guðni Emilsson Keflavík 578-579, 581.

- Guðni Halldórsson HSK 380.  
 Guðni Halldórsson sagnfræðingur 330, 494-496.  
 Guðni S. Óskarsson Garðabæ 231.  
 Guðný Ríkhardsdóttir HSP 451.  
 Guðný H. Rúnarsdóttir HSK 524, 529, 536, 584.  
 Guðný Sigurðardóttir USVS 331, 469.  
 Guðný Petrína Þórðardóttir Keflavík 560.  
 Guðríður Aadnegard HSK 331.  
 Guðrún Agnarsdóttir lækni 286.  
 Guðrún Arnardóttir UMSK 509-510, 517.  
 Guðrún Bjarnadóttir UÍA 467-468.  
 Guðrún Björnsdóttir frá Grafarvogi 67-68, 315.  
 Guðrún Finnsdóttir UMSB 399.  
 Guðrún Friðgeirsdóttir skólastjóri 183.  
 Guðrún Guðbjartsdóttir HSK 427, 527.  
 Guðrún Guðmundsdóttir íþróttakennari 473.  
 Guðrún Guðmundsdóttir starfsmaður UMFÍ 197.  
 Guðrún Anna Gunnarsdóttir HSH 329, 606.  
 Guðrún M. Halldórsdóttir Skipaskaga 460, 464.  
 Guðrún Ingólfssdóttir USÚ 449, 454, 459, 464, 469, 474, 477, 510, 517, 523, 573, 584.  
 Guðrún Jónsdóttir Skipaskaga 464.  
 Guðrún Jónsdóttir USAH 592.  
 Guðrún Karlsdóttir UMSK 252, 477, 483.  
 Guðrún Kjartansdóttir frá Búðum 35.  
 Guðrún Magnúsdóttir ÍBR 577.  
 Guðrún Nielsen fimleikakennari 147, 308.  
 Guðrún Óskarsdóttir HSK 440.  
 Guðrún Pétursdóttir forsetaframbjóðandi 286.  
 Guðrún Pétursdóttir HSH 595.  
 Guðrún María Pétursdóttir UMSK 573.  
 Guðrún le Sage de Fontenay hönnuður 543.  
 Guðrún Sigurjónsdóttir HSP 451.  
 Guðrún Sigurðardóttir UÍA 442.  
 Guðrún Bára Skúladóttir HSK 529, 535, 540, 547, 552.  
 Guðrún Snorraddóttir UMFÍ 302-303, 310-311.  
 Guðrún Stefánsdóttir frá Granastöðum 44.  
 Guðrún Sveinsdóttir UÍA 237, 467-468, 474.  
 Guðrún Sveinsdóttir HSK 133, 450, 454.  
 Guðrún Tómasdóttir UMSK 382.  
 Guðrún Katrín Þorbergssdóttir forsetafrú 532-533.  
 Guðsteinn Ingimarsson Umf.N 479.  
 Gunnar Benediktsson prestur 42.  
 Gunnar Birgisson bæjarstjóri 327, 567-571.  
 Gunnar Einarsson á Daðastöðum 502.  
 Gunnar Friðbjörnsson arkitekt 657-658.  
 Gunnar Þór Garðarsson UMSE 538.  
 Gunnar Geirsson UÍA 543.  
 Gunnar Guðbjartsson Hjarðarfelli 316.  
 Gunnar Guðmundsson skógarvörður 659.  
 Gunnar Gunnarsson HSK 512, 578.  
 Gunnar Hrafn Gunnarsson UMSK 578.  
 Gunnar Ómar Gunnarsson HSP 564.  
 Gunnar Hallbergsson ÍBR 562.  
 Gunnar Halldórsson Fram 354-357.  
 Gunnar Hámundarson fornkappi 62, 410.  
 Gunnar Huseby íþróttakapmi 108, 380.  
 Gunnar Jóhannesson HSP 253, 258-259.  
 Gunnar Jóhannesson ráðgjafi 278.  
 Gunnar Jóhannesson Umf.G 511, 524.  
 Gunnar Jónsson UMSE 476.  
 Gunnar Jónsson UMSK 501.  
 Gunnar Kristjánsson kennari 190, 199, 254.  
 Gunnar Ólafsson skólastjóri 106, 391.  
 Gunnar Páll Pálsson UMSK 505, 655, 658-659.  
 Gunnar Pétursson Ísafirði 613.  
 Gunnar Sigurðsson Stóru-Ökrum 330, 627.  
 Gunnar Þór Sigurðsson UMSE 524.  
 Gunnar Snorrason UMSK 328, 427.  
 Gunnar Svanlaugsson HSH 281, 329, 606.  
 Gunnar Sveinsson kaupfélagsstjóri 166, 194-195, 229, 235, 238, 318, 323, 327, 654.  
 Gunnar Sæmundsson USVH 329.  
 Gunnar Thoroddsen ráðherra 437.  
 Gunnar Þorvarðarson Umf.N 463, 486.  
 Gunnar Þórarinnsson Umf.N 328.  
 Gunnhildur Hinriksdóttir HSP 541.  
 Gunnlaugur Aðalbjarnarson UNÞ 256, 258.  
 Gunnlaugur Árnason HSP 493-494.  
 Gunnlaugur Árnason UMSB 328.  
 Gunnlaugur Björnsson kennari 67, 85-86, 94-95, 97.  
 Gunnlaugur Finnsson í Hvilft 329.  
 Gunnlaugur Grettisson HSK 508.  
 Gunnlaugur Tryggvi Gunnarsson HSP 216, 330.  
 Gunnlaugur Hreinsson Umf.N 328.  
 Gunnlaugur Karlsson HSK 561.  
 Gunnlaugur Skúlason UMSS 508.  
 Guttormur Sigurbjörnsson UÍA 370, 373.  
 Guttormur Þormar frá Geitagerði 108, 370-374, 377, 379, 382, 385, 389, 400, 552.  
 Gústaf Adolf 6. konungur Svíþjóðar 412.  
 Gylfi Þ. Gíslason ráðherra 120.  
 Gylfi Magnússon HSH 470.  
 Gylfi Magnússon UMSK 469.  
 Gylfi Pálsson Keflavík 480.  
 Hafdís Ingimarsdóttir UMSK 449, 454, 459, 464.  
 Hafdís Jóhannsdóttir UMFÍ 267.  
 Hafdís Sigurðardóttir HSP 573, 581.

- Hafliði Kristjánsson Keflavík 500.  
Hafliði Sævarsson UÍA 549.  
Hafsteinn Guðmundsson Keflavík 327, 484-485.  
Hafsteinn Örn Guðmundsson UMSK 328.  
Hafsteinn Jóhannesson UMSK 319, 323, 447-448, 458, 464, 474.  
Hafsteinn Pálsson UMSK 246, 278, 320, 327-328, 463, 505, 515-516, 657-658.  
Hafsteinn Steindórsson UÍA 420, 430-431, 442.  
Hafsteinn Sveinsson HSK 400, 416, 422, 431-432.  
Hafsteinn Þorvaldsson framkvæmdastjóri 115, 140, 151, 153, 155, 157-162, 164-168, 172-173, 175, 177, 180, 183, 187, 191-192, 195-197, 199, 201, 203-204, 213, 218-220, 228, 233, 255, 274, 317-319, 323, 327, 424-425, 432-433, 436-438, 453, 457, 463, 465-467, 473-474, 486, 496, 507, 519, 527-528, 533, 545, 551, 557, 568, 589, 632, 650-652, 654-657, 662.  
Halla Guðmundsdóttir Ásum 527.  
Halla Loftsdóttir HSP 330, 461, 463-464.  
Halla Teitsdóttir HSK 389.  
Hallbera Eiríksdóttir UMSB 559.  
Hallbera Jóhannesdóttir Skipaskaga 464.  
Halldór Björnsson HSP 451.  
Halldór Frímannsson UMSK 505.  
Halldór Guðnason UMSK 549.  
Halldór Karl Halldórsson Keflavík 548.  
Halldór Hansen læknir 347-348.  
Halldór Jóhannesson HSP 426-427.  
Halldór Jónasson Eiðum 172.  
Halldór Jónasson HSH 426.  
Halldór Jónsson frá Seyðisfirði 145.  
Halldór Kristjánsson á Kirkjubóli 116, 137-138, 142.  
Halldór Konráðsson Víkverja 462, 470, 512.  
Halldór Lárusson UMSK 374, 379, 382, 424.  
Halldór Lárusson yngri UMSK 566.  
Halldór Pálsson UMSE 392, 395.  
Halldór E. Sigurðsson ráðherra 187-188, 193, 316, 368.  
Halldór Valdimarsson HSP 493-494.  
Halldór Vilhjálmsson skólastjóri 184-185.  
Halldóra Bjarnadóttir kennari 88.  
Halldóra Blöndal UÍA 499.  
Halldóra Gunnarsdóttir HSK 253, 288, 301, 331, 518-519, 579.  
Halldóra Ingólfisdóttir USÚ 449, 454, 469.  
Halldóra Ingólfisdóttir Eldjárn 453, 457, 467.  
Halldóra Jónasdóttir UMSB 535, 589.  
Halldóra Markúsdóttir HSK 550.  
Halldóra Sigurlaug Ólafs ÍBR 560.  
Halldóra D. Sveinbjörnsdóttir HSB 517.  
Hallgrímur Benediktsson glímukappi 22, 48, 64, 66-67, 342, 344, 346-347, 349, 352, 357, 359.  
Hallgrímur Birkisson HSK 538.  
Hallgrímur Jónsson HSP 386, 389, 393.  
Hallgrímur Kristinsson kaupfélagsstjóri 338.  
Hallgrímur Pétursson sálmaskáld 337.  
Hallstein Sigurðsson ULF 265.  
Hallur Jóseppsson HSP 371.  
Hallur Þorleifsson KFUM 354.  
Hanna Rún Óladóttir ÍBH 578.  
Hanna Lind Ólafsdóttir UMSB 535.  
Hannes Hafstein ráðherra 27, 39-40, 59, 64, 342.  
Hannes Hrafnkelsson UMSK 497.  
Hannes Jónsson dýralæknir 184.  
Hannes Jónsson Meðalholtum 46-47.  
Hannes Ólafsson HSK 481.  
Hannes M. Sigurðsson Umf.B 503.  
Hannes Þorkelsson Víkverja 430.  
Hans Hilmarsson skógarvörður 659.  
Hans F. Kjerúlf UÍA 551.  
Hannes Þorsteinsson alþingismaður 27.  
Hansen, Fritz formaður DIF 65.  
Hansen, Svend Age Danmörku 267.  
Harald Holsvik FFSÍ 183.  
Haraldur Bóasson Þingeyjarsveit 625.  
Haraldur Einarsson Vík 56, 344, 348.  
Haraldur Guðmundsson ráðherra 101.  
Haraldur hárfagri fornkonungur 443.  
Haraldur Þór Jóhannsson UMSS 281, 322, 327, 555, 616-617.  
Haraldur Jónsson á Einarstöðum 377, 403.  
Haraldur Júlíusson Akurey 331.  
Haraldur Kristjánsson prestur 621.  
Haraldur M. Sigurðsson UMSE 382, 398.  
Harvey Georgsson UMSK 469.  
Haukur Aðalgeirsson HSP 381, 403.  
Haukur Clausen íþróttakappi 108.  
Haukur Engilbertsson UMSB 178, 400, 405, 416-417, 422.  
Haukur Snær Guðmundsson HSK 497.  
Haukur Hafsteinsson Keflavík 319, 327.  
Haukur Örn Jóhannesson Umf.N 328.  
Haukur Jörundsson UMSB 137, 146, 316.  
Haukur Steindórsson UMSE 330, 476.  
Haukur Valdimarsson USVS 331.  
Haukur Valtýsson UFA 330.  
Hákon Bjarnason skógræktarstjóri 213.  
Hákon Guðmundsson skógræktarmaður 139.

- Hákon Þór Svavarsson HSK 578.  
Hálfðán Þórisson UMSB 531.  
Heba Friðriksdóttir Umf.N 503.  
Heiða Björk Jóhannsdóttir ÍBR 563, 566.  
Heiða Björg Tómasdóttir HSK 525.  
Heiðar Georgsson Umf.N 416, 422.  
Heiðar Jóhannsson HHF 329, 603.  
Heiðar Ingi Marinósson HSV 548, 553, 562, 566, 584.  
Heiðrekur Guðmundsson á Sandi 111.  
Heimir Steinsson skólastjóri 185-186.  
Helga Aðalsteinsdóttir starfsmaður UMFÍ 197.  
Helga Alfreðsdóttir UÍA 331.  
Helga Alexandersdóttir HSH 440.  
Helga Baldursdóttir HSK 564.  
Helga G. Guðjónsdóttir UMFÍ 277, 281, 309, 321-323, 331, 611, 620, 633.  
Helga Guðmundsdóttir HSK 515, 548, 577.  
Helga Kristín Harðardóttir UMSK 570.  
Helga Dögg Helgadóttir UMSK 562.  
Helga Hjálmarsdóttir UMSS 564.  
Helga Ívarsdóttir HSK 179, 416-417.  
Helga Jónasdóttir HHF 602.  
Helga Jónsdóttir HSB 277, 322, 329.  
Helga Jónsdóttir HSP 469.  
Helga Sigríður Jónsdóttir 69.  
Helga Magnúsdóttir UÍA 488.  
Helga Unnaróttir UÍA 478, 483, 488, 492.  
Helga Margrét Þorsteinsdóttir USVH 573, 581, 608.  
Helgi M. Arngrímsson UMFÍ 297.  
Helgi Bjarnason UMSB 328.  
Helgi Björgvinsson HSK 418, 428.  
Helgi Bragason UÍA 549.  
Helgi Guðmundsson HVÍ 329.  
Helgi Gunnarsson UMFÍ 8, 162, 201, 267, 300-303.  
Helgi Hauksson HSK 481.  
Helgi Hauksson UMSK 468, 479.  
Helgi Helgason kaupmaður 352.  
Helgi Þór Helgason USAH 478, 483, 487, 492, 497, 503.  
Helgi Hólm Keflavík 426, 434.  
Helgi Kjartansson HSK 512, 525, 538, 550, 577.  
Helgi Salómonsson Hjörvar Umf.R 357, 363.  
Helgi Jónasson frá Brennu 346.  
Helgi Júlíusson íþróttakennari 372.  
Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur 183.  
Helgi Pálsson Akureyri 338.  
Helgi Pjeturs jarðfræðingur 39.  
Helgi Sigurðsson UMSS 261  
Helgi Símonarson UMSE 330.  
Helgi Stefánsson í Vorsabæ 465.  
Helgi Sveinsson prestur 387.  
Helgi Rafn Traustason UMSS 330.  
Helgi Valtýsson kennari 23, 26-29, 31, 33, 35, 37, 45, 48, 51, 53, 74, 78-79, 85, 87, 92-94, 111, 138, 315, 326-327, 343, 348, 643.  
Helgi Jóhann Þórðarson UÍA 162.  
Henry, William lávarður 64-65.  
Herdís Helga Arnalds UMSK 570, 581.  
Hergeir Kristgeirsson HSK 409-410.  
Herluf Clausen Fram 354.  
Hermann Ármannsson UMSE 205.  
Hermann Árnason USVS 470.  
Hermann Guðmundsson Blesastöðum 331, 424.  
Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóri 114-115, 327.  
Hermann Jónasson frá Þingeyrum 45.  
Hermann Jónasson ráðherra 103-104, 138, 396, 407.  
Hermann Nielsson UÍA 166, 217, 319, 330, 613.  
Hermann Óskarsson HSV 611.  
Hermann Sigurjónsson í Raftolti 424.  
Hermann Sigtryggsson íþróttafulltrúi 475.  
Hermann Unnarsson Umf.N 548, 553.  
Higgins, Mark kraftajötunn 495.  
Hildigunnur Káradóttir HSP 550.  
Hildur Aðalsteinsdóttir UMSE 279, 322, 330, 555, 616.  
Hildur Björnsson UNÞ 401, 402, 405.  
Hildur Vala Einarsdóttir söngkona 622-623.  
Hildur Guðmundsdóttir Eyrarbakka 119.  
Hildur Harðardóttir HSK 503.  
Hildur Kristjánsdóttir Keflavík 327.  
Hildur Marinósdóttir UMSE 450, 454.  
Hildur Karen Ragnarsdóttir UMSK 563, 566.  
Hildur Kristín Stefánsdóttir ÍBR 566.  
Hildur Sæmundsdóttir HSH 329.  
Hilmar Árnason ÍBR 562.  
Hilmar Björnsson Umf.G 524.  
Hilmar Einarsson byggingafulltrúi 520.  
Hilmar Kjartansson Umf.G 511.  
Hilmar Ólafsson USÚ 631.  
Hilmar Pálsson HVÍ 458, 467-468.  
Hinrik Þórðarson í Útverkum 506.  
Hjalti Árnason kraftajötunn 495.  
Hjalti Egilsson USÚ 331.  
Hjalti Haraldsson Ytra-Garðshorni 398.  
Hjalti Rúnar Oddsson HSK 562, 566.  
Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri 630-632.  
Hjalti Þórðarson UMSS 330, 555, 616.  
Hjálmar Jónsson prestur 595.



- Hjálmar Kjartansson skógarvörður 643.  
Hjálmar Torfason HSP 386, 389.  
Hjálmur Sigurðsson glímukappi 613-614.  
Hjördís Haraldsdóttir UMSE 491.  
Hjördís Kristjánsdóttir á Lundarbrekku 74.  
Hjördís Vigfúsdóttir HSK 402.  
Hjörleifur K. Hjörleifsson HSH 329.  
Hjörleifur Sigurðarson HSP 470.  
Hjörtur Arnórsson í Árbót 205.  
Hjörtur Björnsson UMFÍ 315.  
Hjörtur Gíslason UMSE 508, 517.  
Hjörtur Jóhannsson Hveragerði 331, 384-385, 464.  
Hjörtur Methúsalemsson UMSK 581.  
Hjörtur Sæland HSK 577.  
Hjörtur Þórarinnsson íþróttakennari 564.  
Hjörtur Þórarinnson á Tjörn 398.  
Hlynur Þór Magnússon HSV 563.  
Hlökkver Hlökkversson á Björgum 376-377.  
Hlökkver P. Hlökkversson HSP 493-494.  
Hlökkver Hlökkversson UMSK 547.  
Hólmbert V. Friðjónsson Keflavík 162.  
Hólmfríður Erlingsdóttir UMSE 330, 459, 463-464, 468, 474.  
Hrafnhildur Guðmundsdóttir sundþjálfari 331, 490.  
Hrafnhildur Hákonardóttir UMSK 514, 517, 524, 529.  
Hraunar Daníelsson UMSK 328.  
Hrefna Helgadóttir UMSE 330.  
Hreinn Eiríksson USÚ 331.  
Hreinn Halldórsson HSS 448, 458, 463-464, 509-510, 534.  
Hreinn Ólafsson Fjölni 597.  
Hringur Hreinsson UMSE 322, 330, 555, 616, 625.  
Hrönn Hilmarsdóttir UMFÍ 316-317.  
Hrönn Guðmundsdóttir UMSK 477, 483.  
Hrönn Sigurðardóttir HSP 563.  
Hugrún Sigurbjörnsdóttir UFA 330.  
Hugi S. Harðarson HSK 472, 474, 481, 483, 490, 492.  
Hugrún Lilja knattspyrnustúlka 632.  
Hugrún Ólafsdóttir HSK 489-490, 492, 500, 503, 513, 524, 529.  
Hulda Gunnlaugsdóttir íþróttakennari 473.  
Hulda Laxdal Hauksdóttir USÚ 630.  
Hulda Elma Jónsdóttir UÍA 545, 548.  
Hulda Olgeirsdóttir frá Höfn 273, 532.  
Hulda Pétursdóttir UMSK 328.  
Hulda Skúladóttir HSP 451.  
Hörður Finnsson Keflavík 411, 413.  
Hörður Gunnarsson UMSK 261, 508, 517, 521, 534.  
Hörður Jóhannsson UMSE 178, 416.  
Hörður Lárusson USAH 400.  
Hörður S. Óskarsson UMFÍ 183, 203-204, 239-240, 252-253, 266, 327, 331, 428, 441, 472, 659.  
Hörður Ragnarsson Keflavík 327.  
Höskuldur Goði Karlsson skólastjóri 160, 210, 408.  
Höskuldur Skagfjörð UMSSB 371.  
Höskuldur Þráinsson prófessor 259, 426.  
Ibsen, Bjarne DGI 233.  
Iðunn Tara Ásmundsdóttir USÚ 631.  
Indriði Ketilsson á Ytra-Fjalli 205.  
Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur 455.  
Inga Árnadóttir Keflavík 410-411, 413.  
Inga Lóa Guðmundsdóttir Keflavík 327.  
Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir USÚ 630.  
Inga G. Jónsdóttir HSK 481.  
Inga Helen Leós Keflavík 419.  
Inga Gerða Pétursdóttir HSP 538, 550, 561, 595.  
Inga B. Tryggvadóttir USAH 330.  
Ingi Þór Agústsson UMFÍ 302, 322, 329, 611-612, 616.  
Ingi Gunnarsson Umf.N 328.  
Ingi Þór Hauksson UMSK 533-535.  
Ingi Þór Yngvason HSP 462, 470.  
Ingibergur Guðmundsson USAH 329.  
Ingibergur Sigurðsson Víkverja 538-539.  
Ingibjörg Björnsdóttir HSP 538.  
Ingibjörg Dagsdóttir í Gaulverjabæ 76-77.  
Ingibjörg Guðjónsdóttir UMSS 492.  
Ingibjörg Guðmundsdóttir HSH 440.  
Ingibjörg Guðmundsdóttir MFA 183.  
Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir HHF 602.  
Ingibjörg Gunnarsdóttir HSK 550.  
Ingibjörg Harðardóttir '65 hópnum 527.  
Ingibjörg Ívarsdóttir HSK 459, 464, 498, 503, 510, 517.  
Ingibjörg Jóhannesdóttir HSK 450.  
Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir UMSK 328.  
Ingibjörg Kristín Jónsdóttir ÍBH 578, 581.  
Ingibjörg Marmundsdóttir HSK 331.  
Ingibjörg Sveinsdóttir HSK 408.  
Ingimar Jóhannesson kennari 92, 119, 193, 215, 648.  
Ingimundur Ásgeirsson á Hæli 369-370.  
Ingimundur Einarsson Umf. Hrunamanna 122.  
Ingimundur Ingimundarson UMSSB 162-163, 165,

- 235, 248, 256, 259, 321, 327-329, 453, 527, 530-531, 543, 580, 627.
- Ingólfur Narfason Fjölmi 597-598.
- Ingunn Guðmundsdóttir HSK 428, 434.
- Ingunn Þorsteinsdóttir HSP 538.
- Ingvaldur Benediktsson í Selárdal 76.
- Ingvar Engilbertsson Víkverja 470.
- Ingvar Garðarsson HSK 206, 575.
- Ingvar Gíslason ráðherra 477.
- Ingveldur Geirsdóttir HSK 525.
- Ingvi Ebenhardsson Selfossi 467.
- Ingvi Þorsteinsson magister 167, 169.
- Ingólfur Árnason UMSK 328.
- Ingólfur Bárðarson HSK 178, 410, 416, 426.
- Ingólfur Guðmundsson frá Laugarvatni 149.
- Ingólfur Hjörleifsson ritstjóri 230, 256.
- Ingólfur Narfason Fjölmi 328.
- Ingólfur A. Steindórsson ritstjóri 239, 254-255, 318-319, 328, 456.
- Ingvi S. Guðmundsson UMSK 328, 656.
- Íris Grönfeldt UMSB 469, 478, 483, 488, 498, 503, 510, 517, 533, 535, 589, 605.
- Íris Edda Heimisdóttir Keflavík 548, 552, 584.
- Íris Jónsdóttir UMSK 469, 474.
- Íris Anna Skúladóttir Fjölmi 558, 566.
- Ísak Halldórsson UMSK 562.
- Ísak Johnson byggingameistari 89.
- Ísleifur Jónasson HSK 578.
- Ívar Jónsson UMSK 430.
- Ívar Stefánsson HSP 403.
- Ívar Webster UMSB 479.
- Jakob Karlsson Akureyri 83.
- Jakob Kristjánsson prentari 338-339.
- Jakob Ó. Lárússon prestur 27, 315.
- Jakob Sigurólason HSP 467-468.
- Jakobína Jakobsdóttir kennari 145.
- Jakobína Johnson skáldkona 88-89, 97-98.
- Janus Eiríksson UMSK 364, 366, 400.
- Jason Ívarsson HSK 458, 479, 489.
- Jens Guðbjörnsson Ármanni 260.
- Jens Þorsteinsson 92.
- Jensen, Jens Marinus formaður DDU 118, 147-148, 387.
- Johannes Velden Noregi 92.
- Jóhann Björn Arngrímsson HSS 329.
- Jóhann Árnason Umf.N 553.
- Jóhann Ingi Árnason fjölmiðlafræðingur 283, 286-287, 311.
- Jóhann Bernharðsson forstjóri 114.
- Jóhann Bjarnason UMSE 330.
- Jóhann Björnsson myndskeri 174.
- Jóhann Björnsson Umf.N 490, 492, 500, 503.
- Jóhann Haukur Björnsson UMFÍ 224, 301, 331, 588, 606.
- Jóhann Einarsson kennari 344.
- Jóhann Hannesson þjóðgarðsvörður 408.
- Jóhann P. Hansson UÍA 205, 331.
- Jóhann Helgason tónlistarmaður 491.
- Jóhann Vignir Hróbjartsson USVS 620.
- Jóhann Ólafsson Akureyri 338.
- Jóhann Ólafsson UMSE 248, 277, 321-322, 327, 476, 587-589, 597.
- Jóhann Pálmason í Hlíð 329.
- Jóhann Salberg sýslumaður 453.
- Jóhann Sigurðsson frá Lækjamóti 259-260, 330.
- Jóhann R. Sveinbjörnsson HSK 512.
- Jóhann Tryggvason UÍA 322, 630.
- Jóhann Þorláksson glímumaður 145.
- Jóhanna Benediktsdóttir HSK 492.
- Jóhanna Björnsdóttir UMSS 441.
- Jóhanna Guðmundsdóttir UÍA 543.
- Jóhanna Guðmundsdóttir UMFÍ 253.
- Jóhanna Margrét Guðmundsdóttir SÍS 183.
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir UMSE 330.
- Jóhanna Harpa Gunnarsdóttir HSP 625.
- Jóhanna Ingadóttir ÍBR 558, 584.
- Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir HSK 529.
- Jóhanna Jóhannesdóttir Skipaskaga 464.
- Jóhanna Kristjánsdóttir USÚ 630.
- Jóhanna Leópoldsdóttir HSH 235.
- Jóhanna Óskarsdóttir UÍA 402.
- Jóhanna Róbertsdóttir markaðsfræðingur 294.
- Jóhanna Sigmundsdóttir frá Árbót 648.
- Jóhanna Sigþórsdóttir ritstjóri 257, 286.
- Jóhanna Steingrímsdóttir starfsmaður UMFÍ 198.
- Jóhanna Vigfúsdóttir HSK 419.
- Jóhannes Bárðarson Fjölmi 241.
- Jóhannes Guðmundsson Arnarhóli 386, 389.
- Jóhannes Haraldsson Umf.G 328.
- Jóhannes Hjálmarsson lyftingamaður 481-482.
- Jóhannes Héðinsson HSP 590.
- Jóhannes Jónsson UMSK 469.
- Jóhannes Jósefsson á Borg 21-28, 41-44, 56, 63-66, 91-92, 97, 138, 144, 242, 315, 326-327, 335-336, 343, 404.
- Jóhannes Kristjánsson á Hellu 398.
- Jóhannes úr Kötlum 33, 92.
- Jóhannes Sigmundsson Syðra-Langholti 117, 140, 162, 170, 177, 191, 213, 264, 317, 327,

- 331, 401, 452, 463, 466, 473-474.  
 Jóhannes Geir Sigurgeirsson UMSE 330, 449.  
 Jóhannes Sveinbjörnsson HSK 502, 512, 525,  
 538-539.  
 Jóhannes Þorsteinsson Hveragerði 384-385.  
 Jón Árnason héraðslæknir 370.  
 Jón Ásbjörnsson lögfræðingur 347-348.  
 Jón Benónýsson HSP 180, 438, 446-447, 468,  
 501.  
 Jón Bjarnason frá Hlemmiskeiði 365.  
 Jón Bjarnason UÍA 442.  
 Jón Bjarni Björnsson UMSB 517, 541.  
 Jón Blöndal læknaskólastúdent 62.  
 Jón Bjarni Bragason UMSK 575.  
 Jón Diðriksson UMSB 458, 464, 477-478, 483,  
 486, 546, 559, 583.  
 Jón Einarsson HSK 173, 481.  
 Jón Eiríksson í Fagranesi 555.  
 Jón Eiríksson jarðfræðingur 152-153.  
 Jón Eiríksson í Vorsabæ 121-122, 507.  
 Jón Finnbogason UMSK 567.  
 Jón Valgeir Geirsson HSK 577.  
 Jón Gíslason UMSE 410, 413.  
 Jón G. Guðbjörnsson Lindarhvoli 186, 318-320,  
 323, 327-328.  
 Jón Guðjónsson HVÍ 165, 198, 329.  
 Jón Emil Guðjónsson UMFÍ 316.  
 Jón Guðlaugsson á Hellum 366.  
 Jón Guðlaugsson maraþon 439.  
 Jón Birgir Guðmundsson HSK 508-509, 517.  
 Jón M. Guðmundsson Reykjum 328, 362, 365-  
 366, 372, 506.  
 Jón Gunnlaugsson í Kiðjobergi 62.  
 Jón Halldórsson bankaritari 67, 345-346.  
 Jón Halldórsson Umf.N 328, 484-485.  
 Jón Baldvin Hannibalsson ráðherra 245.  
 Jón Haraldsson Einarstöðum 338-339.  
 Jón Helgason biskup 172.  
 Jón Helgason Umf.R 26, 92, 138, 327.  
 Jón F. Hjartar UMFÍ 317.  
 Jón Hallur Ingólfsson kynnrir 564.  
 Jón M. Ívarsson sagnfræðingur 7, 8, 102, 112,  
 169, 195, 206, 214, 302-303, 331, 432, 438,  
 442, 470, 526, 551, 563, 571, 618, 632.  
 Jón Viðar Jónmundsson UMSE 442.  
 Jón Jónsson í Brekknakoti 110.  
 Jón Jónsson formaður HSK 331, 528, 579.  
 Jón Jónsson Skjaldarstöðum 338.  
 Jón Valur Jónsson UMSB 503, 517.  
 Jón Jónatansson búfræðingur 81.  
 Jón Karlsson UÍA 538.  
 Jón Kjartansson kennari 34-35, 67-68, 91, 94, 97,  
 315.  
 Jón Kristjánsson Akureyri 338.  
 Jón Kristjánsson ráðherra 297.  
 Jón Geir Lúthersson Sólvangi 399, 405.  
 Jón Arnar Magnússon tugbrautarkappi 63, 261,  
 449, 507-509, 517, 521-522, 529, 534-535,  
 540, 544, 546, 552, 559-560, 566, 572, 583,  
 599-600.  
 Jón Oddsson HVÍ 468, 474.  
 Jón Ólafsson HSS 235, 246, 329.  
 Jón Ólafsson UÍA 317, 373, 379-380, 382, 386,  
 401, 405, 436.  
 Jón Ósmann ferjumaður 562.  
 Jón Pálsson glímumaður 64.  
 Jón Pálsson íþróttakennari 145.  
 Jón Pálsson UMSK 469.  
 Jón Pétursson HSH 329, 410, 413, 439, 443, 448,  
 454.  
 Jón Ingi Ragnarsson UMSK 328, 505.  
 Jón Pétur Róbertsson íþrótafræðingur 611.  
 Jón Páll Sigmarsson kraftajötunn 495.  
 Jón Sigurðsson forseti 33, 87, 89, 97, 99-101,  
 337, 342-343, 348, 352.  
 Jón Sigurðsson formaður HSP 137, 376-377.  
 Jón Sigurðsson Ystafelli 381.  
 Jón H. Sigurðsson HSK 181, 427, 439, 443, 447,  
 454, 458, 521.  
 Jón Kristján Sigurðsson ritstjóri 287, 303, 311.  
 Jón Oddur Sigurðsson Umf.N 548, 553, 584.  
 Jón Stefánsson UMSE 327, 330.  
 Jón Ingi Sveinsson UMSE 330, 515, 564.  
 Jón Þ. Sverrisson UMSK 467-468.  
 Jón Thoroddsen skáld 76.  
 Jón Torfason íslenskufraeðingur 259.  
 Jón G. Traustason HSK 489.  
 Jón Þorbjörnsson Fjölni 328, 598.  
 Jón Þorsteinsson íþróttakennari 55, 145.  
 Jón Þorvaldsson Sívertsen Umf.R 45.  
 Jón Þórðarson UMFÍ 315.  
 Jón Sævar Þórðarson frjálsíþróttapjálfari 233,  
 330, 587-588.  
 Jón Þórisson UMSB 328, 372, 374.  
 Jóna Helena Bjarnadóttir Keflavík 578, 581.  
 Jóna Björg Kristjánsdóttir UMSK 329.  
 Jóna Petra Magnúsdóttir UÍA 331.  
 Jóna Þorvarðardóttir UMSK 328.  
 Jónas Árnason rithöfundur 273.  
 Jónas P. Erlingsson UMSK 469.

- Jónas Gestsson HSH 329.  
 Jónas Gestsson HSK 173.  
 Jónas Guðlaugsson skáld 41-43.  
 Jónas Guðmundsson í Fagranesi 111.  
 Jónas Hlynur Hallgrímsson ÍBH 559, 575.  
 Jónas Ingimundarson skólastjóri 172-173, 331.  
 Jónas Þór Jóhannsson UÍA 331, 543, 552.  
 Jónas Jónsson frá Brekknakoti 381.  
 Jónas Jónsson frá Hriflu 30, 32, 34, 41, 44, 58, 67, 69, 80, 93-94, 97, 101, 103, 185, 315, 358-359, 420-421.  
 Jónas Kristjánsson ritstjóri 262.  
 Jónas Rafnar læknir 184.  
 Jón Torfason íslenskufraeðingur 481.  
 Jónas Tryggvason fimleikamaður 515.  
 Jónas Þorbergsson útvarpsstjóri 68-69, 88, 94.  
 Jónas Þorsteinsson Keflavík 328.  
 Jónas Þorvaldsson UMSK 174.  
 Jónas Þórarinsson Akureyri 24.  
 Jónína Benediktsdóttir HSP 451.  
 Jónína Hallgrímsdóttir HSP 430.  
 Jónína Kristjánsdóttir frá Klængshóli 283.  
 Jónína Sigurðardóttir HSP 451.  
 Jórunn Harðardóttir ÍBR 562, 578.  
 Jórunn Sigurbjörnsdóttir starfsmaður UMFÍ 197.  
 Jósavin Arason UMSE 330.  
 Jósteinn Hreiðarsson HSP 490, 524, 538, 549, 563.  
 Júlíus Björnsson HSP 577.  
 Júlíus Friðjónsson UMSK 174.  
 Júlíus Hafstein sýslumaður 381.  
 Júlíus Jakobsson Víkverja 600.  
 Júlíus Sigurðsson Akureyri 338.  
 Júlíus Valdimarsson UMSK 578, 581.  
 Jörgen Þorbergsson glímukappi 145.  
 Jörundur Brynjólfsson alþingismaður 651.
- Kanter, Gert kringlukastari 574.  
 Karen Gunnarsdóttir UMSE 594.  
 Karitas Heimisdóttir Keflavík 548.  
 Karl H. Bjarnarson útgefandi 172.  
 Karl Björnsson HSP 409-410.  
 Karl Finnbogason Akureyri 337.  
 Karl Gunnlaugsson HSK 331, 548.  
 Karl Jónsson UMSK 366.  
 Karl Eysteinn Rafnsson USÚ 162.  
 Karl Runólfsson frá Vík 268.  
 Karl H. Sigurðsson UMSK 328.  
 Karl Stefánsson UMSK 439, 443, 447-448, 458, 583.  
 Karl West Fredriksen UMSK 458-459, 463-464, 468, 474.  
 Karla Jónsdóttir UMSE 381.  
 Karólína Guðlaugsdóttir Akureyri 23-25, 28, 315.  
 Karólína Ólafsdóttir HSK 525.  
 Katrín Freysdóttir HSP 451.  
 Katrín Gunnarsdóttir UMSK 505.  
 Katrín Sigurðardóttir HSP 451.  
 Katrín Sigurjónsdóttir UMSE 588.  
 Katrín Vilhjálmsdóttir HSK 469.  
 Kári Arngrímsson Ljósavatni 338-339, 344.  
 Kári Gunnlaugsson Keflavík 327.  
 Kári Jónsson HSK 331, 479, 483, 497, 622-623.  
 Kári Steinn Karlsson UMSK 574-575.  
 Kári Sturlaugsson USVH 541.  
 Ketill Tryggvason HSP 480, 501, 515, 524.  
 Ketill Þórðarson KFUM 356.  
 Kjartan Ó. Bjarnason kvikmyndagerðarmaður 370.  
 Kjartan Páll Einarsson UMFÍ 277, 322, 481, 549, 606, 611.  
 Kjartan B. Guðjónsson GLÍ 114, 189, 327.  
 Kjartan Hreinsson USÚ 630.  
 Kjartan Jónsson UMFÍ 253.  
 Kjartan Kárason HSK 590.  
 Kjartan Lárusson HSK 331, 519, 539, 589, 603.  
 Kjartan Ólafsson fornkappi 58.  
 Kjartan Sveinsson arkitekt 642.  
 Kjartan Sveinsson Hvanneyri 361-362.  
 Klemenz Halldórsson UMSB 162.  
 Klængur Stefánsson Hlöðum 475-476.  
 Kolbeinn Kristinsson íþróttakappi 108, 380, 391-392, 396.  
 Kolbrún Þórarinsdóttir Vogagerði 223.  
 Kristgerður Garðarsdóttir HSK 503, 524, 529.  
 Kristianna Jessen USVH 517.  
 Kristinn Bárðarson Selfossi 651.  
 Kristinn Guðjónsson UMSB 367.  
 Kristinn Guðnason Þverlæk 331, 470.  
 Kristinn Ásgeir Gylfason Umf.N 581.  
 Kristinn Hallsson óperusöngvari 412.  
 Kristinn Ingvarsson Skeiðum 112.  
 Kristinn Jón Jónsson HSV 329, 611.  
 Kristinn Ólafsson USAH 595.  
 Kristinn Pétursson blikksmiður 344, 346-348, 354-355.  
 Kristinn Már Þorkelsson UMSK 517.  
 Kristín Björnsdóttir UMSK 449, 454, 459, 463-464.  
 Kristín Einarsdóttir UÍA 417.  
 Kristín Einarsdóttir UMSK 441.



- Kristín Gísladóttir fimleikakona 225, 227.  
 Kristín Gísladóttir UMFÍ 277, 321-323, 327, 553  
 602.  
 Kristín Gunnarsdóttir UMSB 329.  
 Kristín Harðardóttir veitingamaður 652-653.  
 Kristín Jónsdóttir frá Gemlufalli 119-120.  
 Kristín Jónsdóttir UMSK 440, 443.  
 Kristín Finndís Jónsdóttir Borgarfirnið 521.  
 Kristín Þuríður Matthíasdóttir UMSE 330.  
 Kristín Njálsdóttir UMSB 500.  
 Kristín Birna Ólafsdóttir Fjölmi 553, 558, 573,  
 581.  
 Kristín Stefánsdóttir HSK 442, 577.  
 Kristín Stefánsdóttir rithöfundur 78.  
 Kristín Svavarsdóttir plöntuvistfræðingur 268.  
 Kristín Thorberg UMSE 480, 501.  
 Kristjana Jónsdóttir Reykjavík 502.  
 Kristján Ágústsson Fjölmi 598.  
 Kristján Benediktsson borgarfulltrúi 137.  
 Kristján Eldjárn forseti 121, 436-437, 446, 453,  
 457, 467.  
 Kristján Finnsson byggingameistari 194-195.  
 Kristján Friðjónsson UMSK 534.  
 Kristján L. Gestsson verslunarmaður 114, 260.  
 Kristján Gissurarson UMSE 509, 522, 573.  
 Kristján Gíslason HSK 452.  
 Kristján Harðarson UMSK 478, 483.  
 Kristján Ingólfsson kennari 151, 330, 435, 436,  
 443.  
 Kristján Ísfeld USVH 329.  
 Kristján Jóhannsson UMSE 108, 385-386, 389.  
 Kristján Jónsson HSH 329.  
 Kristján Jónsson ráðherra 341.  
 Kristján Jónsson skógarvörður 654-655, 657.  
 Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri 589.  
 Kristján Karlsson bankaritari 68, 83, 92-93, 96,  
 315, 645.  
 Kristján Larsen Selfossi 651.  
 Kristján Pálsson alþingismaður 611.  
 Kristján Sigurðsson UMSE 330, 488-489.  
 Kristján Sigurðsson UMSK 513, 517.  
 Kristján Svanbergsson Keflavík 489.  
 Kristján Sveinbjörnsson UMSK 201, 214, 229,  
 328, 505-506.  
 Kristján Yngvason HSP 248, 277, 279, 320-322,  
 327, 330, 452, 470, 493-494, 502, 512, 538,  
 550, 553, 588, 609, 618.  
 Kristján Þorsteinsson umsækjandi 151.  
 Kristján Þorsteinsson UMSE 515.  
 Kristján B. Þórarinsson Vesturhlíð 239.  
 Kristján Þórisson UMSB 394.  
 Kristján IX konungur Íslands 21, 27, 342.  
 Kristján X konungur Íslands 103-104.  
 Kristleifur Guðbjörnsson langhlaupari 400.  
 Kristleifur Jóhannesson UMSB 372.  
 Kristmar J. Ólafsson UMSB 328, 531-532.  
 Kristófer Jónasson HSH 405.  
 Kristófer Kristjánsson USAH 329.  
 Kristófer Þorgeirsson UMSB 328.  
 Ladich, Marion loftfimleikameistari 618.  
 Larsen, Bent skákmeistari 213.  
 Larsen, Helge ráðherra 120.  
 Laufey Sif Lárusdóttir HSK 566.  
 Laufey Skúladóttir HSP 474.  
 Lára Hrund Bjargardóttir HSK 536, 540.  
 Lára Óskarsdóttir UMFÍ 259.  
 Lárus Blöndal UMSK 328.  
 Lárus Ægir Guðmundsson USAH 329, 446.  
 Lárus Halldórsson Brúarlandi 317.  
 Lárus Johnsen UMSK 174.  
 Lárus Kjartansson HSK 590, 623.  
 Lárus J. Rist íþróttakennari 58-59, 61, 63, 82-83,  
 106, 184-185, 336-339, 412.  
 Lárus Salómonsson glímukappi 388.  
 Lárus B. Þórhallsson Keflavík 490.  
 Leifur Auðunsson frá Dalsseli 93, 316, 361.  
 Lene Hjaltason NSU 289-291, 311.  
 Lilja Petra Ásgeirsdóttir UMSK 328.  
 Lilja Benónýsdóttir UMSK 511, 526.  
 Lilja Ingimarsdóttir Keflavík 578.  
 Lilja Jóhannesdóttir UÍA 402-403, 405.  
 Lilja Sigurðardóttir HSP 427, 434.  
 Lilja Stefánsdóttir HSH 329, 606.  
 Lilja Steingrimsdóttir starfsmaður UMFÍ 198.  
 Lilja Þórarinsdóttir Hallfreðarstaðahjáleigu 394-  
 395.  
 Lillý Viðarsdóttir UÍA 517.  
 Linda Björk Lárusdóttir UMSK 581.  
 Linda Stefánsdóttir UMSE 330.  
 Loftur Guðmundsson rithöfundur 131.  
 Loftur Kristjánsson HSK 372.  
 Logi Kristjánsson UMSK 276, 328.  
 Logi Ólafsson knattspyrnuþjálfari 570.  
 Lóa Jónsdóttir HSK 331.  
 Lundholm, Cecilia frá Svíþjóð 266-267.  
 Madsen, Karen Bjerre Danmörku 288.  
 Magnús Alexandersdóttir HSH 247, 319-321,  
 327.  
 Magnea Ingibjörg Eyvinds námsráðgjafi 268.  
 Magnea Ólafsdóttir ÍBR 578.

- Magnús Árnason Umf.R 354.  
Magnús Ármannsson ÍR 349.  
Magnús Bjarnason skíðamaður 80.  
Magnús Gunnarsson HSK 481.  
Magnús Gunnlaugsson HSK 391, 396, 400.  
Magnús Aron Hallgrímsson HSK 534, 559.  
Magnús Haraldsson Keflavík 327.  
Magnús Hauksson Keflavík 525.  
Magnús Hreiðarsson HSP 501.  
Magnús Jakobsson UMSK 327, 573-574.  
Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri 307.  
Magnús Jóhannsson UMSS 449.  
Magnús Jónasson HVÍ 458.  
Magnús Konráðsson Keflavík 536, 540.  
Magnús Finnur Magnússon ÍBR 578.  
Magnús Ver Magnússon kraftajötunn 495.  
Magnús Ólafsson USAH 162, 318, 329.  
Magnús Már Ólafsson HSK 490, 492, 500, 503, 513-514, 517.  
Magnús Scheving þolfimimeistari 521, 527-528.  
Magnús Þór Sigmundsson tónlistarmaður 228, 448, 491.  
Magnús Sigurðsson frá Patreksfirði 292.  
Magnús Sigurjónsson Sauðárkróki 445, 557.  
Magnús Sólmundarson skákmaður 173-174.  
Magnús Stefánsson alþingismaður 617.  
Magnús Stefánsson dyravörður 67-69, 315.  
Magnús Stefánsson UÍA 331, 436.  
Magnús Tómasson Kjaran stórkaupmaður 315, 346-349.  
Margeir Sigurbjörnsson Keflavík 413.  
Margrét Árnadóttir Hallfreðarstöðum 305.  
Margrét Árnadóttir HSK 401-402, 408-409.  
Margrét Bjarnadóttir FSÍ 264, 328.  
Margrét Brynjólfadóttir UMSB 510, 517.  
Margrét Frimannsdóttir alþingismaður 158, 163.  
Margrét Guðmundsdóttir Reykjavík 36.  
Margrét Hafsteinsdóttir USAH 179.  
Margrét Hallgrímsdóttir íþróttakennari 392-393, 396, 401, 417, 449, 459.  
Margrét Ósk Hermannsdóttir HSP 526, 538.  
Margrét Kristjánsdóttir UMSK 328.  
Margrét Jónsdóttir Gerplu 473.  
Margrét Jónsdóttir HSK 474.  
Margrét Jónsdóttir skáldkona 228.  
Margrét M. Sigurðardóttir UMSK 472, 474, 481, 483.  
Margrét Rós Sigurðardóttir HSK 541.  
Margrét Sveinbergadóttir USAH 179.  
Margrét Sveinsdóttir UMSE 480.  
Margrét Þórðardóttir HSH 329.  
Marinó Eggertsson UNÞ 426-427, 434.  
Marinó Kolbeins Eyjólfsson 92.  
Marinó Þorsteinsson UMSE 330.  
María Einarsdóttir UMSK 451.  
María Guðnadóttir HSH 469, 474, 478, 483.  
María Björk Kristjánsdóttir UMSE/UFA 577.  
María Óladóttir HSK 481, 483, 490, 492.  
María Stefánsdóttir UMFÍ 293.  
María Alma Valdimarsdóttir HSH 329.  
Marianna Hansen UMSE 535, 547.  
Marín Hrund Jónsdóttir Keflavík 578, 581.  
Markús Örn Antonsson borgarstjóri 264.  
Markús Kr. Ívarsson HSK 206, 331, 489.  
Marsilína Hermannsdóttir HSP 419, 422, 430.  
Marta Gestsdóttir UMSE 330.  
Marteinn Friðriksson HSK 206.  
Marteinn Guðgeirsson UÍA 513.  
Marteinn Guðmundsson myndskeri 367.  
Marteinn Sigurgeirsson HSK 427, 569.  
Marteinn Sigurðsson á Ystafelli 110.  
Matthildur Ásmundardóttir USÚ 630.  
Matthildur Ingólfadóttir UMSS 202.  
Matthildur Þórhallsdóttir UMSE 408-409.  
Matthías Einarsson læknir 344, 347.  
Matthías Jochumsson skáld 23-24, 37, 69, 145, 336-337.  
Matthías Lýðsson HSS 227, 236, 248, 320-321, 327, 329.  
Matthías Stephensen ÍBR 560.  
Málfríður Soffía Jónsdóttir frá Varmá 41.  
Már Hermannsson Keflavík 497, 508.  
Már Sigurðsson Haukadal 307-308, 434, 466, .  
Melissa Ortiz-Gomes UMSK 578.  
Mínerva Jónsdóttir íþróttakennari 425, 433.  
Mo, Hans skáld í Noregi 145.  
Müller, Melissa stangarstökkvari 551.  
Nanna Halldóra Imsland söngkona 631.  
Niels Helgason UMSE 330, 588.  
Niels Árni Lund UNÞ 162.  
Nína Dóra Óskarsdóttir HSK 548.  
Nína Sveinsdóttir HSK 392, 396.  
Njáll Guðmundsson UMSK 364, 366-367, 372.  
Númi S. Gunnarsson HSK 536, 540, 584.  
Oddgeir Guðjónsson í Tungu 223.  
Oddgeir Karlsson Umf.N 484-485.  
Oddný Árnadóttir UNÞ 468, 474.  
Oddrún Guðmundsdóttir UMSS 408, 417, 427, 523.  
Oddur Gunnarsson Keflavík 490.

- Oddur Helgason HSK 371.  
 Oddur Hermannsson landslagsarkitekt 533, 659.  
 Oddur Óskar Kjartansson skógarvörður 659.  
 Oddur Rafnar framkvæmdastjóri 184.  
 Oddur Sigurðsson USVH 329.  
 Orozs, Miklos fangkappi 65.  
 Ottó Árnason HSH 329.  
 Ottó Finnsson USAH 329.  
 Óðinn Björn Þorsteinsson ÍBH 560.  
 Ófeigur Gestsson UMSB 328.  
 Ólafía Ingólfsdóttir HSK 514, 524.  
 Ólafía Ragnarsdóttir verslunarmaður 168, 195, 198, 571, 654.  
 Ólafur Axelsson HSS 501.  
 Ólafur Árnason EUF 303.  
 Ólafur Ásgeirsson landgræðslumaður 169.  
 Ólafur Björnsson ritstjóri 344, 347.  
 Ólafur Sigfús Björnsson UÍA 577.  
 Ólafur G. Einarsson ráðherra 290, 519.  
 Ólafur Ragnar Grímsson forseti 224, 532-533, 545, 552-553, 558, 569-570, 612-613, 626, 628, 659.  
 Ólafur Guðmundsson HSH 595.  
 Ólafur Guðmundsson HSK 508-509, 517, 521-522, 529, 533-535, 540, 546, 553, 559, 566, 574, 581.  
 Ólafur H. Guðmundsson Hellnatúni 649.  
 Ólafur Gunnlaugsson Fjölmi 598.  
 Ólafur Gunnarsson sálfræðingur 132.  
 Ólafur Halldórsson Króki 47.  
 Ólafur I. Hannesson Umf.N 484-485.  
 Ólafur helgi Haraldsson fornkonungur 146.  
 Ólafur Örn Haraldsson alþingismaður 331, 429, 519, 527.  
 Ólafur Ingvarsson UMSK 410.  
 Ólafur Kjartansson kennari 35.  
 Ólafur Kristjánsson HSP 539, 563, 577.  
 Ólafur Jóhannesson ráðherra 446.  
 Ólafur Magnússon Fram 356.  
 Ólafur Oddsson UMSK 164, 197-198, 318, 323.  
 Ólafur Ágúst Ólafsson Valdastöðum 648-649.  
 Ólafur Tr. Ólafsson garðyrkjumaður 650.  
 Ólafur Th. Ólafsson teiknari 173, 466.  
 Ólafur Rafnsson ÍSÍ 282, 626.  
 Ólafur Sigurðsson HSK 525, 538-539, 550-551, 562, 577.  
 Ólafur Sigurðsson Selfossi 651.  
 Ólafur Sigurðsson UÍA 331, 513, 537.  
 Ólafur Sveinsson prentari 55, 348, 354-355, 357.  
 Ólafur Sveinsson í Stóru-Mörk 53.  
 Ólafur Sveinn Traustason ÍBH 560.  
 Ólafur Tryggvason fornkonungur 58.  
 Ólafur Unnsteinsson HSK 178, 260-261, 271, 409-410, 413, 416-417, 422, 491.  
 Ólafur Þorsteinsson 367.  
 Ólafur Þorsteinsson UMSS 450.  
 Ólafur Þórarinnsson HSK 497.  
 Ólafur Þórðarson Skipaskaga 242, 328, 393, 456.  
 Ólína Sveinsdóttir UMSK 248, 321, 323, 327-328.  
 Ólína Þorvarðardóttir skólameistari 613.  
 Ólöf Björnsdóttir UMSB 422.  
 Ólöf Eggertsdóttir/Sigurðardóttir HSK 472, 474, 481, 483.  
 Ólöf Halldórsdóttir HSK 526-527.  
 Ólöf Sæmundsdóttir HSK 577.  
 Ómar Einarsson Reykjavíkurborg 290.  
 Ómar Harðarson framkvæmdastjóri 505.  
 Ómar Ingvarsson teiknari 476.  
 Ómar Ragnarsson skemmtikraftur 431, 452, 628.  
 Ómar Sigurðsson Keflavík 480, 501, 511.  
 Ómar Bragi Stefánsson UMFÍ 302-303, 311, 330, 555-556, 616, 620, 624-625, 630.  
 Ómar Geir Þorgeirsson UMSK 567.  
 Ósk Ólafsdóttir Borgarfirði 521.  
 Óskar Ágústsson HSP 139, 200, 253, 256, 317-318, 327, 330, 414-415, 420-421, 463.  
 Óskar Eliasson Umf. Geisla 329.  
 Óskar Harðarson HSK 472.  
 Óskar Magnússon Vesturhlíð 328.  
 Pálína Ellen Jónsdóttir starfsmaður UMFÍ 197.  
 Páll Aðalsteinsson UMSK 228, 254, 327-328, 654-657.  
 Páll J. Árdal kennari 46, 78.  
 Páll Dagbjartsson HSP 439.  
 Páll Garðarsson UMSE 330, 475-476.  
 Páll Guðmundsson íþróttakennari 287, 292, 301-302, 616.  
 Páll Guttormsson glímukappi 64.  
 Páll Hreinsson UMSK 328.  
 Páll Jónsson húsasmíðameistari 273.  
 Páll Jónsson kennari 184.  
 Páll Kolbeinsson UMSS 616-617.  
 Páll Lýðsson í Litlu-Sandvík 75.  
 Páll B. Melsted veitingamaður 645.  
 Páll Pétursson USVS 258, 321, 331.  
 Páll Ragnarsson UMSS 327, 330, 555, 616.  
 Páll Sigurðsson HSK 480.  
 Páll Sigurðsson USVH 329.  
 Páll Vídalín Valdimarsson Reykjavík 231.  
 Páll Zóphaniasson UMSB 172.

- Pálmar Kristmundsson arkitekt 658.  
Pálmi Eyjólfsson Hellu 263.  
Pálmi Frímansson HSH 329.  
Pálmi S. Gíslason útibússtjóri 168, 194-195, 217, 220-222, 225-227, 229, 231-233, 235, 237, 239, 241-242, 245, 247-248, 251, 254, 257, 264, 266-269, 271, 273-276, 289, 291, 308, 310-311, 318-321, 323, 327, 340, 450, 456, 470, 477, 481-482, 485-486, 496, 502, 505, 507, 515, 519, 551, 589-591, 654, 660.  
Pálmi Jónsson á Akri 409.  
Person, Hanna Mia stangarstökkvari 551, 574.  
Petrína Sigurðardóttir Vestfjörðum 281.  
Petrún Jónsdóttir UÍA 331, 545, 548.  
Pétur Bergsson glímumaður 145.  
Pétur Björnsson skógarvörður 659.  
Pétur Böðvarsson UÍA 331.  
Pétur Eiðsson UÍA 205, 471.  
Pétur Einarsson flugmálastjóri 162, 191.  
Pétur Eysteinnsson USAH 202.  
Pétur Eyþórsson Víkverja 550, 562, 577.  
Pétur Friðjónsson UMSS 555-556.  
Pétur Guðmundsson HSK 488-489, 497, 499, 503, 509-510, 534, 546, 559, 574, 583.  
Pétur Þórir Gunnarsson HSP 562, 627.  
Pétur Halldórsson alþingismaður 113.  
Pétur Hansson Keflavík 402.  
Pétur M. Hoffmann Fram 354.  
Pétur Þ. Ingjaldsson USAH 329.  
Pétur Jónsson HSP 216.  
Pétur Pétursson HSS 458.  
Pétur Sigfússon glímukappi 64.  
Pétur Sigurgeirsson biskup 482.  
Pétur Yngvason HSP 330, 452, 470, 480, 489, 496, 502, 525, 539.  
Pétur Þórðarson frá Hjörsey 62.  
Pétur Þórisson HSP 403.  
Pistorius, Oscar Suður-Afríku 574.  
Rafn Eiríksson HSP 373.  
Rafn Sigurðsson UÍA 400.  
Ragna L. Garðarsdóttir Umf.B 500.  
Ragna Lindberg UMSK 402.  
Ragnar Björnsson UMSK 581.  
Ragnar Guðmundsson UMSS 178, 410, 413, 416.  
Ragnar Lár teiknari 424.  
Ragnar Olgeirsson formaður UMSB 421.  
Ragnheiður O. Björnsson Iðunni 85.  
Ragnheiður Friðgeirsdóttir UMSE 330, 563.  
Ragnheiður Hafsteinsdóttir HSK 470, 515.  
Ragnheiður Pálsdóttir HSK 417, 427, 434, 440.  
Ragnheiður Stefánsdóttir HSK 416, 433.  
Ragnheiður Tryggvadóttir UMSK 461.  
Ragnhildur Einarisdóttir USÚ 630-631.  
Ragnhildur Húnbogadóttir USAH 330.  
Ragnhildur Ingvarsdóttir frá Hvítárbakka 158, 195, 551, 652.  
Ragnhildur Magnúsdóttir skógarvörður 659.  
Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB 480, 500.  
Rakel Pálsdóttir skíðakona 80.  
Rannveig Þorsteinsdóttir lögfræðingur 98, 131-132, 150, 315-316, 365, 367, 643.  
Redin, Marie stangarstökkvari 604.  
Reynir Björnsson UMSK 499.  
Reynir Guðmundsson HSH 595.  
Reynir G. Karlsson æskulýðsfulltrúi 162, 164, 327.  
Reynir Kjartansson HSP 373.  
Reynir Logi Ólafsson ÍBR 559, 583.  
Reynir Ragnarsson ÍBR 276, 278.  
Ríkarður Jónsson myndskeri 85, 90, 247, 374, 642, 645, 648.  
Ríkarður Hrafnkelsson HSH 609.  
Ríkarður Másson sýslumaður 614.  
Róbert Hlöðversson UMSK 547.  
Rósa Jónsdóttir Fjölni 553.  
Rósa Marínósdóttir UMSB 329, 531.  
Rósmarý Úlfarsdóttir starfsmaður UMFÍ 252.  
Runólfur Sveinsson skólastjóri 373.  
Rut Jónasdóttir USAH 592.  
Rut Ólafsdóttir UÍA 498, 503, 535.  
Rúna Hilmarsdóttir UMFÍ 259.  
Rúnar Arnarson Keflavík 327.  
Rúnar Gränz á Selfossi 519.  
Rúnar Guðmundsson glímukappi 388, 393.  
Rúnar Júlíusson Keflavík 429.  
Rúnar Kristjánsson USAH 592.  
Rúnar Vilhjálmsson UMSB 468, 474.  
Rúnar Rafn Ægisson UMSK 566.  
Rögvaldur Ingólfsson UÍÓ 330.  
Rögvaldur Ingþórsson UMSE 508, 534, 540.  
Rögvaldur Ólafsson GLÍ 589, 603.  
Salvör Hannesdóttir HSK 401-402, 408-409.  
Samúel Örn Erlingsson fréttamaður 488.  
Sandra Brá Jóhannsdóttir USVS 620, 624.  
Sandra Pétursdóttir ÍBR 573.  
Schouenborg, Jacob NSU 292.  
Sesselja Birgisdóttir Keflavík 328.  
Sesselja Erlendsdóttir UMSK 366.  
Sesselja Gunnlaugsdóttir UMSK 366.  
Sesselja Ingólfssdóttir UMSE 515, 538, 549.  
Severine Sörheim frá Noregi 27.



- Shuttle, Kellie stangarstökkvari 551.  
 Sigfríður Valdimarsdóttir UMSE 330.  
 Sigfús Jónsson á Einarstöðum 376-377.  
 Sigfús Ólafsson læknir 445.  
 Sigfús Sigurðsson HSK 108, 382, 386, 393, 408, 428, 652.  
 Sigfús Víkingsson UÍA 549, 563.  
 Sighvatur Karlsson prestur 500.  
 Sigmar Björnsson Keflavík 472, 474.  
 Sigmar Gunnarsson UMSB 521, 529, 541.  
 Sigmar Helgason USVS 331.  
 Sigmar Vilhjálmsón UÍA 534, 614.  
 Sigmundur Guðmundsson Stöðvarfirði 93, 361.  
 Sigmundur Hermundsson UMSB 448, 456.  
 Sigmundur Stefánsson HSK 440, 443.  
 Sigmundur Þorgilsson Ásólfsskála 362.  
 Sigmundur Þórðarson HSV 329, 614.  
 Sigríður Beinteinsdóttir söngkona 528.  
 Sigríður Björnsdóttir Blátt áfram 309.  
 Sigríður Guðjónsdóttir íþróttakennari 372.  
 Sigríður Anna Guðjónsdóttir HSK 522, 529, 535, 540, 547.  
 Sigríður Björk Guðjónsdóttir sýslumaður 612, 614-615.  
 Sigríður Helgadóttir UMSE 330.  
 Sigríður Hjartardóttir frá Grjóteyri 110.  
 Sigríður Kristmundsdóttir starfsmaður UMFÍ 198.  
 Sigríður Magnúsdóttir UMSK 529.  
 Sigríður Sæland HSK 410-411, 413, 418, 422, 433.  
 Sigríður Teitsdóttir HSP 430, 434, 527.  
 Sigríður Thorlacius KFSÍ 462.  
 Sigríður Valgeirsdóttir íþróttakennari 387, 411.  
 Sigríður Vilhjálmsdóttir Haukadal 307-308.  
 Sigríður Vigfúsdóttir HSK 399, 405.  
 Sigríður Þorleifsdóttir frá Háeyri 37.  
 Sigríður Þorsteinsdóttir HSK 440.  
 Sigríður Þorvaldsdóttir UMSB 328.  
 Sigrún Árnadóttir veitingamaður 652.  
 Sigrún Bjarnadóttir í Haukadal 102.  
 Sigrún Bjarnadóttir UMSB 489, 511.  
 Sigrún Helga Davíðsdóttir UMSK 566, 581.  
 Sigrún Fjeldsted ÍBH 559.  
 Sigrún Halldórsdóttir UDN 329.  
 Sigrún Hinriksdóttir UMSK 564.  
 Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona 507.  
 Sigrún Hreiðarsdóttir HSK 503.  
 Sigrún Jóhannsdóttir Skipaskaga 417.  
 Sigríður Jónsdóttir UMSE/UFA 577.  
 Sigrún Ólafsdóttir HSH 329.  
 Sigrún Óskarsdóttir prestur 520.  
 Sigrún, sundkona í Haukadal 1940 366.  
 Sigrún Sæmundsdóttir HSP 427, 443.  
 Sigrún Sævarsdóttir UMFÍ 253.  
 Sigrún Þorgilsdóttir UMSB 382, 389.  
 Sigrún Þórisdóttir UMSB 394.  
 Sigtryggur Baldursson tónlistarmaður 631.  
 Sigurbjörg Ásbjarnardóttir á Álafossi 60, 346, 348.  
 Sigurbjörg Gunnarsdóttir Umf.N 548, 553.  
 Sigurbjörg Hjartardóttir UFA 535.  
 Sigurbjörg Hreiðarsdóttir Umf. Hrunamanna 133.  
 Sigurbjörg Karlsdóttir UMSE 467.  
 Sigurbjörg Kristjánsdóttir UÍA 543.  
 Sigurbjörg Kristjánsdóttir USAH 592.  
 Sigurbjörg Ólafsdóttir UMSK 547, 553, 558, 566, 570, 572.  
 Sigurbjörn Árni Arngrímsson HSP 521, 525, 534, 540, 553, 559, 571, 578, 583.  
 Sigurbjörn Einarsson biskup 186.  
 Sigurbjörn Gunnarsson UMFÍ 244, 246, 248, 277, 282, 286-287, 320-323, 327, 340, 484-485, 661.  
 Sigurður Aðalsteinsson UÍA 277, 321-322, 327, 543, 549.  
 Sigurður Andersen HSK 392.  
 Sigurður Ásgrímsson UMSE 205.  
 Sigurður Björnsson UÍA 373.  
 Sigurður Björnsson USVH 329.  
 Sigurður Björnsson Vesturhlíð 239-240.  
 Sigurður Blöndal á Hallormsstað 126-127, 207, 436.  
 Sigurður Brynjólfsson glímukappi 393-394, 480.  
 Sigurður Einarsson prestur 433.  
 Sigurður Friðriksson Keflavík 413.  
 Sigurður Friðriksson HSP 426, 434.  
 Sigurður Geirdal framkvæmdastjóri 153, 155, 158-159, 161-163, 165-169, 175, 177, 180, 183, 187-188, 191, 194-199, 218-221, 229, 231-232, 234-235, 246, 251, 254-255, 264-265, 267, 269, 288, 323, 327, 427, 456, 462-463, 466, 474, 482, 485, 505, 571, 654-656.  
 Sigurður Gíslason skíðamaður 80.  
 Sigurður Greipsson í Haukadal 68, 84, 92-93, 102, 117-118, 120, 137, 139-140, 145-146, 154, 157, 161, 185, 315, 327, 340, 361-364, 366-368, 370, 388, 393-394, 414, 423, 431, 437, 453, 648.  
 Sigurður Guðmundsson Sviðugörðum 304.  
 Sigurður Guðmundsson frjálslíþróttamaður UMSB 364, 367.  
 Sigurður Guðmundsson sundmaður UMSB 553,

- 562, 566.  
 Sigurður Óli Guðmundsson UMSS 546.  
 Sigurður R. Guðmundsson skólastjóri 134, 139, 151, 154, 161, 163, 166, 169, 177, 181, 215, 274, 317-318, 438, 455, 457, 463, 557.  
 Sigurður Halldórsson UÍA 400.  
 Sigurður Harðarson UMSE 330, 475-476.  
 Sigurður Hauksson Keflavík/Umf.G 480, 489, 501, 512, 525.  
 Sigurður Helgason íþróttakennari 178, 318, 609.  
 Sigurður Hjörleifsson HSH 632.  
 Sigurður Hjörleifsson læknir 337.  
 Sigurður Ingimundarson HSK 331.  
 Sigurður Jónasson forstjóri 645.  
 Sigurður Jónsson glímukappi 502.  
 Sigurður Jónsson HSK 180, 438-439, 446-447, 454, 458-459, 463-464, 467, 479, 501, 527.  
 Sigurður Jónsson Þingeyingur 110, 371, 374, 378-379, 382, 388-389, 394.  
 Sigurður Jónsson frá Arnarvatni 58.  
 Sigurður Jósefsson UMSE 330.  
 Sigurður Óli Kristinsson HSK 551, 562, 564, 578.  
 Sigurður H. Leifsson Fjölmi 328.  
 Sigurður Magnússon UFA 330.  
 Sigurður Matthíasson UMSE 509.  
 Sigurður Norland í Hindisvík 122.  
 Sigurður Pétursson Fjölmi 262.  
 Sigurður Örn Ragnarsson UMSK 581.  
 Sigurður Sigfússon sölustjóri 338.  
 Sigurður Sigmundsson HSK 430.  
 Sigurður P. Sigmundsson UFA 508.  
 Sigurður V. Sigmundsson á Laugum 259, 330, 493-494.  
 Sigurður Sigurðarson dýralæknir 440.  
 Sigurður Sigurðarson HSK 562, 578.  
 Sigurður Sigurðarson UMSK 538, 551.  
 Sigurður Sigurðsson HSB 442, 480.  
 Sigurður Sigurðsson UMSK 549.  
 Sigurður Sigurðsson Öxnhóli 338.  
 Sigurður T. Sigurðsson FH 261.  
 Sigurður Skarphéðinsson UMSK 328.  
 Sigurður Stefánsson prestur 404.  
 Sigurður Steindórsson glímukappi 419-420, 430-431, 442-443, 450-452.  
 Sigurður Thorarensen glímukappi 85.  
 Sigurður Viggósson UMFÍ 322-323, 329, 611.  
 Sigurður Þorsteinsson framkvæmdastjóri 184, 231-232, 248, 253-254, 269, 323, 505.  
 Sigurfinnur Sigurðsson félagsmálakennari 160-162.  
 Sigurgísli Sveinbjörnsson UMSE 588.  
 Sigurjón Bjarnason UÍA 166, 202, 205, 217, 248, 321, 331, 543.  
 Sigurjón Einarsson Reykjavík 231.  
 Sigurjón Guðmundsson glímukappi 381, 388, 399, 420.  
 Sigurjón Jónsson UMSK 366.  
 Sigurjón Kristjánsson í Forsæti 365.  
 Sigurjón Pétursson glímukappi 40, 48, 59-60, 64, 66-67, 338-339, 342-349, 351-353, 355-357, 359.  
 Sigurjón Sigurðsson Raftolti 92, 315, 361-362.  
 Sigurjón Þórðarson alþingismaður 562.  
 Sigurlaug Hermannsdóttir USAH 248, 276, 321, 327, 588, 592.  
 Sigurlaug Níelsdóttir UMSE 541.  
 Sigurlaug Ragnarsdóttir USAH 592.  
 Sigurlaug Ásta Sigvaldadóttir UMFÍ 302.  
 Sigurliði Kristjánsson kaupmaður 55.  
 Sigurlín Garðarsdóttir HSK 503, 514, 517, 524, 529, 541.  
 Sigurlín Pétursdóttir UMSB 483, 490, 492.  
 Sigurlína Gísladóttir UMSS 464.  
 Sigurlína Guðjónsdóttir hreystikona 618.  
 Sigurlína Hreiðarsdóttir UMSE 440, 469.  
 Sigurrós Erlendsdóttir Fjölmi 598.  
 Sigursteinn Ólafsson frá Syðra-Velli 262, 264.  
 Sigursteinn Sumarliðason HSK 562, 578.  
 Sigurveig Stefánsdóttir starfsmaður UMFÍ 197-198.  
 Sigurvin Guðfinnsson Keflavík 328.  
 Sigurþór Hjörleifsson HSH 329, 427, 521, 608.  
 Sigvaldi Ingimundarson sundþjálfari 162, 469, 527.  
 Sigvaldi Júlíusson UMSE 447.  
 Sigþór Erlendsson kennari 657.  
 Sigþrúður Sigurbjarnardóttir HSB 451.  
 Silja Úlfarsdóttir ÍBH 558, 572, 581, 584.  
 Silvía Ósk Sigurðardóttir HSB 577, 633.  
 Sindri Freyr Jónsson UÍA 577.  
 Símon Rafnsson Þrótti 328.  
 Símun av Skarði skáld 92.  
 Símon Björn Björnsson Vogagerði 223.  
 Sjöfn Guðmundsdóttir starfsmaður UMFÍ 197.  
 Sjöfn Sigurbjörnsdóttir HSK 402.  
 Skarphéðinn Njálsson fornkappi 62.  
 Skjöldur Pálmason HHF 601.  
 Skásheim, Anders bankastjóri 138, 326-327.  
 Skogs, Solveg Noregi 267, 290.  
 Skúli Andrússon UÍA 392, 396.  
 Skúli Ágústsson Birtingaholti 351, 355, 357.  
 Skúli Jónsson Umf.G 513.

- Skúli H. Norðdahl arkitekt 146, 366, 406-407, 651, 653.
- Skúli Oddsson UMFÍ 227, 231, 240, 252, 265, 331.
- Skúli Óskarsson lyftingakappi 482.
- Skúli Skúlason Keflavík 327.
- Skúli Unnar Sveinsson blaðamaður 565.
- Skúli Þorsteinsson skólastjóri 139, 151, 155, 189, 193, 317, 327, 391, 396, 648, 651.
- Snjólaug Vilhelmsdóttir UMSE 509, 522, 529.
- Snorri Arnfinnsson USAH 139.
- Snorri Hjaltason Fjölni 328, 661.
- Snorri Kristjánsson HSB 490.
- Snorri Olsen UMSK 278, 281.
- Snorri Þorsteinsson Hvassafelli 653.
- Snorri Þorvaldsson HSK 331.
- Snær Seljan Þorodsson UÍA 550, 577.
- Soffía Björnsdóttir HSB 550, 561, 595.
- Soffía Rósa Gestsdóttir HSK 478, 488, 492, 498, 503.
- Sonja Hreiðarsdóttir Umf.N 460, 464, 481-482.
- Sólveig Antonisdóttir ritari 152-153.
- Sólveig Hildur Björnsdóttir UMSS 547, 553, 584.
- Sólveig Guðmundsdóttir HSK 434, 440-441, 443.
- Sólveig Rós Jóhannsdóttir UDN 561, 577.
- Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir UMSK 463.
- Starr, Ringo trommuleikari 211-212.
- Stefanía Ósk Arnardóttir UMSK 553.
- Stefanía Hrafnkelsdóttir UÍA 549.
- Stefanía M. Pétursdóttir KÍ 183.
- Stefán Már Ágústsson UMSS 546.
- Stefán Árnason UMSE 400, 405, 410.
- Stefán Ásgrímsson HSH 329, 372.
- Stefán Bárðarson Víkverja 525.
- Stefán E. Bjarkason Umf.N 328.
- Stefán Friðleifsson UÍA 478.
- Stefán Geirsson HSK 206, 550-551, 562-563, 577.
- Stefán Guðmundsson alþingismaður 330, 445, 557.
- Stefán Guðmundsson UMSK 575.
- Stefán Már Guðmundsson Fjölni 328.
- Stefán M. Gunnarsson bókarari 151, 173.
- Stefán Hafsteinsson USAH 329.
- Stefán Halldórsson UÍA 382.
- Stefán Hallgrímsson UÍA 447-448, 454, 461, 468-469, 498.
- Stefán Hannesson kennari 94.
- Stefán Jasonarson í Vorsabæ 112, 121, 128, 140, 262-264, 271, 284, 295, 316, 331, 364-365, 423-425, 432-433, 438, 486, 506, 649, 653-654.
- Stefán Jónsson fréttamaður 23, 420-421.
- Stefán Jónsson HSB 548.
- Stefán Á. Jónsson á Kagaðarhóli 217, 329
- Stefán Ólafur Jónsson kennari 139, 147-149, 178, 316-317, 327, 390-391, 397-398, 406-407, 412, 419, 429-430, 648, 651.
- Stefán Júlíusson rithöfundur 137, 149-150.
- Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri 278, 282, 549.
- Stefán Kristjánsson HSB 330, 395, 400, 419.
- Stefán Kristjánsson íþróttafulltrúi 502.
- Stefán Lárusson prestur 215.
- Stefán Magnússon íþróttakennari 152.
- Stefán Ólafsson frá Fúluþjörn 60.
- Stefán Bjarki Ólafsson UMSB 534.
- Stefán Pedersen UMSS 330, 445, 557.
- Stefán Runólfsson frá Hólmi 137, 139, 147.
- Stefán Jóhann Sigurðsson HSH 329.
- Stefán Jóhannes Sigurðsson HHF 601-602.
- Stefán Stefánsson skólameistari 337.
- Stefán Stefánsson UMSK 451, 454.
- Stefán Karl Sævarsson UMSK 548, 553.
- Stefán Sörensson HSB 382.
- Stefán Thorarensen Akureyri 338.
- Stefán Tryggvason UMSK 463.
- Stefán Þorleifsson UÍA 331.
- Steinar Jóhannsson Keflavík 460.
- Steinar Lúðvíksson UÍA 402.
- Steinar Lúðvíksson UMSK 451.
- Steinar Ólafsson UMSK 430.
- Steindór Eliasson UMSK 499.
- Steindór Gíslason Haugi 47, 366-367, 381, 420, 431.
- Steindór Steindórsson HSK 430-431, 442.
- Steindór Tryggvason UÍA 467-468, 474.
- Steingrímur Davíðsson UMSK 464, 472, 474.
- Steingrímur Hermannsson ráðherra 255.
- Steingrímur Matthíasson lækni 337.
- Steingrímur J. Sigfússon ráðherra 235.
- Steingrímur Þórisson UMSB 365.
- Steina Harðardóttir USVS 331.
- Steinn Sigurðsson kennari 78.
- Steinn Steinarr skáld 54.
- Steinunn Garðarsdóttir UMSB 328.
- Steinunn Guðmundsdóttir á Skriðinsenni 223.
- Steinunn Pála Guðmundsdóttir UÍA 599.
- Steinþór Guðjónsson HSK 472, 474, 513.
- Steinþór Vigfússon USVS 245.
- Steinþór Magnússon UÍA 137.

- Steinþór Pálsson ritstjóri 252, 254-255.  
Steinþóra Þórisdóttir UMSB 365-366, 378.  
Stella Guðmundsdóttir skólastjóri 221-222, 266, 470, 551.  
Stella Magnúsdóttir UMSB 365-366.  
Sturla Jónsson á Fljótshólum 338-339.  
Sturlaugur Sturlaugsson Skipaskaga 464.  
Stephan G. Stephansson skáld 68-70, 88, 97.  
Sunna Gestsdóttir USAH 509-510, 517, 522-523, 529, 535, 540, 546-547, 553, 557-558, 566, 572, 584.  
Sunna Dís Ingibjargardóttir Keflavík 536, 541, 584.  
Svafa Grönfeldt UMSB 477.  
Svana Hrönn Jóhannsdóttir UDN 550, 561.  
Svanborg Jónsdóttir HSK 442-443.  
Svandís Guðmundsdóttir HSK 524.  
Svanhildur Baldursdóttir HSB 449.  
Svanhildur Hermannsdóttir HSB 330.  
Svanhildur Kristjónsdóttir UMSK 251-252, 477-478, 483, 488, 492, 498, 503, 523, 572.  
Svanhildur Pálsdóttir UMSS 555.  
Svanhvít Ingvarsdóttir frá Grásiðu 74.  
Svanur M. Gestsson UMSK 322, 328.  
Svanur Ingvarsson HSK 331, 472, 474, 481, 483, 490, 513, 515, 521-522, 627, 633-634.  
Svava Björnsdóttir Blátt áfram 302, 309.  
Svava Þórleifsdóttir Iðunni 60, 92.  
Svava Þórhallsdóttir Iðunni 28, 315.  
Svavar Gestsson ráðherra 507.  
Sveinbjörg Stefánsdóttir HSK 450.  
Sveinbjörg Zophoníasdóttir USÚ 581.  
Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld 352.  
Sveinbjörn Gissurarson Keflavík 474.  
Sveinn Adólfsson Keflavík 327.  
Sveinn Björnsson forseti 101.  
Sveinn Björnsson ÍSÍ 243-244, 274-275, 327.  
Sveinn Birkir Björnsson viðskiptafræðingur 543.  
Sveinn Elías Eliasson Fjölni 572, 575, 581, 583, 608.  
Sveinn Gestsson UDN 329.  
Sveinn Guðmundsson kennari 436.  
Sveinn Guðmundsson UMSB 366.  
Sveinn Jóhannesson á Dalvík 398.  
Sveinn Jónsson á Egilsstöðum 57.  
Sveinn Jónsson á Kálfskinni 201, 327, 330, 399-400, 405, 475-476, 482, 515.  
Sveinn Jónsson verkfræðingur 543.  
Sveinn Margeirsson UMSS 534, 546, 553, 557, 559.  
Sveinn Pálsson USVS 331.  
Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri 171.  
Sveinn Rögnvaldsson SÍS 183.  
Sveinn Ármann Sigurðsson HSK 452.  
Sveinn J. Sveinsson HSK 401.  
Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn 92, 315, 648.  
Sveinþór Arason USAH 590.  
Sverrir Hermannsson ráðherra 274.  
Sverrir Þór Sverrisson skemmtikraftur 614.  
Sverrir Þorsteinsson HSK 394.  
Sædís Íva Elíasdóttir USVS 331, 620, 623.  
Sædís Jónsdóttir HSK 464.  
Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri 7, 165, 246-247, 254, 262, 268-269, 282, 289-290, 300, 303, 311, 320-321, 323, 331, 503, 555, 567, 616, 620, 625, 630, 657-658, 661.  
Sæmundur Runólfsson í Selsundi 7, 62.  
Sæunn Steindórsdóttir UMSE 408.  
Sævar Þór Gíslason HSK 577.  
Sævar Freyr Ingason UMSE 563.  
Sævar Kristjánsson UMSK 549.  
Sævar Larsen HSK 180, 426, 446-447, 508.  
Sævar Örn Sigurjónsson Keflavík 536.  
Sören Sörenson kvikmyndagerðarmaður 377.  
Tasin, Ivano sjálfsvarnarmaður 618.  
Thelma Björnsdóttir UMSK 467.  
Theódór Árnason HSB 430, 434.  
Theódór Karlsson UMSS 553, 566.  
Torfi Bryngeirsson íþróttakappi 108.  
Torfi Jóhannesson UMSB 329.  
Torfi Jóhannesson starfsmaður UMFÍ 302-303.  
Torfi Rúnar Kristjánsson HSK 487-489, 497, 513.  
Torfi Pálsson HSK 525.  
Torfi Steinþórsson USÚ 331.  
Tómas Árnason ráðherra 108, 370-374, 380, 386.  
Tómas Bragi Friðjónsson UÍA 549.  
Tómas Guðmundsson skáld 122.  
Tómas Grétar Gunnarsson HSK 521, 529.  
Tómas Jónsson HVÍ 329.  
Tómas Lárusson UMSK 386, 396, 424, 439, 459.  
Tómas G. Sæmundsson USVH 329.  
Tómas Tómasson slátrarmeistari 184.  
Trausti Sigurjónsson HSK 489, 512.  
Trausti Sveinbjörnsson UMSK 439, 560.  
Trausti Víglundsson veitingamaður 331, 652-653.  
Tryggvi Gunnarsson alþingismaður 639-640, 642-643, 662.  
Tryggvi Gunnarsson Ármanni 359.



- Tryggvi Helgason HSK 481, 483, 500, 503.  
 Tryggvi Héðinsson HSP 512.  
 Tryggvi Magnússon teiknari 92.  
 Tryggvi Tryggvason UMSK 480.  
 Tryggvi Þórhallsson ráðherra 45, 48, 315.  
 Una María Óskarsdóttir ritstjóri 253, 257.  
 Uni danski Garðarsson fornkappi 436, 443.  
 Unnar Þór Böðvarsson HHF 162.  
 Unnar Garðarsson HSK 487, 503, 521, 523, 529.  
 Unnar Ragnarsson Keflavík/Njarðvík 483, 524.  
 Unnar Vilhjálmsón UÍA 487-488, 492, 497, 508, 517, 521, 529, 557.  
 Unnsteinn Grétarsson ÍBR 566.  
 Unnur Eyfells píanóleikari 411-412.  
 Unnur María Rafnsdóttir HSH 635.  
 Unnur Sigurðardóttir ÍBH 573.  
 Unnur Stefánsdóttir HSK 440, 477, 483, 486, 488, 492, 510, 514, 519, 526, 553.  
 Unnur Sveinsdóttir UMSK 366.  
 Úlfar Ármannsson 653.  
 Úlfar Jacobsen ferðafrömuður 208-209.
- Vala Flosadóttir stangarstökkvari 63, 544, 551-552, 603-604.  
 Valdemar Einarsson verkefnisstjóri 630.  
 Valdimar Bragason UMSE 162, 452.  
 Valdimar Leó Friðriksson UMSK 279-280, 328, 565, 567, 579-580.  
 Valdimar Guðmannsson USAH 329, 592, 594-596.  
 Valdimar Gunnarsson UMFÍ 291-292, 301-302, 311, 329, 590, 602-604, 623.  
 Valdimar Kristinsson UMSK 514.  
 Valdimar Tryggvi Kristófersson sagnfræðingur 287.  
 Valdimar Steingrímsson USAH 178.  
 Valdimar Óskarsson endurskoðandi 137, 152, 155-156, 161, 185, 194-195, 317-318, 327, 398, 404.  
 Valdimar Örnólfsson íþróttakennari 134, 169.  
 Valdís Hallgrímsdóttir UMSE 488, 492.  
 Valdís Vaka Kristjánsdóttir UÍA 549.  
 Valgarð S. Halldórsson framkvæmdastjóri 505.  
 Valgarð Valgarðsson UMSS 563.  
 Valgarður Egilsson HSP 411, 413, 418.  
 Valgerður Auðunsdóttir HSK 206, 331.  
 Valgerður Guðmundsdóttir USAH 427.  
 Valgerður Gunnarsdóttir Laugum 625.  
 Valgerður Sverrisdóttir ráðherra 626.  
 Valmundur Gíslason HSK 180, 447.  
 Valtýr Guðmundsson alþingismaður 342-343.
- Van de Ven, Cees UMSE 496-497, 503.  
 Vésteinn Hafsteinsson íþróttfræðingur 252, 478-479, 483, 488, 497, 509-510, 521, 527, 529, 534, 583.  
 Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur 259-260.  
 Viðar Vagnsson HSP 501.  
 Vigdís Finnbogadóttir forseti 259, 264-265, 283-286, 477, 486, 496, 507, 527, 659.  
 Vigdís Guðjónsdóttir HSK 523, 535, 541, 547, 553, 559, 573, 584.  
 Vigfús Guðmundsson veitingamaður 70-71, 327.  
 Vigfús Ingvarsson UÍA 549.  
 Vigfús Pétursson UMSB 328.  
 Viggó Nathanaelsson íþróttakennari 84, 145.  
 Vignir Hlöðversson UMSK 499, 547.  
 Vignir Örn Pálsson HSS 329.  
 Vignir Siggeirsson HSK 551.  
 Vignir Valtýsson HSP 442, 449, 461, 463, 470-471, 480, 490, 496, 501, 514.  
 Vilborg Bjarnadóttir sundkona 366.  
 Vilborg Þ. Jóhannsdóttir UMSS 547, 553, 558, 566.  
 Vilborg Magnúsdóttir HSK 524, 529.  
 Vilhelm Jakobsson Ármanni 349, 354.  
 Vilhelm Stefánsson Fram 355, 357.  
 Vilhjálmur Árnason UMSS 616.  
 Vilhjálmur Björnsson UMSE 330, 427.  
 Vilhjálmur Einarsson Ólympíumethafi 63, 210, 392, 401, 405, 417, 455, 497, 532-533, 543.  
 Vilhjálmur Finsen ritstjóri 62.  
 Vilhjálmur Hjálmarsson ráðherra 467, 482.  
 Vilhjálmur Pálsson HSK 173, 481.  
 Vilhjálmur Pálsson HSP 330, 493-494.  
 Vilhjálmur Pétursson HSH 329.  
 Vilhjálmur Sigurbjörnsson forstjóri 148.  
 Vilmundur Gylfason alþingismaður 32.  
 Vincent, Mary stangarstökkvari 574.  
 Víglundur Þorsteinsson FÍÍ 225, 227.  
 Vígbór Sjafnar Zophoníasson UÍA 548.  
 Völundur Hermóðsson HSP 330.
- Wilt, Monique de stangarstökkvari 604.
- Yngvi Ragnar Kristjánsson HSP 501, 512.
- Þiðrik Baldvinsson UMSB 328.  
 Þorbergur Ingi Jónsson UMSK 575, 581.  
 Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir 38-39.  
 Þorfinnur Kristjánsson prentari 337.  
 Þorgerður Einarsdóttir USVS 331, 620.  
 Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ráðherra 570.

- Þorgerður Sveinbjarnardóttir UMSE 563, 566.  
 Þorgeir Jónsson í Gufunesi 145.  
 Þorgeir Sveinbjarnarson framkvæmdastjóri 114.  
 Þorgeir Þórarinnsson UNÞ 379, 382.  
 Þorgils Guðmundsson íþróttakennari 369-370.  
 Þorgils V. Stefánsson Akranesi 284.  
 Þorkell Aðalsteinsson HSP 370-371.  
 Þorkell Bjarnason Laugarvatni 461, 524.  
 Þorkell Þ. Clementz vélfræðingur 28-29, 343.  
 Þorkell Jóhannesson sagnfræðingur 121.  
 Þorkell Þorkelsson HSK 461, 524.  
 Þorleifur Eyjólfsson húsameistari 644.  
 Þormóður Ásvaldsson HSP 330.  
 Þormóður Jónsson HSP 330.  
 Þorsteinn Alfreðsson UMSK 178.  
 Þorsteinn Bergsson UÍA 524, 548.  
 Þorsteinn Bjarnason Keflavík 486.  
 Þorsteinn Egilsson kennari 78.  
 Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi 21-22, 58, 104-105, 107, 124, 126-128, 135, 178, 185, 255, 327, 340, 363, 369-370, 374, 376-377, 384-386, 388, 396, 398-399, 407-408, 415-416, 426, 438, 441-442, 446, 457, 467, 477, 491, 515, 650.  
 Þorsteinn Erlingsson skáld, 76.  
 Þorsteinn Gíslason USVS 331.  
 Þorsteinn Glúmsson í Vallakoti 415.  
 Þorsteinn Þór Guðjónsson ÍBR 578.  
 Þorsteinn Hjartarson HSK 460, 463-464, 472, 474.  
 Þorsteinn Ingvarsson HSP 566, 572, 575, 581, 626.  
 Þorsteinn M. Jónsson skólastjóri 29, 404.  
 Þorsteinn Jóseppson rithöfundur 131.  
 Þorsteinn Kristinsson USVS 620.  
 Þorsteinn Kristjánsson glímukappi 145.  
 Þorsteinn Pálsson ráðherra 495.  
 Þorsteinn Sigurðsson á Vatnsleysu 92.  
 Þorsteinn Tómasson á Skarði 120.  
 Þorsteinn Þorsteinsson UMFÍ 315.  
 Þorsteinn Þórarinnsson Drumboddsstöðum 92.  
 Þorsteinn Þórsson UMSS 474, 541.  
 Þorvaldur Ágústsson HSK 173.  
 Þorvaldur Snorri Árnason UMSK 529, 541.  
 Þorvaldur Karl Helgason prestur 491.  
 Þorvaldur Jóhannesson íþróttakennari 443.  
 Þorvaldur Jónsson UMSB 328.  
 Þorvarður Árnason UÍA 370, 374.  
 Þór Sveinsson HSV 553.  
 Þóra Einaradóttir UMSE 509.  
 Þóra Kristinsdóttir UMFÍ 301-302.  
 Þóra Kristín Pálsdóttir ÍBR 566.  
 Þóra Sigurþórsdóttir Keflavík 553, 563, 566.  
 Þóranna Másdóttir HSK 595.  
 Þórarinn Björnsson skólastjóri 404.  
 Þórarinn Jónsson UMSK 505.  
 Þórarinn Stefánsson veitingamaður 652.  
 Þórarinn Sveinsson á Eiðum 371-372.  
 Þórarinn Þórarinnsson skólastjóri 391, 396.  
 Þórarinn Þórarinnsson yngri Eiðum 438.  
 Þórbergur Þórðarson skáld 633.  
 Þórdís Gísladóttir HSK 498, 503, 510, 517, 522, 527-529, 584.  
 Þórdís Hrafnkelsdóttir UÍA 488.  
 Þórdís Ingadóttir HSP 501.  
 Þórður G. Árnason HSK 518.  
 Þórður B. Bachman UMSB 329.  
 Þórður Gíslason á Ölkeldu 329.  
 Þórður Guðmundsson UMSK 328, 426, 427, 434, 439, 443, 567.  
 Þórður Gunnarsson sundþjálfari 472, 481.  
 Þórður Indriðason HSH 178, 410, 413, 417, 422.  
 Þórður Jónsson í Laufahlíð 216, 330.  
 Þórður Jónsson byggingameistari 651.  
 Þórður Kárasón í Haga 76.  
 Þórður Magni Kjartansson Keflavík 328.  
 Þórður Kristjánsson Víkverja 430.  
 Þórður Óskarsson Umf.N 490, 492.  
 Þórður J. Pálsson kennari 90, 139, 327, 642-643, 645-649, 651, 654, 656.  
 Þórður Þorgeirsson HSK 538.  
 Þórður Þorgeirsson á Mýrum 365, 371-372, 374.  
 Þórey Edda Elísadóttir stangarstökkvari 544, 551-552, 574.  
 Þórhalla Guðbjartsdóttir USAH 330.  
 Þórhallur Björnsson biskup 341, 343.  
 Þórhallur Björnsson prentari 22-24, 27-28, 63, 80, 88-89, 91-92, 116, 144, 172, 184-185, 315, 326-327.  
 Þórhallur Bragason HSP 217.  
 Þórhallur Eyjólfsson UÍA 543,  
 Þórhallur Guðjónsson Keflavík 327, 484-485, 491.  
 Þórir Bjarnason UÍA 427.  
 Þórir Haraldsson HSK 246, 248, 253, 320-321, 323, 327, 331, 340, 518-519, 524.  
 Þórir Jónsson formaður UMFÍ 247, 268, 271, 273, 276-277, 281-284, 294, 300, 310, 312, 320-323, 327, 527, 531-533, 545, 556, 594-595, 599-600, 661.  
 Þórir Sigurbjörnsson íþróttakennari 443.  
 Þórir Sigurðsson HSK 402, 434.

Þórir Sigurðsson kennari 407.  
Þórir Snorrason UMSE 165, 330.  
Þórir Stephensen prestur 453.  
Þórir Þorgeirsson Laugarvatni 327, 331, 396,  
406-408, 412, 425, 433-434, 527.  
Þórkatla Dagný Þórarinsdóttir UMSB 581.  
Þóroddur Helgason UÍA 489, 550.  
Þóroddur Jóhannsson UMSE 139, 162, 178, 200-  
201, 209, 218, 247, 318-320, 327, 330, 409-  
410, 416, 445, 475-477, 482, 493-494.  
Þóroddur Kristjánsson Selfossi 207.  
Þórólfur Þórlindsson prófessor 232, 612.  
Þórsteinn Bjarnason Reykjavík 92, 145.  
Þórunn Erlingsdóttir UMSS 547.  
Þórunn Kristín Kjærbo Keflavík 566.  
Þórunn Kristjánsdóttir HSK 563, 577.  
Þórunn Júlíusdóttir USVS 620.  
Þórunn Magnúsdóttir Keflavík 472, 474.  
Þórunn D. Oddsdóttir HSK 331, 519, 659.  
Þráinn Hafsteinsson íþróttfræðingur 199, 252,  
274-275, 464, 487, 492, 498, 518-519, 571,  
651.  
Þráinn Þorvaldsson HSK 331.  
Þráinn Þórisson skólastjóri 415.  
Þröstur Eysteinnsson HSP 501.  
Þröstur Ingvarsson HSK 481, 483, 490, 513, 515,  
522.  
Þuríður Árnadóttir UMSE 330, 509, 588.  
Þuríður Freysdóttir HSP 451.  
Þuríður Guðmundsdóttir skautakona 111.  
Þuríður Ingólfsdóttir HSP 108, 377-378, 386,  
392.  
Þuríður Ingvarsdóttir HSK 522, 529, 548.  
Þuríður Jónsdóttir HSK 427-428, 434, 440-441,  
443, 449, 454, 507, 522, 527.  
Þuríður Þorkelsdóttir Keflavík 560-561.  
Ægir Sigurðsson HSK 524, 529.  
Ævar Örn Jónsson Umf.N/HSK 503, 524, 529.  
Önundur Jónsson yfirlögregluþjónn 615.  
Örn Agnarsson UÍA 439.  
Örn Kr. Arnarson HSK 489.  
Örn Árnason leikari 569-570.  
Örn Clausen íþróttakappi 108.  
Örn Davíðsson HSK 575.  
Örn Guðnason HSK 331.  
Örvar Ólafsson HSK 541, 553



Hinn 2. ágúst 1907 stofnuðu sex ungir menn samtök ungmennafélaga á Íslandi og nefndu þau Ungmennafélag Íslands – UMFÍ. Þá var vakning í íslensku þjóðlífi og æskufólk landsins tók ungmennafélagshreyfingunni tveim höndum. Útbreiðsla hennar var með undraverðum hraða og fyrstu fimm árin í sögu UMFÍ voru stofnuð eitt hundrað ungmennafélög í landinu.

Ungmennafélagshreyfingin tók í upphafi fullan þátt í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og markmið hennar um ræktun lýðs og lands eru enn í fullu gildi. Í þessari bók rekur Jón M. Ívarsson sagnfræðingur 100 ára sögu hreyfingarinnar í máli og myndum. Sú saga er samofin sögu íslensku þjóðarinnar og speglar vel tíðarandann á hverjum tíma. Bókina prýða yfir 800 ljósmyndir.

Sagt er frá íþróttum, skógrækt, leiklist, samkomuhaldi og umhverfisvernd ásamt mörgu fleiru sem ungmennafélagar hafa látið til sín taka. Landsmót UMFÍ munu flestir þekkja sem stærstu íþróttahátíðir þjóðarinnar. Á seinni árum hafa unglíngalandsmótin komið til sögunnar sem vímuefnalausar fjölskylduhátíðir sem haldnar eru árlega um verslunarmannahelgina. Bókin segir ítarlega sögu þessara hátíða UMFÍ.

Náttúruperlan Þrastaskógur við rætur Ingólfsfjalls er í eigu UMFÍ og þar hefur verið byggt upp útivistarsvæði sem á fáa sína líka. Sögð er saga Þrastaskógar sem spannar næstum heila öld.

Ungmennafélagshreyfingin stendur traustum fótum í íslensku þjóðlífi og félagsmenn hennar eru nú um 90 þúsund.